ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 3/2008

Hörgárbyggð austan Öxnadalsár

ÓBYGGÐANEFND

19. júní 2009

EFNISYFIRLIT

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 396
2 MÁLSMEÐFERÐ 396
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 396
2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar 396
2.3 Lýstar kröfur og kynning 397
2.4 Mál nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár 398
3 KRÖFUGERÐ 400
3.1 Kröfur íslenska ríkisins 400
3.2 Kröfur Einars S. Valbergssonar og Hörgárbyggðar vegna Vaskárdals 400
3.3 Kröfur Hörgárbyggðar vegna Almennings 401
3.4 Kröfur Akrahrepps og Hörgárbyggðar vegna Bakkasels 401
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 402
4.1 Inngangur 402
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 402
4.3 Vettvangsferð 403
4.4 Skýrslutökur 403
5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA 404
5.1 Landnám og saga 404
5.2 Afréttir og afréttarnot 404
5.3 Vaskárdalur 408
5.4 Almenningur 413
5.5 Bakkasel 420
6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR 433
6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði 433
6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar 433
6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum 433
6.2 Landnám 434
6.3 Vaskárdalur 435
6.3.1 Inngangur 435
6.3.2 Sjónarmið aðila 435
6.3.3 Niðurstaða 436
6.4 Almenningur 441
6.4.1 Inngangur 441
6.4.2 Sjónarmið aðila 441
6.4.3 Niðurstaða 443
6.5 Bakkasel 448
6.5.1 Inngangur 448
6.5.2 Sjónarmið aðila 448
6.5.3 Niðurstaða 450
6.6 Um málskostnað 456
7 **ÚRSKURÐARORÐ 458**
VIÐAUKI
Almennar niðurstöður óbyggðanefndar
FYLGISKJÖL
I. Kort
II. Aðila- og eigendaskrá
III. Skjalaskrá

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn 19. júní 2009 er tekið fyrir mál nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Benedikt Bogason og Hulda Árnadóttir.

Aðilar málsins eru:[787]
Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.
(Andri Árnason hrl.)
Einar Valbergsson og Hörgárbyggð vegna Vaskárdals
(Sigurður Sigurjónsson hrl.)
Hörgárbyggð vegna Almennings.
(Ólafur Björnsson hrl.)
Akrahreppur og Hörgárbyggð vegna Bakkasels.
(Ólafur Björnsson hrl.)

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

g) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
h) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
i) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 29. mars 2007, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á vestanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

[787] Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

Landsvæði þetta, hið sjöunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, var Eyjafjarðarsýsla öll, Skagafjarðarsýsla öll og Austur-Húnavatnssýsla austan Blöndu, auk Hofsjökuls. Í bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3. október 2007, var vísað til nýlegra dóma og úrskurða og þeirri fyrirspurn komið á framfæri hvort kröfugerð ríkisins myndi að meira eða minna leyti byggja á sambærilegum málsgrundvelli og í tilvikum Esju og Smjörfjalla. Væri það mat fjármálaráðherra taldi óbyggðanefnd óhjákvæmilegt að fresta umfjöllun um viðkomandi hluta af svæði 7 þar til umrædd afstaða dómstóla lægi fyrir. Í kjölfarið var þess farið á leit fyrir hönd fjármálaráðherra að umfjöllun um svæði 7 yrði skipt þannig að einungis syðri hluti svæðisins yrði til meðferðar nú. Óbyggðanefnd féllst á þessa beiðni fjármálaráðherra með bréfi, dags. 28. desember 2007. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A). Nyrðri hluti hins upphaflega svæðis nefnist nú vestanvert Norðurland, nyrðri hluti (7B).

Landsvæðið vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), afmarkast svo: Norðurmörk fylgja norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps og Seyluhrepps, Norðurá og Norðurárdal, Öxnadalsheiði og Öxnadalsá þar til hún fellur í Hörgá og Hörgá til ósa. Austurmörk miðast við Fnjóská frá ósum þar til hún sker sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar að austan. Þeim mörkum er fylgt til suðurs í Fjórðungakvísl. Suðurmörk fylgja suðurmörkum Eyjafjarðarsveitar og suðurjaðri Hofsjökuls, þar sem jafnframt eru norðurmörk svæða 1 og 3 hjá óbyggðanefnd. Vesturmörk miðast við Blöndu, frá norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps til upptaka í Blöndujökli í Hofsjökli.

Fjármálaráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. desember 2007 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akrahrepps, Fjallabyggðar, Dalvíkurbyggðar, Arnarneshrepps, Hörgárbyggðar, Akureyrarkaupstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grýtubakkahrepps og Þingeyjarsveitar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 28. febrúar 2008 og síðar til 14. mars sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi, syðri hluta, bárust 14. mars 2008. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 28. mars 2008, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Í apríl 2008 barst óbyggðanefnd leiðrétting fjármálaráðherra á þeirri

afmörkun umfjöllunarsvæðis sem fram kom í kröfulýsingunni 14. mars en þjóðlendukröfusvæðið stóð óbreytt. Tilkynning um hina leiðréttu afmörkun var birt í Lögbirtingarblaðinu 30. apríl 2008. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 30. júní 2008. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki, Blönduósi, Húsavík og Akureyri, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík (aðeins mál nr. 1/2008), Sauðárkróki, Blönduósi og á Akureyri, frá 18. júlí til og með 18. ágúst 2008, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 25. ágúst 2008. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í tveimur hlutum og þrjár kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti bárust 107 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

2.4 Mál nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2008, Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðarár ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal; mál nr. 2/2008, Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár; mál nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár; mál nr. 4/2008, Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár, og mál nr. 5/2008, Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár, ásamt Hofsjökli.

Mál nr. 3/2008 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 25. ágúst 2008. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Karl Axelsson, formaður, Benedikt Bogason og Hulda Árnadóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að

gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Loks var farið yfir fyrirkomulag vettvangsferðar.

Við aðra fyrirtöku málsins, 31. ágúst til 1. september 2008, var farið á vettvang, sjá nánar í kafla 4.3. Þar voru lögð fram ný gögn af hálfu óbyggðanefndar. Einnig var lögð fram greinargerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 27. ágúst 2008, þar sem meðal annars var lýst breyttum þjóðlendukröfum í málinu. Breytingarnar fólu meðal annars í sér aukningu á þjóðlendukröfum innan kröfusvæða Vaskárdals, Almennings og Bakkasels.[788] Í greinargerðinni komu einnig fram breytingar á þjóðlendukröfu ríkisins sem leiddu til þess að ágreiningssvæðum og gagnaðilum fækkaði umtalsvert.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 16. september 2008, var farið yfir lista vegna þeirra jarða og landsvæða sem fallið höfðu út fyrir ágreiningssvæði málsins við breytingar á kröfulínu ríkisins sem fram komu í greinargerðinni, dags. 27. ágúst. Þá var gagnaðilum ríkisins veittur frestur til 13. október 2008 til skila á greinargerðum.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 13. október 2008, voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins og frekari gögn.

Við fimmtu fyrirtöku, 10. nóvember 2008, voru fleiri gögn lögð fram og farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar.

Aðalmeðferð fór fram 2. desember 2008, á Löngumýri í Skagafirði, og fólst í munnlegum málflutningi og skýrslutökum, sjá nánar í kafla 4.4. Við málflutning kom m.a. fram að lögmenn teldu ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Var málið tekið til úrskurðar að loknum málflutningi.

Loks var málið endurupptekið 5. júní 2009 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

[788] Kröfum málsaðila er lýst í 3. kafla.

3 KRÖFUGERÐ[789]

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur, skv. greinargerð dags. 27. ágúst 2008, að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. meðfylgjandi kröfukort: „Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4).“ Áður hafði ríkið lýst kröfum sínum svo í kröfugerð, dags. 14. mars 2008: „[…] er haldið til vesturs í 800 metra hæðarpunkti norðan til í Framnesfjalli (34), en síðan er brúnum Fagranesfjalls fylgt í sömu hæðarlínu í botn Gloppugils (35), og úr botni Gloppugils er haldið til suðurs í botn Vaskárdals (36). Er Vaskárdal og Vaská fylgt þaðan í Rauðuskriðukinnar í 800 metra hæð (37). Þaðan er fylgt beinni stefnu í punkt norðantil í Kalbakshnjúk (800 metra hæðarpunkt) (38) og þaðan beina stefnu til vesturs í Kalbaksdalsá (39). Þaðan er Kalbaksdalsá fylgt að Heiðará í Öxnadal, að Grjótá á sýslumörkum (40).“

3.2 Kröfur Einars S. Valbergssonar og Hörgárbyggðar vegna Vaskárdals

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Vaskárdals hafi beinan eignarrétt að öllu landi í Vaskárdal þannig að viðurkennt verði að landamerki Vaskárdals séu eftirfarandi: „Að mörkin séu við Melrakkaá að Rauðuskriðu að vestan, sbr. punkt 1 og punkt 2 inn á loftmynd frá Búgarði ehf. en Rauðaskriðuá er auðkennd nr. 1 og Melrakkaá nr. 2. Að sunnan séu mörkin á Rauðuskriðufjalli, sem er punktur nr. 5 milli Vaskárdals og Rauðaskriðudals, að austan eru mörkin að Melrakkaá, sem auðkennd er með punkti nr. 4–5.“

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju fari svo ólíklega að einhver hluti Vaskárdals teljist vera þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi íslenska ríkisins skv. úrskurði óbyggðanefndar með tilliti til framlagðs málskostnaðarreiknings, að skaðlausu.

---

[789] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna eftirtalinna jarða: Lögmannshlíð, Laugaland, Hesjuvellir, Bitra, Bitrugerði, Skógar, Steðji, Efri-Vindheimar, Neðri-Vindheimar, Ás, Briti, Ásláksstaðir, Krossastaðir, Efri-Rauðalækur, Hólar, Neðri-Rauðalækur, Þverá, Syðri-Bægisá, Fagranes, Geirhildargarðar, Engimýrar, Garðshorn, Efstaland, Gloppa, Neðstaland, Efstalandskot, Steinsstaðir, Steinsstaðir II, Ytri-Bægisá I, Ytri-Bægisá II og Vaglir. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum, enda hafa málsaðilar gert sátt um fullnaðargreiðslu á lögmannskostnaði. Það á þó ekki við um jarðirnar Laugaland, Hesjuvelli og Hóla og koma þær því til umfjöllunar að því er varðar málskostnað.

3.3 Kröfur Hörgárbyggðar vegna Almennings

Þess er krafist aðallega að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi sem tilheyrir afréttinum og að viðurkennt verði að landamerki afréttarlandsins séu þessi: „Rauðskriðuáin [3] ræður í austri, Vaská [2] að norðan og Öxnadalsá [1] að vestan frá ármótum Vaskár að Nautá en skiptir hún þar um nafn og heitir þar eftir Seldalsá [5]. Hún skiptir afréttarmörkum Seldals og Almennings allt til dalbotnsins. Þess ber að geta að stutt neðan við dalbotninn skiptist Seldalsáin í tvær kvíslar. Vestari kvíslin liggur til suðurs, en hin til suðausturs. Landið milli kvíslanna heitir Þorbjarnartungur og tilheyra þær Almenningi. Austurmörk framan Rauðskriðudals takmarkast af Almenningsfjalli.“

Þess er krafist til vara að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.4 Kröfur Akrahrepps og Hörgárbyggðar vegna Bakkasels

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að eigendur Bakkasels hafi beinan eignarrétt að öllu landsvæðinu og að viðurkennt verði að landamerki séu þessi, sbr. landamerkjabréf frá 28. mars 1889 sem þinglýst var 27. maí sama ár: „Að norðan Hjallendagil [2] utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá [3]. Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum. Þess ber að geta að jörðin Ytri - Bægisá á ítak á Yxnadalsheiði kallað Folaldareitur og jörðin Bakki frían upprekstur.“

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-39 ásamt undirskjölum eða samtals 356 skjöl, auk 19 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins sunnudaginn 31. ágúst 2008 í fylgd með lögmönnum og nokkrum málsaðilum sem önnuðust leiðsögn. Í sömu ferð var vettvangur í máli nr. 4/2008 einnig skoðaður en hér verður aðeins vikið að þeim hluta ferðarinnar sem snýr að máli nr. 3/2008.

Ekið var frá Akureyri í góðu skyggni inn Öxnadalinn eftir þjóðvegi nr. 1 og merki skoðuð á móts við Vaskárdal. Einnig var farið inn að Gili og Bakkaseli þar sem merki og lega þjóðlendukröfulínu voru skoðuð. Ekið var áfram inn Öxnadalinn milli punkta nr. 3 og 4 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins í máli þessu.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Guðmundur Víkingsson, Garðshorni, mættur vegna Almennings og Bakkasels; Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri Hörgárbyggðar og Þórarinn Magnússon, Frostastöðum í Skagafirði.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu getur varðað, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Er þar að mestu fylgt tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarmálum á svæðinu almennt.[790]

5.1 Landnám og saga

Samkvæmt *Landnámu* námu tveir menn Öxnadal. Hét annar Þorsteinn þursasprengir. Hann nam Öxnadal allan og bjó að Vatnsá.[791] Hinn landneminn hét Auðólfur og eignaði hann sér dalinn niður frá Þverá til Bægisár. Auðólfur átti heima að Syðri-Bægisá.[792]

5.2 Afréttir og afréttarnot

Arngrímur Halldórsson, prestur á Bægisá, skrifaði Pétri Havstein amtmanni, 23. september 1854, og kvartaði yfir óreglu á fjárleitum og óviðunandi fjárréttum í Skriðuhreppi. Í bréfi prests segir m.a.:

> Í Skriðu hrepp eru margar afréttir, en eingin stærri en svari rúmgóðum búfjárhögum, því flestar eða allar eru þær gengnar á hálfum degji. Þær eru gengnar þrisvar sinnum á hausti að nafninu til, í 22.-23. og 24. sumarviku, en ekki taka menn sumir fé sitt í fyrstu gaungum, þó þeir gángi og ekki fara nærri allir í 2. eða 3dju gaungur; stundum sleppa menn sumum afréttum úr, og gánga þær þá einhvörn tíma eða aldrei, rennur féð að líkindum á meðan af þeirri ógengnu afrétt á hina sem búið er að gánga, þegar ekki skilur nema lítil á, eins og stendur á um Seldal og Almenníng.[793]

Hann kvartar einnig yfir lélegu ástandi rétta og miklum fjölda þeirra og segir réttir vera á 5.–6. hverjum bæ en þær séu of litlar og með fáum eða engum dilkmyndum. Arngrímur stingur upp á því við amtmann að skipuð verði nefnd til að íhuga málefnið og semja nýjar reglur eða nefndarálit um fyrirkomulag á fjárgöngum og lögrétt í Glæsibæjar- og Skriðuhreppum.

Arngrímur lagði fram sex atriði sem hann taldi að nefndin ætti að taka til greina í áliti sínu en þau voru svohljóðandi:

> 1., að gaungur séu ekki nema tvennar í 22. og 23. viku sumars og allsstaðar sé gengið sama mánudag og réttað á þriðjudag;

---

[790] Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 36. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

[791] Bæjarnafnið er nú glatað, en munnmæli voru í Öxnadal að Hraun hafi heitið Vatnsá; nafnið Hraun kemur fyrst fyrir á 14. öld. Sjá Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók,* bls. 257. (Sturlubók)

[792] Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 257 og 259. (Sturlubók)

[793] Skjal nr. 2 (115) a-b.

> 2., að hver búandi sem notar afrétt í Skriðu hrepp og á 6-100 kyndur, leggi til 1 mann duglegan í hverjar gaungur, en þeir sem eiga meir en 100 fjár, 2 menn fullgylda.
>
> 3., að hreppstjóri setji tilsjónarmann yfir gángnamenn í hverri afrétt, þar sem hann er ekki sjálfur, hverjum allir eru skyldir að hlýða undir hæfilega fjársekt til fátækra sem Amtmaður ákveður.
>
> En um réttina annaðhvort:
>
> 4., að ein lögrétt fyrir allan Yxnadal, Hörgárdal og Glæsibæarhrepp sé byggð í sporðinum í Staðartúngu landi,
>
> ellegar
>
> 5., fyrir Yxnadal og Glæsibæar hrepp á Þveráreyrum, Sveigsrétt í Hörgárdal stækkuð með nægilegum dilkum, en allar aðrar smáréttir, Bægisárrétt, Þverárrétt, sem nú er notuð, Vaskárrétt, Hraunsrétt og hin svokallaða Sporðsrétt í Yxnadal, Flögurétt, Myrkárrétt, Baugaselsrétt, Hafraárdals eður Sörlatúngurétt, og Skriðurétt í Hörgárdal, með öllu aflagðar og bannaðar. [...][794]

Amtmaður var sammála því að koma þyrfti betra skipulagi á fjallgöngur og fjárréttir í Glæsibæjar- og Skriðuhreppum og jafnframt í Arnarneshreppi. Hann skipaði því nefnd manna sem átti að koma saman og senda honum svo uppástungur sínar um málið. Hann skrifaði klausu þar að lútandi, frá 30. september 1854, á afrit af bréfi séra Arngríms og sendi það E. Briem sýslumanni með bréfi dagsettu 1. mars 1855. Þar segir amtmaður að brýn þörf sé á að lagfæra ofangreinda annmarka í hreppunum þremur. Hann segir ennfremur:

> (Þorvaldsdals afréttur er að nokkru leiti innan takmarka þessa hrepps og þar er Fögruhlíðar rétt, einsog líka títt er að reka úr Arnarness hrepp á Yxnadals og Hörgárdals afrétti) [...][795]

Amtmaður segist hafa skorað á sjö menn úr þessum þremur hreppum til þess að gaumgæfa málefnið og þeir hafi skilað sér áliti og uppástungum sínum. Hann sendir frumvarp þeirra til sýslumanns og biður hann um að gefa álit sitt á því en senda sér svo frumvarpið og fylgiskjölin til baka.

Tíðir brunar voru á amtmannssetrinu á Möðruvöllum en síðasti stórbruninn varð þar 21. mars 1874 og þá brann Friðriksgáfa og skjalasafn Norður- og Austuramtsins til grunna. Frumvarpið og athugasemdir við það hafa því væntanlega orðið eldi að bráð. Hinsvegar er að finna nokkur bréf um þetta mál í skjalasafni sýslumanns og þar virðist glitta í tillögur nefndarinnar. Amtmaður skrifar sýslumanni aftur, 12. maí 1855, og biður hann að sjá til þess að byggðar verði fjárréttir í vor á

[794] Skjal nr. 2 (115) a-b.
[795] Skjal nr. 2 (115) a-b.

Þveráreyrum í Yxnadal og önnur á Barkáreyrum í Hörgárdal og að verkinu verði lokið fyrir haustið.[796]

Ekki er að sjá í bréfabók sýslumanns að hann hafi skrifað amtmanni um þetta mál. Hins vegar skrifaði hann hreppstjórum í Skriðu-, Arnarness- og Glæsibæjarhreppum samdægurs og ræddi þar um byggingu réttanna. Hann segir að umræddar tvær réttir skuli byggjast af öllum búendum hreppanna þriggja sem sækja geldfé sitt í Yxnadals- og Hörgárdalsfréttir. Almenningurinn, þ.e. aðalréttin skuli koma af dilkunum umhverfis en stærð hvers dilks fari eftir fjárfjölda manna og ber hreppstjórum að ákveða það. Í bréfinu kom fram að fyrirskipunin yrði auglýst á manntalsþingum þá um vorið. Sýslumaður beindi þeim tilmælum til hreppsstjóranna að þeir hittust til að gera áætlun um stærð réttanna og dilkanna og komast að því hvaða hreppsbúar það væru sem væru vanir að reka geldfé til afrétta á hverjum dal fyrir sig og um fjárfjölda þeirra.[797]

Sýslumaður skrifaði St. Jónssyni hreppstjóra — líkast til í Arnarnesshreppi —, 20. maí 1855, og bað hann að auglýsa þeim sem rækju fé sitt á Þorvaldsdal að ákveðið hefði verið á Skriðuþingi daginn áður að dilkabyggingin við Þorvaldsdalsrétt skyldi fara fram sama dag og á Barkáreyrum. Einnig bað hann um að hlutaðeigendum yrði tilkynnt að þeir afréttarbændur í Skriðuhreppi sem tóku geldfé úr Arnarneshreppi sumarið áður væru allir tilbúnir til að gera það aftur, nema Sigfús í Baugaseli þó ekki væri útséð um hans þátttöku ennþá.[798]

Sama dag skrifaði sýslumaður einnig hreppstjórunum M. Jónssyni í Skriðuhreppi og St. Jónssyni. Hann tilkynnti þeim að samkvæmt því sem birt hefði verið á Arnarness- og Skriðuþingum dagana á undan varðandi fjárréttarbyggingu í Skriðuhreppi þá skyldu allir sem hyggðust reka á Hörgárdal- eða Yxnadalsafrétt um sumarið koma til Barkár- eða Þveráreyrar 23. maí næstkomandi. Þar kemur einnig fram að hreppstjórarnir hafi ætlað Skagfirðingum dilk í réttinni.[799]

Fjallgöngur virðast hafa verið ræddar síðar því 31. maí 1855 skrifaði sýslumaður ónafngreindum manni úr Möðruvallasókn og svo virðist sem að samhljóða bréf hafi einnig verið send aðilum í Hóla-, Saurbæjar- og Miklagarðssóknum. Þar er viðkomandi aðilum tilkynnt um að þeir hafi verið skipaðir í nefnd til að koma á sem haganlegustu fyrirkomulagi á fjallgöngum og fjárskilum á haustin í Saurbæjarhreppi. Sýslumaður spurði Möðrvallasóknarnefndarmann hvort ekki væri haganlegast að hafa eina rétt fyrir sóknina. Einnig sagði hann að nefndarmenn skyldu ráðgast sín á milli um gangnadaganna. Hver nefnd skyldi síðan senda fulltrúa á aðalnefndarfund sem séra Jón Thorlacius í Saurbæ skyldi fara fyrir.[800]

[796] Skjal nr. 2 (115) a-b.
[797] Skjal nr. 2 (116) a-b.
[798] Skjal nr. 2 (116) a-b.
[799] Skjal nr. 2 (116) a-b.
[800] Skjal nr. 2 (116) a-b.

Loks er að finna í bréfabók sýslumanns bréf, dagsett 3. apríl 1856, til P. Steinssonar hreppstjóra um fjárréttarbyggingar í Hólasókn. Þar samþykkir sýslumaður tillögur hans um að tvær réttir verði byggðar, önnur á Gleráreyrum og hin á melunum fyrir utan og ofan Torfufell.[801]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hefðu tilheyrt eða tilheyrðu þá nokkru lögbýli.[802] Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 27. september 1920 þar sem hann segist hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar.[803] Svarbréf Stefáns Bergssonar, hreppstjóra í Öxnadalshreppi, er dagsett 25. febrúar 1920. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

> Hér í hreppi er einn afréttur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðar umráðendur telja jörðunum fríann uppregstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur fram af byggðinni í Öxnadal, eru því upptök Öxnadalsár í almenningsbotni. Áin er vatnslítil í afréttinni og engir teljandi fossar þar. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[804]

Í bréfi Stefáns kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi Vaskárdal:

> Vaskárdalur er lítill afréttarkiki. Fellur áarspræna eftir honum og kemur í Öxnadalsá á milli fremstu bæja í Öxnad. Afréttur þessi er einstaksmanns eign en tilheirir ekki neinu býli. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[805]

Vegna fyrirspurnar sendi sýslumaðurinn á Akureyri frá sér upplýsingar um afrétti nokkurra hreppa þann 1. ágúst 1979. Er þar nánar lýst Vaskárdal, Almenningi og Öxnadalsafrétt.[806] Nánari grein er gerð fyrir sögu þessara svæða hér á eftir, ásamt upplýsingum sýslumanns frá 1979.

Þann 28. nóvember 1985 svaraði bæjarfógetinn á Akureyri fyrirspurn frá nefnd um eignarrétt að almenningum og afréttum á þann veg að afréttarskrá myndi ekki hafa verið haldin við embættið.[807]

Félagsmálaráðuneytið fór þann 20. febrúar 1989 þess á leit við sveitarstjórnir að þær upplýstu ráðuneytið um eftirfarandi:

Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt?

Hvað nefnist sá afréttur?

---

[801] Skjal nr. 2 (117) a-b.
[802] Skjal nr. 2 (58).
[803] Skjal nr. 2 (59).
[804] Skjal nr. 2 (60).
[805] Skjal nr. 2 (60).
[806] Skjal nr. 4 (37).
[807] Skjal nr. 4 (7).

Hvar liggja mörk hans?

Eiga íbúar annarra sveitarfélaga upprekstrarétt í sama afrétt?

Hvaða sveitarfélög eru það?

Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast?[808]

Í svari Glæsibæjarhrepps frá 8. nóvember 1989 varðandi afréttir kom fram að þar væri aðeins um heimalönd að ræða.[809]

Í nóvemberlok 2008 skrifuðu eigendur jarðanna Bakkasels og Almennings í Hörgárbyggð, Silfrastaðaafréttar, Egilsár, Flatatungu og Merkilgils í Akrahreppi undir yfirlýsingu um landamerki jarða þeirra. Þar kemur fram að þau séu:

> [...] sammála um að vatnaskil ráði landamerkjum jarða okkar þar sem lönd okkar liggja saman á fjallinu milli Seldals í Hörgárbyggð og Egilsárdals, Tungudals og Merkidals í Skagafirði, enda er enga aðra lýsingu á merkjum að finna milli þessara jarða í landamerkjabréfum þeirra.[810]

Yfirlýsingunni fylgdi uppdráttur af landamerkjum jarðanna en undir hana skrifuðu Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri Hörgárbyggðar, Agnar H. Gunnarsson oddviti Akrahrepps, Einar Gunnarsson, Kristín Guðmundsdóttir og Sigurbjörg Guðmundsdóttir.

5.3 Vaskárdalur

Bræður á Munkaþverárklaustri samþykktu, með bréfi frá 25. mars 1375, vegna þröngvandi nauðsynjar sölu Árna ábóta, á þeim hluta Skriðulands í Öxnadal sem Gróa Oddssdóttir hafði gefið með sér í próventu, til Guðmundar Sigurðssonar.[811] Salan á hálfu Skriðulandi fór svo fram 19. maí 1375 en jörðinni fylgdi:

> [...] lambarekstr ok gielldfiaar framm j almenningh ifer vaskaa.[812]

Í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar segir í máldaga Miklagarðskirkju:

> þessar jtolur sagdi ornolfur j þuerardal af modru(u)ollum. ... er oc sagdur vij. folallda rekstur j vaskarogsl.[813]

Jörðin Djúpidalur / Stóridalur í Saurbæjarhreppi er skráð eigandi Vaskárdals í Jarðabók 1712.

> Selför með tilliggjandi landi á jörðin austan framm á Djúpadal, á millum Strjúgsár og Merkisgarðs með hálfum þverdal, og brúkast jafnlega. Vaskárdal

[808] Skjal nr. 4 (8).
[809] Skjal nr. 4 (9).
[810] Skjal nr. 8 (6).
[811] DI III, bls. 296, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[812] DI III, bls. 298, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[813] DI V, bls. 313, sbr. DI IX, bls. 65-66. Umræddur heimildarmaður mun vera Örnólfur Þórðarson í Miklagarði, sbr. DI V, bls. 1095, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

> á jörðin og heim í Axlir, en engin not hefur jörðin þessa afrjett(ar), en áður hafa þángað verið reknir hestar á sumur.[814]

Í sömu heimild kemur fram í umfjöllun um Gloppu:

> Vaskárkot er hjer nefnt í landinu.[815]

Þann 13. júní 1794, setti sýslumaðurinn Jón Jakobsson manntalsþing að Skriðu í Hörgárdal. Þar kom eftirfarandi fram um Vaskárdal og notkun afrétta í Skriðuhrepp:

> Vidara kom til Trakteringar, hvorjar afretter framveiges brúkast skulu, i þessum Hrepp, og verdur þad eftir Sidveniu Öxnadalsheide, almenningr og Þverárdalur med Vaskárdal, fyrer Öxndælinga. Enn úr Hörgardal, Hörgárdalur, Flögudalur og Mirkardalur. Þá og so Sveigurinn og Barkárdalur hafa vered her ~~gam~~ gamlar afretter.[816]

Í kaupbréfi frá 18. febrúar 1841 kemur fram að afréttarlandið Vaskárdalur liggi fram af Austurbyggð í Öxnadal.[817]

Þann 7. júní 1841, var haldið kóngsbréfaupplesturs- og manntalsþing að Glæsibæ í Eyjafirði, þar sem afréttarlandið Vaskárdalur var selt fyrir 72 ríkisbankadali:

> 2. [Afsalsbréf] af 18da februar 1841, hvarvid prestur síra Arni Halldórsson á Tjorn selur Bónda Jóni Bergssyni á Gardshorni afréttarlandid Vaskárdal innast Yxnadal fyrir 72 rbd r.s.[818]

Degi síðar að Skriðu í Hörgárdal, þann 8. júní 1841, var fyrrtéð afsalsbréf upplesið.[819]

Í jarðamati 1849 er Vaskárdal lýst með svofelldum hætti:

> Það er dalur – afréttarland – sem liggur suðaustanmeginn við Gloppu afrétt; er hann ei vídlendt pláts, víðast snögglendur og á sumum stöðum undirorpinn skriðuáföllum. Hann er yfirhöfuð kjarngóðir sauðfjárhagar; þó eru stórgripahagar á nokkrum hluta hans, og er á sumrum tekið á hann sauðfé nokkurt og naut.[820]

Í verðhæðarbók jarðamatsins 1849 segir um Vaskárdal:

> 216. Vaskárdalur – afréttur. 50 rdl.[821]

Í sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu, við lýsingu Bakkasóknar, segir um landsvæðið við mörk Vaskárdals:

---

[814] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 237.
[815] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 152, 155 og 162.
[816] Skjal nr. 2 (86) a-b.
[817] Skjal nr. 4 (39).
[818] Skjal nr. 2 (87).
[819] Skjal nr. 2 (88) a-b.
[820] Skjal nr. 2 (126).
[821] Skjal nr. 2 (126).

> Fram frá Gloppu liggur fjallið enn nú, allt fram að svokölluðum Gloppukinnum, sem liggja til suðausturs allt fram að svokölluðum Melrakkadal, sem er lítill afdalur og liggur rétt í austur. Þessar straxnefndu Gloppukinnar brúkast fyrir afréttarland og grasatekju. Þar sem þessar Kinnar taka enda, tekur Vaskárdalur við, sem liggur í landsuður. Þá tekur við svokallaður Almenningur að austanverðu við Yxnadalsá, en að vestanverðu Seldalur. Allt eru þetta afréttarlönd, almennt brúkuð bæði úr sjálfum Öxnadal, Þelamörk, og innan úr Kráklingahlíð, [Kræklinga-].[822]

Þann 21. júní 1859, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, var afréttin Vaskárdalur friðlýst, og öll íneysla bönnuð, undir sektir að lögum:

> 7. Var fridlýsing á afrjettinni Vaskárdal frá [ofan línu] Jóns Bergssonar á Launguhlíd ad hann bannar öllum undir sektir ad lögum alla íneytslu þar, hverju nafni sem heitir, dagsett 21. Júní þ.m..[823]

Landamerkjabréf fyrir Gloppu, sem er aðliggjandi Vaskárdal að norðanverðu, er dagsett 16. janúar 1883:

> Að sunnan ræður Vaská.
>
> Undir jörðina heyra Melrakkadalur og Kinnar að Melrakkaá. [824]

Stephán Stephensen skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Arnljóti Ólafssyni, hvað varðaði að Gloppá teldist markalína milli Fagraness og Gloppu, Jóni Bergssyni sem handsalaði vegna Varmvatnshóla og Júlíusi Hallgrímssyni settum hreppsnefndaroddvita, sem samþykkti fyrir hönd Skriðuhrepps að Vaská teldist landamerkjalína milli Gloppulands og Almennings sem tilheyrði Skriðuhreppi.

Landamerkjabréf fyrir Litla-Dal, sem er aðliggjandi Vaskárdal að austanverðu, er dagsett 18. maí 1885 og þinglesið sama dag:

> [S]íðan ræður Hagá í merkjum á fjall upp. […] Djúpadalsá á fjall upp.[825]

Landamerkjabréfið var ekki áritað um samþykki vegna Vaskárdals.

Landamerkjabréf fyrir Kambfell sem er sunnan og suðaustan við Vaskárdal er dagsett 27. maí 1885 og þinglesið sama dag.

> Landamerki jarðarinnar Kambfells í Saurbæjarhreppi er að sunnan Hrauná fram í gegn á Hraunárdal. […]
>
> Að norðan er Hagá merki fram í gegn á Hagárdal.[826]

Landamerkjabréfið var ekki áritað um samþykki vegna Vaskárdals.

---

[822] Kristján Þorsteinsson. „Bægisár- og Bakkasókn“. *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu*. Akureyri. 1972, bls. 157 og 159.
[823] Skjal nr. 2 (89) a-b.
[824] Skjal nr. 2 (29).
[825] Skjal nr. 2(110).
[826] Skjal nr. 2(110).

Í fasteignamatinu 1916–1918 er að finna kafla um afréttarlandið Vaskárdal. Segir svo um Vaskárdal:

> Eigandi Jón Guðmundsson bóndi á Krossastöðum. Hreppsnefnd hefir ákveðið að reka megi í landið 500–600 fjár. Land þetta er metið á kr. 200.[827]

Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Vaskárdal.

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hefðu tilheyrt eða tilheyrðu þá nokkru lögbýli.[828] Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 27. september 1920 þar sem hann segist hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar.[829] Svarbréf Stefáns Bergssonar, hreppstjóra í Öxnadalshreppi, er dagsett 25. febrúar 1920. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

> Hér í hreppi er einn afréttur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðar umráðendur telja jörðunum fríann uppregstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur fram af byggðinni í Öxnadal, eru því upptök Öxnadalsár í almenningsbotni. Áin er vatnslítil í afréttinni og engir teljandi fossar þar. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[830]

Í bréfi Stefáns kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi Vaskárdal:

> Vaskárdalur er lítill afréttarkiki. Fellur áarspræna eftir honum og kemur í Öxnadalsá á milli fremstu bæja í Öxnad. Afréttur þessi er einstaksmanns eign en tilheirir ekki neinu býli. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[831]

Þann 3. júlí 1940, á hinu árlega manntalsþingi Öxnadalshrepps var tekið fyrir afsal á afréttarlandinu Vaskárdal:

> 2. G. 277. Málfríður Baldvinsdóttir, Moldhaugum afsalar Öxnadalshreppi ½ afrettarlandinu Vaskárdalur.[832]

Vegna fyrirspurnar sendi sýslumaðurinn á Akureyri frá sér eftirfarandi upplýsingar um afrétti nokkurra hreppa þann 1. ágúst 1979. Er þar nánar lýst Vaskárdal, Almenningi og Öxnadalsafrétt.[833]

Vaskárdalur.

[827] Skjal nr. 2 (93).
[828] Skjal nr. 2 (58) a-b.
[829] Skjal nr. 2 (59).
[830] Skjal nr. 2 (60).
[831] Skjal nr. 2 (60).
[832] Skjal nr. 2 (90) a-b.
[833] Skjal nr. 4 (37).

> Afréttarmörk eru Melrakkaá og Rauðskriðuá að vestan Rauðskriðudalur er sunnan Vaskár, liggur til suðurs í fjallgarðinn austan Almenningsfjalls.
>
> Hann er brattur og mjög ílla gróinn, að austanverðu. Melrakkadalur liggur í aust- norð austur og síðan í norður. Austurhlíðin er fremur hrjóstug. Vaskárdalur liggur í austur og síðan suðaustur. Suðurmörkin eru Rauðskriðufjall milli Vaskárdal og Rauðskriðudals.
>
> Austan Melrakkadals ræður fjallsraninn að Melrakkaöxl. í norður er Melrakkaöxlin, þaðan fjallsraninn að botni Vaskárdals. Úr dalbotninum er stutt í Hagárdal í Eyjafirði enda fyrrum farið.
>
> Vaskárdalur er mjög vel gróinn og grösugur. Nær allt landið er þurlent. Mest skriðuhriggir og grundir, kjörið sauðland.
>
> Ítala 400 fjár fullorðið 5 hross.
>
> Um eignarrétt Vaskárdals hefur gengið á ýmsu, síðan Bægisárkirkja selur dalinn 1841.
>
> Ítök annara jarða hafa hér ekki fundist.
>
> Núverandi eigendur: Pétur Steindórsson bóndi Krossastöðum Glæsibæjarhreppi að hálfu og Rútur Þorsteinsson Byggðavegi 148 Akureyri, hinn helminginn.[834]

Með afsali, sem dagsett er 22. janúar 1980, afsalaði Rútur Þorsteinsson helmingi Vaskárdals til Öxnadalshrepps. Í afsalinu segir:

> Lýsing hins selda afréttarlands er þannig: Afréttarmörk eru Melrakkaá og Rauðuskriðuá að vestan, Að [svo] sunnan Rauðuskriðufjall milli Vaskárdals og Rauðuskriðudals. Að austan fjallsraninn að botni Vaskárdals.[835]

Öxnadalshreppur er skráður eigandi hálfs Vaskárdalsafréttarlandsins árið 1980.[836] Helmingur afréttarinnar er í einkaeigu árið 1990.[837]

Í nóvemberlok 2008 skrifuðu eigendur jarðanna Bakkasels og Almennings í Hörgárbyggð, Silfrastaðaafréttar, Egilsár, Flatatungu og Merkigils í Akrahreppi undir yfirlýsingu um landamerki jarða þeirra. Þar kemur fram að þau séu:

> [...] sammála um að vatnaskil ráði landamerkjum jarða okkar þar sem lönd okkar liggja saman á fjallinu milli Seldals í Hörgárbyggð og Egilsárdals, Tungudals og Merkidals í Skagafirði, enda er enga aðra lýsingu á merkjum að finna milli þessara jarða í landamerkjabréfum þeirra.[838]

Yfirlýsingunni fylgdi uppdráttur af landamerkjum jarðanna en undir hana skrifuðu Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri Hörgárbyggðar, Agnar H. Gunnarsson

[834] Skjal nr. 4 (37).
[835] Skjal nr. 13(4).
[836] Skjöl nr. 4 (34) og 4 (35) a-b.
[837] Skjal nr. 4 (35) a-b.
[838] Skjal nr. 8 (6).

oddviti Akrahrepps, Einar Gunnarsson, Kristín Guðmundsdóttir og Sigurbjörg Guðmundsdóttir.

Vaskárdalur er nú nýttur sem upprekstrarland fyrir búfé af jörðum í Hörgárbyggð, að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

5.4 Almenningur

Bræður á Munkaþverárklaustri samþykktu, með bréfi frá 25. mars 1375, vegna þröngvandi nauðsynjar sölu Árna ábóta, á þeim hluta Skriðulands í Öxnadal sem Gróa Oddssdóttir hafði gefið með sér í próventu, til Guðmundar Sigurðssonar.[839] Salan á hálfu Skriðulandi fór svo fram 19. maí 1375 en jörðinni fylgdi:

> [...] lambarekstr ok gielldfiaar framm j almenningh ifer vaskaa.[840]

Guðný Guðmundsdóttir seldi séra Birni Gíslasyni jörðina Þverbrekku í Öxnadal með bréfi gerðu 4. maí 1568 á Bakka. Í kaupbréfinu eru landamerki tilgreind og þess getið að jörðin eigi m.a.:

> [...] fiordung j almenninge.[841]

Almenningur er notaður af öllum bæjum í Öxnadal samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712.

> Upprekstur, sem nefndur er frá sjerhverjum bæ í öllum Yxnadal (að frátekinni Þverbrekku, sem sjálf þar ítak á), á Almenníng fyrir lömb, hann liggur framm af bygðinni fyrir austan Yxnadalsá, hvörs pláss drög liggja til Eyjafjarðar.
>
> Grasatekja er á fyrnefndum Almenníngi, fáeinum bæjum tilnægilegra þarfinda, kannski iv-um eða v. Ómögulegt væri hjer bygð að setja, þótt engin fólksfæða væri, án sveitarinnar skaða og landsins sjálfs ófrjóðsemi.[842]

Í umfjöllun jarðabókarinnar um Neðstaland, Efstalandskot, Miðland, Steinsstaði, Þverá, Fagranes, Hóla, Engimýri, Geirhildargarða (Geyrreiðargarða), Gloppu, Skriðu (Neðri-Lönguhlíð) og Syðri-Bægisá er sérstaklega getið um upprekstur í Almenning.[843]

Viðbót við texta Skriðuþingssóknar í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um upprekstrarréttindi úr sókninni eru svohljóðandi:

> Upprekstur, sem nefndur er frá sjerhverjum bæ í öllum Yxnadal (að frátekinni Þverbrekku, sem sjálf þar ítak á), á Almenníng fyrir lömb, hann liggur framm af bygðinni fyrir austan Yxnadalsá, hvörs pláss drög liggja til Eyjafjarðar.

[839] DI III, bls. 296, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[840] DI III, bls. 298, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[841] DI XV, bls. 96, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[842] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 137.
[843] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 152 og 155–162

> Grasatekja er á fyrnefndum Almenníngi, fáeinum bæjum til nægilegra þarfinda, kannske ivum eða v. Ómögulegt væri hjer bygð að setja, þótt engin fólksfæða væri, án sveitarinnar skaða og landsins sjálfs ófrjóðsemi.[844]

Í jarðabókinni 1760 segir:

> Præstegaarde udi Øefiords Syssel udi Glæsibær Thing=Sogn
>
> 1. Bægisaae ytre
>
> Alminding paa Øxnadalsheide Skov í Stadatunge Egn.[845]

Þann 13. júní 1794, setti sýslumaðurinn Jón Jakobsson manntalsþing að Skriðu í Hörgárdal. Þar kom eftirfarandi fram um Almenning og notkun afrétta í Skriðuhreppi:

> Vidara kom til Trakteringar, hvörjar afretter framveiges brúkast skulu, i þessum Hrepp, og verdur þad eftir Sidveniu Öxnadalsheide, almenningr og Þverárdalur med Vaskárdal, fyrer Öxndælinga. Enn úr Hörgardal, Hörgárdalur, Flögudalur og Mirkardalur. Þá og so Sveigurinn og Barkárdalur hafa vered her ~~gam~~ gamlar afretter.[846]

Í jarðamati 1804 kemur fram að hjáleigurnar Árgerði og Hálsgerði tilheyri Þverá. Varðandi afrétt jörðinni tilheyrandi, er vísað til upplýsinga um jörðina Hóla í Öxnadal.

> De öde Hialejer Aargerde og Halsgerde eru herunder indbefattede. [...]
>
> Angaaende en hertil stående Afret, eftersees Noten ved det næstfölgende No. [Hólar í Öxnadal].[847]

Á manntalsþingi, 8. júní 1841, að Skriðu í Hörgárdal, var upplesin lögfesta frá 22. maí 1771, í nafni eiganda jarðarinnar Bakka í Öxnadal, Egils Tómassonar, fyrir téðrar jarðar túni, engjum og úthaga. Þrír bændur mótmæltu lögfestu Egils, hvað áhrærði afréttirnar Öxnadalsheiði og Seldal.[848]

B.H. Borgen amtmaður, að norðan og austan, skrifaði rentukammeri 10. ágúst 1842. Þar getur hann dómsmáls sem upp sé risið á milli Egils Tómassonar á Bakka og Sigurðar Sigurðssonar hreppstjóra á Þverbrekku um rétt til fjárreksturs í „almenning (Alminding)“ á hinni svokallaðri Öxnadalsheiði.

Árið 1849 hafði jörðin frían upprekstur á afréttinn Almenning fram af Öxnadal.[849]

Í landamerkjabréfi Syðri-Bægisár, dags. 1. október 1884, segir:

> Á Almenningi á tjeð jörð frían upprekstur og grasatekju.[850]

---

[844] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 162.
[845] Skjal nr. 2 (33).
[846] Skjal nr. 2 (82) a-b.
[847] Skjal nr. 2 (99).
[848] Skjal nr. 2 (121).
[849] Skjal nr. 2 (114).

Undiritað af Þorsteini Daníelssyni og J. Andréssyni. Samþykkt af Einari Ásmundssyni vegna Staðartungu og Miðhólsstaða og Arnljóti Ólafssyni vegna Ytri-Bægisár og Neðstalands.

Í jarðamati 1849 kemur fram að það fylgi Varmavatnshólum, Bessahlöðum, Hálsi, Hrauni, Auðnum, Bakka, Hraunhöfða og Skjaldastöðum frír upprekstur á Almenning.[851] Einnig segir að Þverbrekka eigi 1/6 part úr afréttinum Almenningi fyrir austan Öxnadalsá.[852] Þá kemur fram að jarðirnar Neðstaland[853], Miðland[854], Efstaland[855] og Efstalandskot[856] eigi upprekstur í Almenning en þess er ekki getið í umfjöllun um Engimýri, Geirhildargarða eða Fagranes.

Landamerkjabréf fyrir Gloppu, sem er aðliggjandi Almenningi að norðanverðu, var útbúið þann 16. janúar 1883:

> Að sunnan ræður Vaská.
>
> […] Undir jörðina heyra Melrakkadalur og Kinnar að Melrakkaá. [857]

Stephán Stephensen skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Arnljóti Ólafssyni, hvað varðaði að Gloppá teldist markalína milli Fagraness og Gloppu, Jóni Bergssyni, sem handsalaði vegna Varmvatnshóla og Júlíusi Hallgrímssyni, settum hreppsnefndaroddvita, sem samþykkti fyrir hönd Skriðuhrepps að Vaská teldist landamerkjalína milli Gloppulands og Almennings sem tilheyrði Skriðuhreppi.

Landamerkjabréf fyrir Miðland var útbúið þann 16. janúar 1883, þar kemur fram um upprekstur:

> Jörðin á frían upprekstur á Almenning. [858]

Landamerkjabréf fyrir Efstaland var útbúið þann 1. ágúst 1884:

> Jörðin á frían upprekstur í Almenning á Yxnadal.[859]

Landamerkjabréf fyrir Efstalandskot var útbúið þann 1. ágúst 1884 og því var þinglýst 29. maí 1888:

> Jörðin á frían upprekstur í Almenning í Yxnadal. [860]

Landamerkjabréf fyrir Skriðu í Hörgárdal var útbúið í maí 1885 og því var þinglýst 2. júní 1887:

---

[850] Skjal nr. 2 (19).
[851] Skjal nr. 2 (22).
[852] Skjal nr. 2 (114).
[853] Skjal nr. 2 (114).
[854] Skjal nr. 2 (114).
[855] Skjal nr. 2 (114).
[856] Skjal nr. 2 (114).
[857] Skjal nr. 2 (29).
[858] Skjal nr. 2 (21).
[859] Skjal nr. 2 (22).
[860] Skjal nr. 2 (23).

> Einnig á Jörðin Skriða allan geldfjárrekstur frían í Almenning í Öxnadal. Merkjalýsing þessi er samkvæmt gömlum sölubrjefum, lögfestum og öðrum skjölum frá 1491, 1593 og 1792. [861]

Landamerkjabréf fyrir Neðstaland er dagsett 8. júní 1922:

> Jörðin er talin eiga frían upprekstur á almenning. [862]

Landamerkjabréf fyrir Geirhildargarða var útbúið þann 22. maí 1891 og því var þinglýst degi síðar:

> Jörðin á frían upprekstur á Almenning austan Yxnadalsár. [863]

Í fasteignamati 1916–1918 kemur fram að Þverbrekka, Háls, Skjaldastaðir, Neðstaland[864], Miðland[865], Efstaland[866], Efstalandskot[867] og Steinsstaðir[868] og eigi upprekstrarrétt í Almenning. Hins vegar er ekki getið um að Engimýri, Geirhildargörðum eða Fagranesi tilheyri þar upprekstur.

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum* stendur um Bakkakirkjusókn:

> 3. afdalur er Almenningur, liggur fram af sjálfri sveitinni Öxnadalnum, en mjög svo í sveig næstum til hásuðurs og liggur lítið hærra en sveitin. Að austanverðu við hann er Almenningsfjallið og að vestanverðu Seldalsfjallið, enda er dalur þessi þeim megin oftast Seldalur nefndur. – Þessi dalur er býsna langur, svo drag hans er nálægt dragi Hvassafellsdals, sem gengur til suðvesturs úr Eyjafirði. –
>
> [...] *Afréttarlönd* eru þar eiginleg: Almenningur svokallaður, á hvern 11 jarðir eiga frían upprekstur nefni[lega]: 1. Neðstaland í Bægisársókn, 2. Miðland, 3. Gloppa, 4. Gil, 5. Varmavatnshólar, 6. Bessahl[aðir], 7. Þverbrekka, 8. Háls, 9. Hraun, 10. Bakki og 11ta Skriða í Hörgárdal. Almenningur þessi inniheldur eiginlega; fyrrnefndan Almenning og Seldal, Öxnadalsheiði norðan til og fyrrnefndan Gilshjalla; þar hjá mega fleiri sveitarjarðir (sóknarinnar) brúka þennan almenning fyrir betaling; líka brúka hann nokkrir utansóknarmenn, til að m. úr Glæsibæjarhrepp, - Eiginlegar fjárskila- eða lögréttir eru þar 2, sú önnur niður frá bænum Þverá við Öxnadalsá, en hin við Vaská, sem fyrr er getið. Þar hjá eru brúkaðir til afrétta heimalöndin Hóla- og Þverárdalur, Vaskárdalur og þar viðliggjandi pláss, nefndar Gloppukinnar.[...][869]

Í sömu bók segir í kaflanum um Bægisár- og Bakkasókn:

> Afréttarlönd úr sókninni eru á Þverár- og Hóladölum og svokölluðum Almenningi, sem liggur fram úr dalnum.

---

[861] Skjal nr. 2 (32).
[862] Skjal nr. 2 (20).
[863] Skjal nr. 2 (27).
[864] Skjal nr. 2 (93).
[865] Skjal nr. 2 (93).
[866] Skjal nr. 2 (93).
[867] Skjal nr. 2 (93).
[868] Skjal nr. 2 (93).
[869] „Bakkakirkjusókn“. *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu.* Akureyri. 1972, bls. 144, 149 og 151.

[...] [Bakkasókn]

> [...] Fram frá Gloppu liggur fjallið enn nú, allt fram að svokölluðum Gloppukinnum, sem liggja til suðausturs allt fram að svokölluðum Melrakkadal, sem er lítill afdalur og liggur rétt í austur. Þessar straxnefndu Gloppukinnar brúkast fyrir afréttarland og grasatekju. Þar sem þessar Kinnar taka enda, tekur Vaskárdalur við, sem liggur í landsuður. Þá tekur við svokallaður Almenningur að austanverðu við Yxnadalsá, en að vestanverðu Seldalur. Allt eru þetta afréttarlönd, almennt brúkuð bæði úr sjálfum Öxnadal, Þelamörk, og innan úr Kráklingahlíð, [Kræklinga-].[870]

Þann 29. maí 1888, á árlegu manntalsþingi Skriðuhrepps, mótmæltu eigendur Bakka landamerkjum jarðarinnar Hrauns, og fríum upprekstri þeirrar jarðar á Almenning, á Öxnadalsheiði:

> Landamerki jardanna: a. Þúfnavalla, b. Þverbrekku, c. Efstalandskots, d. Hrauns, e. Háls, f. Varmavatnshóla. Eigendur Bakka mótmæltu hvad landamerki jardarinnar Hrauns snerti, að sú jörd ætti frían upprekstur á Almenning á Yxnadalsheidi.[871]

Á aukasveitarfundi Öxnadalshrepps þann 11. mars 1913 komu fram tvær fyrirspurnir frá fulltrúa Akrahrepps. Önnur var svohljóðandi.

> Hvort hann [fundurinn] vildi ekki samþykkja að Akrahreppur í Skagafirði fengi almenning keyptan til eignar eða leigu, og mætti girða á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir.

Einnig spurði hann:

> Hvort fundurinn vildi ekki samþykkja að Öxnadals og Akrahreppar mynduðu félag um einn og sömu afrétt á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir með nánari skilyrðum sem hreppum beggjum kæmu sér saman um.[872]

Eftir umræður um þessi mál frestuðu fundarmenn því að taka ákvörðun um þau. Þann 14. júní 1913 var fulltrúa Akrahrepps tilkynnt að sveitarfundur [Öxnadalshrepps] hefði hafnað beiðni hreppsins um afrétt.[873] Sama dag var fjárskilastjóra Glæsibæjarhrepps tjáð að umráðamaður Almennings hefði verið beðinn um að leyfa hreppsbúum að nota afréttina.[874]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hefðu

[870] Kristján Þorsteinsson. „Bægisár- og Bakkasókn“. *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu*. Akureyri. 1972, bls. 157 og 159.
[871] Skjal nr. 2 (83)a-b.
[872] Skjal nr 4 (43).
[873] Skjal nr 4 (43).
[874] Skjal nr. 4 (38).

tilheyrt eða tilheyrðu þá nokkru lögbýli.[875] Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 27. september 1920 þar sem hann segist hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar.[876] Svarbréf Stefáns Bergssonar, hreppstjóra í Öxnadalshreppi, er dagsett 25. febrúar 1920. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

> Hér í hreppi er einn afréttur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðar umráðendur telja jörðunum fríann uppregstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur fram af byggðinni í Öxnadal, eru því upptök Öxnadalsár í almenningsbotni. Áin er vatnslítil í afréttinni og engir teljandi fossar þar. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[877]

Í bréfi Stefáns kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi Vaskárdal:

> Vaskárdalur er lítill afréttarkiki. Fellur áarspræna eftir honum og kemur í Öxnadalsá á milli fremstu bæja í Öxnad. Afréttur þessi er einstaksmanns eign en tilheirir ekki neinu býli. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[878]

Vegna fyrirspurnar sendi sýslumaðurinn á Akureyri frá sér eftirfarandi upplýsingar um afrétti nokkurra hreppa þann 1. ágúst 1979. Er þar nánar lýst Vaskárdal, Almenningi og Öxnadalsafrétt.[879]

Almenningur.

Hér er enginn vafi á afréttarmörkum.

Rauðskriðuáin í austri, Vaská að norðan, Öxnadalsá að vestan frá ármótum Vasksár að Nautá, skiptir þar um nafn og heitir síðan Seldalsá.

Hún skiptir afréttarmörkum Seldals og Almenning allt til dalbotnins.

Þess ber að géta, stutt neðan við dalbotninn skiptist Seldalsáin í tvær kvíslar. Vestari kvíslin liggur til suðurs, en hin til suðausturs.

Landið milli kvíslanna heitir Þorbjarnartungur og tilheira Almenning.

Austurmörk framar Rauðskriðudals, takmarkast af Almenningsfjalli.

Hér er besta og land landstærsta afréttarlandið í Öxnadal. Ítala 600 fulornar kindur 15 hross.

Rauðskriðudalur ílla gróinn að vestanverðu og lélegasta beitilandið.

Landið frá Almenningsöxl að Rauðskriðuá heitir Rauðskriðukinnar, þær eru sundurskornar af giljum.

[875] Skjal nr. 2 (58).
[876] Skjal nr. 2 (59).
[877] Skjal nr. 2 (60).
[878] Skjal nr. 2 (60).
[879] Skjal nr. 4 (37).

Sæmilega vel grónar en mikið ber á lyngi.

Annað af landinu einkennist af þurrum skriðuhriggjum og vallendisgrundum. Ákjósanlegur sauðgróður.

Allt er landið þurt, utan smá flói á móti Bakkaseli. Öxnadalsheppur á Almenning, vísast til þess í landam.l. Gloppu. Vottorð oddvita Skriðuhrepps Júlíusar Hallgrímssonar, frá 16 maí 1883. Þar eiga eftirtaldar jarðir fríjan upprekstur:

Syðri-Bægisá sjá landamerkjal. frá 1 okt 1884.

Neðstaland sjá landam.l. frá 30 apríl 1891.

Miðland landam.l. frá 16 jan. 1883.

Efstaland landam.l. frá 1 ágúst 1884

Efstalandskot frá 1 ágúst 1884.

Steinsstaðir (Steinsstaðir 1) samkv. úttektarbók 1916.

Hólar samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar, 1702.

Geirhildargarðar sjá landam.l. 22 maí 1891.

Varmavatnshólar sjá landamerkjal. frá 30 apríl 1888.

Bessahlaðir sjá landaml. frá 24 júní 1884.

Þverbrekka sjá landam.l. frá 1maí 1888 og jarðabók Árna Magnússonar frá 1702, þar stendur:

Ítök sjöttungur lands á Almenning.

Háls sjá landam.l. frá 24 apríl 1888.

Um Skriðu í Hörgárdal stendur:

Frír upprekstur á Almenning austan Yxnadalsár fyrir geldfé. Landamerkjal. frá 1 maí 1885.

Hvort fleiri jarðir eigi hér fríjan upprekstur, verður ekki slegið föstu.

Í jarðabók Árna Magnússonar stendur um Hraun, Auðni, Hraunshöfða og Skjaldastaði, - frír upprekstur á Almenning.

Almenningur var einnig kallaður partur á Öxnadalsheiði austan Grjótár.

Ljóst er að nafnið Almenningur, hefur getað valdið ruglingi einkum ókunnugum.

Bakkakirkja átti Öxnadalsheiði, og auk Bakka eiga Auðnir og Hraun þar fríjan upprekstur.

Sagnir herma um fjárrekstra frá Skjaldastöðum og Hraunshöfða á Öxnadalsheiði

> Með þetta í huga, set ég réttindi áðurnefndra jarða (hjá Almenning) á Öxnadalsheiði.[880]

Almenningur er nú nýttur sem upprekstrarland fyrir búfé af jörðum í Hörgárbyggð, að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

5.5 Bakkasel

Bakki með Bakkaseli, Bægisá og Mikligarður eru nátengd afréttarréttindum á Öxnadalsheiði. Í öndverðu tilheyrðu Bakka þar réttindi, og vísast til jarðakaflanna um Bakka, Bakkasel og Ytri-Bægisá hér aftur í þessu sambandi.

Bægisá syðri er nefnd í Landnámu. Auðólfur, sem Landnáma segir hafa numið Öxnadal ofan frá Þverá til Bægisár, bjó í Syðri-Bægisá.[881]

Bægisá (ytri) er nefnd í Guðmundar sögu dýra árið 1197.[882]

Björn Brynjólfsson handlagði Ólafi syni sínum, með bréfi frá 13. desember 1392, jarðirnar Syðri-Akra, Ytri-Akra, Brekku og fjórðung í Vika löndum í jafnaðar hlutskipti við systur sínar. Björn sagði Syðri Akra eiga:

> ... skoghar part fram a öxnadals hæidi. hris oc grafua giord vpp ad ræidgötum fram ad kuskerpiss huammi oc ofuan at aamotum. jtem alla gellnæyta rextur fram fra wodum oc til kalldbaksaar aa oxnadalshæidi af græindum jordum.[883]

Sömu upplýsingar eru tíundaðar í máldaga Akrakirkju eftir gömlum gjafabréfum og máldagaskrám sem spannar tímabilið frá 1382 til ca 1600.[884]

Bakkakirkja átti hvorki land né ítök samkvæmt máldagabók Péturs biskups Nikulássonar frá 1394 og síðar.[885] Það sama kemur fram í visitasíubók Jóns biskups Vilhjálmssonar frá 1429 og máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar.[886]

Í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar kemur fram að kirkjan á Bægisá eigi:

> afret j auxnadal. fra folaldareit oc at griotgordvm.[887]

Sama máldagabók segir Miklagarð eiga:

> Teigur j Öxnadal ofan fra lurkasteine j millum tveggia gardstada. er oc sogd vij folalda rekstur j vaskarogsl. sagdi rusti wtan ef ath mýklagardur ætti allar slægiur j hruthaga.[888]

---

[880] Skjal nr. 4 (37).
[881] Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók,* bls. 259.
[882] *Sturlunga saga* I, Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útg. Reykjavík 1946, bls. 185, 186.
[883] DI III, bls. 484, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[884] DI XII, bls. 28, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[885] DI III, bls. 517-518, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[886] DI IV, bls. 378; DI V, bls. 295, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[887] DI V, bls. 295, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[888] DI V, bls. 351, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

Í vísitasíum Bægisár frá [um 1585], 5. maí 1662, 4. maí 1685, 25. ágúst 1692, 22. september 1713 og 8. júlí 1749 kemur fram að kirkjan eigi afrétt í Öxnadal frá folaldareit og að grjótgörðum. Fram kemur einnig í vísitasíunni frá 1662 að Bægisá eigi Skriðu og í vísitasíunni frá 1685 er ekki talað um afrétt heldur skógarpart.[889]

Í vísitasíum Bakka frá [um 1585], 1591, 1685, 1692, 1713, 1749, 1761, 1769 og 1791 kemur ekkert fram um landaeign eða ítök.[890]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 kemur fram að á Bakka sé kirkja sem sé „annecteruð" með Bægisá. Einnig segir eftirfarandi:

> Afrjettur er hjeðan á Öxnadalsheiði frá Gils landi alt vestur að Grjótá með öllum Seldal, er gagnvart liggur Almenníngi.
>
> Selstaða er hjeðan einninn í sögðu takmarki, ei í manna minni brúkuð.
>
> Skógur hefur hjer verið, nú er hann aldeilis eyddur.[891]

Syðri-Bægisá á upprekstur á Almenning á Öxnadal samkvæmt Jarðabókinni.[892] Þar er einnig greint frá því að Ytri-Bægisá sé kirkjustaður og beneficium. Afrétt á jörðin í Folaldareit, norðan til í Öxnadalsheiði.

> Afrjettar eður beititeig á staðurinn norðan til á Öxnadalsheiði niður frá Grjóthryggjum, sem kallast almennilega Folaldareitur, og brúkar staðurinn þar nokkuð litla hestabeit í því nafni á sumardag. Grasatekja er nokkuð lítil í sama landsplássi, sem ýmsir brúka í leyfisleysi.[893]

Kirkjunni á Bægisá er eignaður afréttur í Öxnadal í prófastsvísitasíu frá 18. maí 1729.[894]

Í óársettri lögfestu Hallgríms Eldjárnssonar (f. 1723/d.1779)[895] sem skráð er í kirkjustól Bægisár 1749-1841 stendur að jörðinni tilheyri afréttarreitur norðanvert á Öxnadalsheiði frá Folaldareit og vestur að grjótgörðum.[896] Séra Einar Thorlacius eignar Miklagarðskirkju þennan reit í bréfi til jarðarmatsefndar árið 1849.[897]

Í jarðamati 1804 kemur fram að eyðihjáleigurnar Þórðargerði og Hofgerði séu tilheyrandi jörðinni Bakka.[898]

Þann 8. júní 1822, á almennu kóngsbréfaupplesturs- og manntalsþingi að Glæsibæ í Kræklingahlíð, voru upplesnar tvær lögfestur og varðar önnur þeirra Ytri-Bægisá, land hennar og ítök:

---

[889] Skjöl nr. 2 (42), 2 (43), 2 (47), 2 (49), 2 (51) og 2 (54).
[890] Sbr. skjal nr. 2. (A.8. ónr. (Öxnadalshreppur)).
[891] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X. Kaupmannahöfn. 1943/Reykjavík. 1987, bls. 151.
[892] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X, 162.
[893] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 164.
[894] Skjal nr. 2 (109) a-b.
[895] *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940.* II. Tínt hefur saman Páll Eggert Ólason. Reykjavík 1949, bls. 280.
[896] Skjal nr. 2 (111) a-b.
[897] Skjal nr. 2 (126).
[898] Skjal nr. 2 (99).

> 4. Voru eptir vidkomanda beidni upplesnar 2 lögfestr, nefnilega Prests Sr. Sigurdar Sigurdssonar á Bæsá, af Dags Dato, hvarmed hann lögfestir Kirkiunnar ad ytri Bæsá Land heima og annarstadar, med Jtökum hennar, Líka Kirkiujardarinnar Fagraness Land.[899]

Þann 21. maí 1840, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, var upplesin lögfesta, dagsett þann 12. júní 1792, í nafni Egils Tómassonar á Bakka, á öllu landi jarðarinnar Bakka. Lögfestunni var mótmælt af mörgum bændum á manntalsþinginu, sem viðkemur Seldal og Öxnadalsheiði:

> 4. Upplesin Lögfesta í Eigils Thómassonar nafni á jarðarinnar Bakka landi öllu, dagsett 12ta Júnii 1792 og útgefin af Sigurði Símonssyni Beck. Hreppstjórarnir Sigurður Jónsson og Jóhann ~~Árnason~~ Pálsson [ofan línu] fyrir sína og allra þeirra hönd, sem við þetta eru riðnir, sem eru margir bændur í Öxnadal, prótesteruðu á móti þessari Lögfestu, að því leiti, sem áhrærir þann þarnefnda Seldal og Öxnadalsheiði m. fl. svo sem Grjótárdal að norðanverðu [ofan línu] og Kaldbaksdal að austanverðu.[900]

Ári síðar var svipað uppi á teningnum. Þann 8. júní 1841, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, var upplesin lögfesta eiganda jarðarinnar Bakka, er dagsett var 22. maí 1771. Lögfestunni var mótmælt, hvað snerti afréttirnar Öxnadalsheiði og Seldal:

> 3. Logfesta af 22an Maji 1771 í Nafni hins núverandi Eigara jardarinnar Bakka i Yxnadal bónda Eigils Thomassonar, sem einnig Reqvirents, á tédrar jardar Túni, Eingjum, Uthaga etc. Bændurnir Sigurdur Jónsson á Nedstalandi, Sigurdur Sigurdsson á Þverbrekku, og [ofan línu] Jón Jónasson á stadnum prótesterudu þessa Logfestu hvad áhrærir afréttirnar Yxnadalsheidi og Seldal.[901]

Í sáttabók fyrir Hörgárdal, 24. apríl 1841, er getið um deilu milli eigenda Bakka og bóndans á Þverbrekku vegna nýtingar hluta Öxnadalsheiðar, almennings á Seldal. Egill Tómasson á Bakka telur að Sigurður Sigurðsson á Þverbrekku:

> skyldi ólöglega og ránglega hafa nota[d] sér part af Yxnadalsheidi sem klagandi meinar ad vera Eign jardarinnar Backa.[902]

Endanleg sátt náðist ekki í málinu, þar sem menn vildu kanna nánar rétt eintak af Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, og byggja á því sem þar segði.

Tæpu ári síðar, þann 24. maí 1842, var lesinn upp hluti úr sömu lögfestu, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, og henni mótmælt sem fyrr:

> 15. Eptir bón bóndans Eigils Thómassonar á Bakka í Yxnadal var upplesin partur úr Lögfestu um Jardarinnar Bakka Landeign á Yxnadalsheiði. Lögfestan er útgefin af Símon Bech þann 22 Maji 1771 og er seinast þínglesin

[899] Skjal nr. 2 (62)a-b.
[900] Skjal nr. 2 (78) a-b.
[901] Skjal nr. 2 (84) a-b.
[902] Skjal nr. 4 (48).

> á Skriðu manntalsþingi þann 8da júní 1841 og innfærd í Eyjafjarðar sysslu kaupbréfa og pantbók ~~þann~~ folio 60. Kablinn sem upp var lesinn byrjar á þessum orðum: „Seldal allann“ og endar á ordinu „Folaldareit“ og fyrirbaud Eigill allra brúkun á því í þeim kabla nefndra plátsi. Eigli var þvínæst afhendt lögfestan áteiknud um Þínglýsíngu tédrar greinar. Hreppstjóri Sigurður Sigurðsson á Þverbrekku og bændurnir Sigurður Jónsson á Neðstalandi og Jón Jónasson á Auðnum prótesterudu enn sem fyrri þessa Lögfestu hvad áhrærir afréttirnar Yxnadalsheiði og Seldal, og tjádust brúka lond þau á medan þau ekki eru Bakka tildæmd.[903]

B.H. Borgen amtmaður, að norðan og austan, skrifaði rentukammeri 10. ágúst 1842. Þar getur hann dómsmáls sem upp sé risið á milli Egils Tómassonar á Bakka og Sigurðar Sigurðssonar hreppstjóra á Þverbrekku um rétt til fjárreksturs í „almenning (Alminding)“ á hinni svokallaðri Öxnadalsheiði. Egill hafði óskað aðstoðar amtmanns við að staðfesta sannleiksgildi útdráttar úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem amtmaður lét fylgja bréfinu. Amtmaður fór fram á að rentukammer sæi til þess að Egill fengi útdrátt af Jarðabókinni varðandi jarðirnar Bakka og Þverbrekku ásamt klausu um upprekstur sem væri að finna aftan við umfjöllun um jarðir í Skriðuþingsókn. Rentukammerið sendi amtmanni umbeðinn útdrátt, með bréfi dagsettu 29. október 1842, og fól honum að koma honum áfram til Egils á Bakka. Það tekur ennfremur skýrt fram að það sé undir viðkomandi dómstólum komið að skera úr um sönnunargildi vitnisburðar Jarðabókarinnar varðandi umrædd réttindi.[904]

Á manntalsþingi, 24. maí árið 1842, að Skriðu í Hörgárdal, var upplesinn partur úr lögfestu fyrir landareign jarðarinnar Bakka á Öxnadalsheiði:

> 15. Eptir bón bóndans Eigils Thómassonar á Bakka í Yxnadal var upplesin partur úr lögfestu umm jardarinnar Bakka landeign í Yxnadals Heiði. Lögfestan er útgefin af Símon Bech þann 22. maji 1771 og er seinast þínglesin á Skriðu manntalsþingi þann 8da júní 1841 og innfærd í Eyjafjarðar sýsslu kaupbréfa og pantbók þann folio 60. Kablinn sem upp var lesinn byrjar á þessum ordum: „Seldal allann“ og endar á ordinu: „Folaldareit“. Og fyrirbaud Eigill allra brúkunn á því í þeim kabla nefnda plátsi. Eigli var þvínærst afhendt lögfestan áteiknud me[ð] þínglýsingu tédrar greinar: Hreppstjóri Sigurður Sigurðsson á Þverbrekku og bændurnir Sigurður Jónsson á Nedstalandi og Jón Jónasson á Auðnum prótesterudu enn sem fyrri þessa lögfestu hvad áhrærir afréttirnar Yxnadalsheiði og Seldal, og tjádust brúka lönd þau, á medan þau ekki eru Bakka tildæmd. [...] A. Sæmundsen eptir constitution, Th. Asmundsson, J. Jónsson, J. Jonasson, Þ. Hallgrímsson.[905]

Á manntalsþingi 22. maí 1848, að Skriðu í Hörgárdal, var lesin upp lögfesta fyrir heima- og afréttarlandi jarðarinnar Bakka, dagsett 12. júní 1792, eftir bón Egils

[903] Skjal nr. 2 (85) a-b.
[904] Skjal nr. 2 (113) a-b.
[905] Skjal nr. 2 (122).

Tómassonar á Engimýri, sem var eigandi Bakka. Líka lét Egill upplesa útdrátt frá 29. október 1842, úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Vaðlasýslu og viðkemur innihald útdráttarins afréttarlandi jarðarinnar Bakka á Öxnadalsheiði.[906]

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að Ytri-Bægisá eigi frían upprekstur á Öxnadalsheiði.[907]

Séra Einar Thorlacius eignar Miklagarðskirkju teig á Öxnadalsheiði í bréfi til jarðarmatsefndar árið 1849.[908] Yfirmatsmennirnir fengu í hendur beiðni séra E. Thorlacius um að þess yrði getið að eftir máldaga Ólafs biskups 1461 ætti Mikligarður í Eyjafirði teig í Öxnadal ofanfrá Lurkasteini á milli tveggja garðsstæða og folaldarekstur í Vaskárgili. Á öðrum stað í yfirmatinu er talað um þrætulandið Öxnadalsheiði sem sé talið frá Lurkasteini (þar eð máldagi Ólafs biskups eigni Miklagarði teig ofan frá nefndum steini milli garða eða heim að Gilslandi) og vestur að Grjótá ásamt svonefndum Seldal. Heiðin sé grösug og kjarngott land en dalurinn snögglendur og víða framhlaupinn.[909]

Þann 22. júní 1850 fengu yfirmatsmenn Eyjafjarðarsýslu í hendur bréf frá Agli Tómassyni bónda þar sem hann óskar þess að Öxnadalsheiði vestur að Grjótá ásamt svonefndum Seldal sé metin með eignarjörð hans Bakka í samræmi við Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eða að hún teljist að minnsta kosti sem þrætuland á milli Bakka og þeirra jarða er eigna sér frían geldfjárrekstur þangað samkvæmt Jarðabók Skúla Magnússonar en eftir því mati mun hafa verið farið við jarðamatið 1849.[910]

Sama dag fengu yfirmatsmennirnir í hendur beiðni séra E. Thorlacius um að þess yrði getið að eftir máldaga Ólafs biskups ætti Mikligarður í Eyjafirði teig í Öxnadal ofanfrá Lurkasteini á milli tveggja garðstæða og sjö folalda rekstur í Vaskáröxl.[911]

Býli var reist í Bakkaseli árið 1850, en áður var þar selstaða frá Bakka.[912] Bakkasel var upphaflega, eins og nafnið bendir til, sel frá Bakka. Egill Tómasson byggði þar bæ árið 1850. Bakkasel var fremsta byggða ból í Öxnadal og áningarstaður þeirra sem ferðuðust yfir Öxnadalsheiði.

Í vísitasíu Bægisár frá 22. júlí 1868 stendur:

> Kirkjan á allt heimaland, Fagranes í Yxnadal, og eptir vísitazíu Steins biskups 1713, skógarpart hinum megin ár. Eptir máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar á hún afrjett í Auxnadals frá Folaldareit og að grjótgarðinum, (grjótgörðum). 2ia hrosa beit í Tungu land á vetrum.[913]

[906] Skjal nr. 2 (123).
[907] Skjal nr. 2 (114).
[908] Skjal nr. 2 (126).
[909] Skjal nr. 2 (103).
[910] Skjal nr. 2 (103).
[911] Skjal nr. 2 (103).
[912] *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I. Akureyri. 1993, bls. 528.
[913] Skjal nr. 2 (112).

Á manntalsþingi, 31. maí árið 1871, höldnu að Stóru-Ökrum, var lesin lögfesta Arnljóts Ólafssonar á Bægisá og Þorsteins Daníelssonar, á Öxnadalsheiði að norðan, til Kaldbaksár og Grjótár. Hreppstjórinn, Páll Þórðarson, mótmælti lögfestunni með skírskotun til lögfestu á Silfrastaðaafrétt, er þinglesin var árið 1870, með ummerkjum til Kaldbaksár og þvert yfir, með báðum Grjótárdölum.[914]

Þann 2. júní 1885, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, leggur Jónas á Bakka fram bann við brúkun á landi innan tiltekinna takmarka. Í lýsingu Jónasar kemur fram að jörðin Ytri Bægisá eigi svokallaðan „Folaldareit“ innan téðra takmarka. Nánar er fjallað um þetta í kaflanum um Bakka.[915]

Landamerkjabréf fyrir Bægisárland var útbúið þann 23. maí 1885:

> Afrjettur í Öxnadal frá Folaldareit og að Grjótvörðum. En fyrir því að menn hafa nú eigi lengi vitað, hvar ítak þetta liggur, hefur staðarpresturinn haft í notun þess, og það nú lengur enn um hundrað ár, mótmælalaust frían upprekstur fyrir allan geldpeninginn í Bakkaland á Öxnadalsheiði. [916]

Arnljótur Ólafsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Einari Ásmundssyni umboðsmanni Hamars.

Þann 2. júní 1885, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, leggur Jónas á Bakka fram bann við brúkun á landi innan tiltekinna takmarka:

> [16. Bann frá Jónasi á Bakka um brúkun á landi er takmarkast: „ad utan gardur utan vid Sorlahol og úr honum beint til fjalls, ad austan ræður Öxnadalsá, en að vestan rædur Grjótá og Kallbaksá, j[ö]rdin Ytri Bægisá á svo nefndan Folaldareit innan tjedra takmarka“.[917]

Í afsali Bakka frá 7. nóvember 1885 er nefnt að honum fylgi hjáleigan Bakkasel og að kirkja sé á jörðinni. Einnig er minnst á Skjaldastaði.[918] Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns tilheyra þeir Bakkakirkju.[919]

Landamerkjabréf fyrir Bakka var útbúið þann 20. maí 1886:

> Jörðin á frían upprekstur fyrir fje á Yxnadalsheiði austan við Grjótá. [920]

St. Jónsson og J. Jónasson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Bergssyni sem handsalaði sem eigandi Auðna og Hraunshöfða.

Í afsali Bakka frá 24. júní 1887 er nefnt að honum fylgi hjáleigan Bakkasel.[921] Landamerkjabréf Silfrastaða var útbúið 31. mars 1890.

Landamerkjabréf fyrir Bakkasel var útbúið þann 8. mars 1889 og því var þinglýst 27. maí sama ár:

---

[914] Skjal nr. 2 (118).
[915] Skjal nr. 2 (63) a-b.
[916] Skjal nr. 2 (18).
[917] Skjal nr. 2 (63) a-b.
[918] Skjal nr. 4 (40).
[919] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 150.
[920] Skjal nr. 2 (31).
[921] Skjal nr. 4 (41).

> Að norðan Hjallendagil utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá. Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.
>
> Þess ber að geta að jörðin Ytri-Bægisá á ítak á Yxnadalsheiði kallað Folaldareitur og jörðin Bakki frían upprekstur.[922]

S. Jónasson og Jón Jónasson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Jónathanssyni vegna Gils.

Bakkasel liggur að Silfrastaðaafrétt. Landamerkjabréf fyrir afréttarland Silfrastaða var útbúið þann 2. júní 1885 og því var þinglýst degi síðar:

> Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatnsgötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallseggja beggja megin.
>
> Þess er að geta, að engin á ítak innan þeirra merkja, sem ofanskrifuð landamerkjalýsing tilgreinir, nema sannað verði með löggildum máldaga fyrir næstkomandi aprílmánaðarlok 1886.[923]

Jóh. Þorkelsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði M. R. F. Lárusdóttur ekkju.

Mótmæli bárust þann 16. maí 1889 við landamerkjabréfinu frá 2. júní 1885. Þau fara hér á eftir:

> Hjer með mótmælum og neitum vjer undirskrifaðir eigendur Bakka og Bakkasels í Yxnadal landamerkjalýsingu þeirri sem rangri á móts við tjéða eign vora, er Jóhannes sál. Þorkelsson á Dýrfinnustöðum ljet þinglýsa á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 3. júní 1885, í umboði frá M. R. F. Lárusdóttur fyrir eignarjörðu hennar Silfrastöðum með Yxnadalsheiði að Kaldbaksá og þar þvert yfir um svonefndan Tjaldhól, og lýsum vjer hjermeð eign vorri á landinu frá Grjótá að vestan austur ~~y~~fyrir Tjaldhól og þar þvert yfir.[924]

S. Jónasson og J. Jónasson skrifuðu undir mótmælabréfið. Því var þinglýst 23. maí 1889.

Síðar í sama mánuði, þann 27. maí 1889, var hið árlega manntalsþing í Skriðuhreppi sett að Staðartungu, og voru þinglesnar landamerkjalýsingar 9 jarða, þar á meðal Bakkasels:

> 6. Landamerkjalýsingar: 1. Dunhagakots, 2. Skjaldastada, 3. Fagranes, 4. Hallfríðarstadakots, 5. Hallfrídarstada, 6. Audna, 7. Bakkasels, 8. Myrkar og Stóragerdis, 9. Myrkárdals.[925]

Landamerkjabréf fyrir Silfrastaði var útbúið 31. mars 1890 og þinglýst 22. maí sama ár:

---

[922] Skjal nr. 2 (30).
[923] Skjal nr. 2 (104).
[924] Skjal nr. 2 (61).
[925] Skjal nr. 2 (81) a-b.

> Vestan að Silfrastaða heimalandi liggja Hjeraðsvötn. Að norðan ræðr bein lína frá Hjeraðsvötnum í Bóluárgil og síðan Bóluá, það sem árgilið heldur, uppí botn á yzta Þvergili. Þaðan eptir háfjallinu austur í Kotabotna. Að austan Kotagil og síðan Kotá ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan, vestur í Hjeraðsvötn. Að Silfrastaðaafrjett liggur Valagilsá frá því hún fellur í Norðurá, út á bak við Kotaheiði, upp til þess, er Fletjárdalslækr rennur í hana, Þá ræðr hann fram í botn á Fletjardal. Þaðan yfir háfjallið norðr í botn á ~~Fletjardsl~~ Fylsmýrum og Kleifum. Þaðan yfir fjall í Smaladalsbotn. Þaðan yfir fjall í botn á Seljadal og Horni. Þá yfir í Miðdalsbotn. Þaðan í Lúpá á Hörgárdalsheiði, norðanvert við Hörgárdalstungur. Ræður svo Lúpá og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal. Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði, þar sem vötnum fyrst hallar vestur af heiðinni. Þaðan beina línu um Tjaldhól í Kaldbaksá, er ræður merkjum fram í botn á Kaldbaksdal, austan við Kinnar. Þá yfir fjall í Krókárdalsbotn, fyrir sunnan Austurgil. Þaðan yfir fjall í Einidalsbotn. Ræður svo Einidalsá ofan til þess, er hún fellur í Króká. Þá ræðr Króká ofan í Norðurá og síðan Norðurá ofan til þess, er Valagilsá fellur í hana. Innan þessara ummerkja á Silfrastaðaafrjett liggr Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum. Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess er Smalalækur rennur í hana. Þaðan ræðr bein stefna, eptir hæðinni neðan við Smaladalinn, upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræðr merkjum að norðan. Austan að því liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræðr bein lína, eptir hæðunum neðan við Seljadalinn, upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.
>
> Einnig eiga nefndar jarðir, Miklibær og Víðivellir, hrossa og nauta upprekstur á Silfrastaða afrjett, og Stóru Akrar geldneyta upprekstur á afrjettina.[926]

Ólafur Briem skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði Marenar Lárusdóttur. Það var samþykkt af Stefáni Sveinssyni, eiganda Uppsala, og Sveini Friðrikssyni, ábúanda Ytrikota.

Í Bakkaseli var sett á fót greiðasala fyrir ferðafólk árið 1904.[927]

Á aukasveitarfundi Öxnadalshrepps þann 11. mars 1913 komu fram tvær fyrirspurnir frá fulltrúa Akrahrepps. Önnur var svohljóðandi.

> Hvort hann [fundurinn] vildi ekki samþykkja að Akrahreppur í Skagafirði fengi almenning keyptan til eignar eða leigu, og mætti girða á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir.
>
> Einnig spurði hann:
>
> Hvort fundurinn vildi ekki samþykkja að Öxnadals og Akrahreppar mynduðu félag um einn og sömu afrétt á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir með nánari skilyrðum sem hreppum beggjum kæmu sér saman um. [...][928]

[926] Skjal 4 (36).
[927] P. Ragnar Jónasson, Björn Þór Ólafsson, Hjörtur E. Þórarinsson, Bjarni E. Guðleifsson, *Fjalllendi Eyjafjarðar að vestanverðu frá Almenningsnöf að Öxnadalsheiði*, Árbók Ferðafélags Íslands 1990, bls. 202.
[928] Skjal nr 4 (43).

Eftir umræður um þessi mál frestuðu fundarmenn því að taka ákvörðun um þau. Þann 14. júní 1913 var fulltrúa Akrahrepps tilkynnt að sveitarfundur [Öxnadalshrepps] hefði hafnað beiðni hreppsins um afrétt.[929] Sama dag var fjárskilastjóra Glæsibæjarhrepps tjáð að umráðamaður Almennings hefði verið beðinn um að leyfa hreppsbúum að nota afréttina.[930]

Í kaflanum um Bakkasel í fasteignamatinu 1916–1918 kemur eftirfarandi fram:

> Jörðin er talin 4,4 hundr. með 1½ kúgildi. […]
>
> Lýsing jarðarinnar er á þessa leið:
>
> Túnsnögglend, að mestu sljett. Stærð talin 1,9 ha. Töðufall 40 hesta.
>
> Engjar litlar og reitingslegar; gefa af sjer 50–60 hesta, af ljettingsheyi.
>
> Búfjárhagar góðir fyrir allar skepnur að sumrinu, víðlendir og kjarngóðir, en snjóþungir. Jörðinni fylgir dálítið afrjettarland. Torfrista og byggingarefni slæmt. Frá jörðinni hefur verið tekinn heiðarfláki (Öxnadalsheiði) og notaður sem afrjettur (af jarðareiganda?) en er þó innifalinn í mati jarðarinnar. Jörðin liggur inn í dalbotni langt frá verslunarstað, og allir aðdrættir mjög erfiðir. Á jörðinni má framfleyta 1 kú 30 kindum og 2 hrossum með 1–2 mönnum.[931]

Í kaflanum um Ytri-Bægisá í sama mati kemur fram að jörðin sé talin eiga upprekstur á Öxnadalsheiði.[932]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hefðu tilheyrt eða tilheyrðu þá nokkru lögbýli.[933] Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 27. september 1920 þar sem hann segist hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar.[934] Svarbréf Stefáns Bergssonar, hreppstjóra í Öxnadalshreppi, er dagsett 25. febrúar 1920. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

> Hér í hreppi er einn afréttur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðar umráðendur telja jörðunum fríann uppregstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur fram af byggðinni í Öxnadal, eru því upptök Öxnadalsár í almenningsbotni. Áin er vatnslítil í afréttinni og engir teljandi fossar þar. [...] Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[935]

[929] Skjal nr 4 (43).
[930] Skjal nr. 4 (50).
[931] Skjal nr. 2 (93).
[932] Skjal nr. 2 (93)
[933] Skjal nr. 2 (58).
[934] Skjal nr. 2 (59).
[935] Skjal nr. 2 (60).

Í bréfi Stefáns kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi Vaskárdal:

> Vaskárdalur er lítill afréttarkiki. Fellur áarspræna eftir honum og kemur í Öxnadalsá á milli fremstu bæja í Öxnad. Afréttur þessi er einstaksmanns eign en tilheirir ekki neinu býli. ... Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.[936]

Hreppsnefnd Akrahrepps í Skagafjarðarsýslu afsalaði ríkissjóði jörðunum Bakkaseli og Gili þann 8. desember 1928. Í afsalinu stendur:

> Undanskilið sölunni er Öxnadalsheiði, vestanvið vörslugirðingu þá, sem nú er þar, en hálf girðingin fylgir með í kaupinu, og annast kaupandi viðhalds þess hluta, ásamt viðhaldi á hliði að hálfu leiti.[937]

Á fjórða áratug síðustu aldar deildu Öxnadalshreppur og Akrahreppur um heiðarpart líkt og eftirfarandi bréf frá Gísla Bjarnasyni til oddvita Öxnadalshrepps dags. 29. nóv. 1931 ber með sér:

> Með bréfi dagsettu 12. maí síðastl. en meðteknu 26. þ.m. hefur þú tilkynnt mér að hreppsnefnd Öxnadals hafi lagt útsvar á sveitarsjóð Akrahr vegna heiðarpartsins að upphæð kr 25,00 og á það að vera samkvæmt b. lið 8. gr. útsvarslaga.
>
> Ég er hræddur um að hreppsnefnd hafi misskilið þessa grein eða þennan lið hennar, þegar hún lagði útsvarið á. Þar stendur hvergi að hægt sé að leggja slík gjöld á aðra sveitarsjóði, heldur er þar aðeins átt við menn, er hafa ítök eða ábúð á jörðum eða jarðarpörtum í öðrum sveitum, en hér getur ekki verið um slíkt að ræða.
>
> Að vísu á sveitasjóður Akrahr. þennan heiðarpart, en partur þessi hefur aldrei mér vitanlega verið metinn til sérstaks verðs, enda óvíst hvað hann er stór, því landamerki milli hreppanna á þessum parti voru óútkljáð þegar Akrahreppur keypti Bakkasel.
>
> Sveitarsjóður Akrahr. hefur leigt upprekstrarfélaginu hér, part þennan fyrir 20 króna árgjald. Það eru allar tekjur af honum er sveitarsjóður fær og að leggja 25 kr útsvar á 20 kr tekjur er nokkuð fjarri sanni, þótt álagning hefði verið lögleg, sem ég tel ekki sé.
>
> Því bændur úr Öxnadal hafa líka afnot af heiðarpartinum fyrir afréttarpening sinn að sumrinu og greiða ekkert fyrir, og rýrir það mjög verðgildi hans.
>
> Neita algjörlega að greiða útsvarið.[938]

Vegna fyrirspurnar sendi sýslumaðurinn á Akureyri frá sér eftirfarandi upplýsingar um afrétti nokkurra hreppa þann 1. ágúst 1979. Er þar nánar lýst Vaskárdal, Almenningi og Öxnadalsafrétt.[939] Öxnadalsheiði er lýst með þessum hætti:

---

[936] Skjal nr. 2 (60).
[937] Skjal nr. 4 (5).
[938] Skjal nr. 4 (46).
[939] Skjal nr. 4 (37).

Öxnadalsheiði.

Austurmörk eru við núverandi girðingu Öxnadals- og Akra-hreppa á norðausturbrún heiðarinnar, og þaðan á fjall upp sitt hvoru megin.

Önnur mörk eru hin sömu og sýslumörkin, það er Grjótá af Grjótárdal og Kalbaksá af Kalbaksdal.Tilheira þessir dalir hvor um sig, hálfir afréttinni.

Þeir eru ílla grónir, og Grjótárdalur að mestu gróðurlaus einkum fremri hluti dalsins.

Sjálf er heiðin mjög votlend, eins og örnefnið, Flóinn, bendir til. Flóinn er vel gróinn, enda heyjað hér þegar Bakkaselsbændur höfðu beitarhús á heiðinni.

Í hlíðum ofar Flóanns taka við þurrir skriðuhryggir, sæmilega grónir neðantil en gróðursnauðir er til fjallanna dregur.

Ítala 300 fjár fullorðið 12 hross. Afrétturinn er talin eign Akrahrepps síðan Jón Jónsson bóndi á Flugumýri seldi ríkissjóði jörðina Bakkasel 8/12 1928. Tók hann þá afrétt Bakkasels á Öxnadalsheiði undan jörðinni og seldi Akrahreppi.

Telja margir slíka sölu lögleisu, vegna ítaka jarða, og sýslumarka.

Þar eiga þessar jarðir ítök: Ytri-Bægisá í Glæsibæjarhr. fríjan upprekstur fyrir tryppi, kallað í Folaldareit.

Bakki fríjan upprekstur sjá landam.l. frá 8/3 1889.

Hraun fríjan upprekstur á almenning austan Grjótár á Öxnadalsheiði og grasatekju án borgunar. (landam.l.)

Auðnir sjá landam.l. frá 11 maí 1888.

Skjaldastaðir og Hraunshöfði ráku á Öxndalsheiði áður fir. Jarðabók Á.M. talar um fríjan upprekstur jarðanna á Almenning. Vafalaust átt við Almenning á Öxnadalsheiði.

Telja verður rétt að hafa þær jarðir með.

Um Skjaldastaði stendur í úttektarbók frá 1916, jörðin er talin eiga fríjan upprekstur á áfrétt.[940]

Í Lýsingu Eyjafjarðar stendur:

Suður frá Öxnadalsheiði liggja mörkin eftir háfjallinu milli Austurdals og Nýjabæjarafréttar í Skagafirði og Eyjafjarðardals. Kann ég þar ekki að rekja örnefni, sem þau séu við tengd, enda mun fátt um þau, ef nokkur eru. Liggja sýsluskilin hlykkjótt þar, engu síður en norðar í fjallgarðinum. Þegar dregur inn fyrir byggðir, eru engar ákveðnar merkjalínur til, og mun gamalt sölubréf Nýjabæjar í Austurdal frá 1464 vera hin eina heimild þar um, en þar segir svo: að Nýibær eigi land „að Tinná og svo langt á fjöll sem vötn draga“.

[940] Skjal nr. 4 (37).

> Verður það varla skilið öðruvísi en svo, að vatnaskil ráði merkjum allt inn til jökla. Þó munu *Urðarvötn* ætíð vera talin til Eyjafjarðar, en samt segja kunnugir, að afrennsli þeirra sé til vesturs. Svo mun almennt talið nú, að öræfasvæðið inn af Eyjafirði sé almenningur frá *Geldingsá*, er fellur í *Jökulsá* austari og inn að Hofsjökli og suður á Sprengisand og austur undir drög Fnjóskár. En síðan tekið var að smala land þetta, sem ekki mun hafa verið fyrr en seint á síðastliðinni öld, hefir smalamennska einkum fallið í skaut Eyfirðinga, allt suður undir Fjórðungskvísl, þar sem mörk eru talin milli Norðlendinga- og Sunnlendingafjórðungs. Eftir þessu verður því ekki hægt að ákveða sýsluskil að sunnanverðu, en eftir því sem annars staðar hagar til, ættu þau að liggja á vatnaskilum þar sem vötn byrja að falla til Eyjafjarðar.[941]

Í framlögðu skjali dagsettu 10. nóvember 1985 stendur:

> [Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).
>
> Austurmörk á Öxnadalsheiði – Girðing milli Kaldbakshnjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrr og við sölu halda þeir eftir landi.[942]

Í ritinu Byggðir Eyjafjarðar frá 1973 segir um Bakkasel:

> Bakkasel var fremsti bær í hrepnnum [Öxnadalshreppi]. Gamli bærinn var sunnan Nautár, undir suðurbrún heiðarinnar, og því nokkru sunnar en nýja húsið var reist, það sem enn stendur. Öldum saman hefur aðal-samgönguleið milli Suður- og Norðurlands legið um Öxnadalsheiði. Er hún um 20 km milli byggða. Var því mörgum ferðamanni, sem leið átti yfir hana, kærkomin hvíld og hressing í Bakkaseli. Húsakynni voru lítill torfbær og því nokkrum erfiðleikum bundið að taka á móti ferðamönnum, einkum eftir að mánaðarlegar póstferðir hófust á milli Akureyrar og Staðar í Hrútafirði. Voru þá oft ferðamenn með póstinum auk fylgdarliðs hans. – Því var það, að bóndinn á Bakka, Sigurður Jónasson, dóttursonur Egils og annar eigandi jarðarinnar, byggði þar framhús úr timbri árið 1904, réð þangað starfsfólk og setti þar upp greiðasölu. Það var fyrsti vísir að gistihúsrekstri þar. Auk þess hafði hann þar um 100 ær í kvíum og nokkurn heyskap utan túns, en bjó sjálfur á Bakka.[943]

Fram kemur í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar* frá 1990 að byggð hafi verið samfelld í Bakkaseli frá aldamótunum 1900 fram til 1960 þegar bærinn fór í eyði, að öðru leyti en því að bærinn var í eyði 1904–1906, 1908–1909 og 1945–1946. Þar segir:

> Bærinn stóð fyrrum neðtst undir brekkurótinnni, sunnan Nautár og sem kemur af Öxnadalsheiði og sjást þar enn rústir gamla bæjarins. […] Býli var reist í Bakkaseli árið 1850 en þar var áður selstaða frá Bakka. Bakkasel var fremsti bær í Öxnadal og var við þjóðbrautina um Öxnadalsheiði yfir í Skagafjörð en

[941] *Lýsing Eyjafjarðar*, 16.
[942] Skjal nr. 4 (47).
[943] *Byggðir Eyjafjarðar,* I. bindi, 1973, bls. 275.

> árið 1904 var hafin þar greiðasala. Árið 1929 var bærinn fluttur norður þangað sem núverandi bygginar standa, en þær eru raunar í Gilslandi.[944]

Það landsvæði sem krafa er gerð til vegna Bakkasels í máli þessu er nú nýtt sem upprekstrarland fyrir búfé af jörðum í Hörgárbyggð og Akrahreppi, að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

[944] *Byggðir Ey jafjarðar*, fyrra bindi 1990, bls. 528–529.

6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrirliggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum og samhengi þeirra við þau úrlausnarefni sem hér eru til umfjöllunar. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.[945] Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. Sá texti fylgir nú einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7 suður, að viðbættum nokkrum almennum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6 og nýjum formála til skýringar.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við umræddar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísar til þeirra.

6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Hæstiréttur hefur kveðið upp fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Samhengi nýrra niðurstaðna dómstóla við þau grundvallaratriði sem úrlausnir óbyggðanefndar byggjast á kemur að sjálfsögðu til skoðunar hverju sinni. Að því marki sem umfjöllun um slík atriði í úrskurðum á fyrri svæðum hefur almenna þýðingu hefur hún verið felld inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem hér fylgja í viðauka og vísast þangað.

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærumál sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Öræfum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar

[945] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum upplýsingaritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kærenda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærendur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kærenda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.[946] Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

[946] Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.3 Vaskárdalur

6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Vaskárdals gera kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði það sem hér um ræðir er dalur sem hefur leguna norðvestur – suðaustur og liggur í yfir 400 m hæð yfir sjávarmáli. Rennur Vaská eftir dalnum til norðvesturs. Undirlendi Vaskárdals er gróið og nær gróðurinn upp með hlíðum hans. Dalurinn er allbrattur og ná hlíðar hans í allt að 1000 m hæð.

6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggi utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra en ekki til hálendissvæða, þ.e. sunnan þjóðlendukröfulínu. Hafa beri í huga að umrædd svæði liggi fjarri byggðum bólum, séu heiðarlönd og fjalllendi eða öræfasvæði, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Eyjafirði.

Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Til afrétta teljist einkum Almenningur á Öxnadal, Vaskárdalur og Seldalsfjall. Hafi þessi svæði verið nýtt sameiginlega af jörðum á svæðinu. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan þeirra lína sem þjóðlendukrafa miðist við sé samnotaafréttur jarða á svæðinu. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum sé ekki fallist á að slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi.

Varðandi Vaskárdal er á því byggt að hann sé afréttur sem ekki hafi stöðu jarðar að lögum. Óljósar heimildir séu um Vaskárdal þó svo að greint sé t.d. frá því í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar,* fyrra bindi, frá árinu 1990 að Vaskárdalur hafi verið numinn af Vaski sem hafi reist þar bú. Telja verði að tengsl eignarheimildar og sögu séu óljósar. Vísað er í frásögn *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* um að Vaskárdalur hafi verið afréttur og heyrt undir Stóradal. Af frásögninni megi ráða að svæðið hafi haft sérstaka eignarréttarlega stöðu og í eigu jarðar fjarri heimajörð.

Tekið er fram að við upphaflega þjóðlendukröfu hafi verið miðað við ætluð merki Gloppu og að þau næðu að Vaská til suðurs, svo sem ráða mætti af landamerkjabréfi Gloppu. Í fyrirvara í kröfulýsingu íslenska ríkisins sé tekið fram að kröfulýsingar, að því marki sem þær miðist við merki jarða, séu gerðar með fyrirvara um að merkin séu í samræmi við kröfulínu ríkisins. Þjóðlendukröfulínu ríkisins hafi verið hnikað til samræmis við merkjalínu í kröfugerð vegna Gloppu. Við aðalmeðferð máls þessa var óskað eftir skýringum á þessum breytingum frá lögmanni íslenska ríkisins. Þau svör fengust að um væri að ræða tilfærslu kröfulínunnar sem rúmaðist

innan texta hinnar upphaflegu kröfugerðar og bent á þann fyrirvara sem þar var gerður. Talið hafi verið að lýstum merkjum Gloppu væri fylgt í hinni upphaflegu kröfulýsingu en í ljós hafi komið að svo hafi ekki verið og kröfunum því breytt til samræmis við þau.

Krafa gagnaðila ríkisins er reist á þinglýstum eignarheimildum og landamerkjabréfum nærliggjandi jarða og öðrum skráðum eignarheimildum. Á því er byggt að Vaskárdalur hafi ávallt verið sérgreind eign og gengið kaupum og sölum. Hver sem átt hafi dalinn hverju sinni hafi nýtt hann sjálfur fyrir sitt bú og rekstur en aldrei hafi verið um að ræða almenning eða afrétt í þeim skilningi. Vísað er til þess að eignarheimildir eigenda Vaskárdals hafi verið taldar gildar í viðskiptum manna á milli og hafi fengið staðfestingu stjórnvalda hverju sinni og ennfremur til viðskiptavenju.

Bent er á að Vaskárdalur sé afmarkaður af fjallsbrúnum. Hann hafi verið beitiland sem hafi falið í sér talsverð verðmæti. Önnur afréttarlönd hafi fylgt jörðum, oftast fleiri en einni, og verið mörg hver til almennra afnota. Teljist það vera afréttur í skilningi laga. Vaskárdalur sé sambærilegur við Blikdal á Kjalarnesi sem Hæstiréttur dæmdi um í máli nr. 92/1995.

Breyttum kröfulínum ríkisins er sérstaklega mótmælt. Því er haldið fram að breytingarnar séu stórfelldar og fráleitt sé að þær komist að í skjóli fyrirvara sem gerður hafi verið í hinni upphaflegu kröfugerð. Ekki sé verið að hnika til kröfulínu heldur sé um að ræða stórfellda færslu sem leiði til þess að mestallur Vaskárdalur sé nú innan þjóðlendukröfusvæðis. Ekki sé unnt að fallast á skýringar íslenska ríkisins að þessu leyti og beri að hafna hinum auknu og breyttu kröfum, enda séu þær of seint fram komnar.

6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Vaskárdals er rakin í kafla 5.3, sbr. einnig kafla 5.2 um afrétti og afréttarnot. Ekki liggja fyrir heimildir um byggð í Vaskárdal en hans er einkum getið í tengslum við beitarnot jarða sem liggja aðskildar frá dalnum. Ljóst er að Vaskárdalur hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.[947] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur hér fyrst til skoðunar hvort kröfur fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, séu tækar til efnislegrar úrlausnar fyrir óbyggðanefnd, að því leyti sem þær breyttust frá því þær voru upphaflega gerðar. Svo sem rakið er í kafla 2.3 bárust óbyggðanefnd kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendur á vestanverðu

[947] Sbr. umfjöllun um hugtakið *afréttur* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Norðurlandi, syðri hluta, þann 14. mars 2008, og fengu þær í kjölfarið lögboðna kynningu. Þar var þjóðlendukröfulínunni lýst svo:

> [E]r haldið til vesturs í 800 metra hæðarpunkti norðan til í Framnesfjalli (34), en síðan er brúnum Fagranesfjalls fylgt í sömu hæðarlínu í botn Gloppugils (35), úr botni Gloppugils er haldið til suðurs í botn Vaskárdals (36). Er Vaskárdal og Vaská fylgt þaðan í Rauðuskriðukinnar í 800 metra hæð (37). Þaðan er fylgt beinni stefnu í punkt norðantil í Kalbakshnjúk (800 metra hæðarpunkt).

Í röksemdum fyrir kröfulínunni, að því leyti sem hún snerti það svæði sem hér er til umfjöllunar, kom eftirfarandi fram: „Úr botni Gloppugils er haldið til suðurs í botn Vaskárdals (36), í samræmi við merkjalýsingu Gloppu.“

Eftirfarandi fyrirvari var gerður við kröfulýsinguna: „Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.“

Greinargerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, barst óbyggðanefnd þann 27. ágúst 2008. Þar er breyttri kröfugerð lýst svo:

> Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4).

Gagnaðilar íslenska ríkisins hafa mótmælt umræddri breytingu á kröfugerð og telja hana óheimila. Ekki sé verið að hnika til kröfulínu heldur sé um að ræða stórfellda færslu sem leiði til þess að mestallur Vaskárdalur sé nú innan þjóðlendukröfusvæðis. Við aðalmeðferð máls þessa var óskað eftir skýringum á þessum breytingum frá lögmanni íslenska ríkisins. Þau svör fengust að um væri að ræða tilfærslu kröfulínunnar sem rúmaðist innan texta hinnar upphaflegu kröfugerðar og bent á þann fyrirvara sem þar var gerður. Talið hafi verið að lýstum merkjum Gloppu væri fylgt í hinni upphaflegu kröfulýsingu en í ljós hafi komið að svo hafi ekki verið og kröfunum því breytt til samræmis við þau.

Í landamerkjabréfi Gloppu sem dagsett er 16. janúar 1883 og þinglesið 29. maí 1884 segir um suðurmörk Gloppu: „Að sunnan ræður Vaská.“ Í hinni upphaflegu kröfugerð ríkisins var 800 m hæðarlínu fylgt inn austanverðan Vaskárdal og sömu hæðarlínu fram dalinn vestanverðan í Rauðuskriðukinnar. Í kröfugerðinni, eins og hún liggur nú fyrir, er suðurmerkjum Gloppu hins vegar fylgt til vesturs í Vaská og Vaská síðan til norðurs í Öxnadalsá. Kröfulínan færist um leið norðar með þeim afleiðingum að sá hluti kröfusvæðis Vaskárdals sem liggur norðvestast og er láglendastur fellur nú innan þjóðlendukröfusvæðis en féll utan þess áður, bæði samkvæmt texta kröfugerðar og framlögðu kröfulínukorti. Sú kröfulýsing sem fyrst birtist í greinargerð íslenska ríkisins 27. ágúst 2008 verður ekki talin rúmast innan texta hinnar upphaflegu kröfulýsingar þar sem fylgt er 800 m hæðarlínu um Vaskárdal. Verður með engu móti

fundin stoð fyrir þeirri línu í tilvitnuðum texta í landamerkjabréfi Gloppu og er því haldlaus sú skýring að kröfugerðin hafi frá upphafi fylgt ætluðum merkjum Gloppu.

Almennur fyrirvari íslenska ríkisins „vegna einstakra landamerkjalýsinga sem talið er […] að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera“ nægir hér engan veginn til að fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, geti komið að auknum og breyttum þjóðlendukröfum innan kröfusvæðis Vaskárdals.

Samkvæmt framangreindu hafa ekki verið færð fram haldbær rök fyrir þeim málatilbúnaði íslenska ríkisins að umrædd breyting rúmist innan upphaflegrar kröfugerðar, enda þótt tekið sé tillit til fyrirvara við hana. Ljóst er einnig að afmörkun gagnaðila ríkisins á Vaskárdal í heild sinni, innan og utan upphaflegs þjóðlendukröfusvæðis, kom m.a. fram við opinbera kynningu á heildarkröfum á svæði 7 suður, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 2.3. Af hálfu íslenska ríkisins var þó ekki látið reyna á ákvæði lokamálsliðar 12. gr. af því tilefni, að gættum þeim skilyrðum sem þar koma fram.

Sú málsmeðferð sem lög nr. 58/1998 mæla fyrir um hefði ekki tilætlaða þýðingu ef íslenska ríkið gæti aukið við kröfur sínar og sett þær fram á allt öðrum grundvelli, eftir að lokið er lögboðinni kynningu ásamt athugasemdafresti og gegn mótmælum gagnaðila. Jafnframt liggur fyrir sú skýra afstaða dómstóla að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli, sbr. kafla 8.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.[948] Afstaða óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu landsvæða sem falla utan við lögformlega kröfugerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, kemur því ekki til álita.

Niðurstaðan er því sú að í máli þessu koma ekki til úrlausnar þjóðlendukröfur umfram þá kröfugerð sem barst 14. mars 2008, þ.e. norðan línu sem dregin er í 800 m hæð úr botni Gloppugils suður í botn Vaskárdals og þaðan í Rauðuskriðukinnar í 800 m hæð og loks í beina stefnu í punkt norðan til í Kaldbakshnjúk (800 m hæðarpunkt).

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um landamerki Vaskárdals. Athugun þessi tekur til heildarmerkja svæðisins, enda fellur það samkvæmt afmörkun gagnaðila ríkisins að mestu leyti innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins. Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Vaskárdal eða heimildir um afmörkun svæðisins frá því fyrir tíma landamerkjabréfa. Það er fyrst í afsali Rúts Þorsteinssonar fyrir helmingi Vaskárdals til Öxnadalshrepps, sem dagsett er 22. janúar 1980 og gagnaðilar ríkisins hafa lagt fram í máli þessu, að finna má lýsingu á mörkum Vaskárdals. Litið verður til þeirrar afmörkunar sem þar kemur fram og heimilda um merki aðliggjandi landsvæða. Að fenginni niðurstöðu um merki Vaskárdals verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Í fyrrnefndu afsali, dags. 22. janúar 1980, er merkjum Vaskárdals lýst svo:

---

[948] Sjá viðauka.

> Lýsing hins selda afréttarlands er þannig: Afréttarmörk eru Melrakkaá og Rauðuskriðuá að vestan, Að [svo] sunnan Rauðuskriðufjall milli Vaskárdals og Rauðskriðudals. [svo] Að austan fjallsraninn að Melrakkaöxl og að norðan Melrakkaöxl og þaðan fjallsraninn að botni Vaskárdals.

Norðan kröfusvæðis Vaskárdals er land jarðarinnar Gloppu. Í landamerkjabréfi Gloppu, sem dagsett er 16. janúar 1883 og þinglesið 29. maí 1884, er um suðurmörk miðað við Vaská og Melrakkaá. Landamerkjabréfið var ekki áritað vegna Vaskárdals. Vestan kröfusvæðis Vaskárdals er kröfusvæði Almennings, sem fjallað er um í kafla 6.4, en ekki er til landamerkjabréf né aðrar heildstæðar merkjalýsingar fyrir það landsvæði.

Austan og suðaustan kröfusvæðis Vaskárdals eru jarðirnar Litli-Dalur og Kambfell í Eyjafjarðarsveit. Í landamerkjabréfi Litla-Dals, sem útbúið var 18. maí 1885 og þinglesið sama dag, er merkjum lýst eftir Djúpadalsá og Hagaá á fjall upp en því er ekki lýst hvernig mörkin skuli dregin að vestanverðu. Í landamerkjabréfi Kambfells frá 27. maí 1885, sem þinglýst var samdægurs, er merkjum þeirrar jarðar lýst um Hagá að norðan og Hrauná að sunnan en því er ekki lýst hvernig mörkin skuli dregin að vestanverðu. Landamerkjabréf Litla-Dals og Kambfells voru ekki árituð vegna Vaskárdals. Krefjendur beins eignarréttar að Vaskárdal í máli þessu draga kröfulínu sína að austan og suðaustan á sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar á háfjallinu. Ekki verður því séð að afmörkun þeirra á Vaskárdal skarist við merki Kambfells eða Litladals eins og þeim er lýst í landamerkjabréfum þeirra jarða.

Samkvæmt því sem að framan er rakið fellur sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar utan merkjalýsinga í landamerkjabréfum á þessu svæði, þ.e. Gloppu, Litla-Dals og Kambfells. Því verður ekki séð af þessum heimildum að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á kröfusvæði Vaskárdals skarist við merki aðliggjandi fasteigna. Hún fær einnig samrýmst þeirri afmörkun sem fram kemur í afsalinu frá 1980. Loks er hér til þess að líta að enginn ágreiningur er meðal gagnaðila íslenska ríkisins um merki á þessu svæði. Fyrirliggjandi gögn benda því ekki til annars en að merkjum sé rétt lýst af hálfu gagnaðila ríkisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða Vaskárdals, sunnan upphaflegrar kröfulínu ríkisins. Í þeim heimildum sem raktar eru í kafla 5.3 er Vaskárdals jafnan getið sem afréttar. Í afsali fyrir hálfu Skriðulandi frá árinu 1375, er getið um „lambarekstr ok gielldfiaar framm j almenningh ifer vaskaa“. Óljóst er hvort þar er að einhverju leyti átt við það svæði sem hér er til umfjöllunar eða einungis landsvæðið Almenning sem fjallað er um í kafla 6.4. Yngri heimildir taka hins vegar ótvírætt til ágreiningssvæðisins. Þannig er í máldagabókum frá 1461 og síðar getið um folaldarekstur í Vaskáröxl. Þá kemur fram í umfjöllun um Djúpadal/Stóradal í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1712 að jörðin eigi Vaskárdal „en engin not hefur jörðin þessa afrjettar, en áður hafa þángað verið reknir hestar á

sumur.“ Vaskárdalur er einnig nefndur afréttur í fyrirliggjandi heimildum frá árinu 1794 til ársins 1940. Þar á meðal er afsalsbréf, dags. 7. júní 1841, þar sem talað er um „afréttarlandid Vaskárdal innast Yxnadal“. Í málinu liggur fyrir óslitin framsalsröð fyrir Vaskárdal aftur til þess tíma. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi verið nýtt til annars en sumarbeitar og e.t.v. annarra takmarkaðra nota.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Vaskárdalur hafi verið afréttur í þeim skilningi að þar hafi menn átt óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt. Telja verður að það séu slík réttindi sem í raun hafi gengið manna í millum með afsölum, a.m.k. frá árinu 1841, en að öllum líkindum mun lengur, sbr. m.a. það að Vaskárdalur heyrði undir Djúpadal/Stóradal samkvæmt *Jarðabókinni* 1712. Í afsölunum gat ekki falist víðtækari eignarréttur afsalshöfum til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa, sbr. dóma Hæstaréttar frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), 21. október 2004 í máli nr. 47/2004 (Biskupstungnaafréttur norðan vatna) og 5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður).

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að nyrðri hluti þessa landsvæðis hafi verið numinn en vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem sunnar dregur og land hækkar. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Vaskárdal liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í máli nr. 3/2008 og afmörkun þjóðlendukrafna íslenska ríkisins á svæði 7 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Vaskárdals hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Vaskárdalur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[949] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið hafi verið nýtt sem afréttur og undirorpið slíkum rétti. Í því sambandi hafa ekki aðrir

[949] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

lagt fram kröfur en Einar S. Valbergsson og Hörgárbyggð. Þau eru skráðir eigendur Vaskárdals samkvæmt þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna og byggja rétt sinn á afsölum, en í málinu liggur fyrir óslitin framsalsröð fyrir Vaskárdal aftur til ársins 1841.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Vaskárdalur, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er í skurðpunkti línu sem dregin er frá Rauðuskriðuá (punktur nr. 1 á kröfulínu Vaskárdals) í Rauðuskriðufjall (punktur nr. 5 á kröfulínu vegna Vaskárdals) og línu sem dregin er beina stefnu frá Rauðuskriðukinnum í 800 m hæð (punktur nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í punkt norðan til í Kaldbakshnjúk í 800 m hæð (punktur nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Frá nefndum skurðpunkti er línan dregin um Rauðuskriðufjall eftir fjallsrananum að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjarfjarðarsveitar og eftir sveitarfélagamörkum í Melrakkaöxl og áfram eftir fjallsrananum og sveitarfélagamörkum að merkjum Gloppu (punktur nr. 1 á kröfulínu ríkisins skv. greinargerð, dags. 27. ág. 2008). Þaðan er kröfulínu ríkisins fylgt þar til hún sker 800 m hæðarlínu gengt Melrakkaá. Hæðarlínunni sem jafnframt er upphafleg kröfulína ríkisins er síðan fylgt að upphafspunkti milli Rauðuskriðuár og Rauðuskriðufjalls.*

Sama landsvæði er í afréttareign Einars S. Valbergssonar og Hörgárbyggðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

6.4 Almenningur

6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem Hörgárbyggð gerir kröfu til sem eignarlands vegna Almennings. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.3.

Landsvæði það sem hér um ræðir hefur leguna norður – suður og liggur í yfir 400 m hæð. Seldalsá afmarkar það að vestan og rís land skarpt upp til austurs í um 1000 m hæð á Almenningsfjalli. Austur undir Almenningsfjalli sker Rauðuskriðudalur sig inn í landið en upp af honum er land hallaminna með fönnum.

6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggi utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra en ekki til hálendissvæða, þ.e. sunnan þjóðlendukröfulínu. Hafa beri í huga að umrædd svæði liggi fjarri byggðum bólum, séu heiðarlönd og

fjalllendi eða öræfasvæði, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Eyjafirði.

Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Til afrétta teljist einkum Almenningur á Öxnadal, Vaskárdalur og Seldalsfjall. Hafi þessi svæði verið nýtt sameiginlega af jörðum á svæðinu. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan þeirra lína sem þjóðlendukrafa miðist við sé samnotaafréttur jarða á svæðinu. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum sé ekki fallist á að slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi.

Varðandi Almenning er byggt á því að afréttarsvæði þetta hafi verið nýtt sameiginlega af jörðum í hreppnum til upprekstrar. Svæðið hafi ekki stöðu jarðar í eignarréttarlegu tilliti heldur teljist til afréttarsvæða og sé samnotaafréttur. Um þetta er vísað til lýsinga ýmissa jarða í hreppnum þar sem lýst sé sameiginlegum afrétti á svæðinu þ.á m. landamerkjabréf og aðrar heimildir vegna Bakka, Syðri-Bægisár, Neðstalands, Miðlands, Efstalands, Steinsstaða, Engimýrar og Geirhildargarða svo einhverjar séu nefndar.

Þess er getið að í upphaflegri kröfugerð ríkisins sé fylgt hæðarlínu í Rauðuskriðukinnum, en þeirri kröfugerð hafi verið breytt þannig að kröfulínan miðist við Öxnadalsá. Í fyrirvara í kröfulýsingu íslenska ríkisins sé tekið fram að kröfulýsingar, að því marki sem þær miðist við merki jarða, séu gerðar með fyrirvara um að merkin séu í samræmi við kröfulínu ríkisins.

Af hálfu gagnaðila ríkisins er byggt á meginreglum íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð, en verið lögð til afréttar sveitarfélags, séu áfram háð beinum eignarrétti. Landeigendur hafi athugasemdalausar þinglýstar eignarheimildir fyrir eignum sínum. Einnig er byggt á landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Vísað er til heimilda um landnám, sérstaklega þess sem greini um landnám einstakra manna í Eyjafirði. Af þeim megi ráða að Öxnadalur hafi allur verið numinn í öndverðu og þar með talið land Almennings. Þá sé land Almennings að hluta til láglent og gróðursælt auk þess sem það sé umlukið jörðum. Engin rök standi til þess að telja að landið hafi ekki verið numið í öndverðu.

Vísað er til greinar Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings í ársriti Fasteignamats ríkisins frá árinu 2001 þar sem m.a. fjallað sé um eignarréttarlega stöðu almenninga. Þar segi að í Grágás hafi verið gerður munur á ónumdu landi og almenningum en einnig að almenningar hafi verið land, en ekki ítak í eigu fjórðungsmanna. Skýr greinarmunur sé gerður á almenningum og afréttum, þar sem almenningar séu taldir eignarland. Það landsvæði sem hér um ræðir falli vel við þessa skýringu. Í greininni sé einnig komist að þeirri niðurstöðu „að ekki verði í ljósi lögbókanna fornu eða annarra réttarsögulegra heimilda fullyrt fortakslaust að afréttareign hafi einungis falið í sér beitarítak og e.t.v. einhver önnur takmörkuð afnot lands sem annaðhvort var eigendalaust eða í eigu ríkisins.“

Byggt er á því að mikilvægt sé að gera greinarmun á afréttum sveitarfélaga og eignarafréttum er tilheyri ákveðnum jörðum. Löggjöf sem fari í bága við eignarrétt manna á afréttum standist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Löggjafinn hafi tekið þá afstöðu að á þessu sé munur. Einnig er vísað til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* varðandi þennan greinarmun. Í ljósi eldri heimilda um landsvæðið, nýtingar þess og framkomu ríkisins gagnvart landeigendum, bæði með samningum og skattlagningu, teljist landsvæðið einkaafréttarland hreppsins og hafi ekki stöðu almenningsafréttar.

Loks er breyttri kröfugerð ríkisins mótmælt.

6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Almennings er rakin í kafla 5.4 hér að framan, sbr. einnig kafla 5.2 um afrétti og afréttarnot. Engar heimildir eru um að byggð hafi verið á Almenningi en landið hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.[950] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur hér fyrst til skoðunar hvort kröfur fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, séu tækar til efnislegrar úrlausnar fyrir óbyggðanefnd, að því leyti sem þær breyttust frá því þær voru upphaflega gerðar. Svo sem rakið er í kafla 2.3 bárust óbyggðanefnd kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi, syðri hluta, þann 14. mars 2008, og fengu þær í kjölfarið lögboðna kynningu. Þar var þjóðlendukröfulínunni lýst svo: „[Í] Rauðuskriðukinnar í 800 metra hæð (37). Þaðan er fylgt beinni stefnu í punkt norðantil í Kalbakshnjúk (800 metra hæðarpunkt)“.

Eftirfarandi fyrirvari var gerður við kröfulýsinguna: „Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.“

Greinargerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, barst óbyggðanefnd þann 27. ágúst 2008. Þar er breyttri kröfugerð lýst svo:

> Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4)

Gagnaðilar íslenska ríkisins hafa mótmælt umræddri breytingu á kröfugerð og telja hana óheimila. Ekki sé um að ræða leiðréttingu á staðsetningu kröfulínu á korti heldur efnislega breytingu á kröfugerðinni. Við aðalmeðferð máls þessa var óskað

[950] Sbr. umfjöllun um hugtakið *afréttur* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

eftir skýringum á þessum breytingum frá lögmanni íslenska ríkisins. Þau svör fengust að um væri að ræða tilfærslu kröfulínunnar sem rúmaðist innan texta hinnar upphaflegu kröfugerðar og bent á þann fyrirvara sem þar var gerður.

Í hinni upphaflegu kröfugerð ríkisins var fylgt beinni línu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinnum í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk. Í kröfugerðinni eins og hún liggur nú fyrir er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá sem síðan er fylgt að sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu. Kröfulínan færist því norðar með þeim afleiðingum að nyrsti og láglendasti hluti kröfusvæðis Almennings fellur nú innan þjóðlendukröfusvæðis en féll utan þess áður, bæði samkvæmt texta kröfugerðar og framlögðu kröfulínukorti. Sú kröfulýsing sem fyrst birtist í greinargerð íslenska ríkisins 27. ágúst 2008 verður því ekki talin rúmast innan texta hinnar upphaflegu kröfulýsingar þar sem línan er dregin beina stefnu milli 800 m hæðarpunkta í Rauðuskriðukinnum og Kaldbakshnjúki.

Almennur fyrirvari íslenska ríkisins „vegna einstakra landamerkjalýsinga sem talið er […] að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera“ nægir hér engan veginn til að fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, geti komið að auknum og breyttum þjóðlendukröfum innan kröfusvæðis Almennings.

Samkvæmt framangreindu hafa ekki verið færð fram haldbær rök fyrir þeim málatilbúnaði íslenska ríkisins að umrædd breyting rúmist innan upphaflegrar kröfugerðar, enda þótt tekið sé tillit til fyrirvara við hana. Ljóst er einnig að afmörkun gagnaðila ríkisins á Almenningi í heild sinni, innan og utan upphaflegs þjóðlendu-kröfusvæðis, kom m.a. fram við opinbera kynningu á heildarkröfum á svæði 7 suður, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 2.3. Af hálfu íslenska ríkisins var þó ekki látið reyna á ákvæði lokamálsliðar 12. gr. af því tilefni, að gættum þeim skilyrðum sem þar koma fram.

Sú málsmeðferð sem lög nr. 58/1998 mæla fyrir um hefði ekki tilætlaða þýðingu ef íslenska ríkið gæti aukið við kröfur sínar og sett þær fram á allt öðrum grundvelli, eftir að lokið er lögboðinni kynningu ásamt athugasemdafresti og gegn mótmælum gagnaðila. Jafnframt liggur fyrir sú skýra afstaða dómstóla að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli, sbr. kafla 8.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.[951] Afstaða óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu landsvæða sem falla utan við lögformlega kröfugerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, kemur því ekki til álita.

Niðurstaðan er því sú að í máli þessu koma ekki til úrlausnar þjóðlendukröfur umfram þá kröfugerð sem barst 14. mars 2008, þ.e. norðan línu sem dregin er í Rauðuskriðukinnar í 800 m hæð og þaðan beina stefnu í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk.

[951] Sjá viðauka.

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Almennings. Athugun þessi tekur til merkja svæðisins til vesturs, austurs og suðurs, þ.e. að því leyti sem þau snerta ágreiningssvæði málsins. Í því sambandi verður meðal annars litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða en ekki er til landamerkjabréf eða aðrar sjálfstæðar merkjalýsingar fyrir Almenning. Vestan kröfusvæðis Almennings eru Seldalur og Seldalsfjall sem krafa er gerð til sem eignarlands tilheyrandi Bakkaseli. Að norðaustan, handan Rauðuskriðuár og Rauðuskriðufjalls, er svæði sem krafa er gerð til sem eignarlands Vaskárdals. Að sunnan og suðaustan eru sveitarfélagamörk Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar og handan þeirra landsvæði sem til umfjöllunar er í máli nr. 2/2008 hjá óbyggðanefnd, sbr. einkum kafla 6.3 um Hvassafellsdal.

Í landamerkjabréfi Bakkasels sem dagsett er 8. mars 1889 og var þinglýst 27. maí sama ár segir: „Að austan ræður Yxnadalsá.“ Bréfið var ekki áritað vegna Almennings. Eins og rakið er í kafla 6.5 um Bakkasel er því haldið fram af hálfu þeirra sem telja til eignarréttar yfir Bakkaseli að örnefnið Öxnadalsá sé gjarnan notað um Seldalsá. Hið sama kom fram við skýrslutökur í málinu. Þó að ekkert liggi frekar fyrir um þá notkun örnefnisins Öxnadalsá rennir þetta stoðum undir að Seldalsá renni á vesturmörkum Almennings. Ekki er til landamerkjabréf fyrir Vaskárdal en eins og rakið er í kafla 5.3 er merkjum Vaskárdals lýst í afsali sem dagsett er 22. janúar 1980. Þar segir að Melrakkaá og Rauðuskriðuá ráði að vestan og Rauðuskriðufjall að sunnan milli Vaskárdals og Rauðuskriðudals. Afmörkun afsalsins á vestur- og suðurmörkum Vaskárdals samræmist afmörkun gagnaðila ríkisins á Almenningi til austurs. Það að land Almennings nái allt suður að sveitarfélagamörkum milli Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar sækir einnig stoð til *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 en þar segir um Almenning: „[…] hann liggur framm af byggðinni fyrir austan Yxnadalsá, hvörs pláss drög liggja til Eyjafjarðar“.

Svo sem hér hefur verið rakið var hvorki gert landamerkjabréf fyrir landsvæðið í kjölfar gildistöku landamerkjalaga frá 1882 né gildandi laga frá árinu 1919. Þannig liggur ekki fyrir lögformleg lýsing á heildarmerkjum landsvæðisins. Þá eru eldri heimildir fáorðar um afmörkun þess. Heimildir um merki aðliggjandi landsvæða renna þó stoðum undir að Seldalsá marki Almenning til vesturs og Rauðuskriðuá og Rauðuskriðufjall til austurs. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að heimildir um merki aðliggjandi landsvæða mæli þeirri afmörkun Almennings sem gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á í máli þessu, ekki í mót. Þá er afmörkunin óumdeild meðal gagnaðila ríkisins. Fyrirliggjandi gögn benda því ekki til annars en að merkjum sé rétt lýst af hálfu gagnaðila ríkisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða Almennings, sunnan upphaflegrar kröfulínu ríkisins. Þegar Almennings er getið í skriflegum heimildum er það tengt upprekstri og afréttarnotum. Þannig kemur fram í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1712 að frá sérhverjum bæ í Öxnadal, utan Þverbrekku

sem þar eigi ítak, sé upprekstur fyrir lömb á Almenning. Þar er sömuleiðis getið um grasatekju á Almenningi. Einnig segir: „Ómögulegt væri hjer bygð að setja, þótt engin fólksfæða væri, án sveitarinnar skaða og landsins sjálfs ófrjóðsemi“. Þá er í umfjöllun *Jarðabókarinnar* um einstakar jarðir í Skriðuþingsókn, einkum þær í Öxnadal en einnig Skriðu í Hörgárdal, getið um „upprekstur“ á Almenning. Þá kemur fram í heimildum frá 18. öld að slíkur réttur tilheyri Bægisá í Glæsibæjarhreppi. Hinum forna Skriðuhreppi var árið 1910 skipt upp í samnefndan hrepp og Öxnadalshrepp. Árið 2001 sameinuðust Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur og Glæsibæjarhreppur í Hörgárbyggð.

Í upplýsingum sem Sýslumaðurinn á Akureyri sendi frá sér 1. ágúst 1979, vegna fyrirspurnar, er Almenningur talinn upp meðal afréttarlanda í sýslunni og getið um hvaða jarðir eigi þar upprekstur. Loks kom fram við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd að Almenningur sé nú notaður til sumarbeitar fyrir búfénað eigenda jarða í Hörgárbyggð.

Af framangreindu verður ráðið að búfjáreigendur í Öxnadal og víðar á því svæði sem nú tilheyrir Hörgárbyggð hafi haft af landsvæðinu hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt.[952] Ekki verður annað séð en að fyrirkomulag leita hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Almenningur hafi verið afréttur í þeim skilningi að þar hafi menn átt óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að nyrðri hluti þessa landsvæðis hafi verið numinn en vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem sunnar dregur og land hækkar. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Almenningi liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 2 og 3/2008 og afmörkun þjóðlendukrafna íslenska ríkisins á svæði 7 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Almenningur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi

[952] Sbr. umfjöllun um hugtakið *afréttur* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[953] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið hafi verið afréttur jarða sem nú tilheyra Hörgárbyggð.

Hörgárbyggð hefur í máli þessu gert þá varakröfu að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, teljist einhver hluti landsins þjóðlenda. Eins og venja er í þessum málum verður kröfugerðin skilin þannig að þessi krafa sé höfð uppi vegna jarða í sveitarfélaginu. Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að það landsvæði sem nefnt er Almenningur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

> *Upphafspunktur að vestan er þar sem Seldalsá sker línu sem dregin er beina stefnu frá 800 metra hæðarpunkti í Rauðuskriðukinnum (punkti nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í 800 metra hæðarpunkt norðan til í Kaldbaksdal (punkt nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Þaðan er Seldalsá og síðan Vestari kvísl Seldalsár fylgt allt til dalbotnsins og þaðan upp að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Upphafspunktur að austan er í skurðpunkti línu sem dregin er frá Rauðuskriðuá (punktur nr. 1 á kröfulínu vegna Vaskárdals) í Rauðuskriðufjall (punktur nr. 5 á kröfulínu vegna Vaskárdals) og línu sem dregin er beina stefnu frá Rauðuskriðukinnum í 800 m hæð (punktur nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í punkt norðan til í Kaldbakshnjúk í 800 m hæð (punktur nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Frá nefndum skurðpunkti er línan dregin um Rauðuskriðufjall eftir fjallsrananum að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Að sunnan ráða sveitarfélagamörkin milli þeirra punkta á sveitarfélagamörkum sem nefndir voru. Að norðan ræður bein lína milli upphafspunkts að vestan og upphafspunkts að austan.*

[953] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Sama landsvæði er afréttur jarða í Hörgárbyggð, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 7. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

6.5 Bakkasel

6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem eignarlandskrafa er gerð til vegna Bakkasels. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.4.

Landsvæði það sem hér um ræðir hefur leguna norður – suður og liggur í yfir 400 m hæð. Rennur Seldalsá að austanverðu og hallar landi skarpt upp til vesturs í yfir 1000 m hæð. Að vestanverðu er Kaldbaksdalur og hallar landi skarpt upp til austurs. Nyrst á fjallinu milli Seldals og Kaldbaksdals liggur Kaldbakshnjúkur 1071 m. Inn af Seldal liggja Þorbjarnartungur. Upp af dalnum er land hallalítið með fönnum á stöku stað.

6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggi utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra en ekki til hálendissvæða, þ.e. sunnan þjóðlendukröfulínu. Hafa beri í huga að umrædd svæði liggi fjarri byggðum bólum, séu heiðarlönd og fjalllendi eða öræfasvæði, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Eyjafirði.

Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Til afrétta teljist einkum Almenningur á Öxnadal, Vaskárdalur og Seldalsfjall. Hafi þessi svæði verið nýtt sameiginlega af jörðum á svæðinu. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan þeirra lína sem þjóðlendukrafa miðist við sé samnotaafréttur jarða á svæðinu. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum sé ekki fallist á að slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi.

Varðandi Seldal (Seldalsfjall) er byggt á því að um sé að ræða svæði sem ekki lúti beinum eignarrétti og teljist til afréttar og eftir atvikum lúti aðeins óbeinum eignarrétti annarra. Hafnað er kröfu Bakkasels sunnan Öxnadalsár en talið er að svæðið, sem talið hafi verið falla undir Bakka, hafi eingöngu haft stöðu afréttar og hafi verið aðskilið frá heimajörð af Öxnadalsá. Um þetta er vísað til eftirfarandi lýsingar *Jarðabókar* vegna Bakka: „Afrjettur er hjedan á Öxnadalsheiði frá Gils landi

alt vestur að Grjótá með öllum Seldal, er gagnvart liggur Almenningi.“ Þá teljist heimildir Bakkasels sunnan Öxnadalsár óljósar.

Þess er getið að í upphaflegri kröfugerð ríkisins hafi verið á því byggt að fylgt væri merkjum Bakkasels, að því er þetta svæði varðar, en samkvæmt kröfulýsingu Bakkasels miðist suðurmerkin við Öxnadalsá, en teljist ekki ná suður fyrir hana. Af hálfu ríkisins hafi kröfulínu verið breytt og miðist hún nú við Öxnadalsá. Í fyrirvara í kröfulýsingu íslenska ríkisins sé tekið fram að kröfulýsingar, að því marki sem þær miðist við merki jarða, séu gerðar með fyrirvara um að merkin séu í samræmi við kröfulínu ríkisins.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessum eignum sínum og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því landamerkjabréfunum var þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi frá eigendum.

Vísa þeir til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Grundvallarreglan um réttaröryggi í skiptum manna geri kröfu um traust og festu í lögskiptum. Samrýmist þá í engu þessari grundvallarreglu réttarríkisins, að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi, sem hér um ræðir, þ.e. allra lögskipta manna og lögaðila varðandi ráðstöfun auðlinda á umræddu svæði. Gildi þessara gagna eigi sér örugga stoð í venjurétti, sem byggist á fastmótuðum viðhorfum og viðskiptavenjum. Í því sambandi er einnig ítrekað að gengið sé út frá venjurétti, sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulaga nr. 58/1998.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan landamerkja Bakkasels, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingar-kröfu á hendur eigendum Bakkasels, þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum verið þinglýst athugasemdalaust.

Því er haldið fram að ríkið hafi ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Bakkasels sé ekki beinum eignarrétti háð. Landamerkjabréf jarðarinnar sé þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki Bakkasels og aðliggjandi jarða og sveitarfélaga. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi og verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Verði einnig að telja að það hafi mikla þýðingu að eigendur hafi um langt skeið gengið út frá því að merkjum væri rétt lýst og eigendur grannjarða virt og

viðurkennt merkin. Jörðin sé umlukin öðrum jörðum og eigi ekki merki að miðhálendinu.

Vísað er til þess að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald sitt þegar litið hafi verið til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Loks er breyttri kröfugerð ríkisins mótmælt.

6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Bakkaseli er rakin í kafla 5.5 hér að framan, sjá einnig kafla 5.2 um afrétti og afréttarnot. Þar kemur fram að Bakkasels er fyrst getið í heimildum frá 19. öld. Þar mun byggð hafa hafist árið 1850 og staðið nær samfellt til ársins 1960. Landsvæðið sem hér er deilt um er nú nýtt sem beitiland fyrir sauðfé en málsaðila greinir á um hvort það falli innan marka jarðar.[954]

Kemur hér fyrst til skoðunar hvort kröfur fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, séu tækar til efnislegrar úrlausnar fyrir óbyggðanefnd, að því leyti sem þær breyttust frá því þær voru upphaflega gerðar. Svo sem rakið er í kafla 2.3 bárust óbyggðanefnd kröfulýsingar íslenska ríkisins um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi, syðri hluta, þann 14. mars 2008, og fengu þær í kjölfarið lögboðna kynningu. Þar var þjóðlendukröfulínunni lýst svo:

> [Í] Rauðuskriðukinnar í 800 metra hæð (37). Þaðan er fylgt beinni stefnu í punkt norðantil í Kalbakshnjúk (800 metra hæðarpunkt) (38) og þaðan beina stefnu til vesturs í Kalbaksdalsá (39). Þaðan er Kalbaksdalsá fylgt að Heiðará í Öxnadal, að Grjótá á sýslumörkum (40).

Eftirfarandi fyrirvari var gerður við kröfulýsinguna: „Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.“

Greinargerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, barst óbyggðanefnd þann 27. ágúst 2008. Þar er breyttri kröfugerð lýst svo:

> Upphafspunktur er á hreppamörkum við merki Gloppu (lokapunktur í máli 2/2008) (1). Þaðan er suðurmerkjum Gloppu fylgt til vesturs að Vaská (2). Þaðan er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að sýslumörkum (4).

Þann 10. nóvember 2008 var kröfugerðinni breytt aftur þannig að nú segir: „[…] Öxnadalsá (3), sem síðan er fylgt að upptökum beint til vesturs að sýslumörkum (4).“

Gagnaðilar íslenska ríkisins hafa mótmælt þeirri breytingu á kröfugerð ríkisins sem fram kom 27. ágúst 2008 og telja hana óheimila. Ekki sé um að ræða leiðréttingu á staðsetningu kröfulínu á korti heldur efnislega breytingu á kröfugerðinni. Við

[954] Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

aðalmeðferð máls þessa var óskað eftir skýringum á þessum breytingum frá lögmanni íslenska ríkisins. Þau svör fengust að um væri að ræða tilfærslu kröfulínunnar sem rúmaðist innan texta hinnar upphaflegu kröfugerðar og bent á þann fyrirvara sem þar var gerður.

Í hinni upphaflegu kröfugerð ríkisins var fylgt beinni línu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinnum í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá. Í kröfugerðinni eins og hún liggur nú fyrir er Vaská fylgt til norðurs að Öxnadalsá sem síðan er fylgt að sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu. Kröfulínan færist því norðar með þeim afleiðingum að nyrsti og láglendasti hluti kröfusvæðis Bakkasels fellur nú innan þjóðlendukröfusvæðis en féll utan þess áður, bæði samkvæmt texta kröfugerðar og framlögðu kröfulínukorti. Sú kröfulýsing sem fyrst birtist í greinargerð íslenska ríkisins 27. ágúst 2008 verður því ekki talin rúmast innan texta hinnar upphaflegu kröfulýsingar þar sem línan var dregin beina stefnu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinnum í 800 m hæðarpunkt í Kaldbakshnjúki og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá.

Almennur fyrirvari íslenska ríkisins „vegna einstakra landamerkjalýsinga sem talið er […] að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera“ nægir hér engan veginn til að fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, geti komið að auknum og breyttum þjóðlendukröfum innan kröfusvæðis Almennings.

Samkvæmt framangreindu hafa ekki verið færð fram haldbær rök fyrir þeim málatilbúnaði íslenska ríkisins að umrædd breyting rúmist innan upphaflegrar kröfugerðar, enda þótt tekið sé tillit til fyrirvara við hana. Ljóst er einnig að afmörkun gagnaðila ríkisins á Bakkaseli í heild sinni, innan og utan upphaflegs þjóðlendu-kröfusvæðis, kom m.a. fram við opinbera kynningu á heildarkröfum á svæði 7 suður, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 2.3. Af hálfu íslenska ríkisins var þó ekki látið reyna á ákvæði lokamálsliðar 12. gr. af því tilefni, að gættum þeim skilyrðum sem þar koma fram.

Sú málsmeðferð sem lög nr. 58/1998 mæla fyrir um hefði ekki tilætlaða þýðingu ef íslenska ríkið gæti aukið við kröfur sínar og sett þær fram á allt öðrum grundvelli, eftir að lokið er lögboðinni kynningu ásamt athugasemdafresti og gegn mótmælum gagnaðila. Jafnframt liggur fyrir sú skýra afstaða dómstóla að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli, sbr. kafla 8.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.[955] Afstaða óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu landsvæða sem falla utan við lögformlega kröfugerð fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, kemur því ekki til álita.

Niðurstaðan er því sú að í máli þessu koma ekki til úrlausnar þjóðlendukröfur umfram þá kröfugerð sem barst 14. mars 2008, þ.e. norðan línu sem dregin frá 800 m

[955] Sjá viðauka.

hæðarpunkti í Rauðuskriðukinnum beina stefnu í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk og þaðan beina stefnu vestur í Kaldbaksá.

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Bakkasels. Athugun þessi tekur til merkja svæðisins til vesturs, austurs og suðurs, þ.e. að því leyti sem þau snerta ágreiningssvæði málsins. Í því sambandi verður einkum litið til landamerkjabréfs Bakkasels en engar eldri heimildir eru til um afmörkun svæðisins. Einnig verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Austan kröfusvæðis Bakkasels er kröfusvæði Almennings, handan Seldalsár. Að vestan er Kaldbaksá og handan hennar kröfusvæði gagnaðila íslenska ríkisins í máli nr. 4/2008 vegna Silfrastaðaafréttar. Að sunnan og suðaustan eru sveitarfélagamörk Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar og handan þeirra landsvæði sem til umfjöllunar er í máli nr. 2/2008 hjá óbyggðanefnd, sbr. einkum kafla 6.4 um afréttarsvæði Stóradals og Saurbæjar.

Landamerkjabréf Bakkasels er dagsett 28. mars 1889 og því var þinglýst 27. maí sama ár. Þar er merkjum lýst svo: „Að norðan Hjallendagil utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá. Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.“ Bréfið var aðeins áritað vegna jarðarinnar Gils sem liggur norðan kröfusvæðis Bakkasels.

Í landamerkjabréfinu er merkjum Bakkasels þannig lýst til norðurs, austurs og vesturs. Þau norðurmörk sem þar er lýst eru utan ágreiningssvæðis máls þessa. Fram kemur í bréfinu að „Yxnadalsá“ (Öxnadalsá) ráði merkjum til austurs. Við skýrslutökur í máli þessu kom fram að örnefnið Öxnadalsá sé gjarnan notað um Seldalsá en hún rennur um Seldal á austurmörkum þess landsvæðis sem hér er gerð eignarlandskrafa til vegna Bakkasels. Þá kemur fram í landamerkjabréfinu að Grjótá og Kaldbaksá ráði vesturmerkjum. Þær renna báðar í Heiðará á Öxnadalsheiði, Grjótá norðan frá en Kaldbaksá sunnan frá, á vesturmörkum eignarlandskröfusvæðis vegna Bakkasels. Þessi merkjalýsing bendir því til þess að með landamerkjabréfinu hafi bæði verið afmarkað landsvæði norðan og sunnan dalsins sem liggur milli Seldalsfjalls að sunnan og Heiðarfjalls að norðan. Það rennir frekari stoðum undir að með örnefninu „Yxnadalsá“ í bréfinu sé átt við Seldalsá.

Í landamerkjabréfinu er suðurmerkjum Bakkasels ekki lýst. Því er heldur ekki lýst hve langt til suðurs Kaldbaksá og „Yxnadalsá“ ráði merkjum að vestan- og austanverðu. Landamerkjabréfið er því óljóst að þessu leyti og eldri heimildir eru ekki fyrir hendi um afmörkun Bakkasels.

Vegna þeirra annmarka sem eru á landamerkjabréfi Bakkasels og hér hefur verið lýst verður krafa gagnaðila ríkisins um beinan eignarrétt að landi sunnan upphaflegrar kröfulínu íslenska ríkisins, sem dregin var frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinnum í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk og þaðan beina stefnu vestur í Kaldbaksá, ekki byggð á bréfinu. Gagnaðilar ríkisins byggja heldur ekki á neinum öðrum haldbærum heimildum um afmörkun Bakkasels og hafa ekki

sýnt fram á að afmörkun Bakkasels sé með þeim hætti sem þeir halda fram. Um önnur atriði sem krafan er studd við verður fjallað síðar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess lands sem til umfjöllunar er, þ.e. sunnan upphaflegrar kröfulínu ríkisins. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf Bakkasels var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem rakið hefur verið hér að framan telur óbyggðanefnd bréfið óglöggt um mörk Bakkasels til suðurs þannig að því verður ekki slegið föstu að það taki að neinu leyti til þess landsvæðis sem hér er til skoðunar.

Elstu fyrirliggjandi heimildir um Bakkakirkju, frá 1394 og síðar, geta þess beinlínis að kirkjan eigi hvorki land né ítök. Þá kemur ekkert fram um landeignir eða ítök í vísitasíum Bakka allt frá árinu 1585 til ársins 1791. Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar getur þess að kirkjan á Bægisá eigi „afret j auxnadal. fra folaldareit oc at griotgordum“ og Mikligarður eigi: „Teigur j Öxnadal ofan fra lurkasteine j millum tveggia gardstada. er oc sogd vij folalda rekstur j vaskarogsl.“ Ekki er heldur ljóst hvort frásagnir nefndra máldagabóka snerti kröfusvæði Bakkasels. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 er getið um réttindi eigenda Bakka til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Þar segir: „Afrjettur er hjeðan á Öxnadalsheiði frá Gils landi alt vestur að Grjótá með öllum Seldal, er gagnvart liggur Almenníngi. Selstaða er hjeðan einninn í sögðu takmarki, ei í manna minni brúkuð.“ Þessi frásögn *Jarðabókarinnar* er elsta heimild sem fyrir liggur í málinu og ótvírætt tekur, a.m.k. að einhverju leyti, til ágreiningssvæðisins. Hún bendir til að um hafi verið að ræða afréttarland tilheyrandi Bakka og það hafi náð yfir landsvæði beggja vegna dalsins sem skilur að Heiðarfjall og Seldalsfjall.

Réttindi eigenda Bakka til Öxnadalsheiðar voru umdeild á 19. öld. Árin 1840, 1841 og 1842 voru lesnar upp lögfestur fyrir Bakka á manntalsþingum á Skriðu í

Hörgárdal. Þar var m.a. getið um réttindi eigenda Bakka, á Öxnadalsheiði og í Seldal. Í öllum tilvikum var lögfestunum mótmælt hvað þau réttindi varðaði, m.a. af hreppstjórum fyrir hönd jarðeigenda á svæðinu. Í þessu samhengi skal þess getið að í landamerkjabréfi fyrir afréttarland Silfrastaða, sem dagsett er 2. júní 1885 og var þinglýst degi síðar, er vestasti hluti kröfusvæðis Bakkasels talinn til Silfrastaða-afréttar. Eigendur Bakka mótmæltu þessu með bréfi 1889 og var mótmælabréfinu þinglýst.

Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar,* fyrra bindi, frá árinu 1990 kemur fram að býli hafi verið reist í Bakkaseli árið 1850 en þar hafi áður verið selstaða frá Bakka. Engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð fyrir þann tíma. Byggðin varði nær samfellt til ársins 1960. Elsta samtímaheimildin um Bakkasel undir því heiti er frá þeim tíma sem byggðin varði, þ.e. landamerkjabréfið sem dagsett er 8. mars 1889.

Hinar elstu heimildir sem vitnað var til að framan varpa engu ljósi á hvort menn hafi talið til réttinda á því svæði sem hér er deilt um. Frásögn *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 bendir á hinn bóginn eindregið til þess að á þeim tíma hafi landsvæðið verið talið afréttarland Bakka. Fyrirliggjandi heimildir benda til þess að það hafi fyrst verið um miðja 19. öld að farið var að nýta svæðið til annars en beitar, selstöðu og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Þær benda þó ekki til þess að um hafi verið að ræða samnotaafrétt heldur verður ráðið af þeim, einkum frásögn *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712, að Bakka hafi þar tilheyrt meiri réttindi á svæðinu en öðrum jörðum í hreppnum. Óbyggðanefnd telur því að um sé að ræða afrétt í flokknum afréttir einstakra jarða eða stofnana, samanber umfjöllun um afrétti í kafla 4.4 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka). Hvort í því hafi falist bein eða óbein eignarréttindi er atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Af *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 má ráða að það landsvæði sem hér er deilt um hafi verið landfræðilega aðskilið frá Bakka. Svæðisins er þar getið með sérstökum hætti og nefnt „afrjettur“. Einnig er getið um selstöðu þar sem sé „ei í manna minni brúkuð“. Engin gögn liggja fyrir um að svæðið hafi verið nýtt til annars en sumarbeitar, selstöðu og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Loks er til þess að líta að svæðið er að miklum hluta hálent og fjarri byggð. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að svæðið sem deilt er um hafi verið afréttur Bakka í þeim skilningi að eigendur jarðarinnar hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að nyrsti og láglendasti hluti þessa landsvæðis hafi verið numinn en vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem sunnar dregur og land hækkar. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða

yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri því svæði sem hér er til umfjöllunar liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 2, 3 og 4/2008.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til beins eignarréttar á kröfusvæði Bakkasels fyrir hefð. Sem fyrr segir mun byggð hafa hafist í Bakkaseli árið 1850 og henni lokið árið 1960. Byggðin var samfelld, a.m.k. frá aldamótunum 1900, að öðru leyti en því að Bakkasel var í eyði á árunum 1902–1904, 1908–1909 og 1945–1946, að því er greinir í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar,* fyrra bindi, frá árinu 1990. Bærinn mun upphaflega hafa staðið skammt sunnan Nautár, þ.e. nokkru norðar en kröfulína ríkisins var upphaflega dregin í máli þessu. Árið 1929 mun bærinn hafa verið fluttur norður fyrir Nautá. Það bæjarstæði er einnig utan ágreiningssvæðis máls þessa.

Í kaflanum um Bakkasel í Fasteignamati 1916–1918 kemur fram að stærð túns sé 1,9 ha. og engjar séu „litlar og reitingslegar“. Einnig segir að jörðinni fylgi dálítið afréttarland og að frá jörðinni hafi „verið tekinn heiðarfláki (Öxnadalsheiði) og notaður sem afréttur (af jarðeiganda) en er þó innifalinn í mati jarðarinnar.“ Loks segir: „Á jörðinni má framfleyta 1 kú, 30 kindum og 2 hrossum með 1–2 mönnum.“ Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar* I frá 1973 segir m.a. eftirfarandi um Bakkasel: „Því var það, að bóndinn á Bakka, […], byggði þar framhús úr timbri árið 1904, réð þangað starfsfólk og setti þar upp greiðasölu. Það er fyrsti vísir að gistihúsarekstri þar. Auk þess hafði hann um 100 ær í kvíum og nokkurn heyskap utan túns, en bjó sjálfur áfram á Bakka.“

Ekkert liggur fyrir í málinu um hvort þau not sem að ofan er greint frá hafi náð til þess hluta kröfusvæðis Bakkasels sem ágreiningur stendur um í máli þessu, þ.e. sunnan línunnar sem dregin er beina stefnu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinnum í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá. Sú lína liggur um 1,5 km sunnan síðara bæjarstæðis Bakkasels. Norðan línunnar eru láglendustu og gróðursælustu hlutar kröfusvæðis Bakkasels. Það sem fram kemur í fasteignamatinu 1916–1918 bendir ennfremur til þess að búskapur í Bakkaseli hafi verið fremur smár í sniðum, sem bendir til þess að önnur not en afréttarnot geti hafa einskorðast við svæðið norðan hinnar upphaflegu

þjóðlendukröfulínu ríkisins. Loks er ekkert sem bendir til þess að ferðaþjónustan sem komið var á fót í Bakkaseli upp úr aldamótunum 1900 hafi falið í sér landnotkun sunnan umræddrar línu. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á samfellda beitingu annarra eignarráða á því landsvæði að því marki að byggja mætti eignarhefð á henni. Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið hefur ekki verið sýnt fram á að skilyrði laga nr. 46/1905 um eignarhefð séu uppfyllt hvað ágreiningssvæðið varðar.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að kröfusvæði Bakkasels sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[956] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Hörgárbyggðar og Akrahrepps.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að það landsvæði sem hér hefur verið fjallað um, svo sem það er afmarkað hér á eftir, þ.e. Seldalsfjall, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

> *Að norðan ræður lína sem dregin er beina stefnu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinnum (punktur nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í 800 metra hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk (punktur nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá (punktur nr. 39 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Að austan er Seldalsá og síðan vestari kvísl Seldalsár fylgt til upptaka og línan dregin þaðan til suðausturs að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Að sunnan ráða sveitarfélagamörkin vestur að sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu og sýslumörkin og Kaldbaksá að vestan þar til komið er að fyrrnefndri línu sem dregin er frá 800 metra hæðarpunkti norðan til í Kaldbaksdal beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá.*

Sama landsvæði er í afréttareign Hörgárbyggðar og Akrahrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

6.6 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagmunir ekki á. Við undirbúning úrskurðar um málskostnað fór óbyggðanefnd

[956] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

yfir fjölda kröfulýsinga, greinargerða og umbjóðenda hvers lögmanns, reiknaði tíma við fyrirtökur, aðalmeðferð málsins og ferðalög og lagði mat á efnislegt umfang einstakra ágreiningssvæða og álitamála. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Tímaskýrslur lögmanna hafa verið skoðaðar með hliðsjón af framangreindu. Í þessu sambandi skal tekið fram að með málskostnaðarákvörðun er komist að tölulegri niðurstöðu um atriði sem eðli máls samkvæmt er ekki að öllu leyti hægt að sundurliða með nákvæmum útreikningsaðferðum. Fjárhæð úrskurðaðs málskostnaðar er niðurstaða af samofnu heildarmati á þessum atriðum.

Í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 gaf óbyggðanefnd lögmönnum málsaðila kost á að leggja fram slíka sundurliðun málskostnaðarreikninga að unnt væri að ákvarða málskostnað til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega. Hafi slík gögn legið fyrir eða borist er úrskurður um málskostnað í kafla 7 hér á eftir ákvarðaður til einstakra málsaðila en ella sameiginlega.

Svo sem rakið er í kafla 2.3 setti fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins fram þjóðlendukröfur sínar á svæði 7 (suður) í mars 2008. Í ágúst sama ár var hluti þessara krafna dreginn til baka. Í greinargerð og við munnlegan flutning málsins kom fram sú skýring af hálfu ríkisins að uppkvaðning úrskurða óbyggðanefndar á svæði 6 í júní 2008 hafi haft áhrif, sem og kröfulýsingar gagnaðila íslenska ríkisins á svæði 7 (suður) og önnur framkomin gögn. Í október 2008 veitti óbyggðanefnd málsaðilum frest til að gera sátt um greiðslu fyrir hagsmunagæslu vegna þeirra sem af þessari ástæðu ættu ekki lengur aðild að málum. Í maí 2009 barst óbyggðanefnd staðfesting á að umræddir málsaðilar hefðu gert sátt um fullnaðargreiðslu á lögmannskostnaði. Það á þó ekki við um jarðirnar Laugaland, Hesjuvelli og Hóla og koma þær því til umfjöllunar að því er varðar málskostnað.

7 ÚRSKURÐARORÐ [957]

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Vaskárdalur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er í skurðpunkti línu sem dregin er frá Rauðuskriðuá (punktur nr. 1 á kröfulínu Vaskárdals) í Rauðuskriðufjall (punktur nr. 5 á kröfulínu vegna Vaskárdals) og línu sem dregin er beina stefnu frá Rauðuskriðukinnum í 800 m hæð (punktur nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í punkt norðan til í Kaldbakshnjúk í 800 m hæð (punktur nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Frá nefndum skurðpunkti er línan dregin um Rauðuskriðufjall eftir fjallsrananum að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjarfjarðarsveitar og eftir sveitarfélagamörkum í Melrakkaöxl og áfram eftir fjallsrananum og sveitarfélagamörkum að merkjum Gloppu (punktur nr. 1 á kröfulínu ríkisins skv. greinargerð, dags. 27. ág. 2008). Þaðan er kröfulínu ríkisins fylgt þar til hún sker 800 m hæðarlínu gengt Melrakkaá. Hæðarlínunni sem jafnframt er upphafleg kröfulína ríkisins er síðan fylgt að upphafspunkti milli Rauðuskriðuár og Rauðuskriðufjalls.*

Sama landsvæði er í afréttareign Einars S. Valbergssonar og Hörgárbyggðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Almenningur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur að vestan er þar sem Seldalsá sker línu sem dregin er beina stefnu frá 800 metra hæðarpunkti í Rauðuskriðukinnum (punkti nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í 800 metra hæðarpunkt norðan til í Kaldbaksdal (punkt nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Þaðan er Seldalsá og síðan vestari kvísl Seldalsár fylgt allt til dalbotnsins og þaðan upp að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Upphafspunktur að austan er í skurðpunkti línu sem dregin er frá Rauðuskriðuá (punktur nr. 1 á kröfulínu vegna Vaskárdals) í Rauðuskriðufjall (punktur nr. 5 á kröfulínu vegna Vaskárdals) og línu sem dregin er beina stefnu frá Rauðuskriðukinnum í 800 m hæð (punktur nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í punkt norðan til í Kaldbakshnjúk í 800 m hæð (punktur nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv.*

[957] Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Frá nefndum skurðpunkti er línan dregin um Rauðuskriðufjall eftir fjallsrananum að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Að sunnan ráða sveitarfélagamörkin milli þeirra punkta á sveitarfélagamörkum sem nefndir voru. Að norðan ræður bein lína milli upphafspunkts að vestan og upphafspunkts að austan.

Sama landsvæði er afréttur jarða í Hörgárbyggð, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Seldalsfjall, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Að norðan ræður lína sem dregin er beina stefnu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinnum (punktur nr. 37 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) í 800 metra hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk (punktur nr. 38 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008) og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá (punktur nr. 39 á þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, skv. kröfulýsingu, dags. 14. mars 2008). Að austan er Seldalsá og síðan vestari kvísl Seldalsár fylgt til upptaka og línan dregin þaðan til suðausturs að sveitarfélagamörkum Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar. Að sunnan ráða sveitarfélagamörkin vestur að sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu og sýslumörkin og Kaldbaksá að vestan þar til komið er að fyrrnefndri línu sem dregin er frá 800 metra hæðarpunkti norðan til í Kaldbaksdal beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá.

Sama landsvæði er í afréttareign Hörgárbyggðar og Akrahrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Málflutningsþóknun Gunnars Sólness hrl.: Hjalti Páll Þórarinsson og Rósa María Stefánsdóttir, 150.000 kr. vegna Hesjuvalla; Legatsjóður Jóns Sigurðssonar, 150.000 kr. vegna Laugalands.

Málflutningsþóknun Ólafs Björnssonar hrl.: Hörgárbyggð, 200.000 kr. vegna Almennings; Hörgárbyggð og Akrahreppur, 500.000 kr. vegna Bakkasels.

Málflutningsþóknun Sifjar Konráðsdóttur: Ólafur Valsson, 300.000 kr. vegna Hóla.

Málflutningsþóknun Sigurðar Sigurjónssonar hrl.: Einar S. Valbergsson og Hörgárbyggð, 650.000 kr. vegna Vaskárdals.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Karl Axelsson

Benedikt Bogason Hulda Árnadóttir

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum.

Sjá bls. 153

FYLGISKJÖL

I. Kort
II. Aðilaskrá
III. Skjalaskrá



ÞJÓÐLENDUMÁL

Svæði 7a - Mál nr. 3/2008

Mörk þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar	Afturkölluð krafa ríkisins um þjóðlendumörk
Mörk afréttar/afréttareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar	Mörk sveitarfélaga
Aðalkrafa ríkisins um þjóðlendumörk	Vatnaskil
Kröfur gagnaðila ríkisins	Vatnasvið einstakra áa
Skörun á kröfum gagnaðila ríkisins	Upptök áa skv. spot5 gervitunglamynd

Um tölusetta kröfulínupunkta vísast til kröfulýsinga málsaðila.
Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu

Mælikvarði 1:50.000 í A2 Dags. 19. júní 2009 Blað nr. SV7a-M3

LANDFORM ehf

Kortagrunnur: IS50V birt með leyfi Landmælinga Íslands (L05040005)

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is

II. Aðilaskrá

Þjóðlendur	Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins
Almenningur	Hörgárbyggð
Bakkasel	Hörgárbyggð
Bakkasel	Akrahreppur
Hesjuvellir	Hjalti Páll Þórarinsson
Hesjuvellir	Rósa María Stefánsdóttir
Laugaland	Legatsjóður Jóns Sigurðssonar
Vaskárdalur	Einar S. Valbergsson
Vaskárdalur	Hörgárbyggð

III. Skjalaskrá[958]

Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

1 Kröfulýsing, dags. 14.3.2008.

1(1) Skjalaskrá, ódags. en mótt. 14.3.2008.

1(2) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytis, dags. 29.3.2007, um meðferð þjóðlendumála.

1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 7.8.2007.

1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3.10.2007, framhald þjóðlendumála.

1(5) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um breytta afmörkun á svæði 7, dags. 7.12.2007.

1(6) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, breytt afmörkun svæðis 7 samþykkt og frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.12.2007.

1(7) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar, beiðni um frekari frest til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 26.2.2008.

1(8) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, frekar frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.2.2008.

1(9) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar, kröfulýsing íslenska ríkisins vegna þjóðlendna á svæði 7A, dags. 14.3.2008.

1(10) Yfirlitskort yfir þjóðlendukröfur á svæði 7 suður, A3 blað, mælikvarði 1:400.000 í A2, dags. 14.3.2008.

1(11) Tilvísanaskrá, ódags. en mótt. 14.3.2008.

1(12) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 27.8.2008.

1(13) Yfirlýsing vegna leiðréttingar á kröfupunkti og lýsingu kröfugerðar, dags. 10.11.2008.

1(14) Bréf Juris til óbyggðanefndar varðandi málskostnað í þjóðlendumálum á svæði 7 suður vegna jarða sem fallið var frá kröfum í, dags. 25.5.2009.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 22.5.2009.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

2(1) Titlingur í Glæsibæjarhreppi, dags. 19.3.1883. *(Merkt 81).*

2(2) Lögmannshlíð í Glæsibæjarhreppi, dags. 13.5.1889. *(Merkt 82 a-b).*

2(3) Hesjuvellir í Glæsibæjarhreppi, dags. 16.4.1884. *(Merkt 83).*

2(4) Hesjuvellir í Glæsibæjarhreppi, dags. 18.8.1952. *(Merkt 84).*

2(5) Kífsá í Glæsibæjarhreppi, dags. 24.6.1922. *(Merkt 85).*

2(6) Hrappsstaðir í Glæsibæjarhreppi, dags. 19.3.1883. *(Merkt 86).*

2(7) Ásláksstaðir í Glæsibæjarhreppi, dags. 19.3.1883. *(Merkt 87).*

2(8) Vaglir í Glæsibæjarhreppi, dags. 21.3.1884. *(Merkt 88).*

2(9) Steðji í Glæsibæjarhreppi, dags. 1.4.1889. *(Merkt 89).*

2(10) Skógar í Glæsibæjarhreppi, dags. 31.3.1884. *(Merkt 90).*

2(11) Ás í Glæsibæjarhreppi, dags. 20.4.1885. *(Merkt 91).*

[958] Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

2(12) Neðri-Vindheimar í Glæsibæjarhreppi, dags. 28.7.1884. *(Merkt 92 a-b).*
2(13) Efri-Vindheimar í Glæsibæjarhreppi, dags. 12.5.1886. *(Merkt 93 a-b*).
2(14) Briti í Glæsibæjarhreppi, dags. 20.5.1885. *(Merkt 94 a-b).*
2(15) Efri-Rauðilækur í Glæsibæjarhreppi, dags. 7.5.1886. *(Merkt 95).*
2(16) Neðri-Rauðilækur í Glæsibæjarhreppi, dags. 15.3.1886. *(Merkt 96).*
2(17) Garðshorn í Glæsibæjarhreppi, dags. 31.3.1884. *(Merkt 97 a-b).*
2(18) Bægisárland í Glæsibæjarhreppi, dags. 23.5.1885. *(Merkt 98 a-b).*
2(19) Syðri-Bægisá í Glæsibæjarhreppi, dags. 1.10.1884. *(Merkt 99).*
2(20) Neðstaland í Öxnadalshreppi, dags. 8.6.1922. *(Merkt 100).*
2(21) Miðland í Öxnadalshreppi, dags. 16.1.1883. *(Merkt 101).*
2(22) Efstaland í Öxnadalshreppi, dags. 1.8.1884. *(Merkt 102).*
2(23) Efstalandskot í Öxnadalshreppi, dags. 1.8.1884. *(Merkt 103).*
2(24) Steinsstaðir í Öxnadalshreppi, dags. 25.9.1883. *(Merkt 104 a-b).*
2(25) Þverá í Öxnadalshreppi, dags. 18.4.1882. *(Merkt 105).*
2(26) Engimýri í Öxnadalshreppi, dags. 30.7.1884. *(Merkt 106 a-b).*
2(27) Geirhildargarðar í Öxnadalshreppi, dags. 22.5.1891. *(Merkt 107 a-b).*
2(28) Fagranes í Öxnadalshreppi, dags. 6.6.1887. *(Merkt 108).*
2(29) Gloppa í Öxnadalshreppi, dags. 16.1.1883. *(Merkt 109).*
2(30) Bakkasel í Öxnadalshreppi, dags. 8.3.1889. *(Merkt 110 a-b).*
2(31) Bakki í Öxnadalshreppi, dags. 20.5.1886. *(Merkt 111).*
2(32) Skriða í Skriðuhreppi, dags. maí 1885. *(Merkt 112).*
2(56) Laugaland og Heiðarhús í Glæsibæjarhreppi, dags. 23.4.1889. *(Merkt 115 a-b).*
2(61) Bakki og Bakkasel. Mótmælabréf við landamerkjabréfi Silfrastaða frá 1885, dags. 16.5.1889. *(Merkt 155 a-b).*
2(104) Silfrastaðir, dags. 2.6.1885. *(Merkt 117).*
2(110) Kambfell, dags. 27.5.1885 og Litlidalur í Saurbæjarhreppi, dags. 18.5.1885. *(Merkt 56).*

Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):

2(96) Bakki, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabóka Eyjafjarðarsýslu. *(Merkt 11).*
2(97) Bakkasel, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabóka Eyjafjarðarsýslu. *(Merkt 12).*
2(98) Vaskárdalur, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabóka Eyjafjarðarsýslu. *(Merkt 13).*

Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):

2(93) Fasteignamat 1916-1918. Neðstaland, Steinstaðir, Gloppa, Vaskárdalur, Bakkasel, Bakki, Miðland, Ytri-Bægisá, Efstaland og Efstalandskot. *(Merkt 1-6 og 14–17).*
2(99) Jarðamat 1804. Bakki, Þverá, Hólar og Skriða, ásamt uppskriftum. *(Merkt 21-24).*
2(103) Jarðamat 1849-1850- Yfirmat. Bakki og Mikligarður (Vaskárdalur). *(Merkt 19-20).*
2(114) Jarðamat 1849–1850: Ytri-Bægisá, Efstaland, Efstalandskot, Varmavatnshólar, Bessahlaðir, Háls, Þverbrekka, Hraun, Auðnir, Hraunshöfði, Skjaldarstaðir, Þverá, Hólar, Syðri Bægisá, Miðland og Neðstaland. Fasteignamat 1916–18: Syðri Bægisá. *(Merkt 7, 12-13 og 25-36).*
2(126) Jarðamat 1849–1850: Vaskárdalur. Jarðamati 1850–yfirmat: Þrætuteigur í Öxnadalsheiði. *(Merkt 37-39).*

Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):

2(62) a-b Upplesin lögfesta er varðar Ytri Bægisá, land hennar og ítök, dags. 8.6.1822, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b).*

2(63) a-b Jónas á Bakka leggur fram bann við brúkun á landi, innan tiltekinna takmarka. Í lýsingu Jónasar kemur fram að jörðin Ytri Bægisá eigi svokallaðan „Folaldareit", dags. 2.6.1885, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-d).*

2(64) a-b Auglýst afrit af vitnisburði, dags, 14.4.1608, um landamerki, á milli Neðstalands og Bægisár, dags. 5.5.1732, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b).*

2(65) a-b Krafa frá Jóhanni Pingel um rannsókn á því hvort Einar Magnússon, sýslumaður, ætti 10 hundruð í jörðinni Neðstalandi, eður ei, dags. 29.10.1746, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-b).*

2(66) a-b Upplesin lögfesta af hendi eiganda Bakka, sem þrír bændur mótmæltu hvað snerti afréttirnar Öxnadalsheiði og Seldal. Þar á meðal var bóndinn á Neðstalandi, dags. 8.6.1841, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-d).*

2(67) a-b Upplesinn partur úr lögfestu um landareign Bakka á Öxnadalsheiði. Lögfestan var gefin út þann 22.5.1771. Sigurður Jónsson á Neðstalandi, og tveir aðrir bændur mótmæltu lögfestunni, hvað snerti afréttirnar Öxnadalsheiði og Seldal, og tjáðust brúka afréttirnar á meðan þær væru ekki Bakka tildæmd, dags. 24.5.1842, ásamt uppskrift. *(Merkt 6 a-d).*

2(68) a-b Upplesin landamerki, milli Geirhildargarða og Neðstalands. Landamerkjunum var mótmælt af eiganda Skjaldastaðar, dags 23.5.1891, ásamt uppskrift. *(Merkt 7 a-d).*

2(69) a-b Þinglesin landamerkjaskrá Neðstalands, dags. 24.6.1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 8 a-b).*

2(70) a-b Steinstaðir. Auglýst sala á kúgildum, á þeim jörðum er fyrrum tilheyrðu Hólastól, dags. 7.5.1805, ásamt uppskrift. *(Merkt 9 a-b).*

2(71) a-b Þinglesin landamerki 11 jarða, þ. á m. Steinstaðir, dags. 2.6.1887, ásamt uppskrift. *(Merkt 10 a-f).*

2(72) a-b Makaskiptasamningur á 3 hundruðum úr jörðinni Steinstöðum og afréttarlandinu Þverárdal. Þeirri þinglýsingu var mótmælt fyrir hönd hreppsnefndar Öxnadalshrepps, á þeirri forsendu að Öxnadalshreppur ætti forkaupsrétt á afréttarlandinu Þverárdal, dags. 15.6.1915, ásamt uppskrift. *(Merkt 11 a-e).*

2(73) a-b Gloppa. Landamerkjalýsing, dags. 29.5.1884, ásamt uppskrift. *(Merkt 12 a-d).*

2(74) a-b Bann um að ríða um Gloppuhóla, dags. 21.5.1898, ásamt uppskrift. *(Merkt 13 a-d).*

2(75) a-b Upplesnar lögfestur nokkurra jarða, þar á meðal fyrir Bakka, og var henni mótmælt, dags. 12.6.1792, ásamt uppskrift. *(Merkt 14 a-d).*

2(76) a-b Makaskiptabréf bændanna Egils Tómassonar á Bakka og Jóhanns Grímólfssonar á Engimýri, dags. 17.6.1829, ásamt uppskrift. *(Merkt 15 a-c).*

2(77) a-b Makaskiptabréf Jón Jónassonar á Hólum og Kráks Jónssonar á Bakka, dags. 25.5.1831, ásamt uppskrift. *(Merkt 16 a-d).*

2(78) a-b Lögfesta, dags. 12.6.1792, í nafni Egils Tómassonar á Bakka, á öllu landi jarðarinnar Bakka. Lögfestunni var mótmælt af mörgum bændum, dags. 21.5.1840, ásamt uppskrift. *(Merkt 17 a-e).*

2(79) a-b Lögfesta, dags. 22.5.1771, í nafni eiganda Bakka. Þrír bændur mótmæltu lögfestunni, hvað áhrærði afréttirnar Öxnadalsheiði og Seldal, dags. 8.6.1840,

ásamt uppskrift. *(Merkt 18 a-d)*.

2(80) a-b Lögfesta Jóns Jónassonar, dags. 5.6.1841. Egill Tómasson á Bakka mótmælti lögfestu Jóns hvað snerti landamerkin á milli jarðanna Bakka og Auðna, á þeirri forsendu að beitilandið væri óskipt, dags. 8.6.1840, ásamt uppskrift. *(Merkt 19 a-d)*.

2(81) a-b Bakkasel. Landamerkjalýsing, dags. 27.5.1889, ásamt uppskrift. *(Merkt 20 a-b)*.

2(82) a-b Um Almenning og notkun afrétta í Skriðuhreppi, dags. 13.6.1794, ásamt uppskrift. *(Merkt 21 a-e)*.

2(83) a-b Eigendur Bakka mótmæla landamerkjum jarðarinnar Hrauns og fríum upprekstri þeirrar jarðar á Almenning, á Öxnadalsheiði, dags. 29.5.1888, ásamt uppskrift. *(Merkt 22 a-c)*.

2(84) a-b Bakki. Lögfesta, dags 22.5.1771. Lögfestunni var mótmælt, hvað snerti afréttirnar Öxnadalsheiði og Seldal, dags. 8.6.1841, ásamt uppskrift. *(Merkt 23 a-d)*.

2(85) a-b Bakki. Partur úr lögfestu, dags. 22.5.1771. Lögfestunni er mótmælt af nokkrum bændum, dags. 24.5.1842, ásamt uppskrift. *(Merkt 24 a-d)*.

2(86) a-b Um Vaskárdal og notkun afrétta í Skriðuhrepp, dags. 13.6.1794, ásamt uppskrift. *(Merkt 25 a-e)*.

2(87) a-b Afréttarlandið Vaskárdalur selt fyrir 72 ríkisbankadali, dags. 7.6.1841, ásamt uppskrift. *(Merkt 26 a-b)*.

2(88) a-b Afsalsbréf, varðandi afréttarlandið Vaskárdal, í Öxnadal, dags. 8.6.1841, ásamt uppskrift. *(Merkt 27 a-c)*.

2(89) a-b Afréttinni Vaskárdal friðlýst, og öll íneysla bönnuð, undir sektir að lögum, dags. 21.6.1859, ásamt uppskrift. *(Merkt 28 a-c)*.

2(90) a-b Tekið fyrir afsal á hálfu afréttarlandinu Vaskárdal, dags. 3.7.1940, ásamt uppskrift. *(Merkt 29)*.

2(115) a-b Nokkur bréf úr bréfsafni Eyjafjarðarsýslu varðandi endurskipulagningu á fjárleitum og fjárréttum í Skriðuhreppi. Bréf séra Arngríms Halldórssonar til Péturs Havstein amtmanns í Norður- og Austuramti, dags. 23.9.1854. Áteiknun amtmanns á sama bréf, dags. 30.9.1854. Bréf amtmanns til E. Briem sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu, dags. 1.3.1855 og annað dags. 12.5.1855, ásamt uppskrift. *(Merkt 32 a-h)*.

2(116) a-b Nokkur bréf E. Briem sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu til hreppstjóra og manna sem áttu að koma að endurskipulagningu fjárleita og fjárrétta í Skriðuhreppi og svo framkvæmd þeirra. Bréfin eru dags. 2.5.1855, tvö dags. 20.5.1855 og 31.5.1855, ásamt uppskrift. *(Merkt 33 a-g)*.

2(117) a-b Bréf E. Briem sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu til P. Steinssonar hreppstjóra varðandi byggingu fjárréttar í Hólasókn, dags. 3.4.1856, ásamt uppskrift. *(Merkt 34)*.

2(118) Upplesin lögfesta Arnljóts Ólafssonar á Bægisá og Þorsteins Daníelssonar fyrir Öxnadalsheiði að norðan. Lögfestunni var mótmælt með skírskotun til lögfestu á Silfrastaðaafrétt, dags. 31.5.1871. *(Merkt 35 a-b)*.

2(119) Upplesin lögfesta, dags. 22.5.1771, fyrir Bakka í Öxnadal. Þrír bændur mótmæltu lögfestunni, hvað áhrærði afréttirnar á Öxnadalsheiði og Seldal, dags. 8.5.1841. *(Merkt 36 a-b)*.

2(120) Upplesin lögfesta fyrir Bakka í Öxnadal, dags. 31.5.1871. *(Merkt 37 a)*.

2(121) Upplesin lögfesta, dags. 22.5.1771, fyrir Bakka í Öxnadal. Þrír bændur mótmæltu lögfestunni, hvað áhrærði afréttirnar á Öxnadalsheiði og Seldal, dags. 8.6.1841. *(Merkt 38 a-b).*

2(122) a-b Upplesinn partur úr lögfestu fyrir Bakka á Öxnadalsheiði, dags. 24.5.1842. *(Merkt 39 a-d).*

2(123) Þann 22.5.1848: Upplesin lögfesta, dags. 12.6.1792, fyrir heima- og afréttarlandi Bakka. Einnig upplesinn útdráttur, dags. 29.10.1842, úr jarðabók Árna Magnússonar yfir Vaðlasýslu. *(Merkt 40 a-b).*

2(124) a-b Um afréttarland Bakka í Öxnadal og óleyfilegan rekstur á Þverbrekku, dags. 15.9.1843, ásamt uppskrift. *(Merkt 41 a-b).*

Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):

2(33) a-b Útdráttur úr jarðabókinni 1760 varðandi Ytri-Bægisá, ásamt uppskrift. *(Merkt 1).*

2(34) a-b Lögfesta Glæsibæjar, frá 1696 í afskrift Bólu Hjálmars Jónssonar, ásamt uppskrift. *(Merkt 2).*

2(35) a-b Lögfesta Glæsibæjar, frá 20.5.1765, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b).*

2(36) a-b Lögfesta Glæsibæjar frá 27.6.1808, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-b).*

2(37) a-b Vitnisburður Kr. Þorsteinssonar á Tjörn, frá 28.5.1846, um landamerki Glæsibæjar og ítök staðarins, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-c).*

2(38) a-b Vitnisburður Jóns Þorvarðssonar á Breiðabólsstaði í Vesturhópi, frá 25.9.1846, um landamerki Glæsibæjar, ásamt uppskrift. *(Merkt 6).*

2(39) a-b Vitnisburður Ólafs Jónssonar, frá 2.5.1629, um landeign Lögmannshlíðar og Stóra-Eyrarlands, ásamt uppskrift. *(Merkt 7).*

2(40) a-b Ódagsett lögfesta Jóns Vigfússonar fyrir Lögmannshlíð, ásamt uppskrift. *(Merkt 8).*

Vísitasíubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):

2(41) a-b Glæsibær í Kræklingahlíð [um 1585]. Máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar 1590-1616, ásamt uppskrift. *(Merkt 1).*

2(42) a-b Bægisá á Þelamörk [um 1585]. Máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar 1590-1616, ásamt uppskrift. *(Merkt 2).*

2(43) a-b Bægisá á Þelamörk, dags. 5.5.1662. Vísitasíubók Gísla biskups Þorlákssonar 1659-1683, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-c).*

2(44) a-b Lögmannshlíð, dags. 6.5.1662. Vísitasíubók Gísla biskups Þorlákssonar 1659-1683, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-b).*

2(45) a-b Lögmannshlíð, dags. 29.4.1685. Vísitasíubók Jóns biskups Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-c).*

2(46) a-b Glæsibær, dags. 3.5.1685. Vísitasíubók Jóns biskups Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. *(Merkt 6 a-c).*

2(47) a-b Bægisá, dags. 4.5.1685. Vísitasíubók Jóns biskups Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. *(Merkt 7 a-c).*

2(48) a-b Glæsibær, dags. 21.8.1692. Vísitasíubók Einars biskups Þorsteinssonar 1692-1694, ásamt uppskrift. *(Merkt 8 a-c).*

2(49) a-b Bægisá, dags. 25.8.1692. Vísitasíubók Einars biskups Þorsteinssonar 1692-1694, ásamt uppskrift. *(Merkt 10 a-d).*

2(50) a-b Glæsibær, dags. 21.9.1713. Vísitasíubók Steins biskups Jónssonar 1713-1735, ásamt uppskrift. *(Merkt 11 a-d).*

2(51) a-b Bægisá, dags. 22.9.1713. Vísitasíubók Steins biskups Jónssonar 1713-1735, ásamt uppskrift. *(Merkt 12 a-c)*.

2(52) a-b Glæsibær, dags. 23.6.1749. Vísitasíubók Halldórs biskups Brynjólfssonar 1747-1750, ásamt uppskrift. *(Merkt 13 a-e)*.

2(53) a-b Lögmannshlíð, dags. 25.6.1749. Vísitasíubók Halldórs biskups Brynjólfssonar 1747-1750, ásamt uppskrift. *(Merkt 14 a-d)*.

2(54) a-b Bægisá, dags. 8.7.1749. Vísitasíubók Halldórs biskups Brynjólfssonar 1747-1750, ásamt uppskrift. *(Merkt 15 a-b)*.

2(55) a-b Glæsibær, dags. 29.7.1760. Vísitasíubók Gísla biskups Magnússonar 1757-1769, ásamt uppskrift. *(Merkt 16 a-c)*.

Skjalasöfn presta og prófasta (skjalaflokkur A.9.):

2(109) a-b Bægisá, dags. 18.5.1729. Vísitasíubók 1707-1747, bls. 151 og 154, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b)*.

2(111) a-b Bægisá, óársett lögfesta séra Hallgríms Eldjárssonar, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-c)*.

2(112) Bægisá, vísitasía Péturs biskups Péturssonar dags. 22.7.1868, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b)*.

Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands (skjalaflokkur A.11.):

2(58) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna, dags. 29.12.1919, þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta.

2(59) Svarbréf sýslumanns Eyjafjarðarsýslu, dags. 27.9.1920, við bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

2(60) Bréf hreppstjóra Öxnadalshrepps til sýslumanns Eyjafjarðarsýslu um afrétti og almenninga í hreppnum, dags. 25.2.1920.

2(91) Fyrirhuguð sala Ytri-Bægisár. Lýsing jarðarinnar, dags. 5.2.1933, bréf biskups, dags. 24.5.1933. þar sem hann lýsir sig mótfallinn sölunni og uppkast að bréfi til biskups, dags. 27.6.1933, þar sem fallist er á álit biskups. *(Merkt 1 a-e)*.

2(100) Afrit bréfs sem sent var öllum sýslumönnum landsins, dags. 29.12.1919, vegna þingsályktunartillögu, frá 27.9. s.á., um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum. *(Merkt 2)*.

2(101) Bréf Júlíusar Havsteen sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu, dags. 27.9.1920, þar sem hann sendir svarbréf hreppstjóra við fyrirspurn Stjórnarráðsins. Ekki er þó getið bréfs hreppstjóra Hrafnagilshrepps. *(Merkt 3)*.

2(102) Svar Stefáns Bergssonar hreppstjóra Öxnadalshrepps, dags. 25.2.1920, við fyrirspurn Stjórnarráðsins. *(Merkt 4 a-b)*.

2(113) a-b Amtmaður óskar eftir útdrætti úr jarðabók Árna Magnússonar vegna þrætu á milli Þverbrekku og Bakka, dags. 29.10.1842, ásamt uppskrift. (Merkt 5 a-g)

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16):

2(57) Dómsmál dæmt16.12.1895. Eigendur Miklagarðs og Miklagarðskirkju gegn Jóni Jóhannessyni og St. Thorarensen. *(Merkt 1 a-vvvv)*.

Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1):

2(105) Bakki og Almenningur. Jarðarbréf um Efsta Skriðuland. Í.f. III. b., bls. 298.

2(106) Bakki. Tólffeðmings torfskurður í Bakka seldur, dags. 14.2.1387. Í.f. III. b., bls. 396–397.

2(107) Bakki. Jón Jónsson geldur og fær Gottskálki biskup til fullrar eignar jarðirnar Vindheima og Ás í Hörgárdal og Bakka í Öxnadal í sakfelli og brot sín og Rögnu Finnbogadóttur, en þau voru að öðrum og þriðja manni og gerir biskup Jón kvittan og ákæru. Í.f. VIII. b., bls. 328–329.

2(108) Bakki. Jarðaskiptabréf, og er skipst á Bakka í Öxnadal, með Auðnum og hálfum

Skjaldarstöðum, við Saurbæ í Hörgárdal, en lýst ítökum og landamerkjum. Í.f. XIII. b., bls. 471–473.

Landnáma (skjalaflokkur B.7.):

2(92) Landnámabók, bls. 216–219, 222–225, 230–235, 246–259, 264–271. *(Merkt 1 almennt).*

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

4(36) Silfrastaðir, dags. 31.3.1890.

Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):

4(2) Bakkasel. Spjald úr afsals- og veðmálabókum Eyjafjarðarsýslu.

4(3) Afsal. Ríkissjóður Íslands selur og afsalar Bakkasel til Öxnadalshrepps, dags. 14.12.1967. Eyðibýlið Gil fellur þar undir.

4(4) Afsal. Erfingjar Sigurðar Jónassonar o.fl. selja og afsala ½ Bakka, ½ Bakkasel og ½ Skjaldarstaði til Jóns Jónassonar, dags. 7.10.1911.

4(5) Afsal. Hreppsnefnd Akrahrepps selur og afsalar Bakkasel og Gili til ríkissjóðs Íslands, dags. 8.12.1928.

4(6) Afsal. Olíuverzlun Íslands selur og afsalar bensínsölustöð í Bakkaseli til B.P. á Íslandi h.f., dags. 3.5.1933.

4(32) Bakkasel, yfirlitssíða úr Afsal- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu.

4(33) Bakkasel, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu.

4(34) Vaskárdalur, yfirlitssíða úr Afsal- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu.

4(35) Vaskárdalur, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu.

a-b

4(39) Kaupsamningur um Vaskárdal, dags. 18.2.1841.

4(40) Afsal fyrir Bakkaseli, dags. 7.11.1885.

4(41) Afsal fyrir Bakka ásamt Bakkaseli, dags. 24.6.1887.

4(42) Afsalsbréf fyrir ½ Bakka, ½ Bakkaseli og ½ Skjaldarstaðir, dags. 7.10.1911.

Landskipta- og sáttabækur (skjalaflokkur A.4.):

4(48) Sáttafundur um nýtingu Öxnadalsheiðar, dags. 24.4.1841, ásamt uppskrift frá

a-b Þjóðskjalasafni Íslands.

Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):

4(43) Fundargerð aukasveitarfundar Öxnadalshrepps. Akrahreppur óskar eftir afnotum af Almenningi, dags. 11.3.1913.

4(44) Svar Steingríms Stefánssonar til Gísla Sigurðssonar varðandi nýtingu Akrahrepps á Almenningi. Öxnadalshreppur hafnar beiðni Akrahrepps, dags. 14.6.1913.

4(45) Úr Gjörðabók hreppsnefndar Öxnadalshrepps um að hreppurinn hafi gert samning við bóndann á Bakkaseli um leigu á Almenningi, dags. 20.6.1916.

4(46) Bréf Gísla Bjarnasonar Akrahreppi til oddvita Öxnadalshrepps varðandi greiðslu útsvars vegna heiðarparts úr Bakkaseli, dags. 29.11.1931.

Fornleifaskráning (skjalaflokkur A.14.):

4(1) Menningarminjar á miðhálendi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, bls. 3–27, 59–64, 155–161.

4(49) Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi, 2008. a). I. bindi, bls. 3–8 og

a-c 29–30. b). II. bindi, bls. 3–4, 30–42, 177–250. c). III. bindi, bls. 3 og minjakort nr. 1, 1a, 42, 43 og 55.

Bréfabók Öxnadalshrepps 1910–1918 frá Héraðsskjalasafninu á Akureyri (skjalaflokkur A.16):

4(38) Beiðni Akrahrepps um afnot Almenningi, dags. 14.6.1913, ásamt svarbréfi um afrétti til Gísla Sigurðssonar frá Steingrími Stefánssyni, dags. 14.6.1913.

Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):

4(11) Jarðatal J. Johnsens, 1847, bls. 284–314.

4(12) Ný jarðabók 1861, bls. 110–120.

4(13) Fasteignabók 1921, bls. 134–153.

4(14) Fasteignabók 1932, bls. 75–83.

4(15) Fasteignabók 1942–1944, bls. 38–42.

Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):

4(10) Fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar, dags. 12.4.1996, B-deild, bls. 101–112.

4(16) Reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallskil og melrakkaveiðar, nr. 74/1891, B-deild, bls. 81–90.

4(17) Reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallskil og melrakkaveiðar, nr. 101/1897, B-deild, bls. 163–176.

4(18) Reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um breyting á 38. og 39. gr. í fjallskilareglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu, nr. 77/1906, B-deild, bls. 146.

4(19) Reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur, fjárskil og melrakkaveiðar, nr. 79/1910, B-deild, bls. 119–133.

4(20) Reglugjörð um viðauka við og breytingu á reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur, fjárskil og melrakkaveiðar 14. júní 1910, nr. 118/1916, B-deild, bls. 281–282.

4(21) Reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil, nr. 62/1921, B-deild, bls. 116–125.

4(22) Reglugjörð um viðbót við reglugjörð 7. júní 1921 fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil, nr. 80/1929, B-deild, bls. 236–238.

4(23) Reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil, nr. 35/1934, B-deild, bls. 80–90.

4(24) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðasýslu um, fjallgöngur og fjárskil frá 16. apríl 1934, nr. 65/1937, B-deild, bls. 104.

4(25) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil, nr. 35 16.apríl 1934, nr. 142/1940, B-deild, bls. 280.

4(26) Auglýsing um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðasýslu um fjallgöngur og fjárskil, nr. 35 16. apríl 1934, nr. 136/1943, B-deild, bls. 264.

4(27) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðasýslu um fjallgöngur og fjárskil nr. 35 16. apríl 1934, nr. 72/1948, B-deild, bls. 118–119.

4(28) Fjallskilareglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu, nr. 90/1952, B-deild, bls. 208–215.

4(29) Fjallskilareglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu, nr. 310/1973, B-deild, bls. 568–574.

4(30) Fjallskilasamþykkt fyrir Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörð og Siglufjörð, nr. 402/1988, B-deild, bls. 917–923.

4(31) Fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar, nr. 235/1996, B-deild, bls. 490–497.

Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja (skjalaflokkur B.6.):

4(50) Auglýsing um staðfestingu á samkomulagi milli Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps um mörk sveitarfélaganna inn til landsins, dags. 21.9.1999.

4(51) Lög um heimild fyir ríkisstjórnina til þess að selja eyðijörðina Bakkasel í

Öxnadalshreppi, dags. 16.4.1963.

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur B.11.):

4(7) Bréf Tryggva Gunnarssonar lögfr. til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu. Fyrirspurn um færslu á afréttaskrá, dags. 1.11.1985. inn á skjalið er svar bæjarfógetans á Akureyri, dags. 28.11.1985.

4(8) Beiðni félagsmálaráðuneytisins til allra sveitarstjórna um upplýsingar varðandi afrétti, dags. 20.2.1989.

4(9) Svar Glæsibæjarhrepps, dags. 8.11.1989, við beiðni félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.2.1989.

4(47) Afréttarmörk Silfrastaðaafréttar, dags. 10.11.1985.

Frá Héraðsskjalasafninu á Akureyri- Sýslunefndarskjöl (S-25/3) afréttir (skjalaflokkur B.11.):

4(37) Bréf sýslumanns Eyjafjarðarsýslu til Gunnars F. Guðmundssonar varðandi afréttarskráf fyrir sýsluna, dags. 1.8.1979, ásamt skrám fyrir Vaskárdal, Almenning og Öxnadalsheiði

Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Lögmannshlíðar:

5 Kröfulýsing, dags. 10.6.2008.

5(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Lögmannshlíð, dags. 9.6.2008.

5(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Lögmannshlíð, dags. 9.6.2008.

Lagt fram af Gunnari Sólnes hrl. vegna Laugalands:

6 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.

6(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Laugaland, dags. 2.6.2008.

6(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Laugaland, dags. 29.4.2008.

6(3) Örnefnaskrá fyrir Laugaland, skráð af Jóhannesi Óla Sæmundssyni.

6(4) Ljósrit úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

6(5) Ljósrit úr Lýsingu Eyjafjarðar.

Lagt fram af Gunnari Sólnes hrl. vegna Hesjuvalla:

7 Kröfulýsing, dags. 15.6.2008.

7(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hesjuvelli, dags. 7.5.2008.

7(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Laugaland, dags. 21.5.2008.

7(3) Örnefnaskrá fyrir Lögmannshlíð, Glerá og fl., ódags.

7(4) Örnefnaskrá fyrir Hesjuvelli, ódags. en mótt. 19.6.2008.

7(5) Uppdráttur af kröfulínum, dags. 16.5.2008.

7(6) Hornpunktaskrá fyrir Hesjuvelli, ódags. en mótt. 24.7.2008.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Almennings:

8 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.

8(1) Útprentun af færslum fyrir Almenning úr Landskrá fasteigna, dags. 18.6.2008.

8(2) Útprentun af færslum fyrir Almenning af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.

8(3) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum, ódags. en mótt. 4.7.2008.

8(4) Hornpunktaskrá fyrir Bitru, Bitrugerði, Þverá, Ytri-Bægisá, Syðri-Bægisá, Fagranes, Gloppu, Vaskárdal, Almenning, Bakkasel, Garðshorn, Neðri-Rauðalæk, Neðstaland, Miðland, Efstaland, Efstalandskot/Steinsstaði II, Steinsstaði, Engimýri og Geirhildargarða.

8(5) Greinargerð, dags. 14.10.2008.

8(6) Yfirlýsing um landamerki Bakkasels og Almennings í Hörgárbyggð, Silfrastaðaafréttar, Egilsár., Flötutungu og Merkigils í Akrahr., dags. í nóv. 2008.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Bakkasels:

9 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.

9(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Bakkasel, dags. 23.6.2008.

9(2) Útprentun af færslum fyrir Bakkasel (landnr. 152428) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.

9(3) Útprentun af færslum fyrir Bakkasel (landnr. 152427) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.

9(4) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum, ódags. en mótt. 4.7.2008.

9(10) Afsal, samgöngumálaráðherra afsalar Bakkaseli, ásamt eyðibýlinu Gili, til Öxnadalshrepps, dags. 14.12.1967.

9(11) Útprentun af loftmynd sem sýnir legu Bakkasels og Gils, ódags. en móttekið 7.10.2008.

Hornpunktaskrá fyrir Bakkasel og fl., sjá skjal nr. 8(4).

Greinargerð, dags. 14.10.2008. Sjá skjal nr. 8(5).

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Bitru:

10 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.

10(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Bitru, dags. 18.6.2008.

10(2) Útprentun af færslum fyrir Bitru af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.

10(3) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum, ódags. en mótt. 4.7.2008.

Hornpunktaskrá fyrir Bitru og fl., sjá skjal nr. 8(4).

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Bitrugerðis:

11 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.

11(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Bitrugerði, dags. 18.6.2008.

11(2) Útprentun af færslum fyrir Bitrugerði af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.

11(3) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum, ódags. en mótt. 4.7.2008.

Hornpunktaskrá fyrir Bitrugerði og fl., sjá skjal nr. 8(4).

Lagt fram af Sigurði Sigurjónssyni hrl. vegna Skóga:

12 Kröfulýsing, dags. 20.6.2008.

12(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Skóga, dags. 2.6.2008.

12(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Skóga, dags. 16.6.2008.

12(3) Leyfisbréf til handa Álfheiði Ármannsdóttur til setu í óskiptu búi, dags. 18.1.2005.

Lagt fram af Sigurði Sigurjónssyni hrl. vegna Vaskárdals:

13 Kröfulýsing, dags. 15.6.2008.

13(1) Útprentun af færslum fyrir Vaskárdal úr Landskrá fasteigna, ódags.

13(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Vaskárdal, dags. 16.6.2008.

13(3) Afsal Steinunnar Einarsdóttur og Einars H. Einarssonar á 50% Vaskárdals til

Einars S. Valbergssonar, dags. 25.10.2004.

13(4) Afsal Rúts Þorsteinssonar á „afréttarlandi í Vaskárdal“ til Öxnadalshrepps, dags. 22.1.1980.

13(5) Uppdráttur af merkjum, ódags. en mótt. 24.6.2008.

13(6) Kröfulýsing fyrir ½ Vaskárdal f.h. sveitarfélagið Hörgárbyggð, dags. 31.7.2008.

13(7) Greinargerð, dags. 28.9.2008.

13(8) Uppdráttur af merkjum Vaskárdals, ódags. en mótt. 13.10.2008.

Lagt fram af Sigurði Sigurjónssyni hrl. vegna Steðja:

14 Kröfulýsing, dags. 20.6.2008.

14(1) Þinglýsingarvottorð vegna Steðja, dags. 3.6.2008.

14(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Steðja, dags. 16.6.2008.

14(3) Leyfisbréf til handa Álfheiði Ármannsdóttur til setu í óskiptu búi, dags. 18.1.2005.

Lagt fram af Sigurði Sigurjónssyni hrl. vegna Efri-Vindheima:

15 Kröfulýsing, dags. 20.6.2008.

15(1) Þinglýsingarvottorð vegna Efri-Vindheima, dags. 3.6.2008.

15(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Efri-Vindheima, dags. 16.6.2008.

15(3) Afsal Einars H. Einarssonar á Efri-Vinheimum til Sverris B. Sverrissonar, dags. 22.6.2001.

Lagt fram af Sigurði Sigurjónssyni hrl. vegna Neðri-Vindheima:

16 Kröfulýsing, dags. 20.6.2008.

16(1) Þinglýsingarvottorð vegna Neðri-Vindheima, dags. 3.6.2008.

16(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Neðri-Vindheima, dags. 16.6.2008.

16(3) Afsal Arngríms Jóhannessonar á Ási og Neðri-Vindheimum til Sverris B. Sverrissonar, dags. 5.11.1973.

Lagt fram af Sigurði Sigurjónssyni hrl. vegna Áss:

17 Kröfulýsing, dags. 20.6.2008.

17(1) Þinglýsingarvottorð vegna Áss, dags. 3.6.2008.

17(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Ás, dags. 16.6.2008.

17(3) Afsal Arngríms Jóhannessonar á Ási og Neðri-Vindheimum til Sverris B. Sverrissonar, dags. 5.11.1973.

Lagt fram af Sigurði Sigurjónssyni hrl. vegna Brita:

18 Kröfulýsing, dags. 20.6.2008.

18(1) Þinglýsingarvottorð vegna Brita, dags. 3.6.2008.

18(2) Héraðsdómur Norðurlands eystra í eignardómsmáli Baldurs Þorsteinssonar vegna jarðarinnar Bryta í Hörgárbyggð, nr. E-120/2007, dags. 2.3.2007.

18(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Brita, dags. 16.6.2008.

Lagt fram af Sigurði Sigurjónssyni hrl. vegna Áslaksstaða:

19 Kröfulýsing, dags. 19.6.2008.

19(1) Þinglýsingarvottorð vegna Áslaksstaða, dags. 2.6.2008.

19(2) Tilkynning um afsal fyrir ættaróðalinu Áslaksstöðum í Glæsibæjarhreppi, dags. 22.10.1974.

19(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Áslaksstaði, dags. 16.6.2008.
19(4) Uppdráttur af merkjum.

Lagt fram af Sigurði Sigurjónssyni hrl. vegna Krossastaða:
20 Kröfulýsing, dags. 16.6.2008.
20(1) Þinglýsingarvottorð vegna Krossastaða, dags. 3.6.2008.
20(2) Fasteiganmatsvottorð fyrir Krossastaði, dags. 16.6.2008.
20(3) Kaupsamningur og afsal á ¾ hluta Krossastaða, dags. 26.10.1946.
20(4) Afsal á Krossastöðum, dags. 25.7.2007.
20(5) Lýsingar úr riti um bændur í Hörgárbyggð.
20(6) Örnefnalýsing vegna Krossastaða.

Lagt fram af Sigurði Sigurjónssyni hrl. vegna Efri-Rauðalækjar:
21 Kröfulýsing, dags. 20.6.2008.
21(1) Þinglýsingarvottorð vegna Efri-Rauðalækjar, dags. 3.6.2008.
21(2) Fasteiganmatsvottorð fyrir Efri-Rauðalæk, dags. 16.6.2008.
21(3) Afsal á Krossastöðum, dags. 30.12.2002.
21(4) Uppdráttur af merkjum.
21(5) Hornpunkta- /örnefnaskrá fyrir Efri-Rauðalæk.
21(6) Landamerkjadómur um merki milli Hamars og Neðra-Rauðalækjar annars vegar og Lönguhlíðar hins vegar frá 7.4.1970.

Lagt fram af Ólafi Valssyni vegna Hóla:
22 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
22(1) Um uppdrátt og kröfugerð vegna Hóla, dags. 25.8.2008.
22(2) Bréf Ólafs Valssonar og Sifjar Konráðsdóttur til Andra Árnasonar hrl. vegna kröfugerðar ríkisins í þjóðlendumáli–Hóladalur, dags. 1.5.2008.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Neðri Rauðalækjar:
23 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
23(1) Þinglýsingarvottorð vegna Neðri-Rauðalækjar, dags. 18.6.2008.
23(2) Útprentun af færslum fyrir Neðri-Rauðalæk úr Landskrá fasteigna, ódags
23(3) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Þverár:
24 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
24(1) Þinglýsingarvottorð vegna Þverár, dags. 18.6.2008.
24(2) Útprentun af færslum fyrir Þverá úr Landskrá fasteigna, ódags.
24(3) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Syðri-Bægisár:
25 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
25(1) Þinglýsingarvottorð vegna Syðri-Bægisár, dags. 18.6.2008.
25(2) Útprentun af færslum fyrir Syðri-Bægisá úr Landskrá fasteigna, ódags.
25(3) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Fagraness:
26 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
26(1) Þinglýsingarvottorð vegna Fagraness, dags. 18.6.2008.

26(2) Útprentun af færslum fyrir Fagranes úr Landskrá fasteigna, ódags.
26(3) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Geirhildargarða:
27 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
27(1) Þinglýsingarvottorð vegna Geirhildargarða, dags. 18.6.2008.
27(2) Útprentun af færslum fyrir Geirhildargarða úr Landskrá fasteigna, ódags.
27(3) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Engimýrar:
28 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
28(1) Þinglýsingarvottorð vegna Engimýrar, dags. 18.6.2008.
28(2) Útprentun af færslum fyrir Engimýri úr Landskrá fasteigna, ódags.
28(3) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Garðshorns:
29 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
29(1) Þinglýsingarvottorð vegna Garðshorns, dags. 18.6.2008.
29(2) Útprentun af færslum fyrir Garðshorn úr Landskrá fasteigna, ódags.
29(3) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Efstalands:
30 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
30(1) Þinglýsingarvottorð vegna Efstalands, dags. 18.6.2008.
30(2) Útprentun af færslum fyrir Efstaland úr Landskrá fasteigna, ódags.
30(3) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Gloppu:
31 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
31(1) Þinglýsingarvottorð vegna Gloppu, dags. 18.6.2008.
31(2) Útprentun af færslum fyrir Gloppu úr Landskrá fasteigna, ódags.
31(3) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Neðstalands:
32 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
32(1) Þinglýsingarvottorð vegna Neðstalands, dags. 18.6.2008.
32(2) Útprentun af færslum fyrir Neðstaland úr Landskrá fasteigna, ódags.
32(3) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Efstalandskots, Steinsstaða og Steinsstaða II:
33 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
33(1) Þinglýsingarvottorð vegna Steinsstaða, dags. 18.6.2008.
33(2) Þinglýsingarvottorð vegna Steinsstaða II, dags. 18.6.2008.
33(3) Þinglýsingarvottorð vegna Efstalandskots, dags. 18.6.2008.
33(4) Útprentun af færslum fyrir Steinsstaði úr Landskrá fasteigna, ódags.
33(5) Útprentun af færslum fyrir Steinsstaði II úr Landskrá fasteigna, ódags.
33(6) Útprentun af færslum fyrir Efstalandskot úr Landskrá fasteigna, ódags.
33(7) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum.
33(8) Landamerki Steinsstaða í Öxnadal í Þverárdal, dags. 25.6.2008.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Ytri-Bægisár I og Ytri-Bægisár II:

34 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
- 34(1) Þinglýsingarvottorð vegna Ytri-Bægisár I, dags. 18.6.2008.
- 34(2) Þinglýsingarvottorð vegna Ytri-Bægisár II, dags. 18.6.2008.
- 34(3) Útprentun af færslum fyrir Ytri-Bægisá I úr Landskrá fasteigna, ódags.
- 34(4) Útprentun af færslum fyrir Ytri-Bægisá II úr Landskrá fasteigna, ódags.
- 34(5) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum.

Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. vegna Vagla:

35 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
- 35(1) Þinglýsingarvottorð vegna Vagla, dags. 30.6.2008.
- 35(2) Útprentun af færslum fyrir Vaglir úr Landskrá fasteigna, ódags.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

36 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, dags. 20.5.2009.

Lagt fram af málsaðilum:

37 Yfirlitskort, mælikvarði 1:50.000 í A2. Mál nr. 3/2008. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 5.6.2009.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

38
- 38(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 25.8.2008.
- 38(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 31.8.2008.
- 38(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 16.9.2008.
- 38(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 13.10.2008.
- 38(5) Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 10.11.2008.
- 38(6) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 2.12.2008.
- 38(7) Fundargerð endurupptöku, dags. 5.6.2009.

39 Kort og útprentanir af loftmyndum sem sýna vatnaskil Skagafjarðar og Eyjafjarðar, ásamt minnisblaði frá Esther H. Jensen sérfr. hjá Vatnamælingum, dags. 28.1.2008.
- 39(1) Nánari skilgreining á nokkrum atriðum varðandi vatnaskil og upptök nokkurra vatnsfalla í Skagafirði og Eyjafirði, dags. 29.5.2009.

Hliðsjónargögn:

Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1964. Austur-Húnavatnssýsla, bls. 6–7.

Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1969. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 102–103.

Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1990. Fjalllendi Eyjafjarðar að vestanverði, frá Almenningsnöf að Öxnadalsheiði, bls. 198–203.

Ónr. Árbók Þingeyinga 1965. VIII árg., bls. 66–69.

Ónr. Byggðir Eyjafjarðar II. b., bls. 194, 238, 250, 292, 300–301, 305, 321, 326, 330, 334 og 336–341.

Ónr. Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985, bls. 97.

Ónr. Eyfirðingarit I. Lýsing Eyjafjarðar fyrri hluti, bls. 14–17.

Ónr. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenzka bókmenntafélags 1839–1854, bls. 27, 192–193.
Ónr. Göngur og réttir IV. b., bls. 128–131, 146–149, 152–153, 174–181, 188–191 og 252–257.
Ónr. Húnaþing I. b., bls. 2–3.
Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X. b., bls. 151–164, 198, 211–212, 217–222, 227–229, 231–233, 235–238, 242–244, 252–255, 258–262, 265–267, 269–270, 273–278, 280, 288 og 299
Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI. b., bls. 83–84.
Ónr. Útdráttur úr uppskrift Þjóðskjalasafns Íslands á Jarðamati A-Húnavatnssýslu 1849–50 og Eyjafjarðarsýslu 1849.
Ónr. Íslenzk fornrit I. b. Íslendingabók, Landnámabók síðari hluti, bls. 250–253, 256–259, 264–267 og 268–273.
Ónr. Ritsafn Þingeyinga II. b. Lýsing Þingeyjarsýslu I., bls. 13, 57, 122–123 og 148–149.
Ónr. Skagfirðingabók. Rit sögufélags Skagfirðinga XI. árg., bls. 10–11.
Ónr. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenzka bókmenntafélags. Þingeyjarsýslur 1839–1844, án bls.nr.

Skjöl lögð fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar, dags. 3.6.2004.
Ónr. Skýrslur í máli nr. 3/2008 hjá óbyggðanefnd, (6 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).

Skjöl lögð fram til upplýsingar fyrir lögmenn:

Skýringar um þau gögn er þegar hafa verið könnuð hjá Þjóðskjalasafni Íslands, ódags. en lagt fram við 1. fyrirtöku.

Samantekt úr Dómabókagrunni Þjóðskjalasafns Íslands. Skrá yfir gögn um jarðir á kröfulista fjármálaráðuneytis, úr dómabókum sem spanna árin 1694–1950. Öxnadals-, Öngulstaða-, Saurbæjar-, Glæsibæjar- og Hrafnagilshreppar í Eyjafjarðasýslu.

Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. um gagnaöflun óbyggðanefndar, dags. 5.6.2007.

Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007 ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl gætu verið varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.

Efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. „Heimildaskráning jarða“, fyrir Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu.

ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 4/2008

Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár

ÓBYGGÐANEFND

19. júní 2009

EFNISYFIRLIT

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 485
2 MÁLSMEÐFERÐ 485
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 485
2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar 486
2.3 Lýstar kröfur og kynning 487
2.4 Mál nr. 4/2008, Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár 487
3 KRÖFUGERÐ 489
3.1 Kröfur íslenska ríkisins 489
3.2 Kröfur Akrahrepps vegna Silfrastaðaafréttar 489
3.3 Kröfur Kristínar Guðmundsdóttur o.fl. vegna Egilsár 490
3.4 Kröfur Einars Gunnarssonar vegna Flatatungu 490
3.5 Kröfur Ástu Jónsdóttur o.fl. vegna Merkigils 490
3.6 Kröfur Árna Bjarnasonar o.fl. vegna Ábæjar og Nýjabæjar 491
3.7 Kröfur Borgþórs Braga Borgarssonar o.fl. vegna Hofs, vesturhluta Hofsafréttar og austurhluta Hofsafréttar 491
3.8 Kröfur Guðrúnar Bjarnadóttur vegna Lambatungna 492
3.9 Kröfur Lífsvals ehf. vegna Þorljótsstaðarunu 492
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 494
4.1 Inngangur 494
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 494
4.3 Vettvangsferð 495
4.4 Skýrslutökur 495
5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA 496
5.1 Landnám og saga 496
5.1.1 Sýslumörk 496
5.2 Silfrastaðir og Silfrastaðaafréttur 497
5.3 Egilsá 506
5.4 Flatatunga 508
5.5 Merkigil 510
5.6 Ábær 512
5.7 Nýibær 515
5.8 Hof 518
5.8.1 Gil (Giljar) 521
5.9 Þorljótsstaðir – vegna Þorljótsstaðarunu 523
5.10 Afréttir og afréttarnot 525
5.10.1 Almennt 525
5.10.2 Silfrastaðaafrétt 527
5.10.3 Nýjabæjarafrétt 530
5.10.4 Lambatungur 536
5.10.5 Hofsafrétt 537
5.10.6 Fornbýli á Vesturdal - Hraunþúfuklaustur 543
6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR 546
6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði 546
6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar 546
6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum 546
6.2 Landnám 547
6.3 Silfrastaðaafréttur 547
6.3.1 Inngangur 547

6.3.2 Sjónarmið aðila 548
6.3.3 Niðurstaða 549
6.4 Egilsá, Flatatunga, Merkigil og Ábær 555
6.4.1 Inngangur 555
6.4.2 Sjónarmið aðila 555
6.4.3 Niðurstaða 556
6.5 Nýibær, Nýjabæjarafréttur og Fjöllin 562
6.5.1 Inngangur 562
6.5.2 Sjónarmið aðila 562
6.5.3 Niðurstaða 566
6.6 Hof, Hofsafréttur og Lambatungur 575
6.6.1 Inngangur 575
6.6.2 Sjónarmið aðila 576
6.6.3 Niðurstaða 579
6.7 Þorljótsstaðaruna 591
6.7.1 Inngangur 591
6.7.2 Sjónarmið aðila 591
6.7.3 Niðurstaða 592
6.8 Um málskostnað 596
7 ÚRSKURÐARORÐ 598

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn 19. júní 2009 er tekið fyrir mál nr. 4/2008, Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Benedikt Bogason.

Aðilar málsins eru:[959]
Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.
(Andri Árnason hrl.)
Akrahreppur vegna Silfrastaðaafréttar.
Kristín Guðmundsdóttir og fleiri vegna Egilsár.
Einar Gunnarsson vegna Flatatungu.
Ásta Jónsdóttir og fleiri vegna Merkigils.
Borgþór Bragi Borgarsson, Guðrún Björk Baldursdóttir vegna Hofs, vesturhluta Hofsafréttar og austurhluta Hofsafréttar.
Anna Lísa Wiium Douieb, Arnþór B. Traustason, Gísli Heiðar Jóhannsson, Hlynur Unnsteinn Jóhannsson og Þórey Helgadóttir vegna austurhluta Hofsafréttar.
(Ólafur Björnsson hrl.)
Árni Bjarnason og fleiri vegna Ábæjar og Nýjabæjar.
(Friðbjörn Garðarsson hdl.)
Lífsval ehf. vegna Þorljótsstaðarunu.
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
Guðrún Bjarnadóttir vegna Lambatungna.
(Þórður Clausen Þórðarson hrl.)

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

j) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
k) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.

[959] Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

l) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 29. mars 2007, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á vestanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið sjöunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, var Eyjafjarðarsýsla öll, Skagafjarðarsýsla öll og Austur-Húnavatnssýsla austan Blöndu, auk Hofsjökuls. Í bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3. október 2007, var vísað til nýlegra dóma og úrskurða og þeirri fyrirspurn komið á framfæri hvort kröfugerð ríkisins myndi að meira eða minna leyti byggja á sambærilegum málsgrundvelli og í tilvikum Esju og Smjörfjalla. Væri það mat fjármálaráðherra taldi óbyggðanefnd óhjákvæmilegt að fresta umfjöllun um viðkomandi hluta af svæði 7 þar til umrædd afstaða dómstóla lægi fyrir. Í kjölfarið var þess farið á leit fyrir hönd fjármálaráðherra að umfjöllun um svæði 7 yrði skipt þannig að einungis syðri hluti svæðisins yrði til meðferðar nú. Óbyggðanefnd féllst á þessa beiðni fjármálaráðherra með bréfi, dags. 28. desember 2007. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A). Nyrðri hluti hins upphaflega svæðis nefnist nú vestanvert Norðurland, nyrðri hluti (7B).

Landsvæðið vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), afmarkast svo: Norðurmörk fylgja norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps og Seyluhrepps, Norðurá og Norðurárdal, Öxnadalsheiði og Öxnadalsá þar til hún fellur í Hörgá og Hörgá til ósa. Austurmörk miðast við Fnjóská frá ósum þar til hún sker sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar að austan. Þeim mörkum er fylgt til suðurs í Fjórðungakvísl. Suðurmörk fylgja suðurmörkum Eyjafjarðarsveitar og suðurjaðri Hofsjökuls, þar sem jafnframt eru norðurmörk svæða 1 og 3 hjá óbyggðanefnd. Vesturmörk miðast við Blöndu, frá norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps til upptaka í Blöndujökli í Hofsjökli.

Fjármálaráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. desember 2007 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akrahrepps, Fjallabyggðar, Dalvíkurbyggðar, Arnarneshrepps, Hörgárbyggðar, Akureyrarkaupstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grýtubakkahrepps og Þingeyjarsveitar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 28. febrúar 2008 og síðar til 14. mars sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi, syðri hluta, bárust 14. mars 2008. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 28. mars 2008, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Í apríl 2008 barst óbyggðanefnd leiðrétting fjármálaráðherra á þeirri afmörkun umfjöllunarsvæðis sem fram kom í kröfulýsingunni 14. mars en þjóðlendukröfusvæðið stóð óbreytt. Tilkynning um hina leiðréttu afmörkun var birt í Lögbirtingarblaðinu 30. apríl 2008. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 30. júní 2008. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki, Blönduósi, Húsavík og Akureyri, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík (aðeins mál nr. 1/2008), Sauðárkróki, Blönduósi og á Akureyri, frá 18. júlí til og með 18. ágúst 2008, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 25. ágúst 2008. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í tveimur hlutum og þrjár kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti bárust 107 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

2.4 Mál nr. 4/2008, Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2008, Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðarár ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal; mál nr. 2/2008, Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár; mál nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár; mál nr. 4/2008, Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár, og mál nr. 5/2008, Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár, ásamt Hofsjökli.

Mál nr. 4/2008 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 25. ágúst 2008. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þeir Kristján Torfason, formaður, Allan V. Magnússon og Benedikt Bogason. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Einnig var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Loks var farið yfir fyrirkomulag vettvangsferðar.

Við aðra fyrirtöku málsins, 31. ágúst til 1. september 2008, var farið í vettvangsferð, sjá nánar í köflum 4.3. og 4.4.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 16. september 2008, var farið yfir lista vegna þeirra jarða og landsvæða sem fallið höfðu út fyrir ágreiningssvæði málsins við breytingar á kröfulínu ríkisins sem fram komu í greinargerð, dagsettri 25. ágúst. Þá var gagnaðilum ríkisins veittur frestur til 13. október 2008 til skila á greinargerðum.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 13. október 2008, voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins og frekari gögn.

Við fimmtu fyrirtöku, 10. nóvember 2008, voru fleiri gögn lögð fram og farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar.

Aðalmeðferð fór fram 2. desember 2008, á Löngumýri í Skagafirði, og fólst í skýrslutökum og munnlegum málflutningi, sjá nánar í köflum 4.3. og 4.4. Við málflutning kom m.a. fram að lögmenn teldu ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Var málið tekið til úrskurðar að loknum málflutningi.

Loks var málið endurupptekið 5. júní 2009 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3 KRÖFUGERÐ[960]

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. meðfylgjandi kröfukort: „Upphafspunktur er við sýslumörk á Öxnadalsheiði þar sem lokapunktur var í máli nr. 3/2007 (1). Þaðan er Heiðará fylgt til vesturs þar til Króká fellur í Heiðará (2). Síðan er Krókárdal fylgt til suðurs í botn Ernidals (3). Þaðan er haldið til austurs að upptökum Lambár (4). Úr punkti 4 er haldið til suðvesturs til upptaka Merkidalsár (5). Þaðan er haldið til suðurs í botn Ábæjar- og Miðhúsadals (6). Þaðan er haldið til botns Tinnár- og Nýjabæjardals (7). Síðan er fylgt brúnum (800 metra hæðarlína) í sunnanverðum Nýjabæjardal um Geldingaskarð og vestan Sandafells beina stefnu suður í Jökulsá austari vestan við Hvítármúla (8). Frá þeim stað er haldið í botn Keldudals (9), en síðan til vesturs í Stafnvatnahæð (10). Þaðan til vesturs í Hofsá (þar sem Runukvísl rennur í Hofsá) (11), þaðan er haldið með austurmerkjum Reits (Bakkakots) allt að suðurmörkum við botn Fossgils (12). Frá þeim punkti liggur línan til vesturs í Fremri Hraunlæk í landi Goðdæla (13), sem er lokapunktur.

Til vara er kröfulínan milli punkta nr. 7 og 8 dregin „úr botni Tinnár- og Nýjabæjardals (7), er haldið beint til suðurs í punkt þar sem að Keldudalsá fellur í Austari-Jökulsá vestan við Hvítármúla (8)“.

3.2 Kröfur Akrahrepps vegna Silfrastaðaafréttar

Þess er krafist aðallega að viðurkenndur verði að beinn eignarréttur að öllu landi sem tilheyrir afréttinum og að viðurkennt verði að landamerki afréttarlandsins séu eins og merkjunum er lýst í landamerkjabréfi fyrir Silfrastaði sem dagsett er 31. mars og þinglýst 22. maí sama ár: „[…] fram í botn á Víkingsdal. Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði, þar sem vötnum fyrst hallar vestur af heiðinni. Þaðan beina línu um Tjaldhól í Kaldbaksá, er ræður merkjum fram í botn á Kaldbaksdal, austan við Kinnar (pkt. 14). Þá yfir fjall í Krókárdalsbotn, fyrir sunnan Austurgil (pkt. 15). Þaðan yfir fjall í Ernidalsbotn (pkt. 16). Ræður svo Ernidalsá ofan til þess, er hún fellur í Króká (pkt. 17). Þá ræður Króká ofan í Norðurá og síðan Norðurá ofan til þess, er Valagilsá fellur í hana“.

Landeigandi krefst þess til vara að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur hans í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

---

[960] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna eftirtalinna jarða: Borgargerði, Úlfsstaðapartur, Gullreitur, Krókárgerði, Gilsbakki og Þorljótsstaðir. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum, enda hafa málsaðilar gert sátt um fullnaðargreiðslu á lögmannskostnaði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.3 Kröfur Kristínar Guðmundsdóttur o.fl. vegna Egilsár

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Egilsár hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi, sbr. landamerkjabréf fyrir Egilsá frá 16. maí 1885 sem þinglýst var 31. júní sama ár: „Að austan, milli Egilsár og Borgargerðis, ræður svonefnt Geldingsgil, glöggt ofan af háfjalli, niður til Norðurár (pkt. 2); að norðan, frá nefndu Geldingsgili til Egilsdalsár, ræður Norðurdalsáin; að vestan og sunnan ræður Egilsdalsáin frá Norðurá (pkt. 1) alla leið til upptaka og svo háfjallið milli Egilsdalsins og Norðurárdalsins (pkt. 4, 5 og 6), norðvestur í áðurnefnt Gelding[s]gilsskarð (pkt. 3). Ítak jörðin Flatatunga og hjáleigan Tungukot eiga tollfrían upprekstur á Egilsdalinn, en kosti að hálfu við Egilsá refaeyðingu.“

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.4 Kröfur Einars Gunnarssonar vegna Flatatungu

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Flötutungu hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi, sbr. landamerkjabréf fyrir Flötutungu sem var útbúið þann 24. maí 1886 og þinglýst tveimur dögum síðar: „Að austan. Egilsdalsáin ræður alla leið frá upptökum til þess hún er fallin í Norðurá, svo að Flatatunga á allan svonefndan Tungudal. […] Að sunnan […] Frá nefndri Eiríkshnjúksöxl, ræður Fjallauðn í suður og austur, milli Tungudals og Bakkadals til þess komið er fyrir upptök Egilsdalsárinnar. Ítök. Jörðin Flatatunga og hjál. Tungukot, eiga tollfrýan upprekstur í Egilsdal […]“.

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.5 Kröfur Ástu Jónsdóttur o.fl. vegna Merkigils

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Merkigils hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu þessi, sbr. landamerkjabréf nr. 14, frá 24. maí 1884: „Að norðanverðu ræður

Merkigil og Merkigilsá, að norðaustan Merkigilsá til fremstu upptaka, að austan háfjöllin frá Merkigilsárupptökum til Miðhúsadalsbotns og upptaka Ábæjarár, að sunnan ræður Ábæjará í Jökulsá og að vestanverðu Jökulsáin.“

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.6 Kröfur Árna Bjarnasonar o.fl. vegna Ábæjar og Nýjabæjar

Aðalkrafa landeigenda er, að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á sameinuðu landi jarðanna í samræmi við merkjalýsingu framlagðs landamerkjabréfs Ábæjar auk landamerkjalýsingar í kaupbréfi Nýjabæjar frá árinu 1464, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

„Úr Ábæjarárósi við Jökulsá eystri (punktur 1) og með Ábæjará í efstu upptök hennar á sýslumörkum (punktur 2) þaðan liggja landamerki á sýslumörkum, sem skipta Syðra-Urðarvatni hér um bil í tvennt og allt að drögum nyrðri upptakakvíslar Geldingsár (punktur 3). Þaðan eru merkin dregin því sem næst í hásuður um drög syðri upptakakvíslar Geldingsár (punktur 4) og beint í Jökulkvísl (punktur 5). Þaðan liggja merkin með Jökulkvísl allt að upptökum hennar í Hofsjökli (punktur 6). Þaðan liggja merkin með jaðri Hofsjökuls þar til komið er að upptökum Jökulsár eystri (punktur 7) og þaðan liggja merkin í Jökulsánni að punkti 1.“

Til vara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áður lýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.7 Kröfur Borgþórs Braga Borgarssonar o.fl. vegna Hofs, vesturhluta Hofsafréttar og austurhluta Hofsafréttar

Krefjendur beins eignarréttar að Hofi, vesturhluta Hofsafréttar og austurhluta Hofsafréttar gera sameiginlega þær kröfur í málinu að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Hofs hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar og þinglýstir eigendur Hofs, Gils, Bjarnastaðahlíðar, Litlu-Hlíðar og Tunguháls II hafi beinan eignarrétt að þeim hlutum Hofsafréttar sem þessum eignum tilheyri. Þess er krafist að viðurkennt verði að landamerki landsvæðisins séu eftirfarandi, skv. landmerkjabréfi sem var útbúið þann 24. maí 1886 og þinglýst degi síðar, þó þannig að land Þorljótsstaða, Lambatungna og Reits sé undanskilið:

„Hof á land allt í tungum í milli Jökulsár að vestan og Hofsár að austan og fram til Hofsjökuls. [...] Ennfremur á Hof það ítak í landið fyrir austan Hofsá, þ.e. í Giljaland [...] grasatekju í landi þessu austan Hofsár [...] Litlahlíð á frían geldfjárupprekstur í Giljaland en ekki yfir Hofsá í Hofsland. Engin ítök í landið.“

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.8 Kröfur Guðrúnar Bjarnadóttur vegna Lambatungna

Þess er krafist að öllum kröfum ríkisins innan marka Lambatungna verði hafnað og viðurkennt verði að þinglýstur eigandi Lambatungna eigi fullkominn og beinan eignarrétt að landinu samkvæmt þinglýstum eignarheimildum. Allt land Lambatungna sé innan kröfulínu ríkisins um þjóðlendu og liggi: „á milli Fossár og Hraunþúfuár og markast af þeim að sunnan, norðan og vestan, en að austan af Hofsá“.

Verði hins vegar talið að einhver hluti svæðisins teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnota- og hagnýtingarréttur að þeim svæðum svo sem verið hefur og kann að verða, þar með talin réttur til beitar búfénaðar og annarrar hagnýtingar gróðurs og til veiða.

Til vara gerir þinglýstur eigandi Lambatungna kröfu um að halda öllum þeim rétti sem hún á og hefur átt skv. lögum, venju og hefð til náttúrlegra auðlinda innan landsvæðisins.

Jafnframt er þess krafist að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða að skaðlausu allan málskostnað skv. framlögðu málskostnaðaryfirliti.

3.9 Kröfur Lífsvals ehf. vegna Þorljótsstaðarunu

Sú krafa er gerð að hafnað verði öllum kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendur í Þorljótsstaðarunu og að viðurkennt verði að allt land innan þinglesinna merkja sé eignarland en ekki þjóðlenda. Kröfusvæðið afmarkast svo með vísan til merktra punkta á uppdrætti:

„Frá Illagilslæk er hann rennur í Runukvísl (punktur 1) og eftir honum þar sem hann rennur um Illagil og fellur úr Stafnsvatni (punktur 2), þá úr upptökum Illagilslækjar beina línu norðnorðaustur í Stafnsvatnshæð (punktur 3), þaðan beina línu eftir hæðinni eins og hún nær (punktur 4), þaðan beina línu niður á Neðri-bakka við Runukvísl (puntur 5) á móts við árssprænu sem liggur austan Bleikálukvíslar. Þaðan liggja merkin eftir Runukvísl niður að mótum Illagilslækjar og Runukvíslar (punktur 1).“

Þá er krafist málskostnaður úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og að við ákvörðun málskostnaðarins verði haft mið af gjaldskrá lögmanns málsaðilans.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-21 ásamt undirskjölum eða samtals 292 skjöl, auk 24 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins sunnudaginn 31. ágúst og mánudaginn 1. september 2008 í fylgd með lögmönnum og nokkrum málsaðilum sem önnuðust leiðsögn. Í sömu ferð var vettvangur í málum nr. 1, 2 og 3/2008 einnig skoðaður en hér verður aðeins vikið að þeim hluta ferðarinnar sem snýr að máli nr. 4/2008.

Fyrri daginn var ekið frá Akureyri í góðu skyggni upp á Öxnadalsheiði eftir legu þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins milli punkta nr. 1 og 2 og kröfusvæði vegna Silfrastaðaafréttar skoðað sem og mörk afréttarins við Krókárdal.

Ekið var um Varmahlíð suður veg nr. 752, Skagafjarðarveg. Við Goðdali var ekið austur inn á veg nr. 758, Austurdalsveg, og hann ekinn suður að Skatastöðum. Farið var í kláfi yfir Austari Jökulsá. Austan ár fóru heimamenn yfir staðhætti og sást inn að punkti nr. 8 í kröfugerð íslenska ríkisins um þjóðlendu. Skyggni var mjög gott og sást vel inn Austurdal. Farið var inn að Ábæ. Ekið var til baka til Akureyrar þar sem ferðinni lauk.

Seinni daginn var ekið frá Akureyri suður eftir vegi nr. F821, Eyjafjarðarleið vestari, og ekið inn á ágreiningssvæði vegna Nýjabæjar og Ábæjar. Við Lambalækjardrög var ekinn slóði til norðurs að leitamannakofanum Grána þar sem heimamenn sýna hvar þeir telji mörk milli Austurdals og Fjallanna liggja. Að því loknu var slóðinn ekinn til baka og vegur nr. F821 ekinn vestur að Laugafelli. Ekið var til vestur frá Laugafelli, í slæmu skyggni, eftir vegi nr. F752, Skagafjarðarleið að Bleikáluhálsi. Ekið var suður fyrir Bleikáluháls og litið til farvegs Bleikálukvíslar sem sögð var liggja á mörkum Hofs eða Lambatungna og austurhluta Hofsafréttar. Ekki sást yfir á kröfusvæði vegna Lambatungna og Hofs vegna slæms skyggnis. Að því loknu var ekið til baka út á veg nr. F752 og út Vesturdals til Varmahlíðar þar sem ferðinni lauk.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Þórarinn Magnússon, Frostastöðum í Skagafirði, mættur vegna Silfrastaðaafréttar; Agnar H. Gunnarsson, Miklabæ. Oddviti Akrahrepps; Einar Gunnarsson, Flatatungu; Rögnvaldur Ólafsson, Flugumýrarhvammi, mættur vegna Ábæjar og Nýjabæjar; Gísli Frostason, Varmahlíð, mættur vegna Ábæjar og Nýjabæjar; Gísli Jóhannsson, Bjarnastaðahlíð, mættur vegna Austurhluta Hofsafréttar; Borgþór Borgarsson, Hofsvöllum, mættur vegna Hofsafréttar

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu getur varðað, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Er þar að mestu fylgt tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarmálum á svæðinu almennt.[961]

5.1 Landnám og saga

Eftir frásögn Landnámu var eitt stærsta landnám á Íslandi í Skagafirði. Er það eignað Eiríki Hróaldssyni en hann nam land frá Gilá [Gljúfurá] um Goðdali alla og ofan til Norðurár.[962] Bjó hann að Hofi í Goðdölum. Annar landnámsmaður í firðinum var Önundur vís er nam land upp frá Merkigili, en eystra dal allt fyrir austan. Síðan segir *Landnáma*:

> En þá er Eiríkr vildi til fara at nema dalinn allan alt fyrir vestan þá felldi Önundr blótspán[963] til, at hann skyldi verða víss, hvern tíma Eiríkr mundi til fara at nema dalinn, ok varð þa Önundr skjótari ok skaut yfir ána með tundröru ok helgaði sér svá land fyrir vestan ok bjó milli á.[964]

Einnig mun maður að nafni Tungu-Kári hafa numið land í Skagafirði. Landnám hans var á milli Norðurár og Merkigils og settist Kári að í Flatatungu. Í *Landnámu* segir: „Frá honum eru Silfrstæðingar komnir“[965].

Annar landnámsmaður í firðinum var Þorbrandur örrek. Nam hann land upp frá Bólstaðará Silfrastaðahlíð alla og Norðurárdal allan fyrir norðan. Við hann er kennd Ørreksheiði[966] upp frá Hökustöðum. Þorbrandur bjó að Þorbrandsstöðum.[967]

5.1.1 Sýslumörk

Eggert Briem sýslumaður í Skagafjarðarsýslu samdi lýsingu á sýslunni á s.hl. 19. aldar. Þar kemur fram að suðurmörk sýslunnar séu fram á öræfi. Í lýsingunni segir ennfremur:

---

[961] Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 18. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.
[962] Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 231.
[963] At fella blótspán var að leita frétta með einhvers konar hlutkesti, þar sem notaðir voru merktir spænir sem helgaðir höfðu verið á einhvern hátt. Sjá Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 234. (Sturlubók)
[964] Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 231 og 233-234. (Sturlubók). Önundur hefur numið Austurdal, a.m.k. austan Jökulsár og e.t.v. einnig vestan ár, ef treysta má sögn Landnámu sem virðist æði þjóðsagnakennd. Sjá Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 234. (Sturlubók).
[965] Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 234.
[966] Jakob Benediktsson taldi Öreksheiði sennilega hið sama og Hörgárdalsheiði.
[967] Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 234. (Sturlubók). Fullvíst er talið að landnámsjörðin Þorbrandsstaðir sé sami bær og nefndur hefur verið Ytri-Kot síðustu tvær aldirnar. Samkvæmt þessu hefur landnám Þorbrands náð neðan frá Bóluá upp um Norðurárdal norðan Norðurár, yfir lönd Silfrastaða, Ytri-Kota og Fremri-Kota. Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* IV-Akrahreppur. Sauðárkrókur. 2007, bls. 421.

> Mælifell á og allmikið land til fjalla. Fram og upp undan staðnum stendur Mælifellshnjúkur, er hæst fjall er í þessum fjallgarði. Þar fyrir framan liggur Hofsafrétt. Fjalllendi það, er liggur fyrir framan byggð í Skagafirði, og takmarkar sýsluna að sunnan, er Hofsjökull, er öðru nafni heitir Arnarfellsjökull.
>
> Að austan liggur Eyjafjarðarsýsla, og myndar takmörkin fjallgarður, er gengur norður eftir nesi því, er liggur milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, og endar við Almenningsnöf. Einn hluti þessa fjallgarðs er Myrkárjökull, og nokkru norðar Unadalsjökull; liggja sýsluskilin fyrir austan hann.[968]

Halldór Jónsson skrifar um takmörk Húnavatnsþings sem eru svohljóðandi á móts við Skagafjörð:

> Að austan liggja sýslumörkin sem næst vatnaskilum þeim, er verða á fjallgarðinum milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslna, frá Deildarhamri á Skaga að Einarsdal. Þaðan ræður Svartá upptökum, síðan sjónhending í upptök Strönguvíslar austan Sátu við Hofsjökul. Sú vegalengd er um 140 km að sjónmáli.[969]

5.2 Silfrastaðir og Silfrastaðaafréttur

Hér verða raktar heimildir um Silfrastaði í Akrahreppi, einkum með tilliti til Silfrastaðaafréttar. Í kafla 5.10 er fjallað nánar um afrétti og afréttarnot, meðal annars á Silfrastaðaafrétti, sjá einkum kafla 5.10.2.

Í Landnámu segir að Tungu-Kári sem bjó í Flatatungu, hafi verið ættfaðir „Silfrstæðinga“.[970]

Getið er um rekaeign kirkjunnar á Silfrastöðum í máldagabók Auðuns biskups rauða frá 1318.[971] Það sama á við í máldaga frá 1344 úr registri Egils biskups Eyjólfssonar.[972] Í máldagabók Péturs biskups Nikulássonar frá 1394 og síðar er sem fyrr getið rekaeignar Silfrastaðakirkju en við hefur bæst jörðin Hökustaðir[973] sem kirkjan fékk að gjöf.[974] Hvorki er getið jarðeigna né ítaka Silfrstaðakirkju í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar.[975]

Einar Þorleifsson seldi Bessa Einarssyni jörðina Héraðsdal fyrir Silfrastaði með kaupgerningi sem fram fór 25. mars 1448. Að sögn Bessa fylgdi jörðin Egilsá kirkjunni en ef hún yrði ekki eign kirkjunnar lofaði hann að gjalda hálfvirði hennar í

---

[968] Eggert Briem, „Sýslulýsing yfir Skagafjarðarsýslu 1863-72“, *Skagfirðingabók* XI (1982), bls. 10.
[969] Halldór Jónsson, „Húnavatnsþing“, *Húnaþing* I, [Án útgáfustaðar], 1975, bls. 3.
[970] Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 234.
[971] DI II, bls. 462, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[972] DI IV, bls. 11, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[973] Hökustaðir eru vafalaust sami bær og Fremikot. Sjá neðanmálsgrein útg. Landnámu; Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 235.
[974] DI III, bls. 519, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[975] DI V, bls. 296, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

peningum.[976] Finnbogi Jónsson lögmaður útnefndi tylftardóm á alþingi 30. júní 1502, til að skoða og dæma þau bréf og skilríki Gríms Pálssonar um skóginn í Skógartungum fyrir ofan og neðan reiðgötur. Bréfin og skilríkin sem Grímur framvísaði sýndu að umræddur skógur hafði fylgt Silfrastöðum. Hann hefði verið í hennar eigu og fyrst verið haldinn af Sigmundi Einarssyni um 20 ár eða lengur átölulaust, svo af Margréti Vigfúsdóttur, konu Þorvarðs Loftssonar, á meðan hún átti og loks af Páli Brandssyni meðan hann hélt Silfrastaði. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að Grímur mætti halda umræddum skóg.[977] Hallótta Þorleifsdóttir fékk Silfrastaði, hundrað hundruð að dýrleika, í sinn hlut samkvæmt skiptabréfi eftir þá feðga Þorleif Grímsson og Grím Þorleifsson sem bréfað var 2. september 1560.[978] Í skiptabréfi eftir Þorleif Grímsson, frá 5. júlí 1569, eru hálfir Silfrastaðir sagðir 60 hundruð að dýrleika.[979] Hallotta Þorleifsdóttur fékk í sinn hlut hálfa Silfrastaði, 60 hundruð að dýrleika, í skiptum sem fram fóru 2. september 1569 eftir Þorleif Grímsson á milli barna hans frá seinna hjónabandi.[980] Guðbrandur biskup Þorlákssson gerir athugasemd við annað skiptabréf eftir Þorleif Grímsson, sem talið er frá 2. september 1569, en aftan á bréfið er eftirfarandi klausa:

> Hier helld eg Silfrastade ½ lx hndr. med halfum Kotum og af þui er su jord ecki nefnd. og ecki helldur fremre Kot. þuiat þad er kirkiu eign. Þesse nedre Kot atti Ormur half. med Silfrastodum. enn Hallotta half med halfum Silfrastodum. [981]

Þann 5. nóvember 1580 afhenti Jón Jónsson Gunnlaugi Ormssyni jarðirnar Leyning og Villingadal í Eyjafirði, Ystuvík og hálfan Jökul. Þetta var í samræmi við samkomulag sem kvað á um að í staðinn fengi Jón hálfa Silfrastaði, Egilsá og Þorbrandsstaði.[982]

Jón Sigurðsson lögmaður dæmdi um lambarekstur og toll í Silfrastaðaafrétt þann 27. september 1611:

> [...] dæmdum vier med fullu doms adkuædi, alla buendur i Saugdu takmarki, þa sem x lomb eiga e[ð]a þadann af fleyre skyllduga ad reka sin lomb i fyrrnefnda Sylfrastada afriett, epter logmalinu og giallda lambatoll epter þvi sem bijvijsast ad gomlum vana vid hafa hver einn um s[i]c. Enn gielldfie skal þangad ecke rekast, nema þeirra sem med Brefum eda maldogum bevisa laga jtolu, Enn hvad margt fie afriettinn ma bera sie under xij Bænda virdingu oc

[976] DI V, bls. 25, sbr. skjal nr. 2 (B.1) og skjal nr. 2(33) a-b.
[977] DI VII, bls. 606-608 og 928, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[978] DI XIII, bls. 521, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[979] DI XV, bls. 290-292. Hundruðin hafa því líklega verið tólfræð í skiptabréfinu frá 2. september 1560, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[980] DI XV, bls. 308, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[981] DI XV, bls. 307. Guðbrandur var biskup að Hólum 1570-1627, sbr. Páll Eggert Ólason, Íslenzkar æviskrár II, bls. 114. Sá Ormur sem Guðbrandur getur er Ormur Jónsson lögmaður sem átti Þorbjörgu, dóttur Þorleifs Grímssonar á Möðruvöllum, sbr. Páll Eggert Ólason, Íslenzkar æviskrár IV, bls. 101-102, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[982] Skjal nr. 2 (39) a-b.

> alite Sem hreppstiorara j somu sveit til nefna hvad eirnenn logmalid avikur, Med eignar mannsins edur hand umbodz manns vidurvist. Enn eignar madur Sylfrastada late Rett uppsmida, þar sem ad fornu verid hefur, og þar sem eignar madur oc buendur verda a eitt satter, og hentug vera þyker. Enn sveitar bændur halldi henni vid magt ad alldaudli sidann. Enn um fiallgaungur a haust talar svo logmaled: Hver madur er Saude a skal ganga a fiall eitt sinn oc um landeign sina, hvort sinn sem logrett skal vera a haust, Enn skipta so odrum gaungum sem hreppstiorar giora rad fyrir. Sekur er sa madur halfre mork vid kong er ei geingur umm landeign sina og abyrgest Saude vid þa er eiga, alla sem i haust leit voru siener [svo], þa er hann atti gaunguna. Þvi dæmdum vier ad sa fiallgaungur a haust sem Rekstrar a von skijlldi vera eptir þui sem hreppstiorar og bændur verda asatter epter laganna hliodann oc epter tilfellumm onaudsynium, og hvor madur sem rekur fie skylldur ad senda fulltijda mann til gaungu oc Reksturs.[983]

Fram kemur í vísitasíu Silfrastaða frá 2. október 1663, að kirkjan eigi Fremri kot og Krákugerði með Hálfdanartungum:

> Kyrkiann ä Sylfrastódum [...] Annad huad kirkiunne tilheÿrer aff rekum, Jtókum og affriettum Verda eigendur Rejkningskap ä ad gióra effter þuj sem bevÿsad verdur aff brefum og mäldógum gómlum. Kÿrkiann ä Jórd framm ä Nordur ärdal xx hndr. sem eru fremrj kot, og bÿggist fyrer fimm ærgillde. ... J Portionem fellur ärlega ... Kräkugierde med Hälffdänartungum er hallded heima land. ... Þann 2. dag octobris Anno 1663.[984]

Silfrastaðir eru virtir á 80 hundruð í Jarðabók 1713. En með Krákugerði og Hálfdanartungum er jörðin metin á tíutíu hundruð. Í lýsingu segir eftirfarandi um afrétti tvo sem kirkjan átti á Öxnadalsheiði og Hörgárdalsheiði.

> Sumarhagar og vetrarhagar merkilega góðir. Útigángur fyrir sauðfje á vetur næsta því óbilandi, nema voveiflegir áfreðar eður lognsnjóar byrgi. [...]
>
> Afrjetti á jörðin tvo, annan hálfa Öxnadalsheiði vestanverða, en í það eiga aðrar jarðir ítök, sem síðar mun getið verða. Annan hálfa Hörgárdalsheiði vestan- eður sunnan verða; geldfjár og lamba upprekstur hafa Blöndu-hlíðarmenn í afrjett þennan, annaðhvort fyrir toll til ábúandans á Silfrastöðum eður hann eftirgefur þeim tollinn fyrir góðvilja. Tollurinn er lamb af xx og ekki meira, ef ekki gemur góðvilji til. Sama upprekstur og með sömu kostum brúkar Norðurárdalur og bygðin austari Jökulsá allt fram að Merkigili.
>
> Skógur hefur verið á Öxnadalsheiði og er hann nú eyddur, so ekki er eftir nema rifhrís og fjalldrapi; er nú kolgjörð keypt.[985]

Einnig eru nefndar hjáleigurnar *Ausugierdi og Ketelsstader*.

---

[983] Skjal nr. 2 (37) a-b.
[984] Skjal nr. 2 (26).
[985] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 150-151.

Á manntalsþingi 7. maí árið 1796, var upplesin lögfesta fyrir Silfrastöðum. Innihalds lögfestunnar var ekki getið á þinginu.[986] Á manntalsþingi árið eftir, 6. maí árið 1797, var einnig lesin upp lögfesta fyrir Silfrastöðum. Innihalds lögfestunnar var ekki getið á þinginu.[987]

Í jarðamati 1804 kemur fram við jörðina Silfrastaði, að leiguliði jarðarinnar fái 6 ríkisdala tekjur árlega af afrétti jörðinni tilheyrandi.

> For græsgang paa en Jorden tilhörende Afret oppebær Leilændingen omtrent 6 rd. aarlig. Udmarken Elvebrud underkastet.[988]

Á manntalsþingi 12. júní árið 1819, höldnu að Stóru-Ökrum, forbauð Jón Erlendsson hreppstjóri, leyfislausan nauta- og hrossarekstur á Silfrastaðaafrétt.[989]

Á manntalsþingi 3. júní árið 1822, lýstu sveitarmenn óánægju sinni yfir byggingu á Hálfdánartungum. Þeir töldu sig ekki geta haft frjáls afnot af afréttinni vegna hennar, einkum þar eð Sigurður, ábúandi, hafði ekki staðið í skilum. Niðurstaða réttarins var sú að bygging þar skyldi ekki haldast lengur en yfirstandandi fardagaár.[990]

Á manntalsþingi 2. júní árið 1830, var birt lögfesta frá 7. maí 1789, frá Vigfúsi sýslumanni Scheving, fyrir jörðinni Silfrastöðum sem og kirkjujörðinni Fremrikotum.[991] Sömuleiðis var lögfesta lesin upp á manntalsþingi 22. maí árið 1837, dagsett 9. maí 1789.[992]

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að undir Silfrastöðum liggji víðlend og landgóð afrétt sem meiri hluti Akrahrepps noti til upprekstrar gegn gjaldi.

> Undir jörðina Silfrastaði liggur víðlend og landgóð afrjett sem brúkuð er til upprekstrar fyrir meiri hluta Akrahrepps á móti borgun. Afrjett þessa meta matsmenn ígildi 12 hundraða.[993]

Á manntalsþingi 28. maí árið 1862, var upplesin lögfesta, dagsett 27. maí 1862, fyrir jörðunni Silfrúnarstöðum og Silfrúnarstaðaafrétti.[994] Á sama manntalsþingi kom eftirfarandi fram um rekstur trippa á Silfrastaðaafrétt:

> 33. Sömuleidis um ad reka öll trippi til afrétta ekki seinna [ofan línu] en um fardaga og var þad ákvedid og samþykkt, ad þeir, sem reka til Silfrúnarstada afréttar skuli sýna trippin á Silfrúnarstöðum um leið og þeir fara framhjá og gjöra grein fyrir hvað mörg eru frá hverjum bæ. Trippatollur skal goldinn ad hausti med 32s fyrir hvert trippi til Jónasar bónda Jónathanssonar á Silfrúnarstöðum, en hann lofar ad borga helfinginn þar af eða 16s fyrir hvert

[986] Skjal nr. 2 (84).
[987] Skjal nr. 2 (85).
[988] Skjal nr. 2 (25).
[989] Skjal nr. 2 (86).
[990] Skjal nr. 2 (87).
[991] Skjal nr. 2 (88).
[992] Skjal nr. 2 (89).
[993] Skjal nr. 2 (21).
[994] Skjal nr. 2 (90).

> trippi í fyrirstöðutoll til Jónasar bónda Sigurðssonar á Fremrikotum, er tekur ad sér ad standa fyrir trippunum eptir megni. Reki nokkur trippi til afréttar, án þess ad sýna þau á Silfrúnarstöðum, þá skulu hlutadeigendur vera skyldir til ad borga 64s fyrir hvert slíkt trippi og sama borgun skal greidd fyrir utan hrepps trippi, sem þangad kynni ad verda rekin í leyfisleysi. Þessi borgun skiptist einnig til helfinga milli Silfrúnarstadamanna og fyrirstödumanns.
>
> Sigurdur bóndi Jónathansson á Vídivöllum geymdi sér rétt til ad leita álita, hvort hid svonefnda Krossland, sem tilheyri Vídivöllum og Miklabæ sé ekki svo mikid ad þar megi reka upp fleiri trippi enn frá þessum jördum og til upprekstrartolls fyrir þau trippi, er þangað væru rekin, en ad öðru leiti: lofar hann fyrir sitt leiti: ad gjalda fyrirstödutoll fyrir sín trippi þetta ár, nefnil. 16v fyrir hvert þeirra. Trippin skulu rekin daglega til afréttar á þær stödvar, sem Silfrúnarstadamadur tiltekur.[995]

Á manntalsþingi 7. júní árið 1864, var samið um að Jónas bóndi Sigurðsson á Fremrikotum tæki að sér fyrirstöðu fyrir trippum á Silfrastaðaafrétt fyrir 18 ríkisdali en hreppstjóri P. Þórðarson, stúdent A. Arason og bóndi Ólafur Ólafsson á Réttarholti tóku að sér að sjá um og ábyrgjast að Jónas fengi sitt af hinum viðtekna trippatolli.[996]

Á manntalsþingi 2. júní árið 1880, var þinglesin áskorun Jóns bónda Guðmundssonar á Silfrastöðum dags. 1. júní 1880 til þeirra er reka trippi á Silfrastaðaafrétt og ekki eiga ítök í henni, um að segja honum til trippatölunnar, með því hann gangi rækilega eftir trippatolli framvegis.[997]

Á manntalsþingi 3. júní árið 1885 var þinglesin landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum á Öxnadalsheiði.[998] Þá var landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum, einnig þinglesin á manntalsþingi 22. maí árið 1890.[999]

Þann 23. júlí 1885 tilkynnti umboðsmaður Silfrastaða eiganda Bakka í Öxnadal að þar sem að lögfestum Silfrastaða frá 1743, 1752, 1768 og 1870 hefði aldrei verið mótmælt af þeim sem land ættu á móti hefði hann samið merkjalýsingu fyrir jörðinni og látið þinglýsa henni. Skoraði umboðsmaðurinn á eiganda Bakka að taka afstöðu til merkjalýsingarinnar. Lögfesturnar fara hér á eftir:[1000]

Lögfesta fyrir Silfrastaði var útbúin 24. maí 1743:

> Jörðina Silfrastaði með báðum kotunum og Krókárgerði á Norðurárdal [...] öll Yxnadalsheiði allt norður að kalldbaksá og þar þvert yfir, hvar með er meintur krákudalur, og aðrir þverdalir þeirrar heidar; sömuleiðis lögfesti ég alla Hörgárdalsheiði, sem er Silfrastaðaeign með hennar afdölum og þverdölum allt norður að Víkingsá og Lúpá.[1001]

---

[995] Skjal nr. 2 (91) a-b.
[996] Skjal nr. 2 (92).
[997] Skjal nr. 2 (93).
[998] Skjal nr. 2 (94).
[999] Skjal nr. 2 (95).
[1000] Skjal nr. 4 (57).
[1001] Skjöl nr. 4 (60) og 4 (62).

Sama texta, með lítilsháttar breytingum, er einnig að finna í lögfestum Silfrastaða frá 17. júní 1752 og 9. júní 1768. Helstu breytingarnar eru þær að í lögfestunni frá 1752 er Krókárgerði orðið Krákugerði og í þeirri frá 1768 stendur að jörðin Silfrastaðir sé með Fremri-Kotum á Norðurárdal og einnig kemur fram að Yxnadalsheiði hafi og sé óátalin Silfrastaðaeign.[1002]

Fyrir neðan textann í lögfestunni frá 1768 stendur:

> [...] allt norður að Víkingsá og Lúpár ite. Hálfdánartúngur, svo og einnig greindrar jarðar Silfrúnarstaða land, á hina síðuna er norðurá ræður að sunnan og vestan, allt að Bólstaðará, lögfesti jeg í svokölluð héraðsvötn ofan, og þaðan réttsíni austur á fjall sem vötn að draga.[1003]

Í lögfestu Silfrastaða frá 28. maí 1870 stendur:

> [...] alla Yxnadals heiði norður að kallbaksá, og þar þvert yfir með kallbaksdal og krókárdal kinna megin, og Grjótárdal báðu meginn, og alla Hörgárdals heiði, með hennar afdölum og þverdölum, allt norður að Víkingsá og Lúpá, sömuleiðis Hálfdánartungur.[1004]

Í bréfi um merki Silfrastaða, sem lagt hefur verið fram, þar sem hvorki kemur fram nafn bréfritara, viðtakenda né dagsetning, eru athugasemdir Bakkaselseiganda við merkjum Silfrastaða.

> Þareð jeg sje af bréfi Johannesar á Dýrfinnustöðum, að öllum þeim tilgreindu lögfestum fyrir Silfrastöðum með Yxnadalsheiði, (frá 1743, 1752, 1768 og 1870.) aldrei hefur verið mótmælt af þeim, sem landið eiga á móti, það er með öðrum orðum að hyð umspurða heiðarland hefur verið í eignar- og hefðarhaldi Silfrastaðaeiganda, að minnsta kosti frá 1743. Það er um marga mannsaldra. Þá sje jeg enga ástæðu fyrir Silfrastaða-eiganda, (eða ábúanda) að höfða mál um þetta efni. Jeg álit nóg að gjört með því sem Jóhannes hefur gjört (nf. að skrásetja merkja lýsingu og sýna hana þeim, sem land á móti samkvæmt 53. gr. laganna frá 17. mars 1882) Jóhannes kannast ekki við nokkurn ágreining um landamerki, hann heldur þau merki, sem haldinn hafa verið frá miðri 18. öld.
>
> En Bakkaselseigandi vill ekki við þau merki kannast og kemur með nýmæli enda er hann þá skyldur til eptir allri rjettarvenju, að færa sönnur fyrir sínu máli, Hann er sá sem hlýtur að höfða málið, ef hann vill raska því sem hingað til hefur staðið, en Silfrastaðaeigandi býður átekta. Þótt Bakkaselseigandi vefengi nú Þessi Landamerki sem Jóhannes hefur fyrir hann lagt, þá er það engin ástæða, hann verður að sýna og sanna með gögnum og vitnum að hann vyrkilega eigi þann rjett sem hann segist eiga.[1005]

[1002] Skjöl nr. 4 (59), 4 (61) og 4 (62).
[1003] Skjöl nr. 4 (59) og 4 (62).
[1004] Skjal nr. 4 (58).
[1005] Skjal nr. 4 (63).

Neðan við bréfið er bréf Jóhanns Þorkelssonar til Jónasar Sigurðssonar varðandi frekari málarekstur vegna ósamþykktra merkja Silfrastaða, dags. 26. febrúar 1886.

Í yfirlýsingu ábúanda Silfrastaða frá því um 1882 stendur:

> Jeg og fleyri álýta eingvann vafa á því að öll bíli í Akrahrepp frá Kýrfisá fram að Norður á hafi rjett til upprekstur (almenning) á Silfrastaða afrjetti fyrir fulla borgun og að jarðirnar í sameiningu Miklibær og Vyðivellir eigi svo nefnt Krossland innan tjeðs afrjetts; sem upprekstrarland fyrir fje og hross þeirra án borgunar; nema fyrir stóðatoll, helst, að norðann.
>
> Og enn fremur hafa jarðirnar Syðri brekkur, Axlarhagi, Frostastaðir, Hjaltastaðir, Djúpidalr, Hoskulsstaðir og Uppsalir með skilmálabréfi, tekið á leigu fyrir 30 kr árgjald bylið Hálfdánartungur sem er innan afrjettarlandsins; til upprekstur einungis fyrir Sauðfje þeirra, Þessar 7 jarðir vyrðist meiga álýta eins og aðrar Blonduhlyðar jarðir skildar að gjalda fulla hreppatolla að Silfrastoðum. En þar sem jeg er með 6. grein Biggingarbréfs míns, skildugur til að hafa löglega umsjón á Afrjettinum, svo sem Refaeyðing með fleyru, og kalla tolla að fullu fyrir haga og fyrir töðu, á fje, og hrossum, að undan teknum fyrrtjeðum jörðum, sem og líka Ytri kotum, Fremri kotum, og Krókárgerði, sem nú hafa eins og stendur gjaldfryan Upprekstur;
>
> Þá verð jeg að álýta, eins og hingað til hefur verið og viðgengist, að öll hin ónefndu byli; eða ábúendur þeirra inna tjeðra takmarka í Akrahreppi sjeu skild að gjalda, sanngjarna fjár og trippatolla.
>
> En efni og erindi bréfs þessa er af því vaxið að allflestir hafa tregðast með gjald á tollum.[1006]

Máli sínu til frekari stuðnings lætur bréfritari fylgja með bréf frá 25. maí 1848 en í því kvartar ábúandi Silfrastaða yfir slæmri innheimtu afréttartolla og óskar eftir betri háttum þeirra sem málinu tengjast. Í bréfinu stendur einnig:

> Svo verð eg að géta þess; að eingin af þeim er upprekstur nota á Silfra staða afrétt má hér eptir reka fe, eða stóð á svo kallað land nema hann hafi þar til leifi þess, er því landi á að ráða, því þessi landspartur heyrir ekki Silfra stöðum til.[1007]

Í byggingarbréfi Silfrastaða frá 1. mars 1888 stendur:

> Heimajörðinni Silfrastöðum fylgir Silfrastaðaafrjett, sem er upprekstrarland jarðanna No 168 - 186 og 197 - 213 í jarðabókinni frá 1861. Af þessum jörðum eru No 182 - 185 og 201 - 202 (Silfrastaðir, Ytrikot, Fremrikot, Krókárgerði, Víðivellir, Miklibær) lausar við að gjalda afrjettartoll, og ábúendur jarðanna No 170 - 172, 176, 181, 204 og 212 (Axlarhaga, Frostastaða, Hjaltastaða, Djúpadals, Uppsala, Höskuldsstaða, Syðribrekkna),

[1006] Skjal nr. 4 (66).
[1007] Skjal nr. 4 (66).

> er hafa leigt Hálfdánartungnaland til upprekstrar fyrir sauðfje, svara fjártollinum beinlínis til umráðamanns. Að öðru leyti, eru allir þeir, er upprekstur nota á afrjettina, skyldir að greiða ábúanda Silfrastaða afrjettartoll samkvæmt lögum og landsvenju, bæði fyrir sauðfje og tryppi. En aptur á móti ber leiguliða á sinn kostnað að annast grenjaleitir og dýravinnslu á afrjettinn eptir þeim reglum, sem þarum gilda.[1008]

Landamerkjabréf fyrir afréttarland Silfrastaða var útbúið þann 2. júní 1885 og því var þinglýst degi síðar:

> Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatnsgötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallseggja beggja megin.
>
> Þess er að geta, að engin á ítak innan þeirra merkja, sem ofanskrifuð landamerkjalýsing tilgreinir, nema sannað verði með löggildum máldaga fyrir næstkomandi aprílmánaðarlok 1886.[1009]

Jóh. Þorkelsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði M. R. F. Lárusdóttur ekkju.

Mótmæli bárust þann 16. maí 1889 við landamerkjabréfinu frá 2. júní 1885. Þau fara hér á eftir:

> Hjer með mótmælum og neitum vjer undirskrifaðir eigendur Bakka og Bakkasels í Yxnadal landamerkjalýsingu þeirri sem rangri á móts við tjéða eign vora, er Jóhannes sál. Þorkelsson á Dýrfinnustöðum ljet þinglýsa á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 3. júní 1885, í umboði frá M. R. F. Lárusdóttur fyrir eignarjörðu hennar Silfrastöðum með Yxnadalsheiði að Kaldbaksá og þar þvert yfir um svonefndan Tjaldhól, og lýsum vjer hjermeð eign vorri á landinu frá Grjótá að vestan austur ~~y~~fyrir Tjaldhól og þar þvert yfir og fyrir bjóðum vjer hjermeð alla brúkun á tjeðum landsparti nema með voru fullkomna leyfi, og lýsum vjer hérmeð ~~að~~ yfir því að vjer munum nota umrædda landeign vora eins hjér eptir sem hingað til, og eigi sleppa tjeðu landi úr eigu vorri, nema sannað verði hið gagnstæða með dómi.[1010]

S. Jónasson og J. Jónasson skrifuðu undir mótmælabréfið. Því var þinglýst 23. maí 1889.

Landamerkjabréf fyrir Silfrastaði var útbúið 31. mars 1890 og þinglýst 22. maí sama ár:

> Vestan að Silfrastaða heimalandi liggja Hjeraðsvötn. Að norðan ræður bein lína frá Hjeraðsvötnum í Bóluárgil og síðan Bóluá, það sem árgilið heldur, uppí botn á yzta Þvergili. Þaðan eptir háfjallinu austur í Kotabotna. Að austan Kotagil og síðan Kotá ofan í Norðurá, er ræður merkjum að sunnan, vestur í Hjeraðsvötn. Að Silfrastaðaafrjett liggur Valagilsá frá því hún fellur í

[1008] Skjal nr. 4 (65).
[1009] Skjal nr. 2 (2).
[1010] Skjal nr. 2 (16).

> Norðurá, út á bak við Kotaheiði, upp til þess, er Fletjárdalslækr rennur í hana, Þá ræðr hann fram í botn á Fletjardal. Þaðan yfir háfjallið norðr í botn á ~~Fletjardsl~~ Fylsmýrum og Kleifum. Þaðan yfir fjall í Smaladalsbotn. Þaðan yfir fjall í botn á Seljadal og Horni. Þá yfir í Miðdalsbotn. Þaðan í Lúpá á Hörgárdalsheiði, norðanvert við Hörgárdalstungur. Ræður svo Lúpá og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal. Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði, þarsem vötnum fyrst hallar vestur af heiðinni. Þaðan beina línu um Tjaldhól í Kaldbaksá, er ræður merkjum fram í botn á Kaldbaksdal, austan við Kinnar. Þá yfir fjall í Krókárdalsbotn, fyrir sunnan Austurgil. Þaðan yfir fjall í Einidalsbotn. Ræður svo Einidalsá ofan til þess, er hún fellur í Króká. Þá ræðr Króká ofan í Norðurá og síðan Norðurá ofan til þess, er Valagilsá fellur í hana. Innan þessara ummerkja á Silfrastaðaafrjett liggr Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum. Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess er Smalalækur rennur í hana. Þaðan ræðr bein stefna, eptir hæðinni neðan við Smaladalinn, upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræðr merkjum að norðan. Austan að því liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræðr bein lína, eptir hæðunum neðan við Seljadalinn, upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.
>
> Einnig eiga nefndar jarðir, Miklibær og Víðivellir, hrossa og nauta upprekstur á Silfrastaða afrjett, og Stóru Akrar geldneyta upprekstur á afrjettina.[1011]

Ólafur Briem skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði Marenar Lárusdóttur. Það var samþykkt af Stefáni Sveinssyni, eiganda Uppsala og Sveini Friðrikssyni, ábúanda Ytrikota.

Á manntalsþingi 1. júní árið 1892, höldnu að Stóru-Ökrum, var þinglesin yfirlýsing Steingríms Jónssonar á Silfrastöðum viðvíkjandi Silfrastaðaafrétt, dags. 10. mars 1892. Yfirlýsingu Steingríms var mótmælt af hlutaðeigendum.[1012] Þá var þinglesið á manntalsþingi að Stóru-Ökrum, 25. maí 1899, afsalsbréf Steingríms Jónssonar á Silfrastöðum dags. 6. nóvember 1898 fyrir Silfrastaðaafrétt til hreppsnefndarinnar í Akrahreppi en á sama þingi var þinglesin yfirlýsing Björns Péturssonar á Hofsstöðum um að hann banni öll kaup og sölu á Silfrastaðaafrétti, sem skerði rétt eignarjarða hans, Syðribrekkna, 3/4 úr Ytribrekkum og 1/2 Dýrfinnastöðum.[1013]

Fram kemur í kaflanum um Silfrastaði í fasteignamati 1916–1918 að jörðin eigi frían upprekstur í Silfrastaðaafrétt. Einnig stendur að undan jörðinni hafi verið seldar Silfrastaðaafrétt og Hálfdánartungur.[1014]

Í skrá yfir afréttir, eignaheimildir og landamerki [í Skagafjarðarsýslu] frá 1985 frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki stendur m.a.:

[1011] Skjal nr. 4 (39)
[1012] Skjal nr. 2 (96).
[1013] Skjal nr. 2 (97).
[1014] Skjal nr. 2 (20).

[Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).

Austurmörk á Öxnadalsheiði – Girðing milli Kaldbakshnjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrr og við sölu halda þeir eftir landi.

Frá Heiðarfjalli um Grjótárdalsdrög – norður eftir miðjum Víkingsdal. Í Víkingsdal er ekki girt á mörkum heldur er girt vestan til í dalnum, í staðinn fá Skagfirðingar að reka 100 hross yfir til Eyfirðinga.

Úr Víkingsdal eru mörkin um Lúpuá í Lúpuárhnjúk þaðan vestur á vatnaskilum í Suðurárdalshnjúk og Reykjanibbu.

Vesturmörk, þ.e. milli heimalanda Skagfirðinga og afréttar, eru þar sem vötnum hallar. Þvínæst eru mörkin um Valagilsá og Stóralæk í Krókárgerðisfjall. Að sunnan ráða Vatnaskil (milli Tungudals og Krókárdall) í vestanverðan Kaldbakshnjúk.

Þessar upplýsingar fengust hjá Sveini Gíslasyni og Sveini Sveinssyni í Frostastöðum.[1015]

Silfrastaðaafréttur er nú nýttur sem upprekstarland fyrir búfé af jörðum í Akrahreppi.

5.3 Egilsá

Sumarliði Þorsteinsson seldi Benedikt Brynjólfssyni Sauðá með reka m.a. fyrir Egilsá með kaupgerningi sem fram fór 3. apríl 1391.[1016] Einar Þorleifsson seldi Bessa Einarssyni jörðina Héraðsdal fyrir Silfrastaði með kaupgerningi sem fram fór 25. mars 1448. Að sögn Bessa fylgdi jörðin Egilsá kirkjunni en ef hún yrði ekki eign kirkjunnar lofaði hann að gjalda hálfvirði hennar í peningum.[1017] Í skiptum á eignum Þorleifs Grímssonar og Gríms sonar hans, sem bréfuð voru 2. september 1560, er í beinu framhaldi af Silfrastöðum minnst á Egilsstaði sem séu 30 hundruð að dýrleika. Hér er líkast til um skrifaravillu að ræða og átt sé við Egilsá því í annarri lakari uppskrift af skjalinu stendur Egilsá sem þar er sögð 20 hundruð að dýrleika.[1018] Egilsá, 30 hundruð að dýrleika, bregður fyrir í síðari arfaskiptum eftir Þorleif Grímsson sem bréfuð voru 5. júlí 1569.[1019]

Þann 5. nóvember 1580 afhenti Jón Jónsson Gunnlaugi Ormssyni jarðirnar Leyning og Villingadal í Eyjafirði, Ystuvík og hálfan Jökul. Þetta var í samræmi við samkomulag sem kvað á um að í staðinn fengi Jón hálfa Silfrastaði, Egilsá og Þorbrandsstaði.[1020]

Í Jarðabók 1713 kemur eftirfarandi fram um afréttarmál Egilsár.

[1015] Skjal nr. 4 (70).
[1016] DI IX, bls. 21; sbr. einnig DI VIII, bls. 14 en þar er dagsetningin röng, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1017] DI V, bls. 25, sbr. skjal nr. 2 (B.1) og skjal nr. 2 (33) a-b.
[1018] DI XIII, bls. 519 og 521, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1019] DI XV, bls. 290, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1020] Skjal nr. 2 (39).

> Þegar einhvörir reka lömb sín á Egilsdal, tekur ábúandi hálfa fjallatolla, en það er ekki altítt og nokkrum sinnum öngvir. [...]
>
> Ekki rekur ábúandi geldfje á Silfrastaða afrjett, enn þótt þeir eigi það frjálst fyrir toll ut supra. [1021]

Á manntalsþingi, 3. júní 1822, höldnu að Stóru Ökrum, var lesin lögfesta Þorláks Símonarsonar fyrir Egilsá.[1022] Tuttugu árum síðar var enn lesin lögfesta, dags. 2. júní 1842, á manntalsþingi sama dag, frá Stefáni Tómassyni á Egilsá, fyrir eignarjörð hans, nefndri Egilsá. Bóndinn Gísli Stefánsson í Flatatungu mótmælti þessari lögfestu.[1023]

Í jarðamati 1849 kemur eftirfarandi fram um beitarmál:

> Engjar eru snögglendar í meiri part virtar, og reitingslegar, þýfdar og ekki vel heygóðar. Landrými nægilegt, sumarhagi allgóður á svokölluðum Egilsdal, sem er stór dalur, en mjög grýttur og skriðufallinn, vetrarbeit í meðallagi.[1024]

Landamerkjabréf fyrir Egilsá var útbúið þann 16. maí 1885 og því var þinglýst 31. júní sama ár:

> Að austan, milli Egilsár og Borgargerðis, ræður svonefnt Geldingsgil, glöggt ofan af háfjalli, niður til Norðurár; að norðan, frá nefndu Geldingsgili til Egilsdalsár, ræður Norðurdalsáin; að vestan og sunnan ræður Egilsdalsáin frá Norðurá alla leið til upptaka og svo háfjallið milli Egilsdalsins og Norðurárdalsins, norðvestur í áðurnefnt Gelding[s]gilsskarð.
>
> Ítak jörðin Flatatunga og hjáleigan Tungukot eiga tollfrían upprekstur á Egilsdalinn, en kosti að hálfu við Egilsá refaeyðingu.[1025]

Þorkell Pálsson [strikað hefur verið í Pálsson] skrifaði undir landamerkjabréfið. Hann mun einnig hafa verið eigandi Flatatungu.[1026] Það var samþykkt af Jakobi Benediktssyni eiganda Borgargerðis.

Á manntalsþingi 3. júní árið 1885, var þessi landamerkjaskrá fyrir Egilsá þinglesin.[1027]

Fasteignamat 1916 segir jörðina eiga upprekstur í eigið land (Egilsdal).[1028]

Í nóvemberlok 2008 skrifuðu eigendur Bakkasels og Almennings í Hörgárbyggð, Silfrastaðaafréttar, Egilsár, Flatatungu og Merkilgils í Akrahreppi undir yfirlýsingu um landamerki jarða þeirra. Þar kemur fram að þau séu:

> [...] sammála um að vatnaskil ráði landamerkjum jarða okkar þar sem lönd okkar liggja saman á fjallinu milli Seldals í Hörgárbyggð og Egilsárdals,

[1021] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 155.
[1022] Skjal nr. 2 (100).
[1023] Skjal nr. 2 (101).
[1024] Skjal nr. 2 (127).
[1025] Skjal nr. 2 (5).
[1026] Skjal nr. 2 (6) og Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 457, 473.
[1027] Skjal nr. 2 (102).
[1028] Skjal nr. 2 (127).

> Tungudals og Merkidals í Skagafirði, enda er enga aðra lýsingu á merkjum að finna milli þessara jarða í landamerkjabréfum þeirra.[1029]

Yfirlýsingunni fylgdi uppdráttur af landamerkjum jarðanna en undir hana skrifuðu Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri Hörgárbyggðar, Agnar H. Gunnarsson oddviti Akrahrepps, Einar Gunnarsson, Kristín Guðmundsdóttir og Sigurbjörg Guðmundsdóttir.

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Egilsá frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

5.4 Flatatunga

Minnst er á Flatatungu í *Landnámu.* Þar segir að Tungu-Kári hafi búið og landnám hans verið á milli Norðurár og Merkigils og Kári sest að í Flatatungu. Í *Landnámu* segir: „Frá honum eru Silfrstæðingar komnir“[1030].

Í máldagabók Auðuns biskups rauða Þorbergssonar frá 1318 er ekki að sjá að kirkjan á Flatatungu eigi nein landsvæði heldur aðeins reka á Skaga.[1031] Flatatungu er ekki getið í máldagabók Péturs biskups Nikulássonar frá 1394 og síðar nema í máldaga Miklabæjar í tengslum við reka á Skaga.[1032] Sömu upplýsingar koma hins vegar fram í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar og koma fram í máldaganum frá 1318.[1033] Hjónin Þórólfur Brandsson og Guðrún Bjarnadóttir áttu í jarðakaupum við Kristínu Björnsdóttur í löglegu umboði Þorleifs Árnasonar, eiginmanns hennar, sem bréfuð voru 20. janúar 1428 á Glaumbæ. Þar seldu þau Kristínu jörðina Flatatungu með öllum gögnum og gæðum, hlutum og hlunnindum, að fornu og nýju sem ei væri undan jörðinni komið með löglegum hætti. Þórólfur sagði til kirkjuskyldar í Flatatungu en þar ætti að vera heimilisprestur og skýrði frá rekaeign jarðarinnar. Kristín galt í staðinn jörðina Syðri Bægisá.[1034] Flatatungu er að finna í kirknatali úr tíð Jóns biskups Vilhjálmssonar frá því um 1429.[1035] Í skiptum eftir Kristínu Björnsdóttur, líkast til frá 3. maí 1458, er Flatatunga sögð vera 90 hundruð að dýrleika.[1036] Sigmundur prestur Steindórsson pantsetti, með bréfi frá 11. júlí 1478, Ólafi biskup Rögnvaldssyni Flatatungu, 100 hundruð að dýrleika, vegna sekta við biskup en áskildi sér lausn á jörðinni innan þriggja ára.[1037] Jón Sigmundsson gaf leyfi sitt fyrir því að séra Sigmundur, faðir hans, pantsetti Ólafi biskupi Flatatungu

[1029] Skjal nr. 8 (6).
[1030] Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 234.
[1031] DI II, bls. 462, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1032] DI III, bls. 565. , sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1033] DI V, bls. 292. Minnst er á Flatatungu varðandi reka í máldaga Miklabæjar, sbr. bls. 324, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1034] DI IV, bls. 352-353, sbr. DI V, bls. 209, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1035] DI IV, bls. 381, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1036] DI V, bls. 162, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1037] DI VI, bls. 143-144, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

samkvæmt vitnisburðarbréfi sem skrifað var samdægurs.[1038] Solveig Þorleifsdóttir lýsti því, með bréfi 15. apríl 1479, að hún hafði gengið í borgun fyrir séra Sigmund Steindórsson við Ólaf biskup um að greiða honum 100 hundruð samkvæmt sættarbréfi þeirra. Hins vegar skilur hún undir sig og sína erfingja það sem hún greiddi í Flatatungu og lýsir Jón Sigmundsson óheimilt að veðsetja jörðina.[1039] Solveig keypti Flatatungu af Jóni Sigmundssyni, syni sínum, fyrir Staðarhól í Saurbæ, með bréfi frá 3. maí 1479.[1040] Solveig fékk Jóni Víðidalstungu með kirkjujörðum í Víðidal, með bréfi frá 7. maí 1479, en í staðinn gaf Jón kvitt og ákærulaust allt tilkall til Flatatungu.[1041] Í skrá yfir jarðeignir Solveigar frá því um 1479 er Flatatunga sögð 80 hundruð að dýrleika.[1042] Flatatungu er að finna á meðal jarðagóss Hólakirkju í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525.[1043] Hún er sögð staðarins bú í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir Jón biskup Arason fráfallinn sem tekin var saman 25. desember 1550.[1044]

Í Jarðabók 1713 kemur fram að til Flatatungu heyri einnig jörðin Tungukot, hún sé um 10 hundruð af þeim 60 hundruðum sem jörðin er metin á.

> Hálfan Egilsdal á jörðin, sem stundum brúkast fyrir afrjett sem sagt er um Egilsá. [...]
>
> Geldfjárupprekstur í Silfrastaða afrjett fyrir toll brúkast ei. [...]
>
> Hinglastader heitir hjer i landinu og sjást þar byggíngarmerki og túnstæði. Enginn minnist þar hafi nokkurn tíma bygð verið.[1045]

Á manntalsþingi, 2. júní 1842, höldnu að Stóru-Ökrum, var lesin lögfesta, dags. 2. júní 1842, frá Stefáni Tómassyni á Egilsá, fyrir eignarjörð hans, nefndri Egilsá. Bóndinn Gísli Stefánsson í Flatatungu mótmælti þessari lögfestu.[1046]

Flatatunga með hjáleigunni Tungukoti og eyðijörðinni Hínglastöðum á Tungudal var metin í jarðamatinu 1849. Landrými var talið nægilegt en Tungudalur talinn nánast ónýtur vegna grjóthruns og skriðufalla en eignarmaður notaði hann að nokkru leyti fyrir upprekstrarland á sumardag.[1047]

Landamerkjabréf fyrir Flatatungu var útbúið þann 24. maí 1886 og því var þinglýst tveimur dögum síðar:

> Að austan. Egilsdalsáin ræður alla leið frá upptökum til þess hún er fallin í Norðurá, svo að Flatatunga á allan svonefndan Tungudal.

[1038] DI VI, bls. 144-145, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1039] DI V, bls. 183-184, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1040] DI VI, bls. 187, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1041] DI VI, bls. 190-191, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1042] DI VI, bls. 199, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1043] DI IX, bls. 301, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1044] DI XI, bls. 856 og 860. Sjá einnig DI XV, bls. 60, 219, 221, 372 og 462, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1045] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 156-157.
[1046] Skjal nr. 2 (103).
[1047] Skjal nr. 2 (21).

> […] Að sunnan […] Frá nefndri Eiríkshnjúksöxl, ræður Fjallauðn í suður og austur, milli Tungudals og Bakkadals til þess komið er fyrir upptök Egilsdalsárinnar. Ítök. Jörðin Flatatunga og hjál. Tungukot, eiga tollfrýan upprekstur í Egilsdal.[1048]

Þorkell Pálsson eigandi jarðarinnar skrifaði undir landamerkjabréfið. Hann mun einnig hafa verið eigandi Egilsár.[1049] Það var samþykkt af Oddi Einarssyni eiganda Tyrfingsstaða.

Fram kemur í köflunum um Flatutungu og Tungukot í fasteignamati 1916 að beitiland jarðanna sé sameiginlegt. Þær hafi upprekstur í eigið land á Egilsdal.[1050]

Í nóvemberlok 2008 skrifuðu eigendur Bakkasels og Almennings í Hörgárbyggð, Silfrastaðaafréttar, Egilsár, Flatatungu og Merkilgils í Akrahreppi undir yfirlýsingu um landamerki jarða þeirra. Nánar er fjallað um þetta í kaflanum um Egilsá.

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið í Flatatungu frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

5.5 Merkigil

Þorleifur Árnason seldi Skúla Loftssyni nokkrar jarðir á Vestfjörðum og í Húnavatnssýslu fyrir nokkrar jarðir í Skagafirði og þ.á m. jörðina Merkigil. Kristín Teitsdóttir samþykkti sölu Þorleifs bónda síns en kaupin fóru fram í Glaumbæ 12. september 1469.[1051] Þann 27. september 1481 handlagði Árni Þorleifsson Þorgerði Hallsdóttur, eiginkonu Símonar Pálssonar, Merkigil til fullrar eignar eftir gjöf Þorleifs Árnasonar föður síns.[1052] Gunnar Jónsson prestur vottar, með bréfi frá 18. júní 1485, að Þorleifur heitinn Árnason hafi sjúkur á líkama en heill á skynsemi gert erfðaskrá sína. Hann hafi þá um leið með endurnýjuðum gerningi gefið Þorgerði Hallsdóttur Vatn eða Merkigil, hvort sem hún vildi heldur, og tíu kúgildi að auki.[1053] Þorgerður virðist hafa valið Merkigil því í vitnisburði frá 11. mai 1490 vottar Erlendur Ólafsson að hafa afhent umboðsmanni Símonar Pálssonar jörðina.[1054] Merkigil er að finna á meðal jarðagóss Hólakirkju í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525.[1055] Sömu sögu er að segja um reikninga Hólastóls frá 1550, 1569 og 1570.[1056]

[1048] Skjal nr. 2 (6).
[1049] Skjal nr. 2 (5) og Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 457, 473.
[1050] Skjal nr. 2 (22).
[1051] DI XI, bls. 23, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1052] DI VI, bls. 408-409. Vitnisburðarbréf um gjörninginn var ekki bréfað fyrr enn 11. maí 1490, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1053] DI VI, bls. 540-541, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1054] DI VI, bls. 696-697, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1055] DI IX, bls. 301, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1056] DI XI, bls. 860; DI XV, bls. 224 og 457, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

Frá Merkigili var upprekstur á Nýjabæjarafrétt samkvæmt Jarðabók 1713.

> Lambaupprekstur brúka menn fyrir toll í Nýjabæjarafrjett. [...]
>
> Túnið er af skriðum fordjarfað til óbótaskaða og horfir til auðnar, hafa þær og tekið bæinn til forna, og er honum enn nú eins hætt.
>
> Engið liggur undir sama skaða, hætt við eyðileggingu. [...]
>
> *Fytjar* heitir hjer fjárhússtæði. Þar eru fornar girðíngar og segja menn þar hafi bygð verið í gamalli tíð; aldrei bygt í manna minni nema í ár. Eru nú 17 ár síðan.[1057]

Á manntalsþingi, 5. júní árið 1827, höldnu að Stóru-Ökrum, lét Þorsteinn Pálsson á Hofstöðum birta lögfestu, dagsettri samdægurs, 5. júní 1827, fyrir eignarjörð sinni Ábæ í Akrahreppi. Jón Höskuldsson á Merkigili mótmælti þeirri lögfestu og kvað hana ógilda þar eð hann meinar sitt land þar með ásælt.[1058]

Í kaflanum um Goðdala- og Ábæjarprestakall í *Sýslu- og sóknarlýsingum* Skagafjarðarsýslu stendur:

> Skógar. Varla má segja að skógur finnist hér í prestakallinu, nema lítlll vottur niðri í Jökulsárgilinu nálægt Merkigili [...][1059]
>
> Jarðamat 1849 segir:
>
> Úthagi er fjallendi, kvistlaust og snögglent, undirorpið skriðum og jarðföllum, en landrými nægilegt.[1060]

Landamerkjabréf fyrir Merkigil var útbúið þann 24. maí 1884 og því var þinglýst sex dögum síðar:

> Að norðanverðu ræður Merkigil og Merkigilsá, að norðaustan Merkigilsá til fremstu upptaka; að austan háfjöllin frá Merkigilsárupptökum til Miðhúsadalsbotns og upptaka Ábæjar ár; að sunnan ræður Ábæjará í Jökulsá, og að vestanverðu Jökulsáin.
>
> Samkvæmt sætt framfarinni að Ábæ 2. júlímánaðar 1877, hafa Ábæjar búendur rjett til sambrúkunar á Miðhúsadal út að silungalæk móts við ábúendur Merkigils yfir allan tíma ársins, nema þann sem verið er með búpening í seli (Miðhúsum) frá Merkigili, en móti þeirri brúkun hafa Merkigils ábúendur frían upprekstur á Nýjabæjarafrjett fyrir allan geldfjenað sinn án nokkurs endurgjalds. [1061]

Egill Steingrímsson, á Merkigili[1062] og Kristín Guðmundsdóttir, í Ábæ[1063] skrifuðu undir landamerkjabréfið.

[1057] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 160-161.
[1058] Skjal nr. 2 (106). Skag. V.16. Dóma- og þingbók 1826-1832. bls. 33-34.
[1059] Jón Benediktsson. „Lýsing yfir Goðdala- og Ábæjarprestakalli". *Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags* II – *Skagafjarðarsýsla*. Akureyri. 1954, bls. 83.
[1060] Skjal nr. 2 (127).
[1061] Skjal nr. 2 (8).
[1062] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar,* IV, bls. 512.

Fram kemur í kaflanum um Merkigil í fasteignamati 1916–1918 að jörðin eigi upprekstur í eigið land og Nýjabæjarafrétt.

> Upprekstur í eigið land og á Nýjabæjarafrétt. Jörðin er afar erfið til allra aðdrátta, þar hún er innilokuð af Jökulsá að vestan og Merkigili að norðan, sem er ófært. Landamerki þinglesin.[1064]

Í nóvemberlok 2008 skrifuðu eigendur Bakkasels og Almennings í Hörgárbyggð, Silfrastaðaafréttar, Egilsár, Flatatungu og Merkilgils í Akrahreppi undir yfirlýsingu um landamerki jarða þeirra. Nánar um þetta í kaflanum um Egilsá.

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Merkigili frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

5.6 Ábær

Í máldagabók Auðuns biskups rauða Þorbergssonar frá 1318 segir um Ábæ:

> Kyrkia amillum a. sem kallast Abæ.[1065]

Þetta mætti e.t.v. skilja sem svo að kirkjan Ábær liggi á milli tveggja áa. Er talið að nafnið sé komið vegna legu bæjarins milli Ábæjarár og Tinnár.[1066] Ekki kemur fram í máldaganum að kirkjan eigi nokkuð landsvæði eða ítök. Nokkrir reikningar Goðdalakirkju frá árunum 1426–1428 og 1491–1493 hafa verið teknir saman í eitt skjal. Þar kemur fram að Ábær, 20 hundruð að dýrleika, lá undir Goðdalakirkju þegar séra Gunnar tók við henni.[1067] Þorleifur Árnason seldi Skúla Loftssyni nokkrar jarðir á Vestfjörðum og í Húnavatnssýslu fyrir nokkrar jarðir í Skagafirði og þ.á m. Ábæ með kirkjuskyld. Kristín Teitsdóttir samþykkti sölu Þorleifs bónda síns en kaupin fóru fram í Glaumbæ 12. september 1469.[1068] Jón Jónsson galt heilagri Hólakirkju m.a. jörðina Ábæ (jörðina alla á Bæ), með bréfi dagsettu 30. maí 1499, og í staðinn kvittaði séra Guðmundur Jónsson officialis Jón og Rögnu Finnsdóttur fyrir barnsgetnað.[1069] Fram kemur í testamentisbréfi Gottskálks biskups Nikulássonar, frá 6. júní 1520, að Ábær, 20 hundruð að dýrleika, hafi verið goldinn Hóladómkirkju sem sakfelli.[1070] Hins vegar er aðeins getið um hálfan Ábæ þegar eignir Hóladómkirkju er tíundaðar í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525.[1071] Ábær í Dölum er talinn upp í skrá, frá 25.

[1063] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar,* IV, bls. 524.
[1064] Skjal nr. 2 (20).
[1065] DI II, bls. 463, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1066] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar,* IV, bls. 17, 518.
[1067] DI IV, bls. 342. Gunnar prestur Jónsson tók við Goðdalakirkju 1488 og hélt til 1517, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 249, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1068] DI XI, bls. 23, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1069] DI VII, bls. 422, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1070] DI VIII, bls. 780, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1071] DI IX, bls. 301, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

desember 1550, um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls í föstu og lausu eftir Jón Arason biskup fráfallinn.[1072]

Til Ábæjar telst einnig eyðibýlið Tinnársel, sem byggt hefur verið úr selstöðu þess eins og segir í Jarðabók 1713. Upprekturinn á Nýjabæjarafrétt er fyrir toll, eins og á Merkigili og Miðhúsum.

> Skógur sem verið hefur er eyddur. [...]
>
> Upprekstur á Nýjabæjar afrjett ut supra. [...]
>
> Engjar öngvar nema megi höggva á 2–3 hesta í flóa uppá fjalli.
>
> *Abæiarsel* öðru nafni *Arasteckur*, þar eru girðíngar sem verið muni hafa þrælsgerði, en bygð aldrei.
>
> *Svartebacke* með sama móti.
>
> *Ófridarstader*, þriðja þrælsgerði eður kanske bygð í gamalli tíð, því hjer sjást húsaleifar innan garð. Aldrei hefur hjer bygst í manna minni, og má ekki aftur byggja, því túnstæði er alt í hrjóstur komið.[1073]

Einnig kemur fram um Tinnársel í samhengi við Ábæ:

> Kostir aðrir og ókostir sem sagt er um Abæ, nema hvað hjer er nokkuð betra til heyss, en miklu hættara fyrir klettahruni og skriðum. Er so mælt að þetta sje helmíngur af jörðunni Ábæ, og hafi til forna ein jörð verið og þetta Tinnársel bygt í selstöðunni.[1074]

Kvörtun barst yfirvöldum frá sóknarprestinum í Goðdölum vegna þess að eftirlitsmaður Hólastóls hafði krafið hann um ýmsar tekjur Ábæjarkirkju sem hann og forverar hans höfðu fengið í yfir hundrað ár gegn því að hafa umsjón með henni. Í svari yfirvalda frá 20. júní 1743 kemur fram að Goðdalapresti beri þessar tekjur.[1075]

Þann 22. júní 1781 fór Jón Sveinsson prestur í Goðdölum fram á að Ábæjarkirkja í Austurdal yrði aðskilin frá Goðdalaprestakalli og að í framtíðinni yrði með hana farið í samræmi við máldaga hennar og alþingisályktun frá 1680. Hann rökstuddi mál sitt m.a. með því að nefna að Goðdalir, ekki síst vegna þess að þeir hefðu engin ítök til lands eða sjávar, væru mjög erfitt prestakall, að langt væri á milli Goðdala- og Ábæjarkirkna og að forverar hans í embætti hefðu ekki talið Ábæ tilheyra Goðdölum.

Með bréfi Jóns fylgir máldagi Ábæjar frá 1318 en hann er ekki skrifaður upp.[1076]

Í formlegu minnisblaði frá 1802 kemur fram að Ábæjarkirkja eigi hvergi ítak.[1077]

[1072] DI XI, bls. 861. Sjá ennfremur DI XV, bls. 224 og DI XV, bls. 457, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1073] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 163.
[1074] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 163.
[1075] *Lovsamling II*, bls. 483-484.
[1076] Skjal nr. 2 (83).
[1077] Skjal nr. 2 (23).

Á manntalsþingi, 4. maí árið 1805, höldnu að Stóru-Ökrum, var upplesin lögfesta Eiríks Eiríkssonar fyrir Ábæ.[1078] Þá var lesin upp lögfesta á manntalsþingi, 25. maí árið 1825, á sama þingstað, fyrir Ábæ með Tinnárseli og Nýjabæ, hvar vænst var skilmerkja fyrir. Þessu vildi Jón Höskuldsson (í Merkigili)[1079] mótmæla.[1080]

Samkvæmt jarðamatinu 1849 tilheyrir hálf afrétt Ábæ. Hún er notuð til upprekstrar af þeim jörðum sem hana eiga. Einnig kemur fram í matinu að Ábær á óbyggðu hjáleiguna Tinnársel. Í jarðamatinu 1849 kemur fram eftirfarandi:

> Landrými í besta lagi og landkostir og útbeit að því skapi í kjarngóðu kvistlandi, svo sjaldan tekur þar fyrir jörð á vetrum, hrossabeit því nær engin, því landið er snögglendt, og liggur allt til fjalls. Torfrista svo að kalla eingin, en hrísrif má fá í afrjett þeirri, sem að hálfu leiti tilheyrir jörð þessari, sem að öðru leyti er arðlítil, þar hún er ekki brúkuð til upprekstrar nema fyrir þær jarðir undir hvörjar hún liggur.[1081]

Á aukaþingi, 8. júlí árið 1876, höldnu að Reynistað, var tekið fyrir landaþrætumál Gísla Stefánssonar á Flatatungu gegn Agli Frímanni Steingrímssyni á Merkigili. Þar er um að ræða svokallaðan Þrætupart, sem fjallað var um við jörðina Miðhús. Gísli, fyrir hönd eigenda Ábæjar, gerði kröfu um að landsparturinn á milli Ábæarár og Silungslækjar yrði allur dæmdur eign jarðarinnar Ábæar, án þess að Miðhúsaeigendur hafi þar nokkurt ítak eða rétt til neinna afnota. Gísli lét hvorki gjöra áreið eða uppdrátt af þrætulandinu, þrátt fyrir ítrekaðar óskir réttarins. Málinu var því vísað frá dómi.[1082] Tæpu ári síðar var aukaþing sett og haldið 25. júní árið 1877 að Flatatungu, til að gjöra áreið eða skoðun á þrætulandinu milli Merkigils og Ábæjar að ósk Egils bónda Steingrímssonar á Merkigili, að fengnu samþykki Ábæjar eigenda. Óðalsherrann Gísli Stefánsson á Flatatungu, sem höfðaði fyrrtéð landaþrætumál árið áður, var eigandi að 2 hundruðum í jörðinni Ábæ. Af rjettinum voru útnefndir 4 menn til þess að framkvæma áreið eða skoðun á þrætulandinu milli Merkigils og Ábæjar.[1083]

Sátt hefur náðst í málinu, ef marka má landamerkjabréfið sem hér fer á eftir frá því áratug síðar, 1888. En þar kemur fram að samkvæmt sætt sem gerð hafi verið 1877 og hún skráð í landamerkjabréfið:

Landamerkjabréf fyrir Ábæ var útbúið þann 24. maí 1888 og því var þinglýst sjö dögum síðar:

> [A]ð norðanverðu Ábæará til fremstu upptaka; að austanverðu hábrúnin frá Ábæjarárupptökum til upptaka Tinnár, að sunnan ræður Tinnár til Jökulsár, og að vestanverðu Jökulsáin.

[1078] Skjal nr. 2 (109).
[1079] Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 512.
[1080] Skjal nr. 2 (113).
[1081] Skjal nr. 2 (21).
[1082] Skjal nr. 2 (111).
[1083] Skjal nr. 2 (112).

> Hálf Nýjabæarafrjett liggur undir Ábæ. - Samkvæmt sætt framfarinni að Ábæ 2. júlím. 1877, hafa Ábæarbúendur rjett til sambrúkunar á Miðhúsadal út að Silungalæk móts við ábúendur Merkigils yfir alla tíma ársins, nema þann sem verið er með búpening í seli (Miðhúsum) frá Merkigili, en móti þeirri brúkun hafa Merkigils ábúendur frýan upprekstur á Nýjabæjarafrétt […] án nokkurs endurgjalds. [1084]

Kristín Guðmundsdóttir, Ábæ og Egill T. Steingrímsson, Merkigili, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Steingrími Jónssyni, sem handsalaði sem eigandi Nýjabæjar.

Fram kemur í kaflanum um Ábæ í fasteignamatinu 1916–1918 að beitiland jarðarinnar liggi að afrétt. Einnig stendur að jörðin eigi hálfan Nýjabæjarafrétt og hafi til upprekstrar.

> Beitiland afar víðlent, liggur að afrjett. [...]
>
> Jörðin á Nýjabæjarafrétt að hálfu og hefir þar upprekstur. [1085]

Í afsali Ábæjar frá 18. ágúst 1952 er talað um Ábæ ásamt Nýjabæ og í afsali 1/9 hluta Ábæjar þann 17. ágúst 1961 kemur fram að 1/9 hluti Nýjabæjar fylgi með.[1086] Þann 25. október 1960 seldi Hannes Stefánsson 1/9 hluta jarðanna Nýjabæjar og Ábæjar auk 1/9 hluta Nýjabæjarafréttar til Sigurðar Friðrikssonar, Stekkjarflötum, Stefáns Hrólfssonar, Keldulandi, Jóhanns Jóhannessonar, Silfrastöðum, og Bjarna Halldórssonar, Uppsölum.[1087]

Eigendasaga Ábæjar er allvel rakin með ítarlegum tilvísunum í *Byggðasögu Skagafjarðar*.[1088] Þar kemur fram að Ábær fór í eyði árið 1941 en jörðin var áfram nytjuð, fyrst frá Víðivöllum og síðan Bústöðum til 1950.[1089]

5.7 Nýibær

Hér verða raktar heimildir um Nýjabæ í Akrahreppi. Í kafla 5.10 er fjallað um afrétti og afréttarnot, meðal annars á Nýjabæjarafrétti, sjá einkum kafla 5.10.3.

Nokkrir reikningar Goðdalakirkju frá árunum 1426–1428 og 1491–1493 hafa verið teknir saman í eitt skjal. Þar kemur fram að Nýibær, 5 hundruð að dýrleika, lá undir Goðdalakirkju þegar séra Gunnar tók við henni.[1090] Þorleifur Árnason seldi Sveini Guðmundssyni hálfan Nýjabæ í Austurdölum með bréfi frá 29. janúar 1464. Þorleifur seldi Sveini jarðarhelminginn með öllum gögnum og gæðum er greindri jörð fylgdi og fylgt hafði að fornu og nýju:

[1084] Skjal nr. 2 (9).
[1085] Skjal nr. 2 (20).
[1086] Skjal nr. 4 (25).
[1087] Skjal nr. 4 (64).
[1088] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 518-519, 530-530 og 533. Þar er getið eigenda bæði Ábæjar og Nýjabæjar. Sjá einnig framlögð afsalsbréf fyrir ákveðnum hlutum afréttarsölu.
[1089] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 524.
[1090] DI IV, bls. 342. Gunnar prestur Jónsson tók við Goðdalakirkju 1488 og hélt til 1517, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 249, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

> med suodann jardar eign. ath tinnaa. ok suo langt aa fioll fram sem votn dragha.[1091]

Sveinn galt Þorleifi jarðarhelminginn í búfénaði. Nýjabæ er að finna á meðal jarðagóss Hólakirkju í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525.[1092] Hið sama kemur fram í skrá frá 25. desember 1550 yfir eignir Hóladómkirkju og stóls eftir Jón biskup Arason fráfallinn. En þar segir ennfremur að hálfur Nýibær, 10 hundruð að dýrleika, sé ein af þeim jörðum sem Jón biskup hafi goldið Hólakirkju í stað jarða sem hann hafði selt undan henni.[1093] Ólafur Hjaltason biskup seldi Ólafi Tómassyni alla jörðina Nýjabæ fyrir 10 hundruð með bréfi dagsettu 10. apríl 1564. Biskup seldi jörðina með öllum gögnum og gæðum sem jörðinni fylgdu og fylgt hafði að fornu og nýju en áskildi sér kolagjörð í Nýjabæjarskógi árlega upp á þrjá hesta svo lengi sem hann lifði en jörðina ítölulausa upp frá því.[1094]

Þann fjórða dag páska 1596 vottuðu fjórir menn að hafa lesið í bréfi Ólafs Rögnvaldssonar biskups frá 1464 að Nýibær hefði verið gefinn Hólum í próventu. Þeir vottuðu einnig að hafa lesið í gögnum Hólastóls að hálfur Nýibær teldist í eigu hans eftir fráfall Gottskálks [Nikulássonar] biskups og að Jón Arason hefði goldið dómkirkjunni Nýjabæ fyrir tíu hundruð með tíu aura landskuld. Þá vottuðu þeir að í reikningum Hólastóls frá 1553, [1554], 1555 og 1556 væri Nýjabæjar getið með tólf aura landskuld og fjórum eða fimm kúgildum. Vitnin kváðust ekki hafa séð Nýjabæjar getið í reikningum Sigurðar [Jónssonar] eftir að Ólafur [Hjaltason] var fallinn frá eða reikningunum frá 1570 og 1571.[1095]

Nýibær á afrétt skv. Jarðabók 1713, og þangað er rekið frá fjórum bæjum; Ábæ, Miðhúsum, Merkigili og Tinnárseli.

> Afrjett á jörðin, sem kallast Nýjabæjarafrjett. Þángað hafa rekið áður taldir 4 bæir [þ.e. Ábær, Miðhús, Merkigil og Tinnársel] fyrir toll ut supra, og tók ábúandinn tollinn.[1096]

Í tengslum við Nýjabæ eru nefnd eyðibýlin *Fagrahlíð* og *Selvellir*.

> *Fagrahlijd*. Eyðiból fram frá Nýjabæ, hefur í auðn verið um lángan aldur, þó eru þar sýnileg byggíngarmerki, girðíngar um tún og tóftaleifar. Túnstæði alt í hrjóstur komið og fyrir því örvænt að byggja, þar engin slægjulönd liggja so nærri að rækt verið á komið. Annars eru hjer hagar merkilega góðir sumar og vetur.
>
> *Selsvellir* heitir fyrir vestan Jökulsá hina eystri, þar eru sýnileg bygðarmerki og túngarðaleifar; segja menn þar hafi búið verið fyrir þeirra minni, sem nú lifa. Það land eigna nú sumir Skatastöðum, sumir Bjarnastaðahlíð, sem liggur

[1091] DI V, bls. 410, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1092] DI IX, bls. 301, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1093] DI XI, bls. 860, 874 og 878. Sjá einnig DI XII, bls. 461, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1094] DI XIV, bls. 246, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1095] Skjal nr. 2 (17) a-b.
[1096] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 164.

> í Vesturdölum, og þaðan var það brúkað fyrir selstöðu, þegar stóllinn hafði þar bú í tíð Hr. Guðbrands.[1097]

Á manntalsþingi, 25. maí árið 1825, höldnu að Stóru-Ökrum, var lesin upp lögfesta fyrir Ábæ með Tinnárseli og Nýjabæ, hvar vænst var skilmerkja fyrir. Því var sýnt bréf biskupsins Halldórs Brynjólfssonar og svo í rétt lagt. Þessu vildi Jón Höskuldsson mótmæla.[1098]

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að Nýjabæ fylgi hálf Nýjabæjarafrétt.

> Þessari jörð tilheyrir og hálf Nýabæar afrétt, sem eingan ágóða gefur, nema hvað eignamaður eða ábúandi notar hana til upprekstar fyrir heimilið og til kolagjörðar. [1099]

Á manntalsþingi, 22. maí árið 1890, höldnu að Stóru-Ökrum, var þinglesin landamerkjaskrá fyrir Skatastaði. Þessari skrá mótmælti eigandi Nýjabæjar, Steingrímur Jónsson á Silfrastöðum.[1100]

Þann 22. mars 1905 seldi Steingrímur Jónsson á Silfrastöðum bóndanum á Kroppi í Eyjafirði eyðijörðina Nýjabæ í Akrahreppi með öllu heimalandi jarðarinnar, hálfri Nýjabæjarafrétt og þrætulandinu Selvöllum vestan Jökulsár gegnt Nýjabæ.[1101] Í afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu er færsla frá sama degi þar sem Nýibær er talinn upp meðal jarða sem séu „ekki í fasteignamati, lagðar undir afrétti".

Í afsals- og veðmálabók Skagafjarðar er getið jarða, ekki í fasteignamati, er hafi verið lagðar undir afrétti. Getið er Nýjabæjar og sagt að hann hafi verið afsalaður Davíð Jónssyni á Kroppi.[1102]

Þann 25. október 1960 seldi Hannes Stefánsson 1/9 hluta jarðanna Nýjabæjar og Ábæjar auk 1/9 hluta Nýjabæjarafréttar til Sigurðar Friðrikssonar, Stekkjarflötum, Stefáns Hrófssonar, Keldulandi, Jóhanns Jóhannessonar, Silfrastöðum, og Bjarna Halldórssonar, Uppsölum.[1103]

Í Byggðasögu Skagafjarðar kemur fram að Nýibær hafi farið í eyði árið 1880 og jörðin lögð undir afrétt.[1104]

Fjallað er um land í eigu Nýjabæjar í *Lýsingu Eyjafjarðar*. Nánar er fjallað um þetta í kafla 5.10.3 um Nýjabæjarafrétt.

[1097] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 164.
[1098] Skjal nr. 2 (114).
[1099] Skjal nr. 2 (21).
[1100] Skjal nr. 2 (115).
[1101] Skjal nr. 4 (37).
[1102] Skjal nr. 4 (36).
[1103] Skjal nr. 4 (64).
[1104] Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 534.

5.8 Hof

Hér verða raktar heimildir um Hof í Lýtingsstaðahreppi, einkum með tilliti til Hofsafréttar. Í kafla 5.10 er fjallað nánar um afrétti og afréttarnot, meðal annars á Hofsafrétti, sjá einkum kafla 5.10.5.

Um Hof stendur í Byggðasögu Skagafjarðar III:

> Hof er innsti bær í Vesturdal vestan Hofsár og átti fyrrum allt land í tungunni milli Jökulsár vestari að vestan og Hofsár að austan. Hluti þessa lands, þ.e. Reiturinn á móti Þorljótsstöðum og Lambatungur þar framan við hafa verið seldar frá jörðinni ásamt vesturhluta Hofsafréttar. Ennfremur eiga Hofsbæirnar ítak til slægna í svonefndum Parti í landi Litluhlíðar austan Hofsár við landamerki Bjarnastaðahlíðar. Auk þessa tilheyrði Hofi að fornu Litluhlíðarland og afréttarland upp með Jökulsá austari framan Skatastaðalands. Samgöngur eru um Skagafjarðarveg.
>
> Hof í Vesturdal var fyrrum einhver landstærsta jörð á Íslandi og enn er land jarðarinnar gríðarlega stórt, nær upp að Hofsjökli. Dregur jökullinn nafn af Hofi í Vesturdal. [...]
>
> **Hofsafrétt**. Til forna tilheyrði Hofi allt land milli Jökulsár vestari að vestan og Jökulsár austari að austan. Norðurmörk vestan Hofsár voru suðurlandamerki Bjarnastaðahlíðar en að austan við Skatastaðaland um Þæfumýrar til Keldudals og svo með Jökulsá austari til Hofsjökuls.[1105] Síðar skiptist út land Gilja og Þorljótsstaða. Þetta land heitir einu nafni Hofsafrétt sem skiptist í eystri og vestari afrétt. Vesturafréttin er enn eignarland Hofs. Hún afmarkast að norðan á Hofsdal af Kvikindislæk sem kemur úr Ósabotnum og fellur í Jökulsá vestari. Úr Ósabotnum austur að Hrafnsgili og þaðan fram Reitsbrúnir í Fossárfell. Þaðan á austurbrúnir Lambárfells í upptök ystu kvíslar Hraunþúfuár. Síðan með Hraunþúfuá að Runukvísl. Eftir það Runukvísl að Bleikálukvísl og Bleikálukvísl allt til Hofsjökuls.[1106]

Á eftir merkjalýsingunni kemur tilvísun í neðanmálsgrein nr. 20 þar sem segir: „Landamerkjabréf Hofsafréttar 17. febrúar 1919.“

Segir í *Landnámu* að Hof hafi verið jörð Eiríks landnámsmanns, sem numið hafi land frá Gilá um Goðdali alla og afan til Norðurár.[1107]

Fram kemur í máldögum Auðuns biskups rauða Þorbergssonar frá 1318 að Hofskirkja eigi land á Gilum (Giljum).[1108] Benedikt Gissurarson seldi Sigurði Þorleifssyni Lýtingsstaði gegn öllum Hofsjörðum að kirkjujörðinni Giljum undanskilinni með bréfi frá 4. júní 1377.[1109] Þar segir um merki hinna seldu Hofsjarða:

[1105] DI III, 317-319, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1106] Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* III – *Lýtingsstaðahreppur.* Sauðárkrókur. 2004, bls. 355 og 358.
[1107] Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 231.
[1108] DI II, bls. 463, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1109] DI III, bls. 318, sbr. skjal nr. 2 (B.1) og skjal nr. 2 (38) a-b og 2 (24).

> [...] geingur gardur fyrst ad sunnan hlyd nedann úr Svartá, og í Fiall, enn úr gardstadnum riettsyne og uppá Fiall og austur í Þæfumyrar, og Kielldudal austur ad Jökulsá, og þadan sudur under Jökla.[1110]

Hof í Dölum ásamt kotunum Gili og Þorljótsstöðum er talið upp á meðal jarða Teits lögmanns Þorleifssonar í skrá frá 1522 og síðar.[1111] Hof er talið upp á meðal jarða Reynistaðarklausturs í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525.[1112]

Hof var m.a. ein af þeim jörðum sem Jón biskup Arason hafði fengið Hólakirkju í stað þeirra sem hann hafði selt undan henni. Þetta kemur fram í skrá sem gerð var, 25. september 1550, um eignir kirkju og stóls eftir Jón biskup fráfallinn.[1113] Jörðinni bregður jafnframt fyrir í reikningum Hólastóls frá 1569–1570.[1114]

Árið 1627 gaf Sigríður Jónsdóttir, uppalin á Hofi, eftirfarandi vitnisburð:

> [...] hafe hún vitad ad sá Reitur giegnt Þorliótstödum og so Lækiarhlÿd giegnt Gylium var bygt allt aff Hoffs mönnum fyrer v aura Snorra heitnum sem þá bió á Þorliótsstödum, þá var og bygd Litla Hlyd frá Hofe fyrer xv aura, enn í Landenu framm frá Fiárhúz stada og Vetrarbeit á Vetur frá Hoffe, enn Selstada á Sumar, enn Landeign halldinn í gard þann sem geingur upp frá Laxakiere fyrir sunnann Biarnastada hlyd. – Hid sama ber Skule Höskulldsson Ektamadur greindrar Sigrídar.[1115]

Þetta stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1713:

> Afrjett á jörðin uppá fjöllin, sem brúkast árlega fyrir toll, lamb af rekstri hverjum, og nýtur ábúandi sjálfur tollsins, sem sjaldan er meiri árlega en til xx álna, mest xxx álnir. [...]
>
> Lax og silúngsveiðivon góð, ef vel er að sóknt, í Hofsá.
>
> Grasatekja næg.
>
> Selstöður tvær á jörðin í sjálfrar sinnar landi og brúkast ýmist. [...]
>
> Hraunþufuclaustur heitir hjer i afrjettinni. Þar sjest lítið til girðínga og tóftaleifa mikillra, so sem þar hafi stórbýli verið. [...] Þetta land er í afrjettinni og brúkast frá Hofi so sem hennar eigið land.[1116]

Forn býli í landinu hafa verið Peturssel, Hamarsgerde, Hrafnstader, Trader.

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 28. júní árið 1728, var upplesin lögfesta Rafns Árnasonar fyrir leigujörð hans, Hofi í vestari Skagafjarðardölum, eftir byggingarbréfi Hóladómkirkju ráðsmannsins Þorgeirs Jónssonar honum gefnu, með öllum þeim tilteknu landamerkjum er sjálf lögfestan með sér færir. Lögfestan er

---

[1110] DI III, bls. 318, sbr. skjal nr. 2 (B.1) og skjal nr. 2 (24) og 2 (38) a-b. Þar stendur reyndar: „[...] geng[u]r garðstad[u]r fyrir stað sunnan hlíð“.
[1111] DI IX, bls. 92-93, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1112] DI IX, bls. 321, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1113] DI XI, bls. 860, 874 og 878. Sjá einnig DI XII, bls. 461, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1114] DI XV, bls. 224 og 457, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1115] Skjal nr. 2 (83).
[1116] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 143-144.

dagsett samdægurs.[1117] Á manntalsþingum á Lýtingsstöðum voru upplesnar lögfestur fyrir Hofi þann 22. apríl árið 1763[1118], síðan 8. maí árið 1765[1119], því næst 3. maí árið 1805[1120] og loks 16. júní árið 1808.[1121]

Á manntalsþingi, 7. júní árið 1827, að Lýtingsstöðum, var upplesin lögfesta Steins Ormssonar fyrir eyðijörðinni Stafni. Lögfestan er dagsett sama dag. Magnús Snæbjörnsson á Hofi mótmælti lögfestu Steins.[1122]

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að afrétt tilheyri Hofi. Hún sé frítt upprekstrarland fyrir jarðir milli Jökulsánna. Í jarðamatinu segir:

> Engjar eru snögglendar og reitingslegar, og liggja undir áföllum af skriðum, en sæmilega heygott. Landrými nægjanlegt, sumarbeit lángsókt en í besta lagi til nytja; vetrarbeit stopul heima við. Jarðarinnar land er mjög uppblásið og skurðótt. Undir jörðina liggur afrétt, sem jörðin hefir eingin not af, nema ef telja skyldi að hrossahagar eru þar allgóðir. Sumrum er hún frítt upprekstarland fyrir jarðir þær sem liggja á milli Jökulsánna. [1123]

Landamerkjabréf fyrir Hof var útbúið þann 24. maí 1886 og því var þinglýst degi síðar:

> Hof á land allt í tungum í milli Jökulsár að vestan og Hofsár að austan og fram til Hofsjökuls. [...] Ennfremur á Hof það ítak í landið fyrir austan Hofsá, þ.e. í Giljaland [...] grasatekju í landi þessu austan Hofsár [...] Litlahlíð á frían geldfjárupprekstur í Giljaland en ekki yfir Hofsá í Hofsland. Engin ítök í landið.[1124]

Zophanías Halldórsson eigandi Hofs skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Ólafi Guðmundssyni, eiganda Gilja, Sveini Guðmundssyni, eiganda Bjarnastaðahlíðar, og Ólafi Guðmundssyni vegna Litluhlíðar.

Fram kemur í kaflanum um Hof í fasteignamati 1916–1918 að jörðin eigi mjög víðlent afréttarland sem liggi á milli Hofsár og Vestari-Jökulsár allt til Hofsjökuls. Einnig kemur fram að jörðin eigi ítak í Giljaafrétt til hrossagöngu og grasatekju.

> Jörðin hefir rétt til slægna í svonefndum „Hofsparti“ í landi Litluhlíðar. Beitiland afar víðlent, kjarngott til beitar, einkum fyrir sauðfé. Jörðin á mjög víðlent afréttarland, sem liggur á milli Hofsár og vestari Jökulsár allt til Hofsjökuls. Heitar laugar eru skammt frá túni, og þar nokkur garðrækt. Jörðin á ítak í Giljaafrétt til hrossagaungu, grasatekju og slægna. Landamerki þinglesin.[1125]

[1117] Skjal nr. 2 (118).
[1118] Skjal nr. 2 (119).
[1119] Skjal nr. 2 (120).
[1120] Skjal nr. 2 (121).
[1121] Skjal nr. 2 (122).
[1122] Skjal nr. 2 (123).
[1123] Skjal nr. 2 (21).
[1124] Skjal nr. 2 (15).
[1125] Skjal nr. 2 (20).

Í afsalsbréfi fyrir hluta Hofs frá 4. september 1944 stendur um landamerki:

> Að austan verðu ræður Hofsá merkjum, Að norðanverðu úr jarðföstum steini sem stendur í svonefndri skriðu á milli gamla bæjarins og nýbýlis sem búið er að reysa út við laugar, úr þessum steini beint í vestur á neðzta grasstall í brekkunni. suður þann stall í Fitjalæk ræður sá lækur merkjum upp á brún, þaðan rettsýnis í vestur á há fjall, sem vötn falla austur af. Þaðan sjónhending fram háfjallið til jökuls svo sem Hofsland hefir áður verið.
>
> Ennfremur fylgir þessum parti ítök í Giljalandi sem um getur í þinglesinni landamerkjaskrá fyrir Hofi dagsett. 25. Maí 1886.[1126]

Nýbýlin Hofsvellir og Vesturhlíð hafa verið byggð út úr landi Hofs. Nýbýlið Hofsvellir var stofnað í landi Hofs árið 1941.[1127] Ekki er til landamerkjabréf fyrir býlið.

Vesturhlíð er nýbýli úr löndum jarðanna Hofs og Hofsvalla og liggur milli þeirra, skipt út af Nýbýlanefnd Skagafjarðarsýslu 24. apríl 1950 og samþykkt af Nýbýlastjórn ríkisins 11. nóvember 1950.[1128]

Hof lagðist í eyði árið 1999 og hefur jörðin síðan verið nytjuð af Hofsvöllum.[1129] Heimildir benda ekki til annars en að fram að þeim tíma hafi verið samfelld búseta á Hofi frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að jörðin hefur verið framseld með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

5.8.1 Gil (Giljar)

Fram kemur í máldagabók Auðuns biskups rauða Þorbergssonar frá 1318 að Hofskirkja eigi land á Giljum.[1130] Benedikt Gissurarson seldi Sigurði Þorleifssyni Lýtingsstaði gegn öllum Hofsjörðum að kirkjujörðinni Giljum undanskilinni með bréfi frá 4. júní 1377.

Hof í Dölum ásamt kotunum Gili og Þorljótsstöðum er talið upp á meðal jarða Teits lögmanns Þorleifssonar í skrá frá 1522 og síðar.[1131] Gil var m.a. ein af þeim jörðum sem Jón biskup Arason hafði fengið Hólakirkju í stað þeirra sem hann hafði selt undan henni. Þetta kemur fram í skrá sem gerð var, 25. september 1550, um eignir kirkju og stóls eftir Jón biskup fráfallinn.[1132] Jörðinni bregður jafnframt fyrir í reikningum Hólastóls frá 1569–1570.[1133]

Árið 1627 gaf Sigríður Jónsdóttir, uppalin á Hofi, vitnisburð þar sem minnst er á Gil. Meira er fjallað um þetta í kaflanum um Hof.[1134]

[1126] Skjal nr. 4 (54).
[1127] Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* III, bls. 366.
[1128] Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* III, bls. 364.
[1129] Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* III, bls. 363.
[1130] DI II, bls. 463, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1131] DI IX, bls. 92-93, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1132] DI XI, bls. 860, 874 og 878. Sjá einnig DI XII, bls. 461, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1133] DI XV, bls. 224 og 457, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1134] Skjal nr. 2 (24).

Í Jarðabók 1713 er ekki getið um að Giljabóndi gjaldi afréttatoll til Hofs[1135] eins og flestar aðrar jarðir í nágrenninu gerðu.

Jarðamat 1849 segir sumarhaga kjarngóða, en liggja langt frá.[1136]

Landamerkjabréf fyrir Giljum var útbúið þann 22. maí 1886 og því var þinglýst þremur dögum síðar:

> […] austur á Sperðilsbrúnir, svo fram Hábrúnir fram á Keldudalsöxl og eptir brjefi frá 1377 allan Keldudal austur að Jökulsá, ræður hún þá fram til Jökla. En fyrir framan Gilji eru landamerkin haldin í Stóragrjót þaðan beint í austur á ~~Hálmúla~~ há-Múla, þaðan beina stefnu í há suður til Jökuls. Í þetta land hefir Hof þau ítök […] grasatekju í landi þessu austan Hofsár […] Að öðru leyti […] fyrirbýð jeg hjermeð öllum alla brúkun á Giljalandi […] nema menn sanni brúkunarrjett sinn.[1137]

Ólafur Guðmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Zophanías Halldórssyni, eiganda Hofs og Sveini Guðmundssyni, eiganda Þorljótsstaða að nokkru leyti.

Eftirfarandi kemur fram í *Göngum og réttum* í umfjöllun um Hofsafrétt:

> Um 1885 urðu nokkur átök um Austurpart afréttarinnar á milli þáverandi eigenda Hofs og eiganda Gilja, sem enduðu á þann hátt, að Austurparturinn komst undir Gil án verulegs endurgjalds.
>
> Um 25 árum síðar keyptu svo eigendur nokkurra jarða, sem upprekstur áttu á Hofsafrétt, hlutdeild í Austurpartinum af eiganda Gilja, og hefir hann síðan verið sameign þeirra jarða..[1138]

Í málinu liggur fyrir skjal sem ber yfirskriftina „Kaupsamningur um austari hluta Hofsafréttar“ og er dagsett 10. október 1910. Um er að ræða samning milli Sveins Sigurðssonar á Giljum, sem seljanda, og Guðmundar Ólafssonar á Litluhlíð, Guðmundar Sveinssonar á Bjarnastaðahlíð, Helgu Hjálmarsdóttur í Bakkakoti, Tómasar Pálssonar á Bústöðum, Sveins Stefánssonar á Tunguhálsi og Eiríks Guðnasonar á Villinganesi, sem kaupenda. Í samningnum segir:

> Það sem selt er, er eign mín Sveins Sigurðssonar hinn svokallaði austari Hofsafrétt, sem um fleiri ár hefur legið undir jörðinni Gil, og sem ég eignaðist með kaup bréfi [svo] dags. 28. febrúar 1908, er ég keypti jörðina Gil með afréttarparti þessum.

Síðar segir:

> Landamerki fyrir afréttarparti þeim sem hér umræðir [svo] eru: Að norðan ráða merkjum svo kallaðir Lækir er falla í Giljaá rétt farman [svo] við Giljaland beina stefnu úr þessum lækjum í austur á há Fláahæð, þaðan í austur

[1135] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 146.
[1136] Skjal nr. 2 (25).
[1137] Skjal nr. 2 (11).
[1138] Bragi Sigurjónsson. *Göngur og réttir* IV, bls. 92.

> á *Sperðilsbrúnir*, fram á þær brúnir allt á Keldudalsöxl. Þaðan austur í *Svínanarklifi* við Jökulsá, síðan ræður austari Jökulsá merkjum til Hofsjökuls. Vestan Giljár ræður bein stefna í vestur á há-Múla, þar sem áður greindir lækir falla í Giljaá. Af há-Múla ræður bein stefna á Stafnsvantshæð. Beina stefnu af *Stafnsvatnshæð* í Neðri-Bakka við Runukvísl, síðan ræður Runukvísl merkjum að Bleikálukvísl, síðan Bleikálukvísl til Hofsjökuls.[1139]

Fram kemur í afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu að Sveinn Sigurðsson Giljum hafi afsalað sér austari hluta Hofsafréttar þann 16. maí 1912.[1140]

Eftirfarandi kemur fram í kaflanum um Gil í fasteignamati 1916–1918:

> Jörðin á hluta í afrétt sem notuð er til upprekstur.[1141]

5.9 Þorljótsstaðir – vegna Þorljótsstaðarunu

Hof í Dölum ásamt kotunum Gili og Þorljótsstöðum eru talin upp á meðal jarða Teits lögmanns Þorleifssonar í skrá frá 1522 og síðar.[1142] Þórður nokkur bjó á Þorljótsstöðum 1546 samkvæmt reikningsgrein séra Gottskálks Jónssonar í Glaumbæ.[1143] Þorljótsstaðir var m.a. ein af þeim jörðum sem Jón biskup Arason hafði fengið Hólakirkju í stað þeirra sem hann hafði selt undan henni. Þetta kemur fram í skrá sem gerð var, 25. september 1550, um eignir kirkju og stóls eftir Jón biskup fráfallinn.[1144] Í broti úr bréfi Ólafs biskups Hjaltasonar, sem er skrifað fyrir 2. október 1567, segir að séra Gísli megi sækja eldivið í Þorljótsstaðajörð svo mikið sem honum og búi hans gagnast.[1145] Þorljótsstöðum bregður fyrir í reikningum Hólastóls frá 1569–1570.[1146]

Árið 1627 gaf Sigríður Jónsdóttir, uppalin á Hofi, vitnisburð þar sem minnst er á Þorljótsstaði. Meira er fjallað um þetta í kaflanum um Hof.[1147]

Í Jarðabókinni 1713 er nefnt fornt lögbýli innan jarðarinnar Þorljótsstaða, Stafn, sem nú er í eyði. Upprekturinn er á Hofsafrétt fyrir toll, og nýtur ábúandi Hofs sjálfur tollsins.

> Skógur hefur hjer verið og er nú gjöreyddur. [...]
>
> Sortulýng, sem hjer er af nægð í landinu, sækja allmargir úr sveitinni og gjalda þó ekkert fyrir fyrr eður síðar.
>
> Silúngs og laxveiðivon í Hofsá verður ekki aðsókt fyrir klettagljúfrum.

[1139] Skjal nr. 15(3).
[1140] Skjöl nr. 4 (41) og 4 (44).
[1141] Skjal nr. 2 (20).
[1142] DI IX, bls. 92-93, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1143] DI XI, bls. 517, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1144] DI XI, bls. 860, 874 og 878. Sjá einnig DI XII, bls. 461, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1145] DI XV, bls. 23. Óvíst er hvaða séra Gísla átt er við en útgefandi stingur upp á Gísla Sigurðssyni sem var prófastur í Skagafjarðarprófastsdæmi frá 1528-1551, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 264, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1146] DI XV, bls. 224 og 457, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1147] Skjal nr. 2 (24).

> Upprekstur í Hofsafrétt fyrir toll ut supra. [...]
>
> Engjar alls öngvar. [...]
>
> Stafn er hjer kallað stekkjarstæðið frá heimajörðunni. Þar ætla menn verið hafa fornt eyðiból, því glögglega sjest hjer til girðínga og tófta margra, sem verið hafi lögbýlisjörð.[1148]

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 7. júní árið 1827, var upplesin lögfesta fyrir Þorljótsstöðum.[1149] Tíu árum síðar, 25. maí 1837, er til önnur lögfesta fyrir Þorljótsstaði.

> [...] að norðan ræður sjónhending úr Stóragrióti til austurs uppí Vörduhæd og þaðan til efstu brúnar svo til sudurs eptir brúnunum alt framm í Móalíngskinn framan vert við svo nefnda Runu. Svo úr kinninni í Hofsá, rædur hún sídann til fyrr greindra Landamerkja að norðann.[1150]

Landamerkjabréf fyrir Þorljótsstaði var útbúið þann 17. maí 1890 og því var þinglýst sex dögum síðar:

> Að norðanverðu í stóragrjót þar beint upp á fjall til hæstu brúnar gagnvart Giljalandamerkjum, þaðan beint suður á Stafnsvatnahæð, og eins og hún heldur þá þaðan sjónhending móts við Giljaland, suður á neðri bakka vestur í Hofsá, þaðan eins og sú á ræður út í Stóragrjót. [1151]

Sveinn Guðmundsson og Jón Jónasson eigendur Þorljótsstaða skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af; Ólafi Guðmundssyni og Jónatani Stefánssyni vegna Þorljótsstaða og Gilja.

Í jarðamati 1849 kemur fram að landrými sé nægilegt, sumarhagar hrjóstrugir en vetrarbeit í besta lagi.[1152]

Fram kemur í kaflanum um Þorljótsstaði í fasteignamati 1916–1918 að beitiland jarðarinnar sé mjög víðlent og kjarngott á öllum tímum árs fyrir fé, liggi að afrétt og að upprekstur sé í heimalandi.[1153]

Árið 1941 seldi Sveinn Sigurðusson Stefáni Rósantssyni hluta úr Þorljótstöðum, þ.e. Þorljótsstaðarunu.[1154] Í umfjöllun um Þorljótsstaði í afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu er minnst á kaupsamning frá 12. júní 1941 varðandi Þorljótsstaðarunu. Einnig kemur fram að gefanda dánargjafabréfs frá 7. apríl 1960, er varðar Þorljótsstaðarunu, bresti þinglýst afsal fyrir svæðinu.[1155]

Fram kemur í afsalsbréfi Þorljótsstaðarunu frá 2. nóvember 1965:

[1148] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 145.
[1149] Skjal nr. 2 (116).
[1150] Skjal nr. 4 (53).
[1151] Skjal nr. 2 (12) og 2 (117).
[1152] Skjal nr. 2 (127).
[1153] Skjal nr. 2 (20).
[1154] Byggðasaga Skagafjarðar, III. bindi, bls. 319 og 321–322.
[1155] Skjal nr. 4 (35).

> [...] eignarétti yfir þinglesinni eign minni Þorljótsstaðarunu í Vesturdal ásamt svonefndu Runufjalli, austur á merki, - sem landamerkjabréf fyrir Þorljótsstöðum greinir - og út að svonefndum Illagilslæk [...][1156]

Þann 8. október 2004 voru landamerki Þorljótsstaðarunu staðfest af eigendum (umráðamönnum) Þorljótsstaðarunu, Þorljótsstaða, austurhluta Hofsafréttar, vesturhluta Hofsafréttar og Lambatungna:

> Landamerki Þorljótsstaðarunu eru því eftirfarandi: Frá Illagilslæk er hann rennur í Runukvísl (nr 1 506791-520423 [á teikningu 0438]) og eftir honum þar sem hann rennur um Illagil og fellur úr Stafsvatni (nr 2 508197-521152). Frá upptökum Illagilslækjar liggur bein lína norð norðaustur í Stafnsvatnshæð (nr 3 508528-522174) og þaðan bein lína eftir hæðinni eins og hún nær (nr 4 510990-521358). Frá enda Stafnsvatnshæðar liggur bein lína niður á Neðri bakka við Runukvísl (nr 5 516815-513685) á móts við ársprænu sem liggur austan Bleikálukvíslar. Þaðan liggja merkin eftir Runuvísl niður að mótum Illagilslækjar og Runukvíslar.[1157]

Heimildir benda til þess að búseta hafi verið nær samfelld á Þorljótsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún lagðist í eyði árið 1943. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti.

5.10 Afréttir og afréttarnot

5.10.1 Almennt

Í kaflanum um Goðdala- og Ábæjarprestakall í *Sýslu- og sóknarlýsingum* Skagafjarðar frá miðri 19. öld stendur:

> **Sel**. Selstöður eiga allir bæirnir í Ábæjarsókn, hver þeirra í tilhýðilegri grennd við heimilið, sömuleiðis í Goðdölum fram við Goðdalsmynni, svo og Gilhagi og Írafell fram á þar samannefndum dölum.[1158]

Í gögnum vegna hæstaréttarmáls nr. 128/1967 (Nýjabæjarafrétt), sem lyktaði með dómi 26. apríl 1969, er að finna frumvarp til samþykktar um fjárleitir á öræfunum millum Skjálfandafljóts að norðan og Jökulsár eystri í Skagafirði að vestan frá [1912]. Meðal annars er fjallað um svæði sem tengist Eyjafjarðarsýslu. Þar stendur:

> Ummerki leitarsvæðisins eru: Að austan Skjálfandafljót, að sunnan Tungnafellsjökull, Jökuldalur og sandarnir sunnan við þær hagateygjur, er liggja að Jökuldal (Fjórðungskvísl), og þaðan í Arnarfellsjökul. Að vestan Hofsjökull og Jökulsá hin eystri í Skagafirði. Að norðan Fossá og

[1156] Skjal nr. 6 (7).
[1157] Skjal nr. 6 (8).
[1158] Jón Benediktsson. „Lýsing yfir Goðdala- og Ábæjarprestakalli“, bls. 90.

> suðvesturmörk afréttanna, suður af Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslum, austur að Skjálfandafljóti.
>
> Leitarsvæði þetta skiptist í tvær leitir. Jökuldalsleit austan til og Laugafellsleit vestan til. Takmörk milli leita þessara eru: Háöldurnar vestan við Kiðagilsdrög og suður fyrir botn þeirra, síðan suður háöldurnar austan við Bergsstaðakvísl (Þjórsárkvísl), og þaðan vestan Þjórsárkvíslar í Arnarfell.[1159]

Fram kemur að notendur heimaafréttar Öngulsstaðahrepps, Saurbæjarhrepps-menn og sýslusjóðir Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna skyldu taka þátt í kostnaði við Laugafellsleit.

Fjárleitarsamþykktin skyldi gilda í fimm ár. Hún var samþykkt af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu í mars 1912 og af sýslumanninum 25. mars sama ár.[1160]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hafi tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.[1161] Kristján Linnet sýslumaður í Skagafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 14. febrúar 1920. Þar kemur fram að samkvæmt upplýsingum sem hann hafði aflað sér væru:

> [...] ekki aðrir almenningar hjer eða afrjettarlönd af þeim, er um er spurt, en hin svonefndu NÝJABÆJARÖRÆFI austan undir Hofsjökli.[1162]

Svari sýslumanns fylgdu engar umsagnir frá hreppstjórum sem hann virðist þó byggja svar sitt á.

Í sveitarfélagslýsingu Lýtingsstaðahrepps í *Byggðasögu Skagafjarðar III* stendur:

> Hofsafrétt, þ.e.a.s. austurpartur, er hins vegar ótvírætt eign sex jarða í Lýtingsstaðahreppi og vesturparturinn hefur frá öndverðu tilheyrt Hofi í Vesturdal og svo er enn. Auk þess hafa margar jarðir í hreppnum allvíðáttumikið fjalllendi innan sinnan heimalanda og nota aðrar afréttir lítt eða ekki.[1163]

Þann 14. júní 1913 var fulltrúa Akrahrepps tilkynnt að sveitarfundur [Öxnadalshrepps] hefði hafnað beiðni hreppsins um afrétt.[1164]

[1159] Skjal nr. 4 (72).
[1160] Skjal nr. 4 (72).
[1161] Skjal nr. 2 (13).
[1162] Skjal nr. 2 (14).
[1163] Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* III - *Lýtingsstaðahreppur*, bls. 23.
[1164] Skjal nr. 4 (38).

5.10.2 Silfrastaðaafrétt

Að því er fram kemur í ritinu *Göngur og réttir* IV er Silfrastaðaafrétt aðalafrétt meiri hluta Akrahrepps en þangað eiga upprekstur allar jarðir í Blönduhlíð, frá hreppamörkum Akra- og Viðvíkurhrepps fram að Norðurá, ásamt öllum Norðurárdal að Egilsá undanskilinni; í allt um 40 jarðir. Silfrastaðafrétt liggur inn af Norðurárdal en megin hluti hennar er myndaður af sex dölum sem flestir eru allstórir. Norðurárdalurinn er talinn enda þar sem byggðin þrýtur en í raun er það nokkuð innar. Afréttardalirnir greinast út frá honum á ýmsa vegu en þó eru sumir nokkurn veginn í beinu framhaldi af honum. Silfrastaðaafrétt skiptist í eftirfarandi afréttarsvæði:

> 1. Kleifar með Smaladal og hálfum Fletjárdal, en það er smádalur, sem að hálfu er heimaland frá Fremri-Kotum, innsta bænum í Norðurárdal norðanverðum. 2. Seljárdalur. 3. Horn, það er austurhlíð Seljárdals, og heitir áin, sem eftir dalnum rennur, Horná og fellur í Norðurá. 4. Miðdalur. 5. Hörgárdalstungur. 6. Hörgárdalsheiði, henni fylgir hálfur Víkingsdalur, en hinn hlutinn fylgir afrétt Möðruvalla í Hörgárdal. 7. Öxnadalsheiði með Grjótárdal. 8. Kinnar, og fylgir þeim hálfur Kaldbaksdalur, en hinn hluti hans er afrétt Öxndæla. 9. Krókárdalur með Krókárgerðisfjalli. Á Krókárdal er afdalur, sem Ernidalur heitir.
>
> Hlíðin frá Valagilsá og fram að svonefndri Landsendagjá – en hún er sem næst gegnt því, sem Horná fellur í Norðurá – heitir fullu nafni Krossland, en er í daglegu tali kölluð Land. Ofan við hlíðina er Landshnjúkur milli Kleifa og Seljárdals. Til forna var selstaða á Landinu frá Miklabæ og Víðivöllum í Blönduhlíð, og er talið, að jarðir þessar eigi Landið að hálfu hvor. Selið frá Miklabæ var skammt frá höfðanum, þar sem eldri steinsteypubrúin er yfir Norðurána. Heitir hann Prestsselshöfði. Landið er ekki sérstakt gangnasvæði, en sameiginlega smalað af þeim, sem ganga á Miðdal, Horni og Seljárdal, er þeir hafa lokið þar göngunum.[1165]

Auk ofannefndra gangnasvæða Silfrastaðaafréttar þá eru heimalönd þeirra jarða sem næst standa afréttinni smöluð af gangnamönnum í fyrstu og öðrum göngum. Þau eru allvíðlend og í þeim getur leynst talsvert afréttarfé. Umrædd heimalönd eru Borgargerðisfjall, Kotaheiðar, þ.e. heimalönd Ytri- og Fremri-Kota, og Silfrastaðafjall. Einnig er Kotagil á milli heimalands Ytri-Kota og Silfrastaða smalað.

Takmörk Silfrastaðaafréttar að vestan eru við heimalönd fremstu bæjanna í Norðurárdal. En að:

> [...] norðanverðu í dalnum eru þau við Valagilsá, en að henni nær heimaland Fremri-Kota. Valagilsá kemur úr Kleifum, og falla í hana hið efra Fletjá og Smalalækur (af Smaladal). Eru gljúfur mikil að ánni á löngum kafla, og er örskammt frá þeim ofan að Norðuránni. Í syðri hlíð Norðurárdalsins aðskilur Stórilækur heimaland Borgargerðis frá afréttinni. Kemur hann úr

[1165] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* IV. Akureyri. 1983-1986, bls. 147.

> Stóralækjarskarði og fellur í allmiklu klettagili um fjallshlíðina og ofan í Norðurá.
>
> Að austan eru takmörk afréttarinnar: Lúpá í Hörgárdalstungum, en Víkingsá í Hörgárdalsheiði. Eru þar sýslumerki, og liggur þar að afrétt Möðruvalla í Hörgárdal, sem fyrr er sagt. Á Öxnadalsheiði eru takmörk afréttarinnar á sýslumerkjum við Grjótá, en í Kinnum við Kaldbaksá, og tekur þá afrétt Öxndæla við þar austan við. Á öðrum þeim dölum, sem tilheyra Silfrastaðaafrétt og nefndir hafa verið, ráða merkjum fremstu drög dalabotna, eftir því sem vötn falla til Norðurár.[1166]

Steingrímur Jónsson á Ytri-Kotum flutti vorið 1882 að Silfrastöðum og bjó þar til 1915. Hann keypti jörðina um 1890 en í kaupunum fylgdi Silfrastaðaafrétt, kirkjujörðin Fremri-Kot, Hálfdanartungur og Krókárgerði en tvö síðastnefndu býlin voru innstu byggðu býlin í dalnum. Hálfdanartungur lögðust í eyði um 1880 en Krókárgerði var óreglulega í byggð fram á síðasta áratug 19. aldar. Hreppsnefnd Akrahrepps keypti, um vorið 1897, (mun hafa gerst 1898, sjá síðar í kaflanum) alla Silfrastaðaafrétt ásamt Hálfdanartungum og Krókárgerði en við það lagðist land þeirra undir afréttina, kaupverðið var 2500 kr. Eftir að afréttin var komin eigu sveitarfélagsins þurftu þeir sem áttu upprekstur þangað ekki lengur að greiða afréttartoll fyrir fé sitt og hross en það þurftu allflestir að gera á meðan hún var í einkaeigu. Silfrastaðabóndi hafði áður gætt þess að stóðhross sæktu ekki af afréttinni og ofan í byggðina. Við söluna færðist sú varsla á hendur sveitarmanna og voru nokkrir grjótgarðar hlaðnir í þeim tilgangi áður en gaddavírinn leysti þá af hólmi. Það kom lengi vel í hlut Fremri-Kotabænda að hafa eftirlit með þjóðvegarhliðinu á afréttargarðinum við Valagilsá áður en það var lagt niður en í þess stað kom pípuhlið á þjóðveginum.[1167]

Í kaflanum um Miklabæjarprestakall í *Sýslu- og sóknarlýsingum* Skagafjarðar frá miðri 19. öld stendur:

> **Sel**. Silfrastaðir eiga selstöðu frammi í Silfrastaðafjalli, Flatatunga fyrir ofan tunguhálsinn, nálægt Egilsá. Þessar eru notaðar. Miklibær og Víðivellir eiga saman landspart fyrir framan Valagilsá, sem einhvern tíma kann að hafa verið notaður.
>
> 32. **Afréttir**. Afréttarlönd eru afdalir og heiðar, allavega út úr Norðurárdalnum og tilheyra Silfrastöðum. Þangað reka flestir úr sóknunum, ásamt Flugumýrarsókn, hver eð næst liggur á norðursíðuna.[1168]

Silfrastaðaafrétt var í eigu Silfrastaða en seld Akrahreppi ásamt Hálfdánatungum þann 6. nóvember 1898.[1169]

[1166] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* IV, bls. 148.
[1167] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* IV, bls. 152-153.
[1168] *Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags* II - *Skagafjarðarsýsla*, 90.
[1169] Skjal nr. 4 (43) og Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 411.

Fram kemur í afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu að upprekstur á Silfrastaðaafrétt hafi verið seldur jörðunum; Frostastöðum, Syðri-Grund, Þverá, Réttarholti, Höskuldsstöðum og Kúskerpi þann 1. nóvember 1898 af hreppsnefnd Akrahrepps.[1170]

Í yfirlýsingu frá 23. maí 1899 stendur:

> Nú er jeg talinn eigandi eða umráðamaður að Syðribrekkum ¾ pörtum af Ytribrekkum og ½ Dýrfinnustöðum og þar eð jeg veit að þessar jarðir hafa átt og eiga enn upprekstur á Silfrastaðaafrjett og einn tiltölulega hluta í þeim almenning eftir stærð og fjölda jarðanna á upprekturssvæðinu.[1171]

Í skrá yfir afréttir, eignaheimildir og landamerki [í Skagafjarðarsýslu] frá 1985 frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki stendur m.a.:

> Afréttarlönd Akrahrepps
>
> Silfrastaðaafrétt
>
> Silfrastaðaafrétt er eign Akrahrepps. Steingrímur Jónsson bóndi á Silfrastöðum seldi og afsalaði Akrahreppi Silfrastaðaafrétt með Hálfdánartungum og Krókárgerði alls 25, 7 hundruð að fornu mati, árið 1899. Kaupverð kr. 2500. Afsalið er No 2176 í afsals og veðmálabók Skag. og þinglesið á Stóru - Ökrum 25. maí 1899.
>
> Sama dag 25. maí 1899 er annað afsal No 2188 í veðmálabók, þar sem hreppsnefndin í Akrahreppi selur og afsalar upprekstur í Silfrastaðaafrétt fyrir eftirtaldar jarðir: Frostastaði, Ystugrund, Réttarholt, Þverá, Höskuldsstaði og Kúskerpi. Þinglesið sama dag 25. maí.
>
> Í afsals og veðmálabók No 2180 er yfirlýsing frá Birni Péturssyni Hofsstöðum, þar sem hann mótmælir og bannar einum og sérhverjum öll kaup, alla sölu og alla meðhöndlun á Silfrastaðaafrétt vegna jarðanna Ytribrekkna, Syðribrekkna og Dýrfinnsstaða, sem hann telur að hafi átt þar upprekstur að fornu.
>
> Mótmæli Björns Péturssonar voru þinglesin að Stóru - Ökrum sama dag og fyrrgreind skjöl 25. maí 1899. Ekki er hægt að sjá að mótmæli Björns Péturssonar hafi verið tekin til greina að neinu leyti.
>
> Allar jarðir í Akrahreppi utan Norðurár og Borgargerði á Norðurárdal eiga upprekstur í Silfrastaðaafrétt. Allt til 1916 sáu bændur á Kjálka og í Austurdal um fjallskil á sínu svæði og einnig Egilsárbóndi. Kelduland og Stekkjarflatir áttu upprekstur á Bakkadal, en Tyrfingsstaðir áttu engan upprekstur.
>
> Landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum er No 210 í Landamerkjabók og þinglesin að Stóru - Ökrum 22. maí 1890.

[1170] Skjal nr. 4 (40).
[1171] Skjal nr. 4 (42).

> Landamerkjaskrá fyrir Krókárgerði No 211 í Landamerkjabók, þinglesin að Stóru - Ökrum 22. maí 1890.
>
> Á Hörgárdalsheiði eru afréttarmörk Silfrastaðaafréttar að norðan við Lúpá og Víkingsá og hefur aldrei verið ágreiningur um þau merki.
>
> En ágreiningur var um merki á Öxnadalsheiði. Mótmæli gegn landamerkjum á Öxnadalsheiði frá norðanmönnum var þinglýst að Stóru - Ökrum 23. maí 1889 No 156 í afsals og veðmálabók. Norðanmenn töldu landamerki á Öxnadalsheiði við Grjótá, en Silfrastaðamenn töldu merkin vera við Vatnsgötu, nálægt því beint á móti Kaldbaksdal, en Kaldbaksdalsá ágreiningslaus merki að fornu fari og eru þar vatnaskil. Afréttargirðing er litlu norðar og var sett upp um 1912.
>
> Akrahreppur eignaðist jarðirnar Bakkasel og Gil í Öxnadal og átti þær um skeið. Hreppsnefnd Akrahrepps seldi ríkissjóði þessar jarðir með samningi, sem gerður var að Vöglum í Akrahreppi 8. desember 1928. Gísli Björnsson skrifar undir samninginn í umboði hreppsnefndar, en Stefán Bergsson í umboði ríkisstjórnar.
>
> Í þessum samningi stendur skrifað: „Undanskilin sölunni er Öxnadalsheiði, vestan við vörslugirðingu þá, sem nú er þar, en hálf girðingin fylgir með í kaupinu, og annast kaupandi viðhald þess hluta, ásamt viðhaldi á hliði að hálfu leyti.“ Landamerki vestan heiðar eru við Valagilsá norðan Norðurár, en að sunnan við Stóralæk og Stóralækjargil og er nú afréttargirðing nálægt þeim merkjum.[1172]

Í nóvemberlok 2008 skrifuðu eigendur Bakkasels og Almennings í Hörgárbyggð, Silfrastaðaafréttar, Egilsár, Flatatungu og Merkilgils í Akrahreppi undir yfirlýsingu um landamerki jarða þeirra. Nánar um þetta í kaflanum um Egilsá.

5.10.3 Nýjabæjarafrétt

Nýjabæjarfjall er stór hálendisflesja, í 1000–1200 metra hæða, sem liggur á milli Austurdals í Skagafirði og Eyjafjarðardals, og nefnist a.m.k. innanverður hluti hennar þessu nafni. Í annarri útgáfu af bók Braga Sigurjónssonar, *Göngur og réttir* IV, frá 1986, kemur fram að mörk Nýjabæjarafréttar séu Ábæjará að norðan og Geldingsá að sunnan. Landsvæðið þar á milli sé því raunverulegt afréttarland Austurdælinga austan Jökulsár eystri. Fjöllin liggi svo sunnan Geldingsár. Bragi getur þess að ekki sé fullvíst hver hafi verið hin upprunalegu takmörk afréttarinnar en líklegast sé að norðurmörk hennar hafi verið:

> [...] við Hvítá, sem fellur í Jökulsá að austan nokkru norðar en Keldudalsá fellur í hana að vestan, enda náði byggð miklu lengra fram í Austurdal áður fyrr, en nú er Merkigil efsti bær austan ár, síðan Ábær fór í eyði 1941. Vel má og vera, að suðurmörk Nýjabæjarafréttar hafi verið Fossá, en ekki Geldingsá,

[1172] Skjal nr. 4 (2) a-b.

> enda ganga Eyfirðingar afréttina framan Fossár. Er það athyglisvert, að hlíðin milli Hvítár og Fossár er af Austurdælingum kölluð afrétt, og virðist það sérheiti hennar. Fjallið austur af hlíð þessari heitir líka Afréttarfjall.[1173]

Tinná er næsta þverá fyrir framan Ábæ en hún fellur um dal sem heitir Tinnárdalur að norðan en Nýjabæjardalur að sunnan. Tinnárdalur er rómaður fyrir landgæði og veðursæld en stutt fyrir innan Tinná stóð Nýibær. Býlið þar fór í eyði 1880 og hefur legið í eyði síðan. Hildarselsgrundir eru sunnan við Geldingalæk en þær eru kenndar við eyðibýlið Hildarsel. Yfir Nýjabæjarfjall lá fjallvegur, einhver sá hæsti á milli byggða á Íslandi, en þar var hægt að fara á milli Austurdals og Eyjafjarðardals.[1174]

Í *Byggðum Skagafjarðar* kemur fram að Tinná sé talin vera afréttarmörk eftir að heimaland Nýjabæjar lagðist til afréttarinnar.[1175]

Öræfin sem liggja sunnan við Geldingsá eru kölluð Fjöll eða Fjöllin, en einnig Laugafellsöræfi. Eyfirðingar munu að mestu sjá um smölun þessa landsvæðis og allt norður að Fossá en Austurdælir leggja einnig til menn í þessar göngur. Bragi lýsir þessu svæði á eftirfarandi hátt:

> Suður á öræfunum er fjallbunga nokkur, sem nú er alltaf nefnd Laugafell, og eru laugar þar nærri. Nokkru vestar er hvassbrýndur hnjúkur, sem kallaður er Laugafellshjnúkur. Sumir vilja telja, að það, sem nú er kallað Laugafell, hafi áður heitið Laugaalda, en þá hafi Laugafellshnjúkur heitið Laugafell. Þó heitir Hnjúkskvísl á, sem fellur fram með hnjúknum.
>
> Þarna um öræfin eru víða nokkrir hagablettir, og eru þeir að sjálfsögðu helst við kvíslar, sem falla í Jökulsá, svo og meðfram Jökulsá sjálfri.[1176]

Í greinargerð, dags. 20. desember 1875, eftir Friðrik Stefánsson frá Vallholti, fyrrverandi alþingismann Skagfirðinga sem lögð var fram sem dómsskjal í máli nr. 128/1967 fyrir Hæstarétti, sem lyktaði með dómi 26. apríl 1969, og ber yfirskriftina: „Þessi eru takmörk Skagafjarðarsýslu“, segir:

> Þessi eru takmörk Skagafjarðarsýslu: […] fyrir austan Krókár og Egilsdalsbotna, og eptir sömu stefnu eftir fjallgarðinum fyrir austan Bakka, Merki, Miðhúsa, Ábæjar, Tinnár og Hvítárdali – að Hvítá sem kemur af síðastnefndum dal nær, Nýabæarland [svo] og fyrir framan hann tekur Nýabæarafrétt [svo] við – og þaðan eru Sýslumörkin í suður eptir öræfunum fyrir austan Laugafell, sem áður er nefndt, [svo] þaðan í vestur um Illviðrahnjúka á Hofsjökul […].
>
> Önundur vís nam land uppfrá Merkigili og bjó á Ábæ, […] þessu landnámi fylgir Nýjabæjarafrétt, sem nær upp með Jökulsá að austan upp um

[1173] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* IV, bls. 129.
[1174] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* IV, bls. 129-130.
[1175] Hjalti Pálsson: *Byggðir Skagafjarðar* IV, bls. 20.
[1176] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* IV, bls. 131.

> Illviðrahnjúka sem eru austur af Hofsjökli, og suður um Laugarfell – þar er heit laug upp úr klöpp – og austur á öræfi milli Skaga og Eyjafjarðar.[1177]

Þormóður Sveinsson skrifar um Nýjabæjarfjall í *Blöndu* VII, sem út kom á árunum 1940–1943. Í Sturlungu kemur Nýjabæjarfjall við sögu árið 1235. Þegar Órækja Snorrason reið til sáttaumleitanar við Sighvat Sturluson á Grund í Eyjafirði. Skömmu síðar hugðist Órækja ríða til Gása og kaupa sér þarfindi en Sighvatur réði honum frá því og sagði honum að ríða aftur heim og fara vestur Skjálgdalsheiði eða Villingadalsheiði. Þarna telur Þormóður Sveinsson, sonur Sveins Eiríkssonar á Skatastöðum, víst að átt sé við Nýjabæjarfjall þó að nafnið hafi ekki verið orðið rótgróið þá. Nafnið Nýibær bendi til þess að þar hafi bær risið seint en þó væntanlega fyrir umræddan tíma. Hann telur hinsvegar hugsanlegt að nafnið Villingadalsheiði gæti bent til þess að Eyfirðingar hafi forðum átt land lengra vestur á bóginn en síðar varð og vísar til þjóðsögu þar að lútandi.[1178]

Þormóður telur að verslunarferðir Dalamanna í Skagafirði til Akureyrar yfir Nýjabæjarfjall hafi lagst að mestu af um 1880 vegna betri verslunarhátta, samgöngubóta og svo mun hafa skipt miklu að þá fór Nýibær í eyði. Hinsvegar hafi fjárrekstrar aukist um sama leyti og verið allalgengir næstu 30–40 árin. Það muni stafa af sauðfé Fram-Eyfirðinga hafi flúið litlar og rýrar afréttir og sótt í góð afréttarlönd í Austurdal. Hann vísar til *Lýsingar Íslands* eftir Þorvald Thoroddsen um göngur Eyfirðinga. Þar segir að fram á síðasta fjórðung 19. aldar hafi haustleitir Eyfirðinga verið stuttar og aðeins náð suður í Polla og því hafi margt fé orðið úti suður á öræfum. Upp úr þessu hafi þeir hins vegar farið að leita öræfasvæðið í kringum Laugarfell og suður þar í félagi við Skagfirðinga. Þormóður segir að lengi vel muni flest það eyfirska fé sem fannst á þessum slóðum, eftir að Eyfirðingar fóru að leita þar, hafa verið smalað til byggða í Austurdal og svo rekið yfir Nýjabæjarfjall heim á leið.[1179]

Þormóður greinir frá því að skömmu eftir aldamótin 1900 hafi nokkir Eyfirðingar, þ.á m. Magnús [Sigurðsson] á Grund, keypt hluta úr Nýjabæjarafrétt sem heitir Langahlíð og er syðst í Austurdal. Þeir hafi ætlað sér að reka fé sitt þangað á vorin og geyma þar yfir sumarið. Þetta hafi þó ekki staðið lengi því erfitt hafi verið að koma fénu yfir fjöllin svo snemma á vorin og það muni hafa heimst illa á haustin. Þeir hafi því selt Skagfirðingum þessa afrétt aftur.[1180]

Í grein Þormóðs í 7. bindi *Blöndu* sem kom út í heftum á árunum 1940–1943, segir hann að Eyfriðingar smali á hverju hausti með Skagfirðingum suðurhluta Nýjabæjarafréttar og allt út að Fossá í fyrstu göngum.[1181]

[1177] Skjal nr. 4(69).
[1178] Þormóður Sveinsson, „Nýjabæjarfjall“, *Blanda* VII, bls. 342. Sjá umræddan stað í *Sturlunga Saga* I. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík, 1946, bls. 389.
[1179] Þormóður Sveinsson, „Nýjabæjarfjall“, *Blanda* VII, bls. 354-356.
[1180] Þormóður Sveinsson, „Nýjabæjarfjall“, *Blanda* VII, bls. 356.
[1181] Þormóður Sveinsson, „Nýjabæjarfjall“, Blanda VII, bls. 360.

Í kaflanum um Goðdala- og Ábæjarprestakall í *Sýslu- og sóknarlýsingum II* frá um miðri 19. öld stendur:

> **Afréttir**. Fram af Austurdalnum liggur Nýjabæjarafrétt, brúkuð af Austdælingum, en aðalafrétt Dalamanna liggur undir jörðina Hof, og reka þangað bæði Dalamenn og einstakir fleiri neðan úr Skagafjarðarhéraði.[1182]

Þann 22. mars 1905 seldi Steingrímur Jónsson á Silfrastöðum bóndanum á Kroppi í Eyjafirði eyðijörðina Nýjabæ í Akrahreppi með öllu heimalandi jarðarinnar, hálfri Nýjabæjarafrétt og þrætulandinu Selvöllum vestan Jökulsár gegnt Nýjabæ.[1183]

Fram kemur í bréfi frá sýslumanni Eyjafjarðarsýslu frá 27. mars 1916 að Eyfirðingar eigi hálfa Nýjabæjarafrétt.[1184]

Þann 25. október 1960 seldi Hannes Stefánsson 1/9 hluta jarðanna Nýjabæjar og Ábæjar auk 1/9 hluta Nýjabæjarafréttar til Sigurðar Friðrikssonar, Stekkjarflötum, Stefáns Hrófssonar, Keldulandi, Jóhanns Jóhannessonar, Silfrastöðum, og Bjarna Halldórssonar, Uppsölum.[1185]

Í afsals- og veðmálabók Skagafjarðar er getið jarða, sem ekki séu í fasteignamati, en hafi verið lagðar undir afrétti. Getið er Nýjabæjar og sagt að hann hafi verið afsalaður Davíð Jónssyni á Kroppi.[1186]

Eigendasaga Nýjabæjarafréttar er allvel rakin með ítarlegum tilvísunum í *Byggðasögu Skagafjarðar*, og vísast til hennar þar.[1187]

Hinn 29. apríl 1969 dæmdi Hæstiréttur í máli Upprekstarfélags Saurbæjarhrepps (áfrýenda) gegn eigendum Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli í Skagafirði (stefndu). Áfrýjendur kröfðust þess að landamerki fyrir umráðasvæði þess að vestan gagnvart löndum stefndu á hálendinu vestan og sunnan Eyjafjarðardala yrðu staðfest þannig fyrir dómi:

> Nyrzt ráði merkjum Fossá frá upptökum nyrðri hvíslar til ármóta hennar og Jökulsár eystri, síðan ráði Jökulsá eystri merkjum suður að ármótum hennar og Strangalækjar, þaðan ráði bein lína suður í Miklafell í Hofsjökli.[1188]

Í dómnum segir: „Í máli þessu er deilt um eignarrétt að landsvæði því sem um er að tefla en eigi upprekstrarrétt“. Eftirfarandi kemur fram um málsástæður aðila:

> Áfrýjandi, Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps, reisir kröfur sínar á því, að hann hafi tekið heimildir á landsvæði þessu frá fyrri eigendum jarðanna Möðruvalla og Hóla í Saurbæjarhreppi, sem frá fornu fari hafi talizt taka yfir landsvæðið.

[1182] Jón Benediktsson. „Lýsing yfir Goðdala- og Ábæjarprestakalli“, bls. 90.
[1183] Skjal nr. 4 (37).
[1184] Skjal nr. 4 (49).
[1185] Skjal nr. 4 (64).
[1186] Skjal nr. 4 (36).
[1187] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 518-519, 530-530 og 533. Þar er getið eigenda bæði Ábæjar og Nýjabæjar. Sjá einnig framlögð afsalsbréf fyrir ákveðnum hlutum afréttarsölu.
[1188] Dómur Hæstaréttar í máli nr. 128/1967 (Nýjabæjarafréttur), bls. 510-511.

> Stefndu, eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli, reisa dómkröfur sínar á afsali fyrir hálfri jörðinni Nýjabæ frá 29. janúar 1464, þar sem landið sé talið vera hluti jarðarinnar.[1189]

Dómur Hæstaréttar í málinu var á þessa leið:

> Hvorki áfrýjandi né stefndu hafa fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því, sem um er að tefla í máli þessu. T.d. verður eigi séð, að eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli eða eigendur Möðruvalla og Hóla hafi fyrrum innt af hendi smölun og fjallskil á landsvæðinu, svo sem eigendum jarða var boðið að gera á jörðum sínum, sbr. Jónsbók, landsleigubálk 49. Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðilja eignarrétt til öræfalandsvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðilja í málinu teknar til greina.[1190]

Í skrá yfir afréttir, eignaheimildir og landamerki [í Skagafjarðarsýslu] frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og Bæjarfógetanum á Sauðárkróki eru upplýsingar frá Stefáni Jónssyni á Höskuldsstöðum:

> Á árunum milli 1960 og 1970 voru málaferli milli Akrahreppsmanna og Eyfirðing út af eignarrétti á Nýjabæjarafrétt, sem er kennd við Nýabæ í Austurdal.
>
> Akrahreppsmenn byggðu eignarréttakröfu sína einkum á því að til er afsal fyrir hálfri jörðinni Nýabæ frá árinu 1464 en þar segir að Nýibær eigi land eins og vötn draga til Jökulsár - Eystri.
>
> Akrahreppsmenn unnu þetta mál fyrir undirrétti á Akureyri, en málinu lauk með dómi Hæstaréttar 29. apríl 1969 á þann veg að hvorugur deiluaðili ætti land þetta og engin lögsaga nær til þess.[1191]

Í Lýsingu Eyjafjarðar stendur:

> Suður frá Öxnadalsheiði liggja mörkin eftir háfjallinu milli Austurdals og Nýjabæjarafréttar í Skagafirði og Eyjafjarðardals. Kann ég þar ekki að rekja örnefni, sem þau séu við tengd, enda mun fátt um þau, ef nokkur eru. Liggja sýsluskilin hlykkjótt þar, engu síður en norðar í fjallgarðinum. Þegar dregur inn fyrir byggðir, eru engar ákveðnar merkjalínur til, og mun gamalt sölubréf Nýjabæjar í Austurdal frá 1464 vera hin eina heimild þar um, en þar segir svo: að Nýibær eigi land „að Tinná og svo langt á fjöll sem vötn draga“. Verður það varla skilið öðruvísi en svo, að vatnaskil ráði merkjum allt inn til jökla. Þó munu *Urðarvötn* ætiið vera talin til Eyjafjarðar, en samt segja kunnugir, að afrennsli þeirra sé til vesturs. Svo mun almennt talið nú, að öræfasvæðið inn af Eyjafirði sé almenningur frá *Geldingsá*, er fellur í *Jökulsá* austari og inn að Hofsjökli og suður á Sprengisand og austur undir drög

[1189] Dómur Hæstaréttar í máli nr. 128/1967 (Nýjabæjarafréttur), bls. 511.
[1190] Dómur Hæstaréttar í máli nr. 128/1967 (Nýjabæjarafréttur), bls. 511-512.
[1191] Skjal nr. 4 (2) a-b.

> Fnjóskár. En síðan tekið var að smala land þetta, sem ekki mun hafa verið fyrr en seint á síðastliðinni öld, hefir smalamennska einkum fallið í skaut Eyfirðinga, allt suður undir Fjórðungskvísl, þar sem mörk eru talin milli Norðlendinga- og Sunnlendingafjórðungs. Eftir þessu verður því ekki hægt að ákveða sýsluskil að sunnanverðu, en eftir því sem annars staðar hagar til, ættu þau að liggja á vatnaskilum þar sem vötn byrja að falla til Eyjafjarðar. [...][1192]

Fjöllin eru land sem liggur vestar og mun sunnar en hefðbundnar fjárleitir Eyfirðinga ná. Þeir ganga þó þetta landsvæði í félagi við Skagfirðinga. Takmörk Fjalla eru frá Geldingsá, sem fellur í Jökulsá eystri í Skagafirði, og allt til Hofsjökuls, suður að Þjórsá og austur að leitarsvæðum Þingeyinga. Leitarmörk Eyfirðinga og Skagfirðinga eru við Fossá en þar er fé þeirra greint í sundur. Bragi Sigurjónsson telur umrætt landsvæði vera eða hafa verið eignarheimildalaust að því er best verði vitað. Samkvæmt munnmælum muni það þó hafa tilheyrt Eyfirðingum, einna helst Möðruvöllum í Eyjafirði eða e.t.v. Grund. Vegna fyrrnefndrar óvissu um eignarheimildir hafi hvorki Skagfirðingar né Eyfirðingar þóst skyldugir til að fara í leitir á þessu landsvæði. Fyrstu lögskipuðu leitirnar muni því ekki hafa verið gerðar þar fyrr en í kringum 1850. Hugsanlega hafi Eyfirðingar stöku sinnum farið þangað í eftirleitir en víst sé að Austurdalsmenn hafi gert þangað eftirleitir á hverju hausti og fundið allmargt fé. Það fé hafi síðan verið boðið upp og helmingurinn tekinn í kostnað þannig að lítið hafi orðið eftir handa eigendunum. Það muni hafa verið ástæða þess að Eyfirðingar byrjuðu að fara í leitir á Fjöllin reglulega hvert haust. Fyrst hafi þeir farið þar í félagi við Þingeyinga.[1193] Yfirleitt hafi fjórir menn leitað Fjöllin og hafi það verið gert á eftirfarandi hátt:

> Var farið fyrsta daginn að Laugafelli. Næsta dag var svo leitað þar fyrir sunnan og náttstaður aftur við Laugafell. Þriðja daginn var leitað að Geldingsá og fjórða daginn að Fossá. Fimmta daginn var svo farið heim til Eyjafjarðar, ef veður leyfði að komast yfir fjallgarðinn, sem bæði liggur hátt og er illur yfirferðar.[1194]

Sesselja Sigurðardóttir húsfreyja á Jökli í Eyjafirði stóð fyrir byggingu sæluhússins Grána, norðan við Geldingsá á Fjöllum, árið 1920. En tilefni þess var það að haustið 1916 voru þrír leitarmenn, frá Hólsgerði, Jórunnarstöðum og Jón sonur Sesselju á Jökli, veðurtepptir í þrjá daga með hesta og fé við Geldingsá í norðanstórhríð með ekkert nema tjald sér til skýlis.[1195] Árið 1970 var þess minnst við Grána að 50 ár væru liðin frá byggingu hans og í tilefni af því væri vel til fundið að reisa hjá honum leitarmannaskýli, þar eð Gráni væri einkum byggður fyrir hesta, þótt leitarmannakofi væri líka. Varð úr að Þórður Pálmason frá Gnúpufelli smíðaði vandað skýli með 5 svefnrúmum og var það flutt á bíl sumarið eftir að Geldingsá og sett niður

[1192] Steindór Steindórsson. *Lýsing Eyjafjarðar*. Akureyri. 1949, bls. 16.
[1193] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* IV, bls. 176-179.
[1194] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* IV, bls. 179.
[1195] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* IV, bls. 131–132, 141, og 180–181.

hjá Grána. Ber skýli þetta nafnið Sesseljubær til minningar og virðingar við framkvæmd Sesselju.[1196]

5.10.4 Lambatungur

Lambatungum er lýst svo í *Byggðasögu Skagafjarðar*:

> Fossá skilur að Reitinn að norðan og Lambatungur að sunnan og hefur einhvern tímann verið vatnsmikið jökulfljót því hún hefur grafið ótrúlega djúpt og hrikalegt klettagil í hlíðina þar sem hún steypist niður í háum fossum. Í hlýjum sumrum kemur enn jökull í Fossána.
>
> Framan við Fossárgil er tunga er mjókkar eftir því sem neðar dregur og nær fram að Lambárgili. Milli Fossárgils og Lambárgils heitir Lambárfell, bungumyndað fjall neðan úr dalnum að sjá. Heyrst hefur nafnið Fossártunga milli giljanna en flestir telja að Lambatungur heiti allt utan frá Fossárgili. Fortakslaust byrja þær við Lambárgilið og voru fyrrum taldar ná fram að Illaklifi sem er einstigi á klettabrún í hlíðinni fram á móti Krosshöfða, tæpan kílómetra utan við Runufoss. Þar tekur við Klausturfjall eða Klausturhlíð fram að Hraunþúfugili. Þetta var skoðun Þormóðs Sveinssonar fræðimanns sem gjörkunnugur var í Vesturdal í byrjun 20. aldar. Í Lambatungum skal hafa verið býlið Tunga en einnig nefnt Tungukot.[1197]

Lambatungurnar voru seldar undan Hofi um eða fyrir 1920. Kaupandi var Eiríkur Guðnason í Villinganesi. Hann seldi Lambatungur einhvern tíma fyrir 1949, Jóni Jónssyni á Hofsvöllum. Þessum samningum mun ekki hafa verið þinglýst.[1198] Með afsali sem dagsett er 26. október 1965 afsöluðu erfingjar Eiríks Guðnasonar Lambatungum til Guðrúnar Bjarnadóttur á Hofsvöllum. Þar segir:

> [...] svonefndum Lambatungum, sem liggur á milli Fossár og Hraunþúfuár og mark[ast] af þeim að sunnan, norðan og vestan en að austan af Hofs[á.]
>
> Landspildu þessa keypti faðir okkar, Eiríkur Guðn[ason] af Jósep Jósepssyni á Hofi og er landsspilda þessi undan[skilin] í afsali þegar Jósep selur Hof. Afsal frá Jósep til föð[ur] okkar virðist hins vegar hafa glatast og hefir ekki veri[ð] þinglesið.
>
> Sala á spildu þessari fór fram fyrir lát föður okk[ar] en okkur var um hana kunnugt og því afsölum við nefndri landsspildu til Guðrúnar Bjarnadóttur, sem löglegs eigan[da] hennar.[1199]

Undir afsalið skrifuðu Aðalsteinn Eiríksson, Guðmundur Eiríksson, Sigurður Eiríksson og Guðrún E. Eiríksdóttir.

[1196] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* IV, bls. 184, nmgr. 1.
[1197] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 331.
[1198] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 331.
[1199] Skjal nr. 16 (3).

Þálifandi útgefendur afsalsins frá 1965 gáfu út yfirlýsingu um merki Lambatungna sem dagsett er 5. desember 1980.

> Lambatungur liggja milli Fossár, Hraunþúfuár og Hofsár sem hér segir: Hofsá ræður merkjum að austan allt að Hraunþúfuárgili þaðan ræður Hraunþúfuárgil merkjum upp í gilsenda þar sem kallaðir eru Sporðar og þaðan ræður bein lína í norðvestur um jaðar Sandfells beint í Fossá sem þá ræður merkjum að vestan og allt í Hofsá.[1200]

Undir yfirlýsinguna skrifuðu Aðalsteinn Eiríksson, Guðrún Eiríksdóttir og Guðmundur Eiríksson. Henni var þinglýst á Lambatungur 17. mars 1982.

Það er hins vegar ekki samhljómur um að þetta sé rétt afmörkun svæðisins, og segir frá annarri skoðun á það í *Byggðasögu Skagafjarðar* og er þar vísað til Þormóðs Sveinssonar. Eftir honum er haft í bókinni:

> Ég álít það algerlega rangt að allt landsvæðið milli Lambár (að norðan) og Hraunþúfugilsár (að sunnan) kallist Lambatungur. Það var aldrei talið svo í mínu ungdæmi a.m.k. Lambatungur (það var jafnan haft í fleirtölu þó tungan sé auðvitað aðeins ein) takmarkast að sunnanverðu (og suðvestanverðu) alveg vafalaust af Sandfellinu og Illaklifi. Enda sýnist mér að það liggi í augum uppi landfræðislega skoðað. Það getur varla átt sér stað að Sandfellið, jafn hátt og víðáttumikið fjall, sé talið vera í Lambatungum, og hitt væri þá eigi síður óeðlilegt að landræman fram með Hofsá, austan Sandfells, kallist Lambatungur því þá er það ekki orðin nein tunga heldur aðeins fjallshlíð. Við Illaklif þrýtur allt undirlendi fram með Hofsá að vestan, tekur þar við snarbrött hlíð, víða með kletta beltum og er svo allt fram að Klaustrum.[1201]

5.10.5 Hofsafrétt

Fjallað er um sögu Hofsafréttar í bókunum *Göngum og réttum* og *Byggðasögu Skagafjarðar*. Einnig er fjallað um hana í skrá yfir afrétti í [Skagafirði]. Kaflinn hefst á þessum heimildum.

Fram kemur í *Göngum og réttum IV*:

> Hofsafrétt heitir svæðið á milli Jökulsánna hinnar austari og vestari í Skagafirði, norðan frá byggð og suður að Hofsjökli, og er hún kennd við landnámsjörðina Hof í Vesturdal, eða Hof í Goðdölum, eins og það hét áður fyrr. Er þetta upprekstrarland allra jarða á milli ánna, en þær eru átta, þar af tvær í Austurdal, Skatastaðir sunnar og Bústaðir norðar, og er langt þar á milli. Hinar eru í Vesturdal, og eru þær þessar, talið norðan frá: Bakkakot, Bjarnastaðahlíð, Litlahlíð, Gil, Þorljótsstaðir, allar austan megin í dalnum, svo og Hof að vestan. Sjöunda jörðin í dalnum prestsetrið Goðdalir, átti ekki upprekstur á Hofsafrétt eftir að kom fram um aldamót, enda liggur hún vestan

[1200] Skjal nr. 16 (5).
[1201] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 332.

> Jökulsánna. Hins vegar notuðu tvær jarðir í Tungusveit, er tekur við norður af Dölunum, þetta upprekstrarland, og lögðu því ávallt til menn í göngur þangað, og svo er enn. Voru það Tunguháls og Villinganes. Þriðja jörðin þar, Teigakot, átti og upprekstur á Hofsafrétt fram undir aldamótin síðustu, en tók þá að reka fé sitt á Eyvindarstaðaheiði, eins og Goðdalir. [...]
>
> Hofsafrétt öll hefir efalaust frá öndverðu verið eign landnámsjarðarinnar Hofs í Vesturdal. Af bréfi frá 1377 er það ljóst, að jörðin átti þá land allt milli Jökulsánna sunnan við byggð, og suður í jökul og auk þess innstu jarðirnar í Vesturdal. [...]
>
> Hólastóll átti þá [1711] jörðina.[...]
>
> Um 1885 urðu nokkur átök um Austurpart afréttarinnar á milli þáverandi eigenda Hofs og eiganda Gilja, sem enduðu á þann hátt, að Austurparturinn komst undir Gil án verulegs endurgjalds.
>
> Um 25 árum síðar keyptu svo eigendur nokkurra jarða, sem upprekstur áttu á Hofsafrétt, hlutdeild í Austurpartinum af eiganda Gilja, og hefir hann síðan verið sameign þeirra jarða.
>
> Vesturparturinn er hins vegar enn svo að segja allur óskertur eign Hofs.[1202]

Í umfjöllun um fjárrekstur og fjallgöngu á Hofsafrétt á manntalsþingi Lýtingsstaða þann 4. maí 1722 er þess getið að engin skjöl hafi komið fram um hvort afréttin sé skylduafrétt.[1203]

Í skrá yfir afréttir, eignaheimildir og landamerki [í Skagafjarðarsýslu] frá 1985 frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki stendur m.a.:

> Afréttarlönd Lýtingsstaðahrepps
>
> Hofsafrétt
>
> Hofsafrétt liggur á milli Jökulsár - eystri og Jökulsár - vestri og nær frá heimalöndum suður að Hofsjökli. Hofsafrétt skiptist í tvö svæði, Austurpart og Vesturpart. Hof var landnámsjörð og mun Hofsafrétt öll hafa fylgt þeirri jörð að fornu, en á síðari tímum er eignarland Hofs aðeins Vesturpartur Hofsafréttar.
>
> Merki á milli Austur og Vesturparts Hofsafréttar eru við Runukvísl er fellur í Runugil og sunnar Bleikálakvísl er fellur í Runukvísl á Neðribökkum. Bleikálakvísl kemur sunnan með Bleikálahálsi að vestan og svo kemur hún sunnan og vestan að fyrir sunnan Ásbjarnarvötn og Ásbjarnarhnjú[k] og úr jöklinum inn af Austara - Lambahraun[i]. Farvegur Bleikálakvísar hefur verið þurr um áratugi, sem vegna þess, að afrennslið af jöklinum á þessum stað fellur í Fossárkvís[l], sem rennur norður með Ásbjarnarfelli og Sátu að austan.

[1202] Bragi Sigurjónsson. *Göngur og réttir* IV, bls. 84 og 92.
[1203] Skjal nr. 2 (34) a-b.

Landamerkjabréf fyrir Hof í dölum er No 50 í Landamerkjabók Skag. og þinglesið að Lýtingsstöðum 25. maí 1886.

[Vesturpartur Hofsafréttar er nú eignar]land Hofs og Hofsvalla.

Austurpartur Hofsafréttar

Landamerki fyrir Giljum í Dölum eru skráð í Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu No 52 og þinglýst að Lýtingsstöðum 25. maí 1886.

Samkvæmt þessu skjali fylgir jörðinni allur Austurpartur Hofsafréttar og vitnað í bréf frá 1377 en Hof á þau ítök, að Hofsbóndi má afla heya á Giljamýrum ef þörf er á og auk þess er grasatekja heimi[l] Hofsbónda. Þá má Hofsbóndi hafa tiltekin[n] hóp af hrossum á Giljamýrum yfir sumarið. Og enn segir að Litlahlíð eigi frían geldfjárupprekstur í þetta land. Aðrar jarðir í Vesturdal áttu ekki upprekstur í Giljaland.

Í afsals og veðmálabók Skagafjarðarsýslu No 3539 er afsal ritað á kaupsamning um austari hluta Hofsafréttar undan jörðinni Giljum í Vesturdal, kaupverð 300 k[r].

Sveinn Sigurðsson bóndi á Giljum selur og afsalar eftirtöldum bændum austurpart Hofsafréttar fyrir jarðir sína[r] og þeir voru: Guðmundur Ólafsson Litlu - hlíð, Guðmundur Sveinsson Bjarnastaðahlíð, Helga Hjálmarsdóttir Bakkakoti[,] Tómas Pálsson Bústöðum, Sveinn Stefánsson Tunguhálsi og Eiríkur Guðnason Villinganesi. Afsalið er þinglesið að Lýtingstöðum 23. maí 1912.

Aðalsteinn Eiríksson bóndi í Villinganesi seldi og afalsaði hlut Villinganes í Austurparti Hofsafréttar til Ólafs Guðmundssonar fjallskilastjóra vegna Upprekstrarfélags Hofsafréttar. Kaupverð 1500 kr. No 10622 í Afsalsbók. Móttekið til þinglýsingar 12. janúar 1954.

Engin jörð á nú tilkall til Hofsafréttar fyrir neðan Jökulsá, nema Tunguháls.

Þorljótsstaðir og Skatastaðir eiga ekki hlut í Austurparti Hofsafréttar, enda eru heimalönd þeirra jarða hverrar um sig um 20 km. að lengd. Skatastaðir eru í Akrahreppi og heimaland þeirrar jarðar er vesturhlíð Austurdals, frá Einirlækjum og fram að Símonarklifi gegnt Hrútá.

Þorljótsstaðir eiga austurhlíð Vesturdal, frá Stóragrjóti milli Gilja og Þorljótsstaða upp á Neðribakka fyrir framan Runugil. Þorljótsstaðir eiga land að Austurparti Hofsafréttar samkvæmt landamerkjaskrá No 252 þinglýst að Lýtingsstöðum 23. maí 1890.[1204]

Í sveitarfélagslýsingu Lýtingsstaðahrepps í *Byggðasögu Skagafjarðar III* stendur:

[1204] Skjal nr. 4 (2) a-b.

Hofsafrétt: Hofsafrétt er skipt í Austurpart og Vesturpart. Vesturpartur er enn hluti af landareign Hofs og mun svo hafa verið frá landnámstíma. Það land nær upp í Hofsjökul og liggur að austustu kvísl Jökulsár vestari. Til forna lá öll Hofsafrétt undir Hof í Dölum, en um 1885 komst Austurparturinn undir Gil (Gilji). Árið 1910 varð aftur breyting þegar nokkrir bændur keyptu þennan afréttarhluta af Sveini Sigurðssyni bónda á Giljum. Einum hlutanum hélt Sveinn eftir sem hlut Gilja. Kaupsamningur er dagsettur í Litluhlíð 10. október 1910. Austurpartur er síðan eign eftirtalinna jarða og fylgir þeim: Gilja, Litluhlíðar, Bjarnastaðahlíðar, Bakkakots, Bústaða, Tunguháls og Villinganess. Hlutur Villinganess mun síðar hafa verið seldur Upprekstrarfélagi Hofsafréttar. Landamerki afréttarlandins eru tilgreind og ráða að norðan svonefndir Lækir, er falla í Giljá rétt framan við Giljadal. Austur við Jökulsá ræður Símonarklif, að austan ræður Jökulsá eystri upp í jökul, og að vestan ræður stefna af Há-Múla (Giljamúla) á Stafnvatnshæð og síðan á Neðri-Bakka við Runukvísl. Þaðan ráða Runukvísl og Bleikálukvísl til jökuls. Afréttin nær þannig austur að Jökulsá austari framan við land Skatastaða og væntanlega eru það jafnframt mörk Lýtingsstaðahrepps.

Sérstakt landamerkjabréf fyrir Hofsafrétt er dagsett 17. febrúar 1919,[1205] og segir þar að upprekstur á austurpartinn eigi áðurnefndar sjö jarðir, auk Þorljótsstaða og Skatastaða, en vesturpartinn á Hof í Vesturdal. Afrétt á Vesturparti takmarkast að norðan af Kvikindislæk sem kemur úr Ósabotnum og fellur í Jökulsá vestari. Úr Ósabotnum ræður bein stefna í austur að Hrafnsgili og þaðan fram Reitsbrúnir á Fossárfell. Þaðan á austurbrún Lambárfells og í upptök ystu Hraunþúfudragakvíslar. Kvíslin ræður svo merkjum í Hraunþúfuá og áin til Runukvíslar. Síðan ræður Runukvísl merkjum að Bleikálukvísl og Bleikálukvísl allt til Hofsjökuls. [...]

Afréttir þær sem bændur í Lýtingsstaðahreppi hafa nytjað, og hafa enn aðgang að, eru tvær: Eyvindarstaðaheiði og Hofsafrétt. Afréttina sem nefnd er Eyvindarstaðaheiði eiga jarðir í Lýtingsstaðahreppi í sameign með framhluta Seyluhrepps og mestum hluta Bólstaðarhlíðarhrepps. Reyndar hæfir ekki lengur að segja að afréttarlandið sé eign þessara sveita eða jarða því í kjölfar samnings um Blönduvirkjum hefur eignarrétturinn verið dæmdur af sveitunum. Hofsafrétt, þ.e.a.s. austurpartur, er hins vegar ótvírætt eign sex jarða í Lýtingsstaðahreppi og vesturparturinn hefur frá öndverðu tilheyrt Hofi í Vesturdal og svo er enn. Auk þess hafa margar jarðir í hreppnum allvíðáttumikið fjalllendi innan sinnan heimalanda og nota aðrar afréttir lítt eða ekki. [...][1206]

Hofsafrétt. Til forna tilheyrði Hofi allt land milli Jökulsár vestari að vestan og Jökulsár austari að austan. Norðurmörk vestan Hofsár voru suðurlandamerki Bjarnastaðahlíðar en að austan við Skatastaðaland um

[1205] Frumrit þessa bréfs hefur ekki fundist.
[1206] Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* III - *Lýtingsstaðahreppur*, bls. 18-19 og 23.

> Þæfumýrar til Keldudals og svo með Jökulsá austari til Hofsjökuls.[1207] Síðar skiptist út land Gilja og Þorljótsstaða. Þetta land heitir einu nafni Hofsafrétt sem skiptist í eystri og vestari afrétt. [...]
>
> Landamerki Austurafréttar voru talin þessi: Að norðan ráða merkjum svokallaðir Lækir er falla í Giljaá rétt framan við Giljadal. Úr þessum lækjum er bein stefna í austur á Há-Flóahæð. Þaðan í austur á Sperðilbrúnir, fram þær brúnir allt á Keldudalsöxl. Þaðan austur í Símonarklif við Austari-Jökulsá. Síðan ræður Austari Jökulsá merkjum til Hofsjökuls. Vestan Giljaár ræður bein stefna í vestur á Há-Múla, þar sem áðurgreindir lækir falla í Giljaá. Af Há-Múla ræður bein stefna á Stafnsvatnahæð. Þaðan bein stefna á Neðri-Bakka við Runukvísl. Síðan ræður Runukvísl merkjuum að Bleikálukvísl og Bleikálukvísl til Hofsjökuls.[1208]

Á manntalsþingi, að Lýtingsstöðum, 29. maí árið 1838, kom fram auglýsing frá Jóhannesi Jónssyni á Hofi, dagsett 13. maí 1838 viðvíkjandi Hofsafrétt.[1209] Og á manntalsþingi, að Lýtingsstöðum, 2. júní árið 1845, kom fram forboð Bjarna Hannessonar á Hofi, þar sem hann bannar fjár- og hrossaupprekstur á Hofsafrétt í hans óleyfi. Bann Bjarna er dagsett 31. maí sama ár.[1210]

Í kaflanum um Mælifells- og Reykjaprestakall í *Sýslu- og sóknarlýsingum* Skagafjarðarsýslu stendur:

> **Afréttir**. [...] Fáeinir bæir héðan reka stundum á svokallaða Hofsafrétt, tilheyrandi Hofi í Skagafjarðardölum.[1211]

Í kaflanum um Goðdala- og Ábæjarprestakall í sömu bók stendur:

> **Afréttir**. Fram af Austurdalnum liggur Nýjabæjarafrétt, brúkuð af Austdælingum, en aðalafrétt Dalamanna liggur undir jörðina Hof, og reka þangað bæði Dalamenn og einstakir fleiri neðan úr Skagafjarðarhéraði […][1212]
>
> Á árunum 1889–1914 áttu Goðdalir upprekstur á Hofsafrétt. [1213]

Fram kemur í afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu að Sveinn Sigurðsson Giljum hafi afsalað sér austari hluta Hofsafréttar þann 16. maí 1912.[1214] Í sölusamningnum fyrir svæðið, sem lengi hafði legið undir Giljum, frá 10. október 1910 stendur m.a.

> Þær 42 krónur 86 aurar sem eftirstanda af kaupverðinu greiða kaupendur ekki, af því að afréttarkaupi þessu er svo varið að kaupendur kaupa téða afrétt undir

[1207] DI III, 317-319, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1208] Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* III - *Lýtingsstaðahreppur*, bls. 358-359.
[1209] Skjal nr. 2 (124).
[1210] Skjal nr. 2 (125).
[1211] Jón Konráðsson. „Lýsing Mælifells- og Reykjaprestakalls“. *Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags* II – *Skagafjarðarsýsla*. Akureyri. 1954, bls. 75.
[1212] Jón Benediktsson. „Lýsing yfir Goðdala- og Ábæjarprestakalli“, bls. 90.
[1213] Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* III, bls. 370.
[1214] Skjöl nr. 4 (41), 4 (44) og 4 (67).

> eignar og ábýlisjarðir sínar Litluhlíð, Bjarnastaðahlíð, Bakkakot, Bústaði, Tunguháls og Villinganes, legst því 1/7 hluti afréttarpartsins eða söluverð hans kr. 42, 86 til eignar og ábýlisjarðar minnar Gils. Leiðir því af sjálfu sér, að ég áskil mér eða öðrum ábúenda þessarar jarðar sömu hlunninda að afréttarparti þessum að jöfnu hlutfalli við aðra eigendur eins og ég jafnframt hér með undirgengst sömu kvaðir við kostnað sem orsakast kann af afréttarpartinum [...]
>
> Kaupendur og seljandi hafa komið sér saman um og bundist loforði að enginn sem nú er eigandi, eða síðar verður eigandi, að framangreindum jörðum, meigi selja sinn hluta úr afrétt þessum öðru upprekstarfélagi eða einstöku mönnum; ekki heldur að leigja um eitt ár eða fleiri hlunnindi þau sem afréttur þessi veitir, hverju nafni sem nefnist, nema áður sé fengið samþykki annarra eigenda. Fari svo að ein eða fleiri af jörðum þeim sem í kaupbréfi þessu eru nefndar, gangi undan upprekstarfélagi Hofsafréttar, hafa eigendur þeirra jarða sem eftir verða í upprekstarfélaginu heimtingu á að fá keypta afréttarhluta þeira jarða sem undan ganga [...]
>
> Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir jörðinni Giljum þinglýstu á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 25. maí ár 1886, hefir Hofsbóndi eða eigandi Hofs þau ítök á Giljamýrum, að hann án endurgjalds má hafa þar heimilsbrúkunarhross sumarlangt, einnig 5 tryppi eða stóðhryssur svo og heyskap ef þörf krefur og grasatekju.
>
> [...] Landamerki fyrir afréttarparti þeim sem hér um ræðir eru: Að norðan ráða merkjum svo kallaðir Lækir er falla í Gilja á rétt framan við Giljadal; beina stefnu úr þessum lækjum í austur á há Flóahæð, Þaðan í austur á Sperðilsbrúnir, fram þær brúnir allt á Keldudalsöxl, þaðan austur í Símonarklif við austari Jökulsá, síðan ræður austari Jökulsá merkjum til Hofsjökuls. Vestan Giljaár ræður bein stefna í vestur á há Múla, þar sem áður greindir lækir falla í Giljaá. Af há Múla ræður bein stefna á Stafnsvatnshæð. Beina stefnu af Stafnsvatnshæð á Neðri - Bakka við Runukvísl, síðan ræður Runukvísl merkjum að Bleikálukvísl, síðan Bleikálukvísl til Hofsjökuls.[1215]

Afsalið var þinglesið á manntalsþingi, að Lýtingsstöðum, 23. maí árið 1912. Verðið var 257 krónur og 14 aurar.[1216]

Segir einnig af þessari sölu afréttarlandsins í Byggðasögu Skagafjarðar, en þar segir að það hafi átt sér stað árið 1910. Segir svo:

> Þetta öræfaland var selt undan jörðinni til afréttar árið 1910.[1217]

Fram kemur í afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu að Sveinn Sigurðsson Giljum hafi afsalað sér austari hluta Hofsafréttar þann 16. maí 1912. Afsal Hofsafréttar til Upprekstarfélags Hofsafréttar er til frá 7. janúar 1954.[1218]

[1215] Skjöl nr. 4 (67) og 15 (3).
[1216] Skjal nr. 2 (126).
[1217] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* III, 311. Sjá einnig bls. 314.

Félagsmálaráðuneytið fór þann 20. febrúar 1989 þess á leit við sveitarstjórnir að þær upplýstu ráðuneytið um eftirfarandi:

7. Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstarrétt í einhvern afrétt?
8. Hvað nefnist sá afréttur?
9. Hvar liggja mörk hans?
10. Eiga íbúar annnarra sveitarfélaga upprekstrarétt í sama afrétt?
11. Hvaða sveitarfélög eru það?
12. Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast?[1219]

Í svari Lýtingsstaðahrepps frá 6. nóvember 1989 stendur eftirfarandi:

> 2 Bæir þeir í Lýtingsstaðahreppi er fremst liggja eiga upprekstur á Hofsafrétt. Hofsafréttur markast af Jökulsá austari að austan, af Hofsjökli að sunnan, af Jökulsá vestari að vestan og heimalöndum jarðanna að norðan. Hofsafréttur er talinn eign jarðanna. Forn skjöl sýna hann eign jarðanna Hofs og Gilja, en hinar jarðirnar hafa síðan keypt sig inn.
>
> Þessir bæir eru:

Bústaðir	Bakkakot
Byrgisskarð	Bjarnastaðahlíð
Litlahlíð	Hof
Hofsvellir/Vesturhlíð	Giljir
Tunguháls I	Tunguháls II[1220]

5.10.6 Fornbýli á Vesturdal - Hraunþúfuklaustur

Um fornbýli á Vesturdal sem falla innan ágreiningssvæða er fjallað ítarlega í *Byggðasögu Skagafjarðar*. Þar er einnig kort sem sýnir staðsetningu þeirra.[1221] Eftirfarandi segir um byggðina:

> Innan við Hof hefur um aldaraðir ekkert byggt býli verið vestan ár en tveir bæir innan við Litluhlíð: Giljir þar sem enn er búrekstur þótt heimilisfólkið sé flutt þaðan og Þorljótsstaðir sem fóru síðast í eyði 1943. Að frátöldum þessum tveimur bæjum hafa verið til forna allt að 15–16 býli innan við Litluhlíð og Hof. Sú byggð er frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar, gróflega áætlað frá 900 fram á 13. öld, öll komin í eyði áður en nokkrar skráðar heimildir koma til sögu. Aldursgreiningin byggist á nokkrum athugunum sem gerðar hafa verið á eldfjallaöskulögum í allmörgum þessara bæjarrústa.

[1218] Skjal nr. 4 (41).
[1219] Skjal nr. 4 (3).
[1220] Skjal nr. 4 (4).
[1221] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 329, 332-354.

> Aldrei síðan hefur framhluti Vesturdals verið í byggð og svo er um mörg önnur svæði á landinu. Flest hafa þetta verið smákot... [1222]

Hraunþúfuklaustur er einna þekktast þessara fornbýla. Það er staðsett nærri 10 km fyrir framan Þorljótsstaði, innst í Vesturdal og inni á sjálfu hálendi landsins. Hofsjökull er aðeins í um 20 km fjarlægð. Það liggur í dalkvos þar sem saman koma Runukvísl og Hraunþúfuá.[1223]

Hraunþúfuklausturs er fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem tekin var fyrir Skagafjörð árið 1713. Þar segir að það sé að finna í afrétt Hofs í Vesturdal og þar sjáist móta fyrir girðingum og miklum tóftaleifum eins og eftir stórbýli. Fram kemur að land þetta sé í afréttinni og að Hof nýti landið sem sitt eigið.[1224] Kristján Eldjárn tók saman allar tiltækar heimildir um Hraunþúfuklaustur og komst að eftirfarandi niðurstöðu eftir að hafa útilokað að þar hafi nokkurn tíma staðið klaustur:

> Þá kemur þrennt einkum til greina. Þetta getur verið raunverulegt býli. Einhver kann að hafa byggt sér þarna bæ þótt landkostir og landrými hafi ekki leyft mikil skepnuhöld og þá sennilega búið þar tiltölulega stuttan tíma. [...] Í öðru lagi hefur þetta getað verið sel. Þessi sumarfagra vin gæti verið tilvalinn staður fyrir selstöðu. Í þriðja lagi geta þetta verið gangnamannakofar með aðstöðu til að geyma þar fé. Eins lengi og menn vita hefur þessi staður verið áfangastaður gangnamanna.[1225]

Í eftirmála getur Kristján þess að á sama tíma og hann var að leggja lokahönd á grein sína hafi Þór Magnússon þjóðminjavörður grafið skurð í stærstu tóft Hraunþúfuklaustur og komið niður á eldstæði í miðju gólfi sem var af sömu gerð og langeldar í fornbæjarrústum. Kristján segir ennfremur:

> Þetta kynni helzt að styðja það, að þarna hafi verið lítið býli í fornöld. En eld þarf einnig í seljum og jafnvel gæti verið gott fyrir gangnamenn að ylja upp hjá sér.[1226]

Þess má geta að Kristján kom fyrst að Hraunþúfuklaustri árið 1948 og þá mun hafa staðið þar gangnamannakofi en þar mun lengi hafa verið aðsetur leitarmanna. Leitarmenn hafa einnig nýtt sér hella sem þar eru og kallast Háabaðstofa og Bjartabaðstofa. Kristján getur þess að Þormóður Sveinsson minnist oft á Hraunþúfuklaustur í sambandi við smölun í grein sinni um Hofsafrétt í öðru bindi af *Göngum og réttum*. Þar komi ennfremur fram að gangnamannakofinn sem standi við rústir

[1222] Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 329.
[1223] Kristján Eldjárn, „Punktar um Hraunþúfuklaustur“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1973* (1974), bls. 117.
[1224] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 143-144.
[1225] Kristján Eldjárn, „Punktar um Hraunþúfuklaustur“, bls. 132.
[1226] Kristján Eldjárn, „Punktar um Hraunþúfuklaustur“, bls. 132.

Hraunþúfuklausturs hafi verið byggður árið 1912. Fyrir þann tíma sváfu menn ýmist undir beru lofti eða létu fyrir berast í fyrrnefndum hellum.[1227]

Hraunþúfuklaustur telst til friðlýstra minja ásamt fjölda fornra bæjarrústa í eyðibyggðunum í Austur- og Vesturdal í Skagafirði.[1228]

[1227] Kristján Eldjárn, „Punktar um Hraunþúfuklaustur“, bls. 108, 117, 121.
[1228] Þór Hjaltalín, „Friðlýstar minjar og minjaheildir í Austur- og Vesturdal, Skagafirði“. *Skagfirsk náttúra 2008*, Sauðárkrókur, 2008, bls. 63-64.

6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrirliggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum og samhengi þeirra við þau úrlausnarefni sem hér eru til umfjöllunar. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.[1229] Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. Sá texti fylgir nú einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7 suður, að viðbættum nokkrum almennum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6 og nýjum formála til skýringar.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við umræddar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísar til þeirra.

6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Hæstiréttur hefur kveðið upp fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Samhengi nýrra niðurstaðna dómstóla við þau grundvallaratriði sem úrlausnir óbyggðanefndar byggjast á kemur að sjálfsögðu til skoðunar hverju sinni. Að því marki sem umfjöllun um slík atriði í úrskurðum á fyrri svæðum hefur almenna þýðingu hefur hún verið felld inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem hér fylgja í viðauka og vísast þangað.

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærumál sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Öræfum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar

[1229] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum upplýsingaritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kærenda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærendur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kærenda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.[1230] Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

6.3 Silfrastaðaafréttur

6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem Akrahreppur gerir einnig kröfu til sem eignarlands, tilheyrandi Silfrastaðaafrétti, sjá

[1230] Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.2. Það landsvæði sem nefnt er Silfrastaðaafréttur nær m.a. yfir hluta Öxnadalsheiðar og Hörgárdalsheiðar. Hér er einungis til umfjöllunar sá hluti afréttarins sem er á Öxnadalsheiði en svæðið þar norðan við tilheyrir svæði 7 norður hjá óbyggðanefnd.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli og afmarkast af Krókárdal og Ernidal að vestan, Kaldbaksdal að austan og Heiðará að norðan. Svæðið er fjalllent og rís hæst í Kinnafjalli í 1106 m hæð. Norðurhlíðar Kinnafjalls kallast Kinnar og eru giljum skornar. Upp af kinnum er land hallalítið með fönnum og gróðursnautt. Til austurs úr Krókárdal liggur Austurgil og eru hlíðar þess allbrattar.

6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur þess taki til svæða sem liggi utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að landnám hafi náð til landsvæða sunnan þjóðlendukröfulínu. Hafa beri í huga að umrædd svæði liggi fjarri byggðum bólum, séu heiðarlönd eða fjalllendi svo og öræfi, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Skagafirði.

Á því er byggt að heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Til afrétta teljist meðal annars Silfrastaðaafréttur. Vísað er til þess að Krókárgerði hafi, sem fyrrum hjáleiga Silfrastaða, haft stöðu jarðar, en landsvæðið austan Krókárgerðis hafi talist afréttareign Silfrastaða og haft aðra eignarréttarlega stöðu. Bent er á að sérstakt landamerkjabréf hafi verið gert fyrir Silfrastaðaafrétt árið 1885, en algengt hafi verið að gerð hafi verið bréf fyrir fleiri svæði en jarðir, þ.m.t. afréttareign. Jafnframt verði að líta svo á að við sölu á svæðinu árið 1896 hafi afrétturinn verið seldur sérstaklega til hreppsfélagsins en ljóst sé að margar jarðir hafi átt upprekstrarrétt á hann.

Af hálfu Akrahrepps, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, afsölum og fasteignamötum, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Byggt er á því að í landamerkjabréf Silfrastaðaafréttar verði að leggja þann skilning að merki liggi á vatnaskilum eins og kröfugerð landeigenda geri ráð fyrir. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því landamerkjabréfunum var þinglýst. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi frá þeim.

Gagnaðilar ríkisins halda því fram að allt land jarða og afrétta í Skagafirði hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land hafi verið numið í Skagafirði. Taka verði *Landnámu* með fyrirvara en hún hafi þó oft verið túlkuð þannig að hún styddi beinan eignarrétt. Telja verði þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til fjalla og ekki til heiða í Skagafirði fráleita, enda sé hún ekki reist á hlutlægum sönnunargögnum.

Af heimildum megi ráða að á Silfrastöðum hafi verið búið allt frá landnámi sbr. umfjöllun um Silfrastaði í *Byggðasögu Skagafjarðar*. Af þeim megi einnig ráða að jörðin hafi verið mjög stór þar sem hún hafi verið metin til 100 hundraða með hjáleigum sínum. Þá megi benda á að landamerkjabréf hins svokallaða Silfrastaðafréttar fái stuðning af þessum heimildum um að jörðin hafi verið byggð allt frá landnámi og verið mjög víðfeðm. Þeirri málsástæðu ríkisins að svæðið hafi ekki stöðu jarðar og teljist því þjóðlenda er mótmælt. Silfrastaðaafréttur hafi talist hluti Silfrastaða og verið nýttur eins og heimaland jarðarinnar þótt hann hafi síðar verið seldur undan jörðinni. Eigendum Silfrastaða hafi verið goldinn tollur fyrir þann búpening sem rekinn hafi verið á Silfrastaðaafrétt sem styðji beinan eignarrétt landeiganda.

6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Silfrastaðaafrétti er rakin í kafla 5.2. hér að framan, sjá einnig kafla 5.10 um afrétti og afréttarnot. Þar kemur fram að Silfrastaðaafréttar er fyrst sérstaklega getið í dómi frá árinu 1611 en heimildir um jörðina Silfrastaði ná aftur til ársins 1318. Jörðin Silfrastaðir liggur utan ágreiningssvæðis í máli þessu og er aðskilin frá Silfrastaðaafrétti af öðrum jörðum. Engar heimildir eru um að byggð hafi verið á Silfrastaðaafrétti en ljóst er að við gildistöku þjóðlendulaga hafði landsvæði þetta stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.[1231] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki Silfrastaðaafréttar. Athugun þessi tekur til landamerkja að sunnanverðu, inn til landsins og á kröfusvæði íslenska ríkisins í máli þessu. Fyrir liggur landamerkjabréf sem ber yfirskriftina „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum í Yxnadalsheiði“, dagsett þann 2. júní 1885 og þinglýst degi síðar, þar sem eingöngu er lýst merkjum afréttarins. Einnig liggur fyrir annað landamerkjabréf sem ber yfirskriftina „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“, dags. 31. mars 1890, og þingl. 22. maí sama ár, þar sem lýst er merkjum Silfrastaða og afréttarins sérstaklega. Eldri heimildir eru ekki fyrir hendi um mörk afréttarins. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Til norðurs er landsvæði sem til umfjöllunar er með svæði 7 norður hjá óbyggðanefnd, til vesturs er Krókárgerði sem fellur utan ágreiningssvæðis máls þessa, til suður er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og gagnaðila íslenska ríkisins vegna jarðarinnar Egilsár sem fjallað er um í kafla 6.4 og til austurs er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og gagnaðila íslenska ríkisins vegna Bakkasels sem fjallað er um í

[1231] Sbr. umfjöllun um hugtakið *afréttur* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

kafla 6.5 í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008. Að fenginni niðurstöðu um afmörkun Silfrastaðaafréttar með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Verður þá fyrst litið til austurmerkja Silfrastaðaaféttar að því leyti sem þau snerta mál þetta. Í „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum á Yxnadalsheiði“, dags. 2. júní 1885, er merkjum lýst svo: „Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatragötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallseggja beggja megin.“ Bréfið er ekki áritað vegna aðliggjandi landsvæða. Raunar bárust mótmæli við því þann 10. maí 1889 vegna Bakka og Bakkasels, að því er varðaði landsvæðið „frá Grjótá að vestan austur ~~y~~fyrir Tjaldhól og þar þvert yfir“. Mótmælabréfið var þinglesið 23. maí 1889.

Merkjalýsing landamerkjabréfsins, dags, 2. júní 1885, er brotakennd og óljós en þó virðist sem Kaldbaksdalur sé þar talinn innan marka afréttarins. Mótmælabréfið er einnig óglöggt og ekki er ljóst hvort það tekur að einhverju leyti til landsvæðis vestan Kaldbaksár sem hér er til umfjöllunar. Allt að einu er ekkert annað komið fram í málinu sem bendir til að land vestan árinnar hafi heyrt undir Bakkasel. Þá mælir landamerkjabréf Bakkasels, sem síðar verður vikið að, því eindregið í mót að svo hafi verið en bréfið er dagsett 28. mars 1889, þ.e. aðeins um sex vikum fyrr en mótmælabréfið.

Svonefnd „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“, dags. 31. mars 1890, hefur að geyma heildstæðari lýsingu á merkjum afréttarins en hið eldra bréf, dags. 2. júní 1885. Þar er fyrst lýst merkjum „heimalands“ Silfrastaða. Síðan er lýst merkjum „Silfrastaðaafréttar“ sem er aðskilinn frá heimalandinu samkvæmt þeirri merkjalýsingu sem fram kemur í skjalinu. Þar er austurmerkjum Silfrastaðaafréttar, að því leyti sem þau snerta mál þetta, lýst „í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði, þarsem [svo] vötnum fyrst hallar vestur af heiðinni. Þaðan beina línu um Tjaldhól í Kaldbaksá, er ræður merkjum fram í botn á Kaldbaksdal, austan við Kinnar.“ Bréfið er ekki áritað vegna Bakkasels. Í landamerkjabréfi fyrir Bakkasel, dags. 28. mars 1889 og þinglýst 27. maí sama ár, segir: „Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.“ Bréfið er ekki áritað vegna Silfrastaðaafréttar. Landamerkjabréfunum ber saman um að Kaldbaksá ráði merkjum milli Silfrastaðaafréttar og Bakkasels þótt ekki komi fram í bréfi Bakkasels hve langt til suðurs Kaldbaksá ráði merkjum. Bréfin fá því samræmst að þessu leyti.

Suðurmerkjum Silfrastaðaafréttar, að því leyti sem þau snerta mál þetta, er í landamerkjabréfinu frá 1890 lýst svo: „Þá [frá botni Kaldbaksdals] yfir fjall í Krókárdalsbotn, fyrir sunnan Austurgil. Þaðan yfir fjall í Ernidalsbotn.“ Bréfið er ekki áritað vegna Egilsár. Í landamerkjabréfi Egilsár, dags. 16. maí 1885 og þingl. 31. júní sama ár, er merkjum lýst að norðanverðu lýst svo: „[R]æður Egilsdalsáin frá Norðurá alla leið til upptaka og svo háfjallið milli Egilsdalsins og Norðurárdalsins, norðvestur í áðurnefnt Gelding[s]gilsskarð“. Bréfið var ekki áritað vegna Silfrastaðaafréttar. Í

landamerkjabréfi Silfrastaðaafréttar er merkjunum þannig lýst milli botna Kaldbaksdals, Krókárdals sunnan Austurgils og Ernisdals en í bréfi Egilsár eftir „háfjallinu“.

Gagnaðilar ríkisins í máli þessu byggja á því að landamerkjabréfið lýsi merkjum allt suður að vatnaskilum á háfjallinu milli Norðurárdals og Egilsdals og staðsetja dalbotnana þar. Samkvæmt íslenskri orðabók er „dalbotn“ skilgreindur sem „innsti hluti dals“. Þá er „daldrag“ skilgreint sem „hallandi [*upp af dalbotni*] með giljum og lægðum“.[1232] Samkvæmt þessari skilgreiningu er dalbotninn neðan daldraganna. Ekki er fram komið við skýrslutökur eða í gögnum málsins að um staðbundna málvenju sé að ræða, aðra en hina almennu málvenju, um notkun orðsins „dalbotn“. Landamerkjabréfið verður því vart skýrt svo að þar sé merkjum Silfrastaðaafréttar lýst allt suður á vatnaskil milli Norðurárdals og Egilsdals eins og gagnaðilar ríkisins byggja á. Krafa þeirra um að merki Silfrastaðaafréttar og beinn eignarréttur þeirra nái lengra til suðurs en að línu sem dregin er milli dalbotna Kaldbaksdals, Krókárdals sunnan Austurgils og Ernisdals, eins og dalbotnarnir eru staðsettir í reynd, verður því ekki talin geta stuðst við landamerkjabréfið en um önnur atriði sem krafa þessi er studd við verður fjallað síðar.

Þeim hluta vesturmerkja Silfrastaðaafréttar sem til umfjöllunar eru í máli þessu, er í landamerkjabréfinu frá 1890 lýst svo: „Ræður svo Ernidalsá ofan til þess, er hún fellur í Króká. Þá ræðr Króká ofan í Norðurá“. Bréfið var ekki áritað vegna Krókárgerðis. Í landamerkjabréfi Krókárgerðis, dags. 31. mars 1890 og þingl. 22. maí sama ár, er austurmerkjum lýst svo: „Að austan Ernidalsá og síðan Króká ofan í Norðurá“. Bréfið var áritað um samþykki vegna Silfrastaða. Landamerkjabréfum Silfrastaða og Krókárgerðis ber þannig saman að þessu leyti.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan lýsingar í „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“, dags. 31. mars 1890, að öðru leyti en því að þar er merkjum ekki lýst lengra til suðurs en að línu sem dregin er milli dalbotna Kaldbaksdals, Krókárdals sunnan Austurgils og Ernisdals. Umfjöllun um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins verður því tvískipt, þannig að fyrst verður fjallað um þann hluta þess sem fellur innan lýstra merkja samkvæmt bréfinu og síðan þann hluta sem fellur utan þeirra, þ.e. sunnan umræddrar línu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Silfrastaðaafréttar, samkvæmt „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“, dags. 31. mars 1890. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti

[1232] *Íslensk orðabók 2002*. Edda – útgáfa hf. Reykjavík 2002, bls. 204.

almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

„Landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“ var gerð í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882, þinglesin og færð í landamerkjabók. Óbyggðanefnd telur fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Við mat á eignarréttarlegri stöðu þess lands sem þar er lýst er til þess að líta að samkvæmt merkjalýsingum bréfsins er Silfrastaðaafréttur afmarkaður með sjálfstæðum hætti, óháð merkjum heimalands Silfrastaða og afrétturinn er aðskilinn frá heimalandinu af öðrum fasteignum. „Landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum á Yxnadalsheiði“ var sömuleiðis gerð í kjölfar gildistöku landamerkjalaga 1882, þinglesin og færð í landamerkjabók. Sú merkjalýsing er óljósari og þar er eingöngu lýst merkjum afréttarins en ekki heimalands Silfrastaða.

Í hinni elstu heimild þar sem getið er um Silfrastaðaafrétt, frá 1611, er dæmt um lambaupprekstur og toll í Silfrastaðaafrétt. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 segir um Silfrastaði: „Afrjetti á jörðin tvo, annan hálfa Öxnadalsheiði vestanverða, en í það eiga aðrar jarðir ítök, sem síðar mun getið verða“. Um Miklabæ segir: „Upprekstur fyrir geldnaut á Öxnadalsheiði. Hrísítak á Öxnadalsheiði frá fjallsenda fyrir ofan reiðgötur og fram til grjóthryggs etc. sem máldaginn segir.“ Vísitasíur Miklabæjar frá 18. öld geta einnig um hrísrif á Öxnadalsheiði meðal réttinda sem fylgi jörðinni. Nefndar heimildir um Miklabæ virðast að einhverju leyti taka til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Í jarðamati 1804 kemur fram um jörðina Silfrastaði, að leiguliði hennar fái 6 ríkisdala tekjur árlega af afrétti jörðinni tilheyrandi og fram kemur í jarðamatinu 1849 að undir Silfrastöðum liggi víðlend og landgóð afrétt sem meiri hluti Akrahrepps noti til upprekstrar gegn gjaldi. Í kaflanum um Miklabæjarprestakall í *Sýslu- og sóknarlýsingum* Skagafjarðar frá miðri 19. öld segir: „Afréttarlönd eru afdalir og heiðar, allavega út úr Norðurárdalnum og tilheyra Silfrastöðum. Þangað reka flestir úr sóknunum, ásamt Flugumýrarsókn, hver eð næst liggur á norðursíðuna.“

Akrahreppur byggir rétt sinn til Silfrastaðaafréttar á afsali, dags. 6. nóvember 1898, þar sem Steingrímur Jónsson bóndi á Silfrastöðum afsalaði hreppnum Silfrastaðaafrétti. Skjalið var þinglesið 25. maí 1899. Í ritinu *Göngur og Réttir IV* er m.a. fjallað um Silfrastaðaafrétt og hún sögð vera „aðalafrétt meiri hluta Akrahrepps“. Í skjali frá 1985 sem ber yfirskriftina „skrá yfir afréttir, eignarheimildir og landamerki“ og stafar frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á

Sauðárkróki kemur fram að allar jarðir í Akrahreppi utan Norðurár og Borgargerðis á Norðurárdal eigi upprekstur á Silfrastaðaafrétt. Loks kom fram við skýrslutökur í máli þessu að landsvæðið sé nýtt sem sumarbeitiland fyrir sauðfé af jörðum í hreppnum og smalað að hausti.

Í tilvitnuðum heimildum er þess hluta Silfrastaðaafréttar sem hér er til umfjöllunar einkum getið í tengslum við upprekstur, afréttarnot og önnur takmörkuð not, það er hrístekju. Engin gögn liggja fyrir um að svæðið hafi verið nýtt með öðrum hætti. Óbyggðanefnd telur allt framangreint benda til þess að Silfrastaðaafréttur hafi verið afréttur Silfrastaða í þeim skilningi að eigendur jarðarinnar, og síðar Akrahreppur, hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að láglendari hlutar þessa landsvæðis hafi verið numdir en vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem sunnar dregur og land hækkar. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem liggja nærri þeim hluta Silfrastaðaafréttar sem hér er til umfjöllunar eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 3 og 4/2008 og afmörkun þjóðlendukrafna íslenska ríkisins á svæði 7 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Hér stendur eftir að leysa úr hver sé eignarréttarleg staða þess landsvæðis sem fellur sunnan marka Silfrastaðaafréttar, eins og merkjum er lýst í „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“, dags. 31. mars 1890, þ.e. sunnan línu sem dregin er milli dalbotna Kaldbaksdals, Ernisdals sunnan Austurgils og Krókárdals, eins og dalbotnarnir eru staðsettir í reynd, og norðan vatnaskila milli Norðurárdals og Egilsdals. Ekki liggja fyrir í málinu skriflegar heimildir um þetta landsvæði sérstaklega. Ekkert bendir því til að það sé fremur undirorpið beinum eignarrétti en landsvæðið þar norðan við sem þegar hefur verið fjallað um.

Landsvæðið sem hér um ræðir, sunnan línunnar sem dregin er á milli dalbotnanna, er að stærstum hluta hálent og gróðurlítið. Hvað staðhætti og gróðurfar varðar svipar því mjög til fjalllendisins norðan umræddrar línu, svo sem í Kinnarfjalli og Fúlukinnarrana sem falla innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfinu, dags. 31. mars 1890. Við skýrslutökur í máli þessu kom fram að fé leiti í nokkrum mæli upp á fjöllin á svæðinu og þau séu smöluð. Ef litið er heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 3 og 4/2008 sést að næst því landsvæði sem hér er sérstaklega til skoðunar liggja annars vegar eignarlönd og hins vegar þjóðlendur í afréttareign. Að þessu virtu telur óbyggðanefnd að það sé undirorpið sams konar réttindum og sá hluti Silfrastaðaafréttar sem þegar hefur verið tekin afstaða til.

Sem fyrr segir eru gagnaðilar ríkisins í máli þessu, vegna Silfrastaðaafréttar annars vegar og Egilsár hins vegar, sammála um að mörk milli landsvæðanna liggi á vatnaskilum milli Norðurárdals og Egilsárdals. Í kafla 6.4 er lýst þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðið sem krafa er gerð til vegna Egilsár sé eignarland. Í máli þessu liggur fyrir uppdráttur af vatnaskilunum milli Egilsárdals og Norðurárdals sem unninn var af vatnamælingum Veðurstofu Íslands. Sú lína fer ekki að öllu leyti saman við það hvernig gagnaðilar ríkisins staðsetja suðurmörk Silfrastaðaafréttar á korti. Í kjölfar þess að umrædd gögn um vatnaskilin komu fram var því lýst yfir af hálfu þeirra gagnaðila ríkisins sem telja til réttinda yfir Silfrastaðaafrétti og Egilsá að þeir teldu ekki ástæðu til að breyta þeim kröfulínum sem þeir höfðu áður lagt fram. Í ljósi þess svo og með tilliti til þess að munurinn er óverulegur, og er ýmist á þann veg að kröfulínan er dregin litlu sunnar eða litlu norðar en vatnaskilin, telur óbyggðanefnd rétt að miða mörk þjóðlendu og eignarlands að þessu leyti við kröfulínu gagnaðila ríkisins eins og hún er dregin á kort fremur en að miða við raunverulega staðsetningu vatnaskila samkvæmt fyrirliggjandi sérfræðigögnum

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að sá hluti Silfrastaðaafréttar sem til umfjöllunar er í máli þessu sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsvæðisins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[1233] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Akrahrepps.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Silfrastaðaafréttur, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er við sýslumörk Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna á Öxnadalsheiði (þar sem Grjótá fellur í Heiðará). Þaðan er Heiðará fylgt til vesturs þar til Króká fellur í hana. Síðan er Króká fylgt til suðurs í botn Ernisdals og þaðan beina stefnu á punkt nr. 16 á kröfulínu gagnaðila ríkisins.*

[1233] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Þaðan er fylgt kröfulínu gagnaðila ríkisins þar til komið er að punkti nr. 14 á henni. Þaðan er línan dregin í drög Kaldbaksdals og eftir daldrögunum í Kaldbaksá. Síðan er Kaldbaksá fylgt þar til komið er að skurðpunkti við línu sem dregin er beina stefnu frá Vatnsgötu á Öxnadalsheiði (þar sem vötnum fyrst hallar vestur af heiðinni) um Tjaldhól í Kaldbaksá. Frá skurðpunktinum er nefndri línu fylgt í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði. Þaðan er línan dregin í upptök Heiðarár og Heiðará síðan fylgt að þeim stað þar sem Grjótá fellur í hana.

Sama landsvæði er í afréttareign Akrahrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

6.4 Egilsá, Flatatunga, Merkigil og Ábær

6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Egilsár, Flatatungu, Merkigils, og Ábæjar gera tilkall til. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.3–3.6.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur að mestu í yfir 1000 m hæð yfir sjávarmáli. Svæðið er hallalítið og gróðursnautt og rís hæst í 1159 m hæð á landsvæði því sem krafa er gerð til vegna Egilsár. Nokkuð er um læki, sytrur og smávötn á því svæði sem krafa er gerð til vegna Ábæjar.

6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggi utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til landsvæða norðaustan þjóðlendukröfulínu. Hafa beri í huga að umrædd svæði liggi fjarri byggðum bólum, séu heiðarlönd eða fjalllendi svo og öræfi, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Skagafirði.

Á því er byggt að heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Af hálfu ríkisins er miðað við merkjalýsingar Egilsár, Flatatungu, Gilsbakka, Merkigils og Ábæjar og talið að þær miðist við háfjallið milli Egilsárdalsins og Norðurárdalsins og síðan við upptök Egilsár, Merkigilsár, Ábæjarár og Tinnár. Eru þjóðlendukröfulínurnar dregnar milli upptaka ánna.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessum eignum sínum. Í landamerkjabréf jarðanna verði að leggja þann skilning að merki liggi á vatnaskilum. Einnig er byggt á afsölum og fasteignamötum, sem og þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því landamerkjabréfunum var þinglýst. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignanna og hafi öll nýting verið háð leyfi frá þeim.

Gagnaðilar ríkisins halda því fram að allt land jarða og afrétta í Skagafirði hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land hafi verið numið í Skagafirði. Taka verði *Landnámu* með fyrirvara en hún hafi þó oft verið túlkuð þannig að hún styddi beinan eignarrétt. Telja verði þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til fjalla og ekki til heiða í Skagafirði fráleita, enda sé hún ekki reist á hlutlægum sönnunargögnum.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Ábæjar er því haldið fram að á kortagrunni þeim sem aðilar málsins hafa unnið kröfur sínar sjáist berlega að upptök Ábæjarár og Tinnár séu miklum mun austar en kröfulína ríkisins er dregin. Það sé því skilningur þeirra að íslenska ríkið hafi í raun viðurkennt eignarréttarlega stöðu landsins á milli upptaka Ábæjaráar og Tinnár þannig að um land undirorpið beinum eignarrétti sé að ræða eins og því er lýst í kröfulýsingu landeigenda. Misræmi sé í texta og teikningu á kort og telja landeigendur að miða beri við lýsingu í texta.

6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Egilsár, Flatatungu, Merkigils og Ábæjar er rakin í köflum 5.3–5.6. Af þeim heimildum sem þar er getið má ráða að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.[1234] Egilsá, Flatatunga og Ábær koma fyrst við sögu í heimildum frá 14. öld og Merkigil frá 15. öld.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum umræddra jarða er lýst í landamerkjabréfum þeirra en eldri heimildir liggja ekki fyrir um afmörkun þeirra. Athugun þessi tekur til merkja jarðanna að austanverðu, á kröfusvæði íslenska ríkisins. Talið frá norðri til suðurs eru þetta jarðirnar Egilsá, Flatatunga, Merkigil og Ábær. Aðliggjandi er, að norðanverðu, svæði sem eignarlandskrafa er gerð til vegna Silfrastaðaafréttar í máli þessu. Að austanverðu eru sýslumörk milli Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna og austan þeirra, talið frá norðri til suðurs, landsvæði sem krafa er gerð til vegna Bakkasels í máli nr. 3/2008 og Þverdals, Mælifells, Syðri-Villingadals og Leynings í máli nr. 2/2008. Að sunnanverðu er landsvæði sem krafa er gerð til vegna Nýjabæjar í máli þessu. Að fenginni niðurstöðu um landamerki umræddra jarða með tilliti til ágreiningssvæða aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þeirra.

Af þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar liggur Egilsá nyrst. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi, dags. 16. maí 1885 og þingl. 31. júní sama ár. „ […] að vestan og sunnan ræður Egilsdalsáin frá Norðurá alla leið til upptaka og svo háfjallið milli Egilsdalsins og Norðurárdalsins, norðvestur í áðurnefnt Gelding^{s}gils-skarð.“ Landamerkjabréf Egilsár er ekki áritað vegna Silfrastaðaafréttar, Bakkasels eða Flatatungu.

Merkjum Flatatungu er fyrst lýst í landamerkjabréfi, dags. 24. maí 1886 sem þinglýst var tveimur dögum seinna. Merkjum er lýst svo: „Að austan. Egilsdalsáin ræður alla leið frá upptökum til þess hún er fallin í Norðurá […] Að sunnan […] Frá

[1234] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

nefndri Eiríkshnjúksöxl, ræður fjallauðn í suður og austur, milli Tungudals og Bakkadals til þess komið er fyrir upptök Egilsdalsárinnar.“ Bréfið er ekki áritað vegna Egilsár, Bakkasels eða Merkigils.

Merkjum Merkigils er fyrst lýst í landamerkjabréfi, dags. 24. maí 1884 sem þinglýst var sex dögum síðar. Þar er merkjum lýst svo: „Að norðanverðu ræður Merkigil og Merkigilsá, að norðaustan Merkigilsá til fremstu upptaka; að austan háfjöllin frá Merkigilsárupptökum til Miðhúsadalsbotns og upptaka Ábæjar ár; [svo] að sunnan ræður Ábæjará“. Bréfið er ekki áritað vegna Flatatungu, Bakkasels, Þverdals, Mælifells eða Ábæjar.

Merkjum Ábæjar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 24. maí 1888 sem þinglýst var 31. sama mánaðar. Þar er merkjum lýst svo: „[A]ð norðanverðu Ábæjará til fremstu upptaka; að austanverðu hábrúnin frá Ábæjarár_upptökum til upptaka Tinnár, að sunnan ræður Tinnár [svo] til Jökulsár“. Bréfið var áritað um samþykki vegna Nýjabæjar en ekki Merkigils, Þverdals, Mælifells eða Leynings.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan eru rakin er merkjum jarðanna að norðan- og sunnanverðu lýst að upptökum áa, þ.e. Egilsdalsár, Merkigilsár, Ábæjarár og Tinnár. Í tilvikum Merkigilsár og Ábæjarár er talað um „fremstu“ upptök. Ekki kemur fram í bréfunum hvar upptök ánna séu staðsett. Það verður heldur ekki ráðið með afgerandi hætti af þeim kortum sem málsaðilar hafa lagt fram, staðháttalýsingum í uppsláttarritum eða óársettri örnefnaskrá Þormóðs Sveinssonar fyrir Austurdal sem er meðal hliðsjónargagna í málinu. Hér skal þess getið að eftir því sem ofar dregur í fjallgarðinn verður land hallaminna og skil milli daldraga og gilja, annars vegar, og annars lands, hins vegar, verða óljósari. Það hvar upptök umræddra áa eru staðsett þarfnast því nánari skoðunar.

Í málinu liggja fyrir kort frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands sem annars vegar sýna legu vatnaskila á svæðinu og hins vegar staðsetningu efstu hluta árfarveganna samkvæmt gervitunglamyndum. Kortunum fylgdi minnisblað, dags. 28. janúar 2009, þar sem meðal annars er fjallað um skilgreiningar á upptökum áa. Þar segir: „Upptök vatnsfalla má skilgreina með tvennum hætti. Annars vegar þar sem dropi lendir á landi og rennur þaðan út í sjó og eru þessi upptök afmörkuð af vatnasviði. Hins vegar þar sem vatn sést á yfirborði en þannig afmörkun er háð breytingum á loftslagi.“ Fyrrnefnda skilgreiningin gerir þannig ráð fyrir að upptök áa séu staðsett á vatnaskilum en sú síðarnefnda að þau séu þar sem vatn sjáist á yfirborði jarðar.

Í kjölfar þess að óbyggðanefnd barst umrætt minnisblað fór nefndin þess á leit við Veðurstofuna að hún skýrði nánar nokkur atriði í því. Meðal annars beindi nefndin þeirri fyrirspurn til hennar hvort önnur hvor þeirra skilgreininga á upptökum áa sem þar kæmi fram væri „réttþærri eða meira notuð en hin“. Í svari Veðurstofunnar, dags. 29. maí 2009, segir: „Vatnatilskipun Evrópu notar vatnasvið til að skilgreina upptök

vatnsfalla, þ.e. fyrri skilgreininguna. […] Vatnasvið ættu að vera notuð til að skilgreina upptök vatns nema annað sé sérstaklega tekið fram.“

Á umrætt kort hafa farvegir þeirra vatnsfalla sem hér um ræðir verið merktir inn eftir „SPOT 5 gervitunglamynd“ sem hefur „5 m greinihæfni“, að því er fram kemur í minnisblaðinu frá 28. janúar 2009. Þau vatnaskil sem þar eru merkt inn eru annars vegar vatnaskil milli Egilsárdals og Norðurárdals og hins vegar vatnaskil milli Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna, eftir landlíkani ÍSOR. Gögnin sýna að stysta leið frá þeim stöðum þar sem farvegir ánna eru greinanlegir á yfirborði jarðar á „SPOT 5 gervitunglamyndum“ að vatnaskilunum er tæpir 900 m í tilviki Egilsár, rúmir fimm km í tilviki Merkigilsár, tæpir 1400 m í tilviki Ábæjarár og tæpir 300 m í tilviki Tinnár. Gögnin sýna þannig að allnokkur vegalengd er frá vatnaskilunum að þeim stað þar sem árfarvegir eru greinanlegir á „SPOT 5 gervitunglamyndum“ með „5 m greinihæfni“. Í því erindi óbyggðanefndar til Veðurstofunnar sem áður er nefnt beindi nefndin þangað eftirfarandi fyrirspurn: „Hvað er átt við með greinihæfni gervitunglamynda, sbr. þegar talað er um 5 m greinihæfni SPOT 5 gervitunglamynda […]?“ Í svari Veðurstofunnar segir:

> Þegar metin er greinihæfni myndarinnar er verið að skoða hvað svæði þarf að vera stórt til að það skeri sig úr og sjáist greinilega. Þegar um er að ræða línuleg fyrirbæri, sem eru a.m.k. 10 m á lengd, safnast áhrifin saman þannig að lína sést betur en t.d. steinn sem er minni en 5 m í þvermál. Því má segja að á myndum með 5 m greinihæfni sjást t.d. akreinar greinilega en ekki einstakir bílar því þeir eru styttri og mjórri en 5 m í flestum tilvikum. Á gervitunglamynd er 2 m farvegur því vel greinanlegur.
>
> […]
>
> Greinihæfnin segir ekki endilega til um staðsetningarnákvæmnina en hún hefur áhrif á hana.

Loks beindi óbyggðanefnd þeirri fyrirspurn til Veðurstofunnar til hvaða flokks vatnsfalla umræddar ár teldust. Í áðurnefndu svari Veðurstofunnar, dags. 29. maí 2009, segir eftirfarandi um það:

> Ábæjará og Tinná eru flokkaðar sem lindarvötn í skýrslu Freysteins Sigurðssonar (2004) *„Vatnasvið Jökulsánna í Skagafirði. Grunnvatn og grunnvatnsaðstæður“*, vegna linda sem þar finnast sem og hitastigs og efnisinnihalds. Þær eru með árssveiflu sem bendir til að snjóbráð og leysingar hafa talsverð áhrif á rennslið. Einnig kemur fram í skýrslunni að báðar árnar geti vaxið talsvert, sem sést á breidd farveganna og stærð steina í þeim. Í grófari flokkun fyrir allt landið eru þær undir flokknum snjómiðlaðar dragár eins og allar ár í Austurdal. Þar sem snjómiðlun á sér stað verður snjóbráðnun að sumarlagi í fönnum í háum fjöllum en er háð veðri. Efstu upptök ánna eru því í þessum fönnum en stærð fanna getur verið breytileg eftir árum.

Egilsá og Merkigilsá eru ekki nefndar sérstaklega í skýrslu Freysteins og verða því flokkaðar sem snjómiðlaðar dragár með upptök í fönnum.

Það álitaefni sem hér er til úrlausnar varðar það hvar upptök Egilsár, Merkigilsár, Ábæjarár og Tinnár, sem nefndar eru í landamerkjabréfum Egilsár, Flatatungu, Merkigils og Ábæjar séu staðsett. Samkvæmt því sem að framan er rakið eru tvær skilgreiningar á upptökum áa tækar, þ.e. annars vegar „þar sem dropi lendir á landi og rennur þaðan út í sjó og eru þessi upptök afmörkuð af vatnasviði“, þ.e. vatnaskil, og hins vegar „þar sem vatn sést á yfirborði“. Fram er komið að vatnaskil „ættu að vera notuð til að skilgreina upptök vatns nema annað sé sérstaklega tekið fram“. Í málinu liggja fyrir glöggar heimildir um staðsetningu þeirra. Upptök samkvæmt síðari skilgreiningunni eru hins vegar háð breytingum á loftslagi og verða því tæpast staðsett með afgerandi hætti, sérstaklega ekki þegar um „snjómiðlaðar dragár“ er að ræða enda getur stærð fanna „verið breytileg eftir árum“. Hér verður einnig að líta til þess að ekki verður með vissu ráðið af fyrirliggjandi gögnum að mjórri farvegir en 2 m séu greinanlegir á áðurnefndum gervitunglamyndum en, eðli málsins samkvæmt, mjókka farvegir jafnan eftir því sem ofar dregur og innar á hálendið. Upptök samkvæmt skilgreiningunni „þar sem vatn sést á yfirborði“ eru því að líkindum ofar en gervitunglamyndirnar gefa til kynna. Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að túlka beri landamerkjabréf Egilsár, Flatatungu, Merkigils og Ábæjar á þann veg að „upptök“ Egilsár, Merkigilsár, Ábæjarár og Tinnár, sem þar eru nefnd, séu á vatnaskilum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar.

Í þeim landamerkjabréfum sem vitnað er til hér að framan er um mörk til fjallanna notuð orðin „háfjallið“ (Egilsá), „fjallauðn“ (Flatatunga), „háfjöllin“ (Merkigil) og „hábrúnin“ (Ábær) án þess að fram komi með afgerandi hætti hvar þau kennileiti séu staðsett. Hér verður að líta til þess að þessi orð eru notuð til að lýsa línum sem með einhverjum hætti eru dregnar milli upptaka þeirra áa sem hér hafa verið nefndar og óbyggðanefnd hefur komist að niðurstöðu um að séu á vatnaskilum. Með tilliti til þessa svo og þess að ekkert annað er fram komið sem leggja mætti til grundvallar um staðsetningu kennileitanna „fjallauðnar“, „háfjallanna“ og „hábrúnarinnar“, sem nefnd eru í landamerkjabréfum Flatatungu, Merkigils og Ábæjar, verður hér lagt til grundvallar að þar sé einnig átt við vatnaskil milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar eins og gagnaðilar ríkisins byggja á í máli þessu. Að sama skapi verður lagt til grundvallar að þar sem talað er um „háfjallið“ í landamerkjabréfi Egilsár sé átt við vatnaskil milli Egilsárdals og Norðurárdals.

Samkvæmt því sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á landi Egilsár, Flatatungu, Merkigils og Ábæjar eigi sér stoð í landamerkjabréfum jarðanna þannig að þær afmarkist að austanverðu af vatnaskilum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar og Egilsá afmarkist að norðan af vatnaskilum milli Egilsárdals og Norðurárdals. Sú afmörkun er óumdeild meðal þeirra. Ekki eru fyrir hendi heimildir sem mæla landamerkjabréfunum í mót og verður

því miðað við að merkjunum sé þar rétt lýst. Það hvernig gagnaðilar ríkisins staðsetja norðurmörk Egilsár og austurmörk Egilsár, Flatatungu, Merkigils og Ábæjar á korti fer ekki að öllu leyti saman við vatnaskilalínurnar. Í kjölfar þess að umrædd gögn um vatnaskilin komu fram var því lýst yfir af hálfu þeirra gagnaðila ríkisins sem telja til réttinda yfir nefndum landsvæðum að þeir teldu ekki ástæðu til að breyta þeim kröfulínum sem þeir höfðu áður lagt fram. Í ljósi þess svo og með tilliti til þess að munurinn er óverulegur, og er ýmist á þann veg að kröfulínan er dregin litlu sunnar eða litlu norðar en vatnaskilin, er niðurstaða óbyggðanefndar sú afmörkun gagnaðila ríkisins á kröfusvæðum sínum eigi sér stoð í landamerkjabréfunum.

Verður þá næst fjallað sameiginlega um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf þeirra jarða sem hér eru til umfjöllunar voru gerð í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi árið 1882. Svo sem áður var rakið benda fyrirliggjandi gögn ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Bréfin voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem hér geti skipt máli. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur jarðanna hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja fremur líklegt að land á þessu svæði hafi verið numið en vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem land hækkar. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál

nr. 3–4/2004 á svæði 4 og 2–3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til breytingar á henni.

Heimildir um afréttarnot á þessu svæði eru almenns eðlis og endurspegla fremur beitarnot á hálendari hlutum jarðanna. Þær benda ekki til þess að land innan merkjalýsinga jarða á þessu svæði hafi haft stöðu afréttar að lögum. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Ekki eru heimildir um annað en að umræddar jarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Engin gögn benda til þess að land á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins, innan merkja jarða, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land þeirra og verða staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting fjalllendis jarðanna hafi, eðli máls samkvæmt, verið takmarkaðri en láglendis þeirra, leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að á þessu landsvæði sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[1235] Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar um merki felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Svo sem að framan er rakið hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að landamerkjabréf þeirra jarða sem hér um ræðir lýsi merkjum þeirra að vatnaskilum, annars vegar milli Egilsárdals og Norðurárdals og hins vegar milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Gagnaðilar ríkisins vegna Egilsár, Flatatungu og Merkigils miða kröfur sínar einnig við vatnaskil en gagnaðilar vegna Ábæjar við „sýslumörk“. Ekki er fullt samræmi milli þess hvernig gagnaðilar ríkisins hafa teiknað kröfulínur sínar á kort og hvar vatnaskilin liggja í reynd þó svo að munurinn þar á sé óverulegur. Í máli þessu, svo og málum nr. 2 og 3/2008, hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að handan vatnaskilanna sé þjóðlenda. Um mörk hennar er miðað við kröfulínur gagnaðila ríkisins og vísast nánar um þau mörk til umfjöllunar um Silfrastaðaafrétt í úrskurði þessum, Bakkasel í máli nr. 3/2008 og Þverdal, Mælifell, Syðri-Villingadal og Leyning í máli nr. 2/2008.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land það sem eigendur jarðanna Egilsár, Flatatungu, Merkigils og Ábæjar gera eignarlandskröfur til, svo sem því er að

[1235] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.5 Nýibær, Nýjabæjarafréttur og Fjöllin

6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem gagnaðilar þess gera tilkall til sem eignarlands, tilheyrandi Nýjabæ, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.6.

Landsvæði það sem hér um ræðir er mjög víðfeðmt. Norðan til liggur það á hallalítilli og gróðursnauðri hásléttu sem er milli Eyjafjarðarár og Austari-Jökulsár í Skagafirði. Land rís skarpt upp til austurs upp af Austari-Jökulsá, úr um 400 m í um 1000 m hæð á Nýjabæjarfjalli. Nokkrar ár renna úr giljum þeim er skerast til austurs og suðausturs frá Austari-Jökulsá inn í hásléttuna. Norðarlega er Ytri-Hvítá en Hvítármúli skilur hana frá Fremri-Hvítá. Suður af Fremri-Hvítá liggur Afréttarfjall (927 m). Sunnan þess rennur Fossá og sunnan hennar eru Fossármúli og Hölknármúli og skilur Hölkná þá að. Nokkru sunnan Hölknár rennur Geldingsá til norðvesturs í Austari-Jökulsá og er nokkur gróður meðfram henni. Suðvestur af Geldingsá liggja svokallaðir Pollar en á því svæði er nokkuð samfellt gróðurlendi. Allmikinn gróður er einnig að finna í hlíðunum í Austurdal upp af Jökulsá. Sunnan Geldingsár, allt suður að Hofsjökli, er svæði sem nefnt er Fjöllin. Þar einkennist landslag að mestu af lágum, ávölum og grýttum öldum og hæðum en þeirra á milli er land hallalítið og slétt. Á Fjöllunum finnst gróður helst meðfram ám og lækjum en er þar hvergi samfelldur. Helstu fjöll sunnan Geldingsár eru Laugafellshnjúkur (997 m) sem liggur vestan Hnjúkskvíslar, Langihryggur (891 m) sem liggur þar beint vestur af með leguna norðvestur-suðaustur og Kvíslarhæð (854 m) syðst, norðan Jökulkvíslar.

6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggi utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til landsvæða sunnan þjóðlendukröfulínu. Hafa beri í huga að umrædd svæði liggi fjarri byggðum bólum, séu heiðarlönd eða fjalllendi svo og öræfi, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Skagafirði.

Vísað er til þess að um Nýjabæjarafrétt sé fjallað í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 128/1967 (Nýjabæjarafrétt). Ekki liggi fyrir önnur lýsing á merkjum jarðarinnar en í kaupbréfi frá 29. janúar 1464, þar sem merkjum jarðarinnar sé lýst svo, að þau miðist við Tinná og síðan svo langt á fjöll fram sem vötn dragi. Í dómi Hæstaréttar hafi ekki verið talið að umrætt svæði hafi verið numið í öndverðu, auk þess sem „yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjist við önnur gögn, nægi eigi til að dæma öðrum hvorum aðilja eignarrétt til öræfalandsvæðis þessa“, eins og orðrétt segi

í dómnum. Því er haldið fram að ítarlega sé fjallað um réttarstöðu svæðisins í dómi Hæstaréttar, og verði að líta svo á, að dómurinn feli í sér *res judicata* áhrif að því er varðar eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Með vísan til afmörkunar norðan Nýjabæjar (Ábær, Merkigil, Gilsbakki og Egilsá), sé við afmörkun þjóðlendukröfu miðað við upptök áa og að því er Nýjabæ varðar miðað við upptök Tinnár annars vegar og Ytri-Hvítá og Austari-Jökulsá hins vegar, vestan við Hvítármúla. Sé þá jafnframt haft í huga, að svæði sunnan Hvítár heiti Afréttur og þar fyrir sunnan Afréttarfjall, sbr. lýsingu í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar. Ætla verði að umrætt svæði, Afréttur og Afréttarfjall, sunnan Hvítár, hafi fallið undir afréttinn, en ekki talist til Nýjabæjar. Því sé þjóðlendulínan miðuð við svæðið milli Tinnár annars vegar og Ytri-Hvítár hins vegar, í brúnum Nýjabæjarfjalls, en til vara sé línan dregin beint milli upptaka ánna, svo sem greini á kröfukorti.

Að öðru leyti vísar íslenska ríkið til umrædds dóms Hæstaréttar um sjónarmið varðandi staðhætti, fjarlægð frá byggð, nýtingu landsins o.fl. Einnig er í þessu sambandi vísað til svars skrifstofu Skagafjarðarsýslu, dags. 14. febrúar 1920, við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands varðandi afréttaralmenninga, en í svarinu sé talið að Nýjabæjaröræfi austan undir Hofsjökli teljist til slíks svæðis.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, er vísað til landnámslýsinga. Öruggt sé talið að landnám Önundar víss hafi náð allt suður til Hofsjökuls, þ.e. eins og Jökulsá dregur og fái sú staðhæfing staðfestingu í fornum heimildum. Landnáma greini frá því að Eiríkur Hróaldsson hafi numið Goðdali alla og búið á Hofi. Landnámsjörð Eiríks, Hof í Goðdölum, hafi verið afar stór og elsta heimild um landamerki Hofsjarða utan Gilja sé að finna í kaupbréfi frá árinu 1377, sem lýsi merkjum suður undir Hofsjökul. Þannig virðist það hafa verið augljós sannindi árið 1377 að landareign Hofs hafi náð suður til Hofsjökuls, enda dragi jökullinn nafn sitt af jörðinni. Elsta heimild um landamerki Nýjabæjar sé að finna í kaupbréfi, dagsettu 29. janúar 1464, en þar sé ummerkjum jarðarinnar lýst „ath tinnaa. ok suo langt aa fioll fram sem votn dragha.“ Þegar landnámslýsing Eiríks í Goðdölum (Önundar víss og Tungu-Kára) sé skýrð með hliðsjón af texta kaupbréfanna tveggja, sem telja verði algerlega óháðar heimildir, sé annar skýringarkostur vart tækur en sá að landnám á þessu svæði hafi náð allt suður til Hofsjökuls eins og land jarðanna Hofs og Nýjabæjar.

Bent er á að innan merkja jarða kunni að vera svæði sem nefnd séu afréttir. Í því þurfi þó ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Ekki séu heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja hennar hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildi um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn bendi til annars en að land jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti. Landeigendur leggja einnig áherslu á að í hinni elstu heimild um landamerki Nýjabæjar, kaupbréfinu frá

1464, sé hinn svokallaði Nýjabæjarafréttur ekki skilinn frá eða aðgreindur með öðrum hætti frá öðru landi jarðarinnar.

Gagnaðilar ríkisins telja að dómur Hæstaréttar í máli nr. 128/1967 hafi hvorki fordæmisgildi né bindi hendur óbyggðanefndar. Málið hafi verið landamerkjamál milli eigenda og umráðamanna tiltekinna jarða. Það hafi verið höfðað og rekið í héraði fyrir landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu og dómkröfur aðila hafi verið um viðurkenningu ákveðinna landamerkja. Niðurstaða héraðsdóms hafi verið efnisleg og sú að kröfur eigenda Ábæjar og Nýjabæjar um landamerki jarðanna hafi verið teknar til greina að langmestu leyti.

Málinu hafi verið áfrýjað til Hæstaréttar þar sem kröfur aðila hafi verið hinar sömu og í héraði, þ.e. um ákveðin landamerki annars vegar, en um staðfestingu héraðsdóms hins vegar. Efnisleg niðurstaða Hæstaréttar hafi verið sú að kröfur hvorugs aðila hafi verið teknar til greina. Þessa niðurstöðu Hæstaréttar verði að telja eindæmi og vafamál hvort réttinum hafi verið heimilt að lögum að dæma í málinu á þennan hátt. Hlutverk dómstóla sé að leysa úr ágreiningi sem fyrir hann er lagður og hafi aðilar dómsmáls fullt forræði á kröfugerðinni. Dómstólar verði þannig ekki krafðir álits um lögfræðileg efni nema að því leyti sem sé nauðsynlegt til úrlausnar um ákveðna kröfu.

Því er haldið fram að aðilar málsins hafi ekki verið að deila um inntak eignarréttar á svæðinu og hafi kröfur þeirra ekki verið settar fram með þeim hætti. Gengið hafi verið út frá því sem vísu að landið væri beinum eignarrétti undirorpið eins og jafnan sé gert í landamerkjamálum. Hæstiréttur hafi þannig breytt sakarefninu algerlega án þess að lagaheimild væri fyrir hendi og farið þannig á svig við málsforræðisreglu einkamálréttarfars. Hefði Hæstiréttur talið málatilbúnað aðila óskýran hefði átt að vísa málinu frá dómi í stað þess að taka kröfur hvorugs aðila til greina. Aðilar hafi ekki fært fram gögn til stuðnings fullkominni eignatöku að fornu eða nýju vegna þess að þeir hafi ekki talið þörf á því, enda sönnunarfærsla ekki lögbundin í landamerkjamálum og það hafi hvorki tíðkast áður né síðan í þannig málum að færa sönnur á slík atriði. Hið sama hafi gilt um atriði varðandi smölun og fjallskil á svæðinu. Aðilar málsins hafi forræði á sönnunarfærslu fyrir dómi í einkamálum en dómstólar geti beint tilmælum til aðila um öflun ákveðinna gagna ef dómurinn telji slíkra aðgerða þörf. Hæstiréttur hafi engum slíkum tilmælum beint til málsaðila.

Bent er á að dómstólar hafi ekki, á þeim tíma sem dómurinn féll, mátt fara út fyrir kröfur aðila í dómum sínum né úrskurðum nema um væri að tefla atriði er þeir skyldu taka til greina af sjálfsdáðum. Ekki hafi dómstólar heldur mátt byggja niðurstöðu sína á málsástæðum eða mótmælum, sem koma hefðu mátt fram, en hafi ekki gert það í meðferð málsins. Ekki verði séð að niðurstaða Hæstaréttar sé byggð á undantekningu frá meginreglunni, þ.e. um atriði sem dómari taki til greina af sjálfsdáðum.

Því er haldið fram að ef Hæstiréttur hefði talið að um aðildarskort væri að ræða hefði hann sýknað og ef hann hefði talið að aðilar ættu ekki lögvarða hagsmuni til þess að fara með málið hefði hann vísað málinu frá dómi. Hvorugt hafi þó verið gert og þannig sé varla hægt að gera ráð fyrir öðru en að Hæstiréttur hafi kveðið upp efnisdóm í málinu og með honum farið jafnlangt frá kröfum aðila og frekast hafi verið unnt. Þá verði að telja ómögulegt að færa fram önnur gögn og eldri en landamerkjalýsingu frá 1464 til stuðnings kröfu um landamerki. Slíkar sönnunarkröfur séu óhóflegar og ekki í samræmi við almennar réttarfarsreglur. Því er haldið fram að dómurinn sé á engan hátt bindandi um úrslit sakarefnisins, enda hafi dómurinn ekki fjallað um sakarefnið sem aðilar málsins lögðu fyrir hann til úrlausnar. *Res judicata* áhrif dómsins séu því að mati landeigenda ekki fyrir hendi né heldur jákvæð áhrif dómsins á önnur mál.

Gagnaðilar ríkisins halda því fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Bent er á að heimildarskjölum fyrir jörðinni hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Landeigendur hafi þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafi aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Því er mótmælt að kröfulína ríkisins sé miðuð við upptök Tinnár. Undarlegt sé að draga kröfulínu frá ætluðum upptökum Tinnár í ákveðinni hæð í ós Ytri-Hvítár við Jökulsá þannig að land jarðarinnar verði í laginu eins og kvartmáni eða bjúgverpill. Eðlilegra hefði verið að miða við upptök Ytri-Hvítár ef einhvers samræmis hefði átt að gæta við lýsingar annarra jarða á Austurdal. Þá telja gagnaðilar ríkisins undarlegt, miðað við þann rökstuðning ríkisins að sunnan Hvítár heiti Afréttur og Afréttarfjall, að miða suðurmerki jarðarinnar ekki við Fremri-Hvítá þar sem Afréttur og Afréttarfjall séu næst fyrir sunnan hana, en með því hefði verið gengið skemur í kröfugerð gagnvart landeigendum.

Loks er því mótmælt að svar skrifstofu Skagafjarðarsýslu við fyrirspurn Stjórnarráðsins, frá 14. febrúar 1920, hafi sönnunargildi um eignarrétt, enda hafi óbyggðanefnd ítrekað í úrskurðum sínum hafnað sönnunargildi sambærilegra gagna. Á hitt verði og að líta að svar hreppstjóra Akrahrepps liggi ekki fyrir en telja verði að hann hafi haft betri þekkingu á málinu en sá sem varð fyrir svörum fyrir hönd skrifstofu Skagafjarðarsýslu.

Til vara byggja gagnaðilar ríkisins kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda hafi þeir byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Nýjabæ og Nýjabæjarafrétti er rakin í kafla 5.7, sjá einnig kafla 5.10 um afrétti og afréttarnot. Í síðarnefnda kaflanum er einnig fjallað um svæðið sem nefnt er Fjöllin og er sunnan Geldingsár. Heimildir um Nýjabæ sem þar eru raktar ná aftur til 15. aldar. Af þeim er ótvírætt að Nýibær var talinn jörð a.m.k. frá þeim tíma og fram á 19. öld, en fór í eyði árið 1880. Málsaðila greinir á um hvort svæðið sem hér er til umfjöllunar hafi tilheyrt jörðinni eða verið afréttur með aðra eignarréttarlega stöðu.[1236]

Svo sem fram hefur komið af hálfu málsaðila liggur fyrir í máli þessu dómur Hæstaréttar Íslands frá 29. apríl 1969, í máli nr. 128/1967 (Nýjabæjarafréttur). Aðilar málsins voru Upprekstarfélag Saurbæjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu, og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu til réttargæslu gegn eigendum Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli, Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu og sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til réttargæslu. Áfrýjendur, þ.e. Upprekstarfélag Saurbæjarhrepps, höfðuðu málið fyrir landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu og kröfugerð þess var svohljóðandi:

> […] að landamerki fyrir umráðasvæði félagsins, að vestan, gagnvart löndum Skagfirðinga á hálendinu vestan og sunnan Eyjafjarðardala verði viðurkennd og ákveðin þannig: Nyrzt ráði merkjum Fossá frá upptökum nyrðri kvíslar til ármóta hennar og Austari-Jökulsár, síðan ráði Austari-Jökulsá merkjum suður að ármótum hennar og Strangalækjar, þaðan ráði bein lína suður í Miklafell í Hofsjökli.

Eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli gerðu hins vegar eftirfarandi kröfur:

> […] að landamerki fyrrgreindra jarða (þ.e. Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli) og þar með talin sýslumörk Skagafjarðarsýslu á þessu svæði séu að austan vatnaskil á hálendinu og að endamark við Hofsjökul sé fjallið Klakkur.

Hæstiréttur tók kröfur hvorugs málsaðila til greina. Í forsendum dómsins segir svo:

> Í máli þessu er deilt um eignarrétt að landsvæði því, sem um er að tefla, en eigi upprekstarrétt.
>
> Áfrýandi, Upprekstarfélag Saurbæjarhrepps, reisir kröfur sínar á því, að hann hafi tekið heimildir á landsvæði þessu frá fyrri eigendum jarðanna Möðruvalla og Hóla í Saurbæjarhreppi, sem frá fornu fari hafi talist taka yfir landsvæðið.
>
> Stefndu, eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli, reisa dómkröfur sínar á afsali fyrir hálfri jörðinni Nýjabæ frá 29. janúar 1461, þar sem landið sé talið vera hluti jarðarinnar.

[1236] Sbr. umfjöllun um hugtökin *jörð* og *afréttur* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

> Hvorki áfrýandi né stefndu hafa fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því sem um er að tefla í máli þessu. T. d. verður eigi séð, að eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli eða eigendur Möðruvalla og Hóla hafi fyrrum innt af hendi smölun og fjallskil á landsvæðinu, svo sem eigendum jarða var boðið að gera á jörðum sínum, sbr. Jónsbók, landsleigubálk 49. Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðilja eignarrétt til öræfalandsvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðilja í málinu teknar til greina.

Íslenska ríkið byggir á því í máli þessu fyrir óbyggðanefnd að dómurinn feli í sér bindandi niðurstöðu — *res judicata* áhrif — að því er varðar eignarréttarlega stöðu svæðisins. Af hálfu gagnaðila ríkisins er því mótmælt en þeir telja að málsaðilar hafi ekki verið að deila um inntak eignarréttar á svæðinu og kröfur þeirra hafi ekki verið settar fram með þeim hætti. Hæstiréttur hafi hins vegar breytt sakarefninu án þess að lagaheimild væri fyrir hendi og farið þannig á svig við málsforræðisreglu einkamálaréttarfars.

Enda þótt kröfur málsaðila í umræddu dómsmáli hafi ekki lotið að viðurkenningu beins eignarréttar telur óbyggðanefnd ljóst að rétturinn hafi hafnað því að málsaðilar hefðu sýnt fram á beinan eignarrétt sinn til umrædds landsvæðis, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu. Í því sambandi er vísað til orða dómsins þar sem segir: „Í máli þessu er deilt um eignarrétt að landsvæði því, sem um er að tefla, en eigi upprekstarrétt“ og „hvorki áfrýandi né stefndu hafa fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því sem um er að tefla í máli þessu.“ Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að hnekkja eða breyta niðurstöðum dóma, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Ekki skiptir máli í því sambandi þótt aðili máls fyrir nefndinni byggi á því að dómstóllinn hafi farið á svig við réttarfarsreglur við úrlausn sína. Hér þarf þó að taka til sérstakrar skoðunar að hve miklu leyti dómurinn tekur til þess svæðis sem hér er til umfjöllunar. Einnig ber að líta til þess að dómurinn felur ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Nýjabæjar og Nýjabæjarafréttar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Til athugunar hlýtur því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að máli því sem hér er til umfjöllunar, viðbótargögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu svæðisins samkvæmt lögum nr. 58/1998. Eftir að hafa borið skjalaskrá þessa máls saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 128/1967 er niðurstaða óbyggðanefndar sú að engin ný gögn séu komin fram í máli þessu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Kemur þá til skoðunar að hvaða marki umræddur dómur Hæstaréttar tekur til þess svæðis sem hér er til umfjöllunar. Sem fyrr segir laut krafa Eyfirðinga að því að merkin væru að norðanverðu um Fossá frá upptökum hennar, að vestanverðu um Austari-Jökulsá að ármótum hennar og Strangalækjar og þaðan eftir beinni línu suður

í Miklafell í Hofsjökli. Krafa Skagfirðinga laut hins vegar að því að merkin væru að austan vatnaskil á hálendinu allt suður að Klakki við Hofsjökul.

Í máli þessu liggur fyrir kort frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands sem sýnir vatnaskilin að þessu leyti. Einnig liggja fyrir kröfulínukort aðila máls nr. 128/1967 fyrir Hæstarétti sem lögð voru fram í því máli. Kortin sýna að „vatnaskil á hálendinu“, og kröfulínur eigenda Ábæjar og Nýjabæjar ásamt Tinnárseli í Hæstaréttarmáli nr. 128/1967, liggja mun austar en kröfulínur gagnaðila íslenska ríkisins vegna Nýjabæjar eru dregnar í máli þessu. Óbyggðanefnd telur því að réttaráhrif dóms Hæstaréttar nái til þess hluta ágreiningsvæðis máls þessa sem afmarkast að norðvestan af Fossá, að vestan af Austari-Jökulsá og línu sem dregin er frá ármótum hennar og Strangalækjar í átt að Miklafelli í Hofsjökli, þar til komið er að jökuljaðrinum, og að norðaustan, austan og suðaustan af kröfulínum gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu, þar til komið er að jaðri Hofsjökuls. Dómurinn tekur því til alls ágreiningssvæðis aðila máls þessa nema annars vegar þess hluta þess sem liggur vestan línu sem dregin er frá ármótum Austari-Jökulsár og Strangalækjar í átt að Miklafelli í Hofsjökli og hins vegar þess hluta þess sem liggur norðvestan Fossár.

Í máli því sem hér er til úrlausnar hjá óbyggðanefnd gera átta einstaklingar kröfu um beinan eignarrétt að Nýjabæjarafrétti. Aðeins einn þeirra, Stefán Hrólfsson, var aðili að Hæstaréttarmáli nr. 128/1967. Í máli þessu liggja ekki fyrir nein gögn sem sýna fram á að aðrir gagnaðilar ríkisins í máli þessu eigi fremur beinan eignarrétt að svæðinu enda leiða þeir rétt sinn frá þeim sem aðild áttu að Hæstaréttarmálinu vegna Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli. Þá hafa í máli þessu ekki komið fram gögn umfram þau sem lágu fyrir Hæstarétti í nefndu dómsmáli sem bent gætu til þess að á því svæði sem þar var dæmt um hafi stofnast til beins eignarréttar.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu gagnaðila ríkisins í máli þessu að sá hluti ágreiningssvæðis máls þessa sem dæmt var um með dómi Hæstaréttar í máli nr. 128/1967, svo sem það er afmarkað hér að framan, sé eignarland.[1237] Síðar verður fjallað um það hvort stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda á því svæði sem dómur Hæstaréttar tók til en rétturinn tók ekki afstöðu til þeirra, sbr. eftirfarandi orð dómsins: „Í máli þessu er deilt um eignarrétt að landsvæði því, sem um er að tefla, en eigi upprekstrarrétt.“

Kemur þá sérstaklega til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þeirra landsvæða sem hér eru til umfjöllunar en utan þess svæðis sem dómur Hæstaréttar í máli nr. 128/1967 tók til. Annars vegar er um að ræða landsvæði sem afmarkast að austan af línu sem dregin er frá ármótum Austari-Jökulsár og Strangalækjar í átt að Miklafelli í Hofsjökli þar til komið er að jökuljaðrinum, að vestan af Austari-Jökulsá og að sunnan af jaðri Hofsjökuls. Hins vegar er um að ræða landsvæðið sem afmarkast af Fossá að suðaustan, Austari-Jökulsá að suðvestan, sýslumörkum milli Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna að norðaustan og að norðvestan af Ábæjará frá

[1237] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

fremstu upptökum hennar og síðan af þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins þar sem hún er dregin milli punkta nr. 7 og 8. Ekki eru fyrir hendi heimildir um þessi tvö landsvæði sérstaklega og því eru það heimildir um Nýjabæ og Nýjabæjarafrétt almennt sem hér koma til skoðunar. Sérstaklega verður litið til þess hvort þær taki til þessara tveggja svæða.

Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámu* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landanámslýsinga verður þó að telja líklegt að hið nyrðra þeirra tveggja svæða sem hér eru sérstaklega til skoðunar hafi verið numið, a.m.k. að hluta, en ólíklegt að syðra svæðið hafi verið numið. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem liggja nærri hinu nyrðra þessara tveggja hluta umfjöllunarsvæðisins sem hér eru sérstaklega til skoðunar eru bæði þjóðlendur og eignarlönd en að hinum syðra liggja þjóðlendur til allra átta, sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 1, 2 og 4/2008 hjá óbyggðanefnd.

Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Nýjabæ en bærinn stóð skammt austan ármóta Tinnár og Austari-Jökulsár, vestan við nyrsta hluta ágreiningssvæðis máls þessa. Eina heimildin sem til er um merkin er kaupbréf, dags. 29. janúar 1464, þar sem fram kemur að Þorleifur Árnason selji Sveini Guðmundssyni hálfan Nýjabæ í Austurdölum. Þar er merkjum lýst „ath tinnaa. ok suo langt aa fioll fram sem votn dragha.“ Merkjalýsing kaupbréfsins er þannig ekki heildstæð. Austur af bæjarstæði Nýjabæjar eru brattar fjallshlíðar sem teygja sig yfir 1000 m hæð yfir sjávarmál í Nýjabæjarfjalli. Landi hallar síðan til suðurs og er að jafnaði heldur lægra þegar komið er suður fyrir Hvítá og Fossá. Á vesturmörkum þess svæðis sem hér er til skoðunar rennur Austari-Jökulsá sem á upptök sín í Hofsjökli. Að austan afmarkast svæðið af sýslumörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna. Nyrst liggja sýslumörkin skammt austan vatnaskila milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar en þegar komið er suður fyrir upptök Fremri-Hvítár liggja sýslumörkin vestan vatnaskilanna. Þegar horft er til þeirra staðhátta sem hér er lýst er óljóst hvernig túlka eigi orðalag kaupbréfsins þar sem segir: „suo langt aa fioll fram sem votn dragha“. Þar kann að vera átt við þau vatnaskil sem eru gegnt þeim sýslumörkum sem hér ráða austurmörkum umfjöllunarsvæðisins — og jafnvel einnig Austari-Jökulsá sem ræður vesturmörkum þess — eins og gagnaðilar ríkisins byggja á í máli þessu. Einnig kann að vera átt við þau vatnaskil sem liggja mun norðar þar sem land fer að halla til suðurs sunnan Nýjabæjarfjalls.

Elsta heimildin þar sem sérstaklega er getið um afrétt í tengslum við Nýjabæ er *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns,* frá 1713, þar sem segir: „Afrjett á jörðin, sem kallast Nýjabæjarafrjett.“ Þess er getið að þangað sé rekið frá fjórum bæjum. Þá kemur fram í jarðamati 1849 að Nýjabæ fylgi hálf Nýjabæjarafrétt. Loks

kemur fram í kaflanum um Ábæ í Fasteignamatinu 1916–1918 að jörðin eigi hálfan Nýjabæjarafrétt og hafi til upprekstrar.

Þær heimildir sem hér voru raktar, aðrar en kaupbréfið frá 1464, benda ótvírætt til þess að skilið hafi verið milli jarðarinnar Nýjabæjar og þess lands sem heyrði undir jörðina og var í afréttarnotum. Þannig hafi innan merkja Nýjabæjar verið landsvæði sem hafi haft stöðu afréttar að lögum og lotið sjálfstæðri afmörkun. Hér liggur því fyrir að kanna hvort fyrirliggjandi heimildir varpi ljósi á hvar mörkin þar á milli hafi legið.

Í ritinu *Göngur og réttir,* II. bindi, frá 1949 er að finna lýsingu Hjörleifs Kristinssonar á Nýjabæjarafrétti. Þar segir meðal annars:

> Um það bil sem Austurdalur hefst fellur Geldingsá, sem kemur úr suðaustri, í Austari-Jökulsá. Kallast Nýjabæjarafrétt norðan hennar en Fjöllin sunnan. Norðurmörk Nýjabæjarafréttar verða hér talin Ábæjará. Eigi verður nú með vissu vitað, hver voru hin upprunalegu takmörk þessarar afréttar, en sennilegast þykir, að norðurmörkin hafi verið við Hvítá“.

Síðar segir: „Vel má og vera, að suðurmörk Nýjabæjarafréttar hafi verið við Fossá, en ekki Geldingsá, enda ganga Eyfirðingar afréttina framan Fossár. Ennfremur segir: „Öræfin fyrir sunnan Geldingsá eru í daglegu tali nefnd Fjöll eða Fjöllin, en stundum eru þau þó kölluð Laugafellsöræfi.“

Í greinargerð, dags. 20. desember 1875, sem ber yfirskriftina: „Þessi eru takmörk Skagafjarðarsýslu“, og er gerð af Friðriki Stefánssyni, fyrrverandi alþingismanni Skagfirðinga segir meðal annars um sýslumörk Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu: „eptir sömu stefnu eftir fjallgarðinum fyrir austan […] Hvítárdal — að Hvítá, sem kemur af síðastnefndum dal, nær Nýjabæjarland, og fyrir framan hann tekur Nýjabæjarafrétt við“.

Fyrir landamerkjadóm Eyjafjarðarsýslu, í máli því sem síðar varð mál nr. 128/1967 fyrir Hæstarétti, kom vitni sem meðal annars bar um mörk milli „heimalands“ Nýjabæjar og Nýjabæjarafréttar. Einn málsaðila gat um hið sama í skýrslu sinni fyrir dómnum. Skal nú efni vitnisburðarins og aðilaskýrslunnar rakið hvað þetta varðar. Í dómnum er eftirfarandi haft eftir vitninu Hrólfi Þorsteinssyni, fyrrum bónda á Stekkjarflötum og föður Stefáns Hrólfssonar, sem er einn af gagnaðilum ríkisins í máli þessu:

> Hrólfur kveðst aldrei hafa séð landamerkjabréf Nýjabæjar, en hins vegar kveðst hann alltaf hafa talið að Nýibær ætti land eins langt suður og vötn draga. Kveður hann austurdalinn vera óslitinn frá Stekkjarflötum og fram að Geldingsá. Hrólfur kveður heimaland Nýjabæjar ná suður að Hvítá, og þegar fært hafi verið frá Nýjabæ, kveður hann lömbin hafa verið rekin suður fyrir Hvítá. […] Hrólfur kveðst telja, að norðurtakmörk Nýjabæjarafréttar hafi verið við Hvítá, en suðurtakmörkin við Geldingsá, en þar fyrir sunnan taki við Fjöllin sem nái suður á Háöldu.

Eftirfarandi er haft eftir Jóhanni Lárusi Jóhannessyni, bónda á Silfrastöðum í Akrahreppi, sem var einn af aðilum málsins vegna Ábæjar og Nýjabæjar: „Hann hefur skýrt svo frá, að er hann hafi keypt Ábæ og Nýjabæ í Akrahreppi ásamt öllu tilheyrandi, hafi hann talið sig meðal annars vera að kaupa alla Nýjabæjarafrétt. […] Jóhann kveðst telja að heimaland Nýjabæjar hafi frá fornu fari náð frá Tinná að Hvítá.“ Hrólfi Þorsteinssyni og Jóhanni Lárusi Jóhannessyni, sem báðir höfðu átt Nýjabæ á einhverjum tíma, bar þannig saman um að mörk milli „heimalands“ Nýjabæjar og Nýjabæjarafréttar væru um Hvítá.

Í ritinu *Göngur og réttir* IV, frá árinu 1986, kemur fram að ekki sé fullvíst hver hafi verið hin upprunalegu takmörk afréttarinnar en líklegast sé að norðurmörk hennar hafi verið „við Hvítá, sem fellur í Jökulsá að austan nokkru norðar en Keldudalsá fellur í hana að vestan, enda náði byggð miklu lengra fram í Austurdal áður fyrr, en nú er Merkigil efsti bær austan ár, síðan Ábær fór í eyði 1941.“

Vitnisburðunum, sem raktir hafa verið, bar saman um að um að mörk milli „heimalands“ Nýjabæjar og Nýjabæjarafréttar lægju um Hvítá. Það kemur einnig heim og saman við það sem fram kemur í greinargerð Friðriks Stefánssonar frá 1875, í umfjöllun Hjörleifs Kristinssonar í *Göngum og réttum* frá 1949 og í *Göngum og réttum* IV frá 1986. Óbyggðanefnd telur að notkun orðsins „heimaland“ í tengslum við Nýjabæ í tilvitnuðum heimildum bendi ótvírætt til þess að þar sé átt við jörðina Nýjabæ. Þar sem talað sé um mörk „heimalands“ gagnvart afréttinum sé átt við mörk milli jarðar og afréttar. Engar heimildir liggja fyrir í málinu um önnur mörk að þessu leyti og verður því miðað við að þau hafi legið um Hvítá.

Ekki kemur fram í heimildunum hvort það sé Ytri- eða Fremri-Hvítá sem mörkin miðist við. Óhjákvæmilegt er því að ákvarða það að álitum og er þá einkum við staðhætti að styðjast. Hvítármúli skilur Ytri- og Fremri-Hvítárdal að en árnar sameinast vestan múlans áður en þær falla í Austari-Jökulsá. Fremri-Hvítárdalur er stærri og umfangsmeiri en sá ytri. Óbyggðnefnd telur því líklegra að það hafi verið hann sem réð mörkum „heimalands“ og afréttar. Sú staðreynd að sunnan hans heitir Afréttarfjall kann að benda til hins sama. Með því að miða fremur við Fremri-Hvítá en Ytri-Hvítá njóta gagnaðilar ríkisins einnig þess vafa sem uppi er að þessu leyti. Fremri-Hvítárdalur greinist í tvennt suðaustan Hvítármúla og norðvestan Afréttarfjalls. Syðri grein dalsins heldur áfram til austurs þar til dalnum sleppir skammt vestan Fossár. Sú nyrðri sveigir hins vegar til norðausturs í átt að vatnaskilum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Síðarnefnd grein dalsins felur því í sér skýrari mörk milli jarðarinnar Nýjabæjar og afréttarins sé við þau miðað. Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að miða við hana að þessu leyti.

Ekki liggja fyrir heimildir sem varpa ljósi á hversu hátt til fjalla og til norðausturs jörðin Nýibær hafi náð. Í kafla 6.4 um Egilsá, Flatatungu, Merkigil og Ábæ er lýst þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að norðan svæðisins sem hér er til umfjöllunar séu eignarlönd allt austur að kröfulínum gagnaðila ríkisins sem dregnar

eru u.þ.b. á vatnaskilum og sveitarfélagamörkum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Þar sem ekkert annað er fram komið um afmörkun Nýjabæjar að þessu leyti verður við það miðað að jörðin nái að vatnaskilum og sveitarfélagamörkum með sama hætti og aðliggjandi jarðir til norðurs. Hér verður því nyrðri kvísl Fremri-Hvítár fylgt og síðan drögum hennar svo langt sem þau ná og þaðan stystu leið að kröfulínu gagnaðila ríkisins á vatnaskilum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar.

Ekki er fullt samræmi milli þess hvernig gagnaðilar ríkisins hafa teiknað kröfulínur sínar á kort og hvar vatnaskilin liggja í reynd en eins og nánar er rakið í kafla 6.4 að framan liggja fyrir gögn frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands um legu vatnaskilanna. Óbyggðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að handan vatnaskilanna sé þjóðlenda nyrst. Um mörk hennar er miðað við kröfulínu gagnaðila ríkisins eins og hún er dregin á kort og vísast nánar um þau mörk til umfjöllunar um Leyning kafla 6.8 í máli nr. 2/2008. Þar sunnan við er landsvæði sem óbyggðanefnd hefur komist að niðurstöðu um að sé eignarland, sjá kafla 6.9 um Torfufell, Hólsgerði og Úlfá í máli nr. 2/2008.

Óbyggðanefnd telur að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á annað en að jörðin Nýibær hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma allt þar til hún lagðist í eyði 1880. Eigendur jarðarinnar hafi farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að vestan framangreindrar merkjalínu sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[1238]

Landi því sem er utan merkja Nýjabæjar, eins og þau eru skilgreind hér að framan, og jafnframt utan þess sem dæmt var um með dómi Hæstaréttar í máli nr. 128/1967, en innan eignarlandskröfusvæðis gagnaðila íslenska ríkisins vegna Nýjabæjar í máli þessu má í megindráttum skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða svæðið sem afmarkast af Fremri-Hvítá að norðvestan, Austari-Jökulsá að suðvestan, Fossá að suðaustan og sýslumörkum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar að norðaustan. Hins vegar er um að ræða svæðið sem afmarkast að austan af línu sem dregin er frá ármótum Austari-Jökulsár og Strangalækjar í átt að Miklafelli í Hofsjökli þar til komið er að jökuljaðrinum, að vestan af Austari-Jökulsá og að sunnan af jaðri Hofsjökuls. Fyrirliggjandi heimildir benda ekki til að þessi landsvæði hafi nokkru sinni verið innan merkja jarða.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að utan merkja jarðarinnar Nýjabæjar, svo sem þau eru skilgreind hér að framan, þ.m.t. því svæði sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 128/1967, hafi

[1238] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[1239]

Kemur þá til skoðunar hvort, og eftir atvikum að hvaða marki, stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda á þeim hluta umfjöllunarsvæðisins sem óbyggðanefnd hefur hér komist að niðurstöðu um að sé þjóðlenda, þ.m.t. því svæði sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 128/1967, en sem fyrr segir tók rétturinn ekki afstöðu til þeirra með dómi sínum. Skoðun þessi tekur því til alls þess hluta ágreiningssvæðisins sem fellur utan marka jarðarinnar Nýjabæjar, eins og þau hafa verið skilgreind hér að framan, þar með talið þess sem Hæstiréttur fjallaði um í dómi sínum.

Í ritinu *Göngur og réttir,* II. bindi, frá 1949 kemur, sem fyrr segir, fram í lýsingu Hjörleifs Kristinssonar að Nýjabæjarafréttur afmarkist að sunnan af Geldingsá. Vel megi þó vera að suðurmörkin hafi verið við Fossá, en ekki Geldingsá, enda gangi Eyfirðingar afréttina framan Fossár. Í sömu heimild segir að „öræfin fyrir sunnan Geldingsá“ séu í daglegu tali nefnd Fjöll eða Fjöllin, en stundum séu þau þó kölluð Laugafellsöræfi. Einnig segir: „Ekki er vitað til, að reglulegar göngur væru gerðar á Nýjabæjarafrétt framan Fossár né Fjöllin fyrr en nokkru eftir miðja nítjándu öld, er Eyfirðingar fóru að ganga þar syðra á haustin.“ Í handriti eftir Friðrik Stefánsson fyrrverandi alþingismann Skagfirðinga, dags. 20. desember 1875, sem ber yfirskriftina: „Þessi eru takmörk Skagafjarðarsýslu“, segir meðal annars: „Nýjabæjarafrétt, […] nær upp með Jökulsá að austan upp um Illviðrahnjúka sem eru austur af Hofsjökli, og suður um Laugafell […] og austur á öræfi milli Skaga og Eyjafjarðar.“

Frásögnin í ritinu *Göngur og réttir,* II. bindi, frá 1949, bendir fremur til þess að suðurmörk Nýjabæjarafréttar hafi verið talin vera Geldingsá. Frásögn Friðriks Stefánssonar bendir á hinn bóginn til þess að afrétturinn hafi náð mun lengra til suðurs, þ.e. alla leið að Hofsjökli.

Í ritinu *Göngur og réttir,* IV. bindi, frá 1986, er kafli eftir Kristin Björnsson sem ber yfirskriftina: „Eftirleit á fjöllin“. Þar segir:

> Þegar ég var að alast upp á Arnarfelli í Saurbæjarhreppi eftir seinna stríð var það árviss viðburður að farið var á Fjöllin sem kallað var, en það var að tveir menn vel ríðandi fóru laust fyrir göngur upp úr Eyjafirðinum og smöluðu öræfin austan Austari-Jökulsár, sem fellur til Skagafjarðar, og allt suður í Þjórsárdrög. Þessi smalamennska tók nokkra daga og oft komu tugir fjár í leitirnar. Samvinna var höfð við Skagfirðinga og var féð dregið sundur frammi á fjöllum. Féð sem þarna gekk varð geysivænt og bar af öðru fé. Í góðum vetrum lifðu eftirlegukindurnar af.

Í kafla í sama riti sem ber yfirskriftina: „Nú smala Skagfirðingar einir Fjöllin“, segir:

[1239] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

> Haustið 1966 var síðasta samsmölun Skagfirðinga og Eyfirðinga á Fjöllunum eða Laugafellsafrétt. Veturinn 1966–67 felldi undirréttur þann dóm í ágreiningi þessara aðila hvorum þessi afrétt tilheyrði, að hún væri Skagfirðinga. Hafa Skagfirðingar, þ.e. Akrahreppsbúar, síðan séð alfarið um hreinsun hennar, og var því ekki breytt, þó að Hæstiréttur kvæði síðar upp þann úrskurð, að afrétt þessi væri hvorki eign Skagfirðinga né Eyfirðinga, án þess að taka fram, hver eigandi þá væri.

Loks liggur fyrir í málinu svar sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dags. 14. febrúar 1920, við erindi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29. desember 1919. Með erindinu óskaði Stjórnarráðið eftir því við alla sýslumenn að þeir skiluðu skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra „sem talin eru almenningar svo og um afréttarlönd, sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyra nokkru lögbýli“. Í svari sýslumannsins kemur fram að í sýslunni séu „ekki aðrir almenningar hjer eða afrjettarlönd af þeim, er um er spurt, en hin svonefndu NÝJABÆJARÖRÆFI austan undir Hofsjökli.“

Óbyggðanefnd telur að þær heimildir sem raktar hafa verið sýni ótvírætt að það svæði sem hér er deilt um og fellur sunnan marka jarðarinnar Nýjabæjar, eins og þau hafa verið skilgreind hér að framan, þ.m.t. hluti þess svæðis sem dómur Hæstaréttar í máli nr. 128/1967 tekur til, allt suður að Geldingsá, tilheyri Nýjabæjarafrétti frá fornu fari og sé því afréttur eigenda Nýjabæjar. Heimildir eru óljósari varðandi Fjöllin, sunnan árinnar, en benda þó til þess að þau hafi verið smöluð frá því um miðja 19. öld, fyrst af Eyfirðingum, síðan sameiginlega af Eyfirðingum og Skagfirðingum og loks Skagfirðingum einum, nánar tiltekið Akrahreppsbúum. Heimildir styðja ekki að eigendur Nýjabæjar hafi haft einkarétt á nýtingu Fjallanna eins og um afréttareign væri að ræða. Með vísan til 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998 skal tekið fram hér að Akrahreppur á aðild að máli þessu og gerir kröfur til Silfrastaðaafréttar, sjá nánar í kafla 6.3. Þess skal jafnframt getið að á fyrri stigum málsmeðferðar voru kröfur aðila sérstaklega kynntar viðkomandi sveitarfélögum, sbr. kafla 2.3. Fyrir liggja dómafordæmi Hæstaréttar um að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli sjá nánar í kafla 8.8.1. í viðauka með úrskurði þessum. Það hvort á því landsvæði sem hér um ræðir kunni að vera samnotaafréttur jarða í sveitarfélaginu kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni.

Geldingsá greinist í tvær upptakakvíslar. Ekki kemur fram í fyrirliggjandi heimildum hvor þeirra hafi ráðið mörkum Nýjabæjarafréttar og verður því að ákvarða það að álitum. Með því að miða fremur við syðri upptakakvíslina njóta gagnaðilar ríkisins þess vafa sem fyrir hendi er að þessu leyti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að sunnan við suðurmerki jarðarinnar Nýjabæjar, innan kröfusvæðis eigenda Nýjabæjar í máli þessu, sé þjóðlenda. Með

vísan til þess sem að framan greinir, skiptist sú þjóðlenda í tvö svæði sem afmörkuð verða hér á eftir.

Landsvæði það sem hér að framan er nefnt Nýjabæjarafréttur er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, og er þannig fallist á kröfu ríkisins að hluta. Svæðið afmarkast svo:

> *Upphafspunktur er þar sem Hvítá fellur í Austari-Jökulsá. Þaðan er Hvítá og síðan Fremri-Hvítá og loks nyrðri kvísl Fremri-Hvítár fylgt til upptaka árinnar og þaðan stystu leið að sýslumörkum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Þaðan er sýslumörkunum fylgt suður að drögum nyrðri upptakakvíslar Geldingsár (punkti nr. 3 á kröfulínu vegna Nýjabæjar). Þaðan eru merkin dregin því sem næst í hásuður í drög syðri upptakakvíslar Geldingsár (punktur nr. 4 á kröfulínu vegna Nýjabæjar). Þaðan er Geldingsá fylgt í Austari-Jökulsá sem síðan er fylgt að þeim stað þar sem Hvítá fellur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Nýjabæjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga:

Landsvæði það sem hér að framan er nefnt Fjöllin er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Svæðið afmarkast svo:

> *Upphafspunktur er þar sem Geldingsá rennur í Austari-Jökulsá. Þaðan er Geldingsá og síðan syðri upptakakvísl árinnar að drögum hennar, þ.e. punkti nr. 4 á kröfulínu vegna Nýjabæjar. Þaðan er kröfulínunni fylgt suður í Jökulkvísl sem síðan er fylgt að upptökum í Hofsjökli. Þaðan liggja merkin með jaðri Hofsjökuls þar til komið er að upptökum Austari-Jökulsár. Austari-Jökulsá er síðan fylgt að þeim stað þar sem Geldingsá fellur í hana.*

6.6 Hof, Hofsafréttur og Lambatungur

6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem gagnaðilar þess gera tilkall til sem eignarlands, tilheyrandi Hofi, Hofsafrétti og Lambatungum, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1, 3.7 og 3.8. Landsvæði það sem hér um ræðir afmarkast í heild sinni af Vestari-Jökulsá að vestan, Austari-Jökulsá að austan og Hofsjökli að sunnan. Svæðið er í meginatriðum þrískipt. Þannig er vestast landsvæði sem gagnaðilar ríkisins halda fram að sé hluti af jörðinni Hofi, Lambatungur eru þar austan við og austast er austurhluti Hofsafréttar sem heyrði, a.m.k. um tíma í kringum aldamótin 1900, undir jörðina Gil.

Svæðið er mjög víðfeðmt og liggur í yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli en rís hæst í yfir 1000 m hæð við jaðar Hofsjökuls. Það er hallalítið og gróðursnautt en helsta gróðursvæðið er að finna við Orravatnsrústir sem eru votlendissvæði, pollar og tjarnir sunnan undir Reyðarvatni en úr því rennur Runukvísl til vesturs. Sunnarlega liggja Ásbjarnarvötn og rennur Miðkvísl úr þeim til norðurs. Austan vatnanna liggja

Rauðhólar (906 m). Við norðurjaðar Hofsjökuls stendur Tvífell (1006 m) og liggur Lambahraun vestan þess, til norðurs, en norðan Tvífells stendur Ásbjarnarfell (1025 m) og Sáta (941 m) enn norðar. Frá ármótum Lambár og Runukvíslar, nyrst á umfjöllunarsvæðinu, eru um 24 km suður að jaðri Hofsjökuls, mælt í beinni loftlínu.

6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur taki til svæða sem liggi utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til landsvæða sunnan þjóðlendukröfulínu. Hafa beri í huga að umrædd svæði liggi fjarri byggðum bólum, séu heiðarlönd eða fjalllendi svo og öræfi, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Skagafirði og austanverðri Húnavatnssýslu.

Á því er byggt að heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Til afrétta teljist meðal annars Hofsafréttur. Miðist kröfulýsing ríkisins við merki í landi Gilja í botni Keldudals, en hafnað sé lýsingu Gilja sunnan Keldudals og allt til jökla. Er þá byggt á því að svæðið umfram þessi merki í Keldudal hafi ekki verið hluti af eignarlandi jarðarinnar, heldur tilheyrt jörðinni sem afréttur (afréttareign). Um sé að ræða öræfasvæði, fjarri byggð og lítt nýtanlegt nema eftir atvikum til sumarbeitar fyrir búfé.

Því er haldið fram að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar á svæðinu heldur hafi réttindi til þess takmarkast við afréttarnot. Í því sambandi er m.a. vísað til þeirrar landnámslýsingar, að landnám hafi tekið yfir „Goðdali alla...“ en ekki sé getið um landnám suður til jökla. Er á því byggt að sambærileg sjónarmið gildi um svæði þetta og afréttarsvæðin Nýjabæjarafrétt og Eyvindastaðaheiði, sbr. dóma Hæstaréttar frá 29. apríl 1969 í máli nr. 128/1967 og 10. apríl 1997 í máli nr. 67/1996. Telja verði að merkjalýsing Hofs frá 24. maí 1886, þar sem því er lýst að Hof eigi allt land í tungum milli Jökulsár að vestan og Hofsár að austan og fram til Hofsjökuls, hafi í reynd falið í sér lýsingu á svæðum sem hafi haft mismunandi eignarréttarlega stöðu. Annars vegar hafi verið um að ræða tungur sem liggi milli, Hofsár og Vestari-Jökulsár og hins vegar afréttarsvæði sunnan við nefndar tungur (sunnan kröfulínu ríkisins) sem aldrei hafi haft aðra stöðu en afréttur og ekki lotið beinum eignarrétti. Er þá einnig litið til þess, að um sé að ræða öræfasvæði, auk þess sem telja verði að þar hafi legið mörk byggðra bóla annars vegar og öræfasvæða hins vegar. Eru þá m.a. hafðar í huga merkjalýsingar annarra jarða á svæðinu til suðurs (Goðdalir, Fremri-Svartárdalur og Þorljótsstaðir), sbr. og lýsingu sérstaks landamerkjabréfs fyrir Hofsafrétt, dags. 17. febrúar 1919. Því er haldið fram að sala á Lambatungum hafi eingöngu falið í sér ráðstöfun á afréttareign en ekki beinum eignarrétti, en ljóst sé að sú ráðstöfun hafi ekki getað aukið rétt til landsins, frá því sem áður hafi verið. Kröfu um fullkominn eignarrétt að Lambatungum er því mótmælt sérstaklega.

Af hálfu þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem telja til réttinda yfir Hofi og Hofsafrétti, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, afsölum og fasteignamötum, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því landamerkjabréfunum var þinglýst. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og öll nýting verið háð leyfi frá þeim.

Því er haldið fram að allt land jarða og afrétta í Skagafirði hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land hafi verið numið í Skagafirði. Taka verði *Landnámu* með fyrirvara en hún hafi þó oft verið túlkuð þannig að hún styddi beinan eignarrétt. Telja verði þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til fjalla og heiða í Skagafirði fráleita, enda sé hún ekki reist á hlutlægum sönnunargögnum.

Gagnaðilar ríkisins byggja á því að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna, og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Grundvallarreglan um réttaröryggi í skiptum manna geri kröfu um traust og festu í lögskiptum. Samrýmist þá ekki þessari grundvallarreglu réttarríkisins, að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir, þ.e. allra lögskipta manna og lögaðila varðandi ráðstöfun auðlinda á umræddu svæði. Gildi þessara gagna eigi sér örugga stoð í venjurétti sem byggist á fastmótuðum viðhorfum og viðskiptavenjum. Í því sambandi er einnig byggt á að ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land innan landamerkja Hofs og Hofsafréttar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur landeigendum sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum verið þinglýst athugasemdalaust.

Einnig er því haldið fram að ríkið hafi ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Hofs og Hofsafréttar, sé ekki beinum eignarrétti háð. Landamerkjabréf jarðarinnar Hofs sé þinglesið, fært í landamerkjabók og á því síðan byggt um merki Hofs og Hofsafréttar, og aðliggjandi jarða og sveitarfélaga. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi og verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Verði og að telja að það hafi mikla þýðingu að eigendur hafi um langt skeið gengið út frá því að merkjum sé rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald sitt, þegar litið hafi verið til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Bent er á að Hof sé landmikil jörð sem hafi leigt öðrum jörðum upprekstur. Land Hofs nái allt suður til Hofsjökuls sem dragi nafn sitt af jörðinni. Lýsing á eignarréttindum í kaupsamningi, þar sem austurhluti Hofsafréttar var seldur undan Hofi með öllum gögnum og gæðum, og sérstaklega tekið fram að námaréttindi fylgdu, sé sönnun þess að um beinan eignarrétt sé að ræða.

Af hálfu Guðrúnar Bjarnadóttur, þess gagnaðila íslenska ríkisins sem telur til réttinda yfir Lambatungum, er byggt á afsali, dags. 26. október 1965, þar sem afsalað var „svonefndum Lambatungum, sem liggur [svo] á milli Fossár og Hraunþúfuár og markast af þeim að sunnan, norðan og vestan, en að austan af Hofsá."

Landi Lambatungna hafi verið skipt út úr landi Hofs, en á því hafi ávallt verið byggt að land Hofs hafi verið háð fullum eignarrétti. Í því sambandi er vísað til landamerkjabréfs Hofs, dags. 24. maí 1886. Ávallt hafi verið gengið út frá því að Hofsafrétt hafi frá öndverðu verið eign landnámsjarðarinnar Hofs í Vesturdal, sbr. álit Braga Sigurjónssonar í *Göngum og réttum* IV, bls. 84. Í *Byggðasögu Skagafjarðar*, bls. 355, segi að hluti þessa lands Hofs hafi verið seldur frá jörðinni, þ. á m. Lambatungur, sem séu framan við reitinn á móti Þorljótsstöðum, ásamt vesturhluta Hofsafréttar.

Á því er byggt að Hof hafi verið landnámsjörð og því háð fullum eignarrétti. Eigendur hafi byggt eignarhald sitt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum og jafnframt þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því að landamerkjagjörðum Hofs var þinglýst og aldrei hafi verið talinn leika nokkur vafi á þessu eignarhaldi og því aldrei verið haldið fram af hálfu ríkisvaldsins að land Hofs væri ekki undirorpið fullkomnum eignarrétti. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því afsali Lambatungna var þinglýst. Þá er vísað til málsástæðna þeirra sem telja til réttinda yfir Hofi og Hofsafrétti í máli þessu varðandi það að allt land sem tilgreint er í landamerkjabréfi fyrir Hof, sem útbúið var þann 24. maí 1886, sé háð fullkomnum eignarrétti landeigenda.

Því er haldið fram að hugtakið afréttur sé margslungið og hafi ekki öðlast skýra og afdráttarlausa merkingu í lögfræði. Að jafnaði sé það þó notað yfir landsvæði sem meðal annars, eða að mestu, sé notað til sumarbeitar búfjár. Þannig sé landsvæðinu lýst eftir aðalnotum þess en hugtakið verði ekki notað sem skilgreining á eignarréttarlegri stöðu þess. Því skipti engu þótt landsvæði það sem deilt er um sé nefnt Hofsafréttur.

Vakin er athygli á að við öflun gagna vegna máls þessa hafi komið í ljós að 12. mars 1982 hafi verið þinglýst einhliða yfirlýsingu erfingja Eiríks Guðnasonar, sem undirritað höfðu afsalið til málsaðila 26. október 1965, þar sem þau afmarki Lambatungur með öðrum hætti en í afsali greinir. Þessari yfirlýsingu sé mótmælt og geti hún ekki haft nokkra þýðingu þótt henni hafi fengist þinglýst á Lambatungur án vitundar og samþykkis eiganda Lambatungna, Guðrúnar Bjarnadóttur. Afmörkun Lambatungna í afsali verði ekki skilin með öðrum hætti en að mörkin fylgi farvegi

Hraunþúfuár að jöklinum að austan og sunnan með sama hætti og Fossár að norðan og vestan.

Því er haldið fram að Jón Jónsson, sambýlismaður Guðrúnar Bjarnadóttur, hafi fest kaup á Lambatungum til þess að renna frekari stoðum undir búskap sinn á Hofsvöllum og hafi borið nauðsyn til að tryggja fé sínu nægt beitarland. Þannig hafi landið verið nýtt undir hefðbundinn sauðfjárbúskap og aldrei verið efast um eignarétt hans að landinu. Hann hafi stundað veiði í Ásbjarnarvötnum og aðrir sem hafi fengið að veiða þar hafi fengið leyfi hjá honum til þess. Þannig hafi alltaf verið litið svo á að hann væri eigandi Ásbjarnarvatna. Eftir 1968, þegar Jón Jónsson og Guðrún Bjarnadóttir fluttu úr Skagafirði, hafi Hjálmar Guðjónsson á Tunguhálsi II fengið heimild hjá þeim til að nýta Lambatungur til upprekstrar og hafi hann nýtt það meðan hann bjó með sauðfé. Fjölskylda Guðrúnar Bjarnadóttur hafi hins vegar áfram nýtt veiði á landinu.

6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hofs og Hofsafréttar er rakin í kafla 5.8, sjá einnig kafla 5.10 um afrétti og afréttarnot þar sem líka er fjallað um Lambatungur. Í kafla 5.8.1 er fjallað um jörðina Gil en austurhluti Hofsafréttar heyrði undir þá jörð, a.m.k. frá því um 1885 þar til snemma á 20. öld. Hof er landnámsjörð samkvæmt *Landnámu* en Hofs og Gilja er getið í öðrum heimildum frá því á 14. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.[1240] Fram til ársins 1377 mun eignarhald á Giljum og Hofi hafa verið á sömu hendi. Það hvort Hofsafréttur hafi tilheyrt jörðunum, á sama hátt og annað land þeirra, eða haft stöðu afréttar að lögum er hins vegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar.[1241] Hið sama er að segja um það landsvæði sem nú er nefnt Lambatungur og skipt var út úr Hofi eða Hofsafrétti um 1920.

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki Hofs og Hofsafréttar. Í málinu liggja fyrir tvö landamerkjabréf sem taka til ágreiningssvæðisins. Annars vegar er um að ræða landamerkjabréf fyrir Hof, dags. 24. maí 1886 og þingl. degi síðar. Hins vegar er til landamerkjabréf fyrir Gil, dags. 22. maí 1886 og þingl. 25. sama mánaðar. Þrjár aðrar merkjalýsingar, sem liggja fyrir í málinu, koma hér einnig til skoðunar, í samhengi við landamerkjabréfin. Í fyrsta lagi er til kaupbréf, sem dagsett er 4. júní 1377, þar sem merkjum Hofsjarða er að hluta til lýst. Í öðru lagi liggur fyrir skjal sem ber yfirskriftina „kaupsamningur um austari hluta Hofsafréttar“, dags. 10. október 1910. Í þriðja lagi er í *Byggðasögu Skagafjarðar*, III. bindi, bls. 358, sbr. nmgr. 20, rakið efni skjals sem nefnt er „landamerkjabréf fyrir Hofsafrétt“ og sagt vera dagsett 17. febrúar 1919. Þrátt fyrir leit óbyggðanefndar að skjalinu og

[1240] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[1241] Sbr. umfjöllun um afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka), sjá einkum kafla 8.1.2 um afrétti einstakra jarða og stofnana.

eftirgrennslan, m.a. hjá ritstjóra *Byggðasögunnar*, Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, Þjóðskjalasafni Íslands og Sýslumanninum á Sauðárkróki hefur það ekki fundist og því mun ekki hafa verið þinglýst. Athugun þessi tekur til landamerkja að sunnanverðu, á ágreiningssvæði aðila máls þessa. Að fenginni niðurstöðu um landamerki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar.

Verður fyrst litið til vesturmerkja Hofs. Elsta heimild um merki Hofs er áðurnefnt landamerkjabréf frá árinu 1886. Þar er merkjum lýst svo: „Hof á land allt í tungum milli Jökulsár að vestan og Hofsár að austan og fram til Hofsjökuls.“ Bréfið er áritað vegna Gilja, Bjarnastaðahlíðar og Litluhlíðar. Vestari-Jökulsá á upptök sín í Hofsjökli sunnan við Lambahraun. Vesturmerkjum Hofs er ekki lýst í kaupbréfinu sem dagsett er 4. júní 1377. Í hinu óþinglýsta skjali sem nefnt er „landamerkjabréf Hofsafréttar“ í *Byggðasögu Skagafjarðar* og sagt vera dagsett 17. febrúar 1919 er því lýst að Vestari-Jökulsá ráði vesturmerkjum afréttarins frá ósi Kvikindislækjar til Hofsjökuls. Kvikindislækur er norðan við þjóðlendukröfulínu ríkisins í máli þessu.

Vesturmerki Hofs eru skýr samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1886, þ.e. Vestari-Jökulsá. Hún ræður einnig vesturmerkjum Hofsafréttar samkvæmt „landamerkjabréfi Hofsafréttar“. Vestan Vestari-Jökulsár er landsvæði sem nefnt er Hraunin og fjallað er um í máli nr. 5/2008 hjá óbyggðanefnd. Þessi merki verða ekki talin þarfnast nánari umfjöllunar hér en þess skal þó getið að ekki er til landamerkjabréf fyrir Hraunin.

Næst verður fjallað um austurmerki Hofs. Eins og áður er rakið segir í landamerkjabréfi Hofs frá 1886: „Hof á land allt í tungum í milli Jökulsár að vestan og Hofsár að austan og fram til Hofsjökuls.“ Hofsá og Vestari-Jökulsá renna saman norðan við Hofsrana (eða Rana), nokkuð norðan við bæjarstæði Hofs og utan ágreiningssvæðis máls þessa. Hofsá á ekki upptök sín í Hofsjökli en heimildum ber ekki saman um hvar áin byrji að bera það heiti. Þannig segir Rósmundur G. Ingvarsson í örnefnaskrá sinni fyrir Hof, frá árinu 2003, að áin heiti Hofsá frá þeim stað þar sem Runukvísl og Hraunþúfuá koma saman. Sá staður er í dag meira en 20 km norðan við Hofsjökul. Í óársettri örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Hof kemur hins vegar fram að Hofsá sé einnig nefnd Runukvísl og hið sama kom fram við skýrslutökur í máli þessu, þ.e. að örnefnið Hofsá taki einnig til Runukvíslar. Runukvísl á upptök sín í Rústum gegnt Reyðarvatni sem er nú um 15 km norðan við jökulinn. Árnar Fossá og Bleikálukvísl eiga hins vegar upptök sín í Hofsjökli. Engar heimildir liggja fyrir um að örnefnið „Hofsá“ hafi verið notað um þær. Bleikálukvísl rennur í Runukvísl og Fossá í Hofsá. Að þessu virtu verður að telja landamerkjabréf Hofs óljóst um austurmörk Hofs þegar komið er suður fyrir ármót Runukvíslar og Hraunþúfuár og það að austurmörkin nái lengra til suðurs en að upptökum Runukvíslar á sér ekki stoð í bréfinu.

Í hinu óþinglýsta skjali sem nefnt er „landamerkjabréf Hofsafréttar“ í *Byggðasögu Skagafjarðar,* og sagt dagsett 17. febrúar 1919, segir um austurmerki: „[…] með Hraunþúfuá að Runukvísl. Eftir það Runukvísl að Bleikálukvísl og Bleikálukvísl allt til Hofsjökuls.“ Austurmerki Hofsafréttar eru skýr samkvæmt þessari heimild, þ.e. Runukvísl og síðan Bleikálukvísl til Hofsjökuls. Um lýsingu kaupbréfsins, dags. 4. júní 1377, á austurmerkjum Hofsjarða verður fjallað samhliða umfjöllun um austurmerki Gilja og austurhluta Hofsafréttar, enda fer lýsing þess á austurmerkjum að nokkru leyti saman við yngri heimildir um austurmerki Gilja og austurhluta Hofsafréttar.

Það landsvæði sem krafa er gerð til vegna Lambatungna í máli þessu liggur að öllu leyti sunnan Runukvíslar og vestan Bleikálukvíslar. Ekki er til landamerkjabréf fyrir Lambatungur en þeim var skipt út úr Hofi eða Hofsafrétti um 1920. Austan við það svæði sem krafa er gerð til í máli þessu vegna Hofs og Lambatungna er austurhluti Hofsafréttar sem áður tilheyrði jörðinni Giljum, en var að 6/7 hlutum skilinn undan jörðinni með afsali, dags. 10. október 1910.

Verður nú litið til vesturmerkja Gilja, en austurhluti Hofsafréttar heyrði áður undir Gil. Í landamerkjabréfi Gilja frá árinu 1886 er merkjum lýst svo: „En fyrir framan Gilji eru landamerkin haldin í Stóragrjót þaðan beint í austur á ~~Hálmúla~~ há-Múla, þaðan beina stefnu í há suður til Jökuls.“ Bréfið var áritað um samþykki vegna Hofs og Þorljótsstaða. Með „há-Múla“ er væntanlega átt við Giljamúla en hann liggur milli Hofsár og Giljár. Lína sem dregin er frá honum í hásuður í Hofsjökul fer ekki saman við það hvernig gagnaðilar ríkisins afmarka austurhluta Hofsafréttar á uppdrátt sem þeir hafa lagt fram í máli þessu heldur liggur hún mun vestar og þvert í gegnum landsvæði sem óumdeilt er í máli þessu að tilheyri Þorljótsstöðum. Þar austan við er Þorljótsstaðaruna sem skipt var út úr Þorljótsstöðum árið 1941 og fjallað er um í kafla 6.7. Þær heimildir sem þar eru raktar mæla því eindregið í mót að land Þorljótsstaða hafi að hluta eða heild tilheyrt Giljum árið 1886 þegar landamerkjabréf Gilja var gert.

Í kaupsamningi um austurhluta Hofsafréttar, dags. 10. október 1910, er vesturmerkjum hins selda lýst svo: „Beina stefnu af *Stafnvatnshæð* [svo] í Neðri-Bakka við Runukvísl, síðan ræður Runukvísl merkjum að Bleikálukvísl, síðan Bleikálukvísl til Hofsjökuls.“ Vesturmerki austurhluta Hofsafréttar eru þannig skýr samkvæmt kaupsamningnum, þ.e. Bleikálukvísl. Það er í samræmi við austurmerki Hofsafréttar samkvæmt hinu óþinglýsta skjali sem nefnt er „landamerkjabréf Hofsafréttar“ í *Byggðasögu Skagafjarðar* og sagt vera dagsett 17. febrúar 1919. Það er einnig í samræmi afmörkun gagnaðila ríkisins á austurhluta Hofsafréttar á framlögðum uppdrætti af kröfulínum.

Landamerkjabréf Gilja frá 1886 lýsir því að lína sem dregin er beina stefnu frá há-Múla í Hofsjökul ráði vesturmerkjum. Aðrar fyrirliggjandi heimildir sem hér hafa verið raktar, svo og þeim sem lýst er í kafla 6.7 um Þorljótsstaðarunu, mæla í mót

þeirri afmörkun Gilja til vesturs sem fram kemur í landamerkjabréfinu. Þessi annmarki rýrir sönnunargildi bréfsins hvað varðar merki Gilja.

Næst verður litið til austurmerkja Gilja. Í landamerkjabréfinu er þeim lýst svo: „[…] austur á Sperðilsbrúnir, svo fram Hábrúnir fram á Keldudalsöxl og eptir brjefi frá 1377 allan Keldudal austur að Jökulsá, ræður hún þá fram til Jökla.“ Landamerkjabréfið hefur þannig að geyma tilvísun til kaupbréfsins frá 1377 að því er austurmerkin varðar en eins og áður er getið um var þar um að ræða lýsingu á merkjum Hofsjarða sem þá var afsalað. Gil voru undanskilin við söluna en ekki það landsvæði sunnan Gilja sem nú er nefnt „austurhluti Hofsafréttar“. Í kaupbréfinu, sem dagsett er 4. júní 1377, er merkjunum lýst svo að þessu leyti: „Kiellduðal austur ad Jökulsá, og þadan sudur under Jökla.“ Í kaupsamningi um austurhluta Hofsafréttar, dags. 10. október 1910, er austurmerkjunum lýst svo: „[…] Keldudalsöxl. Þaðan austur í *Svínanarklifi* [svo] við austari Jökulsá, síðan ræður austari Jökulsá merkjum til Hofsjökuls.“

Heimildunum ber þannig saman um að Austari-Jökulsá hafi ráðið austurmerkjum þess landsvæðis sem nú er nefnt „austurhluti Hofsafréttar“ en var afmarkað með „Hofsjörðum“ í kaupbréfinu 1377 og Giljum í landamerkjabréfinu 1886. Hér verður þó að líta til þess að þrátt fyrir að norðanverðum austurmerkjum sé lýst með heildstæðum hætti í landamerkjabréfinu suður á Keldudalsöxl er um austurmörk þar sunnan við einungis vísað til kaupbréfsins frá 1377 og endursagt það sem þar kemur fram um merkin, þ.e. „eptir brjefi frá 1377 allan Keldudal austur að Jökulsá, ræður hún þá fram til Jökla.“ Þetta kann að benda til þess að ekki hafi verið litið svo á að landið sunnan Keldudals tilheyrði Giljum með sama hætti og landið norðan dalsins. Það sem fram kemur í ritinu *Göngur og réttir* IV, bls. 92, bendir til hins sama. Þar er greint frá því að um 1885 hafi verið átök milli eigenda Hofs og Gilja um austurhluta Hofsafréttar og þau hafi endað með því að hann hafi „komist undir Gil“.

Austan Austari-Jökulsár eru landsvæði sem nefnd eru Nýjabæjarafréttur og Fjöllin og fjallað er um í kafla 6.5 í máli þessu. Þessi merki verða ekki talin þarfnast nánari umfjöllunar hér en þess skal þó getið að ekki er til landamerkjabréf fyrir Nýjabæjarafrétt og Fjöllin.

Sá ágreiningur sem hér er til úrlausnar varðar suðurmerki Hofs og Hofsafréttar, inn til landsins og í átt að jökli. Svo sem áður greinir er merkjum Hofs lýst svo í landamerkjabréfi jarðarinnar: „Hof á land allt í tungum í milli Jökulsár að vestan og Hofsár að austan og fram til Hofsjökuls.“ Skýra mætti þau orð í bréfi Hofs þar sem segir „fram til Hofsjökuls“ á þann veg að þar sé um suðurmörk miðað við jaðar Hofsjökuls. Hér verður þó að líta til þeirrar niðurstöðu sem að framan greinir um austurmörkin, að þeim er ekki lýst að jöklinum, enda á Hofsá ekki upptök sín þar. Í bréfi Gilja er suðurmerkjum ekki lýst sérstaklega en austurmerkjum sem fyrr segir eftir Jökulsá „fram til jökla“ og vesturmerkjum frá há-Múla „beina stefnu í há suður

til Jökuls“. Bréf Gilja mætti einnig skýra á þann veg að miðað sé við jökuljaðarinn um suðurmörk. Hér verður hins vegar einnig að líta til þeirra annmarka sem eru á því að öðru leyti og raktir hafa verið. Landamerkjabréf Hofs og Gilja eru því óljós um suðurmörk jarðanna. Suðurmörkum Hofsafréttar er heldur ekki lýst sérstaklega í „landamerkjabréfi Hofsafréttar“ eða kaupsamningi um austurhluta Hofsafréttar, dags. 10. janúar 1910. Í báðum heimildunum er þó bæði vestur- og austurmörkum lýst allt suður að Hofsjökli. Nærtækast er því að túlka síðasttaldar tvær heimildir á þann veg að þar sé um suðurmörk miðað við norðurjaðar Hofsjökuls. Jökullinn hafi afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki hafi verið talið þurfa umfjöllunar við.

Sé litið heildstætt á landamerkjabréf Hofs og Gilja og aðrar þær heimildir um merki sem raktar hafa verið sést að því verður fundin stoð í bréfunum að Vestari-Jökulsá ráði vesturmerkjum Hofs allt suður til Hofsjökuls og sömuleiðis því að Austari-Jökulsá hafi ráðið austurmörkum Gilja suður að jöklinum. Bréfin eru hins vegar óljós og misvísandi um mörkin milli Hofs og Gilja, þ.e. austurmörk Hofs og vesturmörk Gilja. Sömuleiðis eru þau óljós um suðurmörk. Engin eldri heimild er fyrir hendi um merki Gilja og eina eldri heimildin um merki „Hofsjarða“ er kaupbréfið frá 1377 sem er að nokkru leyti óljóst og hefur hvorki að geyma lýsingu á merkjum Hofs til suðurs né vesturs. Yngri heimildir, þ.e. kaupsamningur um austurhluta Hofsafréttar, dags. 10. október 1910, og „landamerkjabréf Hofsafréttar“, eru skýrari að þessu leyti og renna stoðum undir þá túlkun landamerkjabréfanna að land á ágreiningssvæðinu hafi með einhverjum hætti tilheyrt Hofi og Giljum allt suður að jaðri Hofsjökuls. Óbyggðanefnd telur nægilega í ljós leitt að svo hafi verið. Það hvort í þeirri tilheyrslu hafi falist bein eða óbein eignarréttindi er atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess landsvæðis sem deilt er um, þ.e. sunnan kröfulínu íslenska ríkisins. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Auk þess sem að framan er rakið kann að vera að í landamerkjabréfi sé afmarkað landsvæði sem að hluta til er háð er beinum eignarrétti og að hluta til takmörkuðum rétti án þess að mörkum þar á milli sé sérstaklega lýst. Skal um þetta efni sérstaklega vísað til dóma Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell) og 5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður).

Svo sem hér að framan var rakið er landamerkjabréf Hofs óljóst um austurmerki þegar komið er suður fyrir ármót Runukvíslar og Hraunþúfuár og landamerkjabréf Gilja er háð annmörkum sem rýra sönnunargildi þess varðandi afmörkun þeirrar jarðar. Óbyggðanefnd telur þó að aðrar heimildir renni stoðum undir þá túlkun landamerkjabréfanna að land á ágreiningssvæðinu hafi með einhverjum hætti tilheyrt Hofi og Giljum allt suður að jaðri Hofsjökuls, og nægilega í ljós leitt að svo hafi verið.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* er fjallað um Hof. Þar segir:

> Afrjett á jörðin uppá fjöllin, sem brúkast árlega fyrir toll, lamb af rekstri hverjum, og nýtur ábúandi sjálfur tollsins, sem sjaldan er meiri árlega en til xx álna, mest xxx álnir. [...] Lax og silúngsveiðivon góð, ef vel er að sóknt, í Hofsá. Grasatekja næg. Selstöður tvær á jörðin í sjálfrar sinnar landi og brúkast ýmist. [...] Hraunþufuclaustur heitir hjer i afrjettinni. Þar sjest lítið til girðínga og tóftaleifa mikillra, so sem þar hafi stórbýli verið. [...] Þetta land er í afrjettinni og brúkast frá Hofi so sem hennar eigið land.

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að afrétt tilheyri Hofi og hún sé frítt upprekstrarland fyrir jarðir milli Jökulsánna. Um Gil segir í sömu heimild að sumarhagar séu kjarngóðir en liggi langt frá. Þá er greint frá því í kaflanum um Hof í Fasteignamati 1916–1918 að jörðin eigi mjög víðlent afréttarland sem liggi á milli Hofsár og Vestari-Jökulsár allt til Hofsjökuls. Einnig kemur fram að jörðin eigi ítak í Giljaafrétt til hrossagöngu og grasatekju. Ennfremur er greint frá því í kaflanum um Gil í því sama fasteignamati að jörðin eigi hluta í afrétt sem notuð sé til upprekstur.

Í skjali frá 1985 sem ber yfirskriftina „skrá yfir afréttir, eignarheimildir og landamerki“ og stafar frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki segir: „Hofsafrétt liggur á milli Jökulsár - eystri og Jökulsár - vestri og nær frá heimalöndum suður að Hofsjökli. Hofsafrétt skiptist í tvö svæði, Austurpart og Vesturpart.“ Loks kemur eftirfarandi fram í svari Lýtingsstaðahrepps, dags. 6. nóvember 1989, við erindi félagsmálaráðuneytisins, dags. 20. febrúar 1989: „Bæir þeir í Lýtingsstaðahreppi er fremst liggja eiga upprekstur á Hofsafrétt. Hofsafréttur markast af Jökulsá austari að austan, af Hofsjökli að sunnan, af Jökulsá vestari að vestan og heimalöndum jarðanna að norðan.“ Síðan eru taldir upp þeir bæir sem um ræðir, þ.e. Bústaðir, Bakkakot, Byrgisskarð, Bjarnastaðahlíð, Litlahlíð, Hof, Hofsvellir / Vesturhlíð, Giljir, Tunguháls I og Tunguháls II.

Þær heimildir sem hér voru raktar benda til þess að skilið hafi verið milli jarðarinnar Hofs og þess lands sem heyrði undir jörðina og var í afréttarnotum. Þannig

hafi innan merkja Hofs verið landsvæði sem hafi haft stöðu afréttar að lögum og lotið sjálfstæðri afmörkun. Afréttarlandið hafi legið inn til landsins, sunnan jarðarinnar, allt suður að Hofsjökli. Það sem segir í Fasteignamati 1916–1918 um Gil bendir og til þess að það afréttarland sem eigendur jarðarinnar höfðu not af hafi haft aðra stöðu en heimaland jarðarinnar og legið utan marka hennar. Efni kaupsamnings um austari hluta Hofsafréttar, dags. 10. október 1910, og „landamerkjabréfs Hofsafréttar“ rennir enn frekari stoðum undir þá ályktun enda eru svæðin þar nefnd afréttir og þau staðsett sunnan jarðanna Hofs og Gilja. Þá styðja hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um nýtingu Hofsafréttar að allt það land sem gagnaðilar ríkisins gera kröfu til hafi talist til jarðanna Hofs og Gilja með sama hætti og heimaland þeirra.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Hofsafréttur hafi verið afréttur í þeim skilningi að menn hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámu* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að nyrsti hluti svæðisins sé a.m.k. að hluta innan landnáms en ólíklegt að land á þessu svæði hafi verið numið að Hofsjökli. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Hofsafrétti liggja eru þjóðlendur til allra átta nema norðurs, sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 4 og 5/2008 hjá óbyggðanefnd.

Ekki liggur fyrir hvernig eigendur Hofs og Gilja eru komnir að rétti sínum til Hofsafréttar. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að hann hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Eftir er þá að leysa úr því hver séu mörk Hofsafréttar og eftir atvikum Lambatungna innan þjóðlendukröfusvæðisins en fram er komið að afréttirnir liggja sunnan jarðanna Hofs og Gilja. Eins og áður greinir segir í umfjöllun *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* um Hof: „Afrjett á jörðin uppá fjöllin, […] Hraunþufuclaustur heitir hjer i afrjettinni.“ Rústir Hraunþúfuklausturs eru rétt vestan við Hraunþúfuá, gegnt ármótum hennar og Runukvíslar. Frásögn Jarðabókarinnar er því ótvíræð varðandi það að Hofsafréttur hafi að minnsta kosti náð svo langt til norðurs.

Þrátt fyrir ítarlega rannsókn á vegum óbyggðanefndar er eina heimildin sem liggur fyrir í málinu um mörk milli jarðarinnar Hofs og Hofsafréttar að vestanverðu hið óþinglýsta skjal sem nefnt er „landamerkjabréf Hofsafréttar“ í *Byggðasögu Skagafjarðar* og sagt vera dagsett 17. febrúar 1919. Þar mun norðurmörkum Hofsafréttar vera lýst um „Kvikindislæk sem kemur úr Ósabotnum og fellur í Jökulsá vestari. Úr Ósabotnum austur að Hrafnsgili.“ Íslenska ríkið hefur þó ekki dregið þjóðlendukröfulínu sína svo norðarlega heldur er hún dregin svo: „Frá þeim punkti [botni Fossgils] liggur línan til vesturs í Fremri-Hraunlæk í landi Goðdæla (13), sem er lokapunktur.“ Því telur óbyggðanefnd að gögn málsins bendi ekki til þess að eignarland Hofs hafi náð suður fyrir kröfulínu ríkisins, sem að þessu leyti er dregin frá botni Fossgils til vesturs í Fremri-Hraunlæk, og verður sú lína lögð til grundvallar um mörk þjóðlendu.

Austan Fossár og sunnan við Runukvísl er landsvæði sem nefnt er Lambatungur og munu hafa verið skildar undan Hofi „um eða fyrir 1920“, þegar Jósep Jósepsson afsalaði þeim til Eiríks Guðnasonar, að því er fram kemur í *Byggðasögu Skagafjarðar*, III. bindi. Því afsali var ekki þinglýst. Nyrsti hluti kröfusvæðis Lambatungna er utan þess svæðis sem mun vera afmarkað í „landamerkjabréfi Hofsafréttar“. Það eitt og sér verður ekki talin sönnun þess að Lambatungur hafi fremur tilheyrt jörðinni Hofi en Hofsafrétti, enda má ætla af þeim heimildum sem raktar hafa verið að Lambatungur hafi verið skildar undan Hofi um svipað leyti og „landamerkjabréf Hofsafréttar“ mun vera dagsett. Þar við bætist að í umfjöllun *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* um Hofsafrétt er Hraunþúfuklaustur staðsett „hjer i afrjettinni.“ Rústir Hraunþúfuklausturs eru innan kröfusvæðis Lambatungna en utan þess svæðis sem afmarkað mun vera í „landamerkjabréfi Hofsafréttar“. Hér verður því lagt til grundvallar að Lambatungum hafi verið skipt út úr Hofsafrétti en ekki jörðinni Hofi.

Austan Lambatungna, milli Hraunþúfuár, Runukvíslar og Bleikálukvíslar, er landsvæði sem mun vera innan þeirrar afmörkunar sem fram kemur í „landamerkjabréfi Hofsafréttar“. Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið innan jarðarinnar Hofs fremur en Hofsafréttar. Þá er landamerkjabréf Gilja háð þeim annmörkum sem áður greinir varðandi mörk Gilja til suðurs og vesturs. Því verður ekki talið sannað að umrætt svæði hafi fallið innan jarðanna Gilja eða Hofs.

Austan Bleikálukvíslar, að sunnanverðu, og, að norðanverðu, austan línu sem dregin er milli Neðri-Bakka við Runukvísl og enda Stafnsvatnahæðar er landsvæði það sem nefnt hefur verið austurhluti Hofsafréttar og tilheyrði áður Giljum. Vegna þeirra annmarka sem eru á landamerkjabréfi Gilja, og þegar hafa verið raktir, svo og á merkjalýsingu kaupbréfs frá 1377 telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið sýnt fram á að jörðin Gil hafi náð suður fyrir þjóðlendukröfulínu ríkisins sem að þessu leyti er dregin eftir Keldudal inn í botn dalsins og þaðan til vesturs í Stafnsvatnahæð, og

verður sú lína lögð til grundvallar um mörk þjóðlendunnar. Hér er einnig höfð hliðsjón af því að norðurmörk austurhluta Hofsafréttar eru samkvæmt kaupsamningnum, dags. 10. október 1910, norðar en þjóðlendukröfulínan í máli þessu.

Ekki er í ljós leitt að nýting eigenda Hofs eða Lambatungna á landsvæðinu sunnan þessarar afmörkunar fái grundvallað eignarrétt byggðan á hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[1242] Heimildir benda hins vegar til þess að það sé í afréttareign gagnaðila ríkisins. Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis, sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign gagnaðila ríkisins, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi, enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hafa ekki þýðingu í öðru sambandi.

Í máli þessu er ágreiningur milli gagnaðila íslenska ríkisins vegna Hofs, annars vegar, og Lambatungna, hins vegar, um mörk milli landsvæðanna. Þar sem í ljós er leitt í máli þessu að þar er um að ræða óbein eignarréttindi innan þjóðlendu kemur í hlut óbyggðanefndar að leysa úr honum, samanber c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Ágreiningslaust er milli gagnaðila ríkisins að landsvæði sem afmarkast að norðan af Hofsá, að austan af Hraunþúfuá, að vestan af Fossá og að sunnan af línu sem dregin er beina stefnu frá enda Hraunþúfugils, þar sem kallaðir eru Sporðar, beina línu í norðvestur um jaðar Sandfells í Fossá hafi tilheyrt Lambatungum. Ágreiningurinn lýtur á hinn bóginn að því hvort landsvæðið þar sunnan við, milli Fossár að vestan og Hraunþúfuár og síðar Bleikálugils að austan, allt suður að Hofsjökli tilheyri Hofi eða Lambatungum.

Í afsali fjögurra erfingja Eiríks Guðnasonar fyrir Lambatungum til Guðrúnar Bjarnadóttur, dags. 26. október 1965, er merkjum þeirra lýst svo að þær liggi „milli Fossár og Hraunþúfuár og markast af þeim að sunnan, norðan og vestan en að austan af Hofsá.“ Með yfirlýsingu sem dagsett er 5. desember 1980 og undirrituð er af þremur þeirra fjögurra einstaklinga sem afsöluðu Lambatungum 26. október 1965

[1242] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

segir: „Þar sem nokkurs misskilnings virðist gæta varðandi þau landamerki sem sett voru í afsali dags. 26. október 1965 […] viljum við núlifandi útgefendur nefnds skjals taka af öll tvímæli um afmörkun nefndrar spildu. Lambatungur liggja milli Fossár, Hraunþúfuár og Hofsár sem hér segir: Hofsá ræður merkjum að austan allt að Hraunþúfuárgili þaðan [svo] ræður Hraunþúfugil merkjum upp í gilsenda þar sem kallaðir eru Sporðar og þaðan ræður bein lína í norðvestur um jaðar Sandfells beint í Fossá sem þá ræður merkjum að vestan og allt í Hofsá. Ofanritað vottum við samkvæmt bestu vitund og teljum að á þennan hátt eigi að túlka ~~eigi~~ afsal það sem við ásamt Sigurði heitnum bróður okkar gáfum út á sínum tíma og að ofan er getið.“

Guðrún Bjarnadóttir, sem hér kallar til réttinda yfir Lambatungum, mótmælir því að umrædd yfirlýsing erfingja Eiríks Guðnasonar, dags. 5. desember 1980, hafi nokkra þýðingu en yfirlýsingunni hafi fengist þinglýst á Lambatungur án vitundar og samþykkis hennar. Óbyggðanefnd telur að hér verði að líta til þess að um er að ræða einhliða yfirlýsingu afsalsgjafa sem gefin var út síðar en afsalið. Hún getur ekki vegið þyngra en sú merkjalýsing sem fram kemur í afsalinu. Það að yfirlýsingunni var þinglýst á Lambatungur breytir engu þar um. Niðurstaða um afmörkun Lambatungna ræðst því einkum af túlkun afsalsins frá 26. október 1965.

Í afsalinu sem áður er getið er mörkum Lambatungna lýst svo að þær liggi milli Fossár og Hraunþúfuár og markist af þeim að sunnan, norðan og vestan en að austan af Hofsá. Hofsá rennur frá suðaustri til norðvesturs norðan Lambatungna og óumdeilt er meðal gagnaðila ríkisins að landsvæðið næst ánni sunnan hennar tilheyri Lambatungum. Því verður að ætla að orðalag afsalsins þar sem talað er um að Hofsá ráði að „austan“ ráðist af staðbundinni málvenju um auðkenningu átta. Austur- og vesturmörk Lambatungna, að norðanverðu, eru einnig óumdeild meðal gagnaðila ríkisins en þau liggja um Hraunþúfuá og Fossá. Suðaustan Hraunþúfuár rennur Bleikálukvísl sem á upptök sín í Hofsjökli. Því verður ekki fundin stoð í afsalinu að Bleikálukvísl ráði austurmörkum Lambatungna eftir að Hraunþúfuá sleppir eins og afsalshafi byggir á í máli þessu.

Eftir að komið er fyrir botn Hraunþúfugils greinist Hraunþúfuá í nokkrar upptakakvíslar. Þær vestustu eiga upptök sín í Hraunþúfnadrögum fáeina kílómetra suðvestan gilbotnsins og renna þar til norðausturs. Í ljósi þessara staðhátta og áðurnefndrar notkunar orðsins „austur“ í afsalinu verður það helst skilið á þann veg að það sé Hraunþúfuá sem ráði suðurmörkum fremur en Fossá. Því verður lagt til grundvallar að mörk milli Lambatungna og Hofsafréttar liggi um vestustu upptakakvísl Hraunþúfuár, að upptökum hennar í Hraunþúfnadrögum. Sú afmörkun fær einnig stuðning af hinu óþinglýsta skjali sem nefnt er „landamerkjabréf Hofsafréttar“ í *Byggðasögu Skagafjarðar* og sagt vera dagsett 17. febrúar 1919. Þar er merkjum lýst „í upptök ystu kvíslar Hraunþúfuár. Síðan með Hraunþúfuá að Runukvísl.“

Eftir stendur að leysa úr um hvar línan skuli dregin milli upptaka vestustu kvíslar Hraunþúfuár og Fossár. Svo sem að framan greinir fellur túlkun afsalsins frá 1965 saman við „landamerkjabréf Hofsafréttar“ hvað varðar suður- og austurmörk Lambatungna gagnvart Hofsafrétti. Sú staðreynd bendir til þess að þar sé mörkum milli landsvæðanna rétt lýst. Í nefndu „landamerkjabréfi Hofsafréttar“ er línan dregin frá Fossárfelli „á austurbrúnir Lambárfells í upptök ystu kvíslar Hraunþúfuár“. Þar sem ekkert annað er fram komið um vesturmörk Lambatungna gagnvart Hofsafrétti verður miðað við að mörkunum sé einnig rétt lýst að þessu leyti í „landamerkjabréfi Hofsafréttar“. Hér verður þó að líta til þess að sé línan dregin með þeim hætti milli austurbrúna Lambárfells og Fossárfells sker hún það landsvæði sem óumdeilt er milli gagnaðila ríkisins í máli þessu að tilheyri Lambatungum. Í ljósi þessa verður línan dregin frá austurbrúnum Lambárfells beina stefnu í átt að Fossárfelli þar til sú lína sker línu sem dregin er beina stefnu frá enda Hraunþúfugils, þar sem kallaðir eru Sporðar, í norðvestur um jaðar Sandfells í Fossá.

Í máli þessu eru það ekki sömu aðilar sem eiga réttindi á vesturhluta Hofsafréttar og austurhluta hans. Eftir stendur því að leysa úr því hvar mörk afréttareignanna skulu dregin þar á milli, en gagnaðilar ríkisins hafa ekki aðgreint kröfur sínar í texta kröfulýsinga heldur aðeins á framlögðum uppdráttum. Merkjum austurhluta Hofsafréttar er lýst í afsali, dags. 10. október 1910, þar sem eigandi Gilja afsalaði 6/7 hlutum afréttarins. Núverandi eigendur Hofs, Bjarnastaðahlíðar, Litlu-Hlíðar og Tunguháls II leiða rétt sinn til austurhluta Hofsafréttar til þeirra sem tóku við honum með afsalinu. Þar segir: „Landamerki fyrir afréttarparti þeim sem hér umræðir [svo] eru: […] austur í Svínanarklifi [svo] við austari Jökulsá, síðan ræður austari Jökulsá merkjum til Hofsjökuls. Vestan Giljár […] Beina stefnu af Stafnsvatnahæð í Neðri-Bakka við Runukvísl, síðan ræður Runukvísl merkjum að Bleikálukvísl, síðan Bleikálukvísl til Hofsjökuls.“ Ekkert liggur fyrir um breytingar hafi síðar orðið á mörkum austurhluta Hofsafréttar gagnvart öðrum landsvæðum. Sú merkjalýsing sem fram kemur í afsalinu, dags. 10. október 1910, verður því lögð til grundvallar.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að það landsvæði sem hér hefur verið fjallað um sé þjóðlenda. Með vísan til þess sem að framan greinir, skiptist sú þjóðlenda í þrjú svæði sem afmörkuð verða hér á eftir.

Landsvæði það sem að framan er nefnt vesturhluti Hofsafréttar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá botni Fossgils er línan dregin beina stefnu í Vestari-Jökulsá á móts við þann stað þar sem Fremri-Hraunlækur fellur í hana. Þaðan er Vestari-Jökulsá fylgt að upptökum í Hofsjökli og þaðan jökulrönd Hofsjökuls til austurs að upptökum Bleikálukvíslar sem síðan er fylgt að þeim stað þar sem hún rennur í Runukvísl. Þaðan er Runukvísl fylgt að þeim stað þar sem*

Hraunþúfuá rennur í hana. Frá ármótum Runukvíslar og Hraunþúfuár er Hraunþúfuá fylgt að upptökum vestustu kvíslar hennar. Frá upptökum vestustu kvíslar Hraunþúfuár er línan dregin í austurbrúnir Lambárfells og þaðan beina stefnu í átt að Fossárfelli þar til komið er að skurðpunkti við línu sem dregin er beina stefnu frá enda Hraunþúfugils, þar sem kallaðir eru Sporðar, í norðvestur um jaðar Sandfells í Fossá. Frá nefndum skurðpunkti er síðarnefndri línu fylgt í Fossá og Fossá síðan fylgt að botni Fossgils.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Hofs, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og í afréttareign Hofs og er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. austurhluti Hofsafréttar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá þeim stað þar sem Keldudalsá fellur í Austari-Jökulsá er Keldudalsá fylgt í botn Keldudals. Þaðan er línan dregin til vesturs á austurenda Stafnsvatnahæðar og þaðan til suðausturs á Neðri-Bakka við Runukvísl og áfram sömu stefnu í Runukvísl. Þaðan er Runukvísl fylgt að þeim stað þar sem Bleikálukvísl rennur í hana. Frá ármótum Runukvíslar og Bleikálukvíslar er Bleikálukvísl fylgt að upptökum hennar í Hofsjökli. Frá upptökum Bleikálukvíslar er jaðri Hofsjökuls fylgt til austurs að upptökum Austari-Jökulsár sem síðan er fylgt að þeim stað þar sem Keldudalsá fellur í hana.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Hofs, Gilja, Bjarnastaðahlíðar, Litlu-Hlíðar og Tunguháls II, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og í afréttareign eigenda Hofs, Gilja, Bjarnastaðahlíðar, Litlu-Hlíðar og Tunguháls II er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Lambatungur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá ármótum Runukvíslar og Hraunþúfuár er Hraunþúfuá fylgt að upptökum vestustu kvíslar hennar. Frá upptökum vestustu kvíslar Hraunþúfuár er línan dregin í austurbrúnir Lambárfells og þaðan beina stefnu í átt að Fossárfelli þar til komið er að skurðpunkti við línu sem dregin er beina stefnu frá enda Hraunþúfugils, þar sem kallaðir eru Sporðar, í norðvestur um jaðar Sandfells í Fossá. Frá nefndum skurðpunkti er síðarnefndri línu fylgt í Fossá og Fossá síðan fylgt að þeim stað þar sem hún fellur í Hofsá. Frá ármótum Fossár og Hofsár er síðarnefndu ánni, sem þar er einnig nefnd Runukvísl, fylgt að upphafspunkti þar sem Hraunþúfuá fellur í hana.

Sama landsvæði er í afréttareign Guðrúnar Bjarnadóttur, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

6.7 Þorljótsstaðaruna

6.7.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem Lífsval ehf. gerir einnig kröfu til sem eignarlands, tilheyrandi Þorljótsstaðarunu. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.9.

Þorljótsstaðaruna er í yfir 400 m hæð yfir sjávarmáli og afmarkast af Runukvísl að sunnan. Land rís skarpt til austurs upp af henni og er undirlendi þar lítið og hlíðin sundurskorin af giljum og grafningum en vel gróin. Að ofanverðu er land hallalítið en lítt gróið. Nyrst liggja Stafnsvötn þar sem landsvæðið er sverast en það mjókkar jafnt og þétt eftir því sem austar dregur.

6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggi utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til landsvæða sunnan þjóðlendukröfulínu. Hafa beri í huga að umrædd svæði liggi fjarri byggðum bólum, séu heiðarlönd eða fjalllendi svo og öræfi, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Skagafirði og austanverðri Húnavatnssýslu.

Af hálfu ríkisins kemur fram að tekið sé mið af merkjalýsingu Þorljótsstaða skv. landamerkjabréfi frá 17. maí 1890, sem lýsi í Stafnsvatnahæð og vestur í Hofsá. Í því sambandi er einnig bent á lýsingu í Byggðasögu Skagafjarðar varðandi mörk Þorljótsstaðarunu og Þorljótsstaða, sem talin hafi verið ekki sunnar en við Illagil. Samkvæmt landamerkjabréfi Þorljótsstaða sé ekki getið um land sunnan merkja sem miðist við Stafnsvatnahæð og Hofsá. Verði því að miða við að land sunnan þjóðlendukröfulínu ríkisins hafi ekki talist til eignarlands Þorljótsstaða, heldur hafi það svæði gengið kaupum og sölum sérstaklega, en hafi aldrei haft stöðu jarðar í eignarréttarlegu tilliti.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er á því byggt að jörðin Þorljótsstaðir sé bújörð með ákveðnum merkjum og allt land sem henni hafi fylgt hafi verið eignarland. Í þessu tilviki sé til lögfesta frá 1837 þar sem eigandi jarðarinnar lýsi merkjum eignarlands síns og forbjóði öðrum notkun landsins. Ekki sé vitað til þess að nokkur andmæli hafi komið við lögfestunni, eigandinn hafi verið búinn að búa þarna í 38 ár og hafi haft vissu um merkin allan tímann. Landamerkin séu því óumdeild a.m.k. frá árinu 1799. Engu breyti þótt Þorljótsstaðaruna hafi verið skilin frá jörðinni Þorljótsstöðum. Er það hafi verið gert, árið 1941, hafi enginn efi verið um að landið væri eignarland.

Því er haldið fram að áður en Runan var seld, hafi enginn greinarmunur verið gerður á landi jarðarinnar Þorljótsstaða innan þinglýstra merkja. Öll venjuleg

eignarumráð landsins hafi verið hjá eigendum jarðarinnar á hverjum tíma og hafi þeir nýtt Þorljótsstaðarunu, ekki aðeins til sumarbeitar búfjár, heldur að öllu leyti svo sem með vetrarbeit og heyskap. Um það séu heimildir í umsögn um jörðina í Byggðasögu Skagafjarðar, III. bindi, bls. 318 o.áfr.

Á það er bent að heimildir séu um selstöður í Þorljótsstaðarunu (bls. 326–328 í ofangreindu riti) og jafnvel fornbýli og beitarhús en það sé óræk sönnun þess að um eignarland sé að ræða en ekki samnotaafrétt. Áður fyrr hafi verið óheimilt að hafa sel í sameiginlegu afréttarlandi.

Tekið er fram að sérstök landamerkjalýsing hafi verið gerð 8. okt. 2004 fyrir Þorljótsstaðarunu. Hafi hún verið samþykkt af eigendum aðliggjandi jarða og afrétta og falli að lýsingu í landamerkjaskránni frá 1890 að því er varðar syðsta hlutann, Þorljótsstaðarunu.

6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Þorljótsstaðarunu er rakin í kafla 5.9. Þar kemur fram að Þorljótsstaðarunu var skipt út úr landi jarðarinnar Þorljótsstaða árið 1941. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða á Þorljótsstöðum.[1243] Hér þarf einkum að skoða hvort, og þá að hvaða marki, landsvæðið sem hér er deilt um hafi verið innan marka jarðarinnar eða hvort það hafi haft aðra stöðu.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Þorljótsstaða er lýst heimildum. Fyrir hendi er landamerkjabréf fyrir Þorljótsstaði, dags. 17. maí 1890 og þingl. 23. sama mánaðar. Einnig er til lögfesta fyrir Þorljótsstaði sem dagsett er 23. maí 1837. Athugun þessi tekur til merkja á kröfusvæði íslenska ríkisins, þ.e. merkja Þorljótsstaða eins og þau voru að austanverðu áður en Þorljótsstaðarunu var skipt út, og merkja Þorljótsstaðarunu eftir þann tíma. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Þorljótsstaðarunu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Fyrst verður litið til norðausturmerkja Þorljótsstaða. Í landamerkjabréfi Þorljótsstaða er landamerkjum að norðaustanverðu lýst svo: „Að norðanverðu í stóragrjót [svo] þar beint upp á fjall til hæstu brúnar gagnvart Giljalandamerkjum, þaðan beint suður á Stafnsvatnahæð, og eins og hún heldur þá þaðan sjónhending móts við Giljaland, suður á neðri bakka vestur í Hofsá, þaðan eins og sú á ræður út í Stóragrjót.“ Bréfið er samþykkt vegna Gilja.

Hér skal þess getið að heimildum ber ekki saman um hvar Hofsá byrji að bera það heiti. Þannig segir Rósmundur G. Ingvarsson í örnefnaskrá sinni fyrir Hof, frá árinu 2003, að áin heiti Hofsá frá þeim stað þar sem Runukvísl og Hraunþúfuá koma saman. Í áársettri örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Hof kemur hins vegar fram að

[1243] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Hofsá sé einnig nefnd Runukvísl og hið sama kom fram við skýrslutökur í máli þessu, þ.e. að örnefnið Hofsá taki einnig til Runukvíslar.

Gagnaðilar íslenska ríkisins staðsetja Neðri-Bakka syðst og austast á kröfusvæði sínu, norðan Runukvíslar á móts við þann stað þar sem Bleikálukvísl fellur í hana. Sú staðsetning samræmist framburði vitnis við skýrslutökur í máli þessu. Þá kemur fram í örnefnaskrá Rósmundar G. Ingvarssonar fyrir Þorljótsstaði, frá árinu 2003, að Neðri-Bakkar muni vera nokkru sunnar en Móalningskinn en staðsetning hennar kemur glöggt fram í örnefnaskránni eins og síðar verður vikið að.

Í lögfestunni frá 1837 er merkjunum lýst „til suðurs eftir efstu brúnunum allt fram í Móalningskinn framanvert við svokallaða Runu. Svo úr kinninni í Hofsá."

Gagnaðilar íslenska ríkisins staðsetja Móalningskinn um tveimur km norðvestar en Neðri-Bakka. Í örnefnaskrá Rósmundar G. Ingvarssonar fyrir Þorljótsstaði, frá árinu 2003, er að finna glögga lýsingu á staðsetningu Móalningskinnar og staðháttum þar. Þar segir: „Þar sem raunar er komið inn á næstum gróðurvana hálendi og þar sem Runugilið (162) tekur á sig vink til vesturs, verður slakki í austurbrún gilsins og þar er þessi gróðurvin sem ber nafnið Móalningskinn (163). Hún er í um 640 metra hæð og snýr mikið til eða alveg móti suðri og sól. Þetta er dálítil flesja, ca. [svo] 150 m. [svo] löng, reyndar með fremur litlu grasi, gróin lyngi, ljósum mosa og svolitlu grasi öðru. Á móti kinninni yzt kemur lækur í litlu gili vestan frá og fellur í fossi ofan í gilið."

Frásögn örnefnaskrárinnar af Móalningskinn samræmist því hvernig gagnaðilar ríkisins staðsetja hana í máli þessu og þeirri staðsetningu hefur ekki verið mótmælt af hálfu ríkisins. Óbyggðanefnd telur nægilega í ljós leitt hvar hana sé að finna. Um leið verður að telja nægilega fram komið að Neðri-Bakkar séu rétt staðsettir norðan Runukvíslar og nokkru sunnan við Móalningskinn. Að fenginni þeirri niðurstöðu um staðsetningu Móalningskinnar og Neðri-Bakka verður að telja að örnefnið „Hofsá" taki til Runukvíslar í lögfestunni frá 1837 og í landamerkjabréfinu frá 1890 enda virðist ljóst að þar sé átt við á sem rennur í næsta nágrenni við Móalningskinn og Neðri-Bakka.

Í landamerkjabréfi Þorljótsstaða er merkjum að suðvestanverðu lýst „suður á neðri bakka [svo] vestur í Hofsá, þaðan eins og sú á ræður út í Stóragrjót". Í lögfestunni er merkjunum að þessu leyti lýst „úr kinninni [Móalningskinn] í Hofsá, ræður hún svo til fyrrgreindra landamerkja að norðan." Hér ber heimildunum saman að öðru leyti en því að um suðaustanverð merki er miðað við Móalningskinn í lögfestunni en Neðri-Bakka í landamerkjabréfinu, eins og áður er nefnt varðandi norðausturmerkin.

Samkvæmt því sem að framan er rakið markar Móalningskinn endimörk Þorljótsstaða til suðausturs samkvæmt lögfestunni frá 1837 en Neðri-Bakkar samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1890. Lögfestan mælir því í mót landamerkjabréfinu varðandi það að land Þorljótsstaða nái lengra til suðausturs en á Móalningskinn.

Ekki er ljóst af lögfestunni frá 1837 í hvaða stað í Móalningskinn merkin muni hafa verið dregin og aðrar heimildir varpa heldur ekki ljósi á þetta. Því er óhjákvæmilegt að draga línuna að álitum og er þá helst við staðhætti að styðjast. Óbyggðanefnd telur rétt að miða við að Móalningskinn hafi öll fallið innan marka Þorljótsstaða og síðar Þorljótsstaðarunu. Með því njóta gagnaðilar ríkisins þess vafa sem uppi er að þessu leyti. Verður línan því dregin stystu leið milli bugðu þeirrar á Runukvísl þar sem Runugilið beygir til vesturs, austan Móalningskinnar, og línu þeirrar sem dregin er frá austurenda Stafnsvatnahæðar beina stefnu í Neðri-Bakka.

Krafa eigenda Þorljótsstaðarunu um að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur þeirra nái lengra til suðausturs en í Móalningskinn verður því ekki talin geta stuðst við heimildir um afmörkun Þorljótsstaða en um önnur atriði sem krafa þessi er studd við verður fjallað síðar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða Þorljótsstaðarunu. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1. í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Að því marki sem landamerkjabréf Þorljótsstaða hefur stuðning af eldri heimildum, þ.e. norðvestan þeirrar línu sem að framan var lýst og liggur austur með Móalningskinn í Runukvísl, telur óbyggðanefnd að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á annað en að Þorljótsstaðaruna hafi tilheyrt Þorljótsstöðum með sama hætti og annað land jarðarinnar. Þar hafi eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar styðja einnig þá ályktun að svo hafi verið og rannsókn óbyggðanefndar leiðir sömuleiðis til þeirrar niðurstöðu að norðan framangreindrar merkjalínu sé eignarland.

Svo sem rakið er hér að framan telur óbyggðanefnd eldri heimildir mæla því í mót að merki jarðarinnar Þorljótsstaða hafi náð suðaustur fyrir línu þá sem áður var lýst. Þá málsástæðu gagnaðila ríkisins að þeir hafi haft réttmæta ástæðu til að vænta þess að brigður yrðu ekki bornar á beinan eignarrétt þeirra að öllu því landi sem falli innan merkja Þorljótsstaðarunu, eins og því sé lýst í landamerkjabréfi Þorljótsstaða frá

árinu 1890, ber að skoða í því ljósi. Að þessu gættu geta málsaðilar, sem leiða rétt sinn frá þeim eiganda sem gerði landamerkjabréfið, ekki byggt á því að eignarréttur hafi unnist að landi sem ekki átti undir Þorljótsstaði áður en bréfið var gert. Breytir í þessum efnum engu að landamerkjabréfið var þinglesið 29. maí 1891, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell) og 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga).

Austan kröfusvæðis Þorljótsstaðarunu í máli þessu er landsvæði sem fjallað er um í kafla 6.6 og nánar tilgreindir gagnaðilar íslenska ríkisins gera kröfu til sem eignarlands, tilheyrandi austurhluta Hofsafréttar. Umræddir málsaðilar leiða rétt sinn til eigenda jarðarinnar Gilja en austurhluti Hofsafréttar tilheyrði Giljum á árum áður en féll undir fleiri jarðir í kjölfar kaupsamnings, dags. 10. október 1910. Þar er merkjum hins selda, að því leyti sem hér skiptir máli, lýst „beina stefnu af Stafnsvatnahæð í Neðri-Bakka við Runukvísl“, þ.e. með sama hætti og norðausturmerkjum Þorljótsstaða er lýst í landamerkjabréfinu frá 1890 sem áritað er um samþykki vegna Gilja. Þetta bendir ótvírætt til þess að land Þorljótsstaða og það land sem eigendur Gilja töldu til réttinda yfir hafi verið talin ná saman að þessu leyti.

Það landsvæði sem hér er til skoðunar og óbyggðanefnd hefur komist að niðurstöðu um að liggi utan merkja Þorljótsstaðarunu er langt og mjótt og afmarkast af Móalningskinn, Neðri-Bökkum, Runukvísl og línu sem dregin er beina stefnu milli austurenda Stafnsvatnahæðar og Neðri-Bakka. Engar heimildir liggja fyrir í málinu um þetta landsvæði sérstaklega. Í kafla 6.6 er lýst þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að austurhluti Hofsafréttar sé þjóðlenda í afréttareign nánar tilgreindra gagnaðila ríkisins. Staðhættir og gróðurfar á því landsvæði sem hér er sérstaklega til skoðunar, eru með mjög sambærilegum hætti og á aðliggjandi landsvæðum og ekki er um að ræða glögg náttúruleg skil þar á milli. Líkur standa til þess að á svæðinu hafi stofnast til óbeinna eignarréttinda með sama hætti og á svæðinu þar austur af. Þau kunna á sínum tíma að hafa tilheyrt Giljum en þegar horft er til áritunar eigenda Gilja um samþykki við landamerkjabréfi Þorljótsstaða, afmörkunar þeirra á austurhluta Hofsafréttar í afsalinu 1910 og afmörkunar síðari rétthafa á kröfum sínum í máli þessu verður að líta svo á að nægar líkur séu á að þeir hafi ráðstafað afréttareigninni til þeirra sem núverandi eigendur Þorljótsstaðarunu leiða rétt sinn frá. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæðið sé í afréttareign eigenda Þorljótsstaðarunu.

Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í *Landnámu* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt landsvæðið hafi verið numið. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Ekki liggur fyrir hvernig eigendur Þorljótsstaðarunu eru komnir að rétti sínum til landsvæðisins austan og sunnan Móalningskinnar. Í máli þessu er ekki sýnt fram á

annað en að hann hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að á þeim hluta kröfusvæðis eigenda Þorljótsstaðarunu sem fellur utan merkja jarðarinnar Þorljótsstaðarunu og Þorljótsstaða, svo sem þeim er lýst í lögfestu frá 1837 og eru nánar skilgreind hér að framan, hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[1244] Heimildir benda hins vegar til að landsvæðið sé í afréttareign eigenda Þorljótsstaðarunu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að það landsvæði suðaustan Þorljótsstaðarunu sem afmarkað er hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá bugðu þeirri á Runukvísl þar sem Runugilið beygir til vesturs, austan Móalningskinnar, er línan dregin til norðausturs þar til komið er að skurðpunkti við línu sem dregin er beina stefnu milli austurenda Stafnsvatnahæðar og Neðri-Bakka við Runukvísl (á móts við árspræ̀nu sem liggur austan Bleikálukvíslar). Línan skal dregin stystu leið milli upphafspunkts og nefnds skurðpunkts. Frá skurðpunktinum er síðarnefndu línunni fylgt í Neðri-Bakka og áfram í sömu stefnu í Runukvísl. Þaðan er Runukvísl fylgt til norðvesturs þar til komið er að upphafspunkti í bugðu á Runukvísl austan Móalningskinnar.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Þorljótsstaðarunu, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

6.8 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagmunir ekki á. Við undirbúning úrskurðar um málskostnað fór óbyggðanefnd yfir fjölda kröfulýsinga, greinargerða og umbjóðenda hvers lögmanns, reiknaði tíma við fyrirtökur, aðalmeðferð málsins og ferðalög og lagði mat á efnislegt umfang einstakra ágreiningssvæða og álitamála. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Tímaskýrslur lögmanna hafa verið skoðaðar með hliðsjón af framangreindu. Í þessu sambandi skal tekið fram að með

[1244] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

málskostnaðarákvörðun er komist að tölulegri niðurstöðu um atriði sem eðli máls samkvæmt er ekki að öllu leyti hægt að sundurliða með nákvæmum útreikningsaðferðum. Fjárhæð úrskurðaðs málskostnaðar er niðurstaða af samofnu heildarmati á þessum atriðum.

Í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 gaf óbyggðanefnd lögmönnum málsaðila kost á að leggja fram slíka sundurliðun málskostnaðarreikninga að unnt væri að ákvarða málskostnað til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega. Hafi slík gögn legið fyrir eða borist er úrskurður um málskostnað í kafla 7 hér á eftir ákvarðaður til einstakra málsaðila en ella sameiginlega.

Svo sem rakið er í kafla 2.3 setti fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins fram þjóðlendukröfur sínar á svæði 7 (suður) í mars 2008. Í ágúst sama ár var hluti þessara krafna dreginn til baka. Í greinargerð og við munnlegan flutning málsins kom fram sú skýring af hálfu ríkisins að uppkvaðning úrskurða óbyggðanefndar á svæði 6 í júní 2008 hafi haft áhrif, sem og kröfulýsingar gagnaðila íslenska ríkisins á svæði 7 (suður) og önnur framkomin gögn. Í október 2008 veitti óbyggðanefnd málsaðilum frest til að gera sátt um greiðslu fyrir hagsmunagæslu vegna þeirra sem af þessari ástæðu ættu ekki lengur aðild að málum. Í maí 2009 barst óbyggðanefnd staðfesting á að umræddir málsaðilar hefðu gert sátt um fullnaðargreiðslu á lögmannskostnaði.

7 ÚRSKURÐARORÐ [1245]

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Silfrastaðaafréttur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er við sýslumörk Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna á Öxnadalsheiði (þar sem Grjótá fellur í Heiðará). Þaðan er Heiðará fylgt til vesturs þar til Króká fellur í hana. Síðan er Króká fylgt til suðurs í botn Ernisdals og þaðan beina stefnu á punkt nr. 16 á kröfulínu gagnaðila ríkisins. Þaðan er fylgt kröfulínu gagnaðila ríkisins þar til komið er að punkti nr. 14 á henni. Þaðan er línan dregin í drög Kaldbaksdals og eftir daldrögunum í Kaldbaksá. Síðan er Kaldbaksá fylgt þar til komið er að skurðpunkti við línu sem dregin er beina stefnu frá Vatnsgötu á Öxnadalsheiði (þar sem vötnum fyrst hallar vestur af heiðinni) um Tjaldhól í Kaldbaksá. Frá skurðpunktinum er nefndri línu fylgt í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði. Þaðan er línan dregin í upptök Heiðarár og Heiðará síðan fylgt að þeim stað þar sem Grjótá fellur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign Akrahrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Nýjabæjarafréttur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er þar sem Hvítá fellur í Austari-Jökulsá. Þaðan er Hvítá og síðan Fremri-Hvítá og loks nyrðri kvísl Fremri-Hvítár fylgt til upptaka árinnar og þaðan stystu leið að sýslumörkum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Þaðan er sýslumörkunum fylgt suður að drögum nyrðri upptakakvíslar Geldingsár (punkti nr. 3 á kröfulínu vegna Nýjabæjar). Þaðan eru merkin dregin því sem næst í hásuður í drög syðri upptakakvíslar Geldingsár (punktur nr. 4 á kröfulínu vegna Nýjabæjar). Þaðan er Geldingsá fylgt í Austari-Jökulsá sem síðan er fylgt að þeim stað þar sem Hvítá fellur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Nýjabæjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Fjöllin, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er þar sem Geldingsá rennur í Austari-Jökulsá. Þaðan er Geldingsá og síðan syðri upptakakvísl árinnar að drögum hennar, þ.e. punkti nr. 4 á kröfulínu vegna Nýjabæjar. Þaðan er kröfulínunni fylgt suður í Jökulkvísl sem síðan er fylgt að upptökum í Hofsjökli. Þaðan liggja merkin með jaðri Hofsjökuls þar til komið er að upptökum Austari-Jökulsár. Austari-Jökulsá er síðan fylgt að þeim stað þar sem Geldingsá fellur í hana.*

[1245] Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. vesturhluti Hofsafréttar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá botni Fossgils er línan dregin beina stefnu í Vestari-Jökulsá á móts við þann stað þar sem Fremri-Hraunlækur fellur í hana. Þaðan er Vestari-Jökulsá fylgt að upptökum í Hofsjökli og þaðan jökulrönd Hofsjökuls til austurs að upptökum Bleikálukvíslar sem síðan er fylgt að þeim stað þar sem hún rennur í Runukvísl. Þaðan er Runukvísl fylgt að þeim stað þar sem Hraunþúfuá rennur í hana. Frá ármótum Runukvíslar og Hraunþúfuár er Hraunþúfuá fylgt að upptökum vestustu kvíslar hennar. Frá upptökum vestustu kvíslar Hraunþúfuár er línan dregin í austurbrúnir Lambárfells og þaðan beina stefnu í átt að Fossárfelli þar til komið er að skurðpunkti við línu sem dregin er beina stefnu frá enda Hraunþúfugils, þar sem kallaðir eru Spordar, í norðvestur um jaðar Sandfells í Fossá. Frá nefndum skurðpunkti er síðarnefndri línu fylgt í Fossá og Fossá síðan fylgt að botni Fossgils.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Hofs, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. austurhluti Hofsafréttar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá þeim stað þar sem Keldudalsá fellur í Austari-Jökulsá er Keldudalsá fylgt í botn Keldudals. Þaðan er línan dregin til vesturs á austurenda Stafnsvatnahæðar og þaðan til suðausturs á Neðri-Bakka við Runukvísl og áfram sömu stefnu í Runukvísl. Þaðan er Runukvísl fylgt að þeim stað þar sem Bleikálukvísl rennur í hana. Frá ármótum Runukvíslar og Bleikálukvíslar er Bleikálukvísl fylgt að upptökum hennar í Hofsjökli. Frá upptökum Bleikálukvíslar er jaðri Hofsjökuls fylgt til austurs að upptökum Austari-Jökulsár sem síðan er fylgt að þeim stað þar sem Keldudalsá fellur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Hofs, Gilja, Bjarnastaðahlíðar, Litlu-Hlíðar og Tunguháls II sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Lambatungur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá ármótum Runukvíslar og Hraunþúfuár er Hraunþúfuá fylgt að upptökum vestustu kvíslar hennar. Frá upptökum vestustu kvíslar Hraunþúfuár er línan dregin í austurbrúnir Lambárfells og þaðan beina stefnu í átt að Fossárfelli þar til komið er að skurðpunkti við línu sem dregin er beina stefnu frá enda Hraunþúfugils, þar sem kallaðir eru Spordar, í norðvestur um jaðar Sandfells í Fossá. Frá nefndum skurðpunkti er síðarnefndri línu fylgt í Fossá og Fossá síðan fylgt að þeim stað þar sem hún fellur í Hofsá. Frá ármótum Fossár og Hofsár er síðarnefndu ánni, sem þar er einnig nefnd Runukvísl, fylgt að upphafspunkti þar sem Hraunþúfuá fellur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign Guðrúnar Bjarnadóttur, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. landsvæði suðaustan Þorljótsstaðarunu, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá bugðu þeirri á Runukvísl þar sem Runugilið beygir til vesturs, austan Móalningskinnar, er línan dregin til norðausturs þar til komið er að skurðpunkti við línu sem dregin er beina stefnu milli austurenda Stafnsvatnahæðar og Neðri-Bakka við Runukvísl (á móts við árspræna sem liggur austan Bleikálukvíslar). Línan skal dregin stystu leið milli upphafspunkts og nefnds skurðpunkts. Frá skurðpunktinum er síðarnefndu línunni fylgt í Neðri-Bakka og áfram í sömu stefnu í Runukvísl. Þaðan er Runukvísl fylgt til norðvesturs þar til komið er að upphafspunkti í bugðu á Runukvísl austan Móalningskinnar.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Þorljótsstaðarunu, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Málflutningsþóknun Friðbjörns Garðarssonar hdl.: Anna Hrólfsdóttir og fleiri, 1.077.350 kr. vegna Ábæjar og Nýjabæjar.

Málflutningsþóknun Ólafs Björnssonar hrl.: Kristín Guðmundsdóttir og fleiri, 250.000 kr. vegna Egilsár; Einar Gunnarsson, 250.000 kr. vegna Flatatungu; Borgþór Bragi Borgarsson og Guðrún Björk Baldursdóttir, 450.000 vegna Hofs og vesturhluta Hofsafréttar; Arnþór Bergur Traustason og fleiri, 450.000 vegna austurhluta Hofsafréttar; Ásta Jónsdóttir og fleiri, 250.000 kr. vegna Merkigils; Akrahreppur, 300.000 kr. vegna Silfrastaðaafréttar.

Málflutningsþóknun Páls Arnórs Pálssonar hrl.: Lífsval ehf., 800.000 kr. vegna Þorljótsstaðarunu.

Málflutningsþóknun Þórðar Clausens Þórðarsonar hrl.: Guðrún Bjarnadóttir, 650.000 kr. vegna Lambatungna.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Kristján Torfason

Allan V. Magnússon Benedikt Bogason

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum.

Sjá bls. 153

FYLGISKJÖL

I. Kort
II. Aðilaskrá
III. Skjalaskrá



Mörk þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Mörk afréttar/afréttareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Aðalkrafa ríkisins um þjóðlendumörk
Varakrafa ríkisins um þjóðlendumörk
Kröfur gagnaðila ríkisins
Skörun á kröfum gagnaðila ríkisins
Afturkölluð krafa ríkisins um þjóðlendumörk
Mörk sveitarfélaga
Vatnaskil
Vatnasvið einstakra áa
Upptök áa skv. spot 5 gervitunglamynd

ÓBYGGÐANEFND

ÞJÓÐLENDUMÁL

Svæði 7a - Mál nr. 4/2008

Um tölusetta kröfulínupunkta vísast til kröfulýsinga málsaðila.

Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu

Mælikvarði 1:50.000 í A1 Dags. 19. júní 2009 Blað nr. SV7a-M4a

LANDFORM ehf

Kortagrunnur: IS50V birt með leyfi Landmælinga Íslands (L05040005)

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is



Óbyggðanefnd

ÞJÓÐLENDUMÁL

Svæði 7a - Mál nr. 4/2008

Um tölusetta kröfulínupunkta vísast til kröfulýsinga málsaðila.

Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu

Mælikvarði 1:50.000 í A1 Dags. 19. júní 2009 Blað nr. SV7a-M4b

Kortagrunnur: IS50V birt með leyfi Landmælinga Íslands (L05040005)

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is



Mörk þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Mörk afréttar/afréttareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Aðalkrafa ríkisins um þjóðlendumörk
Varakrafa ríkisins um þjóðlendumörk
Kröfur gagnaðila ríkisins
Skörun á kröfum gagnaðila ríkisins
Afturkölluð krafa ríkisins um þjóðlendumörk
Mörk sveitarfélaga
Vatnaskil
Vatnasvið einstakra áa
Upptök áa skv. spot 5 gervitunglamynd
Staða jökuls við setningu laga nr. 58/1998

Um tölusetta kröfulínupunkta vísast til kröfulýsinga málsaðila.
Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu

Óbyggðanefnd

ÞJÓÐLENDUMÁL

Svæði 7a - Mál nr. 4/2008

Mælikvarði 1:50.000 | A1 Dags. 19. júní 2009 Blað nr. SV7a-M4c

Kortagrunnur: ÍS50V birt með leyfi Landmælinga Íslands (L05040005)

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is



ÞJÓÐLENDUMÁL

Svæði 7a - Mál nr. 4/2008

Mörk þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Mörk afréttar/afréttareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Aðalkrafa ríkisins um þjóðlendumörk
Kröfur gagnaðila ríkisins
Skörun á kröfum gagnaðila ríkisins
Aflturkölluð krafa ríkisins um þjóðlendumörk
Mörk sveitarfélaga
Vatnaskil
Staða jökuls við setningu laga nr. 58/1998

Um tölusetta kröfulínupunkta vísast til kröfulýsinga málsaðila.
Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu

Maelikvarði 1:50.000 í A1 Dags. 19. júní 2009 Blað nr. SV7a-M4d

LANDFORM ehf.

Kortagrunnur: IS50V birt með leyfi Landmælinga Íslands (LO5040005)

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is

II. Aðilaskrá

Þjóðlendur	Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins
Ábær	Anna Hrólfsdóttir
Ábær	Árni Bjarnason
Ábær	Bjarni Leifs Friðriksson
Ábær	Bryndís Pétursdóttir
Ábær	Jórunn Sigurðardóttir
Ábær	Jóhannes Jóhannsson
Ábær	Rögnvaldur Ólafsson
Ábær	Stefán Hrólfsson
Egilsá	Kristín Guðmundsdóttir
Egilsá	Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Egilsá	Sigurlaug Rósinkranz
Flatatunga	Einar Gunnarsson
Hof og vesturhluti Hofsafréttar	Borgþór Bragi Borgarsson
Hof og vesturhluti Hofsafréttar	Guðrún Björk Baldursdóttir
Hofsafrétt austurhluti	Borgþór Bragi Borgarsson
Hofsafrétt austurhluti	Guðrún Björk Baldursdóttir
Hofsafrétt austurhluti	Anna Lísa Wium Douieb
Hofsafrétt austurhluti	Hólmfríður Jónsdóttir
Hofsafrétt austurhluti	Arnþór Bergur Traustason
Hofsafrétt austurhluti	Gísli Heiðar Jóhannsson
Hofsafrétt austurhluti	Hlynur Unnsteinn Jóhannsson
Hofsafrétt austurhluti	Þórey Helgadóttir
Lambatungur	Guðrún Bjarnadóttir
Merkigil	Ásta Jónsdóttir
Merkigil	Guðrún Jónsdóttir
Merkigil	Hermann Kristinn Bragason
Merkigil	Inga Jónsdóttir
Merkigil	Jón Trausti Bragason
Merkigil	Jón Vídalín Jónsson
Merkigil	Knútur Jónsson

Merkigil	Kristín Jónsdóttir
Merkigil	Lóa Jónsdóttir
Merkigil	Maja Jónsdóttir
Merkigil	Ólafur Arnar Jónsson
Merkigil	Sigríður Bragadóttir
Merkigil	Sigrún Jónsdóttir
Merkigil	Sigurður Jónsson
Merkigil	Tómas Bragason
Nýibær	Anna Hrólfsdóttir
Nýibær	Árni Bjarnason
Nýibær	Bjarni Leifs Friðriksson
Nýibær	Bryndís Pétursdóttir
Nýibær	Jórunn Sigurðardóttir
Nýibær	Jóhannes Jóhannsson
Nýibær	Rögnvaldur Ólafsson
Nýibær	Stefán Hrólfsson
Silfrastaðaafrétt	Akrahreppur
Þorljótsstaðaruna	Lífsval ehf.

III. Skjalaskrá[1246]

Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

1A Kröfulýsing fyrir hluta Skagafjarðar og austur Húnavatnssýslu, dags. 14.3.2008.

1B Kröfulýsing fyrir Eyjafjörð og hluta Þingeyjarsýslu, dags. 14.3.2008.

1(1) Skjalaskrá fyrir hluta Skagafjarðar og austur Húnavatnssýslu, ódags. en mótt. 14.3.2008.

1(2) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytis, dags. 29.3.2007, um meðferð þjóðlendumála.

1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 7.8.2007.

1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3.10.2007, framhald þjóðlendumála.

1(5) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um breytta afmörkun á svæði 7, dags. 7.12.2007.

1(6) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, breytt afmörkun svæðis 7 samþykkt og frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.12.2007.

1(7) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar, beiðni um frekari frest til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 26.2.2008.

1(8) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, frekari frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.2.2008.

1(9) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar, kröfulýsing íslenska ríkisins vegna þjóðlendna á svæði 7A, dags. 14.3.2008.

1(10) Yfirlitskort yfir þjóðlendukröfur á svæði 7 suður, A3 blað, mælikvarði 1:400.000 í A2, dags. 14.3.2008.

1(11) Skjalaskrá fyrir Eyjafjörð og hluta Þingeyjarsýslu, ódags. en mótt. 14.3.2008.

1(12) Tilvísanaskrá fyrir Eyjafjörð og hluta Þingeyjarsýslu, ódags. en mótt. 14.3.2008.

1(13) Tilvísanaskrá fyrir hluta Skagafjarðar og austur Húnavatnssýslu, ódags. en mótt. 14.3.2008.

1(14) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 25.8.2008.

1(15) Yfirlýsing vegna leiðréttingar á kröfupunkti og lýsingu kröfugerðar, dags. 10.11.2008. Sjá skjal nr. 19 e.

1(16) Yfirlýsing vegna leiðréttingar á kröfulínu; endanleg kröfugerð, dags. 27.11.2008.

1(17) Bréf Juris til óbyggðanefndar varðandi málskostnað í þjóðlendumálum á svæði 7 suður vegna jarða sem fallið var frá kröfum í, dags. 25.5.2009.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 22.5.2009.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

2(1) Víðivellir, dags. 28.4.1890. *(Merkt 116 a-b).*

2(2) Silfrastaðir, dags. 2.6.1885. *(Merkt 117).*

2(3) Krókárgerði, dags. 31.3.1890. *(Merkt 118).*

2(4) Borgargerði, dags. 14.5.1890. *(Merkt 119).*

[1246] Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

2(5) Egilsá, dags. 16.5.1885. *(Merkt 120)*.
2(6) Flatatunga og hjáleigan Tungukot, dags. 24.5.1886. *(Merkt 121)*.
2(7) Gilsbakki, dags. 24.5.1886. *(Merkt 122)*.
2(8) Merkigil, dags. 24.5.1884. *(Merkt 123 a-b)*.
2(9) Ábær, dags. 24.5.1888. *(Merkt 124 a-b)*.
2(10) Skatastaðir, dags. 24.6.1923. *(Merkt 125)*.
2(11) Gil, dags. 22.5.1886. *(Merkt 126)*.
2(12) Þorljótsstaðir, dags. 17.5.1890. *(Merkt 127)*.
2(15) Hof, dags. 24.5.1886. *(Merkt 128 a-b)*.
2(16) Bakki og Bakkasel. Mótmælabréf við landamerkjabréfi Silfrastaðar frá 1885, dags. 16.5.1889. *(Merkt 155 a-b)*.
2(19) Gilhagi Lýtingsstaðahreppi, dags. 25.4.1890. *(Merkt 156 a-b)*.

Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):

2(33) a-b Lögfesta. Ólafur Þorlákssson lögfestir jarðirnar Ytravatn, Sölvnes, Gullreit, Ölduhrygg og Héraðsdal í Tungusveit, dags. 4.5.1726. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-d)*.
2(34) a-b Vitnisburður. Eyjólfur Einarsson vitnar um fjárrekstur og fjallgöngu í Hofsafrétt, dags. 4.5.1722. Samhljóða uppskrift frá 1922, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-b)*.
2(35) a-b 1612. Um Hofsafrétt, dags. 7.12.1613, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b)*.
2(36) a-b Ölduhryggur. Lögfesta. Guðni Ólafsson lögfestir eignar- og ábýlisjörð sína Ölduhrygg, dags. 20.12.1589; 27.5.1823. Landamerkja getið. Einnig lögfestir hann sambeit í Miðvallakoti, vetur og sumur, og afnot á Írafellsafrétt samkv. pergamenti dags. 20.12.1589, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-b)*.
2(37) a-b Silfrastaðir. Dómur. Jón Sigurðsson lögmaður dæmir um lambarekstur og toll í Silfrastaðaafrétt, dags. 27.9.1611, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-b)*.
2(38) a-b 1377, 1500, 1557. Lýtingsstaðir í Tungusveit. Landamerkjalýsing. Uppskrift Jóns Konráðssonar, ásamt uppskrift. *(Merkt 6 a-c)*.
2(39) a-b Silfrastaðir, eignaréttur. Uppskriftir á þremur eldri skjölum, þar sem getið er um kaup á Silfrastöðum auk Egilsár og Þorbrandsstaða, dags. 9.2.1905, ásamt uppskrift. *(Merkt 7 a-f)*.

Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):

2(20) Fasteignamat 1916–1918. Silfrastaðir, Merkigil, Ábær, Hof, Gil og Þorljótsstaðir. *(Merkt 1–6)*.
2(21) Jarðamat 1849–1850. Silfrastaðir, Krákugerði, Flatatunga og Tungukot, Merkigil, Miðhús, Ábær, Nýibær, Giljir og Hof. *(Merkt 7–13)*.
2(22) Fasteignamat 1916–1918. Tungukot, Flatatunga og Miðhús. *(Merkt 14–16)*.
2(25) Jarðamat 1804. Silfrastaðir, ásamt uppskrift, Krákugerði, Egilsá, Flatatunga, Tungukot, Merkigil, Miðhús, Ábær, Nýibær, Þorljótsstaðir, Giljar og Hof. *(Merkt 17–28)*.
2(127) Jarðamat 1849–1850: Egilsá, Merkigil, Þorljótsstaðir og Giljar. Fasteignamat 1916–18 – Undirmat: Egilsá. *(Merkt 29–33)*.

Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):

2(84) Upplesin lögfesta fyrir Silfrastöðum, dags. 7.5.1796. *(Merkt 1 a)*.
2(85) Upplesin lögfesta fyrir Silfrastöðum, dags. 6.5.1797. *(Merkt 2 a)*.
2(86) Leyfislaus nauta- og hrossarekstur á Silfrastaðaafrétt bannaður af Jóni Erlendssyni hreppstjóra, dags. 12.6.1819. *(Merkt 3 a)*.

2(87) Sveitarmenn lýsa óánægju yfir byggingu á Hálfdánartungum, þar sem þeir töldu sig hafa frjáls afnot af afréttinni. Úrskurðað er að bygging haldist ekki nema yfirstandandi fardagaár, dags. 3.6.1822. *(Merkt 4 a-b).*

2(88) Þann 2.6.1830 var birt lögfesta fyrir Silfrastöðum og Fremrikotum, dags. 7.5.1789. *(Merkt 5 a-b).*

2(89) Þann 22.5.1837 var upplesin lögfesta fyrir Silfrastöðum, dags. 9.5.1789. *(Merkt 6 a).*

2(90) Þann 28.5.1862 var upplesin lögfesta fyrir Silfrúnarstöðum og Silfrúnarstaðaafrétt, dags. 27.5.1862. *(Merkt 7 a-b).*

2(91) a-b Ákveðið að allir sem reki trippi á Silfrúnarstaðaafrétt sýni trippin á Silfrúnarstöðum og greini frá hve mörg þau eru. Einnig samþykkt ákvæði um trippatoll á Silfrúnarstaðaafréttar, dags. 28.5.1862, ásamt uppskrift. *(Merkt 8 a-c).*

2(92) Samið að Jónas Sigurðsson á Fremrikotum taki að sér fyrir stöðum fyrir trippum á Silfrastaðaafrétt, dags. 7.6.1864. *(Merkt 9 a-b).*

2(93) Þinglesin áskorun til þeirra er ekki eiga ítök í Silfrastaðaafrétt, að greina frá trippatölunni og greiða toll, dags. 2.6.1880. *(Merkt 10 a).*

2(94) Þinglesin landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum, dags. 3.6.1885. *(Merkt 11 a).*

2(95) Þinglesin landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum, dags. 22.5.1890. *(Merkt 12 a-b).*

2(96) Þann 1.6.1892 var þinglesin yfirlýsing viðvíkjandi Silfrastaðaafrétt. Henni var mótmælt af hlutaðeigendum, dags. 10.3.1892. *(Merkt 13 a-b).*

2(97) Þann 25.5.1899 var þinglesið afsalsbréf fyrir Silfrastaðaafrétt. Einnig þinglesin yfirlýsing um bann á kaupum og sölum á Silfrastaðaafrétti er skerði rétt Syðribrekkna og hluta úr Ytribrekkum og Dýrfinnastöðum, dags. 6.11.1898. *(Merkt 14 a-c).*

2(98) Réttarhald vegna deilu um rétt til að nýta Gullreit til beitar. Vitnaleiðsla yfir nokkrum aðilum fer fram, dags. 18.8.1806. *(Merkt 15 a-d).*

2(99) Þinglesin landamerkjaskrá fyrir Krókárgerði, dags. 22.5.1890. *(Merkt 16 a-b).*

2(100) Þinglesin lögfesta fyrir Egilsá, dags. 3.6.1822. *(Merkt 17 a-b).*

2(101) Upplesin lögfesta fyrir Egilsá. Bóndinn á Flatatungu mótmælti lögfestunni, dags. 2.6.1842. *(Merkt 18 a-b).*

2(102) Þinglesin landamerkjaskrá fyrir Egilsá, dags. 3.6.1885. *(Merkt 19 a).*

2(103) Þinglesin lögfesta fyrir Egilsá. Bóndinn á Flatatungu mótmælti lögfestunni, dags. 2.6.1842. *(Merkt 20 a-b).*

2(104) a-b Tekið fyrir landaþrætumál Gísla Stefánssonar á Flatatungu, f.h. Ábæjar, gegn Agli F. Steingrímssyni á Merkigili, dags. 8.7.1876, ásamt uppskrift. *(Merkt 21 a-b).*

2(105) Þinglýst landamerkjaskrá Flatatungu, dags. 26.5.1886. *(Merkt 22 a-b).*

2(106) Birt lögfesta fyrir Ábæ. Jón Höskuldsson á Merkigili mótmælti lögfestunni, dags. 5.6.1827. *(Merkt 23 a-b).*

2(107) Upplesinn skilmáli Jóns Höskuldssonar til Eiríks í Ábæ og einnig lögfesta fyrir Miðhúsum. Eiríkur í Ábæ mótmælti lögfestunni, dags. 19.5.1824. *(Merkt 24 a).*

2(108) Þinglesin landamerkjaskrá fyrir Miðhúsum (í Blönduhlíð), dags. 22.5.1890. *(Merkt 25 a-b).*

2(109) Upplesin lögfesta fyrir Ábæ, dags. 4.5.1805. *(Merkt 26 a).*

2(110) Upplesin lögfesta fyrir Ábæ með Tinnárseli og Nýjabæ og einnig sýnt bréf Halldórs Brynjólfssonar biskups henni til stuðnings. Jón Höskuldsson mótmælti

lögfestunni, dags. 25.5.1825. *(Merkt 27 a)*.

2(111) Tekið fyrir landaþrætumál Gísla Stefánssonar á Flatatungu, f.h. Ábæjar, gegn Agli F. Steingrímssyni á Merkigili, dags. 8.7.1876. *(Merkt 28 a-b)*.

2(112) Áreið vegna landaþrætumáls Gísla Stefánssonar á Flatatungu, f.h. Ábæjar, og Merkigils, dags. 25.6.1877. *(Merkt 29 a-b)*.

2(113) Upplesin lögfesta fyrir Ábæ með Tinnárseli og Nýjabæ og einnig sýnt bréf Halldórs Brynjólfssonar biskups henni til stuðnings. Jón Höskuldsson mótmælti lögfestunni, dags. 25.5.1825. *(Merkt 30 a)*.

2(114) Upplesin lögfesta fyrir Ábæ með Tinnárseli og Nýjabæ og einnig sýnt bréf Halldórs Brynjólfssonar biskups henni til stuðnings. Jón Höskuldsson mótmælti lögfestunni, dags. 25.5.1825. *(Merkt 31 a)*.

2(115) Þinglesin landamerkjaskrá fyrir Skatastöðum. Eigandi Nýjabæjar mótmælti skránni, dags. 22.5.1890. *(Merkt 32 a-b)*.

2(116) Upplesin lögfesta fyrir Þorljótsstöðum, dags. 7.6.1827. *(Merkt 33 a-b)*.

2(117) Þinglesin landamerkjaskrá fyrir Ljótsstöðum, dags. 23.5.1890. *(Merkt 34 a-c)*.

2(118) Upplesin lögfesta fyrir Hofi í Vesturdal, dags. 28.6.1728. *(Merkt 35 a)*.

2(119) Upplesin lögfesta fyrir Hofi í Vesturdal, dags. 22.4.1763. *(Merkt 36 a-c)*.

2(120) Upplesin lögfesta fyrir Hofi í Vesturdal, dags. 8.5.1765. *(Merkt 37 a-b)*.

2(121) Upplesin lögfesta fyrir Hofi í Vesturdal, dags. 3.5.1805. *(Merkt 38 a)*.

2(122) Upplesin lögfesta fyrir Hofi í Vesturdal, dags. 16.6.1808. *(Merkt 39 a)*.

2(123) Upplesin lögfesta fyrir eyðijörðinni Stafni. Magnús Snæbjörnsson á Hofi mótmælti lögfestunni, dags. 7.6.1827. *(Merkt 40 a-b)*.

2(124) Birt auglýsing frá Jóhannesi Jónssyni á Hofi viðvíkjandi Hofsafrétt, dags. 29.5.1838. *(Merkt 41 a-b)*.

2(125) Leyfislaus fjár- og hrossaupprekstur á Hofsafréttur bannaður af Bjarna Hannessyni á Hofi, dags. 2.6.1845. *(Merkt 42 a-b)*.

2(126) Þinglesið afsalsbréf fyrir austari parti Hofsafréttar, dags. 23.5.1912. *(Merkt 43 a-c)*.

Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):

2(23) a-b Uppskrift skjala varðandi Ábæjarkirkju þ.á m. minnisblað, dags. 16.8.1802, lagt fyrir jarðamatsnefnd af séra Jóni Jónssyni á Goðdölum, varðandi Ábæ, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-b)*.

2(24) a-b Tveir vitnisburðir um Hof, getið landamerkja og minnst á Reit gegnt Þorljótsstöðum, fyrri vitnisburðurinn er ódags. en síðari er dags. 23.8.1627, ásamt uppskrift . *(Merkt 3 a-b)*.

Vísitasíubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):

2(26) a-b Silfrastaðir, dags. 2.10.1663. Þess er getið að annað sem kirkjunni tilheyri af rekum, ítökum og afréttum verði eigendur standa skil á samkvæmt gömlum bréfum og máldögum. Einnig getið að Krákugerði með Hálfdanartungum sé haldið heimaland, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b)*.

2(27) a-b Miklibær, dags. 8.7.1719, landamerki tiltekin, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-c)*.

2(28) a-b Miklibær, dags. 27.7.1750, landamerki tiltekin, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-c)*.

2(29) a-b Miklibær, dags. 19.8.1757, afréttur í Norðurárdal, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-d)*.

2(30) a-b Miklibær, dags. 24.5.1781, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-c)*.

2(79) a-b Silfrastaðir, dags. 5.8.1826. Vísitasíubók biskupanna dr. Hannesar Finnssonar, herra Geirs Vídalíns og herra Steingríms Jónssonar 1780/95, 1798–1800, 1826/27, bls. 414–415 og 418, ásamt uppskrift. *(Merkt 6 a-c).*

2(80) a-b Miklibær í Blönduhlíð, dags. 6.8.1826. Vísitasíubók biskupanna dr. Hannesar Finnssonar, herra Geirs Vídalíns og herra Steingríms Jónssonar 1780/95, 1798–1800, 1826/27, bls. 418–419 og 426, ásamt uppskrift. *(Merkt 7 a-c).*

Skjalasöfn presta og prófasta (skjalaflokkur A.9.):

2(81) a-b Miklibær í Blönduhlíð, dags. 14.9.1786. Vísitasíubók 1786–1797, án blaðsíðutals, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b).*

2(82) a-b Miklibær í Blönduhlíð, dags. 12.6.1800, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-b).*

Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands (skjalaflokkur A.11.):

2(13) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna, dags. 29.12.1919, þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta. *(Merkt 1).*

2(14) Svarbréf sýslumanns Skagafjarðarsýslu, dags. 14.2.1920, við bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919. *(Merkt 2).*

2(31) Afrit bréfs sem sent var öllum sýslumönnum landsins, dags. 29.12.1919, vegna þingsályktunartillögu, frá 27.9. s.á., um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum. *(Merkt 1).*

2(32) Svar Kristjáns Linnets sýslumanns Skagfirðinga, dags. 14.2.1920, við fyrirspurn Stjórnarráðsins. *(Merkt 2).*

2(83) a-b Umsókn séra Jóns Sveinssonar á Goðdölum, um að Ábæjarsókn verði gerð að sérstöku prestakalli, dags. 15.8.1781, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-c).*

Bréfasöfn og bréfabækur biskupa (skjalaflokkur A.12.):

2(17) a-b Vitnisburður 1596 um eignarétt Hólastóls til Nýjabæjar í Blönduhlíð, ásamt uppskrift. *(Merkt 1).*

Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1):

2(43) Þorleifur Árnason selur Sveini Guðmundssyni jörðina Nýjabæ með tilgreindum landamerkjum. Í.f. V. b., bls. 409–410.

2(44) Nýibær. Jarðaskiptabréf, dags. 10.4.1564. Í.f. XIV. b., bls. 246.

2(45) Nýibær. Jarðaskiptabréf, dags. 17.7.1570. Í.f. XV. b., bls. 423–424.

2(46) Ábær, Flatatunga og Hof. Máldagi Auðunar biskups rauða 1318. Í.f. II. b., bls. 462–463.

2(47) Nýibær. Próventubréf Sveins Guðmundssonar, er Ólafur biskup tekur prófentu á Hólastað, dags. 17.12.1464. Í.f. V. b., bls. 434–435.

2(48) Ábær og Merkigil. Kaupbréf Skúla Loptssonar fyrir nokkrum jörðum á vestfjörðum fyrir jarðir í Skagafirði. 1469. Í.f. XI. b., bls. 22–23.

2(49) Ábær. Um Ábæ í dölum 1499. Í.f. VII. b., bls. 422–423.

2(50) Merkigil. Vitnisburðarbréf. Um Merkigil í Dölum, dags. 27.9.1481; 11.5.1490. Í.f. VI. b., bls. 408–409.

2(51) Merkigil. Testament um Merkigil, dags. 18.6.1485. Í.f. VI. b., bls. 540–541.

2(52) Merkigil. Vitnisburður Erlends Ólafssonar um afhending Merkigils. Um Merkigil, dags. 11.5.1490. Í.f. VI. b., bls. 696–697.

2(53) Ábær, Nýibær, Flatatunga, Merkigil og Hof. Sigurðarregistur 1525. Í.f. IX. b., bls. 300–301 og 321.

2(54) Ábær, Nýibær, Merkigil, Flatatunga, Þorljótsstaðir, Hof og Giljar. Skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls í föstu og lausu eptir Jón biskup Arason fallinn frá 1550. Í.f. XI. b., bls. 858–861, 856–857, 872–875, 878–879.

2(55) Nýibær, Hof, Giljar og Þorljótsstaðir. Skýrsla og reikningur Eggerts hirðstjóra Hannessonar og Ólafs biskups Hjaltasonar um jarðeignir þær, er Jón biskup Arason hafi fargað frá Hólastól, og hverjar jarðir hann hafi fengið stólnum í stað þeirra, dags. 1.9.1552. Í.f. XII. b., bls. 459–461.

2(56) Ábær og Nýibær. Nokkrir reikningar kirkjunnar í Goðdölum í Skagafjarðardölum frá árunum 1426, 1427, 1428 1492 og 1493. Í.f. IV. b., bls. 340–342.

2(57) Merkigil og Ábær. Reikningar Hóladómstóls 1569 og 1570. Í.f. XV. b., bls. 224–225 og 456–457.

2(58) Ábær. Testamentisbréf Gottskálks biskups Nikulássonar á Hólum, dags. 6.6.1520. Í.f. VIII. b., bls. 730–731.

2(59) Egilsá. Sumarliði Þorsteinsson selur Benedikt Brynjólfssyni jörðina Sauðá, með tilteknum rekmörkum millum og Sjáarborgar, fyrir Egilsá og Ánastaði og lausafé að auki, dags. 20.3.1391; 2.1.1393. Í.f. VIII. b., bls. 14–15.

2(60) Egilsá. Sumarliði Þorsteinsson selur Benedikt Brynjólfssyni jörðina Sauðá, með tilteknum rekmörkum millum og Sjáarborgar, fyrir Gilsá Egilsá og Ánastaði og lausafé að auki, dags. 3.4.1391; 2.1.1393. Í.f. IX. b., bls. 21–22.

2(61) Egilsá. Einar Þorleifsson selur Bessa Einarssyni jörðina Héraðsdal í Tungusveit, en Bessi leggur í mót Silfrastaði í Blönduhlíð, allt með gögnum og gæðum, er bréfið greinir, dags. 25.3.1448. Í.f. V. b., bls. 25.

2(62) Egilsá. Skipti eftir Þorleif Grímsson, dags. 5.7.1569. Í.f. XV. b., bls. 289–291.

2(63) Flatatunga. Jörðin Flatatunga seld með gögnum og gæðum, dags. 20.1.1428. Í.f. IV. b., bls. 352–353.

2(64) Flatatunga. Transskript af Flatatungu og Bægisárbréfi frá 20.1.1428, dags. 20.3.1460. Í.f. V. b., bls. 209.

2(65) Ábær, Hof og Flatatunga. Máldagar Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, 1318. Í.f. II b., bls. 462–463.

2(66) Skrá um jarðir Kristínar Björnsdóttur í umboði Markúss, um porcio kirkjunnar í Aðalvík meðan Markús tók og um skipti á jörðum eptir Kristínu Björnsdóttur, dags. 3.5.1458. Í.f. V b., bls. 160–163.

2(67) Flatatunga. Máldagar Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi, 1461 og síðar. Í.f. V b., bls. 292–293, 322–325.

2(68) Flatatunga. Sigmundur prestur Steinþórsson setur Ólafi biskupi á Hólum til panta jörðina Flatatunga í Skagafirði, að dýrleika tíu tigi hundraða, fyrir sektir við biskup út af Miklabæjarráni og öðrum of tekjum, en áskilur sér lausn á jörðunni innan þrennra tólf mánaða, dags. 11.7.1478. Í.f. VI b., bls. 143–144.

2(69) Flatatunga. Vitnisburðarbréf, að Jón Sigmundsson hafi handabandað séra Sigmundi (Steindórssyni) föður sínum að pantsetja Ólafi biskupi á Hólum jörðina Flatatungu, en lausn skyldi heimil á jörðunni í þrjú ár, dags. 11.7.1478. Í.f. VI b., bls. 144–145.

2(70) Flatatunga. Bréf Sólveigar Þorleifsdóttur um Flötutungu, dags. 15.4.1479. Í.f. VI b., bls. 183–186.

2(71) Flatatunga. Um Flatatungu, dags. 3.5.1479. Í.f. VI b., bls. 187–188.

2(72) Flatatunga. Sólveig Þorleifsdóttir fær Jóni Sigmundssyni jörðina Víðidalstungu í Víðidal með kirkjujörðum þar í dalnum, en Jón gefur kvitt og ákærulaust tilkall til Flatatungu, dags. 6.5.1479. Í.f. VI b., bls. 190–191.

2(73) Flatatunga. Skrá um fasteign þá, er Sólveig Þorleifsdóttir átti, 1479. Í.f. VI b.,

bls. 198–199.

2(74) Þorljótsstaðir, Hof og Giljar. Skrá um jarðir Teits lögmanns Þorleifssonar, 1522 og síðar. Í.f. IX b., bls. 92–93.

2(75) Þorljótsstaðir. Brot úr bréfi Ólafs biskups Hjaltasonar, er varðar síra Gísla [Sigurðsson]?, dags. fyrir 2.10.1567. Í.f. XV b., bls. 23.

2(76) Þorljótsstaðir. Reikningsgrein nokkur Gottskálks Jónssonar, 1546. Í.f. XI b., bls. 517.

2(77) Þorljótsstaðir og Hof og Giljar. Reikningur Hólastóls, dags. 18.2. til fardaga 1569. Í.f. XV b., bls. 224.

2(78) Hof og Giljar. Benedikt Gizurarson selur Sigurði Þorleifssyni jörðina Lýtingsstaði gegn Hofsjörðunum að undantekinni kirkjujörð að Giljum, dags. 4.6.1377. Í.f. III b., bls. 317–319.

Landnáma (skjalaflokkur B.7.):

2(18) Landnámabók, bls. 216–219, 222–225, 230–235, 246–259, 264–271. *(Merkt 1 almennt).*

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

4(39) Silfrastaðir, dags. 31.3.1890.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.) frá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga:

4(56) Reitur á móti Þorljótsstöðum, dags. 19.8.1956.

Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):

4(24) Ábær, yfirlitssíða úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(25) Ábær, spjald úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(26) Egilsá, yfirlitssíða úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(27) Egilsá, spjald úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(28) Flatatunga, yfirlitssíða úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(29) Flatatunga, spjald úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(30) Hof, yfirlitssíða úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(31) Hof, spjald úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(32) Hofsvellir, spjald úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(33) Merkigil, yfirlitssíða úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(34) Merkigil, spjald úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(35) Þorljótsstaðir, spjald úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(36) Jarðir, ekki í fasteignamati, lagðar undir afrétti. Yfirlitssíða úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(37) Afsal. Steingrímur Jónsson selur og afsalar Nýjabæ til Davíðs Jónssonar, dags. 22.3.1905.

4(40) Silfrastaðaafréttur, spjald úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(41) Hofsafréttur, spjald úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.

4(42) Yfirlýsing Björns Péturssonar um bann á kaup og sölu á þeim hluta Silfrastðaafréttar er fylgir jörð hans, dags. 23.5.1899.

4(43) Afsal. Steingrímur Jónsson afsalar Akrahreppi Silfrastaðaafrétt, dags. 6.11.1898.

4(44) Afsal. Sveinn Sigurðsson afsalar Guðmundi Ólafssyni ofl. austari hluta Hofsafréttar, dags. 16.5.1912.

4(45) Ingibjörg Gísladóttir selur Stefáni Kr. Árnasyni $^{2}/_{3}$ Egilsár, dags. 4.12.1901.

4(46) Sveinn Sigurðsson selur Stefáni Kr. Árnasyni $^{1}/_{3}$ Egilsár, 2.8.1903.

Fornleifaskráning (skjalaflokkur A.14.):

4(1) Menningarminjar á miðhálendi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun

Íslands 1996, bls. 3–27, 59–64, 145–155.

4(71) Þórutóftir á Laugafellsöræfum. Fornleifarannsókn 2005, bls. 3–19.

Skjöl úr einkaskjalasafni Ragnars Davíðssonar frá Héraðsskjalasafninu á Akureyri (skjalaflokkur A.16.):

4(47) Bréf sýslumanns Eyjafjarðarsýslu til Davíðs Jónssonar varðandi kostnað við fjallskil og refaveiðar á Nýjabæjarafrétti, dags. 20.3.1918.

4(48) Reikningur útsvars haustið 1912. Tíund af Nýjabæ, dags. 14.11.1912.

4(49) Bréf sýslumanns Eyjafjarðarsýslu til Davíðs Jónssonar hreppstjóra varðandi fjallskil á Nýjabæjarafrétti, dags. 27.3.1916.

4(50) Bréf sýslumanns Eyjafjarðarsýslu til Davíðs Jónssonar hreppstjóra varðandi reikning þinggjalds fyrir Nýjabæjarlandi, dags. 25.7.1916.

4(51) Bréf sýslumanns Eyjafjarðarsýslu til Davíðs Jónssonar hreppstjóra varðandi refaveiðikostnað á Nýjabæjarafrétti, dags. 4.12.1917.

4(52) Svarbréf Davíðs Jónssonar hreppstjóra til sýslumanns Eyjafjarðarsýslu varðandi fjallskil og og kostnað við refaveiði á Nýjabæjarafrétti, dags. 28.12.1917.

Skjöl frá héraðsskjalasafni Skagfirðinga(skjalaflokkur A.16.):

4(53) Lögfesta Steins Ormssonar fyrir Þorljótsstöðum, dags. 23.5.1837.

4(54) Afsal. Jón Jónsson afsalar hluta úr Hofi til Jónatans Jónssonar, dags. 4.9.1944.

4(57) Bréf Jóhanns Þorkelssonar til Jónasar Sigurðssonar eiganda Bakka varðandi staðfestingu á merkjum Silfrastaða með Öxnadalsheiði, dags. 23.7.1885.

4(58) Lögfesta fyrir Silfrastöðum ásamt allri Öxnadalsheiði, dags. 28.5.1870.

4(59) Lögfesta fyrir Silfrúnarstöðum með fremri kotum á Norðurárdal, dags. 9.6.1768.

4(60) Lögfesta fyrir Silfrastöðum með báðum kotunum og krókárgerði á Norðurárdal, dags. 24.5.1743.

4(61) Lögfesta fyrir Silfrúnarstöðum með báðum kotunum og krákugerði í Norðurárdal, dags. 17.6.1752.

4(62) Lögfestur fyrir Silfrúnarstöðum með báðum kotunum og krákugerði í Norðurárdal, dags. 24.5.1743, 17.6.1752 og 9.6.1768.

4(63) Bréf varðandi merki Silfrastaða. Bakkaselseigandi er ekki sáttur við merkin. Hvorki er tekið fram nafn bréfritara né þess sem bréfið er sent til, ódags.
Að neðan er bréf Jóhanns Þorkelssonar til Jónasar Sigurðssonar varðandi frekari málarekstur vegna ósamþykktra landamerkja Silfrastaða, dags. 26.2.1886.

4(64) Kaup- og afsalsbréf. Hannes Stefánsson selur og afsalar til Sigurðar Friðrikssonar ofl. $^{1}/_{9}$ í Ábæ og Nýjabæ ásamt $^{1}/_{9}$ í afréttarlandinu Nýjabæjarafrétti, dags. 25.10.1960.

4(65) Byggingabréf handa herra Steingrími Jónssyni fyrir jörðunum Silfrastöðum og Krókárgerði. Fjallað um nýtingu Silfrastaðaafréttar, dags. 1.3.1888.

4(66) Yfirlýsing um upprekstrarétt á Silfrastaðaafrétt, dags. 25.5.1848.

4(67) Kaupsamningur, dags. 10.10.1910 og afsal á austari hluta Hofsafréttar, dags. 16.5.1912

Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):

4(5) Jarðatal J. Johnsens, 1847, bls. 252–284.

4(6) Ný jarðabók 1861, bls. 99–110.

4(7) Fasteignabók 1921, bls. 117–134.

4(8) Fasteignabók 1932, bls. 68–75.

4(9) Fasteignabók 1942–1944, bls. 31–36.

Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):

4(10) Viðauki við fjallskilareglugjörð Skagafjarðarsýslu, nr. 110/1897, B-deild, bls. 180–181.

4(11) Reglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu um fjallskil o.fl., nr. 61/1901, B-deild, bls. 83–95.

4(12) Fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 76/1904, B-deild, bls. 144–155.

4(13) Fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 29/1918, B-deild, bls. 60–79.

4(14) Reglugjörð um breytingu á viðauka við fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918, nr. 53/1919, B-deild, bls. 107.

4(15) Reglugjörð um viðauka við reglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918, nr. 12/1920, B-deild, bls. 29.

4(16) Reglugjörð um viðauka við fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918, nr. 13/1923, B-deild, bls. 25.

4(17) Reglugjörð um breytingu á viðauka við fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918, og reglugjörð um breyting á og viðauka við sömu reglugjörð frá 3. maí 1919, nr. 49/1924, B-deild, bls. 87–88.

4(18) Fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 89/1935, B-deild, bls. 220–240.

4(19) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 89 16. ágúst 1935, nr. 79/1940, B-deild, bls. 149.

4(20) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 89 6. ágúst 1935, nr. 42/1950, B-deild, bls. 123.

4(21) Fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað, nr. 535/1982, B-deild, bls. 941–950.

4(22) Reglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu um fjallsskil o.fl., nr. 68/1993, B-deild, bls. 93–100.

4(23) Fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 488/1998, B-deild, bls. 1602–1612.

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur B.11.):

4(2) a-b Skrá yfir afréttir, eignarheimildir og landamerki í Skagafjarðarsýslu ásamt bréfi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu til Tryggva Gunnarssonar lögfr., dags. 29.11.1985.

4(3) Beiðni félagsmálaráðuneytisins til allra sveitarstjórna um upplýsingar varðandi afrétti, dags. 20.2.1989.

4(4) Svar Lýtingsstaðahrepps, dags. 6.11.1989, við beiðni félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.2.1989.

4(38) a-b Bréf Björns Egilssonar til sýslumanns Skagafjarðarsýslu um sýslumörk Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu, dags. 17.8.1984. Bréf sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um sýslumörkin, dags. 20.8.1984.

4(68) Samantekt um öræfaleitir og greiðslur vegna þeirra á árunum 1914-1953.

4(69) Þessi eru takmörk Skagafjarðarsýslu eftir F. Stefánsson, Vallholti, dags. 2.12.1875. Dskj. nr. 120 í hæstaréttarmáli nr. 128/1967. Nýjabæjarafréttur.

4(70) Afréttarmörk Silfrastaðaafréttar, dags. 10.11.1985.

4(72) Frumvarp til samþykktar um fjárleitir á öræfunum á milli Skjálfandafljóts að austan og Jökulsár eystri í Skagafirði að vestan, dags. 25.3.1912.

Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Ábæjar og Nýjabæjar:

5 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
- 5(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Ábæ, dags. 10.6.2008.
- 5(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Nýjabæ, dags. 9.6.2008.
- 5(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Ábæ, dags. 9.6.2008.
- 5(4) Greinargerð, ódags. en mótt. 13.10.2008.
- 5(5) Kaupbréf Nýjabæjar frá 1464.
- 5(6) Myndir af Nýjabæ og Nýjabæjarafrétti, ódags. en mótt. 2.12.2008.
- 5(7) Breytt kröfugerð Ábæjar og Nýjabæjar, ódags. en mótt. 5.5.2009.

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Þorljótsstaðarunu:

6 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
- 6(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Þorljótsstaðarunu, dags. 8.5.2008.
- 6(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Þorljótsstaðarunu, dags. 21.5.2008.
- 6(3) Uppskrift af lögfestu Steins Ormssonar frá 23.5.1837.
- 6(4) Landamerkjabréf Þorljótsstaða, dags. 17.5.1890.
- 6(5) Örnefnaskrá Þorljótsstaða e. Rósmund Ingvarsson.
- 6(6) Örnefnaskrá Örnefnastofnunar unnin af Margeiri Jónssyni.
- 6(7) Kaupsamningur og afsal fyrir Þorljótsstaðarunu, dags. 2.11.1965.
- 6(8) Staðfesting á landamerkjum Þorljótsstaðarunu, dags. 8.10.2004.
- 6(9) Kaupsamningur og afsal fyrir Þorljótsstaðarunu, dags. 18.5.2006.
- 6(10) Ljósrit úr Byggðasögu Skagafjarðar III. bindi, bls. 318-328.
- 6(11) Uppdráttur af merkjum ásamt hornpunktum, dags. september 2004.
- 6(12) Afsal. Guðsteinn Guðjónsson afsalar Þorljótsstaðarunu til Lífsvals ehf. dags. 18.5.2006.
- 6(13) Greinargerð, dags. 13.10.2008.
- 6(14) Myndir vegna Þorljótsstaðarunu, teknar í ágúst 2007, ódags. en mótt. 21.10.2008.
- 6(15) Kort sem sýnir afmörkun Þorljótsstaðarunu, ódags. en mótt. 10.11.2008.
- 6(16) Athuganir á Hofsá í Vesturdal. Tumi Tómasson, dags. í jan. 1990.
- 6(17) Friðlýstar minjar og minjaheildir í Austur- og vesturdal eftir Þór Hjaltalín. Flutt á fræðsluþingi um Skagafjörð, dags. 12.4.2008.
- 6(18) Tillaga Náttúrufræðistofnunar Íslands og umhverfisstofnunar um friðland við Orravatnsrústir, ódags. Prentað af heimasíðu UST 23.4.2009.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Borgargerðis og Úlfsstaðaparts:

7 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
- 7(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Borgargerði, ódags.
- 7(2) Útprentun af færslum fyrir Borgargerði af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 7(3) Landamerkjaskrá fyrir Borgargerði, dags. 14.5.1890.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Gullreits:

8 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Silfrastaðaafréttar:

9 a). Kröfulýsing, dags. 30.6.2008. b). Viðbót við kröfulýsingu, dags. 13.3.2009.
a-b
- 9(1) Greinargerð, dags. 13.10.2008.
- 9(2) Yfirlýsing um landamerki Bakkasels og Almennings í Hörgárbyggð,

Silfrastaðaafréttar, Egilsár., Flötutungu og Merkigils í Akrahr., dags. í nóv. 2008.

9(3) Lýsing á tilhögun smölunar í Silfrastaðaafrétti, ódags. en mótt. 2.12.2008.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Krókárgerðis:

10 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Flatatungu:

11 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.

11(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Flatatungu, dags. 18.6.2008.

11(2) Útprentun af færslum fyrir Flatatungu af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
Greinargerð, dags. 13.10.2008. Sjá skjal nr. 9(1).

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Egilsár:

12 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.

12(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Egilsá, dags. 18.6.2008.

12(2) Útprentun af færslum fyrir Egilsá af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
Greinargerð, dags. 13.10.2008. Sjá skjal nr. 9(1).

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Gilsbakka:

13 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.

13(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Gilsbakka, dags. 1.7.2008.

13(2) Útprentun af færslum fyrir Gilsbakka af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Þorljótsstaða:

14 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.

14(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Þorljótsstaði, dags. 18.6.2008.

14(2) Útprentun af færslum fyrir Þorljótsstaði af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Hofs og Hofsafréttar:

15 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.

15(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hof, dags. 18.6.2008.

15(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Hof, ódags. en mótt. 4.7.2008.

15(3) Kaupsamningu um austari hluta Hofsafréttar, dags. 10.10.1910.
Greinargerð, dags. 13.10.2008. Sjá skjal nr. 9(1).

Lagt fram af Þórði Clausen Þórðarsyni hrl. vegna Lambatungna:

16 Kröfulýsing, dags. 28.6.2008.

16(1) Ljósrit úr veðmálabók Skagafjarðarsýslu vegna Lambatungna, ódags. en mótt. 30.6.2008.

16(2) Kaupsamningur, dags. 3.2.1930.

16(3) Afsal, dags. 26.10.1965.

16(4) Uppdráttur sem sýnir Lambatungur.

16(5) Yfirlýsing, dags. 5.12.1980.

16(6) Ljósrit úr veðmálabók Skagafjarðarsýslu vegna Hofs í Lýtingsstaðahreppi.

16(7) Þinglýsingarvottorð fyrir Lambatungur, dags. 4.7.2008.

16(8) Greinargerð, dags. 11.10.2008.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Merkigils:

17 Kröfulýsing, dags. 21.8.2008.
17(1) Fasteignamatsvottorð fyrir Merkigil, ódags. en mótt. 22.8.2008.
17(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Merkigil, mótt. 25.8.2008
Greinargerð, dags. 13.10.2008. Sjá skjal nr. 9(1).

Lagt fram af óbyggðanefnd:

18 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, dags. 20.5.2009.

Lagt fram af málsaðilum:

19 a-d Yfirlitskort, mælikvarði 1:50.000 í A1. Mál nr. 4/2008. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 5.6.2009.
19 e Kort sem sýnir leiðrétta staðsetningu á punkti nr. 1 í kröfulínu íslenska ríksins, dags. 10.11.2008. Sjá skjal nr. 1(15).

Lagt fram af óbyggðanefnd:

20 20(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 25.8.2008.
20(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 31.8.2008.
20(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 16.9.2008.
20(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 13.10.2008.
20(5) Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 10.11.2008.
20(6) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 2.12.2008.
20(7) Fundargerð endurupptöku, dags. 5.6.2009.
21 Kort og útprentanir af loftmyndum sem sýna upptök og vatnaskil tiltekinna áa, ásamt minnisblaði frá Esther H. Jensen sérfr. hjá Vatnamælingum, dags. 28.1.2009.
21(1) Nánari skilgreining á nokkrum atriðum varðandi vatnaskil og upptök nokkurra vatnsfalla í Skagafirði og Eyjafirði, dags. 29.5.2009.

Hliðsjónargögn:

Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1964. Austur-Húnavatnssýsla, bls. 6–7, 186–189 og 204–207.
Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 2007. Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda, bls. 212–223.
Ónr. Byggðasaga Skagafjarðar III. b. Lýtingsstaðahreppur, bls. 18–19, 23 og 355–362.
Ónr. Göngur og réttir IV. b., bls. 84–85, 92–93, 128–131, 138–139, 146–153, 174–181, 188–191 og 252–257.
Ónr. Göngur og réttir III. b., bls. 268–269 og 296–315.
Ónr. Húnaþing I. b. Húnavatnsþing, bls. 1–3.
Ónr. Húnaþing III. b. Eyvindarstaðarheiði: Heiðamörk og eignarhald, bls. 31–32 og 35.
Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII. b., bls. 352–357, 362, 366 og 368–371.
Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. b., bls. 118–119, 123–124, 143–145, 150–164.
Ónr. Útdráttur úr uppskrift Þjóðskjalasafns Íslands á Jarðamati A-Húnavatnssýslu og

Hegranesþings 1849–50.

Ónr. Íslenzk fornrit I. b. Íslendingabók, Landnámabók síðari hluti, bls. 222–225, 228–235, 250–253, 256–259, 264–267 og 268–273.

Ónr. Skagfirðingabók. Rit sögufélags Skagfirðinga XI. árg., bls. 10–11 og 16–19

Ónr. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenzka bókmenntafélags 1839–1873. Húnavatnssýsla. I.b., bls. 110–111, 116–119.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

Ónr. Dómur Hæstaréttar 29. apríl 1969, bls. 510, í máli nr. 128/1967. Nýjabæjarafréttur.

Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar, dags. 3.6.2004.

Ónr. Auglýsing um staðfestingu á samkomulagi milli Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps um mörk sveitarfélaganna inn til landsins. Stjórnartíðindi, nr. 629, bls. 1829, dags. 21.9.1999.

Ónr. Skýrslur í máli nr. 4/2008 hjá óbyggðanefnd, (17 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).

Ónr. Örnefnaskráning Hofs í Vesturdal. Rósmundur G. Ingvarsson skráði, 34 bls.

Ónr. Örnefnaskráning Hofs í Vesturdal. Margeir Jónsson skráði, 20 bls.

Ónr. Ljósrit af kortum sem lögð voru fram í máli nr. 128/1967 Nýjabæjarafréttur. A) Kröfulínur upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps. B) Kröfulínur Ábæjar og Nýjabæjar.

Ónr. Örnefnaskráning Austurdals. Þormóður Sveinsson skráði, 22 bls.

Ónr. Skjalaskrá hæstaréttarmáls nr. 128/1967. Nýjabæjarafréttur.

Lagt fram til hliðsjónar af Páli Arnór Pálssyni hrl. vegna Þorljótsstaðarunu:

Ónr. Hálendi Íslands – fjársjóður þjóðarinnar. Gefið út af ríkisstjórn Íslands. Ódags. en mótt. 2.12.2008.

Ónr. Hraunþúfuklaustur eftir Margeir Jónsson. Blanda IV. b., 1932–1935, bls. 168–187 auk viðbóta í Blanda V. b., bls. 104–110.

Skjöl lögð fram til upplýsingar fyrir lögmenn:

Skýringar um þau gögn er þegar hafa verið könnuð hjá Þjóðskjalasafni Íslands, ódags. en lagt fram við 1. fyrirtöku.

Samantekt úr Dómabókagrunni Þjóðskjalasafns Íslands. Skrá yfir gögn um jarðir á kröfulista fjármálaráðuneytis, úr dómabókum sem spanna árin 1694–1950. Öxnadals-, Öngulstaða-, Saurbæjar-, Glæsibæjar- og Hrafnagilshreppar í Eyjafjarðasýslu.

Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. um gagnaöflun óbyggðanefndar, dags. 5.6.2007.

Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007 ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl gætu verið varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.

Efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. „Heimildaskráning jarða“, fyrir Skagafjarðarsýslu.

ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 5/2008

Húnavatnshreppur austan Blöndu og

Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár ásamt Hofsjökli

ÓBYGGÐANEFND

19. júní 2009

EFNISYFIRLIT

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 626
2 MÁLSMEÐFERÐ 626
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 626
2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar 626
2.3 Lýstar kröfur og kynning 627
2.4 Mál nr. 5/2008, Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár, ásamt Hofsjökli 628
3 KRÖFUGERÐ 630
3.1 Kröfur íslenska ríkisins 630
3.2 Kröfur Húnavatnshrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Eyvindarstaðaheiðar og Hrauna 630
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 632
4.1 Inngangur 632
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 632
4.3 Vettvangsferð 633
4.4 Skýrslutökur 633
5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA 634
5.1 Landnám og saga 634
5.2 Sýslumörk 635
5.3 Afréttir og afréttarnot 635
5.3.1 Almennt 635
5.3.2 Eyvindarstaðaheiði 638
6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR 662
6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði 662
6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar 662
6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum 662
6.2 Landnám 663
6.3 Eyvindarstaðaheiði og Hraunin 663
6.3.1 Inngangur 663
6.3.2 Sjónarmið aðila 664
6.3.3 Niðurstaða 666
6.4 Hofsjökull 680
6.5 Um málskostnað 681
7 **ÚRSKURÐARORÐ 683**

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

FYLGISKJÖL

I. Kort
II. Aðila- og eigendaskrá
III. Skjalaskrá

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn 19. júní 2009 er tekið fyrir mál nr. 5/2008, Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár ásamt Hofsjökli, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Benedikt Bogason og Hulda Árnadóttir.

Aðilar málsins eru:[1247]
Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendu.
(Andri Árnason hrl.)
Húnavatnshreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður vegna Eyvindarstaðaheiðar og Hrauna.
(Ólafur Björnsson hrl.)

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

m) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
n) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
o) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 29. mars 2007, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á vestanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið sjöunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, var Eyjafjarðarsýsla öll, Skagafjarðarsýsla öll og Austur-Húnavatnssýsla austan Blöndu, auk Hofsjökuls. Í bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3. október 2007, var vísað til nýlegra

[1247] Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

dóma og úrskurða og þeirri fyrirspurn komið á framfæri hvort kröfugerð ríkisins myndi að meira eða minna leyti byggja á sambærilegum málsgrundvelli og í tilvikum Esju og Smjörfjalla. Væri það mat fjármálaráðherra taldi óbyggðanefnd óhjákvæmilegt að fresta umfjöllun um viðkomandi hluta af svæði 7 þar til umrædd afstaða dómstóla lægi fyrir. Í kjölfarið var þess farið á leit fyrir hönd fjármálaráðherra að umfjöllun um svæði 7 yrði skipt þannig að einungis syðri hluti svæðisins yrði til meðferðar nú. Óbyggðanefnd féllst á þessa beiðni fjármálaráðherra með bréfi, dags. 28. desember 2007. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A). Nyrðri hluti hins upphaflega svæðis nefnist nú vestanvert Norðurland, nyrðri hluti (7B).

Landsvæðið vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), afmarkast svo: Norðurmörk fylgja norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps og Seyluhrepps, Norðurá og Norðurárdal, Öxnadalsheiði og Öxnadalsá þar til hún fellur í Hörgá og Hörgá til ósa. Austurmörk miðast við Fnjóská frá ósum þar til hún sker sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar að austan. Þeim mörkum er fylgt til suðurs í Fjórðungakvísl. Suðurmörk fylgja suðurmörkum Eyjafjarðarsveitar og suðurjaðri Hofsjökuls, þar sem jafnframt eru norðurmörk svæða 1 og 3 hjá óbyggðanefnd. Vesturmörk miðast við Blöndu, frá norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps til upptaka í Blöndujökli í Hofsjökli.

Fjármálaráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. desember 2007 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akrahrepps, Fjallabyggðar, Dalvíkurbyggðar, Arnarneshrepps, Hörgárbyggðar, Akureyrarkaupstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grýtubakkahrepps og Þingeyjarsveitar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 28. febrúar 2008 og síðar til 14. mars sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi, syðri hluta, bárust 14. mars 2008. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 28. mars 2008, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Í apríl 2008 barst óbyggðanefnd leiðrétting fjármálaráðherra á þeirri afmörkun umfjöllunarsvæðis sem fram kom í kröfulýsingunni 14. mars en þjóðlendukröfusvæðið stóð óbreytt. Tilkynning um hina leiðréttu afmörkun var birt í Lögbirtingarblaðinu 30. apríl 2008. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því

landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 30. júní 2008. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki, Blönduósi, Húsavík og Akureyri, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík (aðeins mál nr. 1/2008), Sauðárkróki, Blönduósi og á Akureyri, frá 18. júlí til og með 18. ágúst 2008, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 25. ágúst 2008. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í tveimur hlutum og þrjár kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti bárust 107 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

2.4 Mál nr. 5/2008, Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár, ásamt Hofsjökli

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2008, Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðarár ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal; mál nr. 2/2008, Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár; mál nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár; mál nr. 4/2008, Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár, og mál nr. 5/2008, Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár, ásamt Hofsjökli.

Mál nr. 5/2008 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 25. ágúst 2008. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þeir Karl Axelsson, formaður, Benedikt Bogason og Hulda Árnadóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Einnig var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr.

þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Loks var farið yfir fyrirkomulag vettvangsferðar.

Við aðra fyrirtöku málsins, 31. ágúst til 1. september 2008, var farið í vettvangsferð, sjá nánar í köflum 4.3. og 4.4. Í greinargerðinni komu fram breytingar á þjóðlendukröfu ríkisins sem leiddu til þess að ágreiningssvæðum og gagnaðilum fækkaði umtalsvert.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 16. september 2008, var farið yfir lista vegna þeirra jarða og landsvæða sem fallið höfðu út fyrir ágreiningssvæði málsins við breytingar á kröfulínu ríkisins sem fram komu í greinargerð, dagsettri 25. ágúst. Þá var gagnaðilum ríkisins veittur frestur til 13. október 2008 til skila á greinargerðum.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 13. október 2008, voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins og frekari gögn. Tilkynnt var sú ákvörðun óbyggðanefndar að Hofsjökul skyldi falla í heild sinni innan máls nr. 5/2008.

Við fimmtu fyrirtöku, 10. nóvember 2008, voru fleiri gögn lögð fram og farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar.

Aðalmeðferð fór fram 2. desember 2008, á Löngumýri í Skagafirði, og fólst í skýrslutökum og munnlegum málflutningi, sjá nánar í köflum 4.3. og 4.4. Við málflutning kom m.a. fram að lögmenn teldu ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Var málið tekið til úrskurðar að loknum málflutningi.

Loks var málið endurupptekið 5. júní 2009 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3 KRÖFUGERÐ[1248]

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. meðfylgjandi kröfukort: „Upphafspunktur er í Fremri Hraunlæk í landi Goðdala, þar sem lokapunktur var í máli 4/2008 (1). Þaðan er merkjum Goðdalalands fylgt að sunnan og vestan allt norður að suðausturmerkjum Fremri Svartárdals (2). Þaðan er suðurmerkjum Fremri Svartárdals fylgt til vesturs að upptökum Runukvíslar (3). Þaðan til norðurs að suðausturmerkjum Ölduhryggs (þar sem Pollakvísl og Runukvísl mætast við Hrauntungu) (4). Síðan er merkjum Ölduhryggs fylgt til suðurs, með Pollakvísl (Svartárpollar) (5). Þaðan til norðurs í Gullreitsgil (6). Úr Gullreitsgili er haldið til suðvesturs í svokallaða Sandhóla (700 metrar) (7). Þaðan er haldið til norðurs í sunnanvert Vatnafell á Háheiði (8), en þaðan er haldið í upptök Brunnabrekkulækjar (9). Þaðan til vesturs í Aðalmannsvatnalækjarós (10). Þaðan til norðvesturs í svonefndan Arnarhól (11). Úr Arnarhóli er Fossá fylgt til Smjörmoksgils (12). Þaðan er haldið eftir gilinu í Fossárdalsbrúnir (í brúnunum) til norðurs í Hlóðarstein á Fossadalsbrún á móts við Hanskafell (13). Frá þeim stað er síðan haldið til vesturs í Hanskafell (541 metrar) (14) og þaðan áfram til suðvesturs í syðri Austurdal (15) og þaðan áfram í Blöndu (syðra Rolluhvammsgreni) (16) sem er lokapunktur.

3.2 Kröfur Húnavatnshrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Eyvindarstaðaheiðar og Hrauna

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að ofangreindir eigendur Eyvindarstaðaheiði, þ.m.t. svokallaðra Hrauna, hafi beinan eignarrétt að öllu landi sem tilheyrir afréttinum og að viðurkennt verði að landamerki afréttarlandsins séu þessi skv. 1. gr. reglugerðar fyrir upprekstrarfélag Eyvindarstaðaheiðar:

„Til afréttarinnar telst allt það land milli Blöndu og Jökulsár vestari frá heimalöndum og fram til öræfa“.

Verði ekki fallist á aðalkröfu landeigenda er gera umræddir málsaðilar þá varakröfu að hafnað verði þjóðlendukröfu ríkisins varðandi landsvæði það sem þeir telji að sé hluti af heimalandi jarðarinnar Eyvindarstaða, og þar með að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að landsvæðinu, í samræmi við meðfylgjandi

[1248] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna eftirtalinna jarða: Ölduhryggur, Írarfell og Goðdalir. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum, enda hafa málsaðilar gert sátt um fullnaðargreiðslu á lögmannskostnaði. Það á þó ekki við um jörðina Ölduhrygg og kemur hún því til umfjöllunar að því er varðar málskostnað.

afmörkun á framlögðum uppdrætti. „Um ræðir land norðan og vestan línu dregna frá Fossá (p.11) vestur að Galtará og svo niður hana í Blöndulón og svo eftir Blöndu sem ræður út að merkjum milli Eyvindarstaðaheiðar og Rugludals.“

Til þrautavara er þess krafist að viðurkenndur verði „einkaafnotaréttur þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-13 ásamt undirskjölum eða samtals 263 skjöl, auk 27 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins þriðjudaginn 2. september 2008 í fylgd með lögmönnum og tilteknum málsaðilum sem önnuðust leiðsögn.

Ekið var frá Varmahlíð, í mjög góðu skyggni, til suðurs inn á veg nr. 752, Skagafjarðarveg, og af honum beygt til vesturs inn á veg nr. 756, Mælifellsdalsveg. Var hann ekinn suður um Haukagilsheiði og ekinn slóði til austurs í átt að Gilhagadal. Áð var uppi á hæð nálægt punkti nr. 8 á þjóðlendukröfulínu ríkisins og horft yfir Hraunin í mjög góðu skyggni. Áðurnefndur slóði var ekinn til baka til vesturs og aftur inn á veg nr. 756 og ekið til suðurs eftir vegi nr. F734, Ströngukvísl, að Galtarárskála. Frá Galtarárskála var ekið áfram til suðurs að Ströngukvíslarskála þaðan sem staðhættir voru skoðaðir og útsýni og skyggni til allra átta var mjög gott. F734 var ekinn til baka til norðurs og farið var inn á veg nr. F35, Kjalveg, við norðanvert Blöndulón. Þar var ekið út af ágreiningssvæði málsins. Kjalvegur er ekinn suður til Reykjavíkur þar sem ferðinni lauk.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Smári Borgarsson, Goðdölum og Sigursteinn Bjarnason, Stafni.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins

5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu getur varðað, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Er þar að mestu fylgt tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarmálum á svæðinu almennt.[1249]

5.1 Landnám og saga

Samkvæmt *Landnámu* fór Eyvindur sörkvir með Ingimundi gamla til Íslands. Nam hann Blöndudal. Synir hans voru Hermundur og Hróðmundur halti.[1250]

Í Landnámu segir að í Skagafirði hafi verið eitt stærsta landnám á Íslandi. Er það eignað Eiríki Hróaldssyni en hann nam land frá Gilá [Gljúfurá] um Goðdali alla og ofan til Norðurár.[1251] Bjó hann að Hofi í Goðdölum. Í Skagafirði nam einnig Álfgeir land. Hann nam um Álfgeirsvöllu og upp til Mælifellsár. Settist Álfgeir að á Álfgeirsvöllum. Einnig nam land í firðinum Þorviðr og lá hans landnám upp frá Mælifellsá til Giljár. Annar landnámsmaður í Skagafirði var Hrosskell, er bjó á Ýrafelli, en hann nam allan Svartárdal og Ýrarfellslönd með ráði Eiríks. Hrosskell átti þræl er hét Roðrekur og sendi Hrosskell hann eitt sinn upp eftir Mælifellsdal í landaleit suður á fjöll. Um þessa ferð stendur í *Landnámu*:

> Hann kom til gils þess, er verðr suðr frá Mælifelli ok nú heitir Rodreksgil; þar setti hann niðr staf nýbirkðan er (þeir) kölluðu Landkönnuð, ok eptir þat snýr hann aptr.[1252]

Landnám Þorviðar sem nefnt hefur verið er einnig eignað Vékeli en hann nam land ofan frá Gilá til Mælifellsár og bjó að Mælifelli. Vékell frétti af ferð Roðreks og ákvað að fara suður á fjöll í landaleit. Hann kom til hauga þeirra er nú heita Vékelshaugar. Skaut hann milli hauganna en hvarf síðan þaðan aftur. Þegar Eiríkur frétti af þessu sendi hann þræl sinn Rönguð suður á fjöll í landaleit. Ferð þessari eru gerð skil í *Landnámu*:

> Hann kom suðr til Blöndukvísla ok fór þá upp með á þeiri, er fellr fyrir vestan Hvinverjadal ok vestr á hraunit milli Reykjavalla ok Kjalar ok kom þar á manns spor ok skilði, að þau lágu sunnan at. Hann hlóð þar vörðu þá, er nú heitir Rangaðarvarða. Þaðan fór hann aptr, ok gaf Eiríkr honum frelsi fyrir ferð sína, ok þaðan af tókusk ferðir um fjallit milli Sunnlendinga fjórðungs ok Norðlendinga.[1253]

[1249] Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 11. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.
[1250] Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 217-219 og 223-224. (Sturlubók).
[1251] *Íslenskur söguatlas* I. Reykjavík. 1989, bls. 43.
[1252] Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 230-231. (Sturlubók).
[1253] Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 232. (Sturlubók).

5.2 Sýslumörk

Halldór Jónsson skrifar um takmörk Húnavatnsþings sem eru svohljóðandi á móts við Skagafjörð:

> Að austan liggja sýslumörkin sem næst vatnaskilum þeim, er verða á fjallgarðinum milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslna, frá Deildarhamri á Skaga að Einarsdal. Þaðan ræður Svartá upptökum, síðan sjónhending í upptök Ströngukvíslar austan Sátu við Hofsjökul. Sú vegalengd er um 140 km að sjónmáli.[1254]

Eggert Briem sýslumaður í Skagafjarðarsýslu samdi lýsingu á sýslunni á s.hl. 19. aldar. Þar kemur fram að suðurmörk sýslunnar séu fram á öræfi. Í lýsingunni segir ennfremur:

> Mælifell á og allmikið land til fjalla. Fram og upp undan staðnum stendur Mælifellshnjúkur, er hæst fjall er í þessum fjallgarði. Þar fyrir framan liggur Hofsafrétt. Fjalllendi það, er liggur fyrir framan byggð í Skagafirði, og takmarkar sýsluna að sunnan, er Hofsjökull, er öðru nafni heitir Arnarfellsjökull.
>
> Að austan liggur Eyjafjarðarsýsla, og myndar takmörkin fjallgarður, er gengur norður eftir nesi því, er liggur milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, og endar við Almenningsnöf. Einn hluti þessa fjallgarðs er Myrkárjökull, og nokkru norðar Unadalsjökull; liggja sýsluskilin fyrir austan hann.[1255]

5.3 Afréttir og afréttarnot

5.3.1 Almennt

Almennar lýsingar á afréttum svæðisins er að finna í sýslu- og sóknalýsingum fyrir Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Helstu svæði eru sem hér segir:

Í kaflanum um Blöndudalshólaprestakall í *Sýslu- og sóknarlýsingum* Húnavatnssýslu stendur:

> **Afréttir**. Langdælingar, Blönddælingar, Svartdælingar og Refsveitingar reka á Eyvindarstaðaheiði, sem liggur undir Eyvindarstaði í Blöndudal. Þangað reka líka margir Skagfirðingar vestan Héraðsvatna. Réttin stóð á Eyvindarstöðum þangað til 1812. Þá var hún færð að Stafni í Svartárdal, og nú stendur hún þar.[1256]

Kafli er um Bergsstaða- og Bólstaðarhlíðarsóknir í *Sýslu- og sóknarlýsingum* Húnavatnssýslu. Þar stendur:

[1254] Halldór Jónsson, „Húnavatnsþing“, *Húnaþing* I, [Án útgáfustaðar], 1975, bls. 3.
[1255] Eggert Briem, „Sýslulýsing yfir Skagafjarðarsýslu 1863-72“, *Skagfirðingabók* XI (1982), bls. 10.
[1256] Sveinn Níelsson. „Blöndudalshóla prestakall 1839“. *Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags* I - *Húnavatnssýsla*, Akureyri. 1950, bls. 110.

> **Afréttarland** er Stafnsland í Svartárdal. Þangað reka nokkrir Skagfirðingar og fremri hluti Svartárdals. Gegnt yfir frá Stafnslandi fyrir vestan Svartá og Fossdal, er Eyvindarstaðaheiði. Þangað reka Blöndu-, Svart- og Langdælingar. Á Stafnslandi standa sauðaréttirnar. Til þeirra sækja Fram-Skagfirðingar og það af Húnavatnssýslu, sem er fyrir austan Blöndu allt út að Laxá á Skagaströnd. Þær eru haldnar seint í september og eru bæði fjármiklar og fjölmennar.[1257]

Í kaflanum um Mælifells- og Reyjaprestakall í *Sýslu- og sóknarlýsingum* Skagafjarðarsýslu stendur:

> **Afréttir**. Bændur í þessum sóknum reka mest á Eyvinda[r]staðaheiði eða Stafnstungur, öðru nafni Háutungur. Þessi afréttarlönd liggja undir Eyvinda[r]staði í Blöndudal og Stafn, framsta bæ í Svartárdal innan Húnavatnssýslu. Fáeinir bæir héðan reka stundum á svokallaða Hofsafrétt, tilheyrandi Hofi í Skagafjarðardölum. Á fyrrnefndum afréttarlöndum eru lamba- og geldfjárgöngur vanalega byrjaðar á mánudag í 21. viku sumars fram undir Hofsjökli og haldið síðan norður heiðar og fjöll frá byggð og vestur til Blöndu í þrjá næstu daga, dag eftir dag, allt til Stafnsréttar, sem er aðalrétt, og þar réttað á fimmtudag, hvar mikil mergð fólks og fjár oft er saman komin, og er vanalega goldið eitt lamb í toll af hverjum húsbónda. Á næstu helgi þar eftir eru seinni göngur byrjaðar og haldnar líkt sem hinar fyrri, þó er ekki ætíð farið fram undir jökul, ef vel hafa fyrri göngur lukkazt, og standa þá þessar síðari degi skemur.[1258]

Í kaflanum um Goðdala- og Ábæjarprestakall í sömu bók stendur:

> **Afréttir**. Fram af Austurdalnum liggur Nýjabæjarafrétt, brúkuð af Austdælingum, en aðalafrétt Dalamanna liggur undir jörðina Hof, og reka þangað bæði Dalamenn og einstakir fleiri neðan úr Skagafjarðarhéraði; líka reka nokkrir á Eyvindarstaðaheiði […][1259]
>
> **Sel.** Selstöður eiga allir bæirnir í Ábæjarsókn, hver þeirra í tilhýðilegri grennd við heimilið, sömuleiðis í Goðdölum fram við Goðdalsmynni, svo og Gilhagi og Írafell fram á þar samannefndum dölum.[1260]

Sóknalýsing Blöndudalshóla 1839 segir enga bæi á Blöndudal eiga selstöðu. Í Bergsstaðasókn (Svartárdal) árið 1841 áttu flestir bæir gamlar selstöður upp til fjalla, en líklega engar innan kröfusvæðis. Þarna er með Mælifells- og Reykjasókn.[1261]

[1257] Páll Halldórsson. „Bergsstaða- og Bólstaðarhlíðarsóknir, 1839“. *Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags* I – *Húnavatnssýsla*. Akureyri. 1950, bls. 118.
[1258] Jón Konráðsson. „Lýsing Mælifells- og Reykjaprestakalls“. *Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags* II – *Skagafjarðarsýsla*. Akureyri. 1954, bls. 75.
[1259] Jón Benediktsson. „Lýsing yfir Goðdala- og Ábæjarprestakall“, bls. 90.
[1260] Jón Benediktsson. „Lýsing yfir Goðdala- og Ábæjarprestakall“. *Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags* II – *Skagafjarðarsýsla*. Akureyri. 1954, bls. 90.
[1261] Sveinn Nielsson, „Blöndudalshóla prestakall, 1839“, Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenzka bókmenntafélags I – Húnavatnssýsla. Akureyri. 1950, bls. 110.

Fram kemur í sóknalýsingu, *í Sýslu- og sóknarlýsingum*, séra Páls Halldórssonar á Bergstöðum, frá 1841, að engin hlunnindi tilheyri prestakallinu að undanskildum fjallagrösunum sem tekin séu bæði á Eyvindarstaðarheiði, fram á fjöllum í svokölluðum Grasadölum, og í búfjárhögum. En þangað sæki fólk einnig úr kringumliggjandi héruðum. Samkvæmt útgefendum *Sýslu- og sóknalýsinga* er örnefnið Grasadalir fallið í gleymsku.[1262]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum", frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar" og um „afréttarlönd" sem ekki hafi tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.[1263] Bogi Brynjólfsson sýslumaður í Húnavatnssýslu svaraði með bréfi dagsettu 28. apríl 1920. Þar kemur fram að hann hafi aflað sér umsagna hreppstjóra sýslunnar um þetta málefni og sendi með svari sínu umsagnir 10 hreppstjóra.[1264] Svar Guðmundar Erlendssonar, hreppstjóra Bólstaðarhlíðarhrepps, dagsett 18. febrúar 1920 var svohljóðandi:

> Að afrjettin Eyvindarstaðaheiði, sem nú er notuð til uppreksturs afrjettarpeningi Bólstaðarhlíðarhrepps, svo og sveitanna Lýtingsstaðahreppi og hálfum Seiluhreppi í Skagafirði, var áður fyrir hjer um bil 30 árum síðan einstakra manna eign og tilheyrði þá jörðinni Eyvindarstöðum hjer í hreppi, eins og nafn hennar bendir til, en síðan nýnefndar sveitir, sameinuðu sig um kaup á henni, er hún þeirra eign, eptir þeim hlutföllum er hver sveit fyrir sig, lagði fram mikið fje til kaupanna og tilheyrir því ekki lengur neinu sjerstöku lögbýli.[1265]

Kristján Linnet sýslumaður í Skagafjarðarsýslu svaraði sömu fyrirspurn með bréfi dagsettu 14. febrúar 1920. Þar kemur fram að samkvæmt upplýsingum sem hann hafði aflað sér væru:

> [...] ekki aðrir almenningar hjer eða afrjettarlönd af þeim, er um er spurt, en hin svonefndu NÝJABÆJARÖRÆFI austan undir Hofsjökli.[1266]

Svari sýslumanns fylgdu engar umsagnir frá hreppstjórum sem hann virðist þó byggja svar sitt á.

Í sveitarfélagslýsingu Lýtingsstaðahrepps í *Byggðasögu Skagafjarðar III* stendur:

> Hofsafrétt, þ.e.a.s. austurpartur, er hins vegar ótvírætt eign sex jarða í Lýtingsstaðahreppi og vesturparturinn hefur frá öndverðu tilheyrt Hofi í Vesturdal og svo er enn. Auk þess hafa margar jarðir í hreppnum

[1262] Páll Halldórsson. „Bergstaða- og Bólstaðarhlíðarsóknir, 1841", bls. 118.
[1263] Skjal nr. 2 (19).
[1264] Skjal nr. 2 (72).
[1265] Skjal nr. 2 (73).
[1266] Skjal nr. 2 (19).

> allvíðáttumikið fjalllendi innan sinnan heimalanda og nota aðrar afréttir lítt eða ekki.[1267]

5.3.2 Eyvindarstaðaheiði

Eyvindarstaðaafrétt var í eigu Eyvindarstaða á fyrri tímum, og verður því jörðin Eyvindarstaðir skoðuð áður en kemur að umfjöllun um Eyvindarstaðaheiði.

Bessi Brandsson gaf Þórði syni sínum jörðina á Eyvindarstöðum, 90 hundruð að dýrleika, í kaupmálabréfi hans og Járngerðar Gilsdóttur sem bréfað var 3. apríl 1380. Bessi tíundaði það sem jörðinni fylgdi með eftirfarandi orðum:

> [...] jardar spott er fylkt hafde adr bollastodum. aullum skoghe j blondugili med vmmerkium er breckur heita firir ofan þuergeil og afRiett er heita gudlaugstungur oc aunnur afriett j milli kuisla oc þar ofuan tuttugu kugillde oc x. hundrut voru edr voruwirtt. sagde þratt nefndr besse þesse landamerke j medal branstada oc eyuindarstada markgardr sa er þar er stendr j medal en þadan Riettsyne vppaa midian hals. oc suo sudr j markdæle. en ór markdæle sudr a mitt þrælsfell en þesse j millum oc bollastada lækur sa er heiter holagils lækr. oc fellr ofuan j Ruthagha oc framm j blondu. oc vpp or sunnan verdu bolagile oc j þrælsfell þar sem þat er hæst.[1268]

Í skjali frá 1380 stendur:

> Med So ordnu Datumm og articulis, Anno Domini Nomini 1380, ad Ejvindastödumm i Bløndudal, ad Eiga afriett, er GudlögsTúngur heita, og adra afriett, alla a mille kvysla og so heim ad Rugludal, sem Vötn drege á, Blöndu, Blöndugil firer austann med öllumm Skógi, selför á Skynanda, og Reit firer handann Blöndu.
>
> Enn þessi landamerki, millumm Brandstada, og þar, Markgardur Sá, er þar stendur á milli, Enn þadan Riettsynis, uppá midiann Háls, og so Sudur J Markdæli, Enn þá Sudur i Þrælsfell, þa Riettsyni firer Sunnann Jökulgierdi, J Blöndu. Enn umm Jardar part þann er Breckur heita, firer framann Þvergil, og filgt hafdi ad[u]r Bollastødum; Skylldi þar Ráda firer ofann götur þær, er liggia framm epter hálsi, huörki hinar Nedstu nie hinar Efstu. Þar Skylldi og Takast heima form a hálf kyrkunni Tollar og Tyund[i]r allra heima manna og til Sanninda hier umm, Setiumm værssier firskrifader menn Vor [2] Jnnsigli firer Þetta Bréf, giört á Skarde í Lángadal, fimm nóttumm firer Michi[a]ls messu. Anno Domini 1 C D1.[1269]

Tveir menn votta á Skarði í Langadal 25. september 1453 að hafa séð og lesið kaupbréf Einars Þorleifssonar og Jóns Geirssonar. Einar seldi Jóni Guðlaugsstaði að

[1267] Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* III - *Lýtingsstaðahreppur*, bls. 23.
[1268] DI III, bls. 352. Svipaðan texta er að finna í skjali nr. 2 (74) a-b. Ef frá er skilin ólík stafsetning og frávik í orðalagi þá liggur munurinn einkum í því að í staðinn fyrir: „... sunnan verdu bolagile“ stendur: „Sunnann verdu holagili“, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1269] Skjal nr. 2 (74) a-b.

tillögðu Gilsvatni og fékk í staðinn Eyvindarstaði. Báðir menn óskuðu forkauprréttar ef hinn skyldi vilja selja aftur síðar.[1270] Eyvindarstaðir, 80 hundruð að dýrleika, skiptu um eigendur með jarðakaupi Björns Þorleifssonar og Egils Grímssonar frá 11. október 1453.[1271] Í vísitasíu Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Húnavatnsþing frá 1486 kemur fram að bænhúsið á Eyvindarstöðum sé uppistandandi.[1272]

Þorleifur Björnsson seldi Agli Grímssyni Skarð í Langadal fyrir Eyvindarstaði í Blöndudal með bréfi gerðu 6. febrúar 1468. Egill fékk Þorleifi alla jörðina Eyvindarstaði með öllum gögnum og gæðum sem fylgdi jörðinni og fylgt hafði að fornu og nýju að fráskildu því jarðarspotti er hann greindi á um við Árna Geirsson.[1273] Kirkja var á Eyvindarstöðum eins og fram kemur í vitnisburðarbréfi frá 17. maí 1471.[1274] Solveig Björnsdóttir gaf í testamentisbréfi sínu, dagsettu 17. janúar 1495, sonum sínum, Jóni og Þorleifi Pálssonum, jarðirnar Bólstaðarhlíð og Eyvindarstaði fyrir 100 hundruð og 30 kúgilda þar innbyrðis.[1275] Björn Þorleifsson afhenti mágum sínum, í arf systra hans, m.a. jörðina Eyvindarstaði í Flatey 9. október 1498.[1276]

Eyvindarstaðir, 80 hundruðað dýrleika, voru á meðal jarða sem Jón biskup Arason hafði fengið Hóladómkirkju fyrir aðrar sem hann hafði selt undan henni samkvæmt skrá, dagsettri 25. desember 1550, yfir eignir kirkju og stóls eftir Jón biskup Arason fráfallinn.[1277] Eyvindarstöðum bregður fyrir í reikningum Hólastóls frá 1569-1570.[1278] Í dómi sem útnefndur var af Ormi lögmanni Sturlusyni á alþingi, 30. júní 1569, kom fyrir dómsmenn kaupbréf Jóns biskups Arasonar þar sem hann hafði fengið Jóni Halldórssyni Ytra Vallholt fyrir 40 hundruð í Eyvindarstöðum. Dómsmenn dæmdu svo Hákoni Jónssyni 20 hundruð í Eyvindarstöðum fyrir Ytra Vallholt.[1279]

Við sölu á Brandsstöðum og Bollastöðum árið 1606 var minnst á landamerki þeirra og Eyvindarstaða. Þau virðast ekki snerta kröfulínu.[1280]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708 stendur um Eyvindarstaði:

> Afrjett engin nema Eyvindastaðaheiði, sem liggur fram frá Ugludalslandi fyri austan Blöndu. Hjer hefur áður afrjettur verið, vide Selland ut supra.

[1270] DI V, bls. 109-110, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1271] DI V, bls. 116-117, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1272] DI V, bls. 352, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1273] DI V, bls. 515. Sjá einnig vitnisburðarbréf, frá 18. júní 1476, um aðkomu Þorleifs að jörðinni og söluna, sbr. DI VI, bls. 74-75, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1274] DI V, bls. 612, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1275] DI VII, bls. 245, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1276] DI VII, bls. 404. Vitnisburðarbréf um atburðinn var ekki skrifað fyrr en 19. apríl 1530, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1277] DI XI, bls. 868, 875, 879 (þar er talað um 30 hundruð i Eyvindarstöðum). Sjá einnig DI XII, bls. 462 þar sem jörðin er 80 hundruð að dýrleika, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1278] DI XV, bls. 229 og 459, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1279] DI XV, bls. 280, sbr. skjal nr. 2 (B.1).
[1280] Skjöl nr. 2 (75) a-b og 2 (76) a-b.

> Skóg á jörðin í nefndri afrjett við Blöndugil, hefur áður verið nægur til kolgjörðar en er nú gjöreyddur, nema hvað fauska og fornviði má saman tína þar sem skógurinn hefur áður verið.
>
> Torfrista og stúnga næg.
>
> Móskurður til eldíngar hefur verið, meinast nú eytt og brúkast því ei.
>
> Hrísrif bjarglegt til eldiviðar á Blöndugili, en brúkast sjaldan sökum vegalengdar og torfærna, sem á leiðinni eru.
>
> Fuglveiði hefur áður verið á Eyvindastaðaheiði, sjerdeilis af álftum, hefur ei brúkast í margt ár; því aflögð að ekki þótti aflast.
>
> Grasatekja næg á sömu heiði og brúkast árlega, og brúkast þessi grasatekja bæði að norðan og sunnan í leyfisleysi, og þiggur ábúandi hjer önvgan toll fyri, og so hefur verið um lángan aldur.
>
> Selstöðu á jörðin sem brúkast hefur í gamallri tíð á Eyvindastaðaheiði, sem ekki hefur brúkast í manna minni sökum óbærilegrar vegalengdar.[1281]

Við jörðina Selland segir af afrétti, sem nefndur var við Eyvindarstaði hér í lýsingunni að ofan. Honum er lýst svo í Jarðabókinni 1708:

> Afrjett engin og gengur geldfje og lömb í heimalöndum. Áður hefur uprekstur verið, bæði frá þessari jörðu og öðrum í sveitinni, á Eyvindastaðaheiði, en í margt ár hefur þessi upprekstur smásaman aflagst og nú öldungis í næstu tvö ár. Afrjettartollur var meðan upprekturinn varaði, eitt lamb af hvörjum tuttugu, og so þótt fleiri væri, til bóndans á Eyvindastöðum. Ekki þykir mönnum líklegt, að þessi afrjettur muni hjeðan í frá brúkast úr nálægum sveitum fyri grasleysi, því afrjettarlandið er mikinn part uppblásið í holt og sanda.[1282]

Tóftarúsir, *Jökulgerði*. Það ku áður hafa verið þrætuefni milli Eyvindarstaða og Bollastaða, eignað Eyvindastöðum þegar hér var komið sögu. Annað fornt eyðibýli er *Þrætugerði.*

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 29. apríl árið 1739, var upplesin lögfesta Einars ráðsmanns Jónssonar fyrir Eyvindarstöðum og hennar afrétt. Lögfestan dagsett að Hólum í Hjaltadal þann 20. apríl árið 1739.[1283]

Á manntalsþingi að Stóru-Seilu, 23. apríl árið 1763, var lesinn upp samningur um afréttartoll og rekstur á Eyvindarstaða- og Stafnsheiði, á milli ábúandans á Eyvindarstöðum, Jóns Tómassonar og bóndans í Stafni, Péturs Ólafssonar. Skjalið dagsett 21. apríl árið 1763.[1284]

[1281] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Kaupmannahöfn. 1926/Reykjavík. 1984, bls. 356-357.
[1282] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, 354.
[1283] Skjal nr. 2 (148).
[1284] Skjal nr. 2 (149).

Þann 31. maí 1790 bað Eiríkur Jónsson tiltekna bændur að reka lömb sín á Eyvindarstaðaheiði.[1285]

Ásmundur Jónsson bóndi á Silfrastöðum skrifaði konungi, 10. júlí 1797, og bauð honum að hafa makaskipti á jörðunum Eyvindarstöðum og Þorleifsstöðum í Blönduhlíð. Konungur gaf leyfi fyrir makaskiptunum með bréfi dagsettu 17. maí 1799.[1286]

Dómur var kveðinn upp þann 16. september 1813 í deilu Stafns og Evyindarstaða um upprekstrartolla á Eyvindarstaðaheiði. Meðal annars er fjallað um lögfestu er tengist Eyvindarstöðum frá 1. maí 1806.[1287]

Í jarðamati 1804 er getið um ýmis konar hlunnindi í afrétt Eyvindarstaða; þar á meðal svanir, fjallagrös og leigugjöld af afréttarnotum.

> Forrellefangst som ved no. 115.
>
> Svanefangst og Svanefiære, som her erholdes med liden umage i Gaardens Afreet, anslaaes mod Fordeelen af en Koe.
>
> Leilighed, som her haves til at samle Fieldgræs ellr islandsk Mose ansettes mod Fordeel af en Koe.
>
> For Afret betales Opsidderen omtrent 10rd.[1288]

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að Eyvindarstaðir ásamt hjáleigunni Eyvindarstaðagerði í óskiptu heimalandi séu alls 40 hundruða virði, þar af heimajörðin 30 hundruð. Eigi jörðin „Eyvindarstaðaheiði“ sem sé stórt afréttarland, sem nýtt af fleirum og greiða þeir fyrir afnot sín.

> Jörðin á svonefnda „Eyvindarstaðaheiði“, stórt afréttaland fyrir fleiri sveita upprekstur, fyrir fjallatolla, en á móti skyldu að hreinsa heiðarlandið fyrir refagrenjum. [1289]

Á manntalsþingi að Stóru-Seilu, 27. júní árið 1860, var upplesið forboð bændanna á Eyvindarstöðum í Húnavatnssýslu um að setja hross eður fara til grasa á Eyvindarstaðaheiði, að undanskildum þeim, er þangað reka fénað sinn, eður hafa leyfi til. Forboð bændanna dagsett 26. maí árið 1860.[1290]

Í kaflanum um Eyvindarstaði í fasteignamati 1916-1918 kemur fram aðjörðin eigi upprekstur á afrétt, sem er það eina sem kemur fram um afréttarmál jarðarinnar:

> Upprekstur á afrétt, sem er sveitareign. Landamerki þinglýst.[1291]

Landamerkjabréf Eyvindarstaða frá 1887 virðist ekki snerta kröfulínu. Hið sama á við um landamerkjabréf frá 1921 er lýsir merkjum Eyvindarstaða og

[1285] Skjal nr. 2 (101) a-b.
[1286] Skjal nr. 2 (109) a-b.
[1287] Skjal 4 (61).
[1288] Skjal nr. 2 (55).
[1289] Skjal nr. 2 (25)
[1290] Skjal nr. 2 (150).
[1291] Skjal nr. 2 (24).

Austurhlíðar (Eyvindarstaðagerðis). Landamerkjabréf frá 1972 er lýsir merkjum Eyvindarstaða og Austurhlíðar (Eyvindarstaðagerðis) virðist heldur ekki snerta kröfulínu.

Nú er talað um að Eyvindarstaðaheiði liggi á milli Vestari-Jökulsár í Skagafirði og Blöndu. Upphaflega mun heitið Eyvindarstaðaheiði hafa verið takmarkað við vesturhluta þess svæðis. Þá mun Eyvindarstaðaheiði hafa verið eign Eyvindarstaða í Blöndudal en hún var seld undan jörðinni 1859. Þetta landsvæði mun hafa verið notað frá alda öðli til afréttar fyrir sveitirnar á milli Blöndu og Héraðsvatna. Sagnir herma að upprekstur þangað hafi verið heimill öllum sem bjuggu innan takmarka Gönguskarðsár að austan en Laxá að vestan svo sem Blanda og Vestari-Jökulsá ráða.[1292]

Áður fyrr þegar byggð var meiri voru Staðarfjöll, sem nú er sameiginlegt afréttarland sveitanna á milli Blöndu og Héraðsvatna og allt fram að Stóra-Vatnsskarði, talin heimalönd enda nytjuð sem slík og m.a. nýtt til selfara. Þá var því svæði sem nú er kallað Eyvindarstaðaheiði skipt í tvö megin svæði. Annars vegar Stafnsafrétt sem mun hafa náð yfir Háutungur, milli Fossár og Svartár, Svartárbuga og sandana suður af Bugunum, allt fram að Hofsjökli. Hins vegar svæðið þar vestan af eða Eyvindarstaðaheiði sem lá lengi vel undir Eyvindarstaði í Blöndudal.[1293]

Í *Göngum og réttum* eru takmörk þessa landsvæðis svohljóðandi:

> Að vestan Blanda frá upptökum, eins og syðstu kvíslar hennar ráða. Að norðan lína, er dregin er úr Kolluhvammsgreni í Blöndugili um Austurdali við syðra mynni Rugludals í hæstu bungu Hölknafells, og þaðan sjónhending í háaustur á Fossárdalsbrúnir. Ráða svo hæstu brúnir hans í efra enda Smjörmálsgils. Sögn er, að merkin hafi að fornu legið um Hólmavatnsmýrar í Smjörmálsgil, en nú er ekki að fullu víst, hvar þessar mýrar voru. Nú er allt land blásið og að mestu örfoka á þessu svæði en líklegt má telja, að þær hafi verið litlu norðvestar en gilbotninn. Smjörmálsgil [eða Smjörmoksgil, sbr. athugasemd neðanmáls] ræður í Fossá, en hún fram á móti Arnarhól. Úr Arnarhóli liggja merkin austur á Þingmannaháls, en hann skiptir svo merkjum eftir því sem vatn fellur, meðan hann endist. Ræður svo sjónhendning suður á Hraungarð. Ræður hann síðan suður á Hraungarðshaus, og af hæstu bungu hans sjónhending sem framhald af Hraungarðinum suður að Ströngukvísl. Þaðan ræður austasta kvísl hennar að upptökum.
>
> Að sunnan ræður Hofsjökull frá austustu kvísl Ströngukvíslar að syðstu kvísl Blöndu.[1294]

Ofangreind takmörk eru að mestu miðuð við hefðbundið leitarsvæði Bólhlíðinga sem hefur verið talið svo fram á þennan dag. Reyndar er það þannig nú,

[1292] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* III. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri, 1985, bls. 297; Sigurjón Guðmundsson, „Eyvindarstaðaheiði“ *Húnaþing* III, bls. 31-33.
[1293] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* III, bls. 297.
[1294] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* III, bls. 298.

eftir að svæðið komst í eigu núverandi eiganda, að Skagfirðingar leggja til menn a.m.k. í fyrstu göngur. Aðra hluta þess svæðis sem nú kallast Eyvindarstaðaheiði leita Skagfirðingar einir að eftirleitum á Háutungur og í Svartárbuga undanskildum sem eru nær eingöngu farnar af Bólhlíðingum. En í eftirleitum leita þeir talsvert austar með Hofsjökli en fyrrgreind mörk benda til eða allt austur að Eyfirðingahólum, rétt vestan við Vestari-Jökulsá og fram til austustu kvísla hennar.[1295]

Eyvindarstaðaheiði skiptist í þrjá meginhluta, þ.e. Útheiðina, Ásgeirstungur og Guðlaugstungur. Útheiðin skiptist í tvennt „ norðan Galtár“ og „sunnan kvísla“. Hún takmarkast að sunnan af Haugakvísl. Vesturhluti Útheiðar er vel gróinn en í lægðunum á milli berra bungna og ása eru allvíðir flóar sem eru ágætlega grösugir. Það þótti þess virði að heyja flóa þessa þegar byggðin stóð nær þeim en nú. Þannig var t.d. Stóraflá heyjuð frá Fossum og Refsárflói frá Rugludal. Ásgeirstungur eru allmikið landflæmi sem takmarkast af Haugakvísl og Haugahrauni að norðan og austan, en af Blöndu og Ströngukvísl að vestan og sunnan. Sagnir herma að landið að Haugakvísl hafi forðum verið heimaland Eyvindarstaða. Þar segir að Álfgeirsvellir hafi verið gjaldfrjálsir um fjalltolla en engin önnur jörð, sem ekki átti land að afréttinni, mun hafa notið þeirra fríðinda á því svæði sem hér um ræðir. Sögn hermir að Ásgeirstungur hafi verið lagðar til Eyvindarstaða með umræddu skilyrði og það réttlæti gjaldfrelsið. Heiti tungunnar hafi svo afbakast í gegnum tíðina úr Álfgeirstungur í Ásgeirstungur. Talið er víst að Eyvindarstaðir hafi snemma á öldum eignast Ásgeirstungur. Guðlaugstungur afmarkast af Blöndu að vestan en að Ströngukvísl að norðan og austan. Þar var rómað grasatekjuland á meðan að fjallagrös voru nýtt til bjargráða. Svörtutungur eru sunnan og vestan við Guðlaugstungur og eru landfræðilega séð framhald þeira. Landið suður af Guðlaugstungum, allt suður að Hofsjökli, heitir Guðlaugstungnahraun.[1296]

Einu nytjar sem eru að finna á Eyvindarstaðaheiði að frátöldum afréttarhögum er veiði í Blönduvatni sem þó er ekki mikil. Einhver veiði mun einnig vera í Galtará og Haugakvísl. Þar fyrir utan eru það aðeins fjallagrösin en mikið er af þeim í Guðlaugstungum, Ásgeirstungum og víðar. Engar heimildir eru um byggð á heiðinni að undanskildu Eyvindarstaðaseli við Galtará en þar sést móta fyrir seltóftum á syðri bakka árinnar. Þar má einnig finna fjögur leitarmannaskýli. Hið syðsta er við Blöndu í Svörtutungum, nokkru sunnar en Kjalvegur fer yfir Blöndu, en er sjaldan notað í seinni tíð. Það næsta stendur efst í flóa Ásgeirstungna, þ.e. í Áfangaflá. Hann er ætlaður vestasta flokki Skagfirðinga sem verður að leita næturstaðar þar vegna hagleysis á leitarsvæðum sínum. Þriðja skýlið stendur einnig í Ásgeirstungum en nokkru neðar en hið fyrra og stendur skammt frá Ströngukvísl og er notkun þess ekki takmörkuð við neinn einn hóp enda er hann skammt frá Kjalvegi. Loks stendur síðasta skýlið við Galtará og er það mikið notað af leitarmönnum. Lengi vel stóð skáli á

[1295] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* III, bls. 298-299.
[1296] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* III, bls. 299-300, 302-303, 305-306.

vestari Haugnum sem var talsvert notaður af vetrarleitarmönnum.[1297] Athuga ber að hér er landinu lýst eins og það var áður en Blöndulón urðu til.

Fjölmörg refagreni eru á Eyvindarstaðaheiði enda fjölskrúðugt fuglalíf og nóg æti. Þau eru um alla heiðina en innstu grenin eru í efstu grösum Guðlaugstungna og í Svörtutungum. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda grenja á heiðinni:

> Á Háutungum og í Stafnsgili vestanverðu eru sjö greni. Á Þingmannahálsi og Fossadal framarlega eru þrjú greni. Norðan Galtarár eru fjögur greni. Milli kvísla, það er Galtarár og Haugakvíslar, eru þrjú greni. Eitt greni er norðan Ströngukvíslar. Í Guðlaugstungum eru fimm greni þekkt og eitt í Svörtutungum. Það eru því á milli tuttugu og þrjátíu greni sem grenjaskyttur á Eyvindarstaðaheiði þurfa að leita vor hvert og auk þess nokkrir skyndibústaðir tæfu sem vitað er um.[1298]

Brandur Sigurðsson sýslumaður útnefndi sex menn, á þingi á Svínavatni 2. október 1464, til að skera úr um ágreining þeirra Egils Grímssonar og Magnúsar Jónssonar. Egill hafði kært Magnús fyrir að hafa hvorki látið reka lambfé sitt á Eyvindarstaðarheiðar né goldið vanalegan toll eftir gömlum vana. Egill lét lesa upp afrit af úrskurði Einars Gilssonar lögmanns, að norðan og vestan, þar sem hann hafði:

> [...] vrskvrdat alla bendr j mille gavngvskarzar j skagafirde firir vestan votnn ok laxar aa skagastond firir nordan blavndv þa sem eige tiu lavmb edr fleire frialslega j heimild ad reka sinn lambfenad vm svmar j eyvindarstada afrett enn lvka at hausti eitt lamb af rextre eyvindarstadamonnum er af fialle kemr suo framt sem þeir vilia fordazt þa sekt sem vid ligr ad rivfa lavgmanz urskurd.[1299]

Dómsmenn dæmdu Magnús skyldugan að:

> [...] lvka fyrnefndan fialltoll opt nefndvm egle ok alla bendr adra j fyrr savgdv takmarke at frialsv reka ok lvka optt nefndan toll til eyvindarstada epter þvi sem fyrr skrifad stendr at heyrdvm þessvm vorvm dome.[1300]

Páll Grímsson sýslumaður útnefndi sex menn, á þingi í Engihlíð 16. febrúar 1538, til að rannsaka og leggja dóm á mál þeirra Jóns Halldórssonar og Þorláks Þórissonar. Jón hafði kært Þorlák fyrir að hafa hvorki rekið fé sitt á Eyvindarstaðaheiðar né goldið toll eftir gömlum vana. Jón lét lesa upp fyrrnefndan úrskurð Einars Gilssonar lögmanns að norðan og vestan og dómsmenn dæmu Þorlák:

> [...] skylldugan. og alla adra þa sem byggia edr bua j þessu tackmarke skyllduga epter logmannzins vrskv(r)de at reka sitt lammbfie a eyuindastada heidar. og luka ath hausti eit lamb. þeir sem ætti x fleira. at frafærum joni halldorssyni eda þeim. sem logradannde væri eyuindastada. somvleidis þeir

[1297] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* III, bls. 302, 313.
[1298] Sigurjón Guðmundsson, „Eyvindarstaðaheiði“ *Húnaþing* III. 1989, bls. 58.
[1299] DI V, bls. 434, sbr. skjal nr. 2 (B.1) og skjöl nr. 2 (A.2.4. a-d) og 2 (20) a-b.
[1300] DI V, bls. 434, sbr. skjal nr. 2 (B.1) og skjöl nr. 2 (A.2.4. a-d) og 2 (20) a-b.

> sem heima geyma edr annars stadar reka. skulu bæde suara tolli og suo gongu epter logum. Enn ef þeir reka sem færri eigu enn .x. svari huorcki tolli ne gaungu. Enn þeir sem ei hafa tollinn golldit edr halldit vppi þessvm rekstri epter logum (ad) forfallalavsu svari kongdominvm sem þeir hafi rofit logmannz vrskurd. enn joni savd med alldri badi adr og suo vpp hedann. þar til er hann er verdr halfrar merkr. þa dæmdum vier fyrr greindum joni halldorssyni fiorar merkr j fullretti. og kongi domrof iiii merkr sie enn þessi domr rofinn.[1301]

Sýslumaður samþykkti dóminn og setti innsigli sitt undir hann ásamt dómsmönnunum.

Þann 6. maí 1686 skipaði Þorsteinn Benediktsson sýslumaður svo fyrir að tveir dómar frá 1464 og 1538 um lambafjárrekstur og lambatolla á Eyvindarstaðaheiði skyldu standa. Skipunin var þinglesin 1686 og 1772.[1302]

Minnst er á Eyvindarstaðaheiði í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í tengslum við jarðirnar Eyvindarstaði, Rugludal, Seljabrekkur/Selland, Skeggstaði (vísað í Selland einnig), Mjóadal og Móberg í Langadal.[1303] Einnig kemur heiðin mjög víða fyrir í mörgum jarðalýsingum, þar sem vísað til sömu réttinda og á fyrri jörð sem getið er.

Lýsingar á afréttum sem tengjast Eyvindarstaðaheiði eru víða í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, bæði í Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu. Þetta eru svæðin: Rugludalur, Seljabrekkur/Selland, Skeggstaðir, Fossar, Kongsgarður,Stafn, Bergsstaðir, Mjódalur, Móberg, Krithóll og Mælifell. Verður vikið að þessum svæðum hér fyrir neðan og tekið upp það sem Jarðabók segir um afréttirnar.

> *Rugludalur.* Afrjett engin og gengur geldfje í heimalandi; áður hefur verið upprekstur á Eyvindastaðaheiði, vide Selland.[1304]

> *Seljabrekkur/Selland.* Afrjett engin og gengur geldfje og lömb í heimalöndum. Áður hefur upprekstur verið, bæði frá þessari jörðu og öðrum í sveitinni, á Eyvindastaðaheiði, en í margt ár hefur þessi upprekstur smásaman aflagst og nú öldungis í næstu tvö ár. Afrjettartollur var meðan upprekturinn varaði, eitt lamb af hvörjum tuttugu, og so þótt fleiri væri, til bóndans á Eyvindastöðum. Ekki þykir mönnum líklegt, að þessi afrjettur muni hjeðan í frá brúkast úr nálægum sveitum fyri grasleysi, því afrjettarlandið er mikinn part uppblásið í holt og sanda.[1305]

Umsögn um fyrrverandi upprekstur á Eyvindarstaðaheiði virðist gilda um allar jarðir í Bólstaðarhlíðarhreppi út að Gautsdal og Strjúgi (með hjáleigum). Sömuleiðis um jarðir þær í Engihlíðarhreppi, sem eru í Langadal og jafnvel allur hreppurinn.

[1301] DI X, bls. 343-344, sbr. skjal nr. 2 (B.1) og skjöl nr. 2 (A.2.4. a-d) og 2 (20) a-b.
[1302] Skjal nr. 2 (20) a-b.
[1303] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 353, 354, 356, 362, 384, 400.
[1304] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, 353.
[1305] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 354.

Upprekstur í Stafnsland, Háutungur og Tjarnagil, virðist hafa verið almennur úr Svartárdal, Staðar- og Seyluhreppum og frá flestum bæjum í Lýtingsstaðahreppi. Sjá einkum Skeggsstaði, umsögn um Staðar- og Seyluhreppa og Krithól.

Skeggsstaðir:

Afrjett hefur áður verið á Eyvindastaðaheiði sem áður segir um Selland, en nú í margt ár aflögð, en brúka upprekstur bæði frá þessari jörðu og öðrum í Svartárdal, sjerdeilis í tvö ár á Stafnsheiði, og gelst hjer afrjettartollur, eitt lamb af hvörjum tuttugu, til bóndans í Stafni, og so þótt einn maður eigi fleiri þá gelst ei framar.[1306]

Fossar:

Afrjett er hjer alt um kríng, sem brúkast nú almennilega úr sveitinni, en ábúandi tekur þó öngvan afrjettartoll. [1307]

Kongsgarður:

Þetta býli stendur í sama afrjettardal og Fossar, og er því sama ásigkomulag þessara býla, í þann máta, að það eru ei lögbýlisjarðir. [...]

Afrjett er hjer alt um kríng sem segir um Fossa, en öngvan afrjettartoll tekur ábúandi, heldur gjaldast þeir til heimabóndans í Stafni.[1308]

Stafn:

Afrjett á jörðin fyri vestan Svartá að Fossá, sem kallast Háutúngur, og tekur bóndinn afrjettartoll af hvörjum sem þangað rekur, eitt lamb af hvörjum tuttugu og ei meiri, þó fleiri sjeu lömbin, en ef færri eru er eftir samkomulagi, oftast tveggja álna virði til tíu, sjeu færri þá gelst ei fyri. [1309]

Bergsstaðir:

Afrjett á staðurinn á Fossárdal, þar sem Fossar standa og so hinumegin, en öngvan afrjettartoll hefur presturinn tekið í margt ár; er þó rekið í þennan afrjett og Háutúngur almennilega úr sveitinni lömb frá hvörjum bæ, vide Stafn ut supra.[1310]

Mjóidalur:

Afrjett fyri vissan toll brúkar jörðin á Víðidal sem aðrar jarðir á Laxárdal, en áður hefur upprekturinn brúkast á Eyvindastaðaheiði ut supra.[1311]

Móberg:

[1306] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 362.
[1307] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 368.
[1308] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 369.
[1309] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 370.
[1310] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 376.
[1311] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 384.

> Afrjett segja menn að jörðin hafi áður brúkað (so sem öll þessi sveit) á Eyvindastaðaheiði fyri vissan toll, en hefur aflagst sökum vegalengdar og grasleysis á fjallinu og því ekki brúkast margt ár. En síðan hefur þessi jörð og flestar aðrar í sveitinni brúkað afrjett þann, sem liggur í Reynisness-staðarklausturs landi, sem kallast Víðidalur, fyrir sín lömb... [1312]

Staðar- og Seyluhreppar:

> Um allar framanskrifaðar jarðir í allri þessari sveit [þ.e. Staðar- og Seyluhreppum í Skagafirði] er að athuga, að sveitin öll hefur til forna upprekið á Evindarstaða afrjett eður Tjarnargil, og hefur tollur fyrir komið, lamb af rekstri hverjum. Enn reka margir í þessari sveit á Tjarnargil og gjalda fyrir áður ákveðinn toll. En á Eyvindastaða afrjett hefur aldrei rekið verið í manna minni úr þessari sveit. Þeir sem ekki reka á Tjarnargil reka nú í eigin lönd og eyjar og ýmsa staði, og þeir úr Staðarhreppnum flestir á fjallland það, er kallast Ranghali og hafa það frí.[1313]

Krithóll í Lýtingsstaðahreppi

> Lambaupprekstur á Tjarnargil (það er land jarðarinnar Stafns í Svartárdal í Húnavatnssýslu) brúkar þessi jörð og margar aðrar hjer í sveitinni nú um lángar stundir, og gjalda lamb af rekstri til Stafns ábúanda. En gömul skjöl og dómar segja menn að skyldi þessa sveit til lambaupreksturs á Eyvindarstaðaheiði, (sú jörð er í Blöndudal í Húnavatnssýslu) fyrir eins toll, lamb af rekstri. Það hefur um lángar stundir ekki brúkast.[1314]

Má skilja af Jarðabókinni að það, sem segir um Krithól, hafi gilt um mikinn hluta Lýtingsstaðahrepps.

Mælifell.

> Lambaupprekstur á Tjarnargil, sem menn segja öðru nafni kallist Háutúngur, brúkar staðurinn, og hafa prestarnir ekki goldið afrjettartoll í því skyni að afrjettarfje gángi og á land staðarins.[1315]

Um Álfgeirsvelli, Héraðsdal og Ýrarfell kemur fram í lýsingu þeirra jarða.

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 22. apríl árið 1763, var lesinn upp samningur á milli ábúandans á Eyvindarstöðum Jóns Tómassonar og bóndans í Stafni Péturs Ólafssonar um afréttarrekstur á Stafns- og Eyvindarstaðaheiðar. Innbyggjendur Lýtingsstaðahrepps hafna samningnum, en vilja samþykkja hann ef Seiluhrepps innbyggjendur ráði í Stafnsafréttarlandi frekar en á Eyvindarstaðaheiði. Samningurinn er dagsettur 21. apríl 1763.[1316]

Þann 14. júní 1773 lögfesti Sveinn Pétursson umboðshaldari í Svínadals-umboði Eyvindarstaðaheiði. Í lögfestunni stendur:

[1312] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 400.
[1313] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 106.
[1314] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 108.
[1315] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 119.
[1316] Skjal nr. 2 (135).

> Lógfesti nu i dag alla Eivindastadar Heide millum Þeirra umm merkia sem effter filger. First ad Nordann verdu i Sydre Endann ä Rugludals büngu þadann Hanska fell. Þadan i þann Hlöda Stein sem stendur a Fossa dals brün. Beinleides þadann i Hoolma myrar votn, og þadan til Austurs i Adalsmanns vatna Lækiaroos, Rædur so Lækurenn til Svartár og so framm Svartä i Svórtu Tiórn, Þadann beinleides stefnu til Jókuls, rædur so Jökull til Blóndu upptaka. Rædur So Blanda til FirrGreindrar Ruglu dals bungu. Fyrer byd eg hvorium manni so vel innan Syslu sem utann bruka edur beita, Hrys rif ad vinna edur nockurt hagrædi sier ad nyta innan nefndra landamerkia þad Logum er a moti nema mitt edur a buandans ä Eivindarstodum sie skriflegt leifi til. Biggest þesse Lógfesta a Gömlum dom og Documenter sem eg i Hondum hefe hvor Frammvysast skulu a sinne Tyd ef nockrer hier a moti gióra. Hier med til bijdst ecke einasta Helldur tilseigest ollum sem Fiar rekstur lamba bruka effter Lógum, ad reka syn lómb ä Eivindarstada Heidi effter [gamalli] veniu og giordum dömum þar um til forna, giore nockur hier ä möti giefe bondenn nu verandi a Eivindarstódum velforsoktur Jon Thumasson mier þad til kinna.[1317]

Þann 11. maí 1776 lögfesti Jón Árnason umboðshaldari í Svínadalsumboði Eyvindarstaðaheiði. Í lögfestunni, sem er keimlík þeirri frá 1773, stendur:

> Lögfeste hier med alla Eivindarstadarheide, innann þeirra Takmarka sem hier effter greiner. Ad Nordannverdu i Sydre Endann á Rugludalsbungu, þadann Rettsÿne til austurs i Handska fell, Þadann i þann Hlódastein sem Stendur á Fossadalsbrún, beinleides þadann i Hólmamyrar Vatn, og þadann Rettsynes i Adalsmannvatna Lækiar Ós. Rædur so lækurenn til Svartár, enn áenn rædur allt framm i Svörtu Tiörn, þadann beinleides Stefnu til Jökuls, Rædur so Jökullenn til Blöndu upptaka, Enn Blanda rædur ad Sunnann og Vestann allt gegnt fyrstskrifudu ör nefne. Fyrerbÿd eg hvöriumm manne sovel innann Sÿsslu sem utann ad bruka edur beita, edur nockurt hagræde sier ad nÿta innann Nefndra Landa Merkia, Sierdeiles Fyrer bÿd Eg Hrísrif, Kolagiörd, og Hrossa upprekstur, samt Sierhvöria adra lögum gagnstæda brukun a nefndre Heide, nema Mitt edur ábuandans á Eivindarstödum, sie skriflegt leife til. Byggest þesse lögfesta á gömlum dómum og Documenter sem Eg i Höndum hefe, hvör frammvýsast skulu a sinne Týd, ef Nockrer hier i móte giöra. Hier med tilbýdst ei alleinasta, heldur alvarlega tilseigest, öllum sem Upprekstur Lamba brúka effter Lögumm, ad Reka sín Lömb á Eivindarstada Heide, effter gammallre Veniu og giördumm Dómumm til forna, er til skyllda alla ábuendur i Millum, Blöndu og Heradsvatna frá Laxaa á Skagaströnd ad Vestann, enn Gaunguskardsá ad austann, sin Lömb á Eivindarstadarheide ad reka, samt Veniulegumm Fiallskilumm uppe ad hallda.[1318]

[1317] Skjal nr. 2 (21) a-b.
[1318] Skjal nr. 2 (22).

Þann 31. maí 1790 bað Eiríkur Jónsson á Eyvindarstöðu bændur á svæðinu frá Héraðsvötnum út að Gönguskarðsá að austan allt til Blöndu og út að Laxá að vestan að reka lömb sín á Eyvindarstaðaheiði. Bréfið er stílað á sýslumann Björn Jónsson. Beiðni hans var svohljóðandi:

> So sem gömul Skilrýke og Lögsamder dómar, sem liggia í Stifttkistunne á Hólumm i Hialltadal, og so vel hier á Bolstadar hlidar-, sem Eingehlídar-, samt Lítingsstada- og Seilu-þingumm Upplesenn og Uppáskrifud, tilhallda öllumm búande Mönnumm frá Heradsvötnumm utad Gaunguskardsá ad austann allt til Blöndu utad Laxá ad Vestann, sem eiga 10 lömb á Frá færumm og þadann af fleire, ad Reka sin lömb árlega á Eivindarstada Heide, so sem Lög afrett, hvad umm nockur Undannferenn ár vissra og lika vel mier óliósra orsaka Vegna forsómast og undanndreigest hefur; So bid Eg hier med vinsamlega, alla búande menn innann hiertilgreindra takmarka ad vestannverdu, ad þeir villdu á nu yferstandande Sumre og eftter dags þeckia og Rækia Skylldu sina, á því, ad reka sín lömb á nefnda Eivindarstada Heide, So sem Lög afrett, samt audsyna þau Skil en vor gömlu Landslög Sier hvöriumm þeim á hendur seigia, er Skylldu Upprekstur á Lög afrett eiga; enn Eg tilbyd mig og lofa hier med ad standa i þeim Skilumm sem einumm afrettar bónda ber, epter sem Eg hefe frekast Efne og kraftta til, bæde í því ad hreinsa afrettenn, sem og láta Fiár Rettena vera i Forsvaranlegu Stande, ad hlutadeigendur gete i Sundurdreiged sinn Lömb án hindrunar, sem af minne vanrækt og Forsómun orsakast kinne. Bid Eg hier med þienustusamlega ad herra Sysslumadurenn villde láta þessa mina begiæring upplesa og auglýsa so vel á Bólstadar- sem Eingehlidar þíngumm, og uppáskrifa, samt áminna bændur i tilgreindu plátze hier i Sysslu, ad eftterlifa, þeim uppálagder Löglegre Skylldu i tiedu efne.

Fyrir aftan bréfið kemur fram að því hafi verið þinglýst 1. júní 1790. Einnig er ritað á bréfið að það hafi verið lesið á manntalsþingi 1. maí 1879. Getið er hvernig bændur brugðust við bréfinu:

> Upplesed og uppáskrifad fyrer manntalsþings Riette ad Bolstadarhlíd þann 31[a] Maii 1790, og lofa flester af næstverande þingsóknar mönnum ad fullnægja sinne hier ad framann anfærdre Skyldu, i ad Reka á afrettenn og syna öll Fjallskil, enn hiner fáu, sem vegna Fjarlægdar og annarar óhægdar treistast ej til ad Reka, lofa ad betala Fjalla Tolla eda syna afrenttar bóndanum adra eins þægd.[1319]

Ásmundur Jónsson bóndi á Silfrastöðum skrifaði konungi, 10. júlí 1797, og bauð honum að hafa makaskipti á jörðunum Eyvindarstöðum og Þorleifsstöðum í Blönduhlíð. Þorleifsstaðir voru 60 hundruð að dýrleika og með fylgdu hjáleigurnar Mosagrund og Vaglagerði. Eyvindarstaðir, sem tilheyrðu Hólabiskupsstól, voru hins vegar 40 hundruð að dýrleika en þeim fylgdi víðfemt beitiland sem hentaði vel til

[1319] Skjal nr. 2 (101) a-b.

fjárreksturs. Ásmundur segir að sér bjóðist Eyvindarstaðir til leigu en hann vilji ógjarnan gerast leiguliði. Hann telur upp kosti þess að makaskiptin fari fram og bendir á að á Þorleifsstöðum sé dugmikill ábúandi, jörðin liggi í betra og gróðursælla landsvæði, sé nær biskupsstólnum og gefi af sér hærri tekjur. Eyvindarstaðir séu hins vegar að öllu leyti lélegri jörð að undanskildu hinu víðfeðma beitilandi sem Þorleifsstaðir bæti þó margfalt upp með betri túnum og engjum. Sigurður Stefánsson

Hólabiskup gaf álit sitt á makaskiptunum með bréfi dagsettu 21. september 1797. Hann sagðist ekki hafa neina ástæðu til að hindra makaskiptin en vóg og mat kosti og galla þeirra og benti m.a. á að nautgriparekstur til fjalls á svokallaða Eyvindarstaðaheiði ætti að geta verið tekjustofn fyrir biskupsembættið. Hann óskaði hins vegar álits Stefáns Þórarinssonar amtmanns á makaskiptunum. Álit Stefáns er dagsett 24. október 1797 en þar mælir hann með makaskiptunum enda hafði hann aflað nánari upplýsinga hjá sýslumanni um kúgildi og tekjur jarðanna. Hann ræðir kosti og lesti og segir það rétt að Eyvindarstaðir séu víðfeðm fjalllendisjörð, þ.e.a.s. þeim fylgi beitarland til fjalls. Það hafi hins vegar aldrei nýst biskupsstólnum því not þess fylgi jörðinni og sé því nýtt af leiguliðanum sem beitiland fyrir kvikfénað hans. Stefán amtmaður mælti því með makaskiptunum og taldi þau hagstæð fyrir báða aðila. Konungur gaf loks leyfi fyrir makaskiptunum með bréfi dagsettu 17. maí 1799.[1320]

Dómur var kveðinn upp þann 16. september 1813 í deilu Stafns og Evyindarstaða um upprekstrartolla á Eyvindarstaðaheiði:

> Að hvörnin sem upprekstri er hagað á heið~~ina~~ [annar skrifað ofan línu] þó að eitt ár sé rekið flestallt fé á Eyvindarstaðaheiði en hið annað á Stafnsland skulu Tollarnir af báðum heiðunum skiptast í jafna tvo hluti og Taki sinn helming hvör Eyvindarstaðabóndi, og Stafnsbóndi; en í sjálfræði skal þeim vera, hvort þeir telja menn í sundur, og taka hjá sínum flokki hvör, eður þeir safna öllu í eitt og skipta svo í tvo hluti; en svo skal skiptum haga; að sitt ár skipti hvör, en hinn skal kjósa sem ekki skiptir, eður ef þeir vilja leggja á hlut er þeim eins rétt.[1321]

Deilendur sættust á dóminn. Í dómsskjölunum er vísað í lögfestu frá 1. maí 1806. Þar segir:

> Eyvindarstaðabóndinn leggur alla Eyvindarstaðaheiði sem er mykill alheimur, hvörja Blöndudælinga og Svartdælinga heimalönd afskera að Norðann, mjög nærri byggðumm. Blanda að Vestann og sunnann þá Jökullinn að suð austann, beinlínis undann honum á Brunnabrekkubrúnir, þar norðeptir móti Aðalsmannsvatnslæk, þar þvert yfir í Lækinn. Úr honum og yfir þver Aðalsmansvötn til Fossadalsbrúna vestari, stemmir þá Hanskafell síðast.[1322]

Einnig er vísað í lögfestu frá 6. júní 1794. Þar stendur:

[1320] Skjal nr. 2 (109) a-b og *Lovsamling for Island* VI, bls. 366-367.
[1321] Skjal 4 (61).
[1322] Skjal 4 (61).

> [...] allt Stafnsland að fráteknum Töðum og Eingjum, fra garðinum á Kúfahlaðaklifi, og a Fjall upp til austurs gégnt svokolluðumm Þrepskjölum í Kiðaskarði. Þaðann beint í Svarta gil síðann í Svartá til vesturs; allar Háutungur milli Fossár og Svartár framm í Aðalsmannsvatnalæk, og þar þvert yfir vötninn í áðurnenfda Fossá. – og Stafns Teiga frá því gégnt réttinni gömlu og stemmir síðast á Línghól.[1323]

Á manntalsþingi að Stóru-Seilu, 22. júní árið 1807, var upplesin dómsafskrift fyrir Eyvindarstaðaheiði, hverri þingsmenn sögðust protestera að gild væri eður gilda myndi, þá.[1324]

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 28. maí árið 1823, var lesin upp lögfesta fyrir Eyvindarstaðaheiði og svar uppá hana.[1325] Árið eftir, á manntalsþingi að Stóru-Seilu, 15. maí árið 1824, var upplesin klögun yfir rekstrarleysi á Eyvindarstaðaheiði.[1326]

Fundur var haldinn 23. apríl 1853 á Bergsstöðum í Svartárdal til að ræða upprekstur á Eyvindarstaðaheiði:

> Mættu á þessum fundi Hreppsstjóri Sgr Guðmundur Arnljótsson á Guðlaugsstöðum, vegna Sgr Ólafs Thómassonar á Eivindarstöðum og sona hanns, hvartil þessir áður höfðu gefið honum fullmakt; Einnig mætti bóndinn Sgr Jón Sigurðsson í Stafni; Enn á aðra hlið mættu Hreppstjórarnir úr Bólstaðarhlýðar, Seilu, og Lítingsstaða hreppum. Var þá fyrst framlagður samningur dagsettur 19. Febr. Næstl. sem gjörður var milli Sgr Ólafs og þessara hreppsstjóra, fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem heiðina brúka, og var hann á ní staðfestur og álitinn af báðum hlutaðeigendum gyldandi skjal.
>
> Þar næst var tekið til umræðu hvörjar Jarðir skyldu vera fríteknar frá Lambatolls gjaldi. Vegna átroðnings af afréttarpeningi; og af því þær eiga stór lönd liggjandi að afréttinni, voru þær þessar að vestan: Bollastaðir, Selland, Rugludalur, Steiná, Steinárgerði, Hóll, Stafn, Fossar, og Kóngs garður; enn að norðan: Túnguháls, Goðdalir, á meðan þessara jarða ábúendur, reka í sín heimalaönd og þar að auki Ölduhryggur, Ýrafell, Gilhagi, Mælifell, Hamarsgerði og Reykir, Voru allir hlutaðeigendur þessu samþykkir. Sömuleiðis var tekið til umræðu samkomulag um fjallatollagjald, milli Stafns og Eivindarstaðabónda, var þar um ályktað: að Eivindarstaðabóndi skyldi einn taka á móti öllum fjallatollum, og af þeim afhenda strags við réttina Stafnsbónda 35 lömd, fyrir Réttarstæði, land og annan átroðning við réttina, og ef lambatollar, gjaldast fleiri eða færri enn áttatýu, sem fundarmenn héldu mundi geta verið meðaltala; þá skyldi í Ólafs hlut falla tveir hlutir; enn einn þriðjungur í hlut Stafnsbónda af þeim tollum sem verða yfir eða undir 80 –

[1323] Skjal 2 (31) a-b.
[1324] Skjal nr. 2 (136).
[1325] Skjal nr. 2 (137).
[1326] Skjal nr. 2 (138).

líka afsalaði Stafnsbóndinn sér, til Eivindastaðabónda umráðum heiðarlands, síns, hvað brúkunarleifi og bann áhrærir.[1327]

Jón Sigurðsson, bóndi í Stafni, skrifaði undir bréfið. Það gerðu einnig G.[uðmundur] Arnljótsson, vegna Ólafs [Tómassonar og sona hans], E. Gottskálksson, hreppsstjóri Seyluhrepps, S. Guðmundsson, hreppsstjóri Bólstaðarhlíðarhrepps, og Tómas Jónsson, hreppsstjóri Lýtingsstaðahrepps.

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 15. maí árið 1861, var samþykkt og ákveðið, að þeir sem ættu lönd að Eyvindarstaðaheiði frá Ölduhrygg út að Mælifelli skyldu ganga og hreinsa heimafjöllin á haustum í félagi og færu allir fram fyrir, en við Gilhagasel skyldu bætast við þá 8 menn úr Tungusveitinni og Goðdalasókn utan til, en Goðdalafjall, Goðdaladalur og Runa skyldu gangast frá Svartárdölunum, Ánastöðum, Tunguhálsi og Goðdölum.[1328] Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 30. maí árið 1862, var þinglesið samþykktarskjal, viðvíkjandi upprekstri fénaðar og hrossa á Eyvindarstaðaheiði og Stafnsafrétt, ásamt byggingu á réttum þar.[1329] Á manntalsþingi að Stóru-Seilu, sem fór fram degi síðar en að framan greinir, var auglýst samþykktarskjal, viðvíkjandi upprekstri fénaðar og hrossa á Eyvindarstaðaheiði og Stafnsafrétt, sem og um byggingu Stafnsréttar.[1330]

Í aukarétti á Reynistað, 5. apríl árið 1873, óskaði J. F. Sigvaldason eftir því að spyrja vitni um fjallskil Laxdæla í Hlíðarhrepp að undanförnu, til upplýsingar í því máli er hreppstjórinn í Hlíðarhrepp hafði höfðað í Húnavatnssýslu gegn honum og fleiri mönnum. Jón Benediktsson í Hróarsdal bar að einungis Skagfirðingar hefðu gengið svonefnd Laxárdalsfjöll og vestur undir bæi. Einnig bar hann að Laxárdalsfjöll hafi jafnan verið hreinsuð áður en fé kæmi heim af Eyvindarstaðaheiði, og gengu norðanmenn þá Laxárdalsfjöll líka í seinni göngum. Jón lýsti svo takmörkum Laxárdalsfjalla og þeim jörðum sem þar eiga land að, en kvaðst ekki geta lýst fjallskilum Laxdæla á Eyvindarstaðaheiði. Vigfús Vigfússon á Geirmundarstöðum bar að Laxárdalsmenn hefðu yfirleitt gengið Laxárdalsfjöllin með Skagfirðingum. Vigfús lýsti einnig takmörkum Reynistaðafjalla og þeim jörðum sem þar eiga land.[1331]

Aukaréttur var haldinn að Dúki sama dag í þessu máli, hvar framhaldið var vitnaleiðslum áhrærandi fjallskil Laxdæla í Hlíðarhreppi. Þorbergur Jónsson bóndi á Dúki og fyrrum hreppstjóri kvaðst ekki geta borið um upprekstur á Staðarfjöll fram til 1818, en á þeim tíma hafi a.m.k. nokkrir rekið fram á Eyvindarstaðaheiði en frá 1818 hafi almennt verið rekið á Staðarfjöll af Skagfirðingum, sem áttu land að fjöllunum og af Langholti og úr Hegranesi, en um Laxdæli og Skarðamenn úr Bólstaðarhlíðarhreppi geti hann ekkert víst borið fyrr en árið 1837, er hann varð hreppstjóri í Staðarhreppi, en þá hafi Laxdælir yfir höfuð rekið hér í fjöllin og gert fjallskil til Staðarréttar og því

[1327] Skjal nr. 4 (63).
[1328] Skjal nr. 2 (139).
[1329] Skjal nr. 2 (140).
[1330] Skjal nr. 2 (141).
[1331] Skjal nr. 2 (142).

hafi þeir framhaldið síðan, að fráteknum bændunum í Þverárdal, sem ýmist hafi verið í norður fjöllin eða fram á heiðar og það hafi kannski líka stöku sinnum viljað til að það hafi verið rekið frameftir svo sem sé í bili af einstaka manni á öðrum bæjum í Laxárdal; honum sé það ekki fullkunnugt. Vitnið var spurt nánar um takmörk Reynistaðafjalla og eignarhald á því. Þorbergur sagði að 15–16 manns hafi gegnið Laxárdalsfjöllin á hverju hausti, í sinni hreppstjórnartíð, flestir að norðan.[1332]

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum, 30. maí árið 1874, er þinglesið skjal frá afréttarbóndanum Bjarna Ólafssyni á Stafni í Húnavatnssýslu, er skýrir frá því, að svo framarlega sem þeir Skagfirðingar er reki fénað sinn til Eyvindarstaðaheiðar, skilji hann eftir fyrir austan Svartá á Stafnsgili og utar á gilinu að vestan en í svokölluðum Sveig, þá finni hann sig orsakaðan til að kæra þá hina sömu fyrir hlutaðeigandi yfirvaldi. Skjal Bjarna er dagsett. 27. maí sama ár.[1333] Á manntalsþingi að Stóru-Seilu, 1. júní sama ár, var þinglesið skjal Bjarna Ólafssonar á Stafni, sem tiltekur takmörk fyrir upprekstri Lýtingsstaða- og Seiluhreppsmanna, á Eyvindarstaðaheiði.[1334]

Landamerkjabréf fyrir Eyvindarstaðaheiði var útbúið þann 28. september 1886 og því var þinglýst 20. maí 1889:

> Að norðanverðu milli Rugludals og Eyvindarstaðaheiðar eru merki við Blöndu frá syðra Kolluhvammsgreni; þaðan beint austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal; þaðan rjettsýni austur í Hanzkafell, þar sem það er hæst; þaðan í Hlóðarstein, þann er stendur á Fossadalsbrún að vestan; þaðan beina stefnu í Hólmamýrarvatn; þaðan í austur, beina stefnu í Aðalsmannsvatnalækjarós; ræður svo lækurinn til Svartár; ræður svo áin frá í Svörtutjörn; þaðan beina stefnu í suðaustur upp að Hofsjökli; ræður svo jökullinn alla leið til Blöndu upptaka, en Blanda ræður að sunnan og vestan merkjum gagnvart fyrstskrifuðu syðra Kolluhvammsgreni.[1335]

Gísli Ólafsson, eigandi hálfrar Eyvindarstaðaheiðar, og Jóhann P. Pjetursson, eigandi Eyvindarstaða og hálfrar Eyvindarstaðaheiðar, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Ólafi Sigurðssyni umboðsmanni Reynistaðaklausturs, fyrir hönd Reynistaðaklaustursjarðarinnar Rugludals, Birni Jónssyni, vegna Bergsstaðakirkjujarðarinnar Fossa og Bjarna Ólafssyni, eiganda jarðarinnar Stafns.

Þann 6. ágúst 1898 samþykktu fulltrúar Bólstaðarhlíðarhrepps og Lýtingsstaðahrepps, ásamt Seyluhreppi meðlimir Upprekstrarfélags Eyvindarstaðaheiðar, að kaupa Stafnsréttarstæði af Stafnslandi, sem kaupsamningar milli Lýtingsstaðahrepps og Stafnsbónda frá 26. janúar 1897, hljóðaði upp á til félagseignar og notkunar og einnig samþykktu þeir að kaupa Eyvindarstaðaheiði. Þessa ákvörðun tóku þeir í trausti þess að Seyluhreppur myndi standa að kaupunum með þeim og út

[1332] Skjal nr. 2 (143).
[1333] Skjal nr. 2 (144).
[1334] Skjal nr. 2 (145).
[1335] Skjal nr. 2 (14).

frá sömu ályktun skiptu þeir til bráðabirgða réttindum og kvöðum þessara þriggja aðila vegna sameignarinnar. Skyldi Bólstaðarhlíðarhreppur bera 5/17, Seyluhreppur 4/17 og Lýtingsstaðahreppur 8/17.[1336]

Ár 1899 hinn 1. dag júlímánaðar var fundur haldinn að Valadal í Seyluhreppi og mættu þar fulltrúar frá Bólstaðarhlíðarhreppi, Lýtingsstaðahreppi og Seyluhreppi, og var ætlunarverk fundarins, að koma sér saman um notkun á Stafns- og Eyvindarstaðaafréttum og gera þær ályktanir, sem þörf gerðist viðvíkjandi afréttarlandi þessu.

Voru þvínæst gerðar eftirfarandi ályktanir:

1. Afréttin skal heita „Stafns- og Eyvindarstaða-afrétt," eins og hún hefir verið nefnd til þessa, og telst til hennar allt landið milli Blöndu og Jökulsár vestan fram til öræfa og að heimalöndum ásamt með tungunni milli Svártár í Svartárdal og Fossár, réttarstæðið, réttareyrinni og Vökuhvamminum og yfir höfuð þeim ítökum í Stafnslandi, sem kaupsamningur milli eigenda Stafns og hreppsnefndar í Lýtingsstaðahreppi getur um. Land þetta er allt að dýrleika 26,4 [hndr.].
2. Á afréttin eiga heimilaðan upprekstur fyrir fénað sinn og fría grasatekju, allir fjáreigendur, er telja fram fénað sinn, sem lögheimili eiga á eftirgreindu svæði: Bólstaðarhlíðarhreppur allur að undanteknum bæjunum á Laxárdal að austan og á Skörðum, fremri hluti Seiluhrepps að Valagerði, Ípishóli, Grófagil og Krossanesi; að þessum bæjum meðtöldum, Eyhildarholti í Rípuhreppi, Stokkhólmi, Mikley og Hringey í Akrahreppi, og Lýtingsstaðahreppur allur fyrir neðan Jökulsá að undanteknum bæjunum Goðdölum, Tunguhálsi, Teigakoti og Villinganesi. Sæki einhver, auk hinna umgetnu manna, um upprekstrarleyfi á afréttina, getur hann samið um það og fengið leyfi til þess hjá til einhverri af hlutaðeigandi hreppsnefndum, en leyfið gildir þó aðeins um eins árs tíma, nema allar hreppsnefndirnar samþykki að það standi lengur. Þeir, sem slíkt leyfi fá skulu greiða í hagatoll fyrir skepnur.[1337]

Stóru-Seylubóndi vefengdi þessa samþykkt og sjá má af dómsorði að dómendur höfðu ákveðnar efasemdir um hana.

Við aukarétt á skrifstofu sýslunnar á Sauðárkróki, 7. mars árið 1913, var tekið fyrir mál það er eigendur Stafns- og Eyvindarstaðaheiðar höfðuðu gegn Birni L. Jónssyni. Björn var sakaður um að hafa nýtt sér heiðina í heimildarleysi. Einnig að hafa gert ábúðarsamning við eiganda Víðimýrar, til málamynda, svo hann gæti hagnýtt sér sumarbeitina fyrir stóð sitt, sem hann fóðraði og framleiddi í öðru upprekstrarfélagi en því, þar sem hann hafði sitt rétta heimili. Málið var tekið til dóms.[1338]

[1336] Skjal nr. 4 (4).
[1337] Skjal nr. 4 (65).
[1338] Skjal nr. 2 (146).

Þann 28. mars 1913 var kveðinn upp dómur í deilumáli eigenda Eyvindarstaðaheiðar og Stóru-Seylubónda um hagatolla hrossa á heiðinni en fyrrnefndu aðilarnir töldu að sá síðarnefndi hefði ekki heimild til upprekstrar þar og breytti engu þó hann hefði keypt hlut í jörð er ætti upprekstrarrétt á heiðina enda hefðu þau kaup aðeins verið til þess að slá ryki í augu manna. Í dómsorði kemur fram:

> Upprekstur stefnds á Stafns- og Eyvindarstaðaheiði síðastliðið sumar, getur því eigi eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, talist ólöglegur og ber honum því eigi að greiða hagatoll fyrir hann.[1339]

Í reglugerð fyrir upprekstrarfélag Eyvindarstaðaafréttar sem er ódagsett en er líklega frá 1916 stendur eftirfarandi um eignarrétt, umráðarétt og upprekstrarrétt. Í öðru skjali, sem birt er hér aftar er hluti af sömu reglugerð birtur, en báðar útgáfurnar hafðar með samhengis vegna innan hverrar um sig.

> 1. gr. Eignaréttur
>
> Afréttin, að dýrleika 26,4 hundruð eftir jarðabókinni 1861, er sameign þriggja hreppa í Húnavatns og Skagafjarðar sýslum:
>
> 1.Bólstaðarhlíðarhrepps 5/17 eða 7, 8 hundruð
>
> 2. Lýtingsstaðahrepps 8/17 eða 12, 4 hundruð
>
> 3. Seiluhrepps 4/17 eða 6,2 hundruð
>
> Til afréttarins telst alt land milli Blöndu og Jökulsár vestari frá heimalöndum fram til öræfa, ennfremur Kóngsgarðsland og Háutungur, Vökuhvammur og Réttareyri í Stafnslandi. Réttinni til viðhalds er afréttarfélaginu heimil grjótupptekt í Stafnsland án endurgjalds. Fyrir ágang af afréttarpeningi og átroðning við réttina ber Stafnsbónda ókeypis upprekstur á afréttina [...]
>
> 2. gr. Umráðaréttur
>
> Yfirráð yfir afréttinni og framkvæmdavald í öllum afréttarmálum hafa hreppsnefndirnar í Bólstaðarhlíðar, Lýtingsstaða og Seilu hreppum. [...]
>
> 3. gr. Upprekstrarréttur
>
> Upprekstur á afréttina eiga allar jarðir á þeim svæðum, sem hér greinir:
>
> 1. Bólstaðarhlíðarhreppur allur að undanteknum jörðum á austanverðum Laxárdal og Skörðum.
> 2. Lýtingsstaðahreppur allur fyrir vestan Jökulsá að undanskildum jörðunum Tunguhálsi og Villinganesi, ennfremur Stokkhólmi í Akrahreppi.
> 3. Frampartur Seiluhrepps að Valagerði, Ípishóli, Grófargili og Krossanesi að þessum jörðum meðtöldum, ennfremur Mikley í Akrahreppi og Eyhildarholt í Rípurhreppi.[1340]

[1339] Skjal nr. 4 (65).
[1340] Skjal nr. 4 (66).

Árið 1973 var komið upp afréttargirðingu frá Kóngsgarði og þvert austur yfir Háutungur í Svartá. Þá voru gerð landskipti á milli eigenda Fossa og upprekstrarfélagsins. Fossar fengu land norðan girðingar á Háutungum en upprekstrarfélagið það land Fossa sem var framan girðingar. Haldið var áfram með afréttargirðinguna austan Svartár á árunum 1976–1978. Þar sem girðingin liggur yfir Svartá á Stafnsgil:

> [...] heitir Sveigur. Hún liggur upp sunnan Einarsdal og upp á höggið sunnan við Mælifellsdal, þaðan til suðausturs ofan við Þrílæki á ofanverðri Haukagilsheiði og fram fyrir veg á Litlasandi og endar á Brunnabrekku. Allmikið land frá kirkjujörðinni Mælifelli lagðist til afréttarins með þessari girðingarlegu. Greiðir upprekstrarfélagið árlega leigu til Mælifellskirkju fyrir landið. Mælifell á Mælifellsdal allan að austanverðu og Haukagilsheiði fram að Brunnabrekkulæk. Enn er ógirt fyrir öræfin suður af Skagafjarðardölum.[1341]

Í skrá yfir afréttir, eignaheimildir og landamerki í Skagafjarðarsýslu frá 1985 stendur m.a.:

> Afréttarlönd Lýtingsstaðahrepps
>
> Eyvindarstaðaheiði
>
> Samkvæmt jarðaregistri Húnavatnssýslu kaupir Hannes Pétursson bóndi á Skíðastöðum í Lýtingsstaðahreppi Eyvindarstaðaheiði, af Kristjáni Gíslasyni kau[p]manni á Sauðárkróki, en hann var sonur Gísla Ólafssonar er lengi bjó á Eyvindarstöðum og átti bæði Eyvindarstaði og Eyvindarstaðaheiði. Þessi kaup voru gerð 15. maí 1898 og kaupverð 2100 kr. Skömmu síðar mun Hannes hafa selt Eyvindarstaðaheiði, Bólstaðarhlíðarhreppi og Seyluhreppi, en af þessu hafa ekki fundist kaupsamningar eða afsöl varðandi þau eignaskipti.
>
> Árið 1897 keypti Lýtingsstaðahreppur með kaupsamningi 26. janúar það ár, jörðina Kongsgarð á Fossadal 9. hundruð að dýrleika og Háutungur [milli Svartár að austan, Eyvindarstaðaheiðar að sunnan og Fossa og Kóngsgarðslands að vestan] og Stafnseyri með réttarstæði [og Vökuhvammi austan Svartár] alls metið 1/3 úr Stafni eða 9.4 hundruð að dýrleika. Seljandi þessara eigna var Eyjólfur Hansson bóndi í Stafni [er hefur gjaldfríjan upprekstur á Eyvindarstaðaheiði]. Þessum eignum afsalaði Eyjólfur með bréfi 13. október 1897.[1342]

Landamerkjaskrá fyrir Eyvindarstaðaheiði er dagsett 20. ágúst 1985:

> Að norðan: Frá syðra Kolluhvammsgreni við Blöndu ræður bein lína austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal. Úr syðri Austurdal ræður bein lína austur í Hanskafell þar sem það er hæst. Þaðan ræður sjónhending í Hlóðarstein sem stendur á Fossárdalsbrún að vestan.

[1341] Sigurjón Guðmundsson, „Eyvindarstaðaheiði", bls. 33.
[1342] Skjal nr. 4 (11).

> Ráða svo hæstu brúnir Fossárdals að vestan fram í efri enda Smjörmálsgils (Smjörmoksgils). Síðan ræður Smjörmálsgil í Fossá. Fossá ræður svo fram í Arnarhól. Úr Arnarhóli liggja merkin austur á Þingmannaháls, en hann skiptir svo merkjum eftir því sem vatn fellur meðan hann endist.
>
> Að austan: Úr enda Þingmannaháls ræður svo sjónhending suður á Hraungarð og eftir honum suður á Hraungarðshaus. Þaðan ræður sjónhending sem framhald af Hraungarðinum í suður að Ströngukvísl. Síðan ræður austasta kvísl Ströngukvíslar að upptökum.
>
> Að sunnan: Frá upptökum austustu kvíslar Ströngukvíslar ræður Hofsjökull að syðstu kvísl Blöndu við upptök.
>
> Að vestan: Frá upptökum syðstu kvíslar Blöndu ræður Blanda alla leið að áðurnefndu syðra Kolluhvammsgreni.[1343]

Fyrir neðan landamerkjalýsinguna stendur að eigendur Eyvindarstaðaheiðar séu samþykkir henni en engar undirskriftir fylgja.

Félagsmálaráðuneytið fór þann 20. febrúar 1989 þess á leit við sveitarstjórnir að þær upplýstu ráðuneytið um eftirfarandi:

13. Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt?
14. Hvað nefnist sá afréttur?
15. Hvar liggja mörk hans?
16. Eiga íbúar annarra sveitarfélaga upprekstrarétt í sama afrétt?
17. Hvaða sveitarfélög eru það?
18. Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast?[1344]

Í svari Lýtingsstaðahrepps frá 6. nóvember 1989 stendur eftirfarandi:

> Eyvindarstaðaheiði er heiðaland er liggur upp af Blöndudal í Austur Húnavatnssýslu. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Eyvindarstaðaheiði nr. 81 frá 1889 eru merki heiðarinnar þessi:
>
> „Að norðanverðu milli Rugludals og Eyvindarstaðaheiðar eru merki við Blöndu frá syðra Kolluhvammsgreni, þaðan beint austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal, þaðan réttsýnis austur í Hanzkafell, þaðan sem það er hæst, þaðan í Hlóðarstein, þann er stendur á Fossadalsbrúnum að vestan, þaðan beina stefnu í Hólmamýrarvatn, þaðan í austur, beina stefnu í Aðalsmannsvatnslækjarós, ræður svo lækurinn til Svartár, ræður svo áin fram í Svörtutjörn, þaðan beina stefnu sauðaustur upp að Hofsjökli, ræður svo jökullinn alla leið til Blöndu upptaka, en Blanda ræður að sunnan og vestan merkjum gagnvart fyrstskrifuðu syðra Kolluhvammsgreni.“

[1343] Skjal nr. 4 (58).
[1344] Skjal nr. 4 (12).

3 hreppar eiga upprekstur á Eyvindarstaðaheiði, Bólstaðarhlíðarhreppur í Austur-Húnavatnssýslu, Seylu- og Lýtingsstaðahreppar í Skagafjarðarsýslu. Fram að 1897 var heiðin eign Eyvindarstaða í Blöndudal og guldu þeir er reka skyldu 10 lömb eða fleiri Eyvindarstaðabónda 1 lamb í toll sbr. dóm um lambarekstur á Eyvindarstöðum gjörðum að Svínavatni á Ásum 1460, upprituðum á Hólum 24. apríl 1792 og upplesnum á manntalsþingi í Bólstaðarhlíð 22. maí 1792.

6. ágúst 1898 keyptu síðan þessir 3 hreppar heiðina af Hannesi Péturssyni, auk þess sem þeir höfðu keypt jörðina Kóngsgarð, Háutungur og Stafnseyri og lagt til heiðarinnar sbr. kaupsamning frá 26. jan. 1897.

Eignarhlutföll þessara þriggja hreppa eru:

Lýtingsstaðahreppur 8/17

Bólstaðarhlíðarhreppur 5/17

Seyluhreppur 4/17

Skv. síðasta fjallskilaseðli eiga þessir bæir í Lýtingsstaðahreppi upprekstur á Eyvindarstaðaheiði:

Álfgeirsvellir	Árnes
Ánastaðir	Bjarmaland
Borgarey	Borgarfell
Breið I og II	Brautartunga
Breiðargerði	Brekkukot
Brenniborg	Brúnastaðir I, II og III
Daufá	Fitjar
Gilhagi I og II	Goðdalir I og II
Hafgrímsstaðir	Hamrahlíð
Hamrar	Héraðsdalur I og II
Hóll	Teigakot
Hvammkot	Hvíteyrar
Hverhólar	Írafell
Ytra Vatn	Ytri Mælifellsá
Svartárdalur	Kolgröf

Krithóll I og II
Laufás
Laugarbakkar
Laugarból
Laugardalur
Laugarholt
Laugarhvammur
Lýtingsstaðir
Ljósaland
Litlidalur
Merkigarður
Miðdalur
Fremri Svartárdalur
Ölduhryggur
Mælifell
Nautabú
Háabrekka
Reykir
Reykjaborg
Grímsstaðir
Miðvellir
Reykjavellir
Saurbær
Syðra Vatn
Syðri Mælifellsá
Skíðastaðir
Stapi
Starrastaðir
Steinsstaðir
Laugarmýri
Steintún
Stekkjarholt
Stórhóll
Sveinsstaðir
Sölvanes
Tunguhlíð
Varmilækur
Villinganes
Vindheimar
Þorsteinsstaðir
Þorsteinsstaðakot
Stokkhólmi
(í Akrahreppi) [1345]

Bólstaðarhlíðarhreppur svaraði 1. nóvember 1989:

Eyvindarstaðaheiði sameiginlegur afréttur með Seyluhreppi eignarhluti 4/17, Lýtingsstaðahreppur 8/17 og Bólstaðarhlíðarhreppur 5/17. [...]

[1345] Skjal nr. 4 (13).

> Einnig er notað sem sameiginlegt beitarland lönd eyðibýla innan sveitarfélagsins, á Laxárdal og sveitarfélagið á jörðina Rugludal í Blöndudal, sem er afgirt og notuð til beitar fyrir bændur í Bólstaðarhlíðarhreppi.
>
> Einnig leigir sveitarfélagið jörðina Þverárdal af ríkissjóði og eignarland er Selhagi á Skörðum.[1346]

Í eignalista Bólstaðarhlíðarhrepps sem fylgdi bréfi frá 24. nóvember 2006, er varðaði tilfærslu eigna frá hreppum til Húnavatnshrepps, kemur fram að í 5/17 hluta eign Bólstaðarhlíðarhrepps í Eyvindarstaðaheiði séu land, veiðihlunnindi og gangnamannaskáli.[1347]

Þann 8. október 2008 bað sveitarstjóri Húnavatnshrepps sýslumanninn á Blönduósi um að skrá 5/17 hluta eign hreppsins í landi og veiðihlunnindum á Eyvindarstaðaheiði, auk ýmissa annarra eigna, sem eign Sjálfseignarstofnunar Eyvindarstaðaheiðar.[1348]

Í skipulagsskrá Sjálfseignarstofnunar Eyvindarstaðaheiðar frá 8. desember 2005 kemur fram að hún er stofnuð af Bólstaðarhlíðarhreppi og að hann leggi fram 5/17 hlut sinn í Eyvindarstaðaheiði, Rugludal og Selhaga. Einnig kemur fram að eftirfarandi lögbýli eigi upprekstur á lönd stofnunarinnar við stofnun hennar; Auðólfsstaðir, Austurhlíð I og II, Ártún, Barkarstaðir, Bergsstaðir, Blöndudalshólar, Bollastaðir, Botnastaðir, Bólstaðarhlíð I og II, Brandsstaðir, Brattahlíð, Brúarhlíð, Brún, Eiríksstaðir, Eyvindarstaðir, Finnstunga, Fjósar, Fossar, Gautsdalur, Gil, Gunnsteinsstaðir, Hlíðarendi, Hólabær, Hóll, Hvammur (í Svartárdal), Kúfastaðir, Leifsstaðir I og II, Mjóidalur, Skeggsstaðir, Skottastaðir, Stafn, Steiná I-III, Strjúgsstaðir, Sölvatunga, Torfustaðir, Vatnshlíð, Þverárdalur og Æsustaðir. Jafnframt skuldbindur sjálfseignarstofnunin sig til að veita þeim búfjáreigendum í Bólstaðarhlíðarhreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. á hverjum tíma eiga upprekstrarrétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélagsins.

Í sveitarfélagslýsingu Lýtingsstaðahrepps í *Byggðasögu Skagafjarðar III* stendur:

> **Afréttir** þær sem bændur í Lýtingsstaðahreppi hafa nytjað, og hafa enn aðgang að, eru tvær: Eyvindarstaðaheiði og Hofsafrétt. Afréttina sem nefnd er Eyvindarstaðaheiði eiga jarðir í Lýtingsstaðahreppi í sameign með framhluta Seyluhrepps og mestum hluta Bólstaðarhlíðarhrepps. Reyndar hæfir ekki lengur að segja að afréttarlandið sé eign þessara sveita eða jarða því í kjölfar samnings um Blönduvirkjum hefur eignarrétturinn verið dæmdur af sveitunum. [...]

[1346] Skjal nr. 4 (14).
[1347] Skjal nr. 4 (59).
[1348] Skjal nr. 4 (60).

Svonefnd Haukagilsheiði er hluti af landi Mælifells en leigð Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar fyrir ákveðið gjald á hverju ári enda er mestur hluti hennar afréttarmegin við afréttargirðinguna. Haukagilsheiði er þó jafnan smöluð til Mælifellsréttar.[1349]

[1349] Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* III – *Lýtingsstaðahreppur*. Sauðárkrókur. 2004, bls. 23.

6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrirliggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum og samhengi þeirra við þau úrlausnarefni sem hér eru til umfjöllunar. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.[1350] Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. Sá texti fylgir nú einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7 suður, að viðbættum nokkrum almennum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6 og nýjum formála til skýringar.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við umræddar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísar til þeirra.

6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Hæstiréttur hefur kveðið upp fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Samhengi nýrra niðurstaðna dómstóla við þau grundvallaratriði sem úrlausnir óbyggðanefndar byggjast á kemur að sjálfsögðu til skoðunar hverju sinni. Að því marki sem umfjöllun um slík atriði í úrskurðum á fyrri svæðum hefur almenna þýðingu hefur hún verið felld inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem hér fylgja í viðauka og vísast þangað.

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærumál sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Öræfum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar

[1350] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum upplýsingaritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kærenda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærendur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kærenda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.[1351] Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

6.3 Eyvindarstaðaheiði og Hraunin

6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem Húnavatnshreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður gera kröfu til sem eignarlands.

[1351] Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Annars vegar er þar um að ræða Eyvindarstaðaheiði, eins og hún er afmörkuð í landamerkjabréfi sem dagsett er 28. september 1886 og var þinglýst 20. maí 1889, og hins vegar landsvæði sem nefnt er Hraunin og liggur þar austan við, allt austur að Vestari-Jökulsá. A.m.k. frá því á síðari hluta 20. aldar hefur örnefnið Eyvindarstaðaheiði gjarnan verið notað einnig um Hraunin. Í eftirfarandi umfjöllun verður það heiti þó einungis notað um það svæði sem afmarkað er í áðurnefndu landamerkjabréfi. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði það sem hér um ræðir er mjög víðfeðm háslétta sem liggur í yfir 500 m hæð með mikið víðsýni víðast hvar. Svæðið liggur sunnan byggðar og allt suður að Hofsjökli. Gjarnan er talað um að Eyvindarstaðaheiði skiptist í Útheiði, Ásgeirstungur (öðru nafni Álfgeirstungur), Guðlaugstungur og Svörtutungur. Útheiði liggur að norðvestanverðu umhverfis Öfuguggavatnshæðir (579 m) og er að mestu leyti uppblásin. Vestan hæðanna liggur gróin Kurbrandsmýri. Sunnan Útheiðar liggja Ásgeirstungur, Guðlaugstungur og Svörtutungur í 500–600 m hæð en tungurnar eru eitt samfelldasta gróðursvæði heiðarinnar. Svæðið vestan Hofsjökuls liggur milli Strönguvíslar að norðan og Blöndu að sunnan og er það að mestu ógróin hraun og sandar. Frá 579 m hæðarpunkti í Öfuguggavatnshæðum í fjallið Sátu, suður undir Hofsjökli, eru um 41 km í beinni loftlínu.

Hraunin eru óslitið hraunasvæði norðan Strönguvíslar frá Hraungarði að vestan austur að Vestari Jökulsá. Þau eru einnig víðfeðm háslétta og að mestu leyti ógróin hraun og sandar. Langir urðarhryggir, með stefnuna norður – suður og dældum og drögum á milli, einkenna auðnina. Gróður er helst að finna í þeim lægðum þar sem vatn fyrirfinnst. Frá fjallinu Ytri Hraunkúlu, sem stendur norðarlega á svæðinu, í 973 m hæðarpunkt í Krókafelli, suður undir Hofsjökli, eru tæpir 28 km í beinni loftlínu.

6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggi utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til landsvæða sunnan þjóðlendukröfulínu. Hafa beri í huga að umrædd svæði liggi fjarri byggðum bólum, séu heiðarlönd eða fjalllendi svo og öræfi, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Skagafirði og austanverðri Húnavatnssýslu.

Á því er byggt að heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan þeirrar línu sem þjóðlendukrafan miðast við sé samnotaafréttur jarða á svæðinu (sveitarfélaga). Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum sé ekki fallist á að slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi. Fallist sé á merkjalýsingar jarðanna Goðdala, Fremri-Svartárdals, Ölduhryggjar, Írafells, Gilhaga, Mælifells, Stafns, Kóngsgarðs og Fossa. Á hinn bóginn er ekki fallist á eignarréttarkröfu til þess landsvæðis sem fellur undir Eyvindarstaðaheiði. Í því sambandi er vísað til dóms

Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Líta verði svo á að í dómnum felist *res judicata* áhrif um eignarréttarlega stöðu svæðisins svo sem því er lýst í landamerkjabréfi 22. september 1886. Einnig er vísað til forsendna nefnds Hæstaréttardóms til stuðnings þjóðlendukröfunni. Þá verði að líta svo á að það landsvæði sem nefnt er Hraunin lúti sambærilegum lögmálum vegna staðsetningar, nýtingar, eignarheimilda o.fl., þ.e. að svæðin teljist utan eignarlanda jarða og að eingöngu hafi verið um að ræða afréttareign til miðhálendis, sem nýtt hafi verið sem samnotaafréttur um ómunatíð.

Krafa gagnaðila ríkisins er studd við athugasemdalaust þinglýst afsal. Byggt er á meginreglum íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður tilheyrðu jörð, en eru lögð til afréttar sveitarfélags séu áfram háð beinum eignarrétti. Einnig er byggt á hefð og venju. Eigendur hafi farið með öll venjubundin afnot, s.s. beit, veiði og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi sveitarfélagsins. Einnig er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá er vísað til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum sé beinum eignarrétti háð, jafnvel þó lagt hafi verið til afréttar.

Gagnaðilar íslenska ríkisins mótmæla þeim röksemdum sem ríkið færir fram til stuðnings þjóðlendukröfunni. Af takmörkuðum lýsingum *Landnámu* verði tæpast dregnar afdráttarlausar ályktanir um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar. Á því er byggt að landsvæðið sé einkaafréttarland en hafi ekki stöðu almenningsafréttar. Þá skipti landfræðilegir staðhættir mjög takmörkuðu máli varðandi mat á því hvort land sé þjóðlenda eða ekki. Margsinnis hafi verið úrskurðað og dæmt að öræfaland, jökultindar og annað hálendi, sem aldrei hafi verið nýtt til nokkurs hlutar, sé eignarland. Nytjar á Eyvindarstaðaheiði hafi hins vegar verið miklar, t.d. beit, silungs- og fuglaveiði, virkjun fallvatna, ferðamannaiðnaður og fleira.

Því er haldið fram að benda megi á mörg sambærileg afréttarlandsvæði sem úrskurðuð og/eða dæmd hafi verið eignarlönd, þar sem landeigendur styðji eignarrétt sinn við sambærileg skjöl og heimildir og eigendur Eyvindarstaðaheiðar. Loks er ekki fallist á að dómur Hæstaréttar frá 10. apríl 1997 í máli nr. 67/1996 um hluta þrætusvæðisins sé bindandi fyrir óbyggðanefnd. Þrætusvæði máls þessa taki til mun stærra svæðis en til umfjöllunar var í því máli því þar hafi einungis verið fjallað um það land er taki til vatnsréttinda í Blöndu innan landamerkjabréfs Eyvindarstaða. Dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 sbr. lög nr. 65/2000.

Um varakröfu gagnaðila ríkisins er vísað til sömu málsástæðna, lagaraka og gagna auk þess sem sérstaklega er vísað til greinargerðar Smára Borgarssonar, f.h. sveitarfélagsins Skagafjarðar, og Sigursteins Bjarnasonar, f.h. Sjálfseignarstofnunarinnar Eyvindarstaðaheiðar, dags. í mars 2009. Þar segi m.a. frá því að sel hafi verið frá Eyvindarstöðum á syðri bakka Galtarár, við gamla vaðið. Varla hefði verið liðið af

sveitarbúum og fjáreigendum að Eyvindarstaðabóndi byggði sel svo langt frá byggð, nema um eignarland hans væri að ræða.

Byggt er á því að land innan varakröfunnar sé fremur heimaland Eyvindarstaða en afréttarland. Sé það í samræmi við þá niðurstöðu að land Stafns og Kóngsgarðs, er lagt hafi verið til afréttar og liggi samsíða umræddu heimalandi Eyvindarstaða að austan, sé viðurkennt eignarland. Land samkvæmt varakröfunni sé sambærilegt þessu landi Kóngsgarðs og Stafns að landgæðum, og hafi verið nytjað með svipuðum hætti. Landið hafi öll einkenni heimalanda. Megi þar vísa bæði til gróðurfars og nýtingar, en óheimilt sé skv. lögum um afréttarmálefni og fjallskil að sleppa fé í afréttarlönd eftir fjallskil. Landsvæðið ætti því að falla í jarðaflokkinn frekar en að teljast hluti af afréttarlandi Eyvindarstaðaheiðar. Svipi þessu landi þannig t.d. mjög til Tunguheiðar í Biskupstungum, en í dómi er varðaði eignarrétt að heiðinni, hafi niðurstaðan ráðist á því að landfræðilega hafi landsvæðið frekar tilheyrt jörðunum í Biskupstungum en afréttinum. Í því sambandi er einnig vísað til dóma Hæstaréttar varðandi afréttarlönd í Mýrdal. Á því er byggt að það sé í samræmi við almennar niðurstöður óbyggðanefndar, þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum sé eignarland, að telja heimaland Eyvindarstaða, svo sem það hafi verið afmarkað í kröfugerð, til eignarlanda.

Um þrautavarakröfu gagnaðila ríkisins um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu er vísað til sömu sjónarmiða og varðandi aðalkröfuna og þeirrar meginniðurstöðu óbyggðanefndar og dómstóla að afréttarlönd sem ekki tilheyri neinni sérstakri jörð, en tilheyri ákveðnu sveitarfélagi, samkvæmt samningi eða venju, séu í afréttareign viðkomandi sveitarfélags. Vísað er til aldalangrar notkunar ábúenda í hreppsfélögum landeigenda á svæðinu.

6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Eyvindarstaðaheiði og Hraununum er rakin í kafla 5.3. Heimildir um Eyvindarstaðaheiði sem þar eru raktar ná aftur til 15. aldar og af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hafi hún haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.[1352] Hvort í því hafi falist bein eða óbein eignarréttindi er hins vegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar. Heimildir um Hraunin eru færri og óljósari um stöðu þeirra. Þarfnast því sérstakrar skoðunar hvort þar hafi stofnast til eignarréttinda. Hér á eftir verður fyrst fjallað um Eyvindarstaðaheiði og síðan um Hraunin.

[1352] Sbr. umfjöllun um hugtakið *afréttur* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.3.3.1 Eyvindarstaðaheiði

Svo sem fram hefur komið af hálfu málsaðila liggur fyrir í máli þessu dómur Hæstaréttar Íslands frá 10. apríl 1997, í máli nr. 67/1996, Bólstaðahreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur gegn Landsvirkjun og íslenska ríkinu til réttargæslu. Í málinu kröfðust hrepparnir viðurkenningar á rétti til bóta af hendi Landsvirkjunar fyrir fallréttindi (virkjunarréttindi) í Blöndu við Eyvindarstaðaheiði og fyrir land á Eyvindarstaðaheiði sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota í þágu Blönduvirkunar á grundvelli samnings við hreppana, nánar tiltekið fyrir land undir uppistöðulón Blönduvirkjunar við Refbjarnarbungu og undir samningsbundna uppgræðslu á Eyvindarstaðaheiði. Dómkrafan var byggð á því að hrepparnir ættu beinan eignarrétt að Eyvindarstaðaheiði en samkvæmt 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923 fylgir landareign hverri réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er. Í 1. gr. er landareign skilgreind m.a. sem land lögbýlis. Þá er í 1. mgr. 49. gr. laganna kveðið á um réttindi eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, til að vinna orku úr því vatni sem um hana rennur.

Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppanna. Í forsendum dómsins segir:

> Heimildir benda til þess, að Eyvindarstaðaheiði hafi nær einvörðungu verið notuð til beitar á fyrri tíð. Þegar heiðarinnar er getið í skriflegum heimildum, er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot.
>
> V.
>
> Þegar litið er til alls þess, sem rakið er hér að framan og í héraðsdómi um Eyvindarstaðaheiði og nýtingu hennar, verður ekki talið, að sönnur hafi verið leiddar að því, að heiðin hafi nokkurn tíma verið undirorpin fullkomnum eignarrétti einstaklinga eða kirkjunnar, hvorki fyrir nám né með löggerningum eða öðrum hætti. Ekki er leitt í ljós, að landamerkjabréfi fyrir Eyvindarstaðaheiði, þinglýstu 20. maí 1889, hafi fremur verið ætlað að ákveða mörk milli eignarlanda en landa í afréttareign. Yfirlýsingar í kaupsamningum og afsölum á síðustu öld nægja ekki einar og sér til að dæma áfrýjendum eignarrétt að þessu afréttarlandi. Tiltækar heimildir benda hins vegar til þess, að um afréttareign eigenda heimalands Eyvindarstaða hafi verið að ræða í þeim skilningi, að aðrir hafi átt þar rétt til upprekstrar og ef til vill annarra nota, en gegn gjaldi til Eyvindarstaðamanna. Þá eru staðhættir og víðátta heiðalandsins þannig að líkur mæla gegn óskoruðum eignarráðum jarðeigenda.
>
> Í kaupsamningi Hannesar Péturssonar við áfrýjendur 6. ágúst 1898 gat ekki falist víðtækari eignarréttur þeim til handa en sannanlega var á hendi seljanda.

Með hliðsjón af því og notkun afréttarlandsins hafa áfrýjendur ekki heldur unnið eignarhefð á Eyvindarstaðaheiði.

Ljóst er að beinn eignarréttur var til úrlausnar í dómnum. Þannig liggur fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að hnekkja eða breyta niðurstöðum dóma, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Til þess ber þó að líta að dómurinn felur ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hlýtur því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að máli því sem hér er til umfjöllunar, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998.

Í máli því sem hér er til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hafa Sveitarfélagið Skagafjörður og Húnavatnshreppur vegna Sjálfseignarstofnunarinnar Eyvindarstaðaheiði sett fram kröfur um beinan eignarrétt að Eyvindarstaðaheiði. Sveitarfélagið Skagafjörður varð til 6. júní 1998 við sameiningu 11 sveitarfélaga í Skagafirði, þ.á m. Lýtingsstaðahrepps og Seyluhrepps, sbr. auglýsingu nr. 697/1998 um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins þar um. Húnavatnshreppur varð til 1. janúar 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu, þ.á m. Bólstaðahlíðarhrepps, sbr. auglýsingu nr. 27/2006 um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins þar um. Svo sem áður var rakið liggur fyrir dómsúrlausn um að Lýtingsstaðahreppur, Seyluhreppur og Bólstaðahlíðarhreppur hafi ekki sýnt fram á beinan eignarrétt sinn að Eyvindarstaðaheiði. Í máli þessu liggja ekki fyrir nein gögn sem sýna fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Eftir að hafa borið skjalaskrá þessa máls saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 er niðurstaða óbyggðanefndar sú að engin ný gögn séu komin fram í máli þessu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Dómur Hæstaréttar tekur til þess landsvæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfi fyrir Eyvindarstaðaheiði sem dagsett er 28. september 1886 og var þinglýst 20. maí 1889, sbr. m.a. skírskotun réttarins til bréfsins í tilvitnuðum texta hér að framan. Því er ekki unnt að fallast á þá málsástæðu gagnaðila íslenska ríkisins að einungis það land sem taki til vatnsréttinda í Blöndu hafi verið til umfjöllunar í málinu.

Kemur nú til skoðunar hvernig merkjum Eyvindarstaðaheiðar er lýst í landamerkjabréfinu og að hve miklu leyti sú afmörkun sem þar kemur fram tekur til ágreiningssvæðis máls þessa. Einnig verður litið til landamerkja aðliggjandi landsvæða og merkjalýsingar landamerkjabréfanna bornar saman við afmörkun þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins. Í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar er merkjum lýst svo:

> Að norðanverðu milli Rugludals og Eyvindarstaðaheiðar eru merki við Blöndu frá syðra Rolluhvammsgreni; þaðan beint austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal; þaðan rjettsýnis austur í Hanzkafell, þar sem það er hæst; þaðan í Hlóðarstein, þann er stendur á fossadalsbrún að vestan; þaðan beina stefnu í Hólmamýrarvatn; þaðan í austur, beina stefnu í Aðalsmannsvatnalækjarós; ræður svo lækurinn til Svartár; ræður svo áin fram í Svörtutjörn; þaðan beina stefnu í suðaustur upp að Hofsjökli; ræður svo jökullinn alla leið til Blöndu upptaka, en Blanda ræður að sunnan og vestan merkjum gagnvart fyrstskrifuðu syðra Rolluhvammsgreni.

Kröfulína íslenska ríkisins milli punkta nr. 15 og 16 er dregin frá syðri Austurdal (15) „þaðan áfram í Blöndu (syðra Rolluhvammsgreni) (16) sem er lokapunktur.“ Að þessu leyti er merkjum Eyvindarstaðaheiðar lýst í landamerkjabréfinu frá syðra Rolluhvammsgreni við Blöndu beint austur, sunnanvert við Rugludalsbungu, í svokallaðan syðri Austurdal. Samræmi er þannig milli landamerkjabréfsins og kröfulínu ríkisins að þessu leyti. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Rugludals. Í landamerkjabréfi Rugludals sem dagsett er 12. apríl 1883 og þinglýst var 20. maí 1886 er merkjum Rugludals lýst frá syðra Austurdal „sunnanvert við Rugludalsbungu, beint vestur til Kolluhvammsgrenis.“ Bréfið er ekki áritað vegna Eyvindarstaðaheiðar. Þar sem ekkert annað er fram komið í málinu verður að telja að örnefnin „Rolluhvammsgreni“ og „Kolluhvammsgreni“ eigi við sama kennileitið. Við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd kom einnig fram að líklegast væri um sama staðinn að ræða. Samræmi er því milli beggja landamerkjabréfanna og kröfulýsingar íslenska ríkisins að þessu leyti.

Milli punkta nr. 14 og 15 er kröfulína íslenska ríkisins dregin frá Hanskafelli í 541 m hæð (14) „og þaðan áfram til suðvesturs í syðri Austurdal (15)“. Í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar er merkjunum lýst frá Syðri-Austurdal „rjettsýnis austur í Hanzkafell, þar sem það er hæst“. Bréfið er ekki áritað vegna Steinár. Kröfulýsing ríkisins er í samræmi við landamerkjabréfið að þessu leyti. Í landamerkjabréfi Steinár sem dagsett er 15. maí 1886 og þinglýst var þann 20. sama mánaðar er merkjum Steinár lýst svo: „[…] sjónhending í há Hólsbungu og úr henni í Hanzkafell. Þá tekur við að framan Eyvindarstaðaheiði, og ræður merkjum þar á milli sjónhending úr Hanzkafelli til norðvesturs í Tvíhóla, þá beygjast merki til norðurs í vestari Leirtjörn […]“. Bréfið er áritað um samþykki vegna Eyvindarstaðaheiðar. Ósamræmi er að þessu leyti milli landamerkjabréfs Steinár annars vegar og bréfs Eyvindarstaðaheiðar og kröfulínu ríkisins hins vegar. Í stað þess að línan sé dregin til suðvesturs úr Hanskafelli í Syðri-Austurdal eins og gert er samkvæmt bréfi Eyvindarstaðaheiðar liggur línan í bréfi Steinár frá Hanskafelli til norðvesturs í Tvíhóla og þaðan til norðurs í vestari Leirtjörn. Af þessum sökum er landsvæði norðvestan við kröfulínu ríkisins þar sem hún er dregin milli punkta nr. 14 og 15 sem ekki fellur innan landamerkja Eyvindarstaðaheiðar, Rugludals né Steinár. Ekkert er

heldur komið fram um að svæðið kunni að tilheyra öðrum jörðum. Orðalag landamerkjabréfs Steinár þar sem segir: „Þá tekur við að framan Eyvindarstaðaheiði, og ræður merkjum þar á milli sjónhending […]“ mælir ennfremur eindregið gegn því að svo sé.

Þar sem áðurnefnt svæði norðvestan línu sem dregin er milli Hanskafells og Syðri-Austurdals fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum eða öðrum heimildum sem liggja fyrir í málinu má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins og sýnt er að kröfugerð þess tekur einungis mið af landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar að þessu leyti en ekki hefur farið fram sjálfstæð könnun á landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða til samanburðar. Við fyrirtökur í máli þessu var ítrekað brýnt fyrir málsaðilum að samræma kröfulínur ríkisins og gagnaðila þess í þeim tilvikum þar sem þær miðuðust við ætluð merki jarða. Þrátt fyrir það hefur íslenska ríkið engan reka gert að því að færa kröfulínur sínar til samræmis við merki Steinár að því leyti sem hér um ræðir. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umræddds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða og ekki verði séð að nokkur geri tilkall til þess sem eignarlands síns.

Kröfulína íslenska ríkisins milli punkta nr. 13 og 14 er dregin frá Hlóðarsteini á Fossadalsbrún á móts við Hanskafell, til vesturs í Hanskafell. Í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar er línan einnig dregin milli nefndra kennileita svo og í landamerkjabréfi Hóls sem dagsett er 17. maí 1889 og þinglýst var þann 20. sama mánaðar. Samræmi er því milli kröfulínu ríkisins og lýsinga landamerkjabréfanna á mörkum milli Eyvindastaðaheiðar og Hóls. Landamerkjabréf Eyvindarstaðaheiðar er ekki áritað vegna Hóls en bréf Hóls er áritað um samþykki vegna Eyvindarstaðaheiðar.

Kröfulína ríkisins milli punkta nr. 12 og 13 er dregin frá Smjörmoksgili eftir Fossárdalsbrúnum í Hlóðarstein. Í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar er línan dregin beina stefnu frá Hlóðarsteini í Hólmamýrarvatn. Hólmamýrarvatn er nú horfið. en í örnefnaskrá Rósmundar G. Ingvarssonar fyrir Eyvindarstaðaheiði kemur fram að það muni hafa verið upp af Smjörmoksgili. Rannsókn óbyggðanefndar í máli þessu veitir ekki vísbendingar um aðra staðsetningu Hólmamýrarvatns og verður því við það miðað að það hafi verið upp af Smjörmoksgili. Í landamerkjabréfi Fossa sem dagsett er 16. maí 1889 og þinglýst var þann 20. sama mánaðar er vesturmerkjum Fossa lýst milli Hlóðarsteins og Smjörmoksgils. Samræmi er því milli kröfulínu ríkisins og

lýsinga landamerkjabréfanna á mörkum milli Eyvindastaðaheiðar og Fossa. Landamerkjabréf Eyvindarstaðaheiðar er áritað um samþykki vegna Fossa svo og bréf Fossa vegna Eyvindarstaðaheiðar.

Kröfulína íslenska ríkisins milli punkta nr. 11 og 12 liggur eftir Fossá frá Arnarhóli til Smjörmoksgils. Í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar er línan dregin frá Hólmamýrarvatni í austur, beina stefnu á Aðalsmannsvatnalækjarós. Bréfið er ekki áritað vegna Kóngsgarðs. Loks er í landamerkjabréfi Kóngsgarðs, sem dagsett er 15. maí 1883 og þinglýst var þann 19. maí 1885, vesturmerkjum Kóngsgarðs lýst eftir Fossá frá Svartá að Arnarhóli. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Eyvindarstaðaheiðar. Samræmi er milli kröfulínu ríkisins og lýsingar landamerkjabréfs Kóngsgarðs að þessu leyti. Lýst merki samkvæmt landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar liggja hins vegar norðar og austar yfir landsvæði sem fellur innan lýstra merkja Kóngsgarðs samkvæmt áðurnefndu landamerkjabréfi. Ekki er þó gerður ágreiningur um eignarréttarlega stöðu nefnds landsvæðis í máli þessu hvorki af hálfu íslenska ríkisins né þeirra sem gera kröfur vegna Eyvindarstaðaheiðar. Sú staða kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir óbyggðanefnd. Allt að einu er þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins innan lýstra merkja Eyvindarstaðaheiðar að þessu leyti.

Kröfulína íslenska ríkisins milli punkta 10 og 11 er dregin frá Aðalsmannslækjarósi „til norðvesturs í svonefndan Arnarhól“. Sem fyrr segir er merkjunum lýst beina stefnu frá Hólmamýrarvatni í Aðalsmannsvatnalækjarós í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar. Í landamerkjabréfi Stafns sem dagsett er 16. maí 1883 og var þinglýst 19. maí 1885 er línan dregin frá Aðalsmannsvatnalæk beint vestur í Fossá. Af orðalagi kröfulýsingar íslenska ríkisins mætti ráða að kröfulínan væri dregin beina stefnu milli Aðalsmannsvatnalækjaróss og Arnarhóls. Þrátt fyrir það er línan dregin á uppdrátt, af hálfu ríkisins, frá Aðalsmannsvatnalæk beint vestur í Fossá og þaðan í Arnarhól og þannig fylgt merkjum jarðarinnar Stafns eins og eigendur hennar teikna þau á kort. Þá er tekið fram í greinargerð ríkisins að talið sé felast í kröfugerðinni að fallist sé á merkjalýsingu Stafns. Lýst merki samkvæmt landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar liggja hins vegar norðar og austar yfir landsvæði sem fellur innan lýstra merkja Stafns samkvæmt áðurnefndu landamerkjabréfi. Ekki er þó gerður ágreiningur um eignarréttarlega stöðu nefnds landsvæðis í máli þessu, hvorki af hálfu íslenska ríkisins né þeirra sem gera kröfur vegna Eyvindarstaðaheiðar. Sú staða kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir óbyggðanefnd. Allt að einu er þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins innan lýstra merkja Eyvindarstaðaheiðar að þessu leyti.

Kröfulína íslenska ríkisins milli punkta nr. 9 og 10 er dregin frá upptökum Brunnabrekkulækjar til vesturs í Aðalsmannsvatnalækjarós. Þótt það sé ekki útlistað svo í texta kröfulýsingarinnar dregur ríkið línuna að þessu leyti eftir Aðalsmannsvatnalæk eins og hann rennur milli Aðalsmannsvatns og Svartár. Í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar er merkjunum lýst frá Aðalsmannsvatnalækjarósi til Svartár og áin svo sögð ráða fram í Svörtutjörn. Merkjum Eyvindarstaða-

heiðar er ekki lýst austur fyrir Svartá í bréfinu. Í landamerkjabréfi Stafns er merkjunum lýst vestan Svartár eftir Aðalsmannsvatnalæk. Samræmi er því milli kröfulínu ríkisins og lýsinga landamerkjabréfanna á mörkum milli Eyvindastaðaheiðar og Stafns austur að Svartá.

Austan Svartár liggur kröfulína ríkisins til austurs með nánar tilgreindum hætti allt austur að Vestari-Jökulsá. Þar sunnan línunnar er landsvæði sem nefnt hefur verið Hraunin og norðan hennar landsvæði sem eigendur jarða í Sveitarfélaginu Skagafirði telja til réttinda yfir. Um kröfulínuna að þessu leyti og landamerkjabréf nærliggjandi landsvæða verður fjallað síðar. Fyrst verður lokið við könnun á merkjum Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt landamerkjabréfi hennar.

Austurmerkjum er í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar lýst eftir Svartá „fram í Svörtujörn; þaðan beina stefnu suðaustur upp að Hofsjökli“. Ekki er til landamerkjabréf fyrir landsvæðið sem nefnt er Hraunin og liggur austan Eyvindarstaðaheiðar eins og hún er afmörkuð í landamerkjabréfinu. Svartatjörn er nú horfin. Í örnefnaskrá Rósmundar G. Ingvarssonar fyrir Eyvindarstaðaheiði kemur fram að líklegt sýnist að hún hafi verið þar sem upptök Vestari-Bugakvíslar eru nú. Hið sama kom fram við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd. Rannsókn óbyggðanefndar í máli þessu veitir ekki vísbendingar um aðra staðsetningu Svörtutjarnar og verður því við það miðað að hún hafi verið þar sem upptök Vestari-Bugakvíslar eru nú.

Ekki kemur fram í landamerkjabréfinu við hvaða punkt í Hofsjökli sé miðað þegar línan er dregin frá Svörtutjörn „suðaustur að Hofsjökli“. Við skýrslutökur í málinu fyrir óbyggðanefnd kom fram að mörkin hafi verið talin liggja um fjallið Sátu sem stendur skammt norðvestan við Hofsjökul við Ströngukvísl. Hið sama kemur fram í örnefndaskrá Rósmundar G. Ingvarssonar fyrir Hraunin. Í málinu liggur einnig fyrir skjal sem dagsett er 20. ágúst 1985 og ber yfirskriftina „landamerkjaskrá fyrir Eyvindarstaðaheiði“. Skjalið, sem er í vörslu sýslumannsembættisins á Blönduósi, er óundirritað en á því er auð lína ætluð oddvita Bólstaðahlíðarhrepps til undirritunar. Þar er merkjum Eyvindarstaðaheiðar að austanverðu lýst svo: „Úr Arnarhóli liggja merkin austur á Þingmannaháls, en hann skiptir svo merkjum eftir því sem vatn fellur meðan hann endist. Að austan: Úr enda Þingmannaháls ræður svo sjónhending suður á Hraungarð og eftir honum suður á Hraungarðshaus. Þaðan ræður sjónhending sem framhald af Hraungarðinum í suður að Ströngukvísl. Síðan ræður austasta kvísl Ströngukvíslar að upptökum.“ Svo sem áður segir liggur austan Eyvindarstaðaheiðar landsvæði sem nefnt er Hraunin. Í ritinu *Göngur og réttir IV* frá 1986 er því lýst að vesturmörk Hraunanna séu um Hraungarð og Þingmannaháls í Fossá. Arnarhóll stendur við Fossá. Samræmi er þannig milli tveggja síðast taldra heimilda um mörk milli Eyvindarstaðaheiðar og Hraunanna. Þær stangast hins vegar að nokkru leyti á við landamerkjabréf Eyvindarstaðaheiðar frá 1886, að því leyti að í landamerkjabréfinu er línan að mestu leyti dregin austar en gert er í hinum heimildunum, a.m.k. ef

bréfið er skýrt á þann veg að línan milli upptaka Vestari-Bugakvíslar og Hofsjökuls liggi um Sátu. Þrátt fyrir ítarlega leit á vegum óbyggðanefndar að frekari gögnum sem varpa kynnu ljósi á legu austurmarka Eyvindarstaðaheiðar að þessu leyti er ekkert fleira fram komið í málinu sem byggja mætti á um hana. Við mat á vægi heimildanna verður að líta til þess að landamerkjabréfið frá 1886 hlaut þá meðferð sem þágildandi landamerkjalög nr. 5/1882 mæltu fyrir um, var undirritað af þeim sem töldu til réttinda á Eyvindarstaðaheiði, áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók. Það sem fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd styður einnig það sem þar kemur fram um austurmörk Eyvindarstaðaheiðar. Verður því miðað við að austurmörk Eyvindarstaðaheiðar liggi um Svartá til upptaka Vestari-Bugakvíslar og þaðan um Sátu í Hofsjökul.

Merkjum Eyvindarstaðaheiðar til suðurs og vesturs er lýst svo í landamerkjabréfinu að jökullinn ráði alla leið til Blönduupptaka og Blanda ráði merkjum að sunnan og vestan að syðra Rolluhvammsgreni. Ekki er til landamerkjabréf fyrir Hofsjökul en hann er eðli málsins samkvæmt skýrt afmarkaður landfræðilega. Enginn kallar til réttinda á jöklinum í máli þessu en um hann er fjallað í kafla 6.4. Verður því við það miðað að merkjum Eyvindarstaðaheiðar gagnvart Hofsjökli sé rétt lýst í landamerkjabréfinu og jökuljaðarinn ráði merkjum hans gagnvart Eyvindarstaðaheiði. Blanda afmarkar svæði 7 suður hjá óbyggðanefnd að vestan. Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til annars en land Eyvindarstaðaheiðar liggi allt vestur að Blöndu eins og lýst er í landamerkjabréfinu. Verður því miðað við að merkjum heiðarinnar sé rétt lýst að því leyti að Blanda ráði vesturmörkum.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að vesturhluti þess landsvæðis sem málsaðilar deila um falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar frá 1886. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila ríkisins í máli þessu. Nánar tiltekið er um að ræða landsvæðið sem liggur vestan Svartár og línunnar sem dregin er frá upptökum Vestari-Bugakvíslar um Sátu í Hofsjökul.

Svo sem áður er nefnt var dæmt um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem fellur innan landamerkjabréfs Eyvindarstaðaheiðar með dómi Hæstaréttar Íslands 10. apríl 1997 í máli nr. 67/1996. Dómurinn er bindandi fyrir þá sem aðild áttu að málinu og aðrir aðilar máls þessa fyrir óbyggðanefnd hafa ekki sýnt fram á rýmri rétt til Eyvindarstaðaheiðar. Eftir að dómur Hæstaréttar féll stofnaði Bólstaðahlíðar-hreppur Sjálfseignarstofnunina Eyvindarstaðaheiði, sbr. skipulagsskrá stofnunarinnar, dags. 8. desember 2005, sem gagnaðilar ríkisins hafa lagt fram í máli þessu. Skv. 2. gr. skrárinnar leggur sveitarfélagið til stofnunarinnar eignarhluti sína í tilteknum fasteignum, m.a. 5/17 hluta í Eyvindarstaðaheiði. Þar sem sveitarfélagið gat ekki við stofnun Sjálfseignarstofnunarinnar lagt henni til rýmri rétt til heiðarinnar en sannanlega var á hendi þess fyrir breytir skipulagsskráin ekki eignarréttarlegri stöðu

heiðarinnar frá þeirri sem hún var þegar Hæstiréttur dæmdi um hana. Önnur gögn sem gagnaðilar ríkisins byggja kröfu sína í máli þessu á, og ekki voru lögð fram í máli nr. 67/1996 fyrir Hæstarétti, eru ritin *Göngur og réttir* eftir Braga Sigurjónsson og *Árbók Ferðafélags Íslands 1964*. Í heimildunum er fjallað um nýtingu heiðarinnar sem beitilands, svo og staðhætti og gróðurfar. Ekkert sem þar kemur fram bendir til þess að á Eyvindarstaðaheiði hafi stofnast til beins eignarréttar. Því hafa ekki komið fram í máli þessu gögn eða önnur atriði sem séð verður að dómstólar hafi ekki tekið afstöðu til og skipt gætu máli hér.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu Húnavatnshrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar, dags. 28. september 1886 og þingl. 20. maí 1889, sé eignarland, sbr. fyrrgreindan dóm Hæstaréttar frá 10. apríl 1997 í máli nr. 67/1996.[1353]

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Eyvindarstaðaheiði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

> *Upphafspunktur er í Syðra-Rolluhvammsgreni við Blöndu. Þaðan er línan dregin beint austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal. Þaðan er línan dregin í Hanzkafell þar sem það er hæst. Frá Hanskafelli er haldið í Hlóðarstein sem stendur á Fossadalsbrún að vestan og þaðan beina stefnu í botn Smjörmoksgils. Smjörmoksgili er fylgt að Fossá og Fossá síðan að punkti sem liggur beint vestur af þeim stað þar sem Aðalsmannsvatnalækur rennur úr Aðalsmannslækjarvatni. Þaðan er læknum fylgt þar til hann fellur í Svartá. Síðan er Svartá fylgt og svo Vestari-Bugakvísl til upptaka. Frá upptökum Vestari-Bugakvíslar er línan dregin á fjallið Sátu þar sem það er hæst og áfram sömu stefnu að jaðri Hofsjökuls. Þaðan er jökuljaðrinum fylgt til upptaka Blöndu. Loks er Blöndu fylgt til norðurs að Syðra-Rolluhvammsgreni.*

Sama landsvæði er í afréttareign Húnavatnshrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og í afréttareign Húnavatnshrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. Náttúruminjaskrá og auglýsingu nr. 1150/2005.

6.3.3.2 Hraunin

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun þess landsvæðis sem nefnt er Hraunin og liggur austan þess sem afmarkað er í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar. Ekki er til landamerkjabréf fyrir Hraunin og svæðið fellur utan

[1353] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar. Einkum verður því litið til landamerkja aðliggjandi landsvæða og merkjalýsingar landamerkjabréfanna bornar saman við afmörkun þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins.

Íslenska ríkið dregur kröfulínu sína milli punkta nr. 1 og 2 svo: „Upphafspunktur er í Fremri Hraunlæk í landi Goðdala, þar sem lokapunktur var í máli 4/2008 (1). Þaðan er merkjum Goðdalalands fylgt að sunnan og vestan allt norður að suðausturmerkjum Fremri Svartárdals (2).“ Í landamerkjabréfi Goðdala sem dagsett er 5. júní 1883 og þinglýst var 12. sama mánaðar segir: „Úr Goðdalakistu liggja merkin síðan fram hábrúnir fram til fjalla í stefnu að Hraunlæk milli Svartárdalanna og Goðdalalandsins. Að framan er Hraunlækur talinn merkjalækur.“ Í landamerkjabréfi Fremri-Svartárdals, sem dagsett er 24. maí 1886 og þinglýst var degi síðar, segir: „Háfjallsbrúnin ræður merkjum milli Goðdalalands og Fremri-Svartárdalslands fram til fjalla móts við Kvíslarupptök.“ Orðalag kröfugerðar ríkisins þar sem talað er um „merki Goðdalalands“ og „suðausturmerki Fremri-Svartárdals“ verður að skilja svo að vísað sé til lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum viðkomandi jarða enda er kröfulína þess dregin á kort eftir þeim kennileitum sem nefnd eru í bréfunum. Samræmi er milli beggja landamerkjabréfanna og kröfulýsingar íslenska ríkisins að þessu leyti.

Milli punkta nr. 2 og 4 er kröfulína ríkisins dregin á eftirfarandi hátt: „Þaðan er suðurmerkjum Fremri Svartárdals fylgt til vesturs að upptökum Runukvíslar (3). Þaðan til norðurs að suðausturmerkjum Ölduhryggjar (þar sem Pollakvísl og Runukvísl mætast við Hrauntungu) (4).“ Sem fyrr segir er merkjum Fremri-Svartárdals lýst eftir háfjallsbrúninni milli Goðdalalands og Fremri-Svartárdals fram til fjalla á móts við Kvíslarupptök. Um vesturmerkin segir: „Vestan ræður Svartá.“ Suðurmerkjum er ekki lýst sérstaklega í bréfinu. Runukvísl og Pollakvísl sameinast í Svartá nokkru norðan við upptök Runukvíslar. Þar sem austurmerkjum Fremri-Svartárdals er lýst til móts við upptök Runukvíslar og suðurmerkjum er ekki lýst sérstaklega liggur beinast við að líta svo á að Runukvísl ráði sunnanverðum vesturmerkjum jarðarinnar þegar Svartá sleppir og að lína sem dregin er beina stefnu frá háfjallsbrúninni móts við upptök Runukvíslar í upptök Runukvíslar ráði suðurmörkum. Það er í samræmi við það hvernig íslenska ríkið dregur kröfulínu sína. Af orðalagi kröfulýsingar íslenska ríkisins mætti ráða að kröfulínan væri dregin beina stefnu milli upptaka Runukvíslar og ármóta hennar og Pollakvíslar. Þrátt fyrir það er línan dregin svo á uppdrátt, af hálfu ríkisins, að Runukvísl er fylgt milli nefndra punkta eins og hún rennur. Sú staðsetning línunnar verður hér talin rúmast innan texta kröfulýsingarinnar enda fer hún ekki í bága við landamerkjabréf Fremri-Svartárdals. Samræmi er milli beggja landamerkjabréfanna og kröfulýsingar íslenska ríkisins að þessu leyti.

Milli punkta nr. 4 og 6 er kröfulína ríkisins dregin á eftirfarandi hátt: „Síðan er merkjum Ölduhryggjar fylgt til suðurs, með Pollakvísl (Svartárpollar) (5). Þaðan til

norðurs í Gullreitsgil (6).“ Í landamerkjabréfi Ölduhryggjar, sem dagsett er 28. maí 1888 og þinglýst var tveim dögum, síðar segir: „Gullreitsgil þar sem það beygist til suðurs, síðan réttsýnis til suðurs eins og gilið liggur bak við Gullreitsbrúnir þá gilið endar beina stefnu í Kvíslarupptök í Gullreitspolla, að austan ræður Svartá út að áðurgreindu Selgili.“ Pollakvísl og Runukvísl sameinast í Svartá nokkru norðan við upptök Pollakvíslar. Líta verður svo á að með orðinu „Kvíslarupptök“ sé átt við upptök Pollakvíslar. Þar sem vesturmerkjum Ölduhryggjar er lýst í Kvíslarupptök og suðurmerkjum er ekki lýst sérstaklega liggur beinast við að líta svo á að Pollakvísl ráði sunnanverðum vesturmerkjum jarðarinnar þegar Svartá sleppir. Samræmi er milli landamerkjabréfs Ölduhryggjar og kröfulýsingar íslenska ríkisins að þessu leyti.

Milli punkta nr. 6 og 8 er kröfulína ríkisins dregin á eftirfarandi hátt: „Úr Gullreitsgili er haldið til suðvesturs í svokallaða Sandhóla (700 metrar) (7). Þaðan er haldið til norðurs í sunnanvert Vatnafell á Háheiði (8)“. Í landamerkjabréfi Írafells, sem dagsett er 19. maí 1886 og var þinglýst 25. sama mánaðar, segir: „[…] Gullreitsgil þar sem það beygist til suðurs, þaðan þvert í vestur í hóla þá, sem kallaðir eru Sandhólar þaðan rjettlínis landnorður í Klettabelti, sem er sunnan í Vatnafelli“. Samræmi er milli landamerkjabréfs Ölduhryggjar og kröfulýsingar íslenska ríkisins að þessu leyti.

Milli punkta nr. 8 og 9 er kröfulína ríkisins dregin á eftirfarandi hátt: „[…] sunnanvert Vatnafell á Háheiði (8) en þaðan er haldið í upptök Brunnabrekkulækjar (9). Í landamerkjabréfi Gilhaga, sem dagsett er 25. apríl 1890 og var þinglýst 23. maí sama ár, segir: „[...] Stórhól á Nónfjalli, þaðan beina stefnu ~~eptir~~ efst í svo kallaða Brunna, þar sem vegur yfir Litlasand liggur ofaná Brunnabrekku. Að sunnan ræður Gljúfurá fram í Túnársporð, þaðan ræður lækur sá, sem fellur úr Vatnafellsflóa og Flóalækur er kallaður í þann læk, sem rennur sunnan með Vatnafelli austan undir klettabelti því, sem er sunnan og austan í Vatnafellsbrún, úr hans drögum vestur í áðurnefnda Brunna.“ Upptök Brunnabrekkulækjar, þess syðri af tveim lækjum sem það nafn bera, eru í Brunnum. Samræmi er milli landamerkjabréfs Gilhaga og kröfulýsingar íslenska ríkisins að þessu leyti.

Milli punkta nr. 9 og 10 er kröfulína ríkisins dregin á eftirfarandi hátt: „[…]upptök Brunnabrekkulækjar (9). Þaðan til vesturs í Aðalmannsvatnalækjarós (10). Í landamerkjabréfi Mælifells, sem dagsett er 4. apríl 1890 og var þinglýst 23. maí sama ár, er merkjum lýst svo: „[…] Stórhól á Nónfjalli og frá honum bein stefna í upptök Brunnabrekkulækjar en hann ræður merkjum ofan í Svartá á Stafnsgili, en síðan ræður Svartá út að Einarsdalslæk.“ Vestan lands Mælifells á Haukagilsheiði er svæði sem afmarkað er í landamerkjabréfi Stafns sem dagsett er 16. maí 1883 og þinglýst var 19. maí 1885. Þar segir m.a. um merki Stafns: „[…] ræður Einarsdalslækur ofan í Svartá. Vestan Svartár á Háutungum austanverðum ræður að sunnan Aðalsmannsvatnalækur, sem fellur austur í Svartá og úr Aðalsmannsvatnalæk beint vestur í Fossá.“ Austurmerkjum er ekki lýst berum orðum í bréfinu. Beinast

liggur þó við að skilja bréfið svo að Svartá ráði að austan þar sem bæði norður- og suðurmerkjum er lýst um læki sem falla í ána. Sú skýring fær einnig stuðning af landamerkjabréfi Mælifells þar sem því er lýst að Svartá ráði vesturmerkjum. Eftir stendur landsvæði sem ekki er innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mælifells og Stafns og íslenska ríkið hefur ekki gert þjóðlendukröfu til. Svæðið afmarkast af Brunnabrekkulæk að norðaustan, Svartá að vestan og kröfulínu ríkisins að sunnan. Ekkert er heldur komið fram um að svæðið tilheyri, Gilhaga, Mælifelli eða öðrum jörðum annað en sú yfirlýsing gagnaðila íslenska ríkisins við aðalmeðferð máls þessa að land jarða á svæðinu nái allt suður að kröfulínu ríkisins að þessu leyti.

Þar sem áðurnefnt svæði fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum eða öðrum heimildum sem liggja fyrir í málinu má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins. Telja verður þá tilhögun kröfugerðar ríkisins aðfinnsluverða. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umræddds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi til þess að svæðið sé utan eignarlanda.

Hraunin eru skýrt afmörkuð að austan af Vestari-Jökulsá og til suðurs af jaðri Hofsjökuls. Ekkert er fram komið sem bendir til að sú afmörkun skarist við landamerkjabréf annarra landsvæða. Þá hefur þegar verið fjallað um austurmörk Eyvindarstaðaheiðar gagnvart Hraununum. Samkvæmt því sem að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að Hraunin skarist að engu leyti við merki sem lýst er í landamerkjabréfum jarða eða annarra landsvæða.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða Hraunanna. Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja ólíklegt að svæðið hafi verið numið. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Hraununum liggja eru þjóðlendur til allra átta nema norðurs, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 4 og 5/2008 hjá óbyggðanefnd.

Í ritinu *Göngur og réttir III* kemur fram að því svæði sem nú er nefnt Eyvindarstaðaheiði hafi verið skipt í tvö höfuðsvæði: Eyvindarstaðaheiði og Stafnsafrétt. Muni Stafnsafrétt hafa náð yfir Háutungur, milli Fossár og Svartár, Svartárbuga og sandana suður af Bugunum, allt fram að Hofsjökli. Þessi lýsing kann að snerta að einhverju leyti Hraunin austan marka Eyvindarstaðaheiðar. Á hinn bóginn er ekkert fleira komið fram í málinu sem styður að Stafnsafrétt hafi náð svo

langt til suðurs. Þvert á móti kemur t.a.m. fram í örnefnaskrá Rósmundar G. Ingvarssonar fyrir Eyvindarstaðaheiði að Stafnsafréttur, oftast nefndur Háutungur, liggi milli Fossár að vestan og Svartár að austan og suðurmörkin séu um Aðalsmannsvatn.

Í ritinu *Göngur og réttir IV* kemur fram að Skagfirðingum beri að smala það svæði sem hér um ræðir, þ.e. Hraunin. Því er lýst að mörk þess séu um Vestari-Jökulsá fram til Hofsjökuls, ráði svo jökullinn suðurmörkum og vestur í austustu upptök Ströngukvíslar. Þaðan séu vesturmörkin um Hraungarð og Þingmannaháls í Fossá.

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september sama ár, bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki tilheyrðu eða hefðu tilheyrt nokkru lögbýli. Í umsögn hreppstjóra Bólstaðahlíðarhrepps, dags. 18. febrúar 1920, sem hann tók saman af því tilefni, er minnst á Eyvindarstaðaheiði og þess getið að hún hafi áður tilheyrt Eyvindarstöðum. Ekki er hins vegar getið um Hraunin. Í svari skrifstofu Skagafjarðarsýslu, dags. 14. febrúar 1920, við sömu fyrirspurn er því haldið fram að ekki séu aðrir almenningar eða afréttarlönd í sýslunni „af þeim sem um var spurt, en hin svonefndu Nýjabæjaröræfi austan undir Hofsjökli“. Svörin benda ekki til að sveitarfélög í sýslunum hafi talið til réttinda á Hraununum á þessum tíma eða talið þau til beitilanda sinna.

Í ódagsettu skjali sem ber yfirskriftina „skrá yfir afréttir, eignarheimildir og landamerki í Skagafjarðarsýslu“ og sent var til Tryggva Gunnarssonar lögfræðings í nafni sýslumannsembættisins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki árið 1985 segir: „Frá landamerkjum Eyvindarstaðaheiðar að austan og austur að Jökulsá vestari, austustu kvíslar hennar, þar sem Hofsafrétt tekur við, er mikið landssvæði sem ekki er vitað um eignarrétt á. Þetta landsvæði, er í daglegu tali kallað Hraunin, er gróðurlaust með öllu, nema mosar með kvíslum í Jökultungu og vestar nálægt Hofsjökli.“ Síðar segir: „Líklegt má telja að landnámsjarðirnar Mælifell, Írafell og Goðdalir hafi átt þetta land allt til jökuls“.

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið fyrirspurn til allra sveitarstjórna um afréttarmál. M.a. var spurt um hvort íbúar sveitarfélagsins ættu upprekstarrétt í einhvern afrétt, hvað hann nefndist og hvar mörk hans lægju. Í svarbréfi Lýtingsstaðahrepps við erindinu, sem dagsett er 6. nóvember 1989, er getið um upprekstrarrétt á Eyvindarstaðaheiði og landamerkjabréfið rakið um mörk hennar. Ekkert er minnst á svæðið þar austan við, þ.e. Hraunin. Ekki er heldur minnst á þau í svarbréfi Bólstaðahlíðarhrepps við sama erindi dags. 1. nóvember 1989. Ekki barst svar frá Seyluhreppi við erindinu.

Í örnefnaskrá fyrir Eyvindarstaðaheiði eftir Rósmund G. Ingvarsson, dags. 2. sept. 2001, kemur fram að heiðin sé að mestu leyti afgirt. Hafi hún verið girt í

áföngum frá árinu 1971, fyrst milli Blöndu og Fossadals og síðan haldið til austurs og árið 1978 hafi girðingin verið komin fram á Brunnabrekkubrún. Síðan segir: „Varð þá nokkurt hlé á framkvæmdum, en næsti áfangi var nokkuð fram á Hraun, austan við Fram-Bugana. Síðasti áfanginn (sem kominn er) var svo frá þeim girðingarenda og fram að Ströngukvísl nokkuð neðan við Sátu.“ Síðan er staðsetningu girðingarinnar lýst nánar og greint frá því að hún fari í suður ofarlega á Haukagilsheiði „og áfram til suðurs fram Hraunin, eigi langt frá landamörkum Eyvindarstaðaheiðar, allt að Ströngukvísl skammt neðan við fjallið Sátu.“

Við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd kom fram í máli Smára Borgarssonar í Goðdölum að smölun á Hraununum sé kostuð af Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar. Með tilkomu afréttargirðingarinnar eigi fé þó ekki að komast af Eyvindarstaðaheiði yfir á Hraunin. Það fé sem þangað fari komi því frekar úr heimfjöllunum en enginn reki á Hraunin. Vitnið taldi að aldrei hefði verið rekið þangað en alltaf hefði verið þar eitthvert fé, nokkrir tugir á árum áður en færra nú til dags.

Óbyggðanefnd telur að þær heimildir sem raktar hafa verið bendi ekki til þess að Hraunin hafi nokkru sinni verið nýtt að staðaldri sem sumarbeitiland fyrir búfé eða með öðrum hætti. Frásögn ritsins *Göngur og réttir III* um að Stafnsafrétt hafi m.a. náð yfir Svartárbuga og sandana suður af Bugunum, allt fram að Hofsjökli bendir þó til þess að vestasti hluti Hraunanna kunni áður að hafa verið í afréttarnotum. Sú heimild er þó óljós varðandi það hvort og þá að hvaða marki hún tekur til landsvæðis austan marka Eyvindarstaðaheiðar sem fjallað var um hér að framan. Aðrar fyrirliggjandi heimildir styðja ekki að Stafnsafrétt hafi náð yfir Bugana og fram að Hofsjökli, a.m.k. ekki austan marka Eyvindarstaðaheiðar. Að öðru leyti er ekki fram komið að fé hafi nokkru sinni verið rekið á Hraunin eða menn stuðlað að því að það sækti þangað. Í því sambandi má nefna að ekkert er getið um Hraunin í fjallskilareglugerðum fyrir Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur. Svo virðist sem það fáa fé sem sótti á Hraunin hafi komið af nærliggjandi landsvæðum einkum meðan ógirt var á milli Eyvindarstaðaheiðar og Hraunanna. Við blasir að afréttargirðingin sem var reist seint á 20. öld, því sem næst á mörkum Eyvindarstaðaheiðar og Hraunanna, var reist í því skyni að stemma stigu við því að fé leitaði af Eyvindarstaðaheiði yfir á Hraunin. Það mælir ennfremur gegn því að ætlun manna hafi verið sú að nýta Hraunin sem beitiland. Þá er ekkert komið fram sem byggjandi er á um að Hraunin hafi áður tilheyrt Mælifelli, Írafelli eða Goðdölum. Ennfremur bendir sú staðreynd að Hraunin voru ekki meðal þess sem afmarkað var í landamerkjabréfi Eyvindarstaðaheiðar frá 1886 til þess að menn hafi ekki talið þar til réttinda. Loks er til þess að líta að svæðið er lítt gróið eins og fram kemur í gögnum málsins og vettvangsferð óbyggðanefndar leiddi einnig í ljós. Því mæla staðhættir og gróðurfar á Hraununum gegn því að þau hafi verið nýtanleg til beitar. Gagnaðilar ríkisins hafa ekki fært fram gögn sem styðji að þeir eigi bein eða óbein eignarréttindi á Hraununum og vandséð er á hvaða forsendum slíkar

kröfur til svæðisins gætu byggst. Að öllu þessu virtu telur óbyggðanefnd að á Hraununum hafi ekki stofnast til beins eða óbeins eignarréttar fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er þar sem Fremri-Hraunlækur fellur í Vestari-Jökulsá. Þaðan er læknum fylgt þar til komið er að skurðpunkti við línu sem dregin er úr Goðdalakistu fram hábrúnir til fjalla milli Svartárdalanna og Goðdalalands. Frá skurðpunktinum er nefndri línu fylgt til norðurs þar til komið er á móts við Kvíslarupptök. Þaðan er línan dregin í upptök Runukvíslar. Þaðan er Runukvísl fylgt að ármótum hennar og Pollakvíslar við Hrauntungu. Frá ármótunum er Pollakvísl fylgt að upptökum. Þaðan er línan dregin til norðurs í botn Gullreitsgils og Gullreitsgili síðan fylgt til norðurs þar til það beygir til norðausturs. Þaðan er línan dregin til suðvesturs í hæsta punkt Sandhóla. Frá Sandhólum er haldið til norðurs í klettabelti sem er sunnan í Vatnafelli (eins og kröfulína íslenska ríkisins er dregin milli punkta nr. 7 og 8). Þaðan er haldið í upptök Brunnabrekkulækjar og línan dregin þaðan beina stefnu að þeim stað þar sem Aðalsmannsvatnalækur rennur í Svartá. Síðan er Svartá fylgt og svo Vestari-Bugakvísl til upptaka. Frá upptökum Vestari-Bugakvíslar er línan dregin á fjallið Sátu þar sem það er hæst og áfram sömu stefnu að jaðri Hofsjökuls. Þaðan er jökuljaðrinum fylgt til upptaka Vestari-Jökulsár. Loks er Vestari-Jökulsá fylgt að upphafspunkti þar sem Fremri-Hraunlækur fellur í hana.*

6.4 Hofsjökull

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu Hofsjökuls en hann er allur til umfjöllunar í máli þessu, sbr. kafla 2.4 hér að framan. Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umrætt jökulsvæði sé þjóðlenda, sbr. kafla 3.1. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi innan jökuljaðars.

Óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að um eignarréttarlega stöðu jökulsvæða almennt fari eftir sömu reglum og um önnur landsvæði.[1354] Að því er varðar Hofsjökul er ekkert sem bendir til að þar hafi stofnast til beins eignarréttar eða takmarkaðra eignarréttinda fyrir nám, hefð eða með öðrum hætti.[1355].

[1354] Sjá umfjöllun um *jökla* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[1355] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Engin eignarlönd liggja að Hofsjökli heldur aðeins þjóðlendur, svo sem skilgreint hefur verið fyrr í úrskurði þessum og í úrskurðarorðum, svo og í úrskurðum nefndarinnar í málum nr. 6/2000, 7/2000, 4/2008 og dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 47/2004, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, og telur óbyggðanefnd fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Hofsjökull, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Jaðri Hofsjökuls er fylgt umhverfis jökulinn. Miðað er við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

6.5 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagmunir ekki á. Við undirbúning úrskurðar um málskostnað fór óbyggðanefnd yfir fjölda kröfulýsinga, greinargerða og umbjóðenda hvers lögmanns, reiknaði tíma við fyrirtökur, aðalmeðferð málsins og ferðalög og lagði mat á efnislegt umfang einstakra ágreiningssvæða og álitamála. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Tímaskýrslur lögmanna hafa verið skoðaðar með hliðsjón af framangreindu. Í þessu sambandi skal tekið fram að með málskostnaðarákvörðun er komist að tölulegri niðurstöðu um atriði sem eðli máls samkvæmt er ekki að öllu leyti hægt að sundurliða með nákvæmum útreikningsaðferðum. Fjárhæð úrskurðaðs málskostnaðar er niðurstaða af samofnu heildarmati á þessum atriðum.

Í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 gaf óbyggðanefnd lögmönnum málsaðila kost á að leggja fram slíka sundurliðun málskostnaðarreikninga að unnt væri að ákvarða málskostnað til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega. Hafi slík gögn legið fyrir eða borist er úrskurður um málskostnað í kafla 7 hér á eftir ákvarðaður til einstakra málsaðila en ella sameiginlega.

Svo sem rakið er í kafla 2.3 setti fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins fram þjóðlendukröfur sínar á svæði 7 (suður) í mars 2008. Í ágúst sama ár var hluti þessara krafna dreginn til baka. Í greinargerð og við munnlegan flutning málsins kom fram sú skýring af hálfu ríkisins að uppkvaðning úrskurða óbyggðanefndar á svæði 6 í júní 2008 hafi haft áhrif, sem og kröfulýsingar gagnaðila íslenska ríkisins á svæði 7

(suður) og önnur framkomin gögn. Í október 2008 veitti óbyggðanefnd málsaðilum frest til að gera sátt um greiðslu fyrir hagsmunagæslu vegna þeirra sem af þessari ástæðu ættu ekki lengur aðild að málum. Í maí 2009 barst óbyggðanefnd staðfesting á að umræddir málsaðilar hefðu gert sátt um fullnaðargreiðslu á lögmannskostnaði. Það á þó ekki við um jörðina Ölduhrygg og kemur hún því til umfjöllunar að því er varðar málskostnað.

7 ÚRSKURÐARORÐ [1356]

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Eyvindarstaðaheiði, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er í Syðra-Rolluhvammsgreni við Blöndu. Þaðan er línan dregin beint austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal. Þaðan er línan dregin í Hanskafell þar sem það er hæst. Frá Hanskafelli er haldið í Hlóðarstein sem stendur á Fossadalsbrún að vestan og þaðan beina stefnu í botn Smjörmoksgils. Smjörmoksgili er fylgt að Fossá og Fossá síðan að punkti sem liggur beint vestur af þeim stað þar sem Aðalsmannsvatnalækur rennur úr Aðalsmannslækjarvatni. Þaðan er læknum fylgt þar til hann fellur í Svartá. Síðan er Svartá fylgt og svo Vestari-Bugakvísl til upptaka. Frá upptökum Vestari-Bugakvíslar er línan dregin á fjallið Sátu þar sem það er hæst og áfram sömu stefnu að jaðri Hofsjökuls. Þaðan er jökuljaðrinum fylgt til upptaka Blöndu. Loks er Blöndu fylgt til norðurs að Syðra-Rolluhvammsgreni.*

Sama landsvæði er í afréttareign Húnavatnshrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Hraunin, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er þar sem Fremri-Hraunlækur fellur í Vestari-Jökulsá. Þaðan er læknum fylgt þar til komið er að skurðpunkti við línu sem dregin er úr Goðdalakistu fram hábrúnir til fjalla milli Svartárdalanna og Goðdalalands. Frá skurðpunktinum er nefndri línu fylgt til norðurs þar til komið er á móts við Kvíslarupptök. Þaðan er línan dregin í upptök Runukvíslar. Þaðan er Runukvísl fylgt að ármótum hennar og Pollakvíslar við Hrauntungu. Frá ármótunum er Pollakvísl fylgt að upptökum. Þaðan er línan dregin til norðurs í botn Gullreitsgils og Gullreitsgili síðan fylgt til norðurs þar til það beygir til norðausturs. Þaðan er línan dregin til suðvesturs í hæsta punkt Sandhóla. Frá Sandhólum er haldið til norðurs í klettabelti sem er sunnan í Vatnafelli (eins og kröfulína íslenska ríkisins er dregin milli punkta nr. 7 og 8). Þaðan er haldið í upptök Brunnabrekkulækjar og línan dregin þaðan beina stefnu að þeim stað þar sem Aðalsmannsvatnalækur rennur í Svartá. Síðan er Svartá fylgt og svo Vestari-Bugakvísl til upptaka. Frá upptökum Vestari-Bugakvíslar er línan dregin á fjallið Sátu þar sem það er hæst og áfram sömu stefnu að jaðri Hofsjökuls. Þaðan er jökuljaðrinum fylgt til upptaka Vestari-*

[1356] Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

Jökulsár. Loks er Vestari-Jökulsá fylgt að upphafspunkti þar sem Fremri-Hraunlækur fellur í hana.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Hofsjökull, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Jaðri Hofsjökuls er fylgt umhverfis jökulinn. Miðað er við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Málflutningsþóknun Gunnars Sólness hrl.: Lífsval ehf., 150.000 kr. vegna Ölduhryggjar.

Málflutningsþóknun Ólafs Björnssonar hrl.: Húnavatnshreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður, 750.000 kr. vegna Eyvindarstaðaheiðar.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Karl Axelsson

Benedikt Bogason Hulda Árnadóttir

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum.

Sjá bls. 153

FYLGISKJÖL

I. Kort
II. Aðilaskrá
III. Skjalaskrá



Mörk þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Mörk afréttar/afréttareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Aðalkrafa ríkisins um þjóðlendumörk
Kröfur gagnaðila ríkisins
Varakröfur gagnaðila ríkisins
Skörun á kröfum gagnaðila ríkisins
Afturkölluð krafa ríkisins um þjóðlendumörk
Mörk sveitarfélaga
Vatnasvið einstakra áa

ÓBYGGÐANEFND

ÞJÓÐLENDUMÁL

Svæði 7a - Mál nr. 5/2008

Um tölusetta kröfulínupunkta vísast til kröfulýsinga málsaðila.

Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu

Mælikvarði 1:50.000 í A1 Dags. 19. júní 2009 Blað nr. SV7a-M5a

LANDFORM ehf

Kortagrunnur: IS50V birt með leyfi Landmælinga Íslands (L05040005)

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is



ÁBYGGÐANEFND

ÞJÓÐLENDUMÁL

Svæði 7a - Mál nr. 5/2008

Mörk þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Mörk afréttareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Aðalkrafa ríkisins um þjóðlendumörk
Kröfur gagnaðila ríkisins
Varakröfur gagnaðila ríkisins
Skörun á kröfum gagnaðila ríkisins
Afturköllud krafa ríkisins um þjóðlendumörk
Mörk sveitarfélaga
Staða jökuls við setningu laga nr. 58/1998

Um tölusetta kröfulínupunkta vísast til kröfulýsinga málsaðila.
Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu

Mælikvarði 1:50.000 / A1 Dags. 19. jún / 2009 Blað nr. SV7a-M5b

LANDFORM ehf

Kortagrunur: ISSOV tilt. með leyfi Landmælinga Íslands (L0504005)

LANDBLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is



ÓBYGGÐANEFND

ÞJÓÐLENDUMÁL

Svæði 7a - Mál nr. 5/2008

Kortagrunnur: ISSOV birt með leyfi Landmælinga Íslands (LÍ 5040005)

- Mörk þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
- Mörk afréttarlafréttareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
- Aðalkrafa ríkisins um þjóðlendumörk
- Kröfur gagnaðila ríkisins
- Skórun á kröfum gagnaðila ríkisins
- Afturkölluð krafa ríkisins um þjóðlendumörk
- Mörk sveitarfélaga
- Staða jökuls við setningu laga nr. 58/1998

Um tölusetta kröfulínupunkta vísast til kröfulýsinga málsaðila.

Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu

Mælikvarði: 1:50.000 í A1 Dags. 19. júní 2009 Blað nr. SV7a-M5c

LANDFORM ehf

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/ 482 4090 fax/ 482 3542, landform@landform.is



ÓBYGGÐANEFND

ÞJÓÐLENDUMÁL

Svæði 7a - Mál nr. 5/2008

Tákn	Skýring
Rauð lína	Mörk þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Græn lína	Mörk afréttar/afréttareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Svört lína	Kröfur gagnaðila ríkisins
Skástrikað	Skörun á kröfum gagnaðila ríkisins
Appelsínugul strikalína	Mörk sveitarfélaga
Fjólublá lína	Staða jökuls við setningu laga nr. 58/1998

Um tölusetta kröfulínupunkta vísast til kröfulýsinga málsaðila.

Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu.

Mælikvarði 1:100.000 í A2 Dags. 19. júní 2009 Blað nr. SV7a-M5d

LANDFORM ehf

Kortagrunnur: IS50V birt með leyfi Landmælinga Íslands (L05040005)

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is

II. Aðilaskrá

Þjóðlendur	Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins
Eyvindarstaðarheiði og Hraun	Húnavatnshreppur
Eyvindarstaðarheiði og Hraun	Sveitarfélagið Skagafjörður
Ölduhryggur	Lífsval ehf.

III. Skjalaskrá[1357]

Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

1 Kröfulýsing, dags. 14.3.2008.

1(1) Skjalaskrá, ódags. en mótt. 14.3.2008.

1(2) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytis, dags. 29.3.2007, um meðferð þjóðlendumála.

1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 7.8.2007.

1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3.10.2007, framhald þjóðlendumála.

1(5) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um breytta afmörkun á svæði 7, dags. 7.12.2007.

1(6) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, breytt afmörkun svæðis 7 samþykkt og frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.12.2007.

1(7) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar, beiðni um frekari frest til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 26.2.2008.

1(8) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, frekar frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.2.2008.

1(9) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar, kröfulýsing íslenska ríkisins vegna þjóðlendna á svæði 7A, dags. 14.3.2008.

1(10) Yfirlitskort yfir þjóðlendukröfur á svæði 7 suður, A3 blað, mælikvarði 1:400.000 í A2, dags. 14.3.2008.

1(11) Tilvísanaskrá, ódags. en mótt. 14.3.2008.

1(12) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 25.8.2008.

1(13) Bréf Juris til óbyggðanefndar varðandi málskostnað í þjóðlendumálum á svæði 7 suður vegna jarða sem fallið var frá kröfum í, dags. 25.5.2009.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 22.5.2009.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

2(2) Goðdalir, dags. 5.6.1883. *(Merkt 129 a-b).*

2(3) Írafell, dags. 19.5.1886. *(Merkt 130 a-b).*

2(4) Ytri-Svartárdalur, ódags. *(Merkt 131).*

2(5) Fremri-Svartárdalur, dags. 24.5.1886. *(Merkt 132).*

2(6) Ölduhryggur, dags. 28.5.1888. *(Merkt 133).*

2(7) Mælifell, dags. 4.4.1890. *(Merkt 134 a-b).*

2(8) Álfgeirsvellir, dags. 31.3.1888. *(Merkt 135 a-b).*

2(9) Stafn, dags. 16.5.1883. *(Merkt 136).*

2(10) Kóngsgarður, dags. 15.5.1883. *(Merkt 137).*

2(11) Fossar, dags. 16.5.1889. *(Merkt 138).*

2(12) Hóll, dags. 17.5.1889. *(Merkt 139).*

2(13) Rugludalur, dags. 12.4.1883. *(Merkt 140).*

2(14) Eyvindarstaðaheiði, dags. 28.9.1886. *(Merkt 141).*

2(15) Steiná, dags. 15.5.1886. *(Merkt 142).*

[1357] Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):

2(74) a-b Eyvindarstaðir í Blönduhlíð, landamerkjalýsing Erlends Runólfssonar eftir tveimur eldri skjölum. Getið um afréttir Eyvindarstaða, dags. 19.3.1810, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b).*

2(75) a-b Eyvindarstaðir, landamerkjalýsing. Uppskriftir á eldri skjölum þar sem kaupsamninga um jarðir er lýst. Landamerkja á milli Eyvindarstaða og Bollastaða getið, dags. 31.1.1929, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-e).*

2(76) a-b Eyvindarstaðir, landamerkjalýsing. Uppskrift á eldra skjali um landamerki á milli Eyvindarstaða og Bollastaða í Blöndudal, dags. 31.1.1929. ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b).*

2(101) a-b Eyvindarstaðaheiði. Pro Memoria. Eiríkur Jónsson biður bændur að reka lömb sín á Eyvindarstaðaheiði. Það landsvæði sem fellur undir lambaupprekstur á Eyvindarstaðaheiði, er tekið fram, dags. 31.5.1790, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-b).*

Afsals- og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):

2(111) a-b Nýlendunni Kóngsgarði skipt út úr Stafni, dags. 19.7.1841, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b).*

Landskiptabækur (skjalaflokkur A.4.):

2(110) Fossar í Bólstaðahlíðarhreppi, landskiptagjörð, dags. 17.11.1961. *(Merkt 1).*

Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):

2(24) Fasteignamat 1916-1918. Eyvindarstaðir. *(Merkt 1).*

2(25) Jarðamat 1849-1850. Eyvindarstaðir, Ytri-Svartárdalur og Fremri-Svartárdalur. *(Merkt 4-6).*

2(26) Fasteignamat 1916-1918. Goðdalir og Ytri-Svartárdalur. *(Merkt 2-3).*

2(27) Fasteignamat 1916-1918. Fremri-Svartárdalur, Ölduhryggur, Héraðsdalur, Írafell, Gilhagi, Mælifellsá, Mælifell, Álfgeirsvellir, Stafn og Fossar. *(Merkt 7-16).*

2(55) Jarðamat 1804. Goðdalir, Svartárdalur fremri, Svartárdalur ytri, Ölduhryggur, Írafell, Gilhagi, Stapi, Héraðsdalur, Mælifell, Mælifellsá syðri, Mælifellsá ytri, Ásgeirsvellir, Stafn, Fossar og Eyvindarstaðir. *(Merkt 17-31).*

2(151) Jarðamat 1849–1850: Goðdalir. *(Merkt 32 a-b).*

Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):

2(112) Upplesin lögfesta fyrir Ölduhrygg þar sem vísað er til framlagðs kálfskinnsskjals frá árinu 1589, dags. 16.5.1752. *(Merkt 1 a-b).*

2(113) Upplesin lögfesta fyrir Ölduhrygg. Lögfestunni var mótmælt af prófastinum sr. Jóni, dags. 28.5.1823. *(Merkt 2 a).*

2(114) Upplesin lögfesta fyrir Ölduhrygg, dags. 6.6.1864. *(Merkt 3 a-b).*

2(115) Tekið fyrir mál Grímsstaða gegn Írafelli, þar sem sátt náðist á milli aðila um Grímsstaði, Miðvelli og slægjuland, en beitilandið yrði óskipt, dags. 1.7.1752. *(Merkt 4 a-g).*

2(116) Upplesin lögfesta fyrir Héraðsdal, dags. 3.5.1759. *(Merkt 5 a).*

2(117) Þinglesin landamerkjaskrá fyrir Héraðsdal, dags. 23.5.1890. *(Merkt 6 a-b).*

2(118) Þinglesið landamerkjabréf fyrir Héraðsdal, dags. 17.5.1898. *(Merkt 7 a).*

2(119) Þinglesin landamerkjaskrá fyrir Stapa, dags. 23.5.1890. *(Merkt 8 a-b).*

2(120) Upplesin lögfesta fyrir Ytri- og Syðri-Mælifellsá, dags. 21.5.1762. *(Merkt 9 a-b).*

2(121) Upplesin lögfesta fyrir Mælifellsá, dags. 22.4.1763. *(Merkt 10 a-c).*

2(122) Upplesin lögfesta fyrir Mælifellsá, dags. 9.5.1796. *(Merkt 11 a).*

2(123) Upplesin lögfesta fyrir Mælifellsá, dags. 8.5.1797. *(Merkt 12 a)*.

2(124) Þinglesin landamerkjaskrá milli jarðanna Mælifellsá og Mælifellshóls, dags. 19.6.1929. *(Merkt 13 a)*.

2(125) Upplesin lögfesta fyrir Mælifellsstað og Starastöðum, dags. 26.4.1764. *(Merkt 14 a-b)*.

2(126) Upplesin lögfesta fyrir Mælifelli, dags. 9.5.1796. *(Merkt 15 a)*.

2(127) Upplesin lögfesta fyrir Mælifelli, dags. 26.5.1804. *(Merkt 16 a)*.

2(128) Upplesin lögfesta fyrir Mælifelli, dags. 25.5.1809. *(Merkt 17 a)*.

2(129) Upplesin lögfesta fyrir Mælifelli, dags. 7.6.1828. *(Merkt 18 a)*.

2(130) Upplesin lögfesta fyrir Gilhaga, dags. 21.5.1762. *(Merkt 19 a-b)*.

2(131) Þinglesin landamerkjaskrá fyrir Gilhaga, dags. 23.5.1890. *(Merkt 20 a-b)*.

2(132) Upplesin lögfesta fyrir Þorljótsstöðum og eyðijörðinni Stafni. Magnús Snæbjörnsson á Hofi mótmælti lögfestunni, dags. 7.6.1827. *(Merkt 21 a-b)*.

2(133) Upplesinn samningur afréttarbænda um fjallgöngur og reglu við Stafnsrétt á haustin, dags. 1.6.1833. *(Merkt 22 a)*.

2(134) Þinglesin landamerkjaskrá fyrir Stafni, dags. 29.5.1886. *(Merkt 23 a)*.

2(135) Upplesinn samningur á milli ábúandans á Eyvindarstöðum og bóndans á Stafni um afréttarrekstur á Stafns- og Eyvindarstaðaheiði. Innbyggjendur Lýtingsstaðahrepps hafna samningnum, dags. 22.4.1763. *(Merkt 24 a-c)*.

2(136) Upplesin dómsafskrift fyrir Eyvindarstaðaheiði. Þingmenn mótmæltu henni, dags. 22.6.1807. *(Merkt 25 a-b)*.

2(137) Upplesin lögfesta fyrir Eyvindarstaðaheiði, dags. 28.5.1823. *(Merkt 26 a)*.

2(138) Upplesin klögun yfir rekstrarleysi á Eyvindarstaðaheiði, dags. 15.5.1824. *(Merkt 27 a)*.

2(139) Samþykkt að þeir sem eiga lönd að Eyvindarstaðaheiði frá Ölduhrygg út að Mælifelli skuli ganga og hreinsa heimafjöllun á haustin, dags. 15.5.1861. *(Merkt 28 a-b)*.

2(140) Þinglesin samþykkt viðvíkjandi upprekstur og byggingu á réttum á Eyvindarstaðaheiði og Stafnsafrétt, dags. 30.5.1862. *(Merkt 29 a-b)*.

2(141) Þinglesin samþykkt viðvíkjandi upprekstur og byggingu á réttum á Eyvindarstaðaheiði og Stafnsafrétt, dags. 31.5.1862. *(Merkt 30 a-b)*.

2(142) Vitni yfirheyrð viðvíkjandi fjallskil Laxdæla í Hlíðarhrepp á Laxárdalsfjöll og Eyvindarstaðaheiði, dags. 5.4.1873. *(Merkt 31 a-e)*.

2(143) Vitni yfirheyrð viðvíkjandi fjallskil Laxdæla í Hlíðarhreppi á Staðarfjöll, Eyvindarstaðaheiði og Laxárdalsfjöll, dags. 5.4.1873. *(Merkt 32 a-c)*.

2(144) Þinglesið skjal Bjarna Ólafssonar á Stafni í Húnavatnssýslu viðvíkjandi takmörk fyrir upprekstur á Eyvindarstaðaheiði, dags. 30.5.1874. *(Merkt 33 a-b)*.

2(145) Þinglesið skjal Bjarna Ólafssonar á Stafni í Húnavatnssýslu viðvíkjandi takmörk fyrir upprekstur á Eyvindarstaðaheiði, dags. 1.6.1874. *(Merkt 34 a)*.

2(146) Tekið fyrir mál eigenda Stafns- og Eyvindarstaðaheiðar gegn Birni L. Jónssyni, sem er sakaður um að hafa nýtt sér heiðina í heimildarleysi, dags. 7.3.1913. *(Merkt 35 a-b)*.

2(147) Uppkveðinn dómur í máli eigenda Stafns- og Eyvindarstaðaheiðar gegn Birni L. Jónssyni, sem er sakaður um að hafa nýtt sér heiðina í heimildarleysi, dags. 28.3.1913. *(Merkt 36 a-d)*.

2(148) Upplesin lögfesta fyrir jörðinni Eyvindarstöðum og hennar afrétt, dags. 29.4.1739. *(Merkt 37 a)*.

2(149) Upplesinn samningur um afréttartoll og rekstur á Eyvindarstaða- og Stafnsheiði,

dags. 23.4.1763. *(Merkt 38 a)*.

2(150) Upplesið forboð bænda á Eyvindarstöðum í Húnavatnssýslu um hrossa- og féreksturs og grastöku á Eyvindarstaðaheiði án leyfis, dags. 27.6.1860. *(Merkt 39 a)*.

Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):

2(28) a-b Lögfesta séra Jóns Auðunssonar fyrir Bergstöðum í Svartárdal, dags. 23.8.1750, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-f)*.

2(29) a-b Lögfesta séra Jóns Auðunssonar fyrir Bergstöðum í Svartárdal, dags. 1.7.1778, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-b)*.

2(30) a-b Lögfesta séra Björns Jónssonar fyrir Bergstöðum í Svartárdal, dags. 28.6.1783, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b)*.

2(31) a-b Lögfesta séra Björns Jónssonar fyrir Bergstöðum í Svartárdal, dags. 6.6.1794, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-b)*.

2(32) a-b Lögfesta séra Björns Jónssonar fyrir Bergstöðum í Svartárdal, dags. 12.6.1807, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-b)*.

2(33) Máldagabréf Bergstaðakirkju, dags. 30.4.1561 og alþingisdómur Holgeir Rosenkranz ásamt yfirrétti um Fossadal, dags. 1.7.1620. *(Merkt 6 a-b)*.

2(34) a-b Skýrsla Guðbrands biskups Þorlákssonar frá 1620 um Fossárdal og aðkomu séra Brynjólfs Árnasonar á Bergstað að þeirri deilu. Afrit frá f.hl. 19. aldar gert undir tilsjá Steingríms biskups Jónssonar, ásamt uppskrift. *(Merkt 7 a-d)*.

2(35) a-b Sáttargerð á milli séra Magnúsar Sigurðssonar á Bergsstöðum og Jóns Þórarinssonar, dags. 19.7.1696 varðandi Fossárdal. Afrit frá 19. öld, ásamt uppskrift. *(Merkt 8 a-b)*.

2(36) a-b Afrit frá f. hl. 19. aldar af málsskjölum snertandi deiluna um Fossárdal. 1) Viðvíkur dómur um Fossárdal, dags. 2.10.1607, 2) Bólstaðahlíðardómur um Fossárdal, dags. 16.9.1613, 3) Vallnalaugadómur um Fossárdal, dags. 18.8.1614, 4) Vitnisburður Geirlaugar Jónsdóttur um Fossárdal, dags. 22.4.1613, 5) Vitnisburður Bessa Einarssonar um Fossárdal, dags. 20.3.1613, 6) Vitnisburður séra Jóns á Siglunesi 1607 um Fossárdal, 7) Vitnisburður séra Jóns Björnssonar um Fossárdal, dags. 24.9.1607, 8) Vitnisburður Guðmundar Þorsteinssonar um Fossárdal, dags. 15.8.1607, 9) Vitnisburður Einars Jónssonar um Fossárdal, dags. 22.3.1613, 10) Vitnisburður Guðmundar Guðmundssonar um Fossárdal, dags. 28.12.1618, 11) Greinargerð um vitnisburðina, 12) Bólstaðahlíðar dómur um Fossárdal, dags. 4.6.1696, 13) Alþingissamþykkt 1696, 14) Lögfesta Jóns Jónssonar fyrir Stafni, dags. 3.5.1735 og 15) Lögfesta Sigurðar Jónssonar fyrir Stafni, dags. 9.5.1796, ásamt uppskrift. *(Merkt 9 a-r)*.

2(37) a-b Skjalabók Bergstaðakirkju skrifuð af Gísla Konráðssyni 1845 fyrir séra Pál Halldórsson. Að miklu leyti sömu skjöl og er að finna í A.7 9 a-r og einnig nokkur skjöl sem gefin hafa verið út í Íslensku fornbréfasafni. Það sem skrifað er upp og ekki er að finna þar er 1) Samningsbréf séra Brynjólfs Árnasonar og Jóns Ljótssonar frá 1569, 2) Vitnisburður Jóns Jónssonar um selstöðu Fossamanna á Kóngsgarði, dags. 5.5.1614, 3) Vitnisburður Benedikts Eiríkssonar, dags. 5.6.1614, um sama; 4) Vitnisburður Finns Péturssonar, dags. 5.6.1614, um sama; 5) Vitnisburður Teits Björnssonar, dags. 9.4.1617, um dóm Jóns Björnssonar sýslumanns 1569 um Fossárdal; 6) Vitnisburður Guðmundar Guðmundssonar, dags. 6.5.1617, um Fossárdal; 7) Vitnisburður Bessa Einarssonar, dags. 9.5.1617, um Fossárdal; 8) Athugasemd um þau forrit sem skrifað var eftir, dags. 10.6.1644; 9) Dómur um lambatolla, dags. 10.5.1667; 10) Ályktun um

lambatolla á prestastefnu á Flugumýri, dags. 25.6.1692; 11) Sáttargerð séra Magnúsar Sigurðssonar og séra Jóns Þórarinssonar varðandi Fossárdal, dags. 19.7.1696; 12) Lambatollakrafa séra Magnúsar Sigurðssonar, dags. 24.9.1704, ásamt uppskrift. *(Merkt 10 a-jj)*.

2(38) Skrá yfir Bergstaðakirkjuskjöl í Landsbókasafni sem afhent voru þangað af H.Kr. Friðrikssyni yfirkennara 5. maí 1887. Skjölin voru síðar afhent Þjóðskjalasafni. *(Merkt 11 a-b)*.

2(39) a-b Vallnalaugadómur Jóns Sigurðssonar lögmanns og séra Arngríms Jónssonar, dags. 2.7.1607, ásamt uppskrift. *(Merkt 12 a-b)*.

2(40) a-b Vitnisburður Jóns Jónssonar, dags. 5.5.1614, um að séra Brynjúlfur Árnason hafi haldið Bergstaðakirkjukotið Fossa átölulaust, ásamt uppskrift. *(Merkt 13 a-b)*.

2(41) a-b Greinargerð séra Brynjólfs Árnasonar um Hlíðardóm, dags. 10.5.1614, ásamt uppskrift. *(Merkt 14 a-f)*.

2(42) a-b Greinargerð séra Brynjólfs Árnasonar um klögumál Skúla Einarssonar og Illuga Jónssonar vegna Fossadals, dags. 10.8.1619, ásamt uppskrift. *(Merkt 15 a-b)*.

2(43) a-b Greinargerð um framgöngu séra Brynjólfs Árnasonar í deilunni um Fossárdal, ódags. og ekki undirritað en virðist samið af Guðbrandi biskupi Þorlákssyni, ásamt uppskrift. *(Merkt 16 a-e)*.

2(44) a-b Ávirðingar á hendur séra Brynjólfi Árnasyni vegna yfirvofandi brottvikningar úr starfi, lesnar upp á prestastefnu á Flugumýri, dags. 2.6.1620, ásamt uppskrift. *(Merkt 17 a-b)*.

2(45) a-b Sáttargerð Guðbrands biskups Þorlákssonar og séra Brynjólfs Árnasonar, dags. 11.4.1621. Einnig loforð séra Magnúsar Sigurðssonar á bergstöðum að halda sættina, dags. 25.6.1686 og staðfesting amtmanns frá 1688., ásamt uppskrift. *(Merkt 18 a-b)*.

2(46) a-b Goðdalir. Afrit úr vísitasíubók Steins biskups Jónssonar gert 1737, ásamt uppskrift. *(Merkt 19)*.

2(47) a-b Lögfesta séra Jóns Sveinssonar á Goðdölum, dags. 20.4.1761. Eldri lögfestum Goðdala er sleppt þar sem þar virðist aðeins heimalandinu lögfest en hér er lögfest í Hraun, ásamt uppskrift. *(Merkt 20 a-b)*.

2(48) a-b Bréf Guðbrands biskups Þorlákssonar, dags. 20.1.1624, um bágt ástand Goðdala, ásamt uppskrift. *(Merkt 21 a-b)*.

2(49) a-b Minnisblað, dags. 16.8.1802, varðandi Goðdali lagt fyrir jarðamatsnefnd af séra Jóni Jónssyni á Goðdölum, ásamt uppskrift. *(Merkt 22 a-c)*.

2(50) a-b Fjöldi vitnisburða um landeign Mælifellskirkju á Tjarnargili og Haukadalsheiði, ásamt uppskrift. *(Merkt 23 a-c)*.

2(51) a-b Nokkur skjöl afrituð úr skjalabók Mælifellskirkju á 19. öld. Hér í eru m.a. tvær lögfestur frá 18. öld og fjöldi vitnisburða frá miðri 17. öld um eign Mælifellskirkju upp frá Mælifellsdal., ásamt uppskrift. *(Merkt 24 a-i)*.

2(52) a-b Bréf séra Jóhanns Kristjánssonar á Mælifelli til Jóns Snorrasonar sýslumanns, dags. 7.5.1766, um hvort svokallaður hrossadómur frá 1739 sé ekki enn í gildi, ásamt uppskrift. *(Merkt 25 a-b)*.

2(53) a-b Bann séra Bjarna Jónssonar á Mælifelli, dags. 22.5.1794, við því að menn reki hesta sína eða tíni grös á Mælifellsdal, Hlaupakinn, Kálfárdölum eða Dranggilsdrögum og allt fram á Haukagilsheiði. Finnist hross á þessum stöðum verði þau rekin suður á fjöll, ásamt uppskrift. *(Merkt 26 a-b)*.

2(54) a-b Bann séra Bjarna Jónssonar á Mælifelli, dags. 3.5.1806, við því að menn reki hesta sína eða tíni grös á Mælifellsdal, Hlaupakinn, Kálfárdölum eða

Dranggilsdrögum og allt fram á Haukagilsheiði. Finnist hross á þessum stöðum verði þau rekin suður á fjöll, ásamt uppskrift. *(Merkt 27)*.

Vísitasíubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):

2(56) a-b Bergstaðir 1605, ásamt uppskrift. *(Merkt 1)*.

2(57) a-b Bergstaðir, dags. 14.9.1659, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-b)*.

2(58) a-b Goðdalir [1686], ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-c)*.

2(59) a-b Mælifell [1686], ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-b)*.

2(61) a-b Bergstaðir, dags. 2.5.1700, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-c)*.

2(62) a-b Bergstaðir, dags. 18.8.1716, ásamt uppskrift. *(Merkt 6 a-c)*.

2(63) a-b Goðdalir, dags. 11.7.1719, ásamt uppskrift. *(Merkt 7 a-b)*.

2(64) a-b Mælifell, dags. 11.7.1719, ásamt uppskrift. *(Merkt 8 a-c)*.

2(65) a-b Mælifell, dags. 31.8.1732, ásamt uppskrift. *(Merkt 9 a-c)*.

2(66) a-b Bergstaðir, dags. 12.7.1749, ásamt uppskrift. *(Merkt 10 a-b)*.

2(67) a-b Mælifell, dags. 13.10.1749, ásamt uppskrift. *(Merkt 11 a-c)*.

2(68) a-b Goðdalir, dags. 14.10.1749, ásamt uppskrift. *(Merkt 12 a-d)*.

2(69) a-b Mælifell, dags. 28.5.1781, ásamt uppskrift. *(Merkt 13 a-d)*.

2(70) a-b Bergstaðir, dags. 21.8.1833, ásamt uppskrift. *(Merkt 14 a-c)*.

2(100) Fossar. Alþingisdómur, dags. 1.7.1620. Alþingisbækur V. b., bls. 25.

2(102) a-b Goðdalir, dags. 4.8.1826. Vísitasíubók biskupanna dr. Hannesar Finnssonar, herra Geirs Vídalíns og herra Steingríms Jónssonar 1780/95, 1798-1800, 1826/27, bls. 410 og 414, ásamt uppskrift. *(Merkt 15 a-b)*.

2(103) a-b Mælifell, dags. 22.8.1826. Vísitasíubók biskupanna dr. Hannesar Finnssonar, herra Geirs Vídalíns og herra Steingríms Jónssonar 1780/95, 1798-1800, 1826/27, bls. 536-537 og 542, ásamt uppskrift. *(Merkt 16 a-b)*.

Skjalasöfn presta og prófasta (skjalaflokkur A.9.):

2(104) a-b Reykir, dags. 9.6.1823. Vísitasíubók 1823-1835, bls. 100 og 102-103, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-c)*.

2(105) a-b Bergstaðir, dags. 28.7.1782. Getið um skjöl fyrir kirkjunnar landi á Fossárdal. Vísitasíubók 1768-1782, bls. 389, 391, 395 og 402, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-d)*.

2(106) a-b Bergstaðir, dags. 16.11.1819. Vísitasíubók 1819-1828, bls. 80 og 84, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b)*.

2(107) a-b Bergstaðir, dags. 28.7.1840. Vísitasíubók 1834-1844, bls. 231-232, 238-239 og 244-245, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-f)*.

2(108) a-b Mælifell, tvær lögfestur frá 1754 og 1764, ásamt uppskrift. *(Merkt 10 a-c).*

Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands (skjalaflokkur A.11.):

2(16) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna, dags. 29.12.1919, þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta.

2(17) Svarbréf skrifstofu Húnavatnssýslu, dags. 28.4.1920, við bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

2(18) Bréf hreppstjóra Bólstaðahlíðarhrepps til sýslumanns Húnavatnssýslu um afrétti og almenninga í hreppnum, dags. 8.3.1920.

2(19) Svarbréf sýslumanns Skagafjarðarsýslu, dags. 14.2.1920, við bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

2(71) Afrit bréfs sem sent var öllum sýslumönnum landsins, dags. 29.12.1919, vegna þingsályktunartillögu, frá 27.9. s.á., um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum. *(Merkt 1).*

2(72) Bréf Boga Brynjólfssonar sýslumanns í Húnavatnssýslu, dags. 28.4.1920, þar sem hann sendir svarbréf hreppstjóra við fyrirspurn Stjórnarráðsins. *(Merkt 2).*

2(73) Svar Guðmundar Erlendssonar hreppstjóra Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 18.2.1920, við fyrirspurn Stjórnarráðsins. *(Merkt 3).*

2(109) a-b Umsókn Ásmunds Jónssonar um makaskipti á Eyvindarstöðum og Þorleifsstöðum, dags. 10.7.1797. Einnig ýmislegt í kringum það t.d. álit biskups, amtmanns ofl. Ákvörðun kansellís um að makaskiptin megi fara fram er aðeins skrifuð upp að hluta en það er að mestu leyti endurtekning á öðrum skjölum sem skrifuð hafa verið upp, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-s).*

Bréfasöfn og bréfabækur biskupa (skjalaflokkur A.12.):

2(20) a-b Þorsteinn Benediktsson sýslumaður skikkar að Bólstaðarhlíð, að tveir dómar frá 1461 og 1538 um lambfjárrekstur á og lambatolla af Eyvindarstaðaheiði skuli standa, dags. 6.5.1686. *(Merkt 1 a-f).*

2(21) a-b Lögfesta Sveins Péturssonar umboðshaldara í Svínadalsumboði, dags.14.6.1773, á Eyvindarstaðaheiði, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-b).*

2(22) Lögfesta Jóns Árnasonar umboðshaldara í Svínadalsumboði, dags. 11.5.1776, á Eyvindarstaðaheiði, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b).*

Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1):

2(77) Eyvindarstaðir. Kaupmálabréf Þórðar Bessasonar og Járngerðar Gilsdóttur, um Eyvindarstaði, dags. 3.4.1380. Í.f. III. b., bls. 351–352.

2(78) Eyvindarstaðir. Vottað um kaup á Eyvindarstöðum, dags. 25.9.1453. Í.f. V. b., bls. 109–110.

2(79) Eyvindarstaðir. Björn Þorleifsson selur Agli Grímssyni jörðina á Eyvindarstöðum, dags. 11.10.1453. Í.f. V. b., bls. 116–117.

2(80) Eyvindarstaðir, Fossar. Máldagar Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi, 1461 og síðar. Í.f. V. b., bls. 352, 325–327 og 358.

2(81) Eyvindarstaðir. Dómur um lambarekstur á Eyvindarstöðum, dags. 2.10.1464. Í.f. V. b., bls. 433–434.

2(82) Eyvindarstaðir. Jarðakaupabréf. Þorleifur Björnsson selur Agli Grímssyni jörðina á Skarði í Langadal fyrir Eyvindarstaði í Blöndudal, dags. 6.2.1468. Í.f. V. b., bls. 515–516.

2(83) Eyvindarstaðir. Vitnisburðarbréf Bersa prests Svartssonar um vottorð tveggja manna að Skrapatunga ætti allan Mjóadal fyrir austan og framan Mjódalsá, Gulltungur, Bárðardal og Ambáttardal til móts við Þverá í Norðurárdal, dags.

17.5.1471. Í.f. V. b., bls. 612–613.

2(84) Eyvindarstaðir. Þrír menn votta um skipti þeirra bræðra Þorleifs og Einars Björnssona eftir Árna bróður þeirra, er „var þá sagður dauður fyrir mörgum árum“, svo og um, að þeir Þorleifur og Egill Grímsson hafi staðfest kaup sitt, er áður var gert, um Skarð í Langadal og Eyvindarstaði, dags. 18.6.1476. Í.f. VI. b., bls. 74–75.

2(85) Eyvindarstaðir. Testamentisbréf Sólveigar Björnsdóttur, dags. 17.1.1495. Í.f. VII. b., bls. 242–247.

2(86) Eyvindarstaðir. Vitnisburðarbréf að Björn Þorleifsson hafi afhent þeim mágum sínum Eyjólfi Gíslasyni og Grími Jónssyni, í arf kvenna sinna, jörðina Stærriakra, Eyvindarstaði, Hvallátur og Skáleyjar, og skyldi Björn kvittur um arfskiptið, 9.10.1498; 19.4.1530. Í.f. VII. b., bls. 404–405.

2(87) Eyvindarstaðir. Dómur sex manna rekstur lambfjár á Eyvindarstaðarheiði, dags. 16.2.1538. Í.f. X. b., bls. 342–344.

2(88) Eyvindarstaðir. Skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls í föstu og lausu eptir Jón biskup Arason fallinn, dags. 25.12.1550. Í.f. XI. b., bls. 848–849, 868, 875, 878– 880.

2(89) Eyvindarstaðir. Skýrsla og reikningur Eggerts hirðstjóra Hannessonar og Ólafs biskups Hjaltasonar um jarðeignir þær, er Jón biskup Arason hafi fargað frá Hólastól, og hverjar jarðir hann hafi fengið stólnum í stað þeirra. Í.f. XII. b., bls. 459–462.

2(90) Eyvindarstaðir. Reikningur Hólastóls, dags. 18.2. til fardaga 1569. Í.f. XV. b., bls. 212–213, 228–231.

2(91) Eyvindarstaðir. Sjöttardómur, kvaddur af Ormi lögmanni Sturlasyni, dæmir Hákoni Jónssyni 20 hundr. Í Eyvindarstöðum í andvirði 20 hundr. Í Vallholti ytra, dags. 30.6.1569. Í.f. XV. b., bls. 279–281.

2(92) Fossar, Goðdalir. Máldagar Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, 1360–1389. Í.f. III. b., bls. 158–159, 176–177.

2(93) Fossar og Goðdalir. Máldagar Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi, 1394 og síðar. Í.f. III. b., bls. 544–545, 563 og 590.

2(94) Fossar. Vottorð Ólafs biskups Hjaltasonar um Bergsstaðamáldaga, dags. 30.4.1561. Í.f. XIII. b., bls. 596–598.

2(95) Írafell. Gjörð sex manna, tilnefndra af Jóni biskupi á Hólum, um ágreining um landeign Írafells í Tungusveit og um Írafellsafrétt milli Ólafs Ormssonar í Héraðsdal og Gísla Hákonarsonar, dags. 4.6.1542. Í.f. XI. b., bls. 128–129.

2(96) Írafell. Skipti á Ýrarfelli í Tungusveit fyrir Hraun í Öxnadal, dags. 19.3.1561. Í.f. XIII. b., bls. 586–587.

2(97) Mælifell. Lögfesta Tómasar prests Eiríkssonar fyrir landi Mælifellsstaðar í Skagafirði, um 1530. Í.f. IX. b., bls. 564–565.

2(98) Mælifell. Áreiðagerð sex manna og uppsögn landamerkja á Mælifellsdal eftir tilnefningu Ara lögmanns Jónssonar út af ágreiningi milli Gísla Hákonarsonar og Magnúsar Björnssonar um Reykjareit. Í.f. IX. b., bls. 601–602.

2(99) Goðdalir, Mælifell. Máldagar Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi. Í.f. II. b., bls. 464–465.

Landnáma (skjalaflokkur B.7.):

2(23) Landnámabók, bls. 216–219, 222–225, 230–235, 246–259, 264–271. *(Merkt 1 almennt).*

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

4(58) Landamerkjaskrá fyrir Eyvindarstaðaheiði, dags. 20.8.1985, ásamt lista yfir landamerkjaskrár fyrir heiðum og afréttum í Húnavatnssýslum.

Fornleifaskráning (skjalaflokkur A.14.):

4(1) Menningarminjar á miðhálendi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, bls. 3–27, 59–64, 127–155.

Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):

4(2) Kóngsgarður. Spjald úr afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu, dags. 8.5.2008.

4(3) Kaupsamningur. Kóngsgarður seldur Lýtingsstaðahreppi, dags. 26.1.1897.

4(4) Kaupsamningur. Eyvindarstaðaheiði seld Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar, dags. 6.8.1898.

4(5) Kaupsamningur. Kóngsgarður, Háutungur og Stafnseyri, seld Lýtingsstaðahreppi, dags. 13.10.1897.

4(6) Kaupsamningur. Kóngsgarður, Háutungur, Stafnseyri og Vökuhvammur selt Lýtingsstaðahreppi, dags. 26.1.1892.

Gögn frá héraðsskjalasafni Skagfirðinga (skjalaflokkur A.16.):

4(61) „Samningur og dómur á milli Stafns og Eyvindarstaða“, frá 1813. Einnig „Bréf um brúkun og tolla af Eyvindarstaðaheiði“, frá 1853.

4(62) Yfirlýsing hreppstjóra Bólstaðarhlíðar-, Lýtingsstaðar- og Seyluhreppa ásamt fleirum um kaupboð Ólafs Tómassonar í Eyvindarstaðaheiði, dags. 19.2.1853.

4(63) Fundargerð, dags. 23.4.1853. Fundur hreppstjóra og fleiri aðila „til að ráða til lykta málefnið um Eyvindarstaðaheiði“.

4(64) Fundur hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps og fleiri aðila, dags. 26.3.1897, um sölu Kristjáns Gíslasonar á Eyvindarstaðaheiði til Hannesar Péturssonar og hvort hreppurinn gangi inn í þau kaup.

4(65) Fyrirtökur, málsskjöl (uppskriftir) og dómur sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu árið 1913 í málinu Hermann Valdemar Guðmundsson f.h. eigenda Stafns og Eyvindarstaðaheiðar gegn Birni L. Jónssyni í Stóru-Seylu. Deilt um greiðslu á hagagjaldi og kostnaði við gangnaskil á Eyvindarstaðaheiði. Forsíða og 28 bls.

4(66) Reglugerð fyrir upprekstrarfélag Eyvindarstaðaafréttar, ódags. en líklega frá um 1916.

Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):

4(15) Jarðatal J. Johnsens, 1847, bls. 222–284.

4(16) Ný jarðabók 1861, bls. 90–110.

4(17) Fasteignabók 1921, bls. 107–134.

4(18) Fasteignabók 1932, bls. 64–75.

4(19) Fasteignabók 1942–1944, bls. 28–36.

Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):

4(20) Viðauki við fjallskilareglugjörð Skagafjarðarsýslu, nr. 110/1897, B-deild, bls. 180–181.

4(21) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 89/1898, B-deild, bls. 123–132.

4(22) Reglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu um fjallskil o.fl., nr. 61/1901, B-deild, bls. 83–95.

4(23) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 62/1901, B-deild, bls. 95–96.

4(24) Fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 76/1904, B-deild, bls. 144–155.

4(25) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 76/1905, B-deild, bls.

131–144.

4(26) Reglugjörð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um breyting á reglugerð fyrir Húnavatnssýslu 19. júní 1905 um fjallskil o.fl., nr. 83/1914, B-deild, bls. 135–136.

4(27) Reglugjörð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 106/1917, B-deild, bls. 277–292.

4(28) Fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 29/1918, B-deild, bls. 60–79.

4(29) Reglugjörð um breytingu á viðauka við fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918, nr. 53/1919, B-deild, bls. 107.

4(30) Reglugjörð um breyting á reglugjörð 2. nóvember 1917 fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 152/1919, B-deild, bls. 201.

4(31) Reglugjörð um viðauka við reglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918, , nr. 12/1920, B-deild, bls. 29.

4(32) Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl. frá 2. nóvember 1917, nr. 60/1920, B-deild, bls. 170–171.

4(33) Reglugjörð um breyting á reglugjörð 2. nóv. 1917 fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og reglugjörð um breyting á þeirri reglugjörð 23. júlí 1919, nr. 60/1922, B-deild, bls. 113.

4(34) Reglugjörð um viðauka við fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918, nr. 13/1923, B-deild, bls. 25.

4(35) Reglugjörð um breyting á reglugjörð 2. nóv. 1917 fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl., nr. 48/1924, B-deild, bls. 86–87.

4(36) Reglugjörð um breytingu á viðauka við fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918, og reglugjörð um breyting á og viðauka við sömu reglugjörð frá 3. maí 1919, nr. 49/1924, B-deild, bls. 87–88.

4(37) Fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 89/1935, B-deild, bls. 220–240.

4(38) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 2. nóvember 1917, nr. 159/1939, B-deild, bls. 256–257.

4(39) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 89 16. ágúst 1935, nr. 79/1940, B-deild, bls. 149.

4(40) Reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira, nr. 98/1941, B-deild, bls. 157–168.

4(41) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, um fjallskil og fleira frá 15. júlí 1941, nr. 127/1944, B-deild, bls. 167.

4(42) Auglýsing um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 98 frá 15. júlí 1941, nr. 181/1945, B-deild, bls. 345.

4(43) Auglýsing um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, um fjallskil og fleira, nr. 98 frá 15. júlí 1941, nr. 84/1946, B-deild, bls. 157.

4(44) Auglýsing um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu frá 15. júlí 1941, nr. 127/1947, B-deild, bls. 271.

4(45) Reglugerð til breytingar til bráðabirgða á fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu, nr. 98 15. júlí 1941, er gildi meðan bannað er að reka sauðfé til heiða, nr. 100/1949, B-deild, bls. 209.

4(46) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 89 6. ágúst 1935, nr. 42/1950, B-deild, bls. 123.

4(47) Reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira, nr. 19/1961, B-deild, bls. 59–71.

4(48) Auglýsing um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um

fjallskil og fleira nr. 19 23. janúar 1961, nr. 96/1961, B-deild, bls. 213.

4(49) Reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira, nr. 177/1971, B-deild, bls. 326–339.

4(50) Fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað, nr. 535/1982, B-deild, bls. 941–950.

4(51) Auglýsing um bann við upprekstri hrossa á Eyvindarstaða- og Haukagilsheiðum, nr. 347/1984, B-deild, bls. 572.

4(52) Auglýsing um takmörkun á upprekstri hrossa og sauðfjár á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall og Sauðadal í Austur-Húnavatnssýslu, nr. 318/1986, B-deild, bls. 600.

4(53) Fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 9/1989, B-deild, bls. 8–18.

4(54) Reglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu um fjallsskil o.fl., nr. 68/1993, B-deild, bls. 93–100.

4(55) Auglýsing um breytingu á fjallskilasamþykkt nr. 9/1989 fyrir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 400/1996, B-deild, bls. 1073.

4(56) Fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 488/1998, B-deild, bls. 1602–1612.

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur B.11.):

4(7) Afréttarmörk milli Auðkúlu- og Grímstunguheiðar-suðurhluti. Guðmundur Guðjónsson skráði, dags. 21.6.1984.

4(8) Samningur um beitarafnot á Kili, dags. 22.11.1974.

4(9) Fundargerð sauðfjárveikivarna varðandi greiðslu Biskupstungnamanna á leigu á landi sunnan sauðfjárveikivarnargirðingar á Kili, dags. 20.2.1974.

4(10) Skrá yfir afrétti innan marka Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa, eigendur þeirra og heimildir, dags. 4.5.1981.

4(11) a-b Skrá yfir afréttir, eignarheimildir og landamerki í Skagafjarðarsýslu ásamt bréfi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu til Tryggva Gunnarssonar lögfr., dags. 29.11.1985.

4(12) Beiðni félagsmálaráðuneytisins til allra sveitarstjórna um upplýsingar varðandi afrétti, dags. 20.2.1989.

4(13) Svar Lýtingsstaðahrepps, dags. 6.11.1989, við beiðni félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.2.1989.

4(14) Svar Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 1.11.1989, við beiðni félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.2.1989.

4(57) a-b Bréf Björns Egilssonar til sýslumanns Skagafjarðarsýslu um sýslumörk Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu, dags. 17.8.1984. Bréf sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um sýslumörkin, dags. 20.8.1984.

4(59) Bréf sveitarstjóra Húnavatnshrepps til sýslumannsins á Blönduósi um að eignir verði skráðar á hið nýja sveitarfélag, dags. 24.11.2006, ásamt eignaskrá fyrrum sveitarfélaga Húnavatnshrepps.

4(60) Bréf sveitarstjóra Húnavatnshrepps til sýslumannsins á Blönduósi. Beðið um að tilteknar eignir Húnavatnshrepps verði skráðar eign Sjálfseignarstofnunar Eyvindarstaðaheiðar, dags. 8.10.2008, ásamt ljósriti af skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Eyvindarstaðarheiði, dags. 8.12.2005.

Lagt fram af Gunnari Sólnes hrl. vegna Ölduhryggjar:

5 Kröfulýsing, dags. 23.6.2008.
- 5(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Ölduhrygg, dags. 8.5.2008.
- 5(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Ölduhrygg, dags. 21.5.2008.
- 5(3) Landakort með tölusettum örnefnum.
- 5(4) Loftmynd af Ölduhrygg.
- 5(5) Örnefnalýsing fyrir Ölduhrygg, samin eftir Stefáni Rósantssyni í Gilhaga.
- 5(6) Örnefnaskrá fyrir Ölduhrygg, skráð af Rósmundi G. Ingvarssyni.
- 5(7) Örnefnaskrá fyrir Hraunin, skráð af Rósmundi G. Ingvarssyni.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Eyvindarstaðaheiðar:

6 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
- 6(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Eyvindarstaðaheiði, dags. 20.6.2008.
- 6(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Eyvindarstaðaheiði, ódags. en mótt. 3.7.2008.
- 6(3) Greinargerð, dags. 12.10.2008.
- 6(4) Skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Eyvindarstaðarheiði, dags. 8.12.2005.
- 6(5) Viðauki við kröfulýsingu vegna Eyvindarstaðaheiðar, dags. 20.1.2009.
- 6(6) a-b Varakrafa landeigenda vegna Eyvindarstaðaheiðar, ásamt korti, dags. 10.3.2009.
- 6(7) Greinargerð Smára Borgarsonar og Sigursteins Bjarnasonar vegna þjóðlendukrafna á Eyvindarstaðaheiði, dags. í mars 2009.

Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. vegna Írafells:

9 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
- 9(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Írafell, dags. 30.6.2008.
- 9(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Írafell, ódags. en mótt. 30.6.2008.
- 9(3) Afsal, dags. 21.2.1956.
- 9(4) Yfirlýsing landbúnaðarráðherra, dags. 15.2.1991.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Goðdala:

10 Kröfulýsing, dags. 30.6.2008.
- 10(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Goðdali, dags. 18.6.2008.
- 10(2) Útprentun af færslum fyrir Goðdali af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

11 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, dags. 20.5.2009.

Lagt fram af málsaðilum:

12 a-c Yfirlitskort, mælikvarði 1:50.000 í A1. Mál nr. 5/2008. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 5.6.2009.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

13
- 13(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 25.8.2008.
- 13(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 31.8.2008.
- 13(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 16.9.2008.
- 13(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 13.10.2008.
- 13(5) Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 10.11.2008.
- 13(6) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 2.12.2008.
- 13(7) Fundargerð endurupptöku, dags. 5.6.2009.

Hliðsjónargögn:

Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1964. Austur-Húnavatnssýsla, bls. 6–7, 186–189 og 204–207.
Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 2007. Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda, bls. 212–223.
Ónr. Byggðasaga Skagafjarðar III. b. Lýtingsstaðahreppur, bls. 18–19, 23 og 355–362.
Ónr. Göngur og réttir IV. b., bls. 84–85, 92–93, 128–131, 138–139 og 146–153.
Ónr. Göngur og réttir III. b., bls. 268–269 og 296–315.
Ónr. Húnaþing I. b. Húnavatnsþing, bls. 1–3.
Ónr. Húnaþing III. b. Eyvindarstaðarheiði: Heiðamörk og eignarhald, bls. 31–32 og 35.
Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII. b., bls. 352–357, 362, 366 og 368–371.
Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. b., bls. 118–119, 123–124, 143–145, 150–164.
Ónr. Útdráttur úr uppskrift Þjóðskjalasafns Íslands á Jarðamati A-Húnavatnssýslu og Hegranesþings 1849–50.
Ónr. Íslenzk fornrit I. b. Íslendingabók, Landnámabók síðari hluti, bls. 222–225 og 228–235.
Ónr. Skagfirðingabók. Rit sögufélags Skagfirðinga XI. árg., bls. 10–11 og 16–19
Ónr. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenzka bókmenntafélags 1839–1873. Húnavatnssýsla. I.b., bls. 110–111, 116–119.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

Ónr. Dómur Hæstaréttar 10. apríl 1997, bls. 1162, í máli nr. 66/1996. Auðkúluheiði.
Ónr. Skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 66/1996. Auðkúluheiði.
Ónr. Dómur Hæstaréttar 10. apríl 1997, bls. 1183, í máli nr. 67/1996. Eyvindarstaðaheiði.
Ónr. Skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 66/1996. Eyvindarstaðaheiði.
Ónr. Endurrit úr Aukadómþingsbók Árnessýslu. Sátt um afréttarmörk á Kili, dags. 7.9.1985, ásamt tilteknum fylgiskjölum.
Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar, dags. 3.6.2004.
Ónr. Húnaþing III. Eyvindarstaðaheiði eftir Sigurjón Guðmundsson, bls. 31–67.
Ónr. Skýrslur í máli nr. 5/2008 hjá óbyggðanefnd, (8 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
Ónr. Göngur Skagfirðinga á Eyvindarstaðarheiði. Göngur og Réttir II.b., bls. 46–55.
Ónr. Göngur Skagfirðinga á Eyvindarstaðarheiði haustið 1985. Göngur og Réttir II.b., bls. 75–79.
Ónr. Örnefnaskráning fyrir Eyvindarstaðarheiði. Guðmundur Jósafatsson skráði, 4 bls.
Ónr. Örnefnaskráning fyrir Eyvindarstaðarheiði. Rósmundur G. Ingvarsson skráði, 44 bls.
Ónr. Örnefnaskráning fyrir Eyvindarstaðarheiði. Jónas Illugason skráði, 29 bls.
Ónr. Örnefnaskráning fyrir Hraun. Rósmundur G. Ingvarsson skráði, 8 bls.

Skjöl lögð fram til upplýsingar fyrir lögmenn:

Skýringar um þau gögn er þegar hafa verið könnuð hjá Þjóðskjalasafni Íslands, ódags. en lagt fram við 1. fyrirtöku.

Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. um gagnaöflun óbyggðanefndar, dags. 5.6.2007.

Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007

ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl gætu verið varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.
Efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. „Heimildaskráning jarða“, fyrir Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslur.

ÞJÓÐLENDULÍNA - Mál 1 - 5/2008 á vestanverðu Norðurlandi (syðri hluta) vestan Fnjóskár og austan Blöndu



Mörk þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Mörk afréttar/afréttareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði óbyggðanefndar
Aðalkrafa ríkisins um þjóðlendumörk
Varakrafa ríkisins um þjóðlendumörk
Kröfur gagnaðila ríkisins
Varakröfur gagnaðila ríkisins
Skörun á kröfum gagnaðila ríkisins
Afturkölluð krafa ríkisins um þjóðlendumörk

Vatnaskil
Vatnasvið einstakra áa
Upptök áa skv. spot 5 gervitunglamynd
Staða jökuls við setningu laga nr. 58/1998
Mörk sveitarfélaga

Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu.
Um tölusetta kröfulínupunkta vísast til kröfulýsinga málsaðila.

ÓBYGGÐANEFND

ÞJÓÐLENDUMÁL

Svæði 7a - Yfirlitskort

Mælikvarði : 1:250.000 í A2 Dags. 19. júní 2009 Verknúmer 207-043

LANDFORM ehf

Grunnkort: Birt með leyfi Landmælinga Íslands (L02030013)

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is

ÍTARLEGT EFNISYFIRLIT

Úrskurður í máli nr. 1/2008, Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðarár ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 16
2 MÁLSMEÐFERÐ 17
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 17
2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar 17
2.3 Lýstar kröfur og kynning 18
2.4 Mál nr. 1/2008, Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðarár ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal 19
3 KRÖFUGERÐ 21
3.1 Kröfur íslenska ríkisins 21
3.2 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár 21
3.3 Kröfur Rósu Árnadóttur o.fl. vegna Almennings 22
3.4 Kröfur eigenda Munkaþverár, Stóra-Hamars I og II, Rifkelsstaða I og II og Ánastaða 22
3.5 Kröfur Jósefs Guðbjarts Kristjánssonar vegna Möðruvallaafréttar 22
3.5.1 Kröfur eigenda Helgastaða, Kálfagerði og Hríshóls vegna afnotaréttar á Möðruvallaafrétti 23
3.6 Kröfur Braga Steingrímssonar og Smára Steingrímssonar vegna Æsustaðatungna 23
3.7 Kröfur Ingibjargar Bjarnadóttur vegna Núpufellsdals 23
3.8 Kröfur Valgarðs Snæbjörnssonar vegna Þormóðsstaðadals 24
3.9 Kröfur Aðalsteins Bjarnasonar vegna Tjarna 24
3.10 Kröfur Karls Friðriks Karlssonar og Sigríðar Jóhannsdóttur vegna Hóla 25
3.10.1 Kröfur Elísabetar Sigurðardóttur og Gests Páls Júlíussonar vegna Jórunnarstaðatungna 25
3.10.2 Kröfur eigenda Nýjabæjar í Eyjafjarðarsveit vegna upprekstrarlands á Hólaafrétt 26
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 27
4.1 Inngangur 27
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 27
4.3 Vettvangsferð 28
4.4 Skýrslutökur 28
5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA 29
5.1 Landnám og saga 29
5.2 Sveitarmörk 30
5.3 Bleiksmýrardalur, vestan Fnjóskár 31
5.3.1 Hrafnagil 36
5.4 Almenningur 40
5.4.1 Helgársel vegna Almennings 42
5.5 Möðruvellir 44
5.5.1 Helgastaðir 51
5.5.2 Kálfagerði 51
5.5.3 Hríshóll (áður Fjósakot) 52
5.6 Æsustaðir og Æsustaðatungur 53
5.7 Núpufell/Gnúpufell og Núpufellsdalur 55
5.8 Þormóðsstaðir og Þormóðsstaðasel 60

5.8.1 Þormóðsstaðir 60
5.8.2 Þormóðsstaðasel 62
5.9 Tjarnir 63
5.10 Hólar og Hólaafréttur 65
5.10.1 Jórunnarstaðir og Jórunnarstaðatungur (Torfur) 71
5.10.2 Nýibær vegna Hólaafréttar 72
5.11 Afréttir og afréttarnot 73
5.11.1 Almennt 73
5.11.2 Bleiksmýrardalur, vestan Fnjóskár 78
5.11.3 Almenningur 79
5.11.4 Dalirnir 80
6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR 82
6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði 82
6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar 82
6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum 82
6.2 Landnám 83
6.3 Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár 84
6.3.1 Inngangur 84
6.3.2 Sjónarmið aðila 84
6.3.3 Niðurstaða 86
6.4 Almenningur í Öngulsstaðahreppi 94
6.4.1 Inngangur 94
6.4.2 Sjónarmið aðila 94
6.4.3 Niðurstaða 96
6.5 Afréttarlönd Munkaþverár, Stóra-Hamars I og II og Rifkelsstaða I og II og Ánastaða 101
6.6 Möðruvallaafréttur 102
6.6.1 Inngangur 102
6.6.2 Sjónarmið aðila 103
6.6.3 Niðurstaða 104
6.7 Æsustaðatungur 113
6.7.1 Inngangur 113
6.7.2 Sjónarmið aðila 114
6.7.3 Niðurstaða 115
6.8 Núpufellsdalur 118
6.8.1 Inngangur 118
6.8.2 Sjónarmið aðila 119
6.8.3 Niðurstaða 120
6.9 Þormóðsstaðasel 124
6.9.1 Inngangur 124
6.9.2 Sjónarmið aðila 124
6.9.3 Niðurstaða 126
6.10 Tjarnir 130
6.10.1 Inngangur 130
6.10.2 Sjónarmið aðila 131
6.10.3 Niðurstaða 132
6.11 Hólaafréttur og Jórunnarstaðatungur 135
6.11.1 Inngangur 135
6.11.2 Sjónarmið aðila 135
6.11.3 Niðurstaða 137

6.12 Um málskostnað 146
7 ÚRSKURÐARORÐ 148

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

Úrskurður í máli nr. 2/2008, Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD....257
2 MÁLSMEÐFERÐ....257
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar....257
2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar....258
2.3 Lýstar kröfur og kynning....259
2.4 Mál nr. 2/2008, Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár....259
3 KRÖFUGERÐ....261
3.1 Kröfur íslenska ríkisins....261
3.1.1 Þjóðlenda....261
3.1.2 Afréttarlönd Saurbæjar....261
3.2 Kröfur Fallorku ehf. vegna Hvassafellsdals....262
3.3 Kröfur Tryggva Jóhannssonar og Guðrúnar Harðardóttur vegna Hvassafellsdals....262
3.4 Kröfur Jóhanns H. Jónassonar vegna afréttarlands Stóradals í Þverdal og Mælifelli....262
3.5 Kröfur Huga Kristinssonar og Jakobínu Sigurvinsdóttur vegna Strjúgsár 263
3.6 Kröfur Guðrúnar Jónsdóttur og Ingibjargar Jónsdóttur vegna Ytri-Villingadals....263
3.7 Kröfur Guðrúnar Jónsdóttur og Ingibjargar Jónsdóttur vegna Syðri-Villingadals....264
3.8 Kröfur Leyningsbúsins ehf. vegna Leyningsdals....264
3.9 Kröfur Öddu Báru Hreiðarsdóttur og Víðis Ágústssonar vegna Torfufells og Brynjars Skúlasonar og Sigríðar Bjarnadóttur vegna Hólsgerðis og Úlfár....264
3.10 Kröfur Leyningsbúsins ehf. vegna Arnarstaðatungna....265
3.11 Kröfur Óskars Hlíðbergs Kristjánssonar o.fl. vegna Arnarstaðatungna....265
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN....267
4.1 Inngangur....267
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar....267
4.3 Vettvangsferð....268
4.4 Skýrslutökur....268
5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA....269
5.1 Landnám og saga....269
5.2 Hvassafell og Hvassafellsdalur....270
5.3 Saurbær og Saurbæjarafréttir....272
5.4 Stóridalur og Stóradalsafréttir....281
5.4.1 Mælifell/Mælifellssel....286
5.5 Strjúgsá (Þrúgsá)....287
5.6 Ytri (Nyrðri/Neðri)-Villingadalur....289
5.7 Syðri (Fremri)-Villingadalur....291
5.8 Leyningur og Leyningsdalur....293
5.9 Torfufell....296
5.10 Hólsgerði....298
5.11 Úlfá....299
5.12 Arnarstaðir, Arnarfell og Arnarstaðatungur....301
5.13 Afréttir og afréttarnot....303
6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR....309
6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði....309
6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar....309

6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum 309
6.2 Landnám 310
6.3 Hvassafellsdalur 311
6.3.1 Inngangur 311
6.3.2 Sjónarmið aðila 311
6.3.3 Niðurstaða 312
6.4 Afréttarsvæði Stóradals og Saurbæjar 316
6.4.1 Inngangur 316
6.4.2 Sjónarmið aðila 317
6.4.3 Niðurstaða 319
6.5 Strjúgsá 326
6.5.1 Inngangur 326
6.5.2 Sjónarmið aðila 327
6.5.3 Niðurstaða 328
6.6 Ytri-Villingadalur 331
6.6.1 Inngangur 331
6.6.2 Sjónarmið aðila 331
6.6.3 Niðurstaða 332
6.7 Syðri-Villingadalur 335
6.7.1 Inngangur 335
6.7.2 Sjónarmið aðila 336
6.7.3 Niðurstaða 337
6.8 Leyningsdalur 341
6.8.1 Inngangur 341
6.8.2 Sjónarmið aðila 342
6.8.3 Niðurstaða 343
6.9 Torfufell, Hólsgerði og Úlfá 348
6.9.1 Inngangur 348
6.9.2 Sjónarmið aðila 348
6.9.3 Niðurstaða 349
6.10 Arnarstaðatungur 356
6.10.1 Inngangur 356
6.10.2 Sjónarmið aðila 356
6.10.3 Niðurstaða 358
6.11 Um málskostnað 364
7 ÚRSKURÐARORÐ 366

VIÐAUKI
Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

FYLGISKJÖL
I. Kort
II. Aðila- og eigendaskrá
III. Skjalaskrá

Úrskurður í máli nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 396
2 MÁLSMEÐFERÐ 396
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 396
2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar 396
2.3 Lýstar kröfur og kynning 397
2.4 Mál nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár 398
3 KRÖFUGERÐ 400
3.1 Kröfur íslenska ríkisins 400
3.2 Kröfur Einars S. Valbergssonar og Hörgárbyggðar vegna Vaskárdals 400
3.3 Kröfur Hörgárbyggðar vegna Almennings 401
3.4 Kröfur Akrahrepps og Hörgárbyggðar vegna Bakkasels 401
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 402
4.1 Inngangur 402
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 402
4.3 Vettvangsferð 403
4.4 Skýrslutökur 403
5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA 404
5.1 Landnám og saga 404
5.2 Afréttir og afréttarnot 404
5.3 Vaskárdalur 408
5.4 Almenningur 413
5.5 Bakkasel 420
6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR 433
6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði 433
6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar 433
6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum 433
6.2 Landnám 434
6.3 Vaskárdalur 435
6.3.1 Inngangur 435
6.3.2 Sjónarmið aðila 435
6.3.3 Niðurstaða 436
6.4 Almenningur 441
6.4.1 Inngangur 441
6.4.2 Sjónarmið aðila 441
6.4.3 Niðurstaða 443
6.5 Bakkasel 448
6.5.1 Inngangur 448
6.5.2 Sjónarmið aðila 448
6.5.3 Niðurstaða 450
6.6 Um málskostnað 456
7 ÚRSKURÐARORÐ 458
VIÐAUKI
Almennar niðurstöður óbyggðanefndar
FYLGISKJÖL
I. Kort
II. Aðila- og eigendaskrá
III. Skjalaskrá

Úrskurður í máli nr. 4/2008, Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár ásamt Nýjabæjarafrétti

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 485
2 MÁLSMEÐFERÐ 485
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 485
2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar 486
2.3 Lýstar kröfur og kynning 487
2.4 Mál nr. 4/2008, Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár 487
3 KRÖFUGERÐ 489
3.1 Kröfur íslenska ríkisins 489
3.2 Kröfur Akrahrepps vegna Silfrastaðaafréttar 489
3.3 Kröfur Kristínar Guðmundsdóttur o.fl. vegna Egilsár 490
3.4 Kröfur Einars Gunnarssonar vegna Flatatungu 490
3.5 Kröfur Ástu Jónsdóttur o.fl. vegna Merkigils 490
3.6 Kröfur Árna Bjarnasonar o.fl. vegna Ábæjar og Nýjabæjar 491
3.7 Kröfur Borgþórs Braga Borgarssonar o.fl. vegna Hofs, vesturhluta Hofsafréttar og austurhluta Hofsafréttar 491
3.8 Kröfur Guðrúnar Bjarnadóttur vegna Lambatungna 492
3.9 Kröfur Lífsvals ehf. vegna Þorljótsstaðarunu 492
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 494
4.1 Inngangur 494
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 494
4.3 Vettvangsferð 495
4.4 Skýrslutökur 495
5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA 496
5.1 Landnám og saga 496
5.1.1 Sýslumörk 496
5.2 Silfrastaðir og Silfrastaðaafréttur 497
5.3 Egilsá 506
5.4 Flatatunga 508
5.5 Merkigil 510
5.6 Ábær 512
5.7 Nýibær 515
5.8 Hof 518
5.8.1 Gil (Giljar) 521
5.9 Þorljótsstaðir – vegna Þorljótsstaðarunu 523
5.10 Afréttir og afréttarnot 525
5.10.1 Almennt 525
5.10.2 Silfrastaðaafrétt 527
5.10.3 Nýjabæjarafrétt 530
5.10.4 Lambatungur 536
5.10.5 Hofsafrétt 537
5.10.6 Fornbýli á Vesturdal - Hraunþúfuklaustur 543
6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR 546
6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði 546
6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar 546
6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum 546
6.2 Landnám 547
6.3 Silfrastaðaafréttur 547

6.3.1 Inngangur 547
6.3.2 Sjónarmið aðila 548
6.3.3 Niðurstaða 549
6.4 Egilsá, Flatatunga, Merkigil og Ábær 555
6.4.1 Inngangur 555
6.4.2 Sjónarmið aðila 555
6.4.3 Niðurstaða 556
6.5 Nýibær, Nýjabæjarafréttur og Fjöllin 562
6.5.1 Inngangur 562
6.5.2 Sjónarmið aðila 562
6.5.3 Niðurstaða 566
6.6 Hof, Hofsafréttur og Lambatungur 575
6.6.1 Inngangur 575
6.6.2 Sjónarmið aðila 576
6.6.3 Niðurstaða 579
6.7 Þorljótsstaðaruna 591
6.7.1 Inngangur 591
6.7.2 Sjónarmið aðila 591
6.7.3 Niðurstaða 592
6.8 Um málskostnað 596
7 ÚRSKURÐARORÐ 598

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

Úrskurður í máli nr. 5/2008, Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsá ásamt Hofsjökli

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 626
2 MÁLSMEÐFERÐ 626
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 626
2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar 626
2.3 Lýstar kröfur og kynning 627
2.4 Mál nr. 5/2008, Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár, ásamt Hofsjökli 628
3 KRÖFUGERÐ 630
3.1 Kröfur íslenska ríkisins 630
3.2 Kröfur Húnavatnshrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Eyvindarstaðaheiðar og Hrauna 630
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 632
4.1 Inngangur 632
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 632
4.3 Vettvangsferð 633
4.4 Skýrslutökur 633
5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA 634
5.1 Landnám og saga 634
5.2 Sýslumörk 635
5.3 Afréttir og afréttarnot 635
5.3.1 Almennt 635
5.3.2 Eyvindarstaðaheiði 638
6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR 662
6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði 662
6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar 662
6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum 662
6.2 Landnám 663
6.3 Eyvindarstaðaheiði og Hraunin 663
6.3.1 Inngangur 663
6.3.2 Sjónarmið aðila 664
6.3.3 Niðurstaða 666
6.4 Hofsjökull 680
6.5 Um málskostnað 681
7 ÚRSKURÐARORÐ 683

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá